ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 73

21. árgangur

4.12.2014

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2014/EES/73/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/852/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Rúmeníu, og skipulagskröfur til slíkra stöðva *(tilkynnt með númeri C(2011) 9562)* (2011/898/ESB) 1

2014/EES/73/02 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1287/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á áætlun um samkeppnishæfni fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (COSME) (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1639/2006/EB 7

2014/EES/73/03 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 517/2013 frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna reglugerða og ákvarðana á sviði frjálsra vöruflutninga, frjálsrar farar fólks, félagaréttar, stefnu í samkeppnismálum, landbúnaðar, matvælaöryggis, stefnu er varðar heilbrigði dýra og plantna, stefnu í flutningamálum, orku, skattlagningar, hagskýrslna, samevrópskra netkerfa, dómsmála og grundvallarréttinda, réttvísi, frelsis og öryggis, umhverfis, tollabandalags, samskipta við önnur ríki, stefnu í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum, og stofnana vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu. 24

2014/EES/73/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2013 frá 21. febrúar 2013 um aðlögun tiltekinna reglugerða og ákvarðana á sviði frjálsra vöruflutninga, frjálsrar farar fólks, staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu, félagaréttar, stefnu í samkeppnismálum, landbúnaðar, matvælaöryggis, stefnu er varðar heilbrigði dýra og plantna, sjávarútvegs, stefnu í flutningamálum, orku, skattlagningar, hagskýrslna, félagsmálastefnu og atvinnumála, umhverfis, tollabandalags, samskipta við önnur ríki og stefnu í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum, vegna aðildar Króatíu 95

2014/EES/73/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. júlí 2013 um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/99/EB um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis að því er varðar að bæta við meðhöndlun til að eyða tiltekinni dýraheilbrigðisáhættu varðandi kjöt *(tilkynnt með númeri C(2013) 4853)* (2013/417/ESB) 193

2014/EES/73/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki *(tilkynnt með númeri C(2013) 6599)* (2013/503/ESB) 196

2014/EES/73/07 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/46/ESB frá 6. desember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum 199

2014/EES/73/08 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/50/ESB frá 16. apríl 2014 um lágmarkskröfur varðandi aukinn hreyfanleika launafólks á milli aðildarríkja með því að bæta möguleika á öflun og viðhaldi viðbótarlífeyrisréttinda 247

2014/EES/73/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2014 frá 21. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 943/2005, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) 254

2014/EES/73/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 292/2014 frá 21. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er ROAL Oy) 257

2014/EES/73/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 frá 22. apríl 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 260

2014/EES/73/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á viðaukum við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 og við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005. 264

2014/EES/73/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 219/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi skoðun á alisvínum eftir slátrun 268

2014/EES/73/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 217/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í svínsskrokkum. 270

2014/EES/73/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 289/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir foramsúlfúrón, asímsúlfúrón, joðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesósúlfúrón, flasasúlfúrón, ímasósúlfúrón, própamókarb, bífenasat, klórprófam og þíóbenkarb í eða á tilteknum afurðum 272

2014/EES/73/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2014 frá 27. mars 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenarímól, metaflúmísón og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum. 307

2014/EES/73/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 364/2014 frá 4. apríl 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenpýroxímat, flúbendíamíð, ísópýrasam, kresoxímmetýl, spírótetramat og þíaklópríð í eða á tilteknum afurðum. . . 337

2014/EES/73/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 398/2014 frá 22. apríl 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benþíavalíkarb, sýasófamíð, sýhalófópbútýl, forklórfenúrón, pýmetrósín og silþíófam í eða á tilteknum afurðum . . 371

2014/EES/73/19 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 408

2014/EES/73/20 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 202/2014 frá 3. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. 454

2014/EES/73/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2014 frá 6. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnið sítrínín í fæðubótarefnum sem eru að stofni til úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus*) 457

2014/EES/73/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2014 frá 13. mars 2014 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins. 459

2014/EES/73/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 298/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar magnesíumtvívetnisdífosfat til notkunar sem lyftiefni og sýrustillir 462

2014/EES/73/24 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1155/2013 frá 21. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar upplýsingar um að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert 467

2014/EES/73/25 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 78/2014 frá 22. nóvember 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar tilteknar kornvörur sem valda ofnæmi eða óþoli og matvæli með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólestrum, plöntustanólum eða plöntustanólestrum 468

2014/EES/73/26 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 334/2014 frá 11. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra að því er varðar tiltekin skilyrði um aðgang að markaði. 470

2014/EES/73/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 405/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja lárínsýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 481

2014/EES/73/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja etýlbútýlasetýlamínpróþíónat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 484

2014/EES/73/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 407/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja transflútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 487

2014/EES/73/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja tilbúið, myndlaust kísildíoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 490

2014/EES/73/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 437/2014 frá 29. apríl 2014 um að samþykkja 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 493

2014/EES/73/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 438/2014 frá 29. apríl 2014 um að samþykkja sýprókónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 497

2014/EES/73/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 474/2014 frá 8. maí 2014 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi 1,4-díklórbenseni) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 501

2014/EES/73/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 460/2014 frá 5. maí 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 823/2012 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virka efninu sýflútríni 505

2014/EES/73/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 187/2014 frá 26. febrúar 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metíókarbi 507

2014/EES/73/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 462/2014 frá 5. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu *Equisetum arvense* L., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 510

2014/EES/73/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 485/2014 frá 12. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus pumilus* QST 2808, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 514

2014/EES/73/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 486/2014 frá 12. maí 2014 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu fenbútatínoxíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 519

2014/EES/73/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2014 frá 12. maí 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafóp, metrafenón, pírimíkarb, rimsúlfúrón, spínósað, þíametoxam, tólklófosmetýl og trítíkónasól. 521

2014/EES/73/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2014 frá 14. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu asekínósýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 524

2014/EES/73/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 504/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu plöntuolíur/sítrónelluolía 529

2014/EES/73/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 frá 23. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu kítósanhýdróklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 533

2014/EES/73/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 frá 26. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 536

2014/EES/73/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 629/2014 frá 12. júní 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni 541

2014/EES/73/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2014 frá 13. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu flúbendíamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 543

2014/EES/73/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 678/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klópýralíð, sýpródiníl, fosetýl, pýrimetaníl og trínexapak 548

2014/EES/73/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 550

2014/EES/73/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 97/2014 frá 3. febrúar 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 551

2014/EES/73/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2014 frá 3. febrúar 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 553

2014/EES/73/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 426/2014 frá 25. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 555

2014/EES/73/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 557

2014/EES/73/52 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júní 2013 um reglur varðandi stofnun, stjórnun og gagnsæjan rekstur netkerfis landsbundinna yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni (2013/329/ESB) 567

2014/EES/73/53 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/37/ESB frá 27. febrúar 2014 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/671/EBE varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum 569

2014/EES/73/54 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 575/2014 frá 27. maí 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 383/2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslumiðli (örflögu) 571

2014/EES/73/55 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2014 frá 19. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun, samræmingu og einföldun á notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni 574

2014/EES/73/56 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 245/2014 frá 13. mars 2014 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi 577

2014/EES/73/57 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. mars 2014 um að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og viðvörunarmörk fyrir annað viðmiðunartímabilið 2015-2019 (2014/132/ESB) 602

2014/EES/73/58 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 368/2014 frá 10. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins 606

2014/EES/73/59 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 697/2014 frá 24. júní 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 906/2009 að því er varðar gildistíma hennar 642

2014/EES/73/60 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1174/2013 frá 20. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 10 og 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 27 643

2014/EES/73/61 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 971/2008 frá 3. október 2008 varðandi nýja notkun hnislalyfs sem aukefni í fóðri 660

2014/EES/73/62 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2008 frá 6. október 2008 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 418/2001 og (EB) nr. 162/2003 að því er varðar skilyrði fyrir því að leyfa aukefnið Clinacox, sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf, í fóðri 663

2014/EES/73/63 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/76/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri 668

2014/EES/73/64 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 260/2008 frá 18. mars 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 með samningu VII. viðauka þar sem skráðar eru samsetningar virks efnis og afurðar sem falla undir undanþágu að því er varðar meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru 672

2014/EES/73/65 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum 674

2014/EES/73/66 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í maís og maísafurðum 694

2014/EES/73/67 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 629/2008 frá 2. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum 698

2014/EES/73/68 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2008 frá 20. ágúst 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug 702

2014/EES/73/69 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 298/2009 frá 8. apríl 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins 940

2014/EES/73/70 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1351/2008/EB frá 16. desember 2008 um a ð koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota Netið og aðra samskiptatækni 961

2014/EES/73/71 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/124/EB frá 18. desember 2008 um að takmarka markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda fóðurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem stofnfræ eða vottað fræ (Kerfisbundin útgáfa) 971

2014/EES/73/72 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 frá 20. janúar 2009 um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol 974

2014/EES/73/73 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/100/EB frá 28. október 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/496/EBE um merkingu næringarinnihalds matvæla að því er varðar ráðlagðan dagskammt, orkuumbreytingarstuðla og skilgreiningar 977

2014/EES/73/74 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 23. september 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum 982

2014/EES/73/75 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/123/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og VII. viðauka við hana að tækniframförum 987

2014/EES/73/76 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/6/EB frá 4. febrúar 2009 um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum 989

2014/EES/73/77 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. maí 2008 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað *(tilkynnt með númeri C(2008) 1937)* (2008/432/EB). 992

2014/EES/73/78 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. janúar 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 að því er varðar kerfi Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar fyrir einkvæm auðkennisnúmer fyrirtækja og skráðra eigenda *(tilkynnt með númeri C(2009) 148)* (2009/83/EB) 998

2014/EES/73/79 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu 1000

2014/EES/73/80 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1784/2006 frá 4. desember 2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun hjálparefna við vinnslu 1013

2014/EES/73/81 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á Erasmus Mundus 2009-2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd. 1015

2014/EES/73/82 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1098/2008/EB frá 22. október 2008 um Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun (2010) 1031

2014/EES/73/83 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1942/2006 frá 12. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1321/2004 um að koma á fót stofnunum til að annast stjórnun evrópsku áætlananna um fjarleiðsögu um gervihnött 1041

2014/EES/73/84 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp *(tilkynnt með númeri C(2009) 1830)* (2009/300/EB) 1044

2014/EES/73/85 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. febrúar 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu *(tilkynnt með númeri C(2010) 626)* (2010/66/ESB). 1050

2014/EES/73/86 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. mars 2010 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar eftirlitsáætlanir fyrir Írland og Ungverjaland og sjúkdómalausa stöðu Írlands að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagardýrum *(tilkynnt með númeri C(2010) 1625)* (2010/171/ESB) 1052

2014/EES/73/87 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 2010 um breytingu á ákvörðun 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar leiðbeiningar og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita *(tilkynnt með númeri C(2010) 3009)* (2010/280/ESB). 1057

2014/EES/73/88 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. nóvember 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/66/EB um tímabundna tilraun varðandi aukningu á hámarksþyngd vörueiningar fræs tiltekinna fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE *(tilkynnt með númeri C(2010) 7474)* (2010/667/ESB) 1060

2014/EES/73/89 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. nóvember 2010 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna *(tilkynnt með númeri C(2010) 7579)* (2010/675/ESB). 1061

2014/EES/73/90 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Indlands, Perú, Panama og Suður-Kóreu með tilliti til kúariðu *(tilkynnt með númeri C(2010) 8352)* (2010/749/ESB) 1063

2014/EES/73/91 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. desember 2010 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykktar landsráðstafanir Ungverjalands og Bretlands vegna vorveiru í vatnakarpa *(tilkynnt með númeri C(2010) 8617)* (2010/761/ESB) 1065

2014/EES/73/92 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. maí 2010 um að taka saman skrá yfir sæfiefni *(tilkynnt með númeri C(2010) 3180)* (2010/296/ESB) 1068

2014/EES/73/93 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2010 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna l eysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013 *(tilkynnt með númeri C(2010) 7591)* (2010/681/ESB) 1069

2014/EES/73/94 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2014 frá 30. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið 1072

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/01

frá 21. desember 2011

um breytingu á ákvörðun 2009/852/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Rúmeníu, og skipulagskröfur til slíkra stöðva

(tilkynnt með númeri C(2011) 9562)

(2011/898/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli([1]), einkum annarri undirgrein 12. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([2]), einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja að því er varðar hollustuhætti sem varða matvæli, m.a. á grundvelli meginreglnanna um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum. Í henni er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja eigi að fara að tilteknum málsmeðferðarreglum sem byggjast á þessum meginreglum.

2) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýraríkinu og kemur hún til viðbótar þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004, fela í sér skipulagskröfur fyrir mjólkurvinnslustöðvar og reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 fela í sér skipulagskröfur fyrir slíkar stöðvar sem og kröfur um hollustuhætti að því er varðar hrámjólk og mjólkurvörur.

3) I 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/852/EB([3]) er kveðið á um að tilteknar skipulagskröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004 og í reglugerð (EB) nr. 853/2004, eigi ekki að gilda um mjólkurvinnslustöðvar í Rúmeníu, sem eru skráðar í I. viðauka við þá ákvörðun, fyrr en 31. desember 2011.

4) Í ákvörðun 2009/852/EB er einnig kveðið á um að þrátt fyrir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 853/2004 megi þær mjólkurvinnslustöðvar, sem eru skráðar í II. viðauka við ákvörðunina, til 31. desember 2011, vinna mjólk sem uppfyllir kröfur og mjólk sem uppfyllir ekki kröfur, að því tilskildu að slík vinnsla fari fram á aðgreindum framleiðslulínum.

5) Auk þess er í ákvörðun 2009/852/EB kveðið á um að mjólkurvinnslustöðvarnar sem eru skráðar í III. viðauka við ákvörðunina megi, til 31. desember 2011, vinna mjólk sem uppfyllir kröfur og mjólk sem uppfyllir ekki kröfur án aðgreindra framleiðslulína.

6) Í september 2011 upplýsti Rúmenía framkvæmdastjórnina um það að frá og með janúar 2012 myndu allar mjólkurvinnslustöðvar, sem eru sem stendur skráðar í I. viðauka við ákvörðun 2009/852/EB, samrýmast skipulagskröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004. Því ber að fella 2. gr. ákvörðunar 2009/852/EB brott.

7) Því ber að breyta II. og III. viðauka við tilskipun 2009/852/EB til samræmis við það.

8) Auk þess hefur Rúmenía tilkynnt framkvæmdastjórninni um að hlutfall hrámjólkur, sem uppfyllir kröfur reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og er afhent til mjólkurvinnslustöðva í því aðildarríki, hafi aukist talsvert eftir gildistöku ákvörðunar 2009/852/EB. Rúmenía hefur einnig komið á fót aðgerðaáætlun sem á að ná yfir allt framleiðsluferli mjólkur í því aðildarríki, til að tryggja að farið sé að reglum ESB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([3]) Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 59.

9) Samkvæmt skýrslu sem Rúmenía hefur lagt fram á grundvelli 6. gr. ákvörðunar 2009/852/EB og upplýsingunum sem rúmensk yfirvöld lögðu fram á fundi fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra 17. október 2011 er staða mjólkurgeirans í Rúmeníu hins vegar enn ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

10) Með tilliti til núverandi stöðu og til að koma í veg fyrir að viðleitni rúmenskra yfirvalda sé hamlað er rétt að framlengja beitingu ráðstafananna sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/852/EB.

11) Rúmenía ætti að vinna áfram í því að færa hrámjólkina, sem unnin er í þeim stöðvum sem skráðar eru í II. og III. viðauka við ákvörðun 2009/852/EB, til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

12) Einkum ætti Rúmenía að vakta stöðuna áfram og leggja reglulega fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur um vinnuna við að ná fullu samræmi við þessar kröfur. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir á grundvelli niðurstaðnanna úr þeim skýrslum.

13) Því ber að breyta ákvörðun 2009/852/EB til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2009/852/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. gr. falli brott,

2. Í 3. gr. komi „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.

3. Í 4. gr. komi „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.

4. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„*6. gr.*

1. Rúmenía skal senda framkvæmdastjórninni ársskýrslur um þann árangur sem náðst hefur við að fara að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 853/2004 að því er varðar eftirfarandi:

a) framleiðslubú sem framleiða mjólk sem uppfyllir ekki kröfur,

b) kerfið til söfnunar og flutnings á mjólk sem uppfyllir ekki kröfur.

Fyrsta ársskýrslan skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2012 og önnur ársskýrslan eigi síðar en 31. október 2013.

Skýrslurnar skulu lagðar fram á því formi sem sett er fram í IV. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal vakta náið hvernig vinnunni miðar áfram við að færa hrámjólkina, sem unnin er í þeim stöðvum sem skráðar eru í II. og III. viðauka, til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli skýrslnanna sem Rúmenía leggur fram, að ólíklegt sé að það náist að uppfylla kröfur fyrir 31. desember 2013 skal hún leggja til viðeigandi ráðstafanir til að bæta stöðuna.“

5. Í 7. gr. komi „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.

6. Ákvæðum I., II., og III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við ákvörðun 2009/852/EB er breytt sem hér segir:

1. I. viðauki falli brott.

2. Í stað II. og III. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STÖÐVAR EINS OG UM GETUR Í 3. GR.

Nr.	Samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
1	L35	SC DANONE PDPA ROMANIA SRL	Bucureşti, 032451
2	MM 1795	SC CALITATEA SRL	Tăuţii Măgheruş, judeţul Maramureş, 437349

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STÖÐVAR EINS OG UM GETUR Í 4. GR.

Nr.	Samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
1	AB 641	SC BIOMILK SRL	Lopadea Nouă, judeţul Alba, 517395
2	AB 3386	SC LACTATE C.H. SRL	Sânmiclăuş, judeţul Alba, 517761
3	BH 4020	SC MOISI SERV COM SRL	Borşa, nr. 8, judeţul Bihor, 417431
4	L 136	SC CAMPAEI PREST SRL	Hidişeul de Sus, judeţul Bihor, 417277
5	L72	SC LACTOMUNTEAN SRL	Teaca, judeţul Bistriţa-Năsăud, 427345
6	L78	SC ROMFULDA PROD SRL	Beclean, judeţul Bistriţa-Năsăud, 425100
7	L107	SC BENDEAR CRIS PROD COM SRL	Şieu Măgheruş, judeţul Bistriţa-Năsăud, 427295
8	L110	SC LECH LACTO SRL	Lechinţa, judeţul Bistriţa-Năsăud, 427105
9	BN 2399	SC CARMO-LACT PROD SRL	Monor, judeţul Bistriţa-Năsăud, 427175
10	BN 2120	SC ELIEZER SRL	Lunca Ilvei, judeţul Bistriţa-Năsăud, 427125
11	L3	SC ABY IMPEX SRL	Şendriceni, judeţul Botoşani, 717380
12	L116	SC RAM SRL	Ibăneşti, judeţul Botoşani, 717215
13	L140	S.C. CARMOLACT SRL	Ucea, judeţul Brasov, 507235
14	L154	S.C. CAS SRL	Braila, judeţul Braila, 810224
15	L148	S.C. LACTAS SRL	Ianca, judeţul Braila, 815200
16	CL 0044	SC IANIS DIM SRL	Lehliu Gară, judeţul Călăraşi, 915300

Nr.	Samþykkis-númer heil-brigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
17	L129	SC BONAS IMPORT EXPORT SRL	Dezmir, județul Cluj, 407039
18	L84	SC PICOLACT PRODCOM SRL	Iclod, județul Cluj, 407335
19	L149	S.C. COMLACT SRL	Corusu, județul Cluj, 407056
20	L43	SC LACTOCORV SRL	Ion Corvin, județul Constanța, 907150
21	L40	SC BETINA IMPEX SRL	Ovidiu, județul Constanța, 905900
22	L41	SC ELDA MEC SRL	Topraisar, județul Constanța, 907210
23	L87	SC NICULESCU PROD SRL	Cumpăna, județul Constanța, 907105
24	L118	SC ASSLA KAR SRL	Medgidia, județul Constanța, 905600
25	L130	SC MUNTINA PROD SRL	Constanța, județul Constanța, 900735
26	CT 225	SC MIH PROD SRL	Cobadin, județul Constanța, 907065
27	CT 256	SC IAN PROD SRL	Târgușor, județul Constanța, 90727
28	CT 258	SC BINCO LACT SRL	Săcele, județul Constanța, 907260
29	CT 30	SC EASTERN EUROPEAN FOODS SRL	Mihail Kogălniceanu, județul Constanța, 907195
30	CT 15	SC NIC COSTI TRADE SRL	Dorobanțu, județul Constanța, 907211
31	CT 12203	SC LACTO GENIMICO SRL	Hârșova, județul Constanța, 905400
32	L82	SC TOTALLACT GROUP SA	Dragodana, județul Dâmbovița, 137200
33	DJ 80	SC DUVADI PROD COM SRL	Breasta, județul Dolj, 207115
34	DJ 730	SC LACTIDO SA	Craiova, județul Dolj, 200378
35	L91	SC COSMILACT SRL	Schela, județul Galați, 807265
36	GR 5610	SC LACTA SA	Giurgiu, județul Giurgiu, 080556
37	GJ 231	SC SEKAM PROD SRL	Novaci, județul Gorj, 215300
38	L49	SC ARTEGO SA	Tg. Jiu, Gorj, 210257
39	L65	SC KARPATEN MILK	Suseni, județul Harghita, 537305
40	L124	SC PRIMULACT SRL	Miercurea Ciuc, județul Harghita, 530242
41	HR 119	SC BOMILACT SRL	Mădăraș, județul Harghita, 537071
42	HR 625	SC LACTIS SRL	Odorheiu Secuiesc, județul Harghita, 535600
43	HR 213	SC PAULACT SA	Mărtiniș, județul Harghita, 537175

Nr.	Samþykkis-númer heil-brigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
44	L99	SC VALIZVI PROD COM SRL	Gârbovi, județul Ialomița, 927120
45	IS 1540	SC PROMILCH SRL	Podu Iloaiei, județul Iași, 707365
46	L18	S.C. EUROCHEESE SRL	Jilava, județul Ilfov, 077120
47	L47	SC OBLAZA SRL	Bârsana, județul Maramureș, 437035
48	L85	SC AVI-SEB IMPEX SRL	Copalnic Mănăștur, județul Maramureș, 437103
49	L86	SC ZEA SRL	Boiu Mare, județul Maramureș, 437060
50	L16	SC ROXAR PROD COM SRL	Cernești, județul Maramureș, 437085
51	L135	SC MULTILACT SRL	Baia Mare, județul Maramureș, 430015
52	MM 793	SC WROMSAL SRL	Satulung, județul Maramureș, 437270
53	MM 6325	SC ONY SRL	Larga, județul Maramureș, 437317
54	L54	SC RODLACTA SRL	Fărăgău, județul Mureș, 547225
55	L108	SC LACTEX REGHIN SRL	Solovăstru, județul Mureș, 547571
56	L121	SC MIRDATOD PROD SRL	Ibănești, județul Mureș, 547325
57	MS 483	SC HELIANTUS PROD	Reghin, județul Mureș, 545300
58	MS 5554	SC GLOBIVET PHARM SRL	Batoș, județul Mureș, 547085
59	NT 900	SC COMPLEX AGROALIMENTAR SRL	Bicaz, județul Neamț, 615100
60	L96	SC PROD A.B.C. COMPANY SRL	Grumăzești, județul Neamț, 617235
61	L101	SC 1 DECEMBRIE SRL	Târgu Neamț, județul Neamț, 615235
62	L106	SC RAPANU SR. COM SRL	Petricani, județul Neamț, 617315
63	L6	SC LACTA HAN PROD SRL	Urecheni, județul Neamt, 617490
64	L123	SC PROCOM PASCAL SRL	Păstrăveni, județul Neamț, 617300
65	L100	SC ALTO IMPEX SRL	Provița de Jos, județul Prahova, 107477
66	L88	SC AGROMEC CRASNA SA	Crasna, județul Sălaj, 457085
67	L89	SC OVINEX SRL	Sărmășag, județul Sălaj, 457330
68	L71	SC LACTO SIBIANA SA	Șura Mică, județul Sibiu, 557270
69	SM 4189	SC PRIMALACT SRL	Satu Mare, județul Satu Mare, 440089
70	L5	SC NIRO SERV COM SRL	Gura Humorului, județul Suceava, 725300
71	L36	SC PROLACT PROD COM SRL	Vicovu de Sus, județul Suceava, 727610

Nr.	Samþykkis-númer heil-brigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða	Heiti stöðvar	Heimilisfang (bær/þorp/sýsla)
72	L81	SC RARAUL SA	Câmpulung Moldovenesc, județul Suceava, 727100
73	SV 1085	SC BUCOVINA SA FALTICENI	Fălticeni, județul Suceava, 725200
74	SV 1562	SC BUCOVINA SA SUCEAVA	Suceava, județul Suceava, 720290
75	SV 1888	SC TOCAR PROD SRL	Frătăuții Vechi, județul Suceava, 727255
76	SV 4909	SC ZADA PROD SRL	Horodnic de Jos, județul Suceava, 727301
77	SV 6159	SC ECOLACT SRL	Milișăuți, județul Suceava, 727360
78	TR 27	SC VIOLACT SRL	Putineiu, județul Teleorman, 147285
79	TR 81	SC BIG FAMILY SRL	Videle, județul Teleorman, 145300
80	TR 239	SC COMALACT SRL	Nanov, județul Teleorman, 147215
81	L80	SC INDUSTRIAL MARIAN SRL	Drănceni, județul Vaslui, 737220
82	VN 231	SC VRANLACT SA	Focşani, județul Vrancea, 620122“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1287/2013 **2014/EES/73/02**

frá 11. desember 2013

um að koma á áætlun um samkeppnishæfni fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (COSME) (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1639/2006/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 173. og 195. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í mars 2010 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu með fyrirsögninni „Evrópa 2020: stefnumörkun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („Áætlunin Evrópa 2020“). Leiðtogaráðið féllst á orðsendinguna í júní 2010. Stefnumörkuninni fyrir Evrópu 2020 er ætlað að vera svar við efnahagskreppunni og undirbúa Sambandið fyrir komandi áratug. Í henni eru sett fimm metnaðarfull markmið á sviði loftslags- og orkumála, atvinnumála, nýsköpunar, menntamála og félagslegrar aðildar, sem stefnt er að því að ná fyrir árið 2020, og tilgreindir aðaldrifkraftar hagvaxtar sem miða að því að gera Sambandið öflugra og samkeppnishæfara. Þar er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að styrkja vöxt evrópska hagkerfisins jafnframt því að skila háu atvinnustigi og auðlinda- og orkunýtnu hagkerfi með lítilli kolefnislosun og félagslegri samheldni. Lítil og meðalstór fyrirtæki ættu að gegna lykilhlutverki við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020. Hlutverk þeirra endurspeglast í þeirri staðreynd að lítilla og meðalstórra fyrirtækja er getið í sex af sjö forystuverkefnum á áætluninni Evrópa 2020.

2) Til að tryggja að fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, leiki aðalhlutverk í því mikilvæga forgangsmáli að skapa hagvöxt í Sambandinu samþykkti framkvæmdastjórnin í október 2010 orðsendingu með fyrirsögninni „Samþætt iðnaðarstefna á öld alþjóðavæðingar – samkeppnishæfni og sjálfbærni í aðalhlutverki“, sem ráðið féllst á í desember 2010. Þetta er eitt af forystuverkefnum í áætluninni Evrópa 2020. Í orðsendingunni er sett fram stefna sem miðar að því að efla hagvöxt og fjölga störfum með því að viðhalda og styðja við öflugan, fjölbreyttan og samkeppnishæfan grundvöll iðnaðar í Evrópu, einkum með því að bæta rammaskilyrði fyrirtækja og efla ýmsa þætti innri markaðarins, þ.m.t. þjónustu við fyrirtæki.

3) Í júní 2008 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu með fyrirsögninni „Hugsið smátt í fyrstu – Lög um lítil fyrirtæki í Evrópu, sem ráðið tók fagnandi í desember 2008. Í lögunum um lítil fyrirtæki er kveðið á um heildstæðan stefnuramma fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, hvatt til frumkvöðlastarfsemi og meginreglan „Hugsið smátt í fyrstu“ fest í sessi í lögum og stefnumótun til að efla samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í lögunum um lítil fyrirtæki eru settar tíu meginreglur og lögð drög að aðgerðum á sviði stefnumótunar og lagasetningar til að ýta undir möguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja á að vaxa og skapa störf. Með framkvæmd laganna um lítil fyrirtæki er unnið að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020. Í forystuverkefnunum hafa þegar verið settar fram ýmsar aðgerðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

4) Síðan þá hefur farið fram endurskoðun á lögunum um lítil fyrirtæki, birt í febrúar 2011, og ráðið samþykkt ályktanir á grundvelli þessa 30. og 31. maí 2011. Í endurskoðuninni var staðan á framkvæmd laganna um lítil fyrirtæki metin ásamt þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa í núverandi efnahagsumhverfi þar sem þeim reynist sífellt erfiðara að fá aðgang að fjármagni og mörkuðum. Í henni kemur fram yfirlit yfir þann árangur sem náðist á fyrstu tveimur árum laganna um lítil fyrirtæki, þar eru settar fram nýjar aðgerðir til að bregðast við áskorunum af völdum efnahagskreppunnar sem hagsmunaaðilar hafa greint frá og stungið er upp á leiðum til að bæta upptöku og framkvæmd laganna um lítil fyrirtæki, þar sem hagsmunaaðilar og samtök í atvinnulífinu eru í skýrt skilgreindu hlutverki í forgrunni. Sértæk markmið áætlunar um samkeppnishæfni fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja ættu að endurspegla forgangsatriðin sem sett eru fram í þessari endurskoðun. Mikilvægt er að tryggja að framkvæmd slíkrar áætlunar sé samræmd framkvæmd laganna um lítil fyrirtæki.

Einkum ættu aðgerðir samkvæmt sértæku markmiðunum að stuðla að framgangi meginreglnanna tíu, sem getið er hér að framan, og nýju aðgerðanna sem bent var á við endurskoðun laganna um lítil fyrirtæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 71, 27.11.2014, bls. 57.

([1]) Stjtíð. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 125.

([2]) Stjtíð. ESB C 391, 18.12.2012, bls. 37.

5) Í reglugerð ráðsins (ESB, KBE) nr. 1311/2013 ([3]) er settur fjárhagsrammi til margra ára fyrir árin 2014-2020. Í þessum fjárhagsramma kemur fram hvernig ná megi stefnumarkmiðunum um aukinn hagvöxt og atvinnusköpun í Evrópu, koma á hagkerfi með lítilli kolefnislosun og aukinni vitund um umhverfismál og gera Sambandið meira áberandi á alþjóðavettvangi.

6) Til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja Sambandsins, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki sem fyrir eru, hvetja til frumkvöðlamenningar og ýta undir vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja, framþróun þekkingarsamfélagsins og þróun sem byggist á hagvexti í jafnvægi, ætti að koma á fót áætlun um samkeppnishæfni fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja („COSME-áætluninni“).

7) Í COSME-áætluninni ætti að setja einföldunaráætlunina í fremsta forgang, í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. febrúar 2012 með fyrirsögninni „Áætlun um einföldun fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020“. Úthlutanir úr sjóðum Sambandsins og aðildarríkja, sem hafa það markmið að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ættu að vera betur samræmdar til að tryggja að þær komi hver annarri til fyllingar, meiri skilvirkni og sýnileika, ásamt því að ná betri samlegðaráhrifum í fjárframlögum.

8) Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til að fella aðgerðir í loftslagsmálum inn í útgjaldaáætlanir Sambandsins og beina að lágmarki 20% af fjárlögum Sambandsins til loftslagstengdra markmiða. Mikilvægt er að tryggja að við undirbúning, mótun og framkvæmd COSME-áætlunarinnar sé lögð áhersla á að draga úr loftslagsbreytingum, á aðlögun að þeim, sem og á forvarnir gegn áhættu. Ráðstafanir sem falla undir þessa reglugerð ættu að stuðla að því að ýta undir umskipti yfir í hagkerfi og samfélag sem einkennist af lítilli koltvísýringslosun og þoli gegn loftslagsbreytingum.

9) Það leiðir af ákvörðun ráðsins 2001/822/EB ([4]) að aðilar og stofnanir landa og yfirráðasvæða handan hafsins eiga rétt á að taka þátt í COSME-áætluninni.

10) Stefnu Sambandsins um samkeppnishæfni er ætlað að koma á stofnana- og stefnufyrirkomulagi sem skapar skilyrði fyrir sjálfbæran vöxt fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að ná fram samkeppnishæfni og sjálfbærni felur í sér að ná og viðhalda fjárhagslegri samkeppnishæfni og vexti fyrirtækja í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Aukin framleiðni, þ.m.t. á sviði auðlinda og orku, er meginuppspretta varanlegrar tekjuaukningar. Samkeppnishæfni fyrirtækja veltur einnig á getu þeirra til að nýta sér tækifæri eins og innri markaðinn til fulls. Þetta skiptir einkum miklu máli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en til þeirra teljast 99% allra fyrirtækja í Sambandinu; þau skapa tvö af hverjum þremur núverandi störfum í einkageiranum, og 80% nýrra starfa og þau leggja til meira en helming alls virðisauka sem fyrirtæki í Sambandinu skapa. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru einn aðaldrifkrafta hagvaxtar, atvinnu og félagslegrar aðlögunar.

11) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 2012, með fyrirsögninni „átak til endurheimtar starfa“, var það metið svo að stefnur, sem legðu áherslu á umskipti yfir í grænt hagkerfi, s.s. stefnur á sviði auðlindanýtni, orkunýtni og loftslagsbreytinga, gætu skapað fleiri en fimm milljónir starfa fyrir árið 2020, einkum í geira lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Með hliðsjón af þessu geta þar með talist sértækar aðgerðir innan ramma COSME-áætlunarinnar, á borð við þær að stuðla að þróun sjálfbærra framleiðsluvara, þjónustu, tækni og verkferla, og einnig auðlinda- og orkunýtni og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja.

12) Sviðsljósinu hefur verið beint að samkeppnishæfni við stefnumótun Sambandsins á undanförnum árum vegna markaðsbrests og stefnu- og stofnanaágalla sem grafa undan samkeppnishæfni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

13) COSME-áætlunin ætti því að taka á markaðsbrestum sem hafa áhrif á samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins á heimsvísu og grafa undan getu fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, til að keppa við hliðstæð fyrirtæki í öðrum heimshlutum.

14) COSME-áætlunin ætti einkum að snúast um lítil og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB([5]). Við beitingu þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við alla viðeigandi hagsmunaaðila, þ.m.t. samtök sem eru í fyrirsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Huga ætti sérstaklega að örfyrirtækjum, fyrirtækjum sem stunda handverksstarfsemi, sjálfstætt starfandi, menntastéttum og samfélagslegu framtaki (e. social enterprises). Einnig ætti að beina athygli að hugsanlegum, nýjum og ungum frumkvöðlum og kvenfrumkvöðlum, auk annarra tiltekinna markhópa, s.s. frumkvöðla í hópi eldra fólks, farandfólks og frumkvöðla sem tilheyra hópum sem standa höllum fæti félagslega eða berskjölduðum hópum eins og fatlað fólk; enn fremur að því að stuðla að eigendaskiptum fyrirtækja, fyrirtækjum utan um hliðarstarfsemi (e. spin-offs og spin-outs), og að frumkvöðlar fái annað tækifæri.

([3]) Reglugerð ráðsins (ESB, KBE) nr. 1311/2013 frá 2. desember 2013 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 884).

([4]) Ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópubandalagið („Ákvörðunin um tengsl handan hafsins“) (Stjtíð. EB L 314, 30.11.2001, bls. 1).

([5]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

15) Mörg af vandamálum Sambandsins að því er varðar samkeppnishæfni stafa af því að það er vandkvæðum bundið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að fá aðgang að fjármagni, vegna þess að þeim reynist örðugt að sýna fram á lánstraust og þau eiga í vandræðum með að fá aðgang að áhættufjármagni. Slíkir erfiðleikar hafa neikvæð áhrif á fjölda og gæði nýrra fyrirtækja sem stofnuð eru og á vöxt fyrirtækja og hlutfall þeirra sem lifa af; jafnframt hefur þetta áhrif á það hversu tilbúnir nýir frumkvöðlar eru til að taka yfir lífvænleg fyrirtæki með eigendaskiptum/í gegnum arf. Fjármögnunarleiðir Sambandsins, sem komið var á samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB ([6]) hafa sannað virðisauka sinn og komið a.m.k. 220 000 litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða. Aukinn virðisauki fyrir Sambandið af fyrirhuguðum fjármögnunarleiðum er m.a. fólginn í því að efla innri markaðinn fyrir áhættufjármagn og í að þróa samevrópskan fjármögnunarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki auk þess sem með þeim má taka á markaðsbrestum sem aðildarríkin geta ekki tekist á við. Aðgerðir Sambandsins ættu að vera samfelldar, samræmdar og vera til fyllingar fjármögnunarleiðum aðildarríkjanna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, vera sem lyftistöng og komast ætti hjá því að valda röskun á markaði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([7]). Aðilar, sem falin er framkvæmd aðgerðanna, ættu að tryggja að þær hafi viðbótargildi (e. additionality) og forðast tvífjármögnun af hálfu Sambandsins.

16) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja áherslu á að gera fjármögnun, sem veitt er eftir fjármögnunarleiðum þessarar reglugerðar, sýnilega til að tryggja að fólki sé kunnugt um þann stuðning Sambandsins sem í boði er og að stuðningurinn, sem veittur er, sé viðurkenndur á markaðnum. Þannig ætti það einnig að vera skylda fjármálamilliliða að vekja sérstaka athygli endanlegra viðtakenda á því að fjármögnun hafi verið gerleg vegna stuðnings fjármögnunarleiða samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. með notendavænum nettengdum kerfum, til að dreifa upplýsingum um tiltækar fjármögnunarleiðir meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja og milliliða. Slík kerfi, sem gætu verið ein sameiginleg gátt, ættu ekki að vera skarast við önnur kerfi sem fyrir eru.

17) Enterprise Europe Network (EEN-netið) hefur sannað virðisauka sinn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópu sem stoðstarfsemi við fyrirtæki á einum stað með því að aðstoða fyrirtæki við að auka samkeppnishæfni sína og kanna viðskiptatækifæri á innri markaðnum og utan hans. Einungis á vettvangi Sambandsins er hægt að ná fram hagræðingu í aðferðafræði og starfsaðferðum og færa evrópska vídd inn í stoðþjónustu við fyrirtæki. Einkum hefur EEN-netið lagt litlum og meðalstórum fyrirtækjum lið við að finna samstarfsaðila og aðila til að vinna með að tækniyfirfærslu á innri markaðnum og í þriðju löndum, aðstoðað við ráðgjöf varðandi fjármögnunarleiðir Sambandsins, um lög Sambandsins og hugverkarétt og um áætlanir Sambandsins sem hvetja til vistvænnar nýsköpunar og sjálfbærrar framleiðslu. Það hefur einnig tekið við endurgjöf um lög og staðla Sambandsins. Einstök sérfræðiþekking innan þess gegnir mikilvægu hlutverki við að yfirvinna ósamræmi í upplýsingum og draga úr viðskiptakostnaði í tengslum við viðskipti yfir landamæri.

18) Vinna þarf áfram að því að hámarka enn frekar gæði þjónustu og frammistöðu EEN-netsins, einkum að því að kynna það fyrir litlum og meðalstórum fyrirtækjum svo að þau nýti sér í framhaldinu þjónustuna sem í boði er, með því að samþætta að meira marki þjónustu í tengslum við alþjóðavæðingu og nýsköpun, efla samvinnu milli netsins og svæðis- og staðbundinna hagsmunaaðila lítilla og meðalstórra fyrirtækja, hafa samráð við hýsistofnanir (e. host organisations) og efla þátttöku þeirra, draga úr skriffinnsku, bæta upplýsingatæknistuðning og auka sýnileika netsins og þjónustu þess á þeim landsvæðum sem það nær til.

19) Takmörkuð alþjóðavæðing lítilla og meðalstórra fyrirtækja, jafnt innan Evrópu sem utan, hefur áhrif á samkeppnishæfni. Samkvæmt sumu mati stunda nú um 25% lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Sambandinu útflutning, eða hafa gert það einhvern tíma á síðustu 3 árum, en aðeins 13% lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Sambandinu stunda reglulega útflutning út úr Sambandinu og einungis 2% hafa fjárfest utan heimalands síns. Auk þess sýnir könnun á viðhorfum almennings í Evrópu (e. Eurobarometer survey) frá árinu 2012 vannýtta möguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja til vaxtar á grænum mörkuðum, innan Sambandsins sem utan, með alþjóðavæðingu og aðgangi að opinberum innkaupum. Í samræmi við lögin um lítil fyrirtæki, þar sem Sambandið og aðildarríkin voru hvött til að styðja við og hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að nýta sér vöxt markaða utan Sambandsins, veitir Sambandið fjárhagsaðstoð nokkrum framtaksverkefnum, s.s. miðstöð um iðnaðarsamvinnu milli ESB og Japans og þjónustuverinu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki um hugverkaréttindi í Kína. Virðisauki Sambandsins skapast með því að hvetja til samvinnu og með því að bjóða þjónustu á evrópskum vettvangi sem kemur til viðbótar við en er ekki tvítekning á fyrirliggjandi kjarnastarfsemi aðildarríkjanna til eflingar viðskiptum og eflir sameinað átak opinberra aðila og einkaaðila sem veita þjónustu á þessu sviði. Slík þjónusta ætti að fela í sér að veita upplýsingar um hugverkarétt, staðla og reglur um opinber innkaup og tækifæri í tengslum við þau. Taka ætti fullt tillit til II. hluta ályktunar ráðsins frá 6. desember 2011 með fyrirsögninni „Efling á framkvæmd iðnaðarstefnu í ESB“ um ályktun framkvæmdastjórnarinnar með fyrirsögninni

([6]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007-2013) (Stjtíð. ESB L 310, 9.11.2006, bls. 15).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

„Samþætt iðnaðarstefna á öld alþjóðavæðingar – samkeppnishæfni og sjálfbærni í aðalhlutverki“. Í því tilliti ætti skýrt skilgreind evrópsk stefna varðandi klasa að koma til viðbótar lands- og svæðisbundinni viðleitni til að hvetja klasa til að stefna að afburðagæðum og alþjóðlegu samstarfi, með tilliti til þess að klasamyndun lítilla og meðalstórra fyrirtækja getur verið lykillinn að því að efla getu þeirra til nýsköpunar og til að hefja starfsemi á mörkuðum handan hafsins.

20) Til að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þurfa aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að skapa hagstætt viðskiptaumhverfi. Huga þarf sérstaklega að hagsmunum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þeirra geira þar sem þau er helst að finna. Framtaksverkefni á vettvangi Sambandsins eru einnig nauðsynleg til að skiptast á upplýsingum og þekkingu á Evrópuvísu og stafræn þjónusta getur verið einkar kostnaðarhagkvæm leið til þess. Slíkar aðgerðir geta stuðlað að því að þróa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

21) Gloppur og uppskipting innri markaðarins og ónauðsynleg skriffinnska innan hans kemur í veg fyrir að borgarar, neytendur og fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, nýti til fulls ávinninginn af honum. Því er afar brýnt að til komi samstillt átak af hálfu aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um að ráða bót á annmörkum í tengslum við framkvæmd, löggjöf og upplýsingar. Í samræmi við nálægðarregluna og meðalhófsregluna ættu aðildarríkin, Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin einnig að starfa saman að því að draga úr og forðast óþarfa stjórnunar- og reglugerðarbyrði hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Aðgerðir innan ramma COSME-áætlunarinnar, sem er eina áætlun Sambandsins sem beinist sérstaklega að litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ættu að stuðla að framkvæmd þessara markmiða, einkum með því að verða að liði við að bæta rammaskilyrði fyrirtækja. Hluti af þessu átaki ætti að vera hæfisprófanir (e. fitness checks) og áhrifamat sem fjármögnuð eru innan ramma COSME-áætlunarinnar.

22) Annar þáttur sem hefur áhrif á samkeppnishæfni er að tiltölulega lítill frumkvöðlaandi ríkir í Sambandinu. Einungis 45% borgara Sambandsins (og minna en 40% kvenna) myndi vilja vera sjálfstætt starfandi í samanburði við 55% íbúa í Bandaríkjunum og 71% í Kína (samkvæmt könnun á viðhorfum almennings í Evrópu til frumkvöðlastarfsemi frá 2009). Samkvæmt lögunum um lítil fyrirtæki ætti að gefa gaum öllum þeim aðstæðum sem frumkvöðlar standa frammi fyrir, m.a. á sprotastigi, vaxtarstigi, við eigendaskipti og gjaldþrot (annað tækifæri). Efling frumkvöðlamenntar, sem og ráðstafanir til að auka samfellu og samræmi, s.s. setning viðmiðana og gagnkvæm miðlun góðra starfsvenja, mun færa Sambandinu mikinn virðisauka.

23) Erasmus-áætluninni fyrir unga frumkvöðla var hrundið úr vör til að gera nýjum eða verðandi frumkvöðlum kleift að öðlast reynslu í viðskiptalífinu í öðru aðildarríki en þeirra eigin og gera þeim þannig kleift að efla frumkvöðlahæfileika sína. Í tengslum við það markmið að bæta rammaskilyrði til að efla frumkvöðlastarfsemi og frumkvöðlamenningu ætti framkvæmdastjórninni að vera kleift að gera ráðstafanir sem er ætlað að liðsinna nýjum frumkvöðlum við að bæta getu sína til að þróa verkkunnáttu sína, færni og viðhorf sem frumkvöðlar og bæta tæknikunnáttu sína og fyrirtækjastjórn.

24) Samkeppni á heimsvísu, lýðfræðilegar breytingar, takmarkaðar auðlindir og nýir straumar í samfélaginu skapa áskoranir og tækifæri fyrir hina ýmsu geira sem standa frammi fyrir hnattrænum áskorunum og einkennandi fyrir þá er hátt hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Til dæmis þurfa geirar, sem byggjast á hönnun, að aðlagast til að geta notfært sér vannýtta möguleika sem felast í mikilli eftirspurn eftir persónulegum, skapandi vörum sem ná til allra. Þar eð þessar áskoranir eiga við um öll lítil og meðalstór fyrirtæki í Sambandinu í þessum geirum er nauðsynlegt að til komi samstillt átak á vettvangi Sambandsins til að skapa viðbótarvöxt með framtaksverkefnum sem hraða tilkomu nýrra vara og þjónustu.

25) Til stuðnings aðgerðum í aðildarríkjunum getur COSME-áætlunin stutt við framtaksverkefni, bæði á sviðum sem eru bundin við tiltekna geira og sem liggja þvert á geira, þar sem verulegir möguleikar eru fyrir vöxt og frumkvöðlastarfsemi, einkum þar sem hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja er hátt, og þannig hraðað því að til verði samkeppnishæfur og sjálfbær iðnaður, sem byggist á samkeppnishæfustu viðskiptalíkönum, betri framleiðsluvörum og verkferlum, stjórnskipulagi eða breyttum virðiskeðjum. Eins og lýst er í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 2010, með fyrirsögninni „Evrópa, vinsælasti ferðamannastaður í heimi – nýr pólitískur rammi fyrir ferðaþjónustu í Evrópu“, sem ráðið fagnaði í október 2010, er ferðaþjónusta mikilvægur geiri í atvinnulífi Sambandsins. 5% af vergri landsframleiðslu Sambandsins koma beint frá fyrirtækjum í þessum geira. Í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins er mikilvægi ferðaþjónustunnar viðurkennt og gerð grein fyrir heimildum Sambandsins á þessu sviði. Evrópsk framtaksverkefni á sviði ferðaþjónustu geta komið til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna með því að skapa hagstætt umhverfi og með því að ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna, einkum með gagnkvæmri miðlun góðra starfsvenja. Aðgerðir geta m.a. falist í að bæta þekkingargrunn á sviði ferðaþjónustu með gögnum og greiningu og þróa samstarfsverkefni milli landa í nánu samstarfi við aðildarríkin jafnframt því að forðast að leggja lögboðnar kröfur á fyrirtæki í Sambandinu.

26) COSME-áætlunin felur í sér aðgerðir til að ná markmiðunum, heildarfjárhagsramma til að vinna að þessum markmiðum, lágmarksfjárhagsramma fyrir fjármögnunarleiðirnar, mismunandi framkvæmdaráðstafanir og gagnsætt fyrirkomulag við eftirlit og mat og vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins.

27) COSME-áætlunin skal koma til fyllingar öðrum áætlunum Bandalagsins en jafnframt taka mið af því að hver fjármögnunarleið skal fylgja sínum eigin tilteknu starfsreglum. Sami aðstoðarhæfi kostnaðurinn ætti ekki að vera tvífjármagnaður. Með það að markmiði að ná fram virðisauka og að fjármögnun Sambandsins hafi veruleg áhrif ætti að þróa náin samlegðaráhrif milli COSME-áætlunarinnar, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013([8]) („Horizon 2020-áætlunarinnar“), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013([9]) („uppbyggingarsjóðanna“) og annarra áætlana Sambandsins.

28) Taka ætti tillit til meginreglnanna um gagnsæi og jöfn tækifæri kynjanna í öllum viðeigandi áætlunum og aðgerðum sem falla undir COSME-áætlunina. Einnig ætti að gæta að því að í þessum framtaksverkefnum og aðgerðum sé borin sé virðing fyrir mannréttindum og mannfrelsi allra borgara.

29) Gagnsætt ferli ætti að vera undanfari styrkveitinga til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Úthlutun styrkja og greiðsla þeirra ætti að vera gagnsæ, laus við skriffinnsku og samræmast sameiginlegum reglum.

30) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir allan þann tíma sem COSME-áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð Evrópuþingsins og ráðsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar stofnanasamstarfssamnings milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn ([10]).

31) Til að tryggja að fjármögnun takmarkist við það að kljást við markaðsbresti og stefnu- og stofnanaágalla og í því skyni að forðast röskun á markaðinum ætti fjármögnun á grundvelli COSME-áætlunarinnar að vera í samræmi við reglur Sambandsins um ríkisaðstoð.

32) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og bókunum við samstarfssamninga er kveðið á um þátttöku viðkomandi landa í áætlunum Sambandsins. Þátttaka annarra þriðju landa ætti að vera möguleg ef samningar og málsmeðferð leyfa.

33) Mikilvægt er að tryggja trausta fjármálastjórnun COSME-áætlunarinnar og framkvæmd hennar á eins skilvirkan og notendavænan hátt og unnt er og jafnframt að tryggja öllum þátttakendum réttaröryggi og aðgang að áætluninni.

34) Hafa ætti eftirlit með COSME-áætluninni og leggja á hana mat til þess að gefa færi á breytingum. Taka ætti saman árlega skýrslu um framkvæmd hennar þar sem fram kemur sá árangur sem náðst hefur og sú starfsemi sem fyrirhuguð er.

35) Árlega ætti að fara fram eftirlit með framkvæmd COSME-áætlunarinnar með aðstoð lykilmælikvarða til að meta niðurstöður og áhrif. Þessir mælikvarðar, þ.m.t. viðeigandi upphafsgildi (e. baselines), ættu að vera lágmarksgrundvöllur mats á því að hve miklu leyti markmiðum COSME-áætlunarinnar hefur verið náð.

36) Bráðabirgðaskýrsla framkvæmdastjórnarinnar um hvernig miðar að ná markmiði allra aðgerða sem studdar eru innan ramma COSME-áætlunarinnar ætti einnig að innihalda mat á lágu þátttökuhlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja ef slíkt kemur í ljós hjá verulegum fjölda aðildarríkja. Aðildarríkin ættu að taka tillit til niðurstaðna bráðabirgðaskýrslunnar í stefnumörkun sinni eftir því sem við á.

37) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins meðan á útgjaldatímabilinu stendur með ráðstöfunum sem eru í réttu hlutfalli við brot, þ.m.t. ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með stjórnsýsluviðurlögum og fjárhagslegum viðurlögum í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

38) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja árlegar starfsáætlanir fyrir framkvæmd COSME-áætlunarinnar. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([11]). Sumar aðgerðanna í árlegu starfsáætluninni fela í sér samræmingu aðgerða á landsvísu. Í því sambandi ætti 4. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar að gilda.

39) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, um viðbætur við vísana, breytingar á tilteknum nánari atriðum varðandi fjármögnunarleiðirnar og hverjar þær breytingar á leiðbeinandi fjárhæðum sem myndu hækka þær sem næmi meira en 5% af

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

([9]) Reglugerð Evrópuráðsins og þingsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

([10]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

fjárhæð fjárhagsrammans í hverju tilviki fyrir sig. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

40) Í þágu réttarvissu og skýrleika laga ber að fella niður ákvörðun nr. 1639/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Efni

1. gr.

Áætluninni komið á fót

Áætlun um Sambandsaðgerðir til að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja, með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki „(COSME-áætluninni“) er hér með komið á fót fyrir tímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

2. gr.

Skilgreining

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „lítil og meðalstór fyrirtæki“ örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki eins og skilgreint er í tilmælum 2003/3617/EB.

3. gr.

Almenn markmið

1. COSME-áætlunin skal vinna að eftirfarandi almennum markmiðum, með sérstakri áherslu á sérstakar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem stofnuð eru í Sambandinu og lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem stofnuð eru í þriðju löndum sem taka þátt í COSME-áætluninni skv. 6. gr.:

a) að styrkja samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja Sambandsins, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja,

b) að hvetja til frumkvöðlamenningar og ýta undir stofnun og vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Eftirfarandi mælikvarðar skulu notaðir til að mæla hvernig miðar að ná markmiðunum sem um getur í 1. mgr.:

a) frammistaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar sjálfbærni,

b) breytingar á ónauðsynlegri stjórnunar- og reglugerðarbyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja, jafnt nýrra sem og þeirra sem fyrir eru,

c) breytingar á hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem stunda útflutning innan Sambandsins eða utan,

d) breytingar á vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja,

e) breytingar á hlutfalli borgara Sambandsins sem myndi vilja vera sjálfstætt starfandi.

3. Nákvæma skrá yfir mælikvarða og takmörk fyrir COSME-áætlunina er að finna í viðaukanum.

4. COSME-áætlunin skal styðja við framkvæmd áætlunarinnar Evrópa 2020 og vinna að snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla. Einkum skal COSME-áætlunin stuðla að megintakmarkinu (e. headline target) um atvinnu.

II. KAFLI

Sértæk markmið og aðgerðasvið

4. gr.

Sértæk markmið

1. Sértæk markmið COSME-áætlunarinnar skulu vera:

a) að bæta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni í formi eigin fjár og lánsfjár,

b) að bæta aðgang að mörkuðum, einkum innan Sambandsins en einnig á heimsvísu,

c) að bæta rammaskilyrði fyrir samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. í ferðaþjónustugeiranum,

d) að hvetja til frumkvöðlastarfsemi og frumkvöðlamenningar.

2. Við framkvæmd COSME-áætlunarinnar skal vakin athygli á því að fyrirtæki þurfi að laga sig að auðlinda- og orkunýtnu hagkerfi sem einkennist af lítilli koltvísýringslosun og þoli gegn loftslagsbreytingum.

3. Nota skal mælikvarðana í viðaukanum til að mæla áhrif COSME-áætlunarinnar við að ná sértæku markmiðunum sem um getur í 1. mgr.

4. Í árlegu starfsáætluninni, sem um getur í 13. gr., skal tilgreina í smáatriðum allar aðgerðir sem framkvæma á innan ramma COSME-áætlunarinnar.

5. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda COSME-áætluninni í framkvæmd er 2 298 243 milljón evrur á gangverði og þar af skulu a.m.k. 60% renna til fjármögnunarleiða.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar til margra ára.

2. Fjárhagsramminn, sem komið er á með þessari reglugerð, getur einnig náð yfir útgjöld í tengslum við starfsemi er varðar undirbúning, eftirlit, endurskoðun og mat, sem er nauðsynleg við stjórnun COSME-áætlunarinnar og til að ná markmiðum hennar. Einkum skal hann taka til, og gætt skal að kostnaðarhagkvæmni, rannsókna, sérfræðingafunda, upplýsinga og samskipta, þ.m.t. upplýsingamiðlunar stofnana (e. corporate communication) um pólitísk forgangsverkefni Sambandsins, að því marki sem þau tengjast almennum markmiðum COSME-áætlunarinnar, útgjalda sem tengjast

upplýsingatækninetum fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga og allra annarra útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem framkvæmdastjórnin stofnar til við stjórnun COSME-áætlunarinnar.

Þessi útgjöld skulu ekki vera hærri en 5% af fjárhæð fjárhagsrammans.

3. Innan fjárhagsramma COSME-áætlunarinnar skal úthluta leiðbeinandi fjárhæðum sem nema 21,5% af fjárhæð fjárhagsrammans til sértæka markmiðsins, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., 11% til sértæka markmiðsins í c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2,5% til sértæka markmiðsins í d-lið 1. mgr. 4. gr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að víkja frá þessum leiðbeinandi fjárhæðum en þó ekki um sem nemur meira en 5% af fjárhæð fjárhagsrammans í hverju tilviki. Ef nauðsynlegt reynist að fara yfir þau mörk skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., um breytingu á þessum leiðbeinandi fjárhæðum.

4. Fjárúthlutun getur einnig náð til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem eru nauðsynleg til að tryggja umskiptin milli COSME-áætlunarinnar og ráðstafana sem hafa verið gerðar samkvæmt ákvörðun nr. 1639/2006/EB. Ef þörf krefur má færa fjárveitingar í fjárhagsáætlunina eftir 2020 til að standa straum af svipuðum kostnaði svo að unnt sé að greiða fyrir framkvæmd aðgerða sem ekki er lokið fyrir 31. desember 2020.

6. gr.

Þátttaka þriðju landa

1. Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í COSME-áætluninni:

a) löndum innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum, og öðrum Evrópulöndum ef samningar og málsmeðferð gera það kleift,

b) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammasamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum,

c) löndum sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna, ef samningar og málsmeðferð gera það kleift og í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammasamningum, bókunum við samstarfssamninga og ákvörðunum samstarfsráða.

2. Aðili sem stofnaður í landi, sem um getur í 1. mgr., getur tekið þátt í hlutum COSME-áætlunarinnar ef það land tekur þátt í henni samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðeigandi samningum sem lýst er í 1. mgr.

7. gr.

Þátttaka aðila í löndum sem ekki eru þátttakendur

1. Þó að þriðja land, sem um getur í 6. gr., taki ekki þátt í COSME-áætluninni geta aðilar sem stofnaðir eru í því landi tekið þátt í hlutum hennar. Aðilar sem stofnaðir eru í öðrum þriðju löndum geta einnig tekið þátt í aðgerðum innan ramma COSME-áætlunarinnar.

2. Aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu ekki eiga rétt á fjárframlagi frá Sambandinu nema slíkt sé skilyrði af hálfu COSME-áætlunarinnar, einkum í tengslum við samkeppnishæfni og aðgang að mörkuðum fyrir fyrirtæki í Sambandinu. Sú undantekning gildir ekki um aðila sem eru reknir í hagnaðarskyni.

8. gr.

Aðgerðir til að bæta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni

1. Framkvæmdastjórnin skal styðja við aðgerðir sem hafa það að markmiði að greiða fyrir og bæta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni, á sprota-, vaxtar- og eigendaskiptastigi, og eru viðbót við fjármögnunarleiðir aðildarríkjanna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á lands- og svæðisvísu. Til að tryggja það skulu slíkar aðgerðir samræmdar náið aðgerðum innan ramma samheldnistefnu, Horizon 2020-áætlunarinnar og á lands- og svæðisvísu. Slíkar aðgerðir skulu miða að því að hvetja til notkunar á og aðgangs að bæði eigin fé og lánsfé, sem getur verið m.a. frumfjármögnun (e. seed funding), fjármögnun viðskiptaengla (e. angel funding) og fjármögnun með ígildi eiginfjár (e. quasi-equity financing) háð markaðseftirspurn en að undanskilinni sölu eigna úr fyrirtæki (e. asset stripping).

2. Til viðbótar við aðgerðirnar, sem um getur í 1. mgr., má einnig veita Sambandsstuðning til aðgerða til að bæta fjármögnun yfir landamæri og fjármögnun frá mismunandi löndum, háð markaðseftirspurn, og aðstoða þannig lítil og meðalstór fyrirtæki við að alþjóðavæða starfsemi sína í samræmi við lög Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin getur einnig kannað þann möguleika að þróa nýstárlegar fjármögnunarleiðir, s.s. fjöldafjármögnun (e. crowdfunding), háð markaðseftirspurn.

3. Nánari upplýsingar um aðgerðirnar, sem um getur í 1. mgr., eru settar fram í 17. gr.

9. gr.

Aðgerðir til að bæta aðgang að mörkuðum

1. Til að halda áfram að bæta samkeppnishæfni og aðgang fyrirtækja í Sambandinu að mörkuðum getur framkvæmdastjórnin stutt við aðgerðir til að bæta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að innri markaðnum, s.s. með veitingu upplýs-

inga (m.a með stafrænni þjónustu) og vitundarvakningu í tengslum við m.a. áætlanir, lög og staðla Sambandsins.

2. Stefnt skal að því að greiða fyrir aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að mörkuðum utan Sambandsins með sértækum ráðstöfunum. Á meðal slíkra ráðstafana getur verið að veita upplýsingar um núverandi hindranir á markaðsaðgangi, upplýsingar um viðskiptatækifæri, reglur um opinber innkaup og tollferla, einnig vinna að bættri stoðþjónustu í tengslum við staðla og hugverkaréttindi í þriðju löndum sem lögð er áhersla á. Þessar ráðstafanir skulu koma til viðbótar við en ekki skarast við kjarnastarfsemi aðildarríkjanna til eflingar viðskiptum.

3. Aðgerðir innan ramma COSME-áætlunarinnar geta miðað að því að hlúa að alþjóðlegri samvinnu, þ.m.t. skoðanaskipti á sviði iðnaðar og reglusetningar við þriðju lönd. Stefna má að því, með sértækum ráðstöfunum, að draga úr mismun milli Sambandsins og annarra landa að því er varðar regluramma fyrir framleiðsluvörur, stuðla að þróun fyrirtækja og iðnstefnu og stuðla að bættu viðskiptaumhverfi.

10. gr.

Enterprise Europe Network

1. Framkvæmdastjórnin skal styðja Enterprise Europe Network („EEN-netið“) til að veita samþætta stoðþjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki í Sambandinu sem leita tækifæra á innri markaðnum og í þriðju löndum. Aðgerðir, sem framkvæmdar eru í gegnum EEN-netið, geta m.a. tekið til:

a) upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu um framtaksverkefni og löggjöf Sambandsins; stuðnings til að efla stjórnunargetu og auka þannig samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja; stuðnings sem miðar að því að bæta fjármálaþekkingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta um fjármögnunartækifæri, aðgengi að fjármögnunarkerfum og tengdum þjálfunar- og leiðbeinendakerfum (e. coaching and mentoring schemes); ráðstafana til að auka aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að sérfræðiþekkingu um orkunýtni, loftslags- og umhverfismál; og kynningar á fjármögnunaráætlunum og fjármögnunarleiðum Sambandsins (þ.m.t. Horizon 2020-áætluninni í samstarfi við innlenda tengiliði og uppbyggingarsjóðina),

b) þess að greiða fyrir samstarfi fyrirtækja yfir landamæri, rannsóknum og þróun, tækni- og þekkingaryfirfærslu og samstarfsverkefnum um tækni og nýsköpun,

c) þess að koma á boðskiptaleið milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framkvæmdastjórnarinnar.

2. EEN-netið má einnig nota til að veita þjónustu fyrir hönd annarra áætlana Sambandsins, s.s. Horizon 2020-áætlunarinnar, þ.m.t. sérhæfða ráðgjafarþjónustu til að hvetja til þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í öðrum áætlunum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal tryggja skilvirka samræmingu milli hinna ýmsu fjármögnunaraðferða EEN-netsins og jafnframt að þjónusta netsins fyrir hönd annarra áætlana Sambandsins sé fjármögnuð af þeim áætlunum.

3. Hafa skal nána samvinnu við aðildarríkin um framkvæmd EEN-netsins til að forðast tvítekningu starfsemi í samræmi við nálægðarregluna.

Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram mat á EEN-netinu með tilliti til árangurs þess, stjórnunar og veitingar hágæðaþjónustu innan Sambandsins.

11. gr.

Aðgerðir til að bæta rammaskilyrði fyrir samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Framkvæmdastjórnin skal styðja við aðgerðir til að bæta rammaskilyrði fyrir samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í því skyni að efla árangur, samfellu, samræmingu og samkvæmni lands- og svæðisbundinna stefna og ýta undir samkeppnishæfni, sjálfbærni og vöxt fyrirtækja í Sambandinu.

2. Framkvæmdastjórnin getur stutt sértækar aðgerðir til að bæta rammaskilyrði fyrir fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, með því að draga úr og sneiða hjá óþarfa stjórnunar- og reglugerðarbyrðum. Slíkar aðgerðir geta falið í sér mælingar með reglulegu millibili á áhrifum viðeigandi löggjafar Sambandsins á lítil og meðalstór fyrirtæki, með stigatöflu (e. scoreboard) þar sem við á, stuðning við sjálfstæða sérfræðingahópa og skipti á upplýsingum og góðum starfsvenjum, þ.m.t. varðandi kerfisbundna beitingu prófunarinnar varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki (e. SME test) á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna.

3. Framkvæmdastjórnin getur stutt við aðgerðir sem ætlað er að þróa nýjar samkeppnishæfni- og viðskiptaþróunarstefnur. Slíkar aðgerðir geta m.a. verið eftirfarandi:

a) ráðstafanir til að bæta mótun, framkvæmd og mat á stefnum, sem hafa áhrif á samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja, m.a. með því að miðla góðum starfsvenjum um rammaskilyrði og um stjórnun klasa og viðskiptaneta sem eru leiðandi á heimsvísu, og með því að ýta undir samstarf milli landa meðal klasa og viðskiptaneta, þróun sjálfbærra vara, þjónustu, tækni og verkferla og auðlinda- og orkunýtni og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja,

b) ráðstafanir sem taka tillit til alþjóðlegra þátta í samkeppnishæfnistefnum, og beinast einkum að stefnumótunarsamstarfi milli aðildarríkjanna, öðrum löndum sem taka þátt í COSME-áætluninni og alþjóðlegum viðskiptaaðilum Sambandsins,

c) ráðstafanir til að bæta stefnumótun lítilla og meðalstórra fyrirtækja, samstarf milli stefnumótunaraðila, jafningjarýni og gagnkvæm miðlun góðra starfsvenja milli aðildarríkjanna, með hliðsjón af, eftir því sem við á, tiltækum sönnunum og sjónarmiðum hagsmunaaðila, einkum í því skyni að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum auðveldara fyrir að fá aðgang að áætlunum og ráðstöfunum Sambandsins í samræmi við aðgerðaáætlun laganna um lítil fyrirtæki.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með því að ýta undir samræmingu, að styðja við aðgerðir í aðildarríkjunum til að hraða því að til verði samkeppnishæfur iðnaður með markaðsmöguleika. Slíkur stuðningur getur falið í sér aðgerðir til að ýta undir gagnkvæma miðlun góðra starfsvenja og greina þarfir atvinnugreina, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, fyrir færni og þjálfun, einkum færni í rafrænum miðlum. Í honum geta einnig falist aðgerðir til að hvetja til upptöku nýrra viðskiptalíkana og samstarfs lítilla og meðalstórra fyrirtækja innan nýrra virðiskeðja, sem og að nota viðeigandi hugmyndir að nýjum vörum og þjónustu í viðskiptalegum tilgangi.

5. Framkvæmdastjórnin getur bætt við aðgerðir aðildarríkjanna til að efla samkeppnishæfni og sjálfbærni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Sambandinu á sviðum sem einkennast af verulegum vaxtarmöguleikum, einkum þar sem hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja er hátt, s.s. ferðaþjónustu. Slík starfsemi getur m.a. falist í að ýta undir samvinnu milli aðildarríkjanna, einkum með gagnkvæmri miðlun góðra starfsvenja.

12. gr.

Aðgerðir til að ýta undir frumkvöðlastarfsemi

1. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að því að efla frumkvöðlastarfsemi og frumkvöðlamenningu með því að bæta rammaskilyrði sem hafa áhrif á þróun frumkvöðlastarfs, þ.m.t. með því að draga úr hindrunum í vegi stofnunar fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin skal styðja við viðskiptaumhverfi og menningu sem er hagstæð sjálfbærum fyrirtækjum, sprotafyrirtækjum, vexti, eigendaskiptum fyrirtækja, öðru tækifæri (nýrri byrjum) og einnig fyrirtækjum utan um hliðarstarfsemi (e. spin-offs og spin-outs).

2. Sérstakri athygli skal beint að hugsanlegum, nýjum og ungum frumkvöðlum og kvenfrumkvöðlum, sem og öðrum tilteknum markhópum.

3. Framkvæmdastjórnin getur gripið til aðgerða, s.s. hreyfanleikaáætlana (e. mobility programmes), fyrir nýja frumkvöðla til að bæta getu sína til að þróa verkkunnáttu sína, færni og viðhorf sem frumkvöðlar og bæta tæknikunnáttu sína og fyrirtækjastjórnun.

4. Framkvæmdastjórnin getur stutt við ráðstafanir aðildarríkjanna til að byggja upp og greiða fyrir frumkvöðlamenntun, -þjálfun, -færni og -viðhorfum, einkum meðal hugsanlegra og nýrra frumkvöðla.

III. KAFLI

Framkvæmd COSME-áætlunarinnar

13. gr.

Árlegar starfsáætlanir

1. Til framkvæmdar COSME-áætluninni skal framkvæmdastjórnin samþykkja árlegar starfsáætlanir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr. Í sérhverri starfsáætlun skal unnið að markmiðunum sem sett eru í þessari reglugerð og þar skal koma fram í smáatriðum:

a) lýsing á þeim aðgerðum sem á að fjármagna, markmiðin sem stefnt er að með hverri aðgerð, sem skulu samræmast hinum almennu og hinum sértæku markmiðum sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., hvaða niðurstaðna er vænst, upplýsingar um hvaða fjárhæð er veitt til hverrar aðgerðar, heildarfjárhæðin fyrir allar aðgerðir auk leiðbeinandi tímaáætlunar fyrir framkvæmdina og greiðslufyrirkomulag,

b) viðeigandi eigindlegir og megindlegir mælikvarðar fyrir hverja aðgerð, til að greina og fylgjast með hvernig miðar að fá fram niðurstöður og að ná markmiðum viðkomandi aðgerðar,

c) að því er varðar styrki og tengdar ráðstafanir, nauðsynleg matsviðmið, sem skulu sett þannig að best megi ná þeim markmiðum sem stefnt er að með COSME-áætluninni, og hámarkshlutfall samfjármögnunar,

d) sérstakur ítarlegur kafli um fjármögnunarleiðirnar sem skal, í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, endurspegla upplýsingaskyldurnar samkvæmt reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012, þ.m.t. vænta skiptingu fjárhagsrammans milli eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar (e. Equity Facility for Growth) og lánsábyrgðarfyrirgreiðslunnar (e. Loan Guarantee Facility), sem um getur í 18. og 19. gr. þessarar reglugerðar, og upplýsingar á borð við hversu há ábyrgðin er og tengsl við Horizon 2020-áætlunina.

2. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma COSME-áætlunina í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

3. Við framkvæmd COSME-áætlunarinnar skal tryggt að aðgerðir, sem studdar eru, taki mið af framtíðarþróun og -þörfum, einkum eftir að bráðabirgðamatið, sem um getur í 3. mgr. 15. gr., hefur farið fram, og að þær séu viðeigandi með tilliti til markaða sem eru í sífelldri þróun, atvinnulífsins og samfélagsbreytinga.

14. gr.

Stuðningsráðstafanir

1. Til viðbótar við ráðstafanirnar sem heyra undir árlegu starfsáætlanirnar, sem um getur í 13. gr., skal framkvæmdastjórnin reglulega gera stuðningsráðstafanir, þ.m.t. þær sem hér fara á eftir:

a) bæta greiningu á og eftirlit með málefnum sem varða samkeppnishæfni innan tiltekinna geira og þvert á geira,

b) greina og miðla góðum starfsvenjum og leiðum við stefnumótun og þróa þær frekar,

c) hæfisprófa gildandi lög og meta áhrif nýrra ráðstafana Sambandsins sem varða sérstaklega samkeppnishæfni fyrirtækja, í því skyni að greina svið innan gildandi laga þar sem einföldunar er þörf, og tryggja að byrðum á lítil og meðalstór fyrirtæki sé haldið í lágmarki á þeim sviðum þar sem settar eru fram tillögur að nýjum löggjafarráðstöfunum,

d) leggja mat á löggjöf sem hefur áhrif á fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, iðnaðarstefnu og ráðstafanir í tengslum við samkeppnishæfni,

e) efla samþætt og notendavæn, nettengd kerfi sem veita upplýsingar um áætlanir sem varða lítil og meðalstór fyrirtæki, jafnframt því að tryggja að slík kerfi séu ekki tvítekning á gáttum, sem fyrir eru.

2. Heildarkostnaður við þessar stuðningsráðstafanir skal ekki vera hærri en sem nemur 2,5% af fjárhagsramma COSME-áætlunarinnar.

15. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd og stjórnun COSME-áætlunarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera árlega eftirlitsskýrslu um skilvirkni og árangur styrktra aðgerða í tengslum við fjárhagslegar framkvæmdir, árangur, kostnað og, þar sem unnt er, áhrif. Í skýrslunni skulu vera upplýsingar um styrkþega, fyrir hverja auglýsingu eftir tillögum ef unnt er, upplýsingar um fjárhæð útgjalda sem tengjast loftslagsmálum og áhrif stuðnings með tilliti til markmiða sem tengjast loftslagsbreytingum, viðeigandi gögn varðandi lán af hálfu lánsábyrgðarfyrirgreiðslunnar, sem eru annaðhvort hærri eða lægri en 150 000 evrur, að því marki sem slík upplýsingasöfnun sé ekki óþarfa stjórnsýslubyrði fyrir fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki. Eftirlitsskýrslan skal innihalda ársskýrslu um hverja fjármögnunarleið eins og krafist er í 8. mgr. 140. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

3. Eigi síðar en 2018 skal framkvæmdastjórnin taka saman bráðabirgðamatsskýrslu um hvernig miðar að ná markmiði allra aðgerða innan ramma COSME-áætlunarinnar, að því er varðar árangur og áhrif, skilvirka nýtingu tilfanga og evrópskan virðisauka af þeim, í því skyni að ákveða hvort endurnýja eigi ráðstafanirnar, breyta þeim eða fella þær niður. Í áfangamatsskýrslunni skal einnig fjallað um svigrúm til einföldunar á áætluninni, innra og ytra samhengi hennar, hvort öll markmið hennar eigi áfram við, og hvernig þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa stuðlað að forgangsmálum Sambandsins um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Í henni skal tekið tillit til niðurstaðna mats á langtímaáhrifum ráðstafananna sem voru undanfarar þessara og hún skal vera grundvöllur fyrir ákvörðun um mögulega endurnýjun, breytingu eða niðurfellingu á síðari ráðstöfun.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að samin verði lokamatsskýrsla með mati á langtímaáhrifum og varanleika þeirra áhrifa sem ráðstafanirnar hafa.

5. Allir styrkþegar og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, sem fengið hafa fjárstyrk frá Sambandinu samkvæmt þessari reglugerð, skulu láta framkvæmdastjórninni í té þau viðeigandi gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru til að unnt sé að hafa eftirlit og láta fara fram mat á ráðstöfununum sem um er að ræða.

6. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., fyrir Evrópuþingið og ráðið og gera þær opinberar.

IV. KAFLI

Fjárhagsákvæði og tegundir fjárhagsaðstoðar

16. gr.

Tegundir fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð Sambandsins innan ramma COSME-áætlunarinnar má framkvæma óbeint með því að fela aðilunum, sem taldir eru upp í c-lið 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, verkefni er varða framkvæmd fjárhagsáætlana.

17. gr.

Fjármögnunarleiðir

1. Fjármögnunarleiðir innan ramma COSME-áætlunarinnar, sem komið er á fót skv. VIII. bálki reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, skulu hafa það að markmiði að greiða fyrir aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni á sprota-, vaxtar- og eigendaskiptastigi. Fjármögnunarleiðirnar skulu vera eiginfjárfyrirgreiðsla (e. equity facility) og lánsábyrgðarfyrirgreiðsla (e. loan guarantee facility). Úthlutun fjár til þessara fyrirgreiðsluleiða skal taka mið af eftirspurn frá fjármálamilliliðum.

2. Fjármögnunarleiðirnar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki má nota samhliða og þær mega koma til fyllingar eftirfarandi:

a) öðrum fjármögnunarleiðum, sem aðildarríkin og stjórnunaryfirvöld þeirra koma á fót, sem fá fjármagn sitt úr landseða svæðisbundnum sjóðum eða í tengslum við starfsemi uppbyggingarsjóðanna, í samræmi við a-lið 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013,

b) öðrum fjármögnunarleiðum, sem aðildarríkin og stjórnunaryfirvöld þeirra koma á fót, sem fá fjármagn sitt úr landseða svæðisbundnum sjóðum utan starfsemi uppbyggingarsjóðanna,

c) styrkjum sem fjármagnaðir eru af Sambandinu, þ.m.t. samkvæmt þessari reglugerð.

3. Eiginfjárfyrirgreiðslan í þágu vaxtar og lánsábyrgðarfyrirgreiðslan, sem vísað er til í 18. og 19. gr., geta komið til fyllingar fjármögnunarleiðum aðildarríkjanna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki innan ramma samheldnistefnu Sambandsins.

4. Með eiginfjárfyrirgreiðslunni í þágu vaxtar og lánsábyrgðarfyrirgreiðslunni er unnt, eftir því sem við á, að leggja sameiginlega til fjármagn (e. pooling) ásamt aðildarríkjum og/eða svæðum sem eru reiðubúin til að leggja til hluta þess fjár sem þeim er úthlutað úr uppbyggingarsjóðunum í samræmi við a-lið 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013.

5. Fjármögnunarleiðirnar mega skila ásættanlegum hagnaði til að ná markmiðum annarra samstarfsaðila eða fjárfesta. Eiginfjárfyrirgreiðslan í þágu vaxtar getur verið á undirskipuðum grundvelli en markmið hennar er að varðveita verðmæti eigna sem fengnar eru af fjárlögum Sambandsins.

6. Eiginfjárfyrirgreiðsluna í þágu vaxtar og lánsábyrgðarfyrirgreiðsluna skal innleiða í samræmi við VIII. bálk reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) nr. 1268/2012 ([12]).

7. Fjármögnunarleiðir innan ramma COSME-áætlunarinnar skal þróa og framkvæma þannig að þær komi til fyllingar þeim sem komið er á fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki innan ramma Horizon 2020-áætlunarinnar og þannig að samfellu sé gætt við þær.

8. Í samræmi við 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 skulu aðilar, sem falið er að annast innleiðingu fjármögnunarleiðanna, tryggja sýnileika aðgerða Sambandsins þegar þeir stjórna fjármagni Sambandsins. Í þessu skyni skal aðilinn, sem falin er framkvæmdin, tryggja að fjármálamilliliðir upplýsi endanlega viðtakendur skilmerkilega um að fjármögnunin hafi verið gerleg vegna stuðnings fjármögnunarleiða innan ramma COSME-áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að hugsanlegir, endanlegir viðtakendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um viðtakendur sem birtar eru eftir á, í samræmi við e-lið 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

9. Endurgreiðslum sem skapast vegna síðari þáttar fyrirgreiðslukerfisins fyrir lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti (e. High Growth and Innovative SME Facility), sem komið var á með ákvörðun nr. 1639/2006/EB og mótteknar eru eftir 31. desember 2013, skal ráðstafað, í samræmi við 4. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, til eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar sem um getur í 18. gr. þessarar reglugerðar.

10. Fjármögnunarleiðirnar skal innleiða í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins um ríkisaðstoð.

18. gr.

Eiginfjárfyrirgreiðsla í þágu vaxtar

1. Eiginfjárfyrirgreiðsluna í þágu vaxtar (e. Equity Facility for Growth) skal framkvæma sem þátt í sameiginlegri leið Sambandsins til fjármögnunar eigin fjár (e. single Union equity financial instrument) til að styðja við vöxt, rannsóknir og nýsköpun hjá fyrirtækjum Sambandsins allt frá upphafsstigi, þ.m.t. frumstigi (e. seed), og fram að vaxtarstigi. Sameiginleg leið Sambandsins til fjármögnunar eigin fjár skal fjármögnuð með stuðningi frá Horizon 2020-áætluninni og COSME-áætluninni.

2. Eiginfjárfyrirgreiðslan í þágu vaxtar skal fyrst og fremst beinast að sjóðum sem bjóða fyrirtækjum á útvíkkunar- og vaxtarstigi (e. expansion and growth-stage enterprises) áhættufjármagn og millilagsfjármögnun (e. mezzanine finance), s.s. víkjandi lán og þátttökulán, einkum þeim sem starfa yfir landamæri, en hafa jafnframt þann möguleika að fjárfesta í sjóðum á upphafsstigi (e. early-stage funds) í sameiningu við eiginfjárfyrirgreiðsluna í þágu rannsókna og nýsköpunar (e. Equity Facility for R&I) innan ramma Horizon 2020-áætlunarinnar og sjá viðskiptaenglum (e. business angels) fyrir samfjármögnunarfyrirkomulagi. Í tilviki fjárfestinga á upphafsstigi skal fjárfesting gegnum eiginfjárfyrirgreiðsluna í þágu vaxtar ekki vera umfram 20% af heildarfjárfestingu Sambandsins nema þegar í hlut eiga þrepaskiptir sjóðir og sjóðasjóðir, en þá verður fjármögnun gegnum eiginfjárfyrirgreiðsluna í þágu vaxtar og eiginfjárfyrirgreiðsluna í þágu rannsókna og nýsköpunar innan ramma Horizon 2020 áætlunarinnar veitt í réttu hlutfalli, á grundvelli fjárfestingarstefnu sjóðanna. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða að breyta 20% viðmiðunarmörkunum í ljósi breyttra markaðsaðstæðna. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

3. Eiginfjárfyrirgreiðslan í þágu vaxtar og eiginfjárfyrirgreiðslan í þágu rannsókna og nýsköpunar innan ramma Horizon 2020-áætlunarinnar skulu beita sömu aðferðum við framkvæmd (e. delivery mechanism).

4. Stuðningur frá eiginfjárfyrirgreiðslunni í þágu vaxtar skal vera í formi annarrar af eftirtöldum fjárfestingum:

a) beint af hálfu Fjárfestingarsjóðs Evrópu eða annarra aðila sem framkvæmdastjórnin felur framkvæmd eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar eða

b) af hálfu sjóðasjóða eða fjárfestingaraðila (e. investment vehicles) sem fjárfesta yfir landamæri og sem Fjárfestingarsjóður Evrópu eða aðrir aðilar (þ.m.t. stjórnendur í einkageiranum eða opinbera geiranum) koma á fót og falin er framkvæmd eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, ásamt fjárfestum frá einkareknum og/eða opinberum fjármálastofnunum.

5. Eiginfjárfyrirgreiðslan í þágu vaxtar skal fjárfesta í áhættufjármagnssjóðum milliliða, þ.m.t. sjóðasjóðum, sem fjárfesta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, yfirleitt á útvíkkunar- og vaxtarstigi þeirra. Fjárfestingar innan ramma eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar skulu vera til langs tíma og yfirleitt til 5-15 ára í áhættufjármagnssjóðum. Gildistími fjárfestinga innan ramma eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar skal aldrei vara lengur en 20 ár frá undirritun samkomulags milli framkvæmdastjórnarinnar og aðilans sem falin er framkvæmd hennar.

19. gr.

Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan

1. Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan (e. Loan Guarantee Facility) skal bjóða:

a) bakábyrgðir og annað fyrirkomulag áhættuhlutdeildar fyrir ábyrgðarkerfi, m.a., eftir því sem við á, samábyrgðir,

b) beinar ábyrgðir og annað fyrirkomulag áhættuhlutdeildar fyrir alla aðra fjármálamilliliði sem uppfylla skilyrðin um hæfi sem vísað er til í 5. mgr.

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 frá 29. október 2012 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1).

2. Lánsábyrgðarfyrirgreiðsluna skal framkvæma sem hluta af sameiginlegri lánsfjármögnunarleið Sambandsins í þágu vaxtar, rannsókna og nýsköpunar fyrirtækja Sambandsins og nota sömu framkvæmdaraðferðir og í eftirspurnardrifna þættinum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í lánsfjárfyrirgreiðslunni í þágu rannsókna og nýsköpunar innan ramma Horizon 2020-áætlunarinnar (RSI II).

3. Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan skal samanstanda af:

a) ábyrgðum vegna lánsfjármögnunar (m.a. með víkjandi lánum og þátttökulánum, eignarleigu eða bankaábyrgðum) sem skulu draga úr sérstökum vandamálum sem lífvænleg lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir þegar kemur að því að fá aðgang að fjármagni, annaðhvort vegna þeirrar miklu áhættu sem talin er tengjast þeim eða vegna skorts á nægilegum tryggingum,

b) verðbréfun verðbréfasafna lítilla og meðalstórra fyrirtækja til lánsfjármögnunar sem skal virkja viðbótarfjármögnun skulda fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samkvæmt viðkomandi samkomulagi um áhættuhlutdeild við tilteknar stofnanir. Stuðningur vegna þessara verðbréfunarviðskipta er háður þeim skilyrðum að upphaflegu lánastofnanirnar skuldbindi sig til að lána umtalsverðan hluta af lánsfénu nýjum litlum og meðalstórum fyrirtækjum innan hæfilega langs tíma. Reikna skal fjárhæð þessarar nýju lánsfjármögnunar með tilliti til þeirrar fjárhæðar sem eignasafnsáhættan er tryggð fyrir. Semja skal um þessa fjárhæð og tímabilið við hverja upprunalega lánastofnun fyrir sig.

4. Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan skal starfrækt af Fjárfestingarsjóði Evrópu eða öðrum aðilum sem framkvæmdastjórnin felur framkvæmd hennar. Gildistími einstakra ábyrgða innan ramma lánsábyrgðarfyrirgreiðslunnar getur verið allt að því 10 ár.

5. Aðstoðarhæfi innan ramma lánsábyrgðarfyrirgreiðslunnar skal ákvarðað fyrir hvern millilið á grundvelli starfsemi hans og árangurs við að koma litlum og meðalstórum fyrirtækjum til aðstoðar við að fá aðgang að fjármagni til raunhæfra verkefna. Milliliðir, sem styðja fyrirtæki við að fjármagna m.a. kaup á efnislegum og óefnislegum eignum, rekstrarfé og eigendaskipti fyrirtækja, geta notfært sér lánsábyrgðarfyrirgreiðsluna. Viðmiðanir varðandi verðbréfun verðbréfasafna til lánsfjármögnunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki skulu taka til viðskipta stakra seljenda og margra seljenda auk viðskipta í mörgum löndum. Aðstoðarhæfi skal byggjast á góðum markaðsháttum, einkum hvað varðar lánshæfisgæði og áhættudreifingu tryggðra verðbréfasafna.

6. Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan skal taka til lána sem nema allt að 150 000 evrum og hafa lágmarksgildistíma 12 mánuði, að undanskildum lánum í tryggðum verðbréfasöfnum. Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan skal einnig taka til lána sem eru hærri en 150 000 evrur og eru með 12 mánaða lágmarksgildistíma, í tilvikum þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki, sem uppfylla viðmið um aðstoðarhæfi innan ramma COSME-áætlunarinnar, uppfylla ekki viðmið um aðstoðarhæfi samkvæmt þættinum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í lánsfjárfyrirgreiðslunni innan ramma Horizon 2020-áætlunarinnar. Ef farið er yfir þau viðmiðunarmörk er það á ábyrgð fjármálamilliliðanna að sýna fram á hvort lítið eða meðalstórt fyrirtæki sé aðstoðarhæft eða ekki samkvæmt þættinum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í lánsfjárfyrirgreiðslunni innan ramma Horizon 2020-áætlunarinnar.

7. Lánsábyrgðarfyrirgreiðslan skal vera þannig að mögulegt sé að gefa skýrslu um lítil og meðalstór fyrirtæki sem fá stuðning, bæði fjölda þeirra og umfang lána.

20. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið greiddar með óréttmætum hætti og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits, hjá öllum styrkþegum, verktökum, undirverktökum og öðrum þriðju aðilum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins samkvæmt reglugerð þessari.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013([13]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96([14]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari reglugerð.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([14]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

V. KAFLI

Nefndar- og lokaákvæði

21. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykka drögin að framkvæmdagerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

22. gr.

Framseldar gerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. um viðbætur við mælikvarðana, sem settir eru fram í viðaukanum, ef slíkir mælikvarðar gætu komið að gagni við að mæla hvernig miðar að ná almennum og sértækum markmiðum COSME-áætlunarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. um breytingar á tilteknum nánari atriðum varðandi fjármögnunarleiðirnar. Til þessara atriða teljast hluti fjárfestingar lánsábyrgðarfyrirgreiðslunnar í heildarfjárfestingum Sambandsins í áhættufjármagnssjóðum á upphafsstigi (e. early stage venture capital funds) og samsetning tryggðra lánasafna.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. um breytingar á leiðbeinandi fjárhæðunum, sem tilgreindar eru í 3. mgr. 5. gr., sem myndu hækka þær um sem næmi meira en 5% af virði fjárhagsrammans í hverju tilviki fyrir sig, ef nauðsynlegt reynist að fara yfir þau mörk.

23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 22. gr., á sjö ára tímabili sem hefst 23. desember 2013.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 22. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 22. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

24. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

1. Ákvörðun nr. 1639/2006/EB er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2014.

2. Þó stjórnast þær aðgerðir, sem hafnar voru samkvæmt ákvörðun nr. 1639/2006/EB, ásamt fjárskuldbindingum í tengslum við þessar aðgerðir, áfram af ákvæðum þeirrar ákvörðunar þar til þeim lýkur.

3. Fjárúthlutunin, sem um getur í 5. gr., getur einnig náð til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem eru nauðsynleg til að tryggja umskiptin milli COSME-áætlunarinnar og ráðstafana sem hafa verið gerðar samkvæmt ákvörðun nr. 1639/2006/EB.

25. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

V. LEŠKEVIČIUS

VIÐAUKI

MÆLIKVARÐAR FYRIR ALMENN OG SÉRTÆK MARKMIÐ OG TAKMÖRK

Almennt markmið:	1. Að styrkja samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja Sambandsins, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja	
A. Áhrifsmælikvarði ([1])	Núverandi staða	Langtímatakmark og áfangi (2020)
A.1. Frammistaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar sjálfbærni,	Verður mæld reglulega, t.d. með könnun á viðhorfum almennings í Evrópu (e. Eurobarometer survey)	Aukning á hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Sambandinu sem framleiða grænar, þ.e. umhverfisvænar, vörur ([2]) í samanburði við upphafsgildi (upphaflegt mat)
A.2. Breytingar á ónauðsynlegri stjórnunar- og reglugerðarbyrði á lítil og meðalstór fyrirtæki, jafnt ný sem þau sem fyrir eru ([3])	Fjöldi daga sem það tekur að stofna nýtt lítið eða meðalstórt fyrirtæki á árinu 2012: 5,4 virkir dagar	Merkjanleg fækkun daga sem það tekur að stofna nýtt lítið eða meðalstórt fyrirtæki
	Kostnaður við stofnun fyrirtækis á árinu 2012: 372 evrur	Merkjanleg lækkun meðalkostnaðar við stofnun fyrirtækis í Sambandinu í samanburði við upphafsgildi
	Fjöldi aðildarríkja þar sem það tekur mánuð að afla allra leyfa og heimilda (þ.m.t. umhverfisleyfa) til að hefja og stunda tiltekna starfsemi fyrirtækis: 2	Merkjanleg fjölgun aðildarríkja þar sem það tekur mánuð að afla allra leyfa og heimilda (þ.m.t. umhverfisleyfa) til að hefja og stunda tiltekna starfsemi fyrirtækis
	Fjöldi aðildarríkja sem bjóða afgreiðslu á einum stað fyrir stofnun fyrirtækja svo að frumkvöðlar geti innt af hendi öll formsatriði sem krafist er (t.d. varðandi skráningu, skatta, virðisaukaskatt og almannatryggingar) á einum stjórnsýslustað, hvort sem um er að ræða áþreifanlegan stað (skrifstofu), óáþreifanlegan (vefsíðu) eða hvoru tveggja, á árinu 2009: 18.	Merkjanleg fjölgun aðildarríkja sem bjóða afgreiðslu á einum stað fyrir stofnun fyrirtækja
A.3. Breytingar á hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem stunda útflutning innan Sambandsins eða utan þess	25% af litlum og meðalstórum fyrirtækjum stunda útflutning og 13% útflutning utan Sambandsins (2009)([4])	Aukning í hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem stunda útflutning og aukning í hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem stunda útflutning utan Sambandsins í samanburði við upphafsgildi

Almennt markmið:	2. Ýta undir frumkvöðlamenningu og hvetja til stofnunar og vaxtar lítilla og meðalstórra fyrirtækja	
Áhrifsmælikvarði	Núverandi staða	Langtímatakmark og áfangi (2020)
B.1. Breytingar á vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja	Árið 2010 sköpuðu lítil og meðalstór fyrirtæki meira en 58% af samanlögðu vergu vinnsluvirði Sambandsins	Aukning á framleiðslu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (vinnsluvirði) og starfsmannafjölda í samanburði við upphafsgildi
	Heildarstarfsmannafjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á árinu 2010: 87,5 milljónir (67% starfa í einkageiranum í Sambandinu)	
B.2. Breytingar á hlutfalli borgara Sambandsins sem myndi vilja vera sjálfstætt starfandi	Þessi tala er mæld á tveggja til þriggja ára fresti með könnun á viðhorfum almennings í Evrópu. Nýjasta tala sem fyrir liggur er 37% á árinu 2012 (45% á árinu 2007 og 2009)	Aukning í hlutfalli borgara Sambandsins sem myndi vilja vera sjálfstætt starfandi í samanburði við upphafsgildi

Sértækt markmið:		Að bæta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni í formi eigin fjár og lánsfjár	
C.	Fjármögnunarleiðir í þágu vaxtar	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
C.1.	Fjöldi fyrirtækja sem njóta góðs af lánsfjármögnun	Frá og með 31. desember 2012 höfðu 13,4 milljarðar evra verið virkjaðir til fjármögnunar, sem fóru til 219 000 lítilla og meðalstórra fyrirtækja (ábyrgðarkerfið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SMEG))	Virði fjármögnunar, sem virkjuð er, er á bilinu 14,3-21,5 milljarðar evra; fjöldi fyrirtækja sem fær fjármögnun sem nýtur góðs af ábyrgð innan ramma COSME-áætlunarinnar er á bilinu 220 000-330 000
C.2.	Fjöldi áhættufjármagnsfjárfestinga innan ramma COSME-áætlunarinnar og heildarumfang fjárfestinga	Frá og með 31. desember 2012 höfðu 2,3 milljarðar evra verið virkjaðir til áhættufjármögnunar, sem fóru til 289 lítilla og meðalstórra fyrirtækja (fyrirgreiðslukerfi fyrir lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti (GIF))	Heildarfjárhæð áhættufjármagnsfjárfestinga er á bilinu 2,6-3,9 milljarðar evra; fjöldi fyrirtækja sem fjárfest er í með áhættufjármagni innan ramma COSME-áætlunarinnar er á bilinu 360-540
C.3.	Vogunarhlutfall (e. leverage ratio)	Vogunarhlutfall fyrir ábyrgðarkerfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki 1:32 Vogunarhlutfall fyrir fyrirgreiðslukerfi fyrir lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti 1:6,7	Lánsfjárleið 1:20-1:30 Eiginfjárleið 1:4-1:6([5])
C.4.	Viðbótargildi (e. additionality) eiginfjárfyrirgreiðslunnar í þágu vaxtar og lánsábyrgðarfyrirgreiðslunnar	Viðbótargildi ábyrgðarkerfisins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SMEG): 64% endanlegra viðtakenda sagði stuðninginn hafa skipt sköpum við að finna nauðsynlega fjármögnun Viðbótargildi fyrirgreiðslukerfisins fyrir lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti 62 % endanlegra viðtakenda fyrirgreiðslukerfisins fyrir lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti sagði stuðninginn hafa skipt sköpum við að finna nauðsynlega fjármögnun	Aukning í hlutfalli endanlegra viðtakenda sem telja að eiginfjárfyrirgreiðslan til fjárfestingar í vexti eða lánsábyrgðarfyrirgreiðslan veiti fjármögnun sem ekki væri hægt að fá með öðrum hætti, í samanburði við upphafsgildi

Sértækt markmið:		Að bæta aðgang að mörkuðum, einkum innan Sambandsins en einnig á heimsvísu	
D.	Alþjóðlegt samstarf um iðnaðarsamvinnu	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
D.1.	Fjöldi tilvika bættrar samræmingar regluverks Sambandsins og þriðju landa um iðnaðarvörur	Talið er að í samvinnu við helstu viðskiptaaðila (Bandaríkin, Japan, Kína, Brasilíu, Rússland, Kanada og Indland) á sviði reglusetningar hafi umtalsverð samræming tæknireglugerða farið fram á að meðaltali 2 viðeigandi sviðum	Umtalsverð samræming tæknireglugerða við helstu viðskiptaaðila (Bandaríkin, Japan, Kína, Brasilíu, Rússland, Kanada og Indland) fari fram á 4 viðeigandi sviðum
E.	Enterprise Europe Network (EEN-netið)	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
E.1	Fjöldi undirritaðra samstarfssamninga	Undirritaðir samstarfssamningar: 2475 (2012)	Undirritaðir samstarfssamningar: 2500 á ári
E.2.	Viðurkenning lítilla og meðalstórra fyrirtækja á EEN-netinu	Viðurkenning lítilla og meðalstórra fyrirtækja á EEN-netinu verður mæld árið 2015	Aukning í viðurkenningu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á EEN-netinu, í samanburði við upphafsgildi
E.3.	Hlutfall ánægðra viðskiptavina (hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem lætur í ljósi ánægju, virðisauki sérstakrar þjónustu sem Enterprise Europe Network (EEN-netið) lætur í té)	Hlutfall ánægðra viðskiptavina (hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem lætur í ljósi ánægju, virðisauki sérstakrar þjónustu) 78%	Hlutfall ánægðra viðskiptavina (hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem lætur í ljósi ánægju, virðisauki sérstakrar þjónustu) > 82%
E.4	Fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fá stoðþjónustu	Fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fá stoðþjónustu: 435000 (2011)	Fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fá stoðþjónustu: 500 000 á ári

	2 milljónir lítilla og meðalstórra fyrirtækja á ári nota stafræna þjónustu	2,3 milljónir lítilla og meðalstórra fyrirtækja á ári nota stafræna þjónustu

Sértækt markmið:		Að bæta rammaskilyrði fyrir samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. í ferðaþjónustugeiranum
F.	Aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
F.1.	Fjöldi einföldunarráðstafana sem gerðar eru	5 einföldunarráðstafanir á ári (2010)	A.m.k. 7 einföldunarráðstafanir á ári
F.2.	Að reglurammi þjóni tilgangi sínum	Hæfisprófanir hafa verið gerðar síðan 2010. Eina viðeigandi hæfisprófunin til þessa er yfirstandandi tilraunaverkefni varðandi „gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja“	Allt að 5 hæfisprófanir verði gerðar á gildistíma COSME-áætlunarinnar
F.3.	Fjöldi aðildarríkja sem notar samkeppnishæfniprófið (e. competitiveness proofing test)	Fjöldi aðildarríkja sem notar samkeppnishæfniprófið: 0	Merkjanleg fjölgun aðildarríkja sem notar samkeppnishæfniprófið
F.4.	Aðgerðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja til auðlindanýtni (geta varðað orku, efni eða vatn, endurnýtingu o.s.frv.)	Verða mældar reglulega, t.d. með könnun á viðhorfum almennings í Evrópu	Aukning í hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Sambandinu sem framkvæma a.m.k. eina aðgerð til aukinnar auðlindanýtni (getur varðað orku, efni eða vatn, endurvinnslu o.s.frv.) í samanburði við upphafsgildi (upphaflegt mat) Aukning í hlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Sambandinu sem hyggja á frekari aðgerðir til aukinnar auðlindanýtni (geta varðað orku, efni eða vatn, endurvinnslu o.s.frv.) annað hvert ár í samanburði við upphafsgildi (upphaflegt mat)
G.	Mótun stefnu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
G.1.	Fjöldi aðildarríkja sem notar prófunina varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki	Fjöldi aðildarríkja sem notar prófunina varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki: 15	Merkjanleg fjölgun aðildarríkja sem notar prófunina varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki

Sértækt markmið:		Að bæta rammaskilyrði fyrir samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. í ferðaþjónustugeiranum
H.	Ferðaþjónusta	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
H.1.	Þátttaka í samstarfsverkefnum milli landa	Hvert verkefni náði til þriggja landa árið 2011	Fjölgun aðildarríkja sem taka þátt í samstarfsverkefnum milli landa sem fjármögnuð eru af COSME-áætluninni í samanburði við upphafsgildi
H.2.	Fjöldi áfangastaða sem taka upp þróunarlíkön fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu sem Afburðagóðir áfangastaðir í Evrópu (e. European Destinations of Excellence) mæla með	Heildarfjöldi áfangastaða sem fengið höfðu tilnefninguna gæðaáfangastaður í Evrópu: 98 (að meðaltali 20 á ári – 10 árið 2007, 20 árið 2008, 22 árið 2009, 25 árið 2010 og 21 árið 2011)	Að fleiri en 200 áfangastaðir taki upp þróunarlíkön fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu sem Gæðaáfangastaðir í Evrópu (e. European Destinations of Excellence) mæla með (u.þ.b. 20 á ári)
I.	Nýjar viðskiptahugmyndir	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
I.1.	Fjöldi nýrra framleiðsluvara/þjónustu á markaðnum	Verður mældur reglulega (Hingað til hefur þessi starfsemi takmarkast við greiningarvinnu í takmörkuðum mæli)	Aukning í samanlögðum fjölda nýrra framleiðsluvara/þjónustu í samanburði við upphafsgildi (upphaflegt mat)

Sértækt markmið:	Að hvetja til frumkvöðlastarfsemi og frumkvöðlamenningar

J.	Stuðningur við frumkvöðlastarfsemi	Nýjustu þekktu niðurstöður (upphafsgildi)	Langtímatakmark (2020)
J.1.	Fjöldi aðildarríkja sem hafa innleitt lausnir fyrir frumkvöðla á grundvelli þeirra góðu starfsvenja, sem staðfestar hafa verið í gegnum áætlunina	Fjöldi aðildarríkja sem hafa innleitt lausnir fyrir frumkvöðla: 22 (2010)	Merkjanleg fjölgun aðildarríkja sem hafa innleitt lausnir fyrir frumkvöðla
J.2.	Fjöldi aðildarríkja sem hafa innleitt lausnir fyrir frumkvöðla sem beinast að hugsanlegum, nýjum og ungum frumkvöðlum og kvenfrumkvöðlum, auk annarra tiltekinna markhópa	Sem stendur taka 12 aðildarríki þátt í Evrópuneti leiðbeinenda kvenfrumkvöðla (e. European Network of Mentors for Women Entrepreneurs) Sem stendur hafa 6 aðildarríki og 2 svæði ákveðna stefnu varðandi frumkvöðlamennt, 10 aðildarríki hafa sett landsmarkmið tengd frumkvöðlamennt inn í víðtækari ævinámsstefnu og í 8 aðildarríkjum eru uppi umræður um stefnur varðandi frumkvöðla	Merkjanleg fjölgun aðildarríkja sem innleiða lausnir fyrir frumkvöðla sem beinast að hugsanlegum, nýjum og ungum frumkvöðlum og kvenfrumkvöðlum, auk annarra tiltekinna markhópa, í samanburði við upphafsgildi

([1]) Þessir mælikvarðar vísa til þróunar í málaflokknum fyrirtækja- og iðnaðarstefna Framkvæmdastjórnin sjálf ber ekki ein ábyrgð á að takmörkin náist. Ýmsir aðrir þættir, sem hún ræður ekki, hafa einnig áhrif á niðurstöður á þessu sviði.

([2]) Mikilvægasti þátturinn í grænum framleiðsluvörum og þjónustu er að þau draga úr umhverfisáhættu og lágmarka mengun og notkun auðlinda. Til þeirra teljast einnig vörur með umhverfistilvísanir (visthannaðar, umhverfismerktar, lífrænt framleiddar og sem innihalda að verulegu leyti endurunnið efni). Heimild: Skyndikönnun á viðhorfum almennings í Evrópu 342, „Lítil og meðalstór fyrirtæki, auðlindanýtni og grænir markaðir“.

([3]) Í niðurstöðum ráðsins frá 31. maí 2011 var að finna hvatningu til aðildarríkjanna, eftir því sem við á, um að stytta þann tíma sem það tekur að stofna ný fyrirtæki niður í þrjá virka daga og minnka kostnaðinn niður í 100 evrur eigi síðar en árið 2012, og jafnframt stytta tímann sem það tekur að afla allra leyfa og heimilda til að hefja og stunda tiltekna starfsemi fyrirtækis niður í þrjá mánuði fyrir lok ársins 2013.

([4]) „Internationalisation of European SMEs“, EIM, 2010, http://ec.europa.eu/enterprise/policies/sme/market-access/files/internationalisation_ of_european_smes_final_en.pdf

([5]) 1 evra af fjárlögum Sambandsins skilar 20-30 evrum í fjármögnun og 4-6 evrum í hlutafjárframlag á gildistíma COSME-áætlunarinnar.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 517/2013 **2014/EES/73/03**

frá 13. maí 2013

um aðlögun tiltekinna reglugerða og ákvarðana á sviði frjálsra vöruflutninga, frjálsrar farar fólks, félagaréttar, stefnu í samkeppnismálum, landbúnaðar, matvælaöryggis, stefnu er varðar heilbrigði dýra og plantna, stefnu í flutningamálum, orku, skattlagningar, hagskýrslna, samevrópskra netkerfa, dómsmála og grundvallarréttinda, réttvísi, frelsis og öryggis, umhverfis, tollabandalags, samskipta við önnur ríki, stefnu í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum, og stofnana vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, og þær fullgerðar og uppfærðar, þar sem þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ætti að breyta reglugerðum og ákvörðunum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Eftirfarandi reglugerðum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð:

a) Á sviði frjálsra vöruflutninga:

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), og um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([1]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([2]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda ([3]) og

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara ([4]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1.

b) Á sviði frjálsrar farar fólks:

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([5]).

c) Á sviði félagaréttar:

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) ([6]).

d) Á sviði stefnu í samkeppnismálum:

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans ([7]).

e) Á sviði landbúnaðar:

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara ([8]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([9]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 73/2009 frá 19. janúar 2009 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi fyrir bændur samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur ([10]) og

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1217/2009 frá 30. nóvember 2009 um að koma upp kerfi til söfnunar bókhaldsgagna um tekjur og rekstur bújarða í Evrópubandalaginu ([11]).

f) Á sviði matvælaöryggis og stefnu er varðar heilbrigði dýra og plantna:

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða ([12]),

– reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([13]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis ([14]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum ([15]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita ([16]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([17]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([18]) og

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([19]).

g) Á sviði stefnu í flutningamálum:

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1192/69 frá 26. júní 1969 um sameiginlegar reglur til stöðlunar á reikningum járnbrautafyrirtækja ([20]),

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 frá 4. júní 1970 um að koma á bókhaldsyfirliti yfir útgjöld vegna samgöngumannvirkja til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ([21]),

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([22]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21 október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum ([23]),

([5]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 294, 10.11.2004, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 189, 20.07.2007, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.
([10]) Stjtíð. ESB L 30, 31.1.2009, bls. 16.
([11]) Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 27.
([12]) Stjtíð. ESB L 204, 11.8.2009, bls. 1.
([13]) Stjtíð. ESB L 147, 31.5.2009, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.
([15]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.
([16]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.
([17]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.
([18]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.
([19]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.
([20]) Stjtíð. EB L 156, 28.6.1969, bls. 8.
([21]) Stjtíð. EB L 130, 15.6.1970, bls. 4.
([22]) Stjtíð. ESB L 370, 31.12.1985, bls. 8.
([23]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa ([24]) og

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa ([25]).

h) Á sviði skattlagningar:

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 904/2010 frá 7. október 2010 um samvinnu á sviði stjórnsýslu og baráttu gegn svikum á sviði virðisaukaskatts ([26]) og

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 389/2012 frá 2. maí 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu að því er varðar vörugjöld ([27]).

i) Á sviði hagskýrslna:

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána ([28]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu ([29]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2002 frá 10. júní 2002 um ársfjórðungsleg reikningsskil opinberra yfirvalda sem ekki eru fjárhagsleg ([30]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 frá 27. febrúar 2003 um hagskýrslur að því er varðar farþega-, vöru- og póstflutninga í lofti ([31]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([32]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ([33]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 501/2004 frá 10. mars 2004 um ársfjórðungslega fjárhagsreikninga opinberra yfirvalda ([34]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1222/2004 frá 28. júní 2004 um samantekt og afhendingu gagna um ársfjórðungslegar skuldir ríkisins ([35]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1161/2005 frá 6. júlí 2005 um ársfjórðungslega samantekt á ófjárhagslegum reikningum eftir haggeirum ([36]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1921/2006 frá 18. desember 2006 um framlagningu hagskýrslu gagna um löndun fiskafurða í aðildarríkjunum ([37]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 frá 20. júní 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaga ([38]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([39]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur ([40]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 217/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur og fiskveiðiskýrslur ([41]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 218/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur ([42]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 frá 13. desember 2011 um evrópskar hagskýrslur um fjölærar nytjaplöntur ([43]) og

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 70/2012 frá 18. janúar 2012 um hagskýrslur að því er varðar veruflutninga á vegum ([44]).

([24]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.
([25]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.
([26]) Stjtíð. ESB L 268, 12.10.2010, bls. 1.
([27]) Stjtíð. ESB L 121, 8.5.2012, bls. 1.
([28]) Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1.
([29]) Stjtíð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.
([30]) Stjtíð. EB L 179, 9.7.2002, bls. 1.
([31]) Stjtíð. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 1.
([32]) Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1.
([33]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.
([34]) Stjtíð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 1.
([35]) Stjtíð. ESB L 233, 2.7.2004, bls. 1.
([36]) Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 22.
([37]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 1.
([38]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 17.
([39]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.
([40]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 1.
([41]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 42.
([42]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 70.
([43]) Stjtíð. ESB L 347, 30.12.2011, bls. 7.
([44]) Stjtíð. ESB L 32, 3.2.2012, bls. 1.

j) Á sviði dómsmála og grundvallarréttinda:

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 211/2011 frá 16. febrúar 2011 um borgaralegt frumkvæði ([45]).

k) Á sviði dóms-, frelsis- og öryggismála:

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1683/95 frá 29. maí 1995 um fyrirmynd að samræmdum vegabréfsáritunum ([46]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1346/2000 frá 29. maí 2000 um gjaldþrotaskipti ([47]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum ([48]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 539/2001 frá 15. mars 2001 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð ([49]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1896/2006 frá 12. desember 2006 um að koma á evrópskum reglum um greiðslufyrirmæli ([50]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 861/2007 frá 11. júlí 2007 um að koma á evrópskri málsmeðferð fyrir lágar kröfur ([51]),

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1393/2007 frá 13. nóvember 2007 um birtingu á réttarskjölum og utanréttarskjölum í aðildarríkjunum í einkamálum og viðskiptamálum (birting skjala) ([52]) og

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 4/2009 frá 18. desember um dómsvald, gildandi lög, viðurkenningu og fullnustu ákvarðana og samstarf í málum sem varða framfærsluskyldu ([53]).

l) Á sviði umhverfismála:

– reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ([54]).

m) Á sviði tollabandalags:

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollalög Bandalagsins ([55]) og

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1528/2007 frá 20. desember 2007 um beitingu tilhögunar fyrir vörur sem eru upprunnar í vissum ríkjum í Afríku, Karabíahafinu og Kyrrahafinu, sem tilheyra AKK-ríkjunum, sem kveðið er á um í samningum sem koma á eða leiða til gerðar samninga um efnahagslega samvinnu ([56]).

n) Á sviði samskipta við önnur ríki:

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3030/93 frá 12. október 1993 um sameiginlegar reglur um innflutning á tilteknum textílvörum frá þriðju löndum ([57]),

– reglugerð ráðsins (EBE) nr. 517/94 frá 7. mars 1994 um sameiginlegar reglur um innflutning á textílvörum frá tilteknum þriðju löndum sem falla ekki undir tvíhliða samninga, bókanir eða annað fyrirkomulag eða aðrar sértækar innflutningsreglur Bandalagsins ([58]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002 frá 20. desember 2002 um framkvæmd á vottunarkerfi Kimberley-ferlisins vegna alþjóðaviðskipta með óslípaða demanta ([59]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1236/2005 frá 27. júní 2005 um viðskipti með tilteknar vörur sem unnt er að nota til aftöku, pyntinga eða annarrar grimmdarlegrar, ómannúðlegrar eða niðurlægjandi meðferðar eða refsingar ([60]) og

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1215/2009 frá 30. nóvember 2009 um sérstakar viðskiptalegar ráðstafanir fyrir lönd og yfirráðasvæði sem taka þátt í eða eru tengd ferli Evrópusambandsins um aukinn stöðugleika og samstarf ([61]).

o) Á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála:

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 2488/2000 frá 10. nóvember 2000 um að viðhalda frystingu fjármuna í tengslum við hr. Milosevic og þá aðila sem tengjast honum ([62]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í þeim tilgangi að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi ([63]),

([45]) Stjtíð. ESB L 65, 11.3.2011, bls. 1.
([46]) Stjtíð. EB L 164, 14.7.1995, bls. 1.
([47]) Stjtíð. ESB L 160, 30.6.2009, bls. 1.
([48]) Stjtíð. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1.
([49]) Stjtíð. EB L 81, 21.3.2004, bls. 1.
([50]) Stjtíð. ESB L 399, 30.12.2006, bls. 1.
([51]) Stjtíð. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 1.
([52]) Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 79.
([53]) Stjtíð. ESB L 7, 10.1.2009, bls. 1.
([54]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.
([55]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.
([56]) Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2007, bls. 1.
([57]) Stjtíð. EB L 275, 8.11.1993, bls. 1.
([58]) Stjtíð. EB L 67, 10.3.1994, bls. 1.
([59]) Stjtíð. ESB L 358, 31.12.2002, bls. 28.
([60]) Stjtíð. ESB L 200, 30.7.2005, bls. 1.
([61]) Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 1.
([62]) Stjtíð. ESB L 287, 14.11.2009, bls. 19.
([63]) Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70.

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tilteknar, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Al-Qaida-samtökunum ([64]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 147/2003 frá 27. janúar 2003 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Sómalíu ([65]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 frá 7. júlí 2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum samskiptum við Írak ([66]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 131/2004 frá 26. janúar 2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Súdan og Suður-Súdan ([67]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 234/2004 frá 10. febrúar 2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Líberíu ([68]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 frá 19. febrúar 2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Simbabve ([69]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 872/2004 frá 29. apríl 2004 um frekari þvingunaraðgerðir varðandi Líberíu ([70]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 frá 31. janúar 2005 um takmarkanir á aðstoð við Fílabeinsströndina sem tengist herstarfsemi ([71]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 frá 12. apríl 2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Fílabeinsströndinni ([72]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 889/2005 frá 13. júní 2005 um tilteknar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó ([73]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó ([74]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1184/2005 frá 18. júlí 2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum aðilum sem torvelda friðarferlið og brjóta alþjóðleg lög í átökunum í Darfúrhéraði í Súdan ([75]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 305/2006 frá 21. febrúar 2006 um að leggja á tilteknar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum aðilum sem eru grunaðir um aðild að morðinu á Rafiq Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanon ([76]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús ([77]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 1412/2006 frá 25. september 2006 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Líbanon ([78]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 frá 27. mars 2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu ([79]),

– reglugerð ráðsins (EB) nr. 194/2008 frá 25. febrúar 2008 um að endurnýja og efla þvingunaraðgerðir vegna Búrma/Mýanmar ([80]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1284/2009 frá 22. desember 2009 um sérstakar þvingunarráðstafanir gagnvart Lýðveldinu Gíneu ([81]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 356/2010 frá 26. apríl 2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu ([82]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 667/2010 frá 26. júlí 2010 um tilteknar takmarkandi ráðstafanir að því er varðar Erítreu ([83]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 101/2011 frá 4. febrúar 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Túnis ([84]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 204/2011 frá 2. mars 2011 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Líbíu ([85]),

([64]) Stjtíð. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9.
([65]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2003, bls. 2.
([66]) Stjtíð. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 6.
([67]) Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 1.
([68]) Stjtíð. ESB L 40, 12.2.2004, bls. 1.
([69]) Stjtíð. ESB L 55, 24.2.2004, bls. 1.
([70]) Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 32.
([71]) Stjtíð. ESB L 29, 2.2.2005, bls. 5.
([72]) Stjtíð. ESB L 95, 14.4.2005, bls. 1.
([73]) Stjtíð. ESB L 152, 15.6.2005, bls. 1.
([74]) Stjtíð. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1.
([75]) Stjtíð. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 9.
([76]) Stjtíð. ESB L 51, 22.2.2006, bls. 1.
([77]) Stjtíð. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1.
([78]) Stjtíð. ESB L 267, 27.9.2006, bls. 2.
([79]) Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 1.
([80]) Stjtíð. ESB L 66, 10.3.2008, bls. 1.
([81]) Stjtíð. ESB L 346, 23.12.2009, bls. 26.
([82]) Stjtíð. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 1.
([83]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 16.
([84]) Stjtíð. ESB L 31, 5.2.2011, bls. 1.
([85]) Stjtíð. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 1.

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 270/2011 frá 21. mars 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Egyptalandi ([86]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 359/2011 frá 12. apríl 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran ([87]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2011 frá 1. ágúst 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan ([88]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi ([89]),

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran ([90]) og

– reglugerð ráðsins (ESB) nr. 377/2012 frá 3. maí 2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá ([91]).

p) Á sviði stofnana:

– reglugerð ráðsins nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu ([92]) og

– reglugerð ráðsins nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Kjarnorkubandalagi Evrópu ([93]).

2. Eftirfarandi ákvörðunum er breytt eða þær felldar niður í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð:

a) á sviði matvælaöryggis og stefnu er varðar heilbrigði dýra og plantna:

– ákvörðun ráðsins 2003/17/EB frá 16. desember 2002 um jafngildi akurskoðana sem gerðar eru í þriðju löndum í frærækt og jafngildi fræs sem framleitt er í þriðju löndum ([94]),

– ákvörðun ráðsins 2005/834/EB frá 8. nóvember 2005 um jafngildi eftirlits í tilteknum þriðju löndum með starfsvenjum við viðhald yrkja ([95]),

– ákvörðun ráðsins 2006/545/EB frá 18. júlí 2006 um jafngildi opinberar athugunar yrkja sem fer fram í Króatíu ([96]),

– ákvörðun ráðsins 2008/971/EB frá 16. desember 2008 um jafngildi fjölgunarefnis í skógrækt sem er framleitt í þriðju löndum ([97]) og

– ákvörðun ráðsins 2009/470/EB frá 25. maí 2009 um útgjöld á sviði sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða ([98]).

b) Á sviði stefnu í flutningamálum:

– ákvörðun 2012/22/ESB frá 12. desember 2011 um aðild Evrópusambandsins að bókuninni frá 2002 við Aþenusamninginn um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974, að 10 og 11 gr. undanskildum ([99]) og

– ákvörðun ráðsins 2012/23/ESB frá 12. desember 2011 um aðild Evrópusambandsins að bókuninni frá 2002 við Aþenusamninginn um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974, að því er varðar 10 og 11 gr. hennar ([100]).

c) Á sviði orkumála:

– ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1364/2006/EB frá 6. september 2006 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk orkunet ([101]) og

– ákvörðun ráðsins 2008/114/EB um gerð samþykkta fyrir Birgðastofnun Kjarnorkubandalags Evrópu ([102]).

d) Á sviði samevrópskra neta:

– ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB frá 7. júlí 2010 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins ([103]).

e) Á sviði dómsmála og grundvallarréttinda:

– ákvörðun fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna 94/409/SSUÖ, sem komu saman á vegum ráðsins 25. júní 1996, um að koma á neyðarferðaskilríki ([104]).

f) Á sviði dóms-, frelsis- og öryggismála:

– ákvörðun framkvæmdanefndarinnar frá 22. desember 1994 um vottorðið, sem um getur í 75. gr., um að handhafi megi hafa með sér lyf og/eða geðvirk efni (SCH/Com-ex (94) 28, endursk.) ([105]).

([86]) Stjtíð. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 4.
([87]) Stjtíð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 1.
([88]) Stjtíð. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 1.
([89]) Stjtíð. ESB L 16, 19.1.2012, bls. 1.
([90]) Stjtíð. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1.
([91]) Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 1.
([92]) Stjtíð. EB L 17, 6.10.1958, bls. 385/58.
([93]) Stjtíð. EB L 17, 6.10.1958, bls. 401/58.
([94]) Stjtíð. EB L 8, 14.1.2003, bls. 10.
([95]) Stjtíð. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 51.
([96]) Stjtíð. ESB L 215, 5.8.2006, bls. 28.
([97]) Stjtíð. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 83.
([98]) Stjtíð. ESB L 155, 18.6.2009, bls. 30.
([99]) Stjtíð. ESB L 8, 12.1.2012, bls. 1.
([100]) Stjtíð. ESB L 8, 12.1.2012, bls. 13.
([101]) Stjtíð. ESB L 262, 22.9.2006, bls. 1.
([102]) Stjtíð. ESB L 41, 15.2.2008, bls. 15.
([103]) Stjtíð. ESB L 204, 5.8.2010, bls. 1.
([104]) Stjtíð. EB L 168, 6.7.1996, bls. 4.
([105]) Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 463.

g) Á sviði umhverfismála:

– ákvörðun ráðsins 97/602/EB frá 22. júlí 1997 varðandi skrána sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3254/91 og í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 35/97 ([106]).

h) Á sviði tollabandalags:

– ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópubandalagið („Ákvörðunin um tengsl handan hafsins“) ([107]).

i) Á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála:

– ákvörðun ráðsins 2011/292/ESB frá 31. mars 2011 um öryggisreglur til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins ([108]).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

S. COVENEY

([106]) Stjtíð. EB L 242, 4.9.1997, bls. 64.
([107]) Stjtíð. EB L 314, 30.11.2001, bls. 1.
([108]) Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 17.

VIÐAUKI

1. FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

A. VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009 bætist eftirfarandi við lið 1.1:

„— 25 fyrir Króatíu.“

B. FLOKKUN, MERKING OG PÖKKUN - EFNI OG BLÖNDUR

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. hluta III. viðauka:

a) Töflu 1.1 er breytt sem hér segir:

Kóði H200: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Nestabilni eksplozivi“

Kóði H201: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Eksplozivno; opasnost od eksplozije ogromnih razmjera.“

Kóði H202: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Eksplozivno; velika opasnost od rasprskavanja.“

Kóði H203: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Eksplozivno; opasnost od vatre, udarnog vala ili rasprskavanja.“

Kóði H204: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Eksplozivno; opasnost od vatre ili rasprskavanja.“

Kóði H205: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	U vatri može izazvati eksploziju ogromnih razmjera.“

Kóði H220: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Vrlo lako zapaljivi plin.“

Kóði H221: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zapaljivi plin.“

Kóði H222: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Vrlo lako zapaljivi aerosol.“

Kóði H223: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zapaljivi aerosol.“

Kóði H224: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Vrlo lako zapaljiva tekućina i para.“

Kóði H225: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Lako zapaljiva tekućina i para.“

Kóði H226: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zapaljiva tekućina i para.“

Kóði H228: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zapaljiva krutina.“

Kóði H240: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zagrijavanje može uzrokovati eksploziju.“

Kóði H241: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zagrijavanje može uzrokovati požar ili eksploziju.“

Kóði H242: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Zagrijavanje može uzrokovati požar.“

Kóði H250: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

	‘HR	Samozapaljivo u dodiru sa zrakom.“

Kóði H251: eftirfarandi bætist við á eftir færslunni varðandi GA:

4.2. Gerðarviðurkenningar samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49. röð breytinga nr. 05, sem eru í samræmi við áfanga B2 eða C sem kveðið er á um í lið 5.2 í þeirri reglugerð.

4.3. Viðurkenningar í áfanga L, M, N og P í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, samkvæmt lið 5.2.1 í röð breytinga nr. 03 í reglugerð nr. 96.

5. Fyrir hreyfilflokka Q og R (IV. áfangi) eins og þeir eru skilgreindir í 3. mgr. d í 9. gr. teljast eftirfarandi gerðarviðurkenningar og, ef við á, tilheyrandi viðurkenningarmerki vera jafngild viðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun:

5.1. Gerðarviðurkenningar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og framkvæmdarráðstafanir hennar, ef tækniþjónusta staðfestir að sá hreyfill uppfylli kröfur liðar 8.5 í I. viðauka við þessa tilskipun.

5.2. Gerðarviðurkenningar samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, röð breytinga 06, ef tækniþjónusta staðfestir að sá hreyfill uppfylli kröfur liðar 8.5 í I. viðauka við þessa tilskipun.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/50/ESB **2014/EES/73/08**

frá 16. apríl 2014

um lágmarkskröfur varðandi aukinn hreyfanleika launafólks á milli aðildarríkja með því að bæta möguleika á öflun og viðhaldi viðbótarlífeyrisréttinda (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frjáls för fólks telst til grundvallarréttinda í Sambandinu. Í 46. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að Evrópuþingið og ráðið skuli, í samræmi við almennu lagasetningarmeðferðina og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins, gefa út tilskipanir þar sem settar eru fram nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á frjálsri för launafólks eins og mælt er fyrir um í 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að í frjálsri för launafólks felist m.a. rétturinn til að taka tilboði um atvinnu og ferðast frjáls innan yfirráðasvæðis aðildarríkja í þeim tilgangi. Í þessari tilskipun er miðað að því að stuðla að hreyfanleika launafólks með því að draga úr hindrunum í vegi hreyfanleika sem leiðir af vissum reglum um viðbótarlífeyriskerfi er tengjast ráðningarsambandi.

2) Félagsleg vernd launafólks með tilliti til lífeyris er tryggð með lögboðnum almannatryggingakerfum, ásamt viðbótarlífeyriskerfum sem tengjast ráðningarsamningi sem verða sífellt algengari í aðildarríkjunum.

3) Evrópuþingið og ráðið hafa víðtækar valdheimildir til að ákvarða val á ráðstöfunum sem best eiga við til að ná markmiði 46. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Samræmingarkerfið, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ([3]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ([4]) og, einkum, reglurnar um uppsöfnun varða ekki viðbótarlífeyriskerfi önnur en þau kerfi sem eru skilgreind sem löggjöf í þessum reglugerðum eða fjallað hefur verið um í yfirlýsingu aðildarríkis þar að lútandi samkvæmt þessum reglugerðum.

4) Í tilskipun ráðsins 98/49/EB ([5]) er að finna sértæka upphafsráðstöfun sem miðar að því að bæta nýtingu réttarins til frjálsrar farar launafólks með hliðsjón af viðbótarlífeyriskerfum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 185, 8.8.2006, bls. 37.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 20. júní 2007 (Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 216) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 17. febrúar 2014 (Stjtíð. ESB C 77 E, 15.3.2014, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

([5]) Tilskipun ráðsins 98/49/EB frá 29. júní 1998 um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 209, 25.7.1998, bls. 46).

5) Markmið þessarar tilskipunar er að greiða enn frekar fyrir hreyfanleika launafólks á milli aðildarríkja með því að bæta möguleika á öflun og viðhaldi viðbótarlífeyrisréttinda sjóðfélaga þessara viðbótarlífeyriskerfa.

6) Þessi tilskipun á ekki við um öflun og viðhald viðbótarlífeyrisréttinda launafólks sem færir sig til innan eins og sama aðildarríkisins. Aðildarríki geta metið hvort þau kjósa að nýta sér innlendar valdheimildir sínar til að víkka þær reglur, sem gilda samkvæmt þessari tilskipun, út til sjóðfélaga sem skipta um starf innan eins og sama aðildarríkisins.

7) Aðildarríki getur farið fram á að fráfarandi launþegar sem flytja til annars aðildarríkis tilkynni slíkt til viðbótarlífeyriskerfa sinna.

8) Hafa ætti hliðsjón af sérkennum og sérstöku eðli viðbótarlífeyriskerfa og á hvern hátt þau eru mismunandi innan og milli aðildarríkjanna. Þegar nýjum kerfum er komið á ætti að vernda sjálfbærni fyrirliggjandi kerfa og væntingar og réttindi núverandi sjóðfélaga í lífeyriskerfinu með fullnægjandi hætti. Með þessari tilskipun ætti einnig að taka sérstakt tillit til hlutverks aðila vinnumarkaðarins við gerð og framkvæmd viðbótarlífeyriskerfa.

9) Þessi tilskipun dregur ekki í efa rétt aðildarríkja til að skipuleggja sín eigin lífeyriskerfi. Aðildarríkin bera áfram fulla ábyrgð á skipulagningu slíkra kerfa og þegar þessi tilskipun er leidd í landslög ber þeim engin skylda til að setja löggjöf um að koma á viðbótarlífeyriskerfum.

10) Þessi tilskipun takmarkar ekki sjálfræði aðila vinnumarkaðarins í þeim tilvikum þegar þeir bera ábyrgð á að koma á og stýra lífeyriskerfum enda geti þeir tryggt þann árangur sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

11) Þessi tilskipun ætti að gilda um öll viðbótarlífeyriskerfi, sem er komið á samkvæmt landslögum og -venju, sem bjóða launafólki viðbótarlífeyri, s.s. hóptryggingasamninga, gegnumstreymiskerfi sem ein eða fleiri atvinnugrein eða -geiri samþykkja, fjármögnuð kerfi eða lífeyrisloforð með stuðningi bókfærðra varasjóða eða annað sameiginlegt eða sambærilegt fyrirkomulag.

12) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um viðbótarlífeyriskerfi eða, þar sem við á, undirdeildir slíkra kerfa sem hefur verið lokað þannig að ekki er tekið við nýjum sjóðfélögum þar sem innleiðing nýrra reglna kynni að leggja ósanngjarnar byrðar á slík kerfi.

13) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á fyrirkomulag varðandi ábyrgðir við gjaldþrot eða bótafyrirkomulag sem eru ekki hluti af viðbótarlífeyriskerfi er tengist ráðningarsambandi og miðar að því að vernda lífeyrisréttindi launafólks við gjaldþrot fyrirtækis eða lífeyriskerfis. Á sama hátt ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á lífeyrisvarasjóði aðildarríkja.

14) Þessi tilskipun ætti einungis að gilda um viðbótarlífeyriskerfi þar sem réttindi byggjast á ráðningarsambandi og tengist því að ná eftirlaunaaldri eða fullnægja öðrum kröfum eins og mælt er fyrir um í því kerfi eða landslöggjöf. Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um einstaklingsbundið lífeyrisfyrirkomulag, annað en það sem er gert á grundvelli ráðningarsambands. Þegar örorku- eða eftirlifendabætur tengjast viðbótarlífeyriskerfum geta sérreglur átt við um réttindi til slíkra bóta. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á gildandi landslög og reglur viðbótarlífeyriskerfa um slíkar sérreglur.

15) Ekki ætti að líta á eingreiðslu, sem er ótengd iðgjöldum vegna viðbótareftirlaunalífeyris, sem er greidd beint eða óbeint við lok ráðningarsambands og vinnuveitandi fjármagnar einn, sem viðbótarlífeyri í skilningi þessarar tilskipunar.

16) Þar sem vægi viðbótareftirlaunalífeyris eykst jafnt og þétt í mörgum aðildarríkjum við að tryggja lífskjör fólks á efri árum ætti að bæta möguleika á öflun og viðhaldi lífeyrisréttinda til þess að draga úr hindrunum í vegi frjálsrar farar launafólks á milli aðildarríkja.

17) Sú staðreynd að lífeyrisréttindi kunna að glatast í sumum viðbótarlífeyriskerfum ef ráðningarsambandi launþega lýkur áður en hann eða hún hefur lokið lágmarksaðildartímabili í kerfinu („ávinnslutímabili“) eða áður en hann eða hún nær lágmarksaldri („ávinnslualdri“) kann að koma í veg fyrir að launafólk, sem flyst á milli aðildarríkja, öðlist fullnægjandi lífeyrisréttindi. Krafan um langan biðtíma áður en launþegi getur orðið sjóðfélagi í lífeyriskerfi kann að hafa sambærileg áhrif. Af þeim sökum teljast slík skilyrði hindranir í vegi frjálsrar farar launafólks. Á hinn bóginn teljast kröfur um lágmarksaldur við sjóðsaðild ekki vera hindrun í vegi frjálsrar farar og eru því ekki umfjöllunarefni þessarar tilskipunar.

18) Ekki ætti að líkja ávinnslukröfum við önnur skilyrði sem mælt er fyrir um vegna öflunar réttinda til lífeyrisgreiðslna og sett eru með hliðsjón af útgreiðsluferlinu samkvæmt landslögum eða reglum um tiltekin viðbótarlífeyriskerfi, einkum í kerfum ákvarðaðra iðgjalda. Þannig telst, svo dæmi sé tekið, tímabil virkrar sjóðsaðildar sem sjóðfélagi þarf að ljúka eftir að hafa öðlast réttindi til viðbótarlífeyris til þess að sækja um lífeyri í formi lífeyrisgreiðslna eða peningagreiðslu, ekki vera ávinnslutímabil.

19) Ef ráðningarsambandi lýkur áður en fráfarandi launþegi hefur safnað áunnum lífeyrisréttindum og þegar kerfi eða vinnuveitandi ber fjárfestingaráhættuna, einkum í skilgreindum bótakerfum, ætti kerfið alltaf að endurgreiða lífeyrisiðgjöld þessa fráfarandi launþega. Ef ráðningarsambandi lýkur áður en fráfarandi launþegi hefur safnað áunnum lífeyrisréttindum og hann ber sjálfur fjárfestingaráhættuna, einkum í kerfum ákvarðaðra iðgjalda, getur kerfið endurgreitt virði þeirra fjárfestinga sem leiðir af þessum iðgjöldum. Virðið kann að vera hærra eða lægra en þau iðgjöld sem fráfarandi launþegi hefur greitt. Að öðrum kosti getur kerfið endurgreitt fjárhæð iðgjaldanna.

20) Fráfarandi launþegar ættu að hafa rétt til að skilja áunnin lífeyrisréttindi sín eftir sem óvirk lífeyrisréttindi í því viðbótarlífeyriskerfi þar sem réttindi þeirra liggja. Líta má á verndarstig sem sambærilegt, að því er varðar viðhald óvirkra lífeyrisréttinda þegar fráfarandi launþegar fá möguleika, einkum í tengslum við kerfi ákvarðaðra iðgjalda, á að láta færa virði áunninna lífeyrisréttinda sinna yfir í viðbótarlífeyriskerfi sem uppfyllir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

21) Gera ætti ráðstafanir í samræmi við landslög og -venju til þess að tryggja viðhald óvirkra lífeyrisréttinda eða virði þeirra. Staðfesta ætti virði þessara réttinda, þegar sjóðfélagarnir hætta í kerfinu, í samræmi við landslög og -venju. Ef virði þessara réttinda er aðlagað ætti að taka tillit til sérstaks eðlis kerfisins, hagsmuna óvirkra sjóðfélaga, hagsmuna eftirsitjandi virkra sjóðfélaga og hagsmuna lífeyrisþega á eftirlaunum.

22) Þessi tilskipun felur ekki í sér skyldu til að setja fram hagstæðari skilyrði fyrir óvirk lífeyrisréttindi en fyrir réttindi virkra sjóðfélaga.

23) Þegar áunnin lífeyrisréttindi eða virði áunninna lífeyrisréttinda fráfarandi launþega fer ekki yfir viðeigandi viðmiðunarmörk, sem hlutaðeigandi aðildarríki setur, og til þess að komast hjá íþyngjandi stjórnsýslukostnaði, sem leiðir af stýringu mikils fjölda óvirkra lífeyrisréttinda sem hafa lítið virði, má gefa lífeyriskerfum val um að viðhalda ekki þessum áunnu lífeyrisréttindum heldur greiða fráfarandi launþega þess í stað peningagreiðslu sem er jafngild virði áunninna lífeyrisréttinda. Ef við á, ætti að fastsetja yfirfært virði eða peningagreiðsluna í samræmi við landslög og -venju. Aðildarríki ættu að fastsetja, þar sem við á, viðmiðunarmörk fyrir slíkar greiðslur með tilliti til þess hvort framtíðareftirlaunatekjur launþega séu fullnægjandi.

24) Þessi tilskipun kveður ekki á um yfirfærslu áunninna lífeyrisréttinda. Þó ættu aðildarríki að leitast við, eftir því sem unnt er, að bæta möguleika á því að yfirfæra áunnin lífeyrisréttindi, einkum þegar nýjum viðbótarlífeyriskerfum er komið á fót, í því skyni að greiða fyrir hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja.

25) Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB ([6]) ætti að veita virkum og óvirkum sjóðfélögum, sem nýta sér eða hyggjast nýta sér réttinn til frjálsrar farar, viðeigandi upplýsingar, komi fram ósk þar um, um viðbótarlífeyrisréttindi þeirra. Þegar eftirlifendabætur tengjast kerfum ættu eftirlifandi lífeyrisþegar einnig að hafa sama rétt til upplýsinga og óvirkir sjóðfélagar. Aðildarríki ættu að geta kveðið á um að ekki þurfi að veita slíkar upplýsingar oftar en einu sinni á ári.

26) Í ljósi þess hversu ólík viðbótarlífeyriskerfi eru í eðli sínu ætti Sambandið að takmarka sig við setningu almennra markmiða og því er tilskipun viðeigandi lagagerningur.

27) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiði þessarar tilskipunar nægilega vel, þ.e. að greiða fyrir rétti launafólks til frjálsrar farar á milli aðildarríkja og þar eð þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

28) Í þessari tilskipun eru settar fram lágmarkskröfur sem gerir aðildarríkjunum kleift að samþykkja hagstæðari ákvæði eða viðhalda þeim. Ekki er hægt að nota framkvæmd þessarar tilskipunar til að réttlæta afturför frá ríkjandi ástandi í hverju aðildarríki.

29) Framkvæmdastjórnin ætti að taka saman skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar eigi síðar en sex árum eftir gildistökudag hennar.

30) Í samræmi við landsákvæði um skipulagningu viðbótarlífeyriskerfa geta aðildarríkin veitt aðilum vinnumarkaðarins, að fenginni sameiginlegri beiðni frá þeim, ábyrgð á því að koma þessari tilskipun til framkvæmda hvað varðar ákvæði er tengjast kjarasamningum enda hafi aðildarríkin gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir séu á öllum tímum færir um að tryggja þann árangur sem er ákvarðaður í þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur sem miða að því að greiða fyrir rétti launafólks til frjálsrar farar á milli aðildarríkja með því að draga úr hindrunum sem leiðir af tilteknum reglum um viðbótarlífeyriskerfi er tengjast ráðningarsambandi.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um viðbótarlífeyriskerfi, þó ekki þau kerfi sem falla undir reglugerð (EB) nr. 883/2004.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um eftirfarandi:

a) viðbótarlífeyriskerfi sem taka ekki lengur við og eru lokuð nýjum sjóðfélögum á gildistökudegi þessarar tilskipunar,

b) viðbótarlífeyriskerfi sem falla undir ráðstafanir sem varða íhlutun stjórnsýslustofnana sem er komið á fót samkvæmt landslöggjöf eða af hálfu dómsyfirvalda sem er ætlað að viðhalda eða endurreisa fjárhagslega stöðu þeirra, þ.m.t. slitameðferð. Þessi undanþága skal ekki gilda lengur en til loka íhlutunarinnar,

c) ábyrgðarkerfi vegna gjaldþrota, bótakerfi og lífeyrisvarasjóði aðildarríkja og

d) eingreiðslu af hálfu vinnuveitanda til launþega við lok ráðningarsambands við hann sem er ótengd eftirlaunalífeyri.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um örorku- og/eða eftirlifendabætur er tengjast viðbótarlífeyriskerfum, að frátöldum sértækum ákvæðum 5. og 6. gr. í tengslum við eftirlifendabætur.

4. Þessi tilskipun gildir aðeins um starfstímabil sem liggja innan tímans eftir lögleiðingu hennar í samræmi við 8. gr.

5. Þessi tilskipun gildir ekki um öflun og viðhald viðbótarlífeyrisréttinda launafólks sem flytur innan eins og sama aðildarríkis.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „viðbótarlífeyrir“: eftirlaunalífeyrir sem látinn er í té samkvæmt reglum viðbótarlífeyriskerfis sem er komið á í samræmi við landslög og -venju,

b) „viðbótarlífeyriskerfi“: hvers kyns starfstengt eftirlaunalífeyriskerfi, sem er komið á í samræmi við landslög og -venju og tengist ráðningarsambandi, sem á að sjá launþegum fyrir viðbótarlífeyri,

c) „virkir sjóðfélagar“: þegar ráðningarsamband launþega lætur eða er líklegt til að láta þeim í té, þegar skilyrði fyrir sjóðsaðild hafa verið uppfyllt, viðbótarlífeyri í samræmi við ákvæði viðbótarlífeyriskerfis,

d) „biðtími“: starfstímabil sem krafist er samkvæmt landslögum eða reglum um viðbótarlífeyriskerfi eða af hálfu vinnuveitanda áður en launþeginn telst hafa uppfyllt skilyrði fyrir sjóðsaðild að kerfinu,

e) „ávinnslutímabil“: tímabil virkrar sjóðsaðildar að kerfinu sem er krafist samkvæmt landslögum eða reglum um viðbótarlífeyriskerfi, í því skyni að opna fyrir réttinn að uppsöfnuðum viðbótarlífeyrisréttindum,

f) „áunnin lífeyrisréttindi“: hvers kyns réttur til uppsafnaðra viðbótarlífeyrisréttinda þegar skilyrði til að öðlast þau hafa verið uppfyllt samkvæmt reglum viðbótarlífeyriskerfis og, þar sem við á, samkvæmt landslögum,

g) „fráfarandi launþegi“: virkur sjóðfélagi sem lýkur núverandi ráðningarsambandi af annarri ástæðu en þeirri að hafa öðlast rétt til viðbótarlífeyris og sem flytur á milli aðildarríkja,

h) „óvirkur sjóðfélagi“: sjóðfélagi sem var áður virkur og hefur áunnið sér lífeyrisréttindi í viðbótarlífeyriskerfi og hefur ekki enn tekið við viðbótarlífeyri frá því kerfi,

i) „óvirk lífeyrisréttindi“: áunnin lífeyrisréttindi sem liggja í kerfinu þar sem óvirkur sjóðfélagi hefur safnað þeim upp,

j) „virði óvirkra lífeyrisréttinda“: virði lífeyrisréttinda, reiknað í samræmi við landslög og -venju.

4. gr.

Skilyrði varðandi öflun réttinda samkvæmt viðbótarlífeyriskerfum

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) þegar beitt er ávinnslutímabili eða biðtíma, eða báðum, að samanlagt heildartímabil fari í engum tilvikum yfir þrjú ár fyrir fráfarandi launþega,

b) þegar kveðið er á um lágmarksaldur vegna ávinnslu lífeyrisréttinda, að þessi aldur fari ekki yfir 21 ár fyrir fráfarandi launþega,

c) ef fráfarandi launþegi hefur ekki enn áunnið sér lífeyrisréttindi þegar ráðningarsambandi lýkur, að viðbótarlífeyriskerfið endurgreiði þau iðgjöld sem hann hefur greitt eða greitt hefur verið fyrir hans hönd, í samræmi við landslög eða kjarasamninga eða aðra samninga, eða, þegar fráfarandi launþegi ber fjárfestingaráhættuna, annaðhvort samtölu greiddra iðgjalda eða fjárfestingarvirðið sem leiðir af þessum iðgjöldum.

2. Aðildarríki skulu hafa þann möguleika að heimila aðilum vinnumarkaðarins að setja ólík ákvæði í kjarasamninga, að því marki sem þessi ákvæði fela ekki í sér lakari vernd og skapa ekki hindranir í vegi frjálsrar farar launafólks.

5. gr.

Viðhald óvirkra lífeyrisréttinda

1. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 3. og 4. mgr., samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja að áunnin lífeyrisréttindi fráfarandi launþega geti haldist áfram í því viðbótarlífeyriskerfi þar sem þau ávinnast. Upphafsvirði þessara réttinda með hliðsjón af 2. mgr. skal reiknað þegar ráðningarsambandi fráfarandi launþega lýkur.

2. Aðildarríki skulu, með hliðsjón af reglum og venju lífeyriskerfisins, samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé með óvirk lífeyrisréttindi fráfarandi launþega og eftirlifenda þeirra eða virði slíkra réttinda í samræmi við virði réttinda virkra sjóðfélaga eða þróun í yfirstandandi greiðslum lífeyrisbóta eða á annan hátt sem sanngjarn telst, s.s.:

a) ef viðkomandi öðlast lífeyrisréttindi í viðbótarlífeyriskerfinu sem réttar til nafnfjárhæðar, með því að tryggja nafnvirði óvirkra lífeyrisréttinda,

b) ef virði uppsafnaðra lífeyrisréttinda breytist með tímanum, með því að aðlaga virði óvirkra lífeyrisréttinda með því að beita:

   i. vöxtum sem eru byggðir inn í viðbótarlífeyriskerfið eða

   ii. ávöxtun fjárfestinga sem leiðir af viðbótarlífeyriskerfinu,

   eða

c) ef virði samanlagðra lífeyrisréttinda er aðlagað, s.s. í samræmi við verðbólgustig eða launastig, með því að aðlaga virði óvirkra lífeyrisréttinda til samræmis við það með fyrirvara um hlutfallslegt mark sem fastsett er í landslögum eða aðilar vinnumarkaðarins samþykkja.

3. Aðildarríki geta heimilað að viðbótarlífeyriskerfi haldi ekki eftir áunnum réttindum fráfarandi launþega heldur greiði, með upplýstu samþykki launþegans, einnig viðeigandi gjöld, peningagreiðslu sem jafngildir virði áunninna lífeyrisréttinda til fráfarandi launþega, svo fremi að virði áunnu lífeyrisréttindanna fari ekki yfir þau viðmiðunarmörk sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur fastsett. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þau viðmiðunarmörk sem er beitt.

4. Aðildarríki skulu hafa þann möguleika að heimila aðilum vinnumarkaðarins að setja ólík ákvæði í kjarasamninga, að því marki sem þessi ákvæði fela ekki í sér lakari vernd og skapa ekki hindranir í vegi frjálsrar farar launafólks.

6. gr.

Upplýsingar

1. Aðildarríki skulu tryggja að virkir sjóðfélagar geti, sé þess óskað, fengið upplýsingar um það hvernig lok ráðningarsambands hefði áhrif á viðbótarlífeyrisréttindi þeirra.

Einkum skal láta í té upplýsingar um eftirfarandi:

a) skilyrði varðandi öflun viðbótarlífeyrisréttinda og áhrifin af beitingu þeirra þegar ráðningarsambandi er lokið,

b) virði áunninna lífeyrisréttinda þeirra eða mat á áunnum lífeyrisréttindum sem fram fer allt að 12 mánuðum fyrir þann dag sem beiðnin er lögð fram og

c) skilyrði varðandi meðferð óvirkra lífeyrisréttinda í framtíðinni.

Þegar kerfið leyfir snemmbúinn aðgang að áunnum lífeyrisréttindum með greiðslu peningafjárhæðar skal skrifleg yfirlýsing um að sjóðfélaginn ætti að íhuga ráðgjöf um fjárfestingu peningagreiðslunnar í þágu eftirlauna fylgja veittum upplýsingum.

2. Aðildarríki skulu tryggja að óvirkir sjóðfélagar fái, komi fram ósk um það, upplýsingar um eftirfarandi:

a) virði óvirkra lífeyrisréttinda þeirra eða mat á óvirkum lífeyrisréttindum sem fram fer allt að 12 mánuðum fyrir þann dag sem beiðnin er lögð fram og

b) skilyrði varðandi meðferð óvirkra lífeyrisréttinda.

3. Hvað varðar eftirlifendabætur sem tengjast viðbótarlífeyriskerfum skal 2. mgr. gilda um eftirlifandi lífeyrisþega að því er varðar greiðslu eftirlifendabóta.

4. Setja skal upplýsingar fram með skilmerkilegum hætti, skriflega og innan hæfilegs tíma. Aðildarríki geta kveðið á um að ekki þurfi að veita slíkar upplýsingar oftar en einu sinni á ári.

5. Skuldbindingar samkvæmt þessari grein skulu vera með fyrirvara um og koma til viðbótar skuldbindingum stofnana sem annast starfstengdan lífeyri skv. 11. gr. tilskipunar 2003/41/EB.

7. gr.

Lágmarkskröfur og trygging gegn afturför

1. Aðildarríki geta samþykkt eða viðhaldið ákvæðum um öflun viðbótarlífeyrisréttinda fyrir launþega, viðhald viðbótarlífeyrisréttinda fráfarandi launþega og um rétt virkra og óvirkra sjóðfélaga til hagstæðari upplýsinga en ákvarðað er í þessari tilskipun.

2. Lögleiðing þessarar tilskipunar skal í engum tilvikum notuð sem ástæða til að draga úr fyrirliggjandi rétti til öflunar og viðhalds viðbótarlífeyris eða rétti sjóðfélaga eða lífeyrisþega til upplýsinga í aðildarríkjunum.

8. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. maí 2018 eða tryggja að aðilar vinnumarkaðarins hafi samþykkt nauðsynleg ákvæði með samningi fyrir þann dag. Aðildarríki eru skuldbundin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim kleift að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

9. gr.

Skýrsla

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni eigi síðar en 21. maí 2019 allar tiltækar upplýsingar um beitingu þessarar tilskipunar.

2. Eigi síðar en 22. maí 2020 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um beitingu þessarar tilskipunar.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 290/2014 **2014/EES/73/09**

frá 21. mars 2014

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 943/2005, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Penicillinum funiculosum* IMI SD 101, var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 ([3]), fyrir varphænur og kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 ([4]), fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005 ([5]) og fyrir eldisendur og fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 322/2009 ([6]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á þessari blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 (áður *Penicillinum funiculosum* IMI SD 101), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og eldisendur, varphænur, fráfærugrísi og eldissvín og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun fyrir allar aðal- og aukategundir alifugla og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 10. júlí 2013 ([7]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt afurðasemi hjá eldiskjúklingum, eldiskalkúnum, varphænum, fráfærugrísum og eldissvínum. Þar eð verkunarháttur getur talist svipaður hjá öllum tegundum alifugla má yfirfæra þessar niðurstöður á endur, perluhænsn, kornhænur, gæsir, fasana og dúfur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005 frá 27. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 197, 28.7.2005, bls. 12).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 322/2009 frá 20. apríl 2009 um varanleg leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóður (Stjtíð. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 9).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013* 11(7), 3321.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að breyta ber reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 943/2005, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 til samræmis við það.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1259/2004

Reglugerð (EB) nr. 1259/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„*2. gr.*

Blöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og eru tilgreindar í III., V. og VI. viðauka, eru leyfðar án tímamarka til notkunar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðaukum.“

2) IV. viðauki falli brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 943/2005

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 943/2005 falli færslan um E 1604, endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6 brott.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1206/2005

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1206/2005 falli færslan um E 1604, endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4) betaglúkanasa EC 3.2.1.6 brott.

5. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 322/2009

Í reglugerð (EB) nr. 322/2009 falli 3. gr. og III. viðauki brott.

6. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. október 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. apríl 2014, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1604i	Adisseo France S.A.S.	Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, með virkni að lágmarki: – fast form: endó-1,3(4)-betaglúkanasi 30 000 VU([1])/g og endó-1,4-betaxýlanasi 22 000 VU/g, – vökvaform: endó-1,3(4)-betaglúkanasi, virkni 7 500 VU/ml og endó-1,4-betaxýlanasi, virkni 5 500 VU/ml. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 *Greiningaraðferð* ([2]) Til að magnákvarða virkni endó-1,3(4)-betaglúkanasa: – seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkanasa á hvarfefni glúkans, betaglúkan úr byggi, við pH-gildið 5,5 og 30 °C. Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa: – seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti)	Allar tegundir alifugla Smágrísir (fráfæru-) Eldissvín	—	endó-1,3(4)-betaglúkanasi 1 500 VU endó-1,4-betaxýlanasi 1 100 VU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Handa (fráfæru)grísum þar til þeir eru u.þ.b. allt að 35 kg. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	11. apríl 2024

([1]) VU (seigjumælingareining, e. *viscosimetry unit*) er það magn ensíms sem vatnsrýfur hvarfefnið (betaglúkan úr byggi annars vegar og arabínoxýlan úr hveiti hins vegar) og minnkar með því seigju lausnarinnar til að breyta jöfnu flæði 1 (víddarlaus eining)/mín við 30 °C og pH-gildið 5,5.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 292/2014 **2014/EES/73/10**

frá 21. mars 2014

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er ROAL Oy) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir alifugla og svín.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. september ([2]) og 9. október 2013 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt nýtingu á fosfór, meltanleika og bindingu steinefna í beinum eða afurðasemi hjá eldiskjúklingum og eldiskalkúnum. Þessi niðurstaða getur átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Þar eð verkunarháttur aukefnisins getur talist svipaður hjá öllum tegundum alifugla má yfirfæra þessar niðurstöður á aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar eru til varps eða undaneldis. Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti mögulega aukið bindingu steinefna í beinum, meltanleika í dausgörn, nýtingu á fosfór og afurðasemi hjá varphænunum. Þessar niðurstöður má yfirfæra á aukategundir alifugla til varps. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti mögulega bætt meltanleika og geymd fosfórs eða þætti sem hafa áhrif á afurðasemi hjá smágrísum, eldissvínum og gyltum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 90. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3364.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3433.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a19	ROAL Oy	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), með virkni að lágmarki: Fljótandi og fast form: 5 000 FTU([1])/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), *Greiningaraðferð*([2]) Ákvörðun á 6-fýtasa: litmæling sem byggist á ensímefnahvarfi 6-fýtasa við fýtat: EN ISO 30024.	Alifuglar, þó ekki varpfuglar	—	250 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda yfir 0,23% fýtínbundinn fosfór. 3. Ráðlagður hámarksskammtur: – 2 500 FTU/kg heilfóðurs fyrir alifugla, – 1 750 FTU/kg heilfóðurs fyrir fráfærugrísi, eldissvín og gyltur. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	11. apríl 2024
				Varpfuglar		150 FTU			
				Fráfærugrísir		500 FTU			
				Eldissvín og gyltur		250 FTU			

([1]) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 399/2014 **2014/EES/73/11**

frá 22. apríl 2014

um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru blöndur með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur, sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndunum sem fóðuraukefnum fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 4. desember 2013([2]) og 5. desember 2013([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blöndurnar sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blöndur með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 geti bætt framleiðslu á votfóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3530.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1) 3534, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3533 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3535.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blöndurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blöndurnar, sem eru framleidd og merkt fyrir 13. nóvember 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. maí 2014, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: íblöndunarefni til votfóðursverkunar.									
1k20736	—	*Lactobacillus brevis* DSM 23231	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus brevis* DSM 23231 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactobacillus brevis* DSM 23231. *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	13. maí 2024
1k20737	—	*Lactobacillus brevis* DSMZ 16680	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus brevis* (DSM 16680) sem inniheldur að lágmarki $2,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactobacillus brevis* DSM 16680. *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýrategundir				1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	13. maí 2024

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/kg fersks efnis			
1k20738	—	*Lactobacillus plantarum* CECT 4528	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 sem inniheldur að lágmarki $2,5 \times 10^{11}$ CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactobacillus plantarum* CECT 4528. *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	13. maí 2024
1k20739	—	*Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactoballicus fermentum* NCIMB 30169 sem inniheldur að lágmarki $2,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169. *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	13. maí 2024

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 218/2014 **2014/EES/73/12**

frá 7. mars 2014

um breytingu á viðaukum við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 og við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis([2]), einkum 1. mgr. 17. gr. og 3. og 10. lið 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í samræmi við II. viðauka við þá reglugerð ber stjórnendum matvælafyrirtækja sem reka sláturhús að óska eftir, taka við, sannreyna og bregðast við upplýsingum um matvælaferlið að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús. Slíkar upplýsingar fela í sér hvert ástand upprunabújarðarinnar er.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 216/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti([3]) er bújörðum sem beita hýsingu við stýrð skilyrði veitt undanþága frá prófunarákvæðum. Slíkar upplýsingar ættu því fylgja með upplýsingunum um matvælaferlið sem á að veita sláturhúsinu til þess að gera aðildarríkjunum kleift að beita viðeigandi fyrirkomulagi við tríkínuprófanir.

3) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um skilyrði fyrir því að kjöt af dýrum úr neyðarslátrun utan sláturhúss sé hæft til manneldis. Þar eð kjöt úr neyðarslátrun, sem hefur staðist skoðun með fullnægjandi hætti, hefur ekki í för með sér áhættu fyrir lýðheilsu ætti að fella kröfuna um sérstakt heilbrigðismerki og takmörkun á kjöt úr neyðarslátrun á landsbundinn markað brott úr þeirri reglugerð og einnig kröfuna um sérstakt heilbrigðismerki á kjöt úr neyðarslátrun úr reglugerð (EB) nr. 854/2004.

4) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu. Í I. viðauka reglugerðarinnar er einkum mælt fyrir um reglur vegna skoðunar sem fer fram fyrir og eftir slátrun, þ.m.t. sjónræn skoðun, og um sérstaka hættu varðandi nýtt kjöt.

5) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að opinberir aðstoðarmenn geti aðstoðað opinbera dýralækninn við opinbert eftirlit með fyrirvara um tilteknar takmarkanir. Opinberum aðstoðarmönnum ætti að vera heimilt að aðstoða opinberan dýralækni við forval á dýrum með afbrigðileika í tengslum við skoðun fyrir slátrun og eftirlit með velferð dýra.

6) Hinn 3. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (svín) ætti að ná yfir([4]) þar sem var ályktað að núgildandi kröfur um þreifingu og ristingu eftir slátrun feli í sér áhættu á víxlmengun. Til að koma í veg fyrir þá víxlmengun ætti ekki lengur að gera kröfu um að eðlileg dýr séu þreifuð eða rist í þau eftir slátrun heldur aðeins ef afbrigðileiki greinist. Í því áliti skilgreinir Matvælaöryggisstofnunin að sýklar sem valda hjartaþelsbólgu (e. *endocarditis*) í svínum varði ekki lýðheilsu. Þar sem vanabundin risting í hjarta er ekki nauðsynleg af öryggisástæðum ætti ekki lengur að gera kröfu um hana.

7) Í sama áliti skilgreinir Matvælaöryggisstofnunin salmonellu sem mikla áhættu fyrir lýðheilsu í tengslum við neyslu á svínakjöti og mælir með að komið verði í veg fyrir að svínsskrokkar mengist af salmonellu.

8) Í IX. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um ákvæði um verkefni opinbera dýralæknisins varðandi sérstakar hættur. Salmonella ætti einnig að falla undir sértæk verkefni opinbera

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 95. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

([3]) Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 85.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2351.

dýralæknisins, einkum ef um er að ræða að ekki er farið að tilskildum ákvæðum í sértækri löggjöf Sambandsins. Einkum ætti að fella eftirlit með gildandi viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferli vegna salmonellu í svínsskrokkum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli([5]), og framkvæmd aðgerða af hálfu stjórnanda matvælafyrirtækis í tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í sértækri löggjöf Sambandsins, inn í eftirlit með svínakjöti. Eftirlitið er enn fremur kostnaðarhagkvæm leið til að afla upplýsinga um skyldubundna vöktun með salmonellu í framleiðsluferli svínakjöts í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE([6]).

9) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004([7]), er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna valfrjálsrar sjónrænnar skoðunar á svínum eftir slátrun. Við breytingarnar, sem lagðar eru til í þessari reglugerð, á stöðluðu kröfunum um skoðun eftir slátrun í reglugerð (EB) nr. 854/2004 eiga kröfurnar um sjónræna skoðun á svínum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2074/2005, ekki lengur við um svín og af þessum sökum ætti að breyta þeim kröfum.

10) Kröfurnar sem kveðið er á um í reglugerðinni fela í sér aðlögun á núverandi starfsvenjum, bæði fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld. Því er við hæfi að heimila frestun á beitingu þessarar reglugerðar.

11) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 2074/2005 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 853/2004

Reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 3. liðar III. þáttar II. viðauka komi eftirfarandi:

„a) ástand upprunabújarðarinnar eða heilbrigðisástand dýra á svæðinu og hvort bújörðin sé opinberlega viðurkennd sem bújörð sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði í tengslum við tríkínu í samræmi við A-lið I. kafla IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005(*).“

(*) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 60.

2) Ákvæði 9. liðar VI. kafla I. þáttar III. viðauka falli brott.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 854/2004

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 7. liðar III. kafla I. þáttar falli brott.

2) Í stað 2. liðar III. þáttar I. kafla komi eftirfarandi:

„2. að því er varðar skoðun fyrir slátrun og eftirlit með velferð dýra mega opinberir aðstoðarmenn eingöngu aðstoða við hreina, verklega þætti sem geta falið í sér forval á dýrum með afbrigðileika,“

3) Í stað 1. og 2. liðar B. hluta IV. þáttar IV. kafla komi eftirfarandi:

„1. Skrokka og sláturmat svína skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

a) sjónræn skoðun á höfði og hálsi; sjónræn skoðun á kjafti, kverkum og tungu,

b) sjónræn skoðun á lungum, barka og vélinda,

c) sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta,

d) sjónræn skoðun á þind,

e) sjónræn skoðun á lifur og lifrar- og briseitlum (latneskt heiti: *portales*),

f) sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi, eitlum í maga og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici, mesenterici, craniales og caudales*),

([5]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.
([7]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27.

g) sjónræn skoðun á milta,

h) sjónræn skoðun á nýrum,

i) sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,

j) sjónræn skoðun á kynfærunum (að undanskildum getnaðarlim, ef honum hefur þegar verið fleygt),

k) sjónræn skoðun á júgrinu og eitlum þess (latneskt heiti: *supramammarii*),

l) sjónræn skoðun á svæðinu í kringum naflastrenginn og liðum í ungviði.

2. Bendi faraldsfræðileg gögn eða önnur gögn frá upprunabújörðinni, upplýsingar um matvælaferlið eða niðurstöður skoðunar fyrir slátrun og/eða sjónræn greining viðkomandi afbrigðileika eftir slátrun til hugsanlegrar áhættu fyrir lýðheilsu, heilbrigði dýra eða velferð dýra, skal frekari verklagsreglum fylgt vegna skrokka og sláturmatar svína eftir slátrun með því að nota ristun og þreifingu. Þessar verklagsreglur geta falið í sér eftirfarandi, með hliðsjón af því hvaða áhætta greinist:

a) rist í kjálkabarðseitlana (latneskt heiti: *mandibulares*) og þeir rannsakaðir,

b) þreifing á lungunum og berkju- og miðmætiseitlunum (latnesk heiti: *bifurcationes, eparteriales og mediastinales*). Opna verður barkann og helstu berkjukvíslar að endilöngu og rista í neðsta þriðjung lungna, hornrétt á meginása þeirra en þessar ristur eru ekki nauðsynlegar þegar lungun eru ekki ætluð til manneldis,

c) hjartað rist að endilöngu svo að unnt sé að opna holin og skera á millisleglaskipt,

d) þreifing á lifrinni og eitlum hennar,

e) þreifing á eitlunum í maga og garnahengi og, ef nauðsyn krefur, rist í þá,

f) þreifing á miltanu,

g) rist í nýrun og nýrnaeitlana (latneskt heiti: *renales*),

h) rist í eitla júgursins,

i) þreifing á svæðinu í kringum naflastrenginn og liðum í ungviði og, ef nauðsyn krefur, rist í svæðið kringum naflann og liðir opnaðir.“

4) Eftirfarandi G-hluti bætist við IV. þátt IX. kafla:

„G. ***Salmonella***

1. Með fyrirvara um fyrstu málsgrein 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005(*) skal lögbært yfirvald sannreyna rétta framkvæmd stjórnenda matvælafyrirtækja á lið 2.1.4 (viðmiðun um hollustuhætti í framleiðsluferlinu varðandi salmonellu í svínsskrokkum) í I. viðauka við þá reglugerð með eftirfarandi ráðstöfunum:

a) opinberri sýnatöku með sömu aðferð og á sama sýnatökusvæði og hjá stjórnendum matvælafyrirtækja. Taka skal a.m.k. 49(**) slembisýni í hverju sláturhúsi ár hvert. Á grundvelli áhættumats má fækka þessum fjölda sýna í litlum sláturhúsum, og/eða

b) samantekt allra upplýsinga um heildarfjölda sýna og fjölda sýna sem eru jákvæð með tilliti til salmonellu sem stjórnendur matvælafyrirtækja taka í samræmi við 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2073/2005, innan ramma liðar 2.1.4. í I. viðauka við hana, og/eða

c) samantekt allra upplýsinga um heildarfjölda sýna og fjölda sýna sem eru jákvæð með tilliti til salmonellu sem tekin eru innan ramma landsbundinna varnaráætlana í aðildarríkjunum eða á svæðum aðildarríkja sem sérstakar ábyrgðir hafa verið samþykktar fyrir í samræmi við 8 gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 að því er varðar svínakjötsframleiðslu.

2. Ef ítrekuð frávik frá viðmiðuninni um hollustuhætti í framleiðsluferlinu eiga sér stað skulu lögbær yfirvöld krefjast aðgerðaáætlunar frá stjórnanda viðkomandi matvælafyrirtækis og hafa strangt eftirlit með niðurstöðum hennar.

3. Greina skal frá heildarfjölda sýna og fjölda sýna sem eru jákvæð með tilliti til salmonellu og, ef við á, sýni aðgreind eftir því hvort þau eru tekin skv. a-, b- eða c-lið 1. liðar, í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB(**).“

(*) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.
(**) Ef öll eru neikvæð er 95% tölfræðileg vissa að algengi sé undir 6%.
(***) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

3. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2074/2005

Í 3. lið VI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 falli a-liður brott.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2014.

Hins vegar mun 3. liður G-hluta IX. kafla IV. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 gilda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 219/2014 **2014/EES/73/13**

frá 7. mars 2014

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi skoðun á alisvínum eftir slátrun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr og 7. lið 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu. Í henni er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skulu tryggja að opinbert eftirlit með nýju kjöti fari fram í samræmi við I. viðauka. Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er einnig kveðið á um að opinberi dýralæknirinn skuli annast eftirlit í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr og stykkjunarstöðvum, sem setja nýtt kjöt á markað, m.a. í samræmi við sértæku kröfurnar í IV. þætti I. viðauka við reglugerðina.

2) Í B-hluta IV. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 eru settar fram sértækar kröfur varðandi skoðun á alisvínum eftir slátrun.

3) Hinn 3. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (svín) ætti að ná yfir([2]) þar sem var ályktað að núgildandi kröfur um þreifingu og ristingu eftir slátrun feli í sér áhættu á víxlmengun vegna áhættu frá bakteríum.

4) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að sleppa ætti þreifingu eða ristun, sem eru notaðar við skoðun eftir slátrun, hjá svínum sem er slátrað í venjubundinni slátrun vegna þess að áhætta á víxlmengun af völdum örvera er meiri en áhættan sem tengist því að sjúkdómar, sem þessar aðferðir taka til, gætu hugsanlega ekki uppgötvast. Notkun þessara handvirku aðferða við skoðun eftir slátrun ætti að takmarkast við svín sem grunur leikur á um, m.a. með sjónrænni greiningu eftir slátrun á afbrigðileika sem skiptir máli, að séu sýkt.

5) Með hliðsjón af áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar er rétt að breyta sértæku kröfunum varðandi skoðun á alisvínum eftir slátrun sem settar eru fram í B-hluta IV. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

6) Þegar faraldsfræðileg gögn eða önnur gögn frá upprunabújörð dýranna, upplýsingar um matvælaferlið eða niðurstöður úr skoðun fyrir slátrun eða sjónrænni greiningu eftir slátrun á afbrigðileika, sem skiptir máli, benda til hugsanlegrar áhættu fyrir lýðheilsu, heilbrigði dýra eða velferð ætti opinbera dýralækninum að vera kleift að ákveða hvaða þreifingar eða ristur þurfi að framkvæma við skoðun eftir slátrun til að skera úr um hvort kjötið sé hæft til manneldis.

7) Kröfurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð breyta reglugerð (EB) nr. 854/2004, sem felur í sér aðlögun á núverandi starfsvenjum, bæði fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld. Því er við hæfi að heimila frestun á beitingu þessarar reglugerðar.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað B-hluta IV. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 komi eftirfarandi:

„B. SKOÐUN EFTIR SLÁTRUN

1. Skrokka og sláturmat svína skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

   a) sjónræn skoðun á höfði og hálsi; sjónræn skoðun á kjafti, kverkum og tungu,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 99. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

([2]) Vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu (BIOHAZ), sérfræðinganefndin um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM), og vísindanefndin um heilbrigði og velferð dýra (AHAW), „Scientific Opinion on the public health hazards to be covered by inspection of meat (swine)“ (vísindalegt álit um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (svín) á að ná yfir,) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011, 9(10), 2351.

b) sjónræn skoðun á lungum, barka og vélinda,

c) sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta,

d) sjónræn skoðun á þind,

e) sjónræn skoðun á lifur og lifrar- og briseitlum (latneskt heiti: *portales*),

f) sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi, eitlum í maga og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici, mesenterici, craniales* og *caudales),*

g) sjónræn skoðun á milta,

h) sjónræn skoðun á nýrum,

i) sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,

j) sjónræn skoðun á kynfærunum (að undanskildum getnaðarlim, ef honum hefur þegar verið fleygt),

k) sjónræn skoðun á júgri og eitlum þess (latneskt heiti: *supramammarii*),

l) sjónræn skoðun á svæðinu í kringum naflastrenginn og liðum í ungviði.

2. Opinberi dýralæknirinn skal fylgja frekari verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum þegar, að hans mati, eitt af eftirfarandi bendir til mögulegrar áhættu fyrir lýðheilsu, heilbrigði dýra eða velferð:

a) prófanir og greiningar á upplýsingum um matvælaferlið, sem eru framkvæmdar í samræmi við A-hluta II. kafla I. þáttar,

b) niðurstöður úr skoðun fyrir slátrun, sem er framkvæmd í samræmi við B-hluta II. kafla I. þáttar og A-hluta þessa kafla,

c) niðurstöður úr sannprófunum varðandi samræmi við reglur um velferð dýra, sem eru framkvæmdar í samræmi við C-hluta II. kafla I. þáttar,

d) niðurstöður úr skoðun eftir slátrun, sem er framkvæmd í samræmi við D-hluta II. kafla I. þáttar og 1. lið þessa hluta,

e) faraldsfræðileg gögn til viðbótar eða önnur gögn frá upprunabújörð dýranna.

3. Þessar verklagsreglur geta falið í sér eftirfarandi, með hliðsjón af því hvaða áhætta greinist:

a) rist í kjálkabarðseitlana (latneskt heiti: *mandibulares*) og þeir rannsakaðir,

b) þreifing á lungunum og berkju- og miðmætiseitlunum (latnesk heiti: *bifurcationes, eparteriales* og *mediastrinales*). Opna verður barkann og helstu berkjukvíslar að endilöngu og rista í neðsta þriðjung lungna, hornrétt á meginása þeirra en þessar ristur eru ekki nauðsynlegar þegar lungun eru ekki ætluð til manneldis,

c) hjartað rist að endilöngu svo að unnt sé að opna holin og skera á millisleglaskipt,

d) þreifing á lifrinni og eitlum hennar,

e) þreifing á eitlunum í maga og garnahengi og, ef nauðsyn krefur, rist í þá,

f) þreifing á miltanu,

g) rist í nýrun og nýrnaeitlana (latneskt heiti: *renales*),

h) rist í eitla júgursins,

i) þreifing á svæðinu í kringum naflastrenginn og liðum í ungviði og, ef nauðsyn krefur, rist í svæðið kringum naflann og liðir opnaðir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 217/2014 **2014/EES/73/14**

frá 7. mars 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í svínsskrokkum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005([2]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla að því er varðar almennar og sértækar kröfur um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, einkum viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem á við um salmonellu í svínsskrokkum, til að verjast mengun við slátrun.

2) Hinn 3. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (svín) á að ná yfir([3]), þar sem salmonella er skilgreind sem mikil áhætta fyrir lýðheilsu í tengslum við neyslu á svínakjöti og mælt er með að komið sé í veg fyrir mengun svínsskrokka af salmonellu. Matvælastofnun Evrópu leggur m.a. til að styrkja viðmiðunina varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu varðandi salmonellu í svínsskrokkum.

3) Til að draga úr algengi salmonellu í svínsskrokkum ætti að efla eftirlit með hollustuháttum við slátrun í samræmi við ákvæðin í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á viðaukum við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 og við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005([4]) og í kjölfarið ætti að draga úr fjölda jákvæðra sýna.

4) Kröfurnar sem kveðið er á um í reglugerðinni fela í sér aðlögun á núverandi starfsvenjum fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Því er við hæfi að heimila frestun á beitingu þessarar reglugerðar.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað línu 2.1.4 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 komi eftirfarandi:

„2.1.4 Skrokkar af svínum	*Salmonella*	50 ([5])	3 ([6])	Finnst ekki á svæðinu sem er prófað fyrir hvern skrokk	EN/ISO 6579	Skrokkar eftir snyrtingu en fyrir kælingu	Umbætur í hollustuháttum við slátrun og endurskoðun eftirlits með ferlinu, með uppruna dýranna og með ráðstöfunum varðandi smitvarnir á upprunabújörðunum“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2351.

([4]) Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2014, bls 95

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 289/2014 **2014/EES/73/15**

frá 21. mars 2014

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir foramsúlfúrón, asímsúlfúrón, joðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesósúlfúrón, flasasúlfúrón, ímasósúlfúrón, própamókarb, bífenasat, klórprófam og þíóbenkarb í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir foramsúlfúrón, asímsúlfúrón, joðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesósúlfúrón, flasasúlfúrón og ímasósúlfúrón. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir própamókarb.

2) Að því er varðar foramsúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([2]). Að því er varðar tilteknar afurðir mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka gildandi hámarkgildi leifa, viðhalda þeim eða fastsetja þau við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir maískorn og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessa afurð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

3) Að því er varðar asímsúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([3]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hrísgrjón.

4) Að því er varðar joðsúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([4]). Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir byggkorn, maískorn, rúgkorn og hveitikorn. Að því er varðar hörfræ mælti hún með því að viðhalda gildandi hámarksgildi leifa. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir hörfræ og maís sem fóðurjurt og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

5) Að því er varðar oxasúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([5]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir sojabaunir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for foramsulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2962, [28 bls.].

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for azimsulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2941, [24 bls.]

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for azimsulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2974, [28 bls.].

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for oxasulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2942, [28 bls.].

6) Að því er varðar mesósúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([6]). Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Að því er varðar tilteknar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarkgildi leifa, viðhalda þeim eða fastsetja þau við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

7) Að því er varðar flasasúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([7]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti og vínber til neyslu og vínþrúgur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir ólífur til átu og ólífur til olíuframleiðslu og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

8) Að því er varðar ímasósúlfúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([8]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir byggkorn, hrísgrjón, rúgkorn og hveitikorn og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

9) Að því er varðar própamókarb lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([9]). Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Að því er varðar klettasalat og blaðlauka lagði Matvælaöryggisstofnunin fram, eftir að hafa lagt fram álitið sem um getur í fyrstu setningunni, frekari álit að því er varðar þau hámarksgildi leifa ([10]). Rétt þykir að taka tillit til þessa álits.

10) Matvælaöryggisstofnunin benti á að metin notkun á própamókarbi í blaðlauka sem og gildandi hámarksgildi leifa fyrir salat kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Því mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að lækka gildandi hámarksgildi leifa fyrir salat. Að því er varðar blaðlauka ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

11) Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka gildandi hámarksgildi leifa fyrir kartöflur, hreðkur, lauka, tómata, paprikur, eggaldin, gúrkur, smágúrkur, dvergbíta, risagrasker, spergilkál, rósakál, höfuðkál, kínakál, hnúðkál, salat. Að því er varðar tilteknar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarkgildi leifa, viðhalda þeim eða fastsetja þau við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir blómkál, vorsalat, breiðblaða salatfífil, karsa, vetrarkarsa, klettasalat, sinnepskál, *Brassica* spp. (blöð og stilkar), ferskar kryddjurtir, svín (vöðva, fitu, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, nýru), geitur (vöðva, fitu, nýru), mjólk (nautgripa-, sauða-, geita-), alifugla (vöðva, fitu, lifur) og fuglsegg og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Að því er varðar aðrar afurðir mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim.

12) Að því er varðar afurðir úr plöntum og dýrum, þar sem ekki hefur verið tilkynnt um viðeigandi leyfi eða innflutningsvikmörk á vettvangi Evrópusambandsins og engin hámarksgildi leifa í Alþjóðamatvælaskránni liggja fyrir, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for mesosulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2976, [27 bls.].

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for flazasulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2958, [25 bls.].

([8]) European Food Safety Authority, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for imazosulfuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(12), 3010, [26 bls.].

([9]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for propamocarb according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 2903, [72 bls.].

([10]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Modification of the existing MRLs for propamocarb in rocket and leek. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013, 11(6), 3255, [32 bls.].

Með tilliti til núverandi vísinda- og tækniþekkingar ætti að fastsetja hámarksgildi leifa að því er varðar þær afurðir við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

13) Að því er varðar þíóbenkarb lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005([11]). Að því er varðar bífenasat og klórprófam lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([12])([13]). Hún lagði til að skilgreiningunum á leifum verði breytt. Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins greindi frá því að viðmiðunarstaðlar séu ekki tiltækir á markaði fyrir þær skilgreiningar á leifum, sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til. Fastsetja ætti skilgreiningar á leifum fyrir bífenasat og klórprófam í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 og fastsetja ætti skilgreiningu á leifum fyrir þíóbenkarb í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Þessar skilgreiningar á leifum verða endurskoðaðar; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

14) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli fyrir málefnið sem er í athugun uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

15) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

16) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

17) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

18) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætan hátt fyrir 11. apríl 2014:

1) að því er varðar virku efnin foramsúlfúrón, asímsúlfúrón, joðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesósúlfúrón, flasasúlfúrón, ímasósúlfúrón, bífenasat, klórprófam og þíóbenkarb í og á öllum afurðum,

2) að því er varðar virka efnið própamókarb í og á öllum afurðum, að undanskildu salati.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. október 2014.

([11]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for thiobencarb according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(8), 2341, [17 bls.].

([12]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for bifenazate according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2484, [35 bls.].

([13]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for chlorpropham according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2584, [53 bls.].

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað dálkanna fyrir foramsúlfúrón, asímsúlfúrón, joðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesósúlfúrón, flasasúlfúrón og ímasósúlfúrón komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenni-númer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Asímsúlfúrón	Flasasúlfúrón	Foramsúlfúrón	Ímasósúlfúrón	Joðsúlfúrónmetýl (summa joðsúlfúrónmetýls og salta þess, gefin upp sem joðsúlfúrónmetýl)	Mesósúlfúrónmetýl	Oxasúlfúrón
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0100000	1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR**	**0,01** (*)	**0,01** (*)					**0,01** (*)
0110000	i. **Sítrusávextir**			0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar)							
0110020	Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtuappelsínur og aðrir blendingar)							
0110030	Sítrónur (skrápsítróna, sítróna, fingursítróna (*Citrus medica* var. *sarcodactylis*))							
0110040	Súraldin							
0110050	Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar tangórínu (*Citrus reticulata* x *sinensis*))							
0110990	Annað							
0120000	ii. **Trjáhnetur**			**0,02** (*)	**0,02** (*)	0,02 (*)	**0,02** (*)	
0120010	Möndlur							
0120020	Parahnetur							
0120030	Kasúhnetur							
0120040	Kastaníuhnetur							
0120050	Kókoshnetur							
0120060	Heslihnetur (stórheslihnetur)							
0120070	Goðahnetur							
0120080	Pekanhnetur							
0120090	Furuhnetur							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0120100	Pistasíuhnetur							
0120110	Valhnetur							
0120990	Annað							
0130000	iii. **Kjarnaávextir**			0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	
0130010	Epli (skógarepli)							
0130020	Perur (sandperur)							
0130030	Kveði							
0130040	Trjámispilsaldin							
0130050	Dúnepli							
0130990	Annað							
0140000	iv. **Steinaldin**			0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	
0140010	Apríkósur							
0140020	Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)							
0140030	Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)							
0140040	Plómur (sveskjuplómur, eðalplómur, kirsuberjaplómur, þyrniplómur, brjóstaber (*Ziziphus zizyphus*))							
0140990	Annað							
0150000	v. **Ber og smá aldin**			0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	
0151000	a) *Vínber til neyslu og vínþrúgur*							
0151010	Vínber til neyslu							
0151020	Vínþrúgur							
0152000	b) *Jarðarber*							
0153000	c) *Klungurber*							
0153010	Brómber							
0153020	Daggarber (logaber, lóganber, bersaber, múltuber og aðrir *Rubus*-blendingar)							
0153030	Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, (*Rubus arcticus*), mjaðarhindber (*Rubus arcticus* x *Rubus idaeus*))							
0153990	Annað							
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0154010	Bláber (aðalbláber)							
0154020	Trönuber (rauðber/týtuber (*V. vitis idaea*))							
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber							
0154040	Stikilsber (þ.m.t. blendingar við aðrar *Ribes*-tegundir)							
0154050	Rósaldin							
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)							
0154070	Eplaþyrniber (kívíber (*Actinidia arguta*))							
0154080	Ylliber (logalaufsber, reyniber, hafþyrnisber/strandþyrnisber, snæþyrnisber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum)							
0154990	Annað							
0160000	vi. **Ýmis aldin**			0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	
0161000	a) *Ætt hýði*							
0161010	Döðlur							
0161020	Fíkjur							
0161030	Ólífur til átu		(+)					
0161040	Gullappelsínur (Marumi gullappelsínur, nagami gullappelsínur, læmhvatar (*Citrus aurantifolia* x *Fortunella* spp.))							
0161050	Stjörnualdin (bilimbi)							
0161060	Gallaldin							
0161070	Jövuplómur (jövuepli, malajaepli, rósaepli, brasilíukirsuber, grumichama (*Eugenia uniflora*))							
0161990	Annað							
0162000	b) *Óætt hýði, lítið*							
0162010	Kíví							
0162020	Litkaber (tröllígulber, ígulber, vörtuber, gullaldin, búlukka, salak)							
0162030	Píslaraldin							
0162040	Kaktusfíkjur							
0162050	Stjörnuepli							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0162060	Persimónur (Virginíu-kakí) (svartaldin, mexíkóperur, grænaldin, gulaldin, mjúkaldin)							
0162990	Annað							
0163000	c) *Óætt hýði, stórt*							
0163010	Lárperur							
0163020	Bananar (dvergbananar, mjölbananar, eplabananar)							
0163030	Mangó							
0163040	Papæjualdin							
0163050	Granatepli							
0163060	Morgunberkjur (kvöldberkjur, sykurepli/ sólberkjur, flosberkjur (*Annona diversifolia*) og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðaræt)							
0163070	Gvövur (drekaávextir (*Hylocereus undatus*))							
0163080	Ananas							
0163090	Brauðaldin (saðningaraldin)							
0163100	Dáraaldin							
0163110	Nónberkjur							
0163990	Annað							
0200000	2. **NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**							
0210000	i. **Rótarávextir og hnýði**	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0211000	a) *Kartöflur*							
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*							
0212010	Kassava (þerrirætur, japanskar þerrirætur, fílseyru)							
0212020	Sætuhnúðar							
0212030	Mjölrótarhnýði (svarðarhnetur, jíkamarætur)							
0212040	Örvarrætur							
0212990	Annað							
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0213010	Rauðrófur							
0213020	Gulrætur							
0213030	Hnúðsilla							
0213040	Piparrót (hvannarætur, skessujurtarrætur, maríuvandarætur)							
0213050	Ætifíflar (hnúskaljós)							
0213060	Nípur							
0213070	Steinseljurætur							
0213080	Hreðkur (vetrarhreðkur, japanskar hreðkur, ætihreðkur og svipuð yrki, hnetusveipsef (*Cyperus esculentus*))							
0213090	Hafursrætur (svartrætur, æt krókalappa)							
0213100	Gulrófur							
0213110	Næpur							
0213990	Annað							
0220000	ii. **Laukar**	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0220010	Hvítlaukur							
0220020	Laukar (aðrir laukar, silfurlaukar)							
0220030	Skalottlaukar							
0220040	Vorlaukar og pípulaukar (aðrir vorlaukar og svipuð yrki)							
0220990	Annað							
0230000	iii. **Aldingrænmeti**	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0231000	a) *Náttskuggaætt*							
0231010	Tómatar (kirsuberjatómatar, *Physalis* spp., goðaber, úlfaber (*Lycium barbarum* og *L. chinense*), trjátómatar)							
0231020	Paprikur (eldpipar)							
0231030	Eggaldin (melónuperur, ljósaeggaldin (*S. macrocarpon*))							
0231040	Okrur							
0231990	Annað							
0232000	b) *Graskersætt — með ætu hýði*							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0232010	Gúrkur							
0232020	Smágúrkur							
0232030	Dvergbítar (sumargrasker, grasker (gárugrasker), flöskugrasker (*Lagenaria siceraria*), kajót, beiskjugúrkur, slöngugúrkur, rifjalúffur)							
0232990	Annað							
0233000	c) *Graskersætt — með óætu hýði*							
0233010	Melónur (horngúrkur)							
0233020	Risagrasker (vetrargrasker, grasker (seinsprottið yrki))							
0233030	Vatnsmelónur							
0233990	Annað							
0234000	d) *Sykurmaís (dvergmaís)*							
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*							
0240000	iv. **Kál**	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*							
0241010	Spergilkál (kalabríukál, næpukál, kínaspergilkál)							
0241020	Blómkál							
0241990	Annað							
0242000	b) *Kálhöfuð*							
0242010	Rósakál							
0242020	Höfuðkál (toppkál, rauðkál, blöðrukál, hvítkál)							
0242990	Annað							
0243000	c) *Blaðkál*							
0243010	Kínakál (sinnepskál, blaðkál, rósettukál, blómsturkál)							
0243020	Grænkál (sveitakál, portúgalskt grænkál, portúgalskt hvítkál, fóðurkál)							
0243990	Annað							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0244000	d) *Hnúðkál*							
0250000	v. **Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir**							
0251000	a) *Salat og aðrar salatplöntur, þ.m.t. plöntur af krossblómaætt*	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0251010	Vorsalat (strábrúða)							
0251020	Salat (höfuðsalat, lollo rosso-salat (laufsalat), jöklasalat, bindisalat)							
0251030	Breiðblaða salatfíflar (villtir kaffifíflar, rauðlaufssalat, hrokkinblaðssalat, sykurbrauðssalat (*C. endivia* var. *crispum*/*C. intybus* var. *foliosum*), túnfífilsblöð)							
0251040	Karsi (mungbaunaspírur, refasmáraspírur)							
0251050	Vetrarkarsi							
0251060	Klettasalat (gyltumustarður (*Diplotaxis* spp.))							
0251070	Sinnepskál							
0251080	Blöð og stilkar af *Brassica* spp. þ.m.t. næpukál (misunakál, blöð af baunategundum og hreðkum og önnur ungblöð af plöntum, þ.m.t. af ættkvíslinni *Brassica* (plönturnar eru uppskornar þegar þær eru komnar með allt að 8 eiginleg laufblöð), hnúðkálsblöð)							
0251990	Annað							
0252000	b) *Spínat og áþekkt grænmeti (blöð)*	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0252010	Spínat (nýsjálenskt spínat, blöð af halategundum (Amaranthus), fílseyru, sandbrúða)							
0252020	Súpugull (diskgrýta, garðaportúlakki, portúlakki, súrsmæra, strandstjaki, sódaurtarblöð (*Salsola soda*))							
0252030	Blaðbeðjur (rauðrófulauf)							
0252990	Annað							
0253000	c) *Vínviðarlauf (klifurspínat/malabarspínat, bananablöð, klifurakasía (Acacia pennata))*	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0254000	*d) Brunnperla (tjarnavafklukka, hærukrossburkni, vatnsmímósa)*	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0255000	e) *Jólasalat*	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0256000	f) *Kryddjurtir*	0,02 (*)	**0,02** (*)	**0,02** (*)	**0,02** (*)	0,02 (*)	**0,02** (*)	**0,02** (*)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0256010	Kerfill							
0256020	Graslaukur							
0256030	Blaðsellerí (fennikulauf, kóríanderlauf, dilllauf, kúmenlauf, skessujurt, hvönn, spánarkerfill og önnur lauf af sveipjurtaætt, fýlusveipþyrnir (*Eryngium foetidum*))							
0256040	Steinselja (blöð af seljurót)							
0256050	Salvía (vetrarsar, sumarsar, hjólkrónublöð)							
0256060	Rósmarín							
0256070	Garðablóðberg (meiran, kjarrminta)							
0256080	Basilíka (blöð af hjartafró, piparminta, helgibasilíka, basilíka, sítrónubasil, æt blóm (morgunfrú og önnur), flókajurt, villt betellauf, karrílauf)							
0256090	Lárviðarlauf (sítrónugras)							
0256100	Fáfnisgras (ísópur)							
0256990	Annað							
0260000	vi. **Belgávextir (ferskir)**	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0260010	Baunir (með fræbelg) (grænar baunir/ garðbaunir/belgbaunir, glæsibaunir, snittubaunir, spergilbaunir, þyrpibaunir, sojabaunir)							
0260020	Baunir (án fræbelgs) (breiðbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, augnbaunir)							
0260030	Ertur (með fræbelg) (sykurertur)							
13) Nauðsynlegt er að fastsetja sameiginlegar skilgreiningar, meginreglur, kröfur og málsmeðferðarreglur til að mynda skýran ramma og sameiginlegan grundvöll fyrir ráðstafanir Sambandsins og landsbundnar ráðstafanir sem gilda um matvælaupplýsingar.

14) Í því skyni að fylgja heildstæðri og þróunarmiðaðri nálgun við þær upplýsingar sem miðlað er til neytenda um þau matvæli sem þeir neyta þarf að vera fyrir hendi víðtæk skilgreining á lögum um matvælaupplýsingar sem nær bæði til almennra og sértækra reglna ásamt víðtækri skilgreiningu á matvælaupplýsingum sem nær einnig til upplýsinga sem miðlað er á aðra vegu en með merkimiðum.

15) Reglur Sambandsins skulu einungis gilda um fyrirtæki, en það hugtak gefur til kynna tiltekna samfellu í starfsemi og tiltekið skipulagsstig. Athafnir einstaklinga, eins og að meðhöndla af og til matvæli og afhenda þau, bera fram máltíðir og selja matvæli, t.d. í tengslum við góðgerðarsamkomur eða á markaðshátíðum eða fundum í sveitarfélögum, falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

16) Löggjöf um matvælaupplýsingar skal vera nægjanlega sveigjanleg til að unnt sé að uppfæra hana í takt við nýjar upplýsingakröfur neytenda og sjá til þess að jafnvægi sé á milli verndar innri markaðarins og mismunarins á skilningi neytenda í aðildarríkjunum.

17) Helsta markmiðið með því að gera kröfur um lögboðnar matvælaupplýsingar ætti að vera að gera neytendum kleift að bera kennsl á og nota matvæli á viðeigandi hátt og velja kosti sem henta einstaklingsbundnum mataræðisþörfum þeirra. Með þetta fyrir augum skulu stjórnendur matvælafyrirtækja auðvelda aðgengi þeirra sem hafa skerta sjón að þessum upplýsingum.

18) Til að auðvelda aðlögun laga um matvælaupplýsingar að breytingum á þörfum neytenda fyrir upplýsingar skal, þegar metið er hvort þörf sé á lögboðnum upplýsingum, einnig taka tillit til hagsmuna sem meirihluti neytenda hefur tjáð á víðtækan hátt að því er varðar birtingu tiltekinna upplýsinga.

19) Nýjar kröfur um lögboðnar matvælaupplýsingar skulu hins vegar einungis settar fram þegar og ef nauðsyn krefur, í samræmi við meginreglurnar um nálægð, meðalhóf og sjálfbærni.

([7]) Stjtíð. EB L 113, 30.4.1987, bls. 57.
([8]) Stjtíð. EB L 69, 16.3.1999, bls. 22.
([9]) Stjtíð. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20.
([10]) Stjtíð. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 44.
([11]) Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2008, bls. 12.

20) Í löggjöf um matvælaupplýsingar skal banna notkun á upplýsingum sem geta villt um fyrir neytendum, einkum að því er varðar sérkenni matvælanna, áhrif þeirra eða eiginleika, eða sem eigna matvælum læknandi eiginleika. Fyrir skilvirkni sakir skal það bann einnig ná til auglýsinga og kynninga á matvælum.

21) Til að koma í veg fyrir sundurleysi reglnanna um ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að því er varðar matvælaupplýsingar er rétt að útlista nánar skyldur stjórnenda matvælafyrirtækja á þessu sviði. Sú nánari útlistun skal vera í samræmi við skyldur er varða neytendur sem um getur í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

22) Taka skal saman skrá yfir allar lögboðnar upplýsingar sem að meginreglu til skal miðla um öll matvæli sem ætluð eru fyrir lokaneytendur og stóreldhús. Á þeirri skrá skulu áfram vera þær upplýsingar sem þegar er krafist samkvæmt gildandi löggjöf Sambandsins þar eð þær eru almennt taldar vera mikilvægar réttarreglur að því er varðar neytendaupplýsingar.

23) Til að taka til greina breytingar og þróun á sviði matvælaupplýsinga skal setja ákvæði um að veita framkvæmdastjórninni vald til að gera tilteknar upplýsingar tiltækar með öðrum aðferðum. Samráð við hagsmunaaðila ætti að greiða fyrir tímanlegum og markvissum breytingum á kröfum um matvælaupplýsingar.

24) Þegar tiltekin innihaldefni eða önnur efni eða vörur (s.s. hjálparefni við vinnslu) eru notuð við framleiðslu matvæla og finnast enn í vörunni geta þau orsakað ofnæmi eða óþol hjá sumu fólki og sumar tegundir slíks ofnæmis eða óþols geta stefnt heilbrigði viðkomandi í hættu. Mikilvægt er að veita upplýsingar um tilvist aukefna í matvælum, hjálparefna sem notuð eru við vinnslu og annarra efna sem hafa vísindalega sönnuð ofnæmis- eða óþolsáhrif til að gera neytendum, einkum þeim sem haldnir eru matvælaofnæmi eða -óþoli, kleift að taka upplýstar ákvarðanir sem eru öruggar fyrir þá.

25) Til að láta neytendur vita af tilvist tilbúinna nanóefna í matvælum er rétt að kveða á um skilgreiningu á tilbúnum nanóefnum. Með tilliti til þess möguleika að matvæli sem innihalda eða samanstanda af tilbúnum nanóefnum séu ný matvæli skal taka viðeigandi lagaramma fyrir þá skilgreiningu til athugunar í samhengi við endurskoðun sem stendur til að gera á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum ([12]).

([12]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1

26) Merkingar á miðum á matvælum skulu vera skýrar og skiljanlegar til að aðstoða neytendur sem vilja taka betur upplýstar ákvarðanir um matvæli og mataræði. Rannsóknir sýna að auðlæsileiki er mikilvægur þáttur í að hámarka möguleikann á að hafa áhrif á viðkomandi markhóp með upplýsingum á merkimiðum og að illa læsilegar vöruupplýsingar eru ein af meginorsökum óánægju neytenda vegna matvælamerkimiða. Því skal þróa heildarnálgun til að taka tillit til allra þátta sem tengjast læsileika, þ.m.t. leturgerðar, lita og andstæðna.

27) Til að tryggja að matvælaupplýsingum sé miðlað er nauðsynlegt að vega og meta allar leiðir til að koma matvælum í hendur neytenda, þ.m.t. að selja matvæli í gegnum fjarsamskiptamiðla. Þó að skýrt sé að öll matvæli sem seld eru í fjarsölu skuli uppfylla sömu upplýsingakröfur og matvæli sem seld eru í verslunum er nauðsynlegt að það komi skýrt fram að í slíkum tilvikum skulu viðeigandi lögboðnar matvælaupplýsingar einnig vera tiltækar áður en kaupin fara fram.

28) Tæknin sem er notuð við frystingu matvæla hefur þróast umtalsvert á síðustu áratugum og er notkun hennar útbreidd, bæði til að bæta dreifingu afurða á innri markaði Sambandsins og til að draga úr áhættu tengdri matvælaöryggi. Hins vegar takmarkar frysting og síðan þíðing tiltekinna matvæla, sérstaklega kjöt- og lagarafurða, hugsanlega frekari notkun þeirra og getur einnig haft áhrif á öryggi þeirra, bragð og eðlisræn gæði. Hins vegar hefur frysting engin slík áhrif á aðrar afurðir, þá einkum smjör. Ef afurð hefur verið þídd upp skal því upplýsa lokaneytendur á viðeigandi hátt um ástand hennar.

29) Leggja skal fram tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað matvæla þegar skortur á slíku getur villt um fyrir neytendum um raunverulegt upprunaland eða upprunastað afurðarinnar. Í öllum tilvikum skal tilgreining á upprunalandi eða upprunastað gerð þannig að það blekki ekki neytendur og á grunni skýrt skilgreindra viðmiðana sem tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir iðnaðinn og bæta skilning neytenda á upplýsingum sem tengjast upprunalandi eða upprunastað matvæla. Slíkar viðmiðanir skulu ekki gilda um tilgreiningar sem tengjast nafni eða heimilisfangi stjórnanda matvælafyrirtækisins.

30) Í sumum tilvikum geta stjórnendur matvælafyrirtækja viljað tilgreina uppruna matvæla valkvætt til að beina athygli neytenda að gæðum afurðar sinnar. Slíkar tilgreiningar skulu einnig vera í samræmi við samræmdar viðmiðanir.

31) Tilgreining á uppruna er sem stendur lögboðin fyrir nautakjöt og nautakjötsafurðir ([13]) í Sambandinu í kjölfar hættuástandsins sem skapaðist vegna kúariðu og hefur það skapað væntingar hjá neytendum. Áhrifamat framkvæmdastjórnarinnar staðfestir að uppruni kjöts virðist vera meginháyggjuefni hjá neytendum. Neysla annars kjöts er víðtæk í Sambandinu, s.s. svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöts. Því er rétt að færa í lög upprunayfirlýsingu fyrir þessar afurðir. Sértækar uprunakröfur geta verið mismunandi á milli kjöttegunda, allt eftir sérkennum dýrategundanna. Rétt þykir að kveða á um setja skuli, með framkvæmdarreglum, lögboðnar kröfur sem geta verið mismunandi eftir kjöttegundum, með tilliti til meðalhófsreglunnar og stjórnsýsluálags fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og eftirlitsyfirvöld.

32) Lögboðin ákvæði um uppruna hafa verið þróuð á grunni lóðréttrar nálgunar, t.d. fyrir hunang ([14]), aldin og grænmeti ([15]), fisk ([16]), nautakjöt og nautakjötsafurðir ([17]) og ólífuolíu ([18]). Þörf er á að kanna möguleikann á að víkka út lögboðnar upprunamerkingar til að ná til annarra matvæla. Því er rétt að óska þess við framkvæmdastjórnina að hún útbúi skýrslur um eftirfarandi matvæli: kjöt, annað en nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöt; mjólk; mjólk sem er notuð sem innihaldsefni í mjólkurafurðum; kjöt sem er notað sem innihaldsefni; óunnin matvæli; afurðir úr einu innihaldsefni; og innihaldsefni sem eru meira en 50% af tiltekinni matvöru. Mjólk er ein þeirra afurða þar sem miklir hagsmunir tengjast upprunamerkingu og því skal skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um þá afurð gerð tiltæk eins fljótt og auðið er. Á grunni slíkra skýrslna getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur um að breyta viðeigandi ákvæðum Sambandsins eða hún getur hafið framtaksverkefni, eftir því sem við á, innan geiranna.

33) Mælt er fyrir um upprunareglur Sambandsins, sem veita ekki fríðindi, í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ([19]) og um framkvæmdarákvæði hennar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ([20]). Ákvörðun á upprunalandi matvæla verður byggð á þessum reglum sem eru vel þekktar á meðal stjórnenda matvælafyrirtækja og yfirvalda og það ætti að auðvelda framkvæmd þeirra.

34) Næringaryfirlýsing fyrir matvæli varðar upplýsingar um tilvist orku og tiltekinna næringarefna í matvælum. Lögboðin miðlun næringarupplýsinga á umbúðum skal styðja við ráðstafanir er varða næringu sem eru hluti af opinberum heilbrigðisráðstöfunum sem geta falist í miðlun vísindalegra ráðlegginga um fræðslu um næringu fyrir almenning og stutt við töku upplýstra ákvarðana um matvæli.

35) Til að auðvelda samanburð á vörum í mismunandi pakkningastærðum er rétt að viðhalda þeirri kröfu að lögboðnar næringaryfirlýsingar vísi til 100 g eða 100 ml magns og, ef við á, leyfa viðbótaryfirlýsingar sem byggja á skömmtum. Því skal, þegar matvæli eru forpökkuð og stakir skammtar eða neyslueiningar eru gefnar upp, leyfa næringaryfirlýsingu fyrir staka skammta eða neyslueiningar til viðbótar við að gefa hana upp fyrir 100 g eða 100 ml. Til að tryggja samanburðarhæfar tilgreiningar sem tengjast skömmtum eða neyslueiningum skal framkvæmdastjórninni enn fremur veitt vald til að samþykkja reglur um hvernig næringaryfirlýsingar fyrir skammta eða neyslueiningar eru gefnar upp fyrir tiltekna flokka matvæla.

36) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar eru dregnir fram tilteknir þættir er varða næringu sem eru mikilvægir fyrir lýðheilsu, s.s. mettuð fita, sykur og natríum. Því er rétt að í kröfunum um lögboðna miðlun næringarupplýsinga sé tekið tillit til slíkra þátta.

37) Þar eð eitt af markmiðunum með þessari reglugerð er að skapa grundvöll til þess að lokaneytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir er í þessu sambandi mikilvægt að sjá til þess að lokaneytendur skilji auðveldlega upplýsingarnar sem miðlað er á merkingunum. Því er rétt að nota hugtakið „salt“ á merkingunum í stað samsvarandi hugtaks fyrir næringarefnið, þ.e. „natríum“.

38) Til að tryggja samræmi og samfellu í löggjöf Sambandsins skal valkvæð birting næringar- eða heilsufullyrðinga á merkimiðum matvæla vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([21]).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða (Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

([14]) Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).

([15]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1580/2007 frá 21. desember 2007 um framkvæmdarreglur varðandi reglugerðir ráðsins (EB) nr. 2200/96, (EB) nr. 2201/96 og (EB) nr. 1182/2007 í aldin- og grænmetisgeiranum (Stjtíð. ESB L 350, 31.12.2007, bls. 1).

([16]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 104/2000 frá 17. desember 1999 um sameiginlega skipulagningu markaða með fiskafurðir og afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni (Stjtíð. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22).

([17]) Reglugerð (EB) nr. 1760/2000.

([18]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1019/2002 frá 13. júní 2002 um markaðsstaðla fyrir ólífuolíu (Stjtíð. EB L 155, 14.6.2002, bls. 27).

([19]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

([20]) Stjtíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

([21]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

39) Til að komast hjá ónauðsynlegum byrðum fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja er rétt að undanþiggja tiltekna flokka matvæla, sem eru óunnin eða upplýsingar um næringarinnihald þeirra eru ekki meginforsenda fyrir ákvörðun neytanda um kaup eða þegar umbúðirnar eru of litlar til að koma megi fyrir á þeim lögboðnum merkingum, frá lögboðinni miðlun næringaryfirlýsingar nema þegar kveðið er á um skyldu um að miðla slíkum upplýsingum í öðrum reglum Sambandsins.

40) Með tilliti til sérstaks eðlis áfengra drykkja er viðeigandi að fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún greini nánar upplýsingakröfur fyrir þær afurðir. Því skal framkvæmdastjórnin, með tilliti til þarfarinnar fyrir að tryggja samfellu við aðrar stefnur Sambandsins sem málið varða, semja, innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, skýrslu um beitingu krafnanna um að miðla upplýsingum um innihaldsefni og næringarinnihald áfengra drykkja. Því til viðbótar, og með tilliti til ályktunar Evrópuþingsins frá 5. september 2007 um áætlun Evrópusambandsins til að styðja aðildarríkin við að draga úr skaða af völdum áfengis ([22]), álits efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([23]), vinnu framkvæmdastjórnarinnar og almennra áhyggna almennings vegna skaða af völdum áfengis, einkum hjá ungum og viðkvæmum neytendum, skal framkvæmdastjórnin, að loknu samráði við hagsmunaaðila og aðildarríkin, íhuga þörfina fyrir skilgreiningu á drykkjum, s.s. „áfengum svaladrykkjum“ (e. *alcopops*) þar sem markhópurinn er ungt fólk. Framkvæmdastjórnin skal einnig, ef við á, leggja til sértækar kröfur um áfenga drykki í tengslum við þessa reglugerð.

41) Til að tilgreindar upplýsingar höfði til meðalneytandans og þjóni þeim upplýsandi tilgangi sem liggur að baki innleiðingu þeirra og með tilliti til núverandi þekkingar á næringu skulu þær næringarupplýsingar sem er miðlað vera einfaldar og auðskiljanlegar. Að hafa næringarupplýsingar að hluta til á meginsjónsviðinu, almennt nefnt „framhlið pakkningar“, og að hluta til á annarri hlið pakkningarinnar, t.d. „aftan á pakkningunni“, getur ruglað neytendur í ríminu. Því skal næringaryfirlýsingin vera öll á sama sjónsviði. Að auki má endurtaka valkvætt mikilvægustu þættina í næringarupplýsingunum á meginsjónsviðinu til að aðstoða neytendur við að sjá auðveldlega grunnnæringarupplýsingarnar þegar þeir kaupa matvæli. Frjálst val á þeim upplýsingum sem má endurtaka gæti ruglað neytendur í ríminu. Því er nauðsynlegt að útlista nánar hvaða upplýsingar má endurtaka.

42) Til að hvetja stjórnendur matvælafyrirtækja til að ~~miðla valkvæ~~tt þeim upplýsingum sem koma fram í næringaryfirlýsingum fyrir matvæli, s.s. áfenga drykki og matvæli sem ekki eru forpökkuð og geta verið undanþegin frá næringaryfirlýsingu, skal gefa möguleika á að tilgreina einungis takmarkaða þætti næringaryfirlýsingarinnar. Engu að síður er rétt að fastsetja hvaða upplýsingar má miðla valkvætt til að forðast að villa um fyrir neytendum vegna frjáls vals stjórnenda matvælafyrirtækja.

43) Hjá sumum aðildarríkjum og samtökum í matvælageiranum hefur nýlega orðið þróun á því hvernig næringaryfirlýsingar, aðrar en fyrir 100 g, 100 ml eða skammta, eru gefnar upp, eða á kynningu þeirra, með myndrænum hætti eða táknum. Slík viðbótarsnið upplýsingagjafar og kynningar geta hjálpað neytendum til að skilja næringaryfirlýsinguna betur. Hins vegar eru ónógar vísbendingar í Sambandinu öllu um hvernig meðalneytandinn skilur og notar þessi viðbótarsnið upplýsingagjafar eða kynningar á upplýsingunum. Því þykir rétt að gera ráð fyrir að þróuð verði mismunandi snið upplýsingagjafar og kynningar á grunni viðmiðana sem settar eru í þessari reglugerð og að farið verði þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún útbúi skýrslu um notkun þessara upplýsingagjafar- og kynningarsniða, áhrif þeirra á innri markaðinn og hvort ráðlegt sé að fara út í frekari samræmingu.

44) Til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að semja skýrsluna skulu aðildarríkin miðla til hennar viðeigandi upplýsingum um notkun á viðbótarsniðum upplýsingagjafar og kynningar á næringaryfirlýsingu á markaðnum á yfirráðasvæðum þeirra. Til að það sé hægt skal veita aðildarríkjunum vald til að krefjast þess að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem setja á markað á yfirráðasvæði þeirra matvæli sem eru merkt með viðbótarsniðum upplýsingagjafar og kynningar, tilkynni landsyfirvöldum um notkun á slíkum viðbótarsniðum og um viðeigandi rökstuðning fyrir því að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

45) Æskilegt er að tryggja ákveðið samræmistig í þróun á viðbótarsniðum upplýsingagjafar og kynningar á næringaryfirlýsingunni. Því er rétt að ýta undir stöðug gagnkvæm skipti og miðlun á bestu starfsvenjum og reynslu á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og að ýta undir þátttöku hagsmunaaðila í slíkum skiptum.

46) Líta skal á yfirlýsinguna á sama sjónsviðinu um magn næringarefna og samanburðarhæfa vísbenda, sem er á auðþekkjanlegu formi til að auðvelda mat á næringareiginleikum matvæla, í heild sinni sem hluta af næringaryfirlýsingunni en ekki sem samansafn einstakra fullyrðinga.

([22]) Stjtíð. ESB C 187 E, 24.7.2008, bls. 160.
([23]) Stjtíð. ESB C 77, 31.3.2009, bls. 81.

47) Reynslan sýnir að oft er valkvæðum matvælaupplýsingum miðlað þannig að það spillir fyrir skýrleika lögboðnu matvælaupplýsinganna. Því skal setja fram viðmiðanir til að hjálpa stjórnendum matvælafyrirtækja og eftirlitsyfirvöldum að ná jafnvægi á milli miðlunar lögboðinna og valkvæðra matvælaupplýsinga.

48) Aðildarríkin skulu, út frá raunhæfum aðstæðum og skilyrðum á hverjum stað, halda réttinum til að mæla fyrir um reglur að því er varðar miðlun upplýsinga um matvæli sem eru ekki forpökkuð. Þó að í slíkum tilvikum sé eftirspurn neytenda eftir öðrum upplýsingum takmörkuð eru upplýsingar um hugsanlega ofnæmisvalda álitnar mjög mikilvægar. Gögn benda til þess að flest tilvik matarofnæmis megi rekja til matvæla sem ekki eru forpökkuð. Því skal alltaf miðla til neytenda upplýsingum um hugsanlega ofnæmisvalda.

49) Að því er varðar málefni sem sérstaklega eru samræmd með þessari reglugerð skulu aðildarríkin ekki geta samþykkt landsbundin ákvæði nema leyfi sé gefið fyrir slíku í löggjöf Sambandsins. Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin samþykki landsbundnar ráðstafanir er varða málefni sem ekki eru sérstaklega samræmd með þessari reglugerð. Hins vegar skulu slíkar landsbundnar ráðstafanir ekki banna, hindra eða takmarka frjálsa vöruflutninga sem uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

50) Neytendur innan Sambandsins sýna aukinn áhuga á framkvæmd reglna Sambandsins um velferð dýra við slátrun, þ.m.t. hvort dýr hafi verið deyfð fyrir slátrun. Hvað þetta varðar skal íhuga að gera rannsókn á tækifærinu til að miðla til neytenda viðeigandi upplýsingum um deyfingu dýra í samhengi við framtíðaráætlun Sambandsins um vernd og velferð dýra.

51) Það skal vera hægt að laga reglur um matvælaupplýsingar að hröðum breytingum á félagslegu, efnahagslegu og tæknilegu umhverfi.

52) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin framkvæma opinbert eftirlit í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([24]).

53) Tilvísanir í tilskipun 90/496/EBE í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli ([25]) skulu uppfærðar til að taka tillit til þessarar reglugerðar. Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 til samræmis við það.

54) Óregluleg og tíð uppfærsla krafna um matvælaupplýsingar getur valdið umtalsverðu stjórnsýsluálagi fyrir matvælafyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki. Því er rétt að sjá til þess að ráðstafanir, sem framkvæmdastjórnin getur samþykkt á grundvelli þess valds sem henni er falið með þessari reglugerð, taki gildi á sama degi á öllum almanaksárum að loknu viðeigandi umbreytingartímabili. Undanþágur frá þessari meginreglu skulu vera leyfilegar í brýnum tilvikum þegar tilgangurinn með viðkomandi ráðstöfun er heilsuvernd manna.

55) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að laga merkingar á vörum sínum að þeim nýju kröfum sem komið er á með þessari reglugerð er mikilvægt að kveða á um viðeigandi umbreytingartímabil vegna beitingar þessarar reglugerðar.

56) Vegna þeirra umtalsverðu breytinga á kröfum er varða næringarmerkingar sem innleiddar eru með þessari reglugerð, einkum breytingar í tengslum við innihald næringaryfirlýsingarinnar, er rétt að leyfa stjórnendum matvælafyrirtækja að byrja að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar áður en hún tekur gildi.

57) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð fram markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

58) Framkvæmdastjórninni skal, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, m.a. að því er varðar tilteknar lögboðnar upplýsingar sem er miðlað á annan hátt en á pakkningum eða merkimiðum, skrá yfir matvæli sem ekki er krafist að beri lista yfir innihaldsefni [áður: skrá yfir innihaldsefni], endurskoðun á skránni yfir efni eða vörur sem valda ofnæmi eða óþoli eða lista yfir næringarefni sem má greina frá valkvætt. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

([24]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.
([25]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

59) Til að sjá til þess að skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar séu samræmd skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að samþykkja framkvæmdargerðir í tengslum við m.a. fyrirkomulag á upplýsingagjöf, er varðar eitt eða fleiri atriði, með skýringarmyndum eða táknum í stað orða eða talna, hvernig dagsetning lágmarksgeymsluþols er sett fram, hvernig upprunaland eða uppruna staður kjöts er settur fram, nákvæmni yfirlýstra gilda næringaryfirlýsingarinnar eða upplýsingagjöf er varðar skammt eða neyslueiningu í næringaryfirlýsingunni. Þessum völdum skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með beitingu framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmdarvaldi ([26]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er lagður grunnur að því að tryggja öfluga neytendavernd í tengslum við matvælaupplýsingar með tilliti til mismunar á skilningi neytenda og upplýsingaþörf þeirra um leið og séð er til þess að starfsemi innri markaðarins sé snurðulaus.

2. Með þessari reglugerð er komið á almennum meginreglum, kröfum og skyldum er varða matvælaupplýsingar, einkum merkingar matvæla. Í henni er mælt fyrir um aðferðir til að ábyrgjast rétt neytenda til upplýsinga og málsmeðferðarreglur um miðlun matvælaupplýsinga, með tilliti til þarfarinnar fyrir nægjanlegan sveigjanleika til að bregðast við framtíðarþróun og nýjum upplýsingakröfum.

3. Þessi reglugerð gildir um stjórnendur matvælafyrirtækja á öllum stigum matvælaferlisins þegar starfsemi þeirra varðar miðlun matvælaupplýsinga til neytenda. Hún gildir um öll matvæli sem ætluð eru lokaneytendum, þ.m.t. matvæli sem stóreldhús afgreiða, og matvæli sem ætluð eru fyrir stóreldhús.

Þessi reglugerð gildir um veitingaþjónustu flutningafyrirtækja þegar farið er frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna sem samningarnir gilda um.

4. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um kröfur um merkingar sem kveðið er á um í sértækum ákvæðum Sambandsins sem gilda um tiltekin matvæli.

([26]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) skilgreining hugtakanna „matvæli“, „lög um matvæli“, „matvælafyrirtæki“, „stjórnandi matvælafyrirtækis“, „smásala“, „setning á markað“ og „lokaneytandi“ [þar „neytandi“] í 2. gr. og 1., 2., 3., 7., 8. og 18. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

b) skilgreining hugtakanna „vinnsla“, „óunnar afurðir“ og „unnar afurðir“ í m-, n- og o-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([27]),

c) skilgreining hugtaksins „matvælaensím“ í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum ([28]),

d) skilgreining hugtakanna „matvælaaukefni“, „hjálparefni við vinnslu“ og „burðarefni“ í a- og b-lið 2. mgr. 3. gr. og 5. lið I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([29]),

e) skilgreining hugtaksins „bragðefni“ í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli ([30]),

f) skilgreininga hugtakanna „kjöt, „vélúrbeinað kjöt“, „unnar kjötvörur“, „lagarafurðir“ og „kjötafurðir“ í liðum 1.1, 1.14, 1.15, 3.1 og 7.1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([31]),

g) skilgreining hugtaksins „auglýsing“ í a-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar ([32]).

([27]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.
([28]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.
([29]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.
([30]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.
([31]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.
([32]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21.

2. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „matvælaupplýsingar“: upplýsingar sem varða matvæli og eru gerðar tiltækilegar fyrir lokaneytendur með merkimiða, öðru fylgiefni eða með öðrum aðferðum, þ.m.t. nútímatæknibúnaði eða munnlega,

b) „lög um matvælaupplýsingar“: ákvæði Sambandsins sem gilda um matvælaupplýsingar, einkum merkingar, þ.m.t. reglur sem eru almenns eðlis og gilda um öll matvæli við ákveðnar aðstæður eða um tiltekna flokka matvæla og reglur sem gilda einvörðungu um tiltekin matvæli,

c) „lögboðnar matvælaupplýsingar“: þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum Sambandsins að miðlað sé til lokaneytenda,

d) „stóreldhús“: starfsstöðvar (þ.m.t. farartæki eða fastir eða hreyfanlegir sölubásar), s.s. veitingahús, mötuneyti, skólar, sjúkrahús og veitingaþjónustufyrirtæki þar sem matvæli eru, sem þáttur í rekstrinum, tilreidd til að vera tilbúin til neyslu lokaneytenda,

e) „forpökkuð matvæli“: stök vara sem er kynnt sem slík til lokaneytenda og stóreldhúsa og samanstendur af matvælum og þeim umbúðum sem þau voru sett í áður en þau voru boðin til sölu, hvort sem slíkar umbúðir umlykja matvælin algerlega eða einungis að hluta til, en alltaf þannig að ekki sé hægt að breyta innihaldinu án þess að opna eða breyta umbúðunum; hugtakið „forpökkuð matvæli“ nær ekki til matvæla sem er pakkað í umbúðir á sölustað að beiðni neytandans eða eru forpökkuð til beinnar sölu,

f) „innihaldsefni“: hvert það efni eða vara, þ.m.t. bragðefni, matvælaaukefni og matvælaensím, og efnisþáttur í samsettu innihaldsefni sem notað er í framleiðslu eða tilreiðslu á matvælum og er enn til staðar í lokaafurðinni, jafnvel þó að í breyttu formi sé; leifar skulu ekki teljast vera „innihaldsefni“,

g) „upprunastaður“: hver sá staður sem tilgreint er að matvæli komi frá sem er ekki „upprunaland“ eins og ákvarðað er í samræmi við 23. til 26. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92; nafn, firmaheiti eða heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins á merkimiðanum skal ekki teljast vera tilgreining á upprunalandi eða -stað matvæla í skilningi þessarar reglugerðar,

h) „samsett innihaldsefni“: innihaldsefni sem er sjálft afurð úr fleiri en einu innihaldsefni,

i) „merkimiði“: hvers kyns merki, vörumerki, myndrænt efni eða annað lýsandi efni, hvort sem er ritað, prentað, stenslað, merkt, upphleypt, þrykkt eða fest á umbúðir eða ílát með matvælum,

j) „merking“: hvers kyns orð, upplýsingar, vörumerki, tegundarheiti, myndrænt efni eða tákn sem tengist matvælum og er sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja tilteknum matvælum eða vísa til þeirra,

k) „sjónsvið“: allt það yfirborð umbúða sem lesa má frá sama sjónarhorninu,

l) „meginsjónsvið“: það sjónsvið á umbúðum sem líklegast er að neytendur sjái við fyrstu sýn við kaup og sem gerir neytendum kleift að þekkja vöru strax út frá sérkennum hennar eða eðli og, ef við á, tegundarheiti hennar. Ef á umbúðum eru nokkur meginsjónsvið sem öll eru eins er meginsjónsviðið það sem stjórnandi matvælafyrirtækisins velur,

m) „læsileiki“: efnislegt útlit upplýsinga sem gerir upplýsingarnar aðgengilegar sjónrænt fyrir almenning og sem ræðst af ýmsum þáttum, m.a. leturstærð, bili á milli bókstafa, línubili, breidd slaga, lit leturs, leturgerð, hlutfalli á milli breiddar og hæðar bókstafanna, yfirborði efnisins og verulegum andstæðum á milli letursins og bakgrunnsins,

n) „lögheiti“: heiti matvæla sem mælt er fyrir um í ákvæðum Sambandsins sem gilda um þau eða, þegar ekki eru fyrir hendi slík ákvæði Sambandsins, það heiti sem kveðið er á um í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkinu þar sem matvælin eru seld neytendum eða stóreldhúsum,

o) „venjubundið heiti“: heiti sem er viðtekið sem heiti matvælanna á meðal neytenda í aðildarríkinu þar sem þau matvæli eru seld án þess að það heiti þurfi frekari skýringa við,

p) „lýsandi heiti“: heiti, sem gefur lýsingu á matvælunum og ef nauðsyn krefur á notkun þeirra, sem er nægjanlega skýrt til að neytendur geti þekkt rétt eðli þeirra og greint þau frá öðrum vörum sem hægt er að rugla þeim saman við,

q) „megininnihaldsefni“: eitt eða fleiri innihaldsefni í matvælum sem mynda meira en 50% af þeim matvælum eða sem neytendur tengja venjulega við heiti matvælanna og sem venjulega þarf að gefa upp magnmerkingu (e. *quantitative indication*) fyrir,

r) „dagsetning lágmarksgeymsluþols“: dagsetningin sem matvælin halda sérstökum eiginleikum sínum fram að þegar þau eru geymd á réttan hátt,

s) „næringarefni“: þau prótín, kolvetni, fita, trefjar, natríum, vítamín og steinefni, sem tilgreind eru í 1. lið A-hluta XIII. viðauka við þessa reglugerð, og efni sem tilheyra einhverjum flokki þessara næringarefna eða eru efnisþættir í viðkomandi flokki,

t) „tilbúið nanóefni“: hvers kyns efni sem er búið til af ásetningi og hefur eitt eða fleiri mál af stærðargráðunni 100 nm eða þar undir eða eru sett saman úr sérstökum, virkum hlutum, annaðhvort að innanverðu eða á yfirborðinu, sem margir hafa eitt eða fleiri mál af stærðargráðunni 100 nm eða þar undir, þ.m.t. samsetningar, söfn eða samsafn, sem geta verið yfir stærðargráðunni 100 nm en halda eiginleikum sem eru dæmigerðir fyrir nanóstærðina.

Eiginleikar sem eru dæmigerðir fyrir efni í nanóstærð eru m.a.:

i. þeir sem tengjast hinum stóra tiltekna yfirborðsfleti viðkomandi efna og/eða

ii. sérstakir eðlisefnafræðilegir eiginleikar sem eru ekki eins og hjá formum sama efnis sem ekki eru í nanóstærð,

u) “fjarsamskiptamiðill”: aðferð sem nota má til þess að ganga frá samningi milli birgis og neytanda án þess að þeir séu viðstaddir samtímis í eigin persónu.

3. Að því er varðar þessa reglugerð skal upprunaland matvæla vísa til uppruna matvæla eins og ákvarðað er í samræmi við 23. til 26. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.

4. Sértæku skilgreiningarnar í I. viðauka skulu einnig gilda.

II. KAFLI

ALMENNAR MEGINREGLUR UM MATVÆLAUPPLÝSINGAR

3. gr.

Almenn markmið

1. Miðlun matvælaupplýsinga skal miðast við að ná fram háu verndarstigi fyrir heilbrigði og hagsmuni neytenda með því að vera grunnur að upplýstri ákvarðanatöku og öruggri notkun lokaneytenda á matvælum, með sérstöku tilliti til sjónarmiða sem varða heilbrigði, efnahag, umhverfið og félagslega og siðferðilega þætti.

2. Markmið með lögum um matvælaupplýsingar skal vera að ná fram frjálsum flutningum á löglega framleiddum og markaðssettum matvælum innan Sambandsins með tilliti til, eftir því sem við á, nauðsynjar þess að vernda lögmæta hagsmuni framleiðenda og ýta undir framleiðslu á gæðavörum.

3. Þegar nýjar kröfur eru settar fram í lögum um matvælaupplýsingar skal veita umbreytingartímabil eftir gildistöku nýju krafnanna, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Á meðan umbreytingartímabilið stendur yfir má setja á markað matvæli með merkingar sem ekki uppfylla nýju kröfurnar og halda má áfram að selja birgðir af slíkum matvælum, sem hafa verið settar á markað fyrir lok umbreytingartímabilsins, þangað til þær eru uppseldar.

4. Hafa skal opið og gagnsætt samráð við neytendur, þ.m.t. hagsmunaaðila, beint eða í gegnum fulltrúasamtök, á meðan undirbúningur, mat og endurskoðun laga um matvælaupplýsingar stendur yfir, nema þegar slíkt er ekki hægt vegna þess hversu brýnt málið er.

4. gr.

Meginreglur um lögboðnar matvælaupplýsingar

1. Þegar lögboðinna matvælaupplýsinga er krafist í lögum um matvælaupplýsingar skal það einkum varða upplýsingar í einum af eftirfarandi flokkum:

a) upplýsingar um auðkenni og samsetningu, eiginleika eða önnur sérkenni matvælanna,

b) upplýsingar um vernd heilsu neytenda og örugga notkun matvæla. Einkum skal það snúast um upplýsingar um:

i. samsetningareiginleika sem geta verið skaðlegir fyrir heilbrigði tiltekinna hópa neytenda,

ii. geymsluþol, geymslu og örugga notkun,

iii. áhrif á heilbrigði, þ.m.t. áhættur og afleiðingar af skaðlegri og hættulegri neyslu tiltekinna matvæla,

c) upplýsingar um næringareiginleika til að gera neytendum, þ.m.t. þeim sem hafa sérstakar næringarþarfir, kleift að taka upplýstar ákvarðanir.

2. Þegar mat er lagt á þörfina fyrir lögboðnar matvælaupplýsingar og til að neytendum sé gert kleift að taka upplýstar ákvarðanir skal taka tillit til útbreiddrar þarfar á meðal meirihluta neytenda fyrir tilteknar upplýsingar, sem þeir telja vera mjög mikilvægar, eða allra almennt viðurkenndra hagsbóta fyrir neytendur.

5. gr.

Samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu

Hafa skal samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um allar ráðstafanir Sambandsins í tengslum við lög um matvælaupplýsingar sem líklegt er að hafi áhrif á lýðheilsu áður en þær eru samþykktar.

III. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR UM MATVÆLAUPPLÝSINGAR OG SKYLDUR STJÓRNENDA MATVÆLAFYRIRTÆKJA

6. gr.

Grunnkrafa

Öllum matvælum, sem ætluð eru fyrir lokaneytendur eða stóreldhús, skulu fylgja matvælaupplýsingar í samræmi við þessa reglugerð.

7. gr.

Sanngjarnar starfsvenjur við upplýsingagjöf

1. Matvælaupplýsingar skulu ekki vera villandi, einkum:

a) að því er varðar sérkenni matvælanna og einkum eðli þeirra, auðkenni, eiginleika, samsetningu, magn, geymsluþol, upprunaland eða upprunastað, framleiðsluaðferð eða framleiðslu,

b) þannig að matvælunum séu eignuð áhrif eða eiginleikar sem þau búa ekki yfir,

c) þannig að gefið sé í skyn að matvælin búi yfir sérstökum sérkennum þegar reyndin er sú að öll svipuð matvæli búa yfir þessum sérkennum, einkum með því að leggja sérstaka áherslu á að í þeim séu eða séu ekki tiltekin innihaldsefni og/eða næringarefni,

d) þannig að gefið sé í skyn, með útliti, lýsingu eða myndum að um tiltekin matvæli eða innihaldsefni sé að ræða þegar raunin er sú að efnisþætti sem er á náttúrulegan hátt fyrir hendi eða innihaldsefni sem venjulega er notað í þau matvæli hefur verið skipt út fyrir annan efnisþátt eða innihaldsefni.

2. Matvælaupplýsingar skulu vera nákvæmar, skýrar og auðskiljanlegar fyrir neytendur.

3. Með fyrirvara um undanþágur sem kveðið er á um í lögum Sambandsins sem gilda um ölkelduvatn og matvæli til sérstakra, næringarlegra nota skulu matvælaupplýsingar ekki eigna neinum matvælum þann eiginleika að koma í veg fyrir, vinna á eða lækna sjúkdóm í mönnum, né heldur vísa til slíkra eiginleika.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda einnig um:

a) auglýsingar,

b) kynningu matvæla, einkum lögun þeirra, útlit eða umbúðir, umbúðaefni, hvernig þeim er komið fyrir og í hvaða umhverfi þau eru sýnd.

8. gr.

Ábyrgðarsvið

1. Sá stjórnandi matvælafyrirtækis sem markaðssetur matvæli undir sínu nafni eða firmaheiti skal bera ábyrgð á matvælaupplýsingunum en ef hann er ekki með staðfestu í Sambandinu skal ábyrgðin hvíla á innflytjandanum á markað Sambandsins.

2. Sá stjórnandi matvælafyrirtækis sem ber ábyrgð á matvælaupplýsingunum skal sjá til þess að matvælaupplýsingar séu fyrir hendi og séu réttar, í samræmi við gildandi lög um matvælaupplýsingar og kröfur í viðeigandi ákvæðum landslaga.

3. Stjórnendur matvælafyrirtækja sem ekki hafa með matvælaupplýsingar að gera skulu ekki stunda viðskipti með matvæli sem þeir vita eða gera ráð fyrir, á grunni þeirra faglegu upplýsinga sem þeir búa yfir, að uppfylli ekki ákvæði gildandi laga um matvælaupplýsingar og kröfur í viðeigandi ákvæðum landslaga.

4. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu ekki, innan þeirra fyrirtækja sem þeir stjórna, breyta upplýsingum sem fylgja matvælum ef slíkar breytingar myndu villa um fyrir lokaneytendum eða á annan hátt draga úr neytendavernd og möguleikum lokaneytenda til að taka upplýstar ákvarðanir. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á öllum breytingum sem þeir gera á matvælaupplýsingum sem fylgja matvælum.

5. Með fyrirvara um 2. til 4. mgr. skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, innan þeirra fyrirtækja sem þeir stjórna, sjá til þess að farið sé að kröfum laga um matvælaupplýsingar og viðeigandi ákvæðum landslaga sem eiga við um starfsemi þeirra og skulu ganga úr skugga um að farið sé að slíkum kröfum.

6. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu, innan þeirra fyrirtækja sem þeir stjórna, sjá til þess að upplýsingar, sem tengjast matvælum sem ekki eru forpökkuð og ætluð eru fyrir lokaneytendur eða stóreldhús, séu sendar til stjórnanda þess matvælafyrirtækis sem tekur við matvælunum til að gera kleift, þegar þess er þörf, að miðla lögboðnum matvælaupplýsingum til lokaneytenda.

7. Í eftirfarandi tilvikum skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, innan þeirra fyrirtækja sem þeir stjórna, sjá til þess að þær lögboðnu upplýsingar sem krafist er skv. 9. og 10. gr. birtist á forpakkningum eða merkimiðum á þeim eða á viðskiptaskjölum þar sem matvælanna er getið þegar hægt er að ábyrgjast að slík skjöl annaðhvort fylgi matvælunum sem þau fjalla um eða hafi verið send á undan þeim eða um leið og þau voru afgreidd:

a) ef forpökkuð matvæli eru ætluð lokaneytendum en eru markaðssett áður en þau eru seld lokaneytendum og ef þau eru ekki seld til stóreldhúss á því stigi,

b) ef forpökkuð matvæli eru ætluð fyrir stóreldhús til tilreiðslu, vinnslu, skiptingar eða stykkjunar.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að upplýsingarnar sem um getur í a-, f-, g- og h-lið 1. mgr. 9. gr. komi einnig fram á þeim ytri umbúðum sem forpökkuðu matvælin eru markaðssett í.

8. Stjórnendur matvælafyrirtækja sem afhenda öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja matvæli sem ekki eru ætluð fyrir lokaneytendur eða stóreldhús skulu sjá til þess að þessum öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja séu veittar nægjanlegar upplýsingar til að gera þeim kleift, þegar við á, að uppfylla skyldur sínar skv. 2. mgr.

IV. KAFLI

LÖGBOÐNAR MATVÆLAUPPLÝSINGAR

1. ÞÁTTUR

Innihald og kynning

9. gr.

Skrá yfir lögboðnar upplýsingar

1. Í samræmi við 10. til 35. gr. og með fyrirvara um undantekningarnar í þessum kafla skal tilgreining eftirfarandi upplýsinga vera lögboðin:

a) heiti matvælanna,

b) listi yfir innihaldsefnin,

c) öll innihaldsefni eða hjálparefni við vinnslu sem skráð eru í II. viðauka eða afleidd af efni eða vöru sem skráð er í II. viðauka sem valda ofnæmi eða óþoli og eru notuð í framleiðslu eða tilreiðslu á tilteknum matvælum og eru enn til staðar í fullunnu afurðinni, þó að í breyttu formi sé,

d) magn tiltekinna innihaldsefna eða flokka innihaldsefna,

e) nettómagn matvælanna,

f) dagsetning lágmarksgeymsluþols eða síðasti notkunardagur,

g) sérstök geymsluskilyrði og/eða notkunarskilyrði,

h) nafn eða firmaheiti og heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins sem um getur í 1. mgr. 8. gr.,

i) upprunaland eða upprunastaður þegar kveðið er á um slíkt í 26. gr.,

j) notkunarleiðbeiningar þegar erfitt er að nota matvælin á réttan hátt án slíkra leiðbeininga,

k) að því er varðar drykkjarvörur með meira en 1,2% alkóhólinnihald miðað við rúmmál: raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál,

l) næringaryfirlýsing.

2. Þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu tilgreindar með orðum og tölum. Með fyrirvara um 35. gr. má þar að auki gefa þær upp með skýringarmyndum eða táknum.

3. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem um getur í þessari grein, má gefa upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. með skýringarmyndum eða táknum í stað orða eða talna.

Til að sjá til þess að neytendur njóti góðs af öðrum aðferðum við framsetningu á lögboðnum matvælaupplýsingum en orðum og tölum og að því tilskildu að tryggt sé að upplýsingastigið sé það sama og með orðum og tölum getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr. og með tilliti til sannana fyrir jöfnum skilningi neytenda, komið á þeim viðmiðunum sem fara skal eftir ef gefa á upp einhverjar af þeim upplýsingum, sem um getur í 1. mgr., í formi skýringarmynda eða tákna í stað orða eða talna.

4. Til að tryggja samræmda framkvæmd 3. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir sem fjalla um fyrirkomulagið á beitingu þeirra viðmiðana sem skilgreindar eru í 3. mgr. til að gefa upp upplýsingar, er varða eitt eða fleiri atriði, með skýringarmyndum eða táknum í stað orða eða talna. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

10. gr.

Lögboðnar viðbótarupplýsingar fyrir tilteknar tegundir eða flokka matvæla

1. Auk þeirra upplýsinga sem skráðar eru í 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um lögboðnar viðbótarupplýsingar fyrir tilteknar tegundir eða flokka matvæla í III. viðauka.

2. Til að sjá til þess að neytendur fái upplýsingar um tilteknar tegundir eða flokka matvæla og til að taka tillit til tæknilegra framfara, vísindalegrar þróunar, heilsuverndar neytenda eða öruggrar notkunar tiltekinna matvæla getur framkvæmdastjórnin breytt III. viðauka með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr.

Ef bráð nauðsyn krefur vegna alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði neytenda skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 52. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Þyngd og mál

Ákvæði 9. gr. skulu ekki hafa áhrif á sértækari ákvæði Sambandsins um þyngd og mál.

12. gr.

Tiltækileiki lögboðinna matvælaupplýsinga og aðgengi að þeim

1. Í samræmi við þessa reglugerð skulu lögboðnar matvælaupplýsingar fyrir öll matvæli vera tiltækar og auðveldlega aðgengilegar.

2. Ef um er að ræða forpökkuð matvæli skulu lögboðnar matvælaupplýsingar koma fram beint á umbúðunum eða á merkimiða sem er festur við þær.

3. Til að sjá til þess að neytendur njóti góðs af öðrum aðferðum við miðlun á lögboðnum matvælaupplýsingum sem henta betur fyrir tilteknar lögboðnar upplýsingar, og að því tilskildu að tryggt sé að upplýsingastigið sé það sama og með umbúðum eða merkimiðum, getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr. og með tilliti til sannana fyrir jöfnum skilningi neytenda og víðtækri notkun neytenda á þessum aðferðum, komið á viðmiðunum sem fara skal eftir ef gefa á upp tilteknar lögboðnar upplýsingar með öðrum aðferðum en á umbúðum eða merkimiðum.

4. Til að tryggja samræmda framkvæmd 3. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir sem fjalla um fyrirkomulagið á beitingu þeirra viðmiðana sem skilgreindar eru í 3. mgr. til að gefa upp tilteknar lögboðnar upplýsingar með öðrum aðferðum en á umbúðum eða merkimiðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

5. Ef um er að ræða matvæli sem ekki eru forpökkuð skulu ákvæði 44. gr. gilda.

13. gr.

Kynning á lögboðnum upplýsingum

1. Með fyrirvara um landsbundnar ráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 2. mgr. 44. gr., skulu lögboðnar matvælaupplýsingar settar á áberandi stað og þannig að þær séu auðsjáanlegar, auðlæsilegar og, þegar við á, óafmáanlegar. Ekki skal á nokkurn hátt fela þær, skyggja á þær, draga úr þeim eða raska þeim með neinu öðru skriflegu eða myndrænu efni eða öðru truflandi efni.

2. Með fyrirvara um sértæk ákvæði Sambandsins sem gilda um tiltekin matvæli skulu lögboðnu upplýsingarnar, sem skráðar eru í 1. mgr. 9. gr., þegar þær koma fram á umbúðum eða merkimiðum festum við umbúðirnar, vera prentaðar á umbúðirnar eða merkimiðana þannig að það tryggi auðlæsileika, með letri af leturstærð þar sem x-hæð, eins og skilgreint er í IV. viðauka, er 1,2 mm eða meiri.

3. Ef um er að ræða umbúðir eða ílát þar sem stærsti yfirborðsflöturinn er undir 80 cm^2 skal x-hæð leturstærðarinnar, sem um getur í 2. mgr., vera 0,9 mm eða meiri.

4. Til að ná fram markmiðunum með þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., setja reglur um læsileika.

Framkvæmdastjórnin getur, í sama tilgangi og um getur í fyrstu undirgrein og með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., útvíkkað kröfurnar í 5. mgr. þessarar greinar með lögboðnum viðbótarupplýsingum fyrir tiltekin matvæli eða flokka matvæla.

5. Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-, e- og k-lið 1. mgr. 9. gr. skulu birtar á sama sjónsviði.

6. Ákvæði 5. mgr. þessarar greinar gildir ekki í tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. 16. gr.

14. gr.

Fjarsala

1. Með fyrirvara um upplýsingakröfurnar, sem mælt er fyrir um í 9. gr., ef um er að ræða forpökkuð matvæli sem boðin eru til sölu í gegnum fjarsamskiptamiðil:

a) lögboðnar matvælaupplýsingar, að undanskildum þeim upplýsingum sem mælt er fyrir um í f-lið 1. mgr. 9. gr., skulu vera tiltækar áður en gengið er frá kaupunum og skulu koma fram á stoðefni fyrir fjarsöluna eða vera miðlað með öðrum viðeigandi aðferðum sem stjórnandi matvælafyrirtækisins tilgreinir greinilega. Þegar aðrar viðeigandi aðferðir eru notaðar skal lögboðnu matvælaupplýsingunum miðlað án þess að stjórnandi matvælafyrirtækisins innheimti viðbótargjald af neytendum,

b) allar lögboðnar upplýsingar skulu vera tiltækar við afhendingu.

2. Ef um er að ræða matvæli, sem ekki eru forpökkuð, sem eru boðin til sölu um fjarsamskiptamiðil skal gera upplýsingarnar, sem krafist er skv. 44. gr., í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar.

3. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gildir ekki um matvæli sem boðin eru til sölu í sjálfsölum eða sjálfvirkum verslunum.

15. gr.

Kröfur um tungumál

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 9. gr. skulu lögboðnar matvælaupplýsingar birtar á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur í þeim aðildarríkjum þar sem tiltekin matvæli eru markaðssett.

2. Aðildarríki, þar sem tiltekin matvæli eru markaðssett, geta innan eigin yfirráðasvæðis mælt fyrir um að upplýsingarnar skuli veittar á einu eða fleiri opinberum tungumálum Sambandsins.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. útiloka ekki að upplýsingarnar séu á fleiri en einu tungumáli.

16. gr.

Tilteknum lögboðnum upplýsingum sleppt

1. Ef um er að ræða endurnotanlegar glerflöskur sem eru merktar á óafmáanlegan hátt og bera því ekki merkimiða, hring eða kraga skulu einungis þær upplýsingar sem taldar eru upp í a-, c-, e- f- og l-lið 1. mgr. 9. gr. vera lögboðnar.

2. Ef um er að ræða umbúðir eða ílát þar sem stærsti yfirborðsflöturinn er undir 10 cm^2 skulu einungis þær upplýsingar sem taldar eru upp í a-, c-, e- og f-lið 1. mgr. 9. gr. vera lögboðnar á umbúðum eða merkimiða. Upplýsingunum sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. skal miðlað með öðrum aðferðum eða þær gerðar aðgengilegar að ósk neytandans.

3. Með fyrirvara um önnur ákvæði Sambandsins þar sem krafist er lögboðinnar næringaryfirlýsingar skal yfirlýsingin, sem um getur í l-lið 1. mgr. 9. gr., ekki vera lögboðin fyrir þau matvæli sem skráð eru í V. viðauka.

4. Með fyrirvara um önnur ákvæði Sambandsins þar sem krafist er lista yfir innihaldsefni eða lögboðinnar næringaryfirlýsingar skulu upplýsingarnar, sem um getur í b- og l-lið 1. mgr. 9. gr., ekki vera lögboðnar fyrir drykkjarvöru sem inniheldur meira en 1,2% alkóhól miðað við rúmmál.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 13. desember 2014, leggja fram skýrslu um beitingu 18. gr. og 1. mgr. 30. gr. að því er varðar afurðirnar, sem um getur í þessari málsgrein, þar sem fjallað er um hvort áfengir drykkir skuli í framtíðinni heyra undir, einkum kröfurnar um að miðla upplýsingum um orkugildi, og röksemdirnar fyrir því að kveðið sé á um hugsanlegar undanþágur, með tilliti til þarfarinnar fyrir að tryggja samræmi við aðrar stefnur Sambandsins sem máli skipta. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin íhuga þörfina fyrir að leggja til skilgreiningu á áfengum svaladrykkjum.

Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, láta skýrslunni fylgja tillögu að nýrri löggjöf þar sem sagt er til um reglur um lista yfir innihaldsefni eða lögboðna næringaryfirlýsingu fyrir þessar vörur.

2. ÞÁTTUR

Ítarleg ákvæði um lögboðnar upplýsingar

17. gr.

Heiti matvælanna

1. Heiti matvælanna skal vera lögheiti þeirra. Þegar slíkt heiti er ekki fyrir hendi skal heiti matvælanna vera venjubundið heiti þeirra eða, ef ekki er um venjubundið heiti að ræða eða venjubundna heitið er ekki notað, skal nota lýsandi heiti fyrir matvælin.

2. Heimilt er að nota heiti á matvælum, sem varan er löglega framleidd og markaðssett undir í aðildarríkinu þar sem framleiðsla fer fram, í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram. Komi beiting annarra ákvæða þessarar reglugerðar, einkum þeirra sem sett eru fram í 9. gr., hins vegar í veg fyrir að neytendur í aðildarríkinu, þar sem markaðssetning fer fram, fái rétta hugmynd um eðli matvælanna og geti greint þau frá matvælum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir skulu frekari upplýsingar fylgja heiti matvælanna og vera birtar nálægt því.

3. Í undantekningartilvikum skal ekki nota heiti matvælanna sem þau bera í aðildarríkinu, þar sem framleiðsla fer fram, í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram ef matvælin, sem það auðkennir í aðildarríkinu, sem er framleiðsluríkið, eru svo frábrugðin þeim sem eru þekkt undir sama heiti í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram, að því er varðar samsetningu eða framleiðslu, að ákvæði 2. mgr. nægja ekki til að tryggja að neytendur í aðildarríkinu, þar sem markaðssetning fer fram, fái réttar upplýsingar.

4. Heiti sem er verndað sem hugverk, tegundarheiti eða glysheiti skal ekki koma í staðinn fyrir heiti matvælanna.

5. Í VI. viðauka er mælt fyrir um sértæk ákvæði um heiti matvæla og upplýsingar sem skulu fylgja.

18. gr.

Listi yfir innihaldsefni

1. Listinn yfir innihaldsefnin skal hafa yfirskrift eða inngang sem samanstendur af eða inniheldur orðið „innihaldsefni“. Í henni skulu koma fram öll innihaldsefni matvælanna, í lækkandi röð eftir þyngd, eins og þau eru skráð við notkun þeirra við framleiðslu matvælanna.

2. Innihaldsefni skulu, eftir atvikum, tiltekin með sérheiti sínu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 17. gr. og VI. viðauka.

3. Öll innihaldsefni í formi tilbúinna nanóefna skal tilgreina skýrt í listanum yfir innihaldsefni. Á eftir heitum slíkra innihaldsefna skal setja orðið „nanó“ innan sviga.

4. Mælt er fyrir um tæknireglur um beitingu 1. og 2. mgr. þessarar greinar í VII. viðauka.

5. Til að ná fram markmiðunum með þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., aðlaga skilgreininguna á tilbúnu nanóefni, sem um getur í t-lið 2. mgr. 2. gr., og breyta henni í samræmi við framfarir í tækni og vísindum eða skilgreiningar sem samþykktar eru á alþjóðavísu.

19. gr.

Listanum yfir innihaldsefni sleppt

1. Ekki skal gerð krafa um að eftirfarandi matvæli beri lista yfir innihaldsefni:

a) ferskir ávextir og ferskt grænmeti, þ.m.t. kartöflur, sem ekki hafa verið flysjuð, skorin eða meðhöndluð á svipaðan hátt,

b) kolsýrt vatn, þar sem í lýsingu kemur fram að það hafi verið kolsýrt,

c) gerjað edik sem eingöngu er unnið úr einni grunnvöru, að því tilskildu að engum öðrum innihaldsefnum hafi verið bætt við,

d) ostar, smjör, gerjuð mjólk og rjómi, sem engum innihaldsefnum hefur verið bætt við öðrum en mjólkurvörum, matvælaensímum og örveruræktum sem nauðsynleg eru til framleiðslunnar eða, þegar um er að ræða osta aðra en ferskosta og brædda osta, saltið sem þarf til framleiðslunnar,

e) matvæli sem samanstanda af einu innihaldsefni þegar:

   i. heiti matvælanna er það sama og heiti innihaldsefnisins eða

   ii. heiti matvælanna gefur eðli innihaldsefnisins greinilega til kynna.

2. Til að taka tillit til mikilvægis lista yfir innihaldsefni tiltekinna matvæla eða flokka matvæla fyrir neytendur getur framkvæmdastjórnin, í undantekningartilvikum, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., bætt við 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að það að veita ekki upplýsingar verði ekki til þess að lokaneytendur eða stóreldhús fái ekki nægjanlegar upplýsingar.

20. gr.

Efnisþættir matvæla ekki tilgreindir í listanum yfir innihaldsefni

Með fyrirvara um 21. gr. skal þess ekki krafist að eftirfarandi efnisþættir matvæla séu hafðir með í listanum yfir innihaldsefni:

a) efnisþættir innihaldsefnis sem tímabundið hafa verið skildir frá í framleiðsluferlinu og síðar bætt í aftur en ekki umfram upprunaleg hlutföll,

b) matvælaaukefni og matvælaensím:

   i. þegar tilvist þeirra í tilteknum matvælum kemur eingöngu til af því að þau voru í einu eða fleiri innihaldsefnum þeirra matvæla, í samræmi við meginregluna um yfirfærslu sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, að því tilskildu að þau þjóni ekki neinu tæknilegu hlutverki í fullunnu vörunni eða

   ii. sem eru notuð sem hjálparefni við vinnslu,

c) burðarefni og efni sem eru ekki matvælaaukefni en eru notuð á sama hátt og í sama tilgangi og burðarefni og eru einungis notuð í nákvæmlega því magni sem nauðsynlegt er,

d) efni sem eru ekki matvælaaukefni en eru notuð á sama hátt og í sama tilgangi og hjálparefni við vinnslu og enn finnast í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttri mynd sé,

e) vatn:

   i. þegar vatn er notað í framleiðsluferlinu einungis til að endurgera innihaldsefni sem er notað í þykktu eða þurrkuðu formi,

   ii. ef um er að ræða lög sem venjulega er ekki neytt.

21. gr.

Merkingar á tilteknum efnum eða vörum sem valda ofnæmi eða óþoli

1. Með fyrirvara um reglurnar, sem samþykktar eru skv. 2. mgr. 44. gr., skulu upplýsingarnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær skulu tilgreindar í listanum yfir innihaldsefni í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um 1. mgr. 18. gr., með skýrri tilvísun í heiti efnisins eða afurðarinnar eins og það er skráð í II. viðauka og

b) leggja skal áherslu á heiti efnisins eða vörunnar, eins og það er skráð í II. viðauka, með letursetningu sem aðgreinir það skýrt frá öðrum heitum í listanum yfir innihaldsefnin, t.d. með leturgerð, stíl eða bakgrunnslit.

Ef listi yfir innihaldsefni er ekki fyrir hendi skal tilgreining upplýsinganna sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. samanstanda af orðinu „inniheldur“ og á eftir því skal koma heiti efnisins eða vörunnar eins og það er skráð í II. viðauka.

Ef fleiri en eitt innihaldsefni eða hjálparefni við vinnslu í tilteknum matvælum eru úr einu efni eða vöru sem skráð er í II. viðauka skal það koma skýrt fram í merkingunni fyrir hvert viðkomandi innihaldsefni eða hjálparefni við vinnslu.

Ekki skal krefjast tilgreiningar á upplýsingunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. í tilvikum þegar heiti matvæla vísar skýrt í viðkomandi efni eða vöru.

2. Til að tryggja betri miðlun upplýsinga til neytenda og taka tillit til nýjustu framfara í vísindum og tækniþekkingu skal framkvæmdastjórnin kerfisbundið endurskoða og, ef nauðsyn krefur, uppfæra skrána í II. viðauka með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr.

Ef bráð nauðsyn krefur vegna alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði neytenda skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 52. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Magnmerkingar innihaldsefna

1. Gera skal kröfu um tilgreiningu á magni innihaldsefnis eða flokks innihaldsefna sem notuð eru við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla þegar viðkomandi innihaldsefni eða flokkur innihaldsefna:

a) kemur fyrir í heiti matvælanna eða neytendur tengja hann yfirleitt við það heiti,

b) er dreginn fram í merkingunni með orðum, myndum eða myndrænni útfærslu eða

c) er nauðsynlegur til að einkenna tiltekin matvæli eða greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir vegna nafngiftar þeirra eða útlits.

2. Í VIII. viðauka er mælt er fyrir um tæknireglur vegna beitingar 1. mgr., þ.m.t. í sérstökum tilvikum þegar ekki er krafist magnmerkingar fyrir tiltekin innihaldsefni.

23. gr.

Nettómagn

1. Nettómagn matvæla skal gefið í lítrum, sentilítrum, millilítrum, kílóum eða grömmum, eftir því sem við á:

a) í rúmmálseiningum ef um er að ræða fljótandi afurðir,

b) í massaeiningum ef um er að ræða aðrar vörur.

2. Til að tryggja betri skilning neytenda á matvælaupplýsingunum á merkingunum getur framkvæmdastjórnin, fyrir tilgreind matvæli, komið á, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., annarri aðferð til að gefa upp nettómagn en þeirri sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Í IX. viðauka er mælt er fyrir um tæknireglur vegna beitingar 1. mgr., þ.m.t. í sérstökum tilvikum þegar ekki er krafist tilgreiningar á nettómagni.

24. gr.

Dagsetning fyrir lágmarksgeymsluþol, síðasti notkunardagur og dagsetning frystingar

1. Ef um er að ræða matvæli sem eru mjög viðkvæm frá örverufræðilegu sjónarmiði, og þar af leiðandi líklegt að þau séu skaðleg heilbrigði manna eftir stuttan tíma, skal síðasti notkunardagur koma í staðinn fyrir dagsetningu fyrir lágmarksgeymsluþol. Að síðasta notkunardegi liðnum skulu matvæli ekki teljast örugg, í samræmi við 2. til 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

2. Viðeigandi dagsetning skal gefin upp í samræmi við X. viðauka.

3. Til að tryggja jafna beitingu á því hvernig dagsetning lágmarksgeymsluþols, sem um getur í c-lið 1. mgr. X. viðauka, er gefin til kynna getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir þar sem settar eru reglur að því er þetta varðar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

25. gr.

Geymslu- eða notkunarskilyrði

1. Þegar sérstök geymsluskilyrði og/eða notkunarskilyrði þarf fyrir matvæli skal gefa þessi skilyrði til kynna.

2. Til að auðvelda viðeigandi geymslu eða notkun matvæla eftir að umbúðir eru rofnar skal gefa til kynna geymsluskilyrði og/eða tímamörk fyrir neyslu, eftir því sem við á.

26. gr.

Upprunaland eða upprunastaður

1. Þessi grein gildir með fyrirvara um kröfur um merkingar sem kveðið er á um í sértækum ákvæðum Sambandsins, einkum reglugerð ráðsins (EB) nr. 509/2006 frá 20. mars 2006 um landbúnaðarafurðir og matvæli sem hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni ([33]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 frá 20. mars 2006 um vernd landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli ([34]).

2. Tilgreining á upprunalandi eða upprunastað skal vera lögboðin:

a) þegar skortur á slíkri tilgreiningu getur villt um fyrir neytendum að því er varðar rétt upprunaland eða upprunastað matvælanna, einkum ef upplýsingarnar sem fylgja matvælunum eða merkimiðinn í heild myndi annars gefa í skyn að matvælin séu upprunnin í öðru landi eða á öðrum stað,

b) fyrir kjöt sem fellur undir einhverja þá kóða úr sameinuðu nafnaskránni („SN“) sem skráðir eru í XI. viðauka. Beiting þessa liðar skal vera með fyrirvara um samþykki framkvæmdargerða sem um getur í 8. mgr.

3. Þegar upprunaland eða upprunastaður matvæla er gefinn upp en uppruni megininnihaldsefnisins er ekki sá sami:

a) skal einnig gefa upp upprunaland eða upprunastað megininnihaldsefnisins sem um ræðir eða

b) gefa skal til kynna að megininnihaldsefnið sé upprunnið í öðru upprunalandi eða á öðrum upprunastað en matvælin.

Beiting þessa liðar skal vera með fyrirvara um samþykki framkvæmdargerða sem um getur í 8. mgr.

4. Innan 5 ára frá gildistökudegi b-liðar 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið til að meta lögboðna tilgreiningu upprunalands eða upprunastaðar fyrir vörur sem um getur í þeim lið.

5. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 13. desember 2014, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslur um lögboðna tilgreiningu upprunalands eða upprunastaðar fyrir eftirfarandi matvæli:

a) kjöttegundir aðrar en nautakjöt og þær sem um getur í b-lið 2. mgr.,

b) mjólk,

c) mjólk sem er notuð sem innihaldsefni í mjólkurafurðum,

d) óunnin matvæli,

e) matvæli úr einu innihaldsefni,

f) innihaldsefni sem mynda meira en 50% af tilteknum matvælum.

6. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 13. desember 2013, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um lögboðna tilgreiningu upprunalands eða upprunastaðar fyrir kjöt sem er notað sem innihaldsefni.

7. Í skýrslunum, sem um getur í 5. og 6. mgr., skal tala tillit til þarfar neytenda fyrir upplýsingar, hagkvæmni þess að miðla lögboðinni tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað og greiningar á kostnaði og ávinningi af því að innleiða slíkar ráðstafanir, þ.m.t. lagaleg áhrif á innri markaðinn og áhrif á alþjóðaviðskipti.

Framkvæmdastjórnin getur látið tillögur um að breyta viðeigandi ákvæðum Sambandsins fylgja þessum skýrslum.

8. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 13. desember 2013 og að undangengnu áhrifamati, samþykkja framkvæmdargerðir um beitingu á b-lið 2. mgr. og 3. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

9. Ef um er að ræða matvæli, sem um getur í b-lið 2. mgr., a-lið 5. mgr. og 6. mgr. skal, í skýrslunum og áhrifamatinu sem um getur í þessari grein, m.a. fjalla um valkosti fyrir aðferðir til að gefa upp upprunaland eða upprunastað þessara matvæla, einkum að því er tekur til allra eftirfarandi ákvörðunarþátta á æviskeiði dýra:

a) fæðingarstaðar,

b) eldisstaðar,

c) slátrunarstaðar.

27. gr.

Notkunarleiðbeiningar

1. Notkunarleiðbeiningar með matvælum skulu tilgreindar þannig að það geri kleift að nota þau matvæli á viðeigandi hátt.

([33]) Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 1.
([34]) Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 12.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir þar sem settar eru fram ítarlegar reglur um framkvæmd 1. mgr. fyrir tiltekin matvæli. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

28. gr.

Alkóhólstyrkleiki

1. Reglurnar um tilgreiningu alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál skulu, að því er varðar vörur sem flokkast undir SN-númer 2204, vera þær reglur sem mælt er fyrir um í sértækum ákvæðum Sambandsins sem gilda um slíkar vörur.

2. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í drykkjum sem innihalda meira en 1,2% alkóhól miðað við rúmmál, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr., skal tilgreindur í samræmi við XII. viðauka.

3. ÞÁTTUR

Næringaryfirlýsing

29. gr.

Tengsl við aðra löggjöf

1. Þessi þáttur gildir ekki um matvæli sem falla undir gildissvið eftirfarandi löggjafar:

a) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ([35]),

b) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og setningu ölkelduvatns á markað ([36]),

2. Þessi þáttur gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota ([37]) og sértækar tilskipanir eins og um getur í 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

30. gr.

Innihald

1. Í lögboðnu næringaryfirlýsingunni skal eftirfarandi koma fram:

a) orkugildi og

b) magn fitu, mettaðrar fitu, kolvetnis, sykurs, prótíns og salts.

([35]) Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.
([36]) Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45.
([37]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21.

Þegar við á má birta nálægt næringaryfirlýsingunni yfirlýsingu sem gefur til kynna að saltinnihaldið stafi einvörðungu af tilvist natríums sem kemur náttúrulega fyrir.

2. Við innihald lögboðnu næringaryfirlýsingarinnar sem um getur í 1. mgr. má bæta tilgreiningu á magni eins eða fleiri eftirfarandi efna:

a) einómettaðra fitusýra,

b) fjölómettaðra fitusýra,

c) fjölalkóhóla,

d) sterkja,

e) trefja,

f) þeirra vítamína eða steinefna sem skráð eru í 1. lið A. hluta XIII. viðauka sem koma fyrir í marktæku magni, eins og skilgreint er í 2. lið A-hluta XIII. viðauka.

3. Þegar lögboðna næringaryfirlýsingin, sem um getur í 1. mgr., kemur fram á merkingum forpakkaðra matvæla er heimilt að endurtaka eftirfarandi upplýsingar úr henni:

a) orkugildið eða

b) orkugildið ásamt magni fitu, mettaðrar fitu, sykurs og salts.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. má innihald yfirlýsingarinnar takmarkast við orkugildið eitt og sér ef næringaryfirlýsing kemur fram á merkingum varanna sem um getur í 4. mgr. 16. gr.

5. Með fyrirvara um 44. gr. og þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr., þegar næringaryfirlýsing kemur fram á merkingum varanna, sem um getur í 1. mgr. 44. gr., má innihald yfirlýsingarinnar takmarkast við einungis:

a) orkugildið eða

b) orkugildið ásamt magni fitu, mettaðrar fitu, sykurs og salts.

6. Til að taka tillit til mikilvægi upplýsinga, sem um getur í 2. til 5. mgr. þessarar greinar, til að upplýsa neytendur getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., breytt skránum í 2. til 5. mgr. þessarar greinar með því að bæta við eða fjarlægja upplýsingar.

7. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 13. desember 2014 og með tilliti til vísindaþekkingar og reynslu sem fengist hefur í aðildarríkjunum, leggja fram skýrslu um tilvist transfitu í matvælum og í öllu fæði íbúa Sambandsins. Markmiðið með skýrslunni skal vera að meta áhrif viðeigandi aðferða sem gætu gert neytendum kleift að taka heilnæmari ákvarðanir um matvæli og um fæðuval í heildina eða sem gætu ýtt undir framboð á heilnæmari matvælavalkostum fyrir neytendur, þ.m.t. og m.a. miðlun upplýsinga um transfitu til neytenda eða takmarkanir á notkun hennar. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, láta skýrslunni fylgja tillögu að nýrri löggjöf.

31. gr.

Útreikningar

1. Orkugildið skal reiknað með breytistuðlunum sem skráðir eru í XIV. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin getur, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., samþykkt breytistuðla fyrir þau vítamín og steinefni sem um getur í 1. lið A-hluta XIII. viðauka til að reikna innihald slíkra vítamína og steinefna í matvælum með meiri nákvæmni. Þeim breytistuðlum skal bætt við XIV. viðauka.

3. Orkugildið og magn næringarefna sem um getur í 1. til 5. mgr. 30. gr. skulu vera þau sem eru í matvælunum við sölu.

Ef við á geta upplýsingarnar varðað matvælin eftir tilreiðslu, að því tilskildu að gefnar séu nægjanlega nákvæmar leiðbeiningar um tilreiðslu og upplýsingarnar varði matvælin eins og þau eru tilreidd til neyslu.

4. Yfirlýstu gildin skulu, út frá hverju tilviki fyrir sig, vera meðalgildi á grundvelli:

a) greiningar framleiðandans á matvælunum,

b) útreiknings út frá þekktum gildum eða raunverulegum meðalgildum í innihaldsefnunum sem eru notuð eða

c) útreiknings út frá almennt staðfestum og viðurkenndum gögnum.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir með ítarlegum reglum til að samræma framkvæmd þessarar málsgreinar að því er varðar nákvæmni yfirlýstra gilda, s.s. mismuninn á milli yfirlýstu gildanna og gilda sem eru staðfest við opinbert eftirlit. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

32. gr.

Upplýsingagjöf fyrir 100 g eða 100 ml

1. Orkugildið og magn næringarefna sem um getur í 1. til 5. mgr. 30. gr. skulu gefin upp í þeim mælieiningum sem skráðar eru í XV. viðauka.

2. Orkugildið og magn næringarefna sem um getur í 1. til 5. mgr. 30. gr. skulu gefin upp fyrir 100 g eða 100 ml.

3. Þegar yfirlýsing er gefin um vítamín og steinefni skal hún, auk upplýsingagjafarsniðsins sem um getur í 2. mgr., gefin upp sem hundraðshluti af þeirri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í 1. lið A-hluta XIII. viðauka í tengslum við magn í hverjum 100 g eða 100 ml.

4. Til viðbótar við upplýsingagjafarsniðið sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar má gefa upp orkugildið og magn næringarefna, sem um getur í 1., 3., 4. og 5. mgr. 30. gr., eins og við á, sem hundraðshluta af þeirri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í B-hluta XIII. viðauka í tengslum við magn í hverjum 100 g eða 100 ml.

5. Þegar upplýsingum er miðlað skv. 4. mgr. skal eftirfarandi viðbótaryfirlýsing tilgreind nálægt þeim: „Viðmiðunarneysla fyrir fullorðna meðalmanneskju (8400 kJ/2000 kkal)“.

33. gr.

Upplýsingagjöf fyrir skammt eða neyslueiningu

1. Í eftirfarandi tilvikum má gefa upp orkugildi og magn næringarefna, sem um getur í 1. til 5. mgr. 30. gr., fyrir skammt og/eða neyslueiningu sem neytandinn getur auðveldlega borið kennsl á, að því tilskildu að magn skammtsins eða einingarinnar sé tilgreint á merkimiðanum og fjöldi skammta eða eininga í pakkningunni sé tilgreindur:

a) auk upplýsingagjafarsniðs fyrir 100 g eða 100 ml sem um getur í 2. mgr. 32. gr.,

b) auk upplýsingagjafarsniðs fyrir 100 g eða 100 ml sem um getur í 3. mgr. 32. gr. að því er varðar magn vítamína og steinefna,

c) auk eða í staðinn fyrir það snið upplýsingagjafar fyrir 100 g eða 100 ml sem um getur í 4. mgr. 32. gr.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 32. gr. má, í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 3. mgr. 30. gr., gefa upp það magn næringarefna og/eða þá hundraðshluta viðmiðunarneyslu, sem fram koma í B-hluta XIII. viðauka, einungis fyrir skammt eða neyslueiningu.

Þegar magn næringarefna er gefið upp einungis fyrir skammt eða neyslueiningu í samræmi við fyrstu undirgrein skal gefa orkugildið upp fyrir 100 g eða 100 ml og fyrir skammt eða neyslueiningu.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. 32. gr. má, í þeim tilvikum sem um getur í 5. mgr. 30. gr., gefa upp orkugildi og magn næringarefna og/eða hundraðshluta viðmiðunarneyslu, sem fram koma í B-hluta XIII. viðauka, einungis fyrir skammt eða neyslueiningu.

4. Stærð skammtsins eða einingarinnar skal tilgreind nálægt næringaryfirlýsingunni.

5. Til að tryggja samræmda framkvæmd þess að næringaryfirlýsingin sé gefin upp fyrir skammt eða neyslueiningu og til að veita neytendum jafnan samanburðargrundvöll skal framkvæmdastjórnin, með tilliti til raunverulegrar neyslu-hegðunar neytenda og ráðlegginga um mataræði, samþykkja, með framkvæmdargerðum, reglur um upplýsingagjöf fyrir skammt eða neyslueiningu fyrir tiltekna flokka matvæla. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

34. gr.

Kynning

1. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 30. gr. skulu koma fram á sama sjónsviði. Þær skulu settar fram saman, á skýru sniði og, ef við á, í þeirri kynningarröð sem kveðið er á um í XV. viðauka.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 30. gr. skulu settar fram, ef rými leyfir, í töfluformi með jafna dálkstillingu á tölunum. Ef rými leyfir slíkt ekki skal yfirlýsingin sett fram á línulegu sniði.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr. skulu settar fram:

a) á meginsjónsviðinu og

b) með leturstærð í samræmi við 2. mgr. 13. gr.

Upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr. má setja fram á öðru sniði en því sem tiltekið er í 2. mgr. þessarar greinar.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 4. og 5. mgr. 30. gr. má setja fram á öðru sniði en því sem tiltekið er í 2. mgr. þessarar greinar.

5. Í tilvikum þegar orkugildið eða magn næringarefnis eða -efna í vöru er óverulegt má yfirlýsing í líkingu við „Inniheldur óverulegt magn af...“ koma í stað upplýsinganna um þá þætti og skal hún koma fram nálægt næringaryfirlýsingunni þegar hún er fyrir hendi.

Til að tryggja samræmda framkvæmd þessarar málsgreinar getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir um orkugildi og magn næringarefna, sem um getur í 1. til 5. mgr. 30. gr., sem líta má á að sé óverulegt. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

6. Til að tryggja samræmda beitingu á kynningu næringaryfirlýsingarinnar á því sniði, sem um getur í 1. til 4. mgr. þessarar greinar, getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir að því er þetta varðar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

35. gr.

Viðbótarsnið fyrir upplýsingagjöf og kynningu

1. Til viðbótar við þau snið upplýsingagjafar, sem um getur í 2. og 4. mgr. 32. gr. og 33. gr., og kynningarinnar, sem um getur í 2. mgr. 34. gr., má gefa upp orkugildi og magn næringarefna, sem um getur í 1. til 5. mgr. 30. gr., á öðrum sniðum upplýsingagjafar og/eða setja þau fram með myndrænum hætti eða táknum auk orða eða talna að því tilskildu að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) þau byggjast á traustum og vísindalega marktækum neytendarannsóknum og villa ekki um fyrir neytendum, eins og um getur í 7. gr.,

b) þróun þeirra er niðurstaðan úr samráði við fjölbreytta hópa hagsmunaaðila,

c) markmiðið er að greiða fyrir skilningi neytenda á framlagi eða mikilvægi matvælanna fyrir orku- og næringarefnainnihald fæðunnar,

d) þau eru studd af vísindalega marktækum sönnunum fyrir skilningi hins almenna neytanda á slíkum sniðum upplýsingagjafar eða kynningar,

e) ef um er að ræða önnur snið upplýsingagjafar byggjast þau annaðhvort á samræmdri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í XIII. viðauka eða, ef hún er ekki fyrir hendi, á almennt viðurkenndri vísindalegri ráðgjöf um inntöku orku eða næringarefna,

f) þau eru hlutlæg og án mismununar og

g) notkun þeirra skapar ekki hindranir fyrir frjálsa vöruflutninga.

2. Aðildarríki geta mælt með að stjórnendur matvælafyrirtækja noti eitt eða fleiri af þeim viðbótarsniðum upplýsingagjafar eða kynningar á næringaryfirlýsingunni sem þau telja að uppfylli best kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til g-lið 1. mgr. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina upplýsingar um slík viðbótarsnið upplýsingagjafar og kynningar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé fyrir hendi með viðbótarsniðum upplýsingagjafar eða kynningar á næringaryfirlýsingunni sem eru fyrir hendi á markaði á yfirráðasvæði þeirra.

Til að auðvelda eftirlit með notkun slíks viðbótarsniðs upplýsingagjafar eða kynningar geta aðildarríkin krafist þess að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem setja á markað á yfirráðasvæði þeirra matvæli sem bera slíkar upplýsingar, tilkynni lögbæra yfirvaldinu um notkun á viðbótarsniði upplýsingagjafar eða kynningar og leggi fyrir þau viðeigandi gögn varðandi uppfyllingu krafnanna sem mælt er fyrir um í a- til g-lið 1. mgr. Í slíkum tilvikum má einnig krefjast upplýsinga um það hvenær notkun slíks viðbótarsniðs upplýsingagjafar eða kynningar er hætt.

4. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda og skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkja, sín og hagsmunaaðila um málefni sem tengjast notkun á öllum viðbótarsniðum upplýsingagjafar eða kynningar á næringaryfirlýsingunni.

5. Í ljósi fenginnar reynslu skal framkvæmdastjórnin, fyrir 13. desember 2017, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um notkun á viðbótarsniði upplýsingagjafar og kynningar, um áhrif þeirra á innri markaðinn og um það hvort ráðlegt sé að samræma þessi viðbótarsnið upplýsingagjafar og kynningar enn frekar. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin miðla til framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi upplýsingum um notkun á slíku viðbótarsniði upplýsingagjafar eða kynningar á markaði á yfirráðasvæðum þeirra. Framkvæmdastjórnin getur látið tillögur um að breyta viðeigandi ákvæðum Sambandsins fylgja þeirri skýrslu.

6. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem settar eru fram ítarlegar reglur um framkvæmd 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

V. KAFLI

VALKVÆÐAR MATVÆLAUPPLÝSINGAR

36. gr.

Kröfur

1. Þegar þeim matvælaupplýsingum sem um getur í 9. og 10. gr. er miðlað valkvætt skulu slíkar upplýsingar uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. þætti IV. kafla.

2. Matvælaupplýsingar, sem er miðlað valkvætt, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær skulu ekki villa um fyrir neytendum, eins og um getur í 7. gr.,

b) þær skulu ekki vera tvíræðar eða ruglandi fyrir neytendur og

c) þær skulu, þegar við þá, byggjast á viðeigandi vísindagögnum.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um beitingu krafnanna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar að því er varðar eftirfarandi valkvæðar matvælaupplýsingar:

a) upplýsingar um hugsanlega og óviljandi tilvist efna eða vara, sem valda ofnæmi eða óþoli, í matvælum,

b) upplýsingar sem tengjast því hvort tiltekin matvæli henti fólki sem ekki borðar kjöt (e. *vegetarian*) eða fólki sem sneiðir hjá öllum dýrafurðum (e. *vegan*),

c) tilgreining á viðmiðunarneyslu fyrir tiltekna íbúahópa til viðbótar við viðmiðunarneyslu sem sett er fram í XIII. viðauka.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr.

4. Til að tryggja viðeigandi upplýsingamiðlun til neytenda þegar stjórnendur matvælafyrirtækja veita misvísandi valkvæðar matvælaupplýsingar, sem geta villt um fyrir neytendum eða ruglað þá í ríminu, getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., kveðið á um miðlun valkvæðra matvælaupplýsinga til viðbótar við þær sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

37. gr.

Kynning

Birting valkvæðra matvælaupplýsinga skal ekki skerða það rými sem tiltækt er fyrir lögboðnar matvælaupplýsingar.

VI. KAFLI

LANDSBUNDNAR RÁÐSTAFANIR

38. gr.

Landsbundnar ráðstafanir

1. Að því er varðar málefni sem sérstaklega eru samræmd með þessari reglugerð mega aðildarríkin ekki samþykkja landsbundnar ráðstafanir eða halda þeim í gildi nema leyfi sé gefið fyrir slíku í löggjöf Sambandsins. Þessar landsbundnu ráðstafanir skulu ekki skapa hindranir fyrir frjálsa vöruflutninga, þ.m.t. mismunun að því er varðar matvæli frá öðrum aðildarríkjum.

2. Með fyrirvara um 39. gr. geta aðildarríkin samþykkt landsbundnar ráðstafanir um málefni sem ekki eru sérstaklega samræmd með þessari reglugerð, að því tilskildu að þær banni ekki, hindri eða takmarki frjálsa vöruflutninga sem uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

39. gr.

Landsbundnar ráðstafanir um lögboðnar viðbótarupplýsingar

1. Auk þeirra lögboðnu upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 9. gr. og í 10. gr. geta aðildarríkin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 45. gr., samþykkt ráðstafanir þar sem krafist er lögboðinna viðbótarupplýsinga fyrir sérstakar tegundir eða flokka matvæla sem eru réttlættar á grundvelli a.m.k. eins af eftirfarandi atriðum:

a) verndunar lýðheilsu,

b) neytendaverndar,

c) forvarna gegn svikum,

d) verndar eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta, upplýsinga um uppruna, skráðra upprunatáknana og forvarna gegn ójöfnum samkeppnisskilyrðum.

2. Með beitingu 1. mgr. geta aðildarríkin innleitt ráðstafanir, er varða lögboðna tilgreiningu upprunalands eða upprunastaðar matvæla, einungis þegar sannað er að tengsl séu á milli tiltekinna eiginleika matvælanna og upprunalands þeirra eða -staðar. Þegar aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir skulu þau leggja fram sannanir fyrir því að meirihluti neytenda telji það hafa umtalsvert gildi að þær upplýsingar komi fram.

40. gr.

Mjólk og mjólkurafurðir

Aðildarríkin geta samþykkt ráðstafanir sem víkja frá 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. ef um er að ræða mjólk og mjólkurafurðir í endurnotanlegum glerflöskum.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

41. gr.

Áfengir drykkir

Aðildarríkin geta, meðan beðið er eftir samþykkt ákvæða Sambandsins sem um getur í 4. mgr. 16. gr., haldið í gildi landsbundnum ráðstöfunum að því er varðar skráningu innihaldsefna ef um er að ræða drykkjarvörur sem innihalda meira en 1,2% alkóhól miðað við rúmmál.

42. gr.

Upplýsingar um nettómagn

Ef ákvæði Sambandsins, sem um getur í 2. mgr. 23. gr. um að gefa upp nettómagn fyrir tiltekin matvæli á annan hátt en kveðið er á um í 1. mgr. 23. gr., eru ekki fyrir hendi geta aðildarríkin haldið í gildi landsbundnum ráðstöfunum sem samþykktar eru fyrir 12. desember 2011.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir fyrir 13. desember 2014. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær.

43. gr.

Valkvæð tilgreining á viðmiðunarneyslu fyrir sérstaka íbúahópa

Aðildarríkin geta, meðan beðið er eftir samþykkt ákvæða Sambandsins sem um getur í c-lið 3. mgr. 36. gr., samþykkt landsbundnar ráðstafanir um valkvæða tilgreiningu á viðmiðunarneyslu fyrir sérstaka íbúahópa.

Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

44. gr.

Landsbundnar ráðstafanir vegna matvæla sem ekki eru forpökkuð

1. Þegar matvæli eru boðin til sölu til lokaneytenda eða stóreldhúsa án forpökkunar eða matvælum er pakkað inn á sölustað að beiðni neytandans eða forpakkað til beinnar sölu:

a) er miðlun upplýsinganna sem tilgreindar eru í c-lið 1. mgr. 9. gr. lögboðin,

b) er miðlun annarra upplýsinga sem um getur í 9. og 10. gr. ekki lögboðin nema aðildarríki samþykki landsbundnar ráðstafanir þar sem krafist er að einhverjum eða öllum þeim upplýsingum eða þáttum þeirra sé miðlað.

2. Aðildarríkin geta samþykkt landsbundnar ráðstafanir varðandi þær aðferðir sem nota skal til að gera tiltækar þær upplýsingar eða þætti þeirra upplýsinga, sem tilgreindar eru í 1. mgr. og, ef við á, snið upplýsingagjafarinnar og kynningarinnar.

3. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta ráðstafananna sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 2. mgr.

45. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Þegar vísað er til þessarar greinar skal aðildarríkið, sem telur nauðsynlegt að samþykkja ný lög um matvælaupplýsingar, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum fyrirfram um fyrirhugaðar ráðstafanir og leggja fram réttmætar ástæður fyrir þeim.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 ef hún telur slíkt samráð gagnlegt eða ef aðildarríki fer fram á það. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að það ferli sé gagnsætt fyrir alla hagsmunaaðila.

3. Aðildarríkið, sem telur nauðsynlegt að samþykkja ný lög um matvælaupplýsingar, getur einungis gert fyrirhugaðar ráðstafanir að liðnum þremur mánuðum frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að hún hafi ekki fengið neikvætt álit frá framkvæmdastjórninni.

4. Ef álit framkvæmdastjórnarinnar er neikvætt skal hún, áður en tímamörkin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eru liðin, setja af stað rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. til að skera úr um hvort framkvæma megi fyrirhugaðar ráðstafanir, ef nauðsynlegt er með viðeigandi breytingum.

5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([38]) gildir ekki um ráðstafanir sem falla undir málsmeðferðina við tilkynningu sem tilgreind er í þessari grein.

VII. KAFLI

FRAMKVÆMDA-, BREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

46. gr.

Breytingar á viðaukunum

Til að taka tillit til tækniframfara, vísindalegrar þróunar, heilsufars neytenda eða upplýsingaþarfar neytenda og með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 21. gr. er varða breytingar á II. og III. viðauka getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., breytt viðaukunum við þessa reglugerð.

47. gr.

Umbreytingartímabil og gildistökudagur framkvæmdarráðstafana eða framseldra gerða

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, þegar framkvæmdastjórnin beitir því valdi sem henni er falið með þessari reglugerð til að samþykkja ráðstafanir með framkvæmdargerðum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. eða með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr., skal hún:

a) veita viðeigandi umbreytingartímabil til beitingar nýju ráðstafananna en á meðan á því stendur má setja á markað matvæli með merkingar sem ekki samræmast nýju ráðstöfunum og að því loknu má halda áfram að selja birgðir af slíkum matvælum, sem hafa verið settar á markað fyrir lok umbreytingartímabilsins, þangað til þær eru uppurnar og

b) sjá til þess að þessar ráðstafanir gildi frá og með 1. apríl á gefnu almanaksári.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í brýnum tilvikum þegar tilgangurinn með ráðstöfununum sem um getur í þeirri málsgrein er heilsuvernd manna.

48. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Sú nefnd er nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykka drögin að framkvæmdagerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

49. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1924/2006

Í stað fyrstu og annarrar málsgreinar 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 komi eftirfarandi:

„Næringarmerking (áður þýtt sem merking næringargildis) vara sem næringar- og/eða heilsufullyrðing er sett fram fyrir er lögboðin, að undanteknum almennum auglýsingum. Þær upplýsingar sem miðla skal skulu samanstanda af þeim sem eru tilgreindar í 1. mgr. 30. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda ([*]). Þegar næringar- og/eða heilsufullyrðing er sett fram fyrir næringarefni sem um getur í 2. mgr. 30. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 skal magn þess næringarefnis talið upp í samræmi við 31. til 34. gr. þeirrar reglugerðar.

Magn efnisins eða efnanna, sem næringar- eða heilsufullyrðing á við um, sem kemur ekki fram í næringarmerkingunni skal tilgreint innan sama sjónsviðs og næringarmerkingin og skal gefið upp í samræmi við 31., 32. og 33. gr. tilskipunar (ESB) 1169/2011. Þær mælieiningar sem notaðar eru til að gefa upp magn efnisins skulu vera viðeigandi fyrir það tiltekna efni.“

([38]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

([*]) Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

50. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1925/2006

Í stað 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 komi eftirfarandi:

„3. Næringarmerking vara, sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í og sem falla undir þessa reglugerð, er lögboðin. Þær upplýsingar sem miðla skal skulu samanstanda af þeim sem eru tilgreindar í 1. mgr. 30. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (*) og upplýsingum um heildarmagn vítamínanna og steinefnanna í matvælunum eftir íblöndunina.“

(*) Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

51. gr.

Beiting framsalsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Valdið til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 9. gr. (3. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 12. gr. (3. mgr.), 13. gr. (4. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (2. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 23. gr. (2. mgr.), 30. gr. (6. mgr.), 31. gr. (2. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 46. gr. skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár eftir 12. desember 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en 9 mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 9. gr. (3. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 12. gr. (3. mgr.), 13. gr. (4. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (2. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 23. gr. (2. mgr.), 30. gr. (6. mgr.), 31. gr. (2. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 46. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 9. gr. (3. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 12. gr. (3. mgr.), 13. gr. (4. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (2. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 23. gr. (2. mgr.), 30. gr. (6. mgr.), 31. gr. (2. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 46. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

52. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal taka fram ástæðurnar fyrir því að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 51. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

53. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipanir 87/250/EBE, 90/496/EBE, 1999/10/EB, 2000/13/EB, 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð (EB) nr. 608/2004 falla úr gildi frá og með 13. desember 2014.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

54. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 13. desember 2014 og uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar, má setja á markað þar til birgðir af matvælunum eru uppurnar.

Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 13. desember 2016 og uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í l-lið 1. mgr. 9. gr., má setja á markað þar til birgðir af matvælunum eru uppurnar.

Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 1. janúar 2014 og uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta VI. viðauka, má setja á markað þar til birgðir af matvælunum eru uppurnar.

2. Ef næringaryfirlýsing er gefin upp valkvætt skal hún, á tímabilinu frá 13. desember 2014 til 13. desember 2016, uppfylla ákvæði 30. til 35. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 90/496/EBE, 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og 3. mgr. 7. gr. í reglugerð (EB) nr. 1925/2006 má setja matvæli sem merkt eru í samræmi við 30. til 35. gr. þessarar reglugerðar á markað fyrir 13. desember 2014.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 frá 30. nóvember 2009 um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 ([39]) má setja matvæli, sem merkt eru í samræmi við B-hluta VI. viðauka við þessa reglugerð, á markað fyrir 1. janúar 2014.

55. gr.

Gildistaka og gildistökudagur

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 13. desember 2014 að undanteknum l-lið 1. mgr. 9. gr. sem gildir frá 13. desember 2016 og B-hluta VI. viðauka, sem gildir frá 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. október 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	M. DOWGIELEWICZ

([39]) Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 10.

I. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR SKILGREININGAR

Sem um getur í 4. mgr. 2. gr.

1. „næringaryfirlýsing“ eða „næringarmerking“: upplýsingar þar sem fram kemur:

   a) orkugildi eða

   b) orkugildi og eitt eða fleiri af eftirfarandi næringarefnum og engin önnur:

   – fita (mettuð, einómettuð, fjölómettuð),

   – kolvetni (sykur, fjölalkóhól, sterkja),

   – salt,

   – trefjar,

   – prótín,

   – þau vítamín eða steinefni sem skráð eru í 1. lið A-hluta XIII. viðauka sem koma fyrir í marktæku magni, eins og skilgreint er í 2. lið A. hluta XIII. viðauka,

2. „fita“: heildarlípíð, þ.m.t. fosfórlípíð,

3. „mettuð fita“: fitusýrur án tvítengis,

4. „transfita“: fitusýrur með a.m.k. eitt ótengt (þ.e.a.s. rofið af a.m.k. einum metýlenhópi) kolefnis-kolefnis-tvítengi í trans-stöðu,

5. „einómettaðar fitusýrur“: fitusýrur með eitt sis-tvítengi,

6. „fjölómettaðar fitusýrur“: fitusýrur með tvö eða fleiri sis, sis-metýlenrofin tvítengi,

7. „kolvetni“: öll kolvetni sem brotna niður í efnaskiptum mannslíkamans, þ.á m. fjölalkóhól,

8. „sykur“: allar einsykrur og tvísykrur sem finnast í matvælum, að fjölalkóhólum undanskildum,

9. „fjölalkóhól“: alkóhól sem innihalda fleiri en tvo hýdroxýlhópa,

10. „prótín“: prótíninnihald sem er reiknað með formúlunni: prótín = allt Kjeldahl-köfnunarefni × 6,25,

11. „salt“: saltjafngildisinnihald reiknað með formúlunni: salt = natríum × 2,5,

12. „trefjar“: kolvetnafjölliður með þrjár eða fleiri einliðueiningar sem hvorki meltast né frásogast í smáþörmum manna og tilheyra eftirfarandi flokkum:

   – ætar kolvetnafjölliður sem eru frá náttúrunnar hendi í matvælum eins og þeirra er neytt,

   – ætar kolvetnafjölliður sem eru unnar úr matvælahráefnum með eðlisfræðilegum aðferðum, aðferðum þar sem ensím eru notuð eða efnafræðilegum aðferðum og sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif sem hafa verið staðfest með niðurstöðum úr almennt viðurkenndum rannsóknum,

   – tilbúnar, ætar kolvetnafjölliður sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif sem hafa verið staðfest með niðurstöðum úr almennt viðurkenndum rannsóknum,

13. „meðalgildi“: það gildi sem best sýnir magn næringarefnisins, sem tiltekin matvæli innihalda, með tilliti til frávika vegna árstíðabundins breytileika, neyslumynstra og annarra þátta sem geta valdið sveiflum á raungildinu.

———

II. VIÐAUKI

EFNI EÐA VÖRUR SEM VALDA OFNÆMI EÐA ÓÞOLI

1. Kornvörur sem innihalda glúten, þ.e.: hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, taumhveiti (*kamut*) eða blendingar þeirra, og afurðir úr þeim, nema:

   a) glúkósasíróp unnið úr hveiti, þ.m.t. þrúgusykur ([40]),

   b) maltódextrín unnið úr hveiti ([41]),

   c) glúkósasíróp unnið úr byggi,

   d) kornvörur sem notaðar eru til að búa til áfengt eimi, þ.m.t. etanól úr landbúnaði

2. Krabbadýr og afurðir úr þeim

3. Egg og afurðir úr þeim

4. Fiskur og fiskafurðir, nema:

   a) fiskgelatín, notað sem burðarefni fyrir vítamín eða karótenóíðblöndur,

   b) fiskgelatín eða fiskilím, notað sem felliefni í bjór og léttvín

5. Jarðhnetur og afurðir úr þeim

6. Sojabaunir og afurðir úr þeim, nema:

   a) fullhreinsuð sojaolía og fita ([42]),

   b) náttúruleg, blönduð tókóferól (E306), náttúrulegt D-alfatókóferól, náttúrulegt D-alfatókóferólasetat, náttúrulegt D-alfatókóferólsúksínat úr sojabaunum,

   c) plöntusteról og plöntusterólesterar, unnir úr jurtaolíum sem upprunnar eru úr sojabaunum,

   d) plöntustanólester framleiddur úr plöntuolíusterólum úr sojabaunum

7. Mjólk og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi), nema:

   a) mysa sem notuð er til að búa til áfengt eimi, þ.m.t. etanól úr landbúnaði,

   b) laktítól

8. Hnetur, þ.e.: möndlur (*Amygdalus communis* L.), heslihnetur (*Corylus avellana*), valhnetur (*Juglans regia*), kasjúhnetur (*Anacardium occidentale*), pekanhnetur (*Carya illinoinensis* (Wangenh.) K. Koch), parahnetur *(Bertholletia excelsa*), pistasíuhnetur (*Pistacia vera*), goðahnetur eða Queensland-hnetur (*Macadamia ternifolia*), og afurðir úr þeim, að undanteknum hnetum sem notaðar eru til að búa til áfeng eimi, þ.m.t. etanól úr landbúnaði

9. Sellerí og afurðir úr því

10. Sinnep og afurðir úr því

11. Sesamfræ og afurðir úr þeim

12. Brennisteinsdíoxíð og súlfít í styrk yfir 10 mg/kg eða 10 mg/lítra, gefið upp sem heildarstyrkur SO_2, sem skal reikna fyrir vörur sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar með því að bæta vatni í þær samkvæmt leiðbeiningum framleiðendanna,

13. Lúpína og afurðir úr henni

14. Lindýr og afurðir úr þeim.

———

([40]) Ásamt afurðum úr því, að því tilskildu að vinnsluferlið sé ekki líklegt til að auka ofnæmisvirkni eins og Matvælaöryggisstofnunin hefur metið hana í upprunavöru þeirra.

([41]) Ásamt afurðum úr því, að því tilskildu að vinnsluferlið sé ekki líklegt til að auka ofnæmisvirkni eins og Matvælaöryggisstofnunin hefur metið hana í upprunavöru þeirra.

([42]) Ásamt afurðum úr því, að því tilskildu að vinnsluferlið sé ekki líklegt til að auka ofnæmisvirkni eins og Matvælaöryggisstofnunin hefur metið hana í upprunavöru þeirra.

III. VIÐAUKI

MATVÆLI SEM SKULU MERKT ÞANNIG AÐ VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR, EITT ATRIÐI EÐA FLEIRI, KOMI ÞAR FRAM

TEGUND EÐA FLOKKUR MATVÆLA	UPPLÝSINGAR
1. **Matvæli sem er pakkað með tilteknum gastegundum**	
1.1. Matvælum þar sem geymsluþol hefur verið aukið með notkun á loftskiptum sem eru leyfðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.	„Pakkað í loftskiptar umbúðir“.
2. **Matvæli sem innihalda sætuefni**	
2.1. Matvæli sem innihalda eitt eða fleiri sætuefni sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.	Yfirlýsingin „með sætuefni/sætuefnum“ skal fylgja heiti matvælanna.
2.2. Matvæli sem innihalda bæði viðbættan sykur, eina eða fleiri tegundir, og eitt eða fleiri sætuefni sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.	Yfirlýsingin „með sykri og sætuefni/sætuefnum“ skal fylgja heiti matvælanna.
2.3. Matvæli sem innihalda aspartam/aspartam-asesúlfamsalt sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.	Orðin „inniheldur aspartam (inniheldur fenýlalanín)“ skulu koma fram á merkimiðanum þegar aspartam/aspartam-asesúlfamsalt er einungis tilgreint með E-númeri í listanum yfir innihaldsefnin. Orðin „inniheldur fenýlalanín“ skulu koma fram á merkimiðanum í tilvikum þegar aspartam/aspartam-asesúlfamsalt er tilgreint með sérheiti í listanum yfir innihaldsefnin.
2.4. Matvæli sem innihalda meira en 10% af viðbættu fjölalkóhóli sem er leyft samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.	„mikil neysla vörunnar getur haft hægðalosandi áhrif“.
3. **Matvæli sem innihalda glýsyrrisínsýru eða ammóníumsalt hennar**	
3.1. Sælgæti eða drykkjarvörur, sem innihalda glýsyrrisínsýru eða ammoníumsalt hennar vegna þess að efninu eða efnunum sjálfum hefur verið bætt við eða lakkrísplöntunni Glycyrrhiza glabra að styrkleika 100 mg/kg eða 10 mg/l eða meira.	Orðunum „inniheldur lakkrís“ skal bætt við strax á eftir listanum yfir innihaldsefnin nema orðið „lakkrís“ sé þegar í listanum yfir innihaldsefni eða komi fyrir í heiti matvælanna. Ef listi yfir innihaldsefni liggur ekki fyrir skal yfirlýsingin fylgja heiti matvælanna.
3.2. Sælgæti sem inniheldur glýsyrrisínsýru eða ammóníumsalt hennar vegna þess að efninu eða efnunum sjálfum hefur verið bætt við eða lakkrísplöntunni Glycyrrhiza glabra að styrkleika 4 g/kg eða meira.	Orðunum „inniheldur lakkrís – einstaklingar með háþrýsting skulu forðast að neyta vörunnar í miklu magni“ skal bætt við strax á eftir listanum yfir innihaldsefnin. Ef listi yfir innihaldsefni liggur ekki fyrir skal yfirlýsingin fylgja heiti matvælanna.
3.3. Drykkjarvörur sem innihalda glýsyrrisínsýru eða ammoníumsalt hennar vegna þess að efninu eða efnunum sjálfum hefur verið bætt við eða lakkrísplöntunni Glycyrrhiza glabra að styrkleika 50 mg/l eða meira eða 300 mg/l eða meira ef um er að ræða drykkjarvörur sem innihalda meira en 1,2% vínanda miðað við rúmmál ([1]).	Orðunum „inniheldur lakkrís – einstaklingar með háþrýsting skulu forðast að neyta vörunnar í miklu magni“ skal bætt við strax á eftir listanum yfir innihaldsefnin. Ef listi yfir innihaldsefni liggur ekki fyrir skal yfirlýsingin fylgja heiti matvælanna.

TEGUND EÐA FLOKKUR MATVÆLA	UPPLÝSINGAR
4. **Drykkjarvörur sem innihalda mikið af koffíni eða matvæli með viðbættu koffíni**	
4.1. Drykkjarvörur, að undanskildum þeim sem eru að uppistöðu úr kaffi, tei eða kaffi- eða tekjarna þegar heiti matvælanna inniheldur hugtakið „kaffi“ eða „te“, sem eru: – ætlaðar til neyslu án breytinga og innihalda koffín, hvaðan sem það er upprunnið, og hlutfall þess er yfir 150 mg/l eða – eru þykktar eða þurrkaðar og innihalda koffín eftir endurupplausn, hvaðan sem það er upprunnið, og hlutfall þess er yfir 150 mg/l.	Orðin „Inniheldur mikið af koffíni. Ekki æskilegt fyrir börn eða barnshafandi konur eða konur með barn á brjósti“ skulu koma fram á sama sjónsviði og heiti drykkjarins og þar á eftir tilvísun, innan sviga, til koffíninnihaldsins, gefið upp í mg á 100 ml, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar.
4.2. Matvæli önnur en drykkjarvörur með viðbættu koffíni í lífeðlisfræðilegum tilgangi.	Orðin „Inniheldur koffín. Ekki æskilegt fyrir börn eða barnshafandi konur“ skulu koma fram á sama sjónsviði og heiti matvælanna og þar á eftir tilvísun, innan sviga, til koffíninnihaldsins, gefið upp í mg í 100 g/ml, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar. Ef um er að ræða fæðubótarefni skal koffíninnihaldið gefið upp á merkingunni fyrir einn skammt sem ráðlagður, daglegur neysluskammtur.
5. **Matvæli með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólesterum, plöntustanólum eða plöntustanólesterum**	
5.1. Matvæli eða innihaldsefni matvæla með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólesterum, plöntustanólum eða plöntustanólesterum.	1) Orðin „með viðbættum plöntusterólum“ eða „með viðbættum plöntustanólum“ komi fram á sama sjónsviði og heiti matvælanna. 2) Magn viðbætts plöntusteróls, plöntusterólestera, plöntustanóls eða plöntustanólestera (gefið upp sem % eða sem g af óbundnum plöntusterólum eða plöntustanólum á 100 g eða 100 ml af matvælunum) skal koma fram í listanum yfir innihaldsefnin. 3) Yfirlýsing um að matvælin séu einungis fyrir fólk sem vill minnka kólesterólmagn í blóði. 4) Yfirlýsing um að sjúklingar, sem taka lyf til að minnka kólesteról, skuli einungis neyta vörunnar undir eftirliti læknis. 5) Auðsjáanleg og læsileg yfirlýsing um að matvælin séu í næringarfræðilegu tilliti ef til vill ekki heppileg fyrir þungaðar konur eða konur með börn á brjósti og börn yngri en fimm ára. 6) Það ráð að matvælin skuli vera hluti af rétt samsettu og fjölbreyttu mataræði sem felst m.a. í reglulegri neyslu ávaxta og grænmetis til að viðhalda karótenóíðmagni. 7) Innan sama sjónsviðs og yfirlýsingin sem um getur í 3. lið hér að framan skal vera yfirlýsing um að forðast skuli neyslu á meira en 3 g af viðbættum plöntusterólum eða plöntustanólum á dag. 8) Skilgreining á skammti viðkomandi matvæla eða innihaldsefna matvælanna (helst í g eða ml) ásamt magni plöntusteróls eða plöntustanóls í hverjum skammti.
6. **Frosið kjöt, frosin, unnin kjötvara og frosnar, óunnar lagarafurðir**	
6.1. Frosið kjöt, frosin, unnin kjötvara og frosnar, óunnar lagarafurðir.	Dagsetning frystingar eða dagsetning fyrstu frystingar ef varan hefur verið fryst oftar en einu sinni, í samræmi við 3. lið X. viðauka.

([1]) Viðmiðunargildið á við um vörur sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda.

IV. VIÐAUKI

SKILGREINING Á x-HÆÐ

x-HÆÐ



Skýringartexti

1	Hæðarlína
2	Hástafahæð
3	Miðlína
4	Grunnlína
5	Botnlína
6	x-hæð
7	Leturstærð

V. VIÐAUKI

MATVÆLI SEM ERU UNDANÞEGIN FRÁ KRÖFUNNI UM LÖGBOÐNA NÆRINGARYFIRLÝSINGU

1. Óunnar afurðir sem samanstanda af einu innihaldsefni eða einum flokki innihaldsefna.

2. Unnar afurðir þegar eina vinnslan sem þær hafa gengið í gegnum er þroskun og þær samanstanda af einu innihaldsefni eða einum flokki innihaldsefna.

3. Vatn sem er ætlað til manneldis, þ.m.t. vatn þar sem einu viðbættu innihaldsefnin eru koltvísýringur og/eða bragðefni.

4. Ein kryddjurt, eitt krydd eða blöndur krydda og/eða kryddjurta.

5. Salt og saltlíki.

6. Borðsætuefni.

7. Afurðir sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/4/EB frá 22. febrúar 1999 um kaffikjarna og síkóríukjarna ([43]), heilar eða malaðar kaffibaunir og heilar eða malaðar koffínsneyddar kaffibaunir.

8. Jurta- og ávaxtaseyði, te, koffínsneytt te, skyndite eða uppleysanlegt te eða tekjarni, koffínsneytt skyndite eða uppleysanlegt te eða tekjarni, sem inniheldur ekki önnur viðbætt innihaldsefni en bragðefni sem breyta ekki næringargildi tesins.

9. Gerjað edik og staðgönguefni fyrir edik, þ.m.t. þau sem einungis hafa viðbætt bragðefni.

10. Bragðefni.

11. Matvælaaukefni.

12. Hjálparefni við vinnslu.

13. Matvælaensím.

14. Gelatín.

15. Hlaupmyndandi efni fyrir sultu.

16. Ger.

17. Tyggigúmmí.

18. Matvæli í umbúðum eða ílátum þar sem stærsti yfirborðsflöturinn hefur flatarmál undir 25 cm^2.

19. Matvæli, þ.m.t. handunnin matvæli, sem framleiðandi lítils magns vara afhendir beint til lokaneytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda vörur beint til lokaneytenda.

———

([43]) Stjtíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 26.

VI. VIÐAUKI

HEITI MATVÆLA OG SÉRTÆKAR UPPLÝSINGAR SEM ÞEIM FYLGJA

A. HLUTI — LÖGBOÐNAR UPPLÝSINGAR SEM FYLGJA HEITI MATVÆLANNA

1. Heiti matvælanna skal innihalda eða því skulu fylgja upplýsingar um eðlisrænt ástand matvælanna eða þá sérstöku meðhöndlun sem þau hafa hlotið (t.d. mulning í duft, endurfrystingu, frostþurrkun, hraðfrystingu, þykkingu, reykingu) í öllum tilvikum þegar það að sleppa slíkum upplýsingum getur villt um fyrir neytendum.

2. Ef um er að ræða matvæli sem hafa verið fryst fyrir sölu og eru seld þídd skal heiti matvælanna fylgja tilgreiningin „þídd“.

   Þessi krafa gildir ekki um eftirfarandi:

   a) innihaldsefni í lokaafurð,

   b) matvæli þegar frysting er tæknilega nauðsynlegt skref í framleiðsluferli þeirra,

   c) matvæli þegar þíðingin hefur ekki neikvæð áhrif á öryggi eða gæði þeirra.

   Þessi liður gildir með fyrirvara um 1. lið.

3. Matvæli sem eru meðhöndluð með jónandi geislun skulu merkt með einni af eftirfarandi tilgreiningum:

   „geisluð“ eða „meðhöndluð með jónandi geislun“ og öðrum tilgreiningum eins og lýst er yfir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun ([44]).

4. Ef um er að ræða matvæli, þar sem efnisþætti eða innihaldsefni, sem neytendur búast við að sé venjulega notað eða sé á náttúrulegan hátt fyrir hendi, hefur verið skipt út fyrir annan efnisþátt eða innihaldsefni, skal vera á merkingunni, auk listans yfir innihaldsefnin, skýr tilgreining á efnisþættinum eða innihaldsefninu sem var notað að hluta til eða öllu leyti í staðinn:

   a) nálægt heiti vörunnar og

   b) með leturstærð sem hefur x-hæð sem er a.m.k. 75% af x-hæð heitis vörunnar og er ekki minni en lágmarksleturstærðin sem krafist er í 2. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar.

5. Ef um er að ræða kjötafurðir, unnar kjötvörur og lagarafurðir sem innihalda viðbætt prótín sem slík, þ.m.t. vatnsrofin prótín, sem koma úr öðrum dýrategundum, skal í heiti matvælanna vera tilgreining á tilvist þessara prótína og uppruna þeirra.

6. Ef um er að ræða kjötafurðir og unnar kjötvörur sem hafa útlit kjötstykkis, kjötstykkis með beini, sneiðar, skammts eða kjötskrokks skal í heiti matvælanna tilgreint að í þeim sé viðbætt vatn ef viðbætta vatnið er meira en 5% af þyngd fullunnu vörunnar. Sömu reglur gilda þegar um er að ræða lagarafurðir og tilreiddar lagarafurðir sem hafa útlit fiskstykkis, fiskstykkis með beini, sneiðar, skammts, flaks eða heillar lagarafurðar.

7. Kjötafurðir, unnar kjötvörur og lagarafurðir sem geta virst vera búnar til úr heilu stykki af kjöti eða fiski en samanstanda í raun af mismunandi stykkjum sem sett eru saman með öðrum innihaldsefnum, þ.m.t. matvælaaukefnum og matvælaensímum eða með öðrum aðferðum, skulu merkt með eftirfarandi tilgreiningu:

   á búlgörsku: „формовано месо“ og „формована риба“

   á spænsku: „combinado de piezas de carne“ og „combinado de piezas de pescado“

   á tékknesku: „ze spojovan‡ch kousků masa“ og „ze spojovan‡ch kousků rybího masa“

   á dönsku: „Sammensat af stykker af kød“ og „Sammensat af stykker af fisk“

   á þýsku: „aus Fleischstücken zusammengefügt“ og „aus Fischstücken zusammengefügt“

([44]) Stjtíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16.

á eistnesku: „liidetud liha“ og „liidetud kala“

á grísku: „μορφοποιημένο κρέας“ og „μορφοποιημένο ψάρι“

á ensku: „formed meat“ og „formed fish“

á frönsku: „vioge reconstituée“ og „poisson reconstitué“

á írsku: „píosaí feola ceangailte“ og „píosaí éisc ceangailte“

á ítölsku: „carne ricomposta“ og „pesce ricomposto“

á lettnesku: „formēta gaļa“ og „formēta zivs“

á litháísku: „sudarytas (-a) iš mėsos gabalų“ og „sudarytas (-a) iš žuvies gabalų“

á ungversku: „darabokból újraformázott hús“ og „darabokból újraformázott hal“

á maltnesku: „laħam rikostitwit“ og „ħut rikostitwit“

á hollensku: „samengesteld uit stukjes vlees“ og „samengesteld uit stukjes vis“

á pólsku: „z połączonych kawałków mięsa“ og „z połączonych kawałków ryby“

á portúgölsku: „carne reconstituída“ og „peixe reconstituído“

á rúmensku: „carne formată“ og „carne de pește formată“

á slóvakísku: „spájané alebo formované mäso“ og „spájané alebo formované ryby“

á slóvensku: „sestavljeno, iz koščkov oblikovano meso“ og „sestavljene, iz koščkov oblikovane ribe“

á finnsku: „paloista yhdistetty liha“ og „paloista yhdistetty kala“

á sænsku: „sammanfogade bitar av kött“ og „sammanfogade bitar av fisk“

á norsku: „sammensatte stykker av kjøtt“ og „sammensatte stykker af fisk“

á íslensku: „samsett úr stykkjum úr kjöti“ og „samsett úr stykkjum úr fiski“.

B-HLUTI — SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI TILGREININGUNA „HAKKAÐ KJÖT“

1. Viðmiðanir fyrir samsetningu sem eftirlit er haft með á grundvelli dagsmeðaltals:

	Fituinnihald	Hlutfall kollagens af kjötprótíni ([1])
— magurt, hakkað kjöt,	≤ 7%	≤ 12%
— hreint, hakkað nautakjöt,	≤ 20%	≤ 15%
— hakkað kjöt sem inniheldur svínakjöt,	≤ 30%	≤ 18%
— hakkað kjöt af öðrum dýrategundum,	≤ 25%	≤ 15%

([1]) Hlutfall kollagens af kjötprótíni er gefið upp sem hundraðshluti kollagens af kjötprótíni. Kollageninnihaldið er innihald hýdroxýprólíns margfaldað með 8.

2. Auk krafnanna, sem mælt er fyrir um í IV. kafla V. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, verður að gefa eftirfarandi upp á merkingunni:

– „fituinnihald minna en ...%“,

– „hlutfall kollagens af kjötprótíni er minna en ...%“,

3. Aðildarríkin geta leyft að sett verði á innanlandsmarkaði þeirra hakkað kjöt sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. lið þessa hluta, og það beri landsmerki sem ekki er hægt að rugla saman við merkin sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

C-HLUTI — SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI TILGREININGU Á PYLSUGÖRNUM

Ef pylsugörn er ekki æt skal tilgreina slíkt.

VII. VIÐAUKI

TILGREINING OG MERKING INNIHALDSEFNA

A. HLUTI — SÉRTÆK ÁKVÆÐI VARÐANDI TILGREININGU INNIHALDSEFNA Í LÆKKANDI RÖÐ EFTIR ÞYNGD

Flokkur innihaldsefna	Ákvæði um tilgreiningu eftir þyngd
1. Viðbætt vatn og rokgjarnar vörur	Skal talið upp í röð miðað við þyngd í fullunnu vörunni. Magn vatns sem er bætt við sem innihaldsefni í matvælum skal reiknað með því að draga heildarmagn annarra innihaldsefna frá heildarmagni fullunnu vörunnar. Ekki þarf að taka tillit til þessa magns ef það fer ekki yfir 5% af þyngd fullunnu vörunnar. Þessi undanþága á ekki við um kjöt, unnar kjötvörur, óunnar lagarafurðir og óunnar samlokur.
2. Innihaldsefni sem eru notuð í þykktu eða þurrkuðu formi og eru endurgerð með því að bæta vatni í þau við framleiðslu	Má telja upp í röð eftir þyngd eins og skráð var fyrir þykkingu eða þurrkun
3. Innihaldsefni sem eru notuð í þykkt eða þurrkuð matvæli sem ætlast er til að séu endurgerð með því að bæta vatni í þau	Má telja upp í röð eftir hundraðshlutfalli í endurgerðu vörunni að því tilskildu að listanum yfir innihaldsefnin fylgi orðalag í líkingu við „innihaldsefni í endurgerðri vöru“ eða „innihaldsefni í vöru sem er tilbúin til notkunar“
4. Aldin, grænmeti eða sveppir, notuð í blöndu sem innihaldsefni í matvælum, þegar ekkert þeirra er umtalsvert þyngra en annað og þau eru notuð í hlutföllum sem líklegt er að séu breytileg	Má hópa saman í listanum yfir innihaldsefnin undir tilgreiningunni „aldin“, „grænmeti“ eða „sveppir“ og á eftir komi orðin „í breytilegu hlutfalli“ og strax þar á eftir komi upptalning á þeim aldinum, grænmeti eða sveppum sem eru fyrir hendi Í slíkum tilvikum skal blandan höfð með í listanum yfir innihaldsefnin í samræmi við 1. mgr. 18. gr., á grunni heildarþyngdar aldinanna, grænmetisins eða sveppanna sem eru fyrir hendi
5. Krydd- eða kryddjurtablöndur þegar engin ein þeirra er umtalsvert þyngri en hinar	Má telja upp í mismunandi röð að því tilskildu að listanum yfir innihaldsefnin fylgi orðalag s.s. „í breytilegu hlutfalli“
6. Innihaldsefni sem eru innan við 2% af fullunnu vörunni	Má telja upp í mismunandi röð á eftir hinum innihaldsefnunum
7. Innihaldsefni sem eru svipuð eða er hægt að nota í staðinn fyrir hvort annað, sem líklegt er að séu notuð í framleiðslu eða tilreiðslu á matvælum án þess að það breyti samsetningu þeirra, eðli eða skynjuðu gildi, svo fremi að þau myndi innan við 2% af fullunnu vörunni	Má vísa til í listanum yfir innihaldsefnin með yfirlýsingunni „inniheldur … og/eða … “, þegar a.m.k. annað af ekki fleiri en tveimur innihaldsefnum er fyrir hendi í fullunnu vörunni. Þetta ákvæði gildir hvorki um matvælaaukefni eða innihaldsefni sem skráð eru í C-hluta þessa viðauka né um efni eða vörur sem valda ofnæmi eða óþoli og eru á skrá í II. viðauka
8. Hreinsaðar olíur úr jurtaríkinu	Má hópa saman í listanum yfir innihaldsefnin undir tilgreiningunni „jurtaolíur“ og strax þar á eftir skal koma skrá með tilgreiningum um tiltekinn uppruna úr jurtaríkinu og þar á eftir geta komið orðin „í breytilegum hlutföllum“. Ef þær eru hópaðar saman skulu jurtaolíur hafðar með í listanum yfir innihaldsefnin í samræmi við 1. mgr. 18. gr., á grunni heildarþyngdar þeirra jurtaolía sem eru fyrir hendi. Orðin „fullhert“ eða „hert að hluta“ verða að fylgja tilgreiningu fyrir herta olíu, eins og við á

Flokkur innihaldsefna	Ákvæði um tilgreiningu eftir þyngd
9. Hreinsuð fita úr jurtaríkinu	Má hópa saman í listanum yfir innihaldsefnin undir tilgreiningunni „jurtafita“ og strax þar á eftir skal koma listi með tilgreiningum um tiltekinn uppruna úr jurtaríkinu og þar á eftir geta komið orðin „í breytilegum hlutföllum“. Ef þær eru hópaðar saman skulu jurtafitutegundir hafðar með í listanum yfir innihaldsefnin í samræmi við 1. mgr. 18. gr., á grunni heildarþyngdar þeirrar jurtafitu sem er til staðar. Orðin „fullhert“ eða „hert að hluta“ verða að fylgja tilgreiningu fyrir herta fitu, eins og við á

B-HLUTI — TILGREINING Á TILTEKNUM INNIHALDSEFNUM MEÐ HEITI FLOKKS FREKAR EN MEÐ SÉRHEITI

Með fyrirvara um 21. gr. má tilgreina innihaldsefni, sem tilheyra einum af matvælaflokkunum sem skráðir eru hér á eftir og eru efnisþættir í öðrum matvælum, með heiti flokksins frekar en með sérheitinu.

Skilgreining á matvælaflokki	Tilgreining
1. Hreinsaðar olíur úr dýraríkinu	„Olía“ ásamt annaðhvort orðinu „dýra-“ fyrir framan eða tilgreiningu um sérstakan uppruna í dýraríkinu. Orðin „fullhert“ eða „hert að hluta“ verða að fylgja tilgreiningu fyrir herta olíu, eins og við á
2. Hreinsuð fita úr dýraríkinu	„Fita“ ásamt annaðhvort orðinu „dýra-“ fyrir framan eða tilgreiningu um sérstakan uppruna í dýraríkinu. Orðin „fullhert“ eða „hert að hluta“ verða að fylgja tilgreiningu fyrir herta fitu, eins og við á
3. Blöndur af mjöli úr tveimur eða fleiri korntegundum	„Mjöl“ og á eftir því listi yfir korntegundir sem það er fengið úr, í lækkandi röð eftir þyngd
4. Sterkja og sterkja sem hefur verið breytt með eðlisfræðilegum aðferðum eða ensímum	„Sterkja“
5. Allar fisktegundir þegar fiskurinn er innihaldsefni í öðrum matvælum og að því tilskildu að heiti og kynning slíkra matvæla vísi ekki til tiltekinnar fisktegundar	„Fiskur“
6. Allar tegundir osta þegar ostur eða blanda osta er innihaldsefni í öðrum matvælum og að því tilskildu að heiti og kynning slíkra matvæla vísi ekki til tiltekinnar tegundar af osti	„Ostur“
7. Öll krydd sem ekki fara yfir 2% af þyngd matvælanna	„Krydd“ eða „kryddblanda“
8. Allar kryddjurtir eða hlutar þeirra sem ekki fara yfir 2% af þyngd matvælanna	„Kryddjurt(ir)“ eða „kryddjurtablanda“
9. Allar tegundir gúmmíblandna sem notaðar eru í framleiðslu á gúmmíefni fyrir tyggigúmmí	„Gúmmíefni“
10. Allar tegundir mulinna bakaðra kornafurða	„Mylsna“ eða „tvíbökur“, eins og við á

<table>
<tr><th>Skilgreining á matvælaflokki</th><th>Tilgreining</th></tr>
<tr><td>11. Allar tegundir súkrósa</td><td>„Sykur“</td></tr>
<tr><td>12. Vatnsfrír dextrósi eða einvatnadextrósi</td><td>„Þrúgusykur“</td></tr>
<tr><td>13. Glúkósasíróp og vatnsfrítt glúkósasíróp</td><td>„Glúkósasíróp“</td></tr>
<tr><td>14. Allar tegundir mjólkurprótíns (kasein, kaseinöt og mysuprótín) og blöndur þeirra</td><td>„Mjólkurprótín“</td></tr>
<tr><td>15. Pressað, vélpressað (e. expeller) eða hreinsað kakósmjör</td><td>„Kakósmjör“</td></tr>
<tr><td>16. Allar tegundir víns sem falla undir XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 (1)</td><td>„Vín“</td></tr>
<tr><td>17. Beinagrindarvöðvar (2) spendýra- og fuglategunda sem eru viðurkenndir sem hæfir til manneldis ásamt náttúrulega meðfylgjandi eða viðloðandi vefjum þar sem heildarmagn fitu og bandvefs fer ekki yfir gildin sem tilgreind eru hér á eftir og þar sem kjötið er innihaldsefni í öðrum matvælum.

Hámarksmagn fitu og bandvefs í innihaldsefnum sem eru tilgreind með heitinu „... kjöt“:
<table>
<tr><th>Dýrategundir</th><th>Fituinnihald</th><th>Hlutfall kollagens á móti kjötprótíni (1)</th></tr>
<tr><td>— Spendýr (nema kanínur og svín) og blanda af mismunandi dýrategundum þar sem stærsti hlutinn er spendýr</td><td>25%</td><td>25%</td></tr>
<tr><td>— Svín,</td><td>30%</td><td>25%</td></tr>
<tr><td>— Fuglar og kanínur,</td><td>15%</td><td>10%</td></tr>
</table>
(1) Hlutfall kollagens á móti kjötprótíni er gefið upp sem hundraðshluti kollagens í kjötprótíni. Kollageninnihaldið er innihald hýdroxýprólíns margfaldað með 8.

Ef farið er yfir þetta hámarksmagn en öllum öðrum skilyrðum um skilgreiningu „kjöts“ er fullnægt skal aðlaga innihald „... kjöts“ að neðri mörkum og tilgreina skal í listanum yfir innihaldsefni magn fitu og/eða bandvefs, til viðbótar við hugtakið „... kjöt“.

Vörur sem heyra undir skilgreininguna „vélúrbeinað kjöt“ eru undanskildar frá þessari skilgreiningu.</td><td>„... kjöt“ og heiti (3) einnar dýrategundar eða fleiri sem það kemur af</td></tr>
<tr><td>18. Allar tegundir afurða sem heyra undir skilgreininguna „vélúrbeinað kjöt“</td><td>„vélúrbeinað kjöt“ og heiti (3) einnar dýrategundar eða fleiri sem það kemur af</td></tr>
</table>

(1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.)

(2) Þind og kjálkavöðvar eru hluti af beinagrindarvöðvunum en hjarta, tunga, vöðvar í höfði (nema kjálkavöðvar), vöðvar í framfótarhné, hækli og aftasta hluta dýrsins eru undanskildir.

(3) Þegar um er að ræða merkingar á ensku má í stað þessa heitis koma almennt heiti sem á við innihaldsefnið eftir dýrategundinni sem um er að ræða.

C-HLUTI — TILGREINING TILTEKINNA INNIHALDSEFNA MEÐ HEITI FLOKKSINS SEM ÞAU TILHEYRA, ÁSAMT SÉRHEITUM ÞEIRRA EÐA E-NÚMERUM

Með fyrirvara um 21. gr. skal tilgreina matvælaaukefni og matvælaensím önnur en þau sem tiltekin eru í b-lið 20. gr., sem tilheyra einum af flokkunum sem skráðir eru í þessum hluta, með heiti þess flokks og þar á eftir skal koma sérheiti þeirra eða, ef við á, E-númerið. Ef innihaldsefni tilheyrir fleiri en einum flokki skal tilgreina þann flokk sem á við um helstu virkni þess í matvælunum sem um er að ræða.

Sýra	Freyðiefni
Sýrustillir	Hleypiefni
Kekkjavarnarefni	Húðunarefni
Froðueyðir	Rakaefni
Þráavarnarefni	Umbreytt sterkja ([2])
Umfangsauki	Rotvarnarefni
Litarefni	Drifgas
Ýruefni	Lyftiefni
Bræðslusalt ([1])	Tengiefni
Festuefni	Bindiefni
Bragðaukandi efni	Sætuefni
Mjölmeðhöndlunarefni	Þykkingarefni

([1]) Einungis fyrir brædda osta og afurðir sem byggjast á bræddum ostum.
([2]) Ekki skal gerð krafa um að sérheitið eða E-númerið sé tilgreint.

D-HLUTI — TILGREINING Á BRAGÐEFNUM Í LISTA YFIR INNIHALDSEFNI

1. Bragðefni skulu tilgreind annaðhvort með orðunum:

   – „bragðefni“ eða með sértækara heiti eða lýsingu á bragðefninu ef bragðefnaþátturinn inniheldur bragðefni eins og þau eru skilgreind í b-, c-, d-, e-, f-, g- og h-lið 2. mgr. 3. gr. í reglugerð (EB) nr. 1334/2008,

   – „reykbragðefni“ eða „reykbragðefni framleidd úr matvælum eða matvælaflokki/-flokkum eða grunnefni/-efnum“ (t.d. „reykbragðefni framleitt úr beyki“) ef bragðefnaþátturinn inniheldur bragðefni eins og þau eru skilgreind í f-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 og gefur matvælunum reykbragð.

2. Orðið „náttúrulegt“ til að lýsa bragðefnum skal nota í samræmi við 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008.

3. Kínín og/eða koffín sem notuð eru sem bragðefni í framleiðslu eða tilreiðslu matvæla skulu nefnd með heiti í listanum yfir innihaldsefnin strax á eftir orðinu „bragðefni“.

E-HLUTI — TILGREINING Á SAMSETTUM INNIHALDSEFNUM

1. Tiltaka má samsett innihaldsefni í listanum yfir innihaldsefnin með eigin tilgreiningu, svo fremi að mælt sé fyrir um það í lögum eða fyrir því sé hefð, samkvæmt heildarþyngd þess og strax á eftir komi listi yfir innihaldsefni þess.

2. Með fyrirvara um 21. gr. skal listi yfir innihaldsefni samsettra innihaldsefna ekki vera lögboðinn:

   a) þegar samsetning samsetta innihaldsefnisins er skilgreind í gildandi ákvæðum Sambandsins og svo fremi að samsetta innihaldsefnið sé minna en 2% af fullunnu vörunni; þetta ákvæði gildir þó ekki um matvælaaukefni, sbr. þó a- til d-lið 20. gr.,

   b) þegar um er að ræða samsett innihaldsefni sem samanstanda af kryddblöndum og/eða kryddjurtablöndum sem eru minna en 2% af fullunnu vörunni, að matvælaaukefnum undanskildum, sbr. þó a- til d-lið 20. gr., eða

   c) þegar samsetta innihaldsefnið er matvælategund sem lista yfir innihaldsefni er ekki krafist fyrir samkvæmt löggjöf Sambandsins.

VIII. VIÐAUKI

MAGNMERKINGAR INNIHALDSEFNA

1. Ekki skal krefjast magnmerkingar:

   a) að því er varðar innihaldsefni eða flokk innihaldsefna:

      i. ef nettóþyngd án lagar er tilgreind í samræmi við 5. lið IX. viðauka,

      ii. ef magnið verður þegar að koma fyrir á merkingunni samkvæmt ákvæðum Sambandsins,

      iii. sem er notað(ur) í litlu magni til að gefa bragð eða

      iv. sem, þrátt fyrir að koma fram í heiti matvælanna, hefur ekki afgerandi áhrif á val neytenda í landinu, þar sem markaðssetning fer fram, af því að mismunandi magn er ekki einkenni matvælanna eða greinir þau frá svipuðum matvælum,

   b) ef í sértækum ákvæðum Sambandsins er mælt nákvæmlega fyrir um magn innihaldsefnis eða flokks innihaldsefna án þess að kveðið sé á um að slíkt sé gefið til kynna í merkingum eða

   c) í þeim tilvikum sem um getur í 4. og 5. lið A-hluta VII. viðauka.

2. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. 22. gr. gilda ekki þegar um er að ræða:

   a) innihaldsefni eða flokk innihaldsefna sem heyra undir tilgreininguna „með sætuefni/sætuefnum“ eða „með sykri og sætuefni/sætuefnum“ ef sú tilgreining fylgir heiti matvælanna, skv. III. viðauka eða

   b) viðbætt vítamín og steinefni ef það efni fellur undir næringaryfirlýsingu.

3. Tilgreining magns innihaldsefnis eða flokks innihaldsefna skal:

   a) gefin upp sem hundraðshluti sem skal samsvara magni innihaldsefnisins eða innihaldsefnanna við notkun og

   b) koma fram annaðhvort í eða næst á eftir heiti matvælanna eða í listanum yfir innihaldsefnin í tengslum við innihaldsefnið eða flokk innihaldsefna sem um ræðir.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar gildir eftirfarandi:

   a) ef vökvatap hefur orðið í matvælunum vegna hitameðferðar eða annarrar meðhöndlunar skal magnið sett fram sem hundraðshluti sem samsvarar magni innihaldsefnisins eða -efnanna í fullunnu vörunni nema þegar það magn eða heildarmagn allra innihaldsefnanna, sem eru tilgreind á merkingunni, er umfram 100% en þá skal magnið gefið upp á grunni þyngdar innihaldsefnisins eða -efnanna sem notuð voru til að tilreiða 100 g af fullunnu vörunni,

   b) tilgreina skal magn rokgjarnra innihaldsefna sem hlutfall af þyngd í fullunninni vöru,

   c) heimilt er að tilgreina magn innihaldsefna, sem eru notuð þykkt eða þurrkuð og endurgerð í framleiðslu, í röð eftir hlutfallslegri þyngd þeirra eins og hún var skráð fyrir þykkingu eða þurrkun,

   d) þegar um er að ræða þykkt eða þurrkuð matvæli, sem ætlað er að endurgera með vatni, er heimilt að tilgreina magn innihaldsefna sem hlutfall af þyngd í endurgerðri vöru.

———

IX. VIÐAUKI

YFIRLÝSING UM NETTÓMAGN

1. Yfirlýsingin um nettómagn er ekki lögboðin þegar um er að ræða matvæli:

   a) sem tapa umtalsverðu rúmmáli eða massa og eru seld í stykkjatali eða vigtuð í viðurvist kaupanda,

   b) þegar nettómagn þeirra er undir 5 g eða 5 ml; hins vegar gildir þetta ákvæði ekki um krydd og kryddjurtir eða

   c) sem venjulega eru seld í stykkjatali, að því tilskildu að fjöldi stykkja sé auðsýnilegur og auðteljanlegur utan frá eða, ef svo er ekki, tilgreindur á merkingunni.

2. Þegar tilgreiningar tiltekinnar tegundar magns (s.s. uppgefið magn, lágmarksmagn eða meðalmagn) er krafist samkvæmt ákvæðum Sambandsins eða, þegar engin eru til staðar, í landsbundnum ákvæðum, skal líta svo á að þetta magn sé nettómagn að því er varðar þessa reglugerð.

3. Þegar forpökkuð vara samanstendur af tveimur eða fleiri aðskildum forpökkuðum stykkjum, sem innihalda sama magn af sömu vöru, skal nettómagnið tilgreint með því að gefa upp nettómagnið í hverri aðskildri pakkningu ásamt heildarfjölda slíkra pakkninga. Tilgreining þessara upplýsinga er hins vegar ekki lögboðin þegar heildarfjöldi aðskildra pakkninga er auðsýnilegur og þær eru auðteljanlegar utan frá og hægt er að sjá utan frá auðveldlega a.m.k. eina tilgreiningu á nettómagninu í hverri pakkningu.

4. Þegar forpökkuð vara samanstendur af tveimur eða fleiri aðskildum pakkningum sem ekki eru taldar vera sölueiningar skal gefa upp nettómagnið með því að tilgreina heildarnettómagnið og heildarfjölda aðskildra pakkninga.

5. Þegar föst matvæli eru seld í legi skal einnig tilgreina nettóþyngd matvælanna eftir að lögurinn hefur verið fjarlægður. Ef matvæli hafa verið húðuð skal uppgefin nettóþyngd matvælanna vera án húðunar.

   Að því er varðar þennan lið nær hugtakið „lögur“ til eftirfarandi afurða, hugsanlega í blöndum og einnig þegar þær eru frystar eða hraðfrystar, að því tilskildu að lögurinn sé einungis viðbót við nauðsynlega þætti tilreiðslunnar og því ekki ákvarðandi þáttur fyrir kaup á vörunni: vatn, fljótandi saltlausnir, saltlögur, fljótandi lausnir matvælasýra, edik, fljótandi sykurlausnir, fljótandi lausnir annarra efna með sætugefandi eiginleika, aldin- eða grænmetissafar ef um er að ræða aldin eða grænmeti.

———

X. VIÐAUKI

DAGSETNING LÁGMARKSGEYMSLUÞOLS, SÍÐASTI NOTKUNARDAGUR OG DAGSETNING FRYSTINGAR

1. Dagsetning lágmarksgeymsluþols skal tilgreind á eftirfarandi hátt:

   a) á undan dagsetningunni skulu koma orðin:

      – „Best fyrir …“ þegar dagsetningin inniheldur tilgreiningu á deginum,

      – „Best fyrir lok …“ í öðrum tilvikum,

   b) orðunum sem um getur í a-lið skal fylgja:

      – annaðhvort dagsetningin sjálf eða

      – tilvísun til þess hvar á merkingunni dagsetningin er gefin upp.

      Ef þörf er á skal á eftir þessum upplýsingum koma lýsing á geymsluskilyrðunum sem fylgja verður ef geyma á afurðina í tilgreindan tíma,

   c) dagsetningin skal samanstanda af deginum, mánuðinum og hugsanlega árinu, í þeirri röð og ekki kóðað.

      Hins vegar, þegar um matvæli er að ræða:

      – sem ekki geymast lengur en í þrjá mánuði skal tilgreining á deginum og mánuðinum nægja,

      – sem geymast lengur en í þrjá mánuði en skemur en í 18 mánuði skal tilgreining á mánuðinum og árinu nægja,

      – sem geymast lengur en í 18 mánuði skal tilgreining á árinu nægja,

   d) með fyrirvara um ákvæði Sambandsins, þar sem kveðið er á um annars konar tilgreiningu dagsetningar, skal ekki krefjast tilgreiningar um dagsetningu lágmarksgeymsluþols fyrir:

      – fersk aldin og grænmeti, þ.m.t. kartöflur, sem ekki hafa verið flysjuð, skorin eða meðhöndluð á svipaðan hátt; þessi undanþága gildir ekki um spírur og svipaðar afurðir, s.s. belgspírur,

      – vín, líkjörvín, freyðivín, kryddvín og svipaðar afurðir fengnar úr aldinum öðrum en þrúgum, og drykkjarvörur sem flokkast undir SN-númer 220600 sem fengnar eru úr þrúgum eða þrúgumusti,

      – drykkjarvörur sem innihalda 10% eða meira af alkóhóli miðað við rúmmál,

      – brauðvörur eða sætabrauð sem, vegna eðlis innihalds þeirra, er venjulega neytt innan sólarhrings frá framleiðslu,

      – edik,

      – matreiðslusalt,

      – fastan sykur,

      – sælgæti sem samanstendur næstum einvörðungu af bragðbættum og/eða lituðum sykri,

      – tyggigúmmí og svipaðar tyggivörur.

2. Síðasti notkunardagur skal tilgreindur á eftirfarandi hátt:

   a) á undan honum skulu koma orðin „notist eigi síðar en…“,

   b) orðunum sem um getur í a-lið skal fylgja:

      – annaðhvort dagsetningin sjálf eða

      – tilvísun til þess hvar á merkingunni dagsetningin er gefin upp.

      Á eftir þessum upplýsingum skal koma lýsing á þeim geymsluskilyrðum sem fylgja þarf,

   c) dagsetningin skal samanstanda af deginum, mánuðinum og hugsanlega árinu, í þeirri röð og ekki kóðað,

   d) síðasti notkunardagur skal tilgreindur á hverjum einstökum forpökkuðum skammti.

3. Dagsetning frystingar eða dagsetning fyrstu frystingar, eins og um getur í 6. lið III. viðauka, skal tilgreind á eftirfarandi hátt:

   a) á undan henni skulu koma orðin „Fryst dags …“,

   b) orðunum sem um getur í a-lið skal fylgja:

      – sjálf dagsetningin eða

      – tilvísun til þess hvar á merkingunni dagsetningin er gefin upp.

   c) dagsetningin skal samanstanda af deginum, mánuðinum og árinu, í þeirri röð og ekki kóðað.

———

XI. VIÐAUKI

KJÖTTEGUNDIR SEM LÖGBOÐIÐ ER AÐ TILGREINA UPPRUNALAND EÐA UPPRUNASTAÐ FYRIR

SN-númer (Sameinuð nafnaskrá 2010)	Lýsing
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst
úr 0207	Kjöt af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst

XII. VIÐAUKI

ALKÓHÓLSTYRKLEIKI

Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál fyrir drykkjarvöru sem inniheldur meira en 1,2% alkóhól miðað við rúmmál skal gefinn upp með tölu með ekki meira en einum aukastaf. Á eftir henni skal koma táknið „% vol.“ og á undan má koma orðið „alkóhól“ eða skammstöfunin „alk.“.

Ákvarða skal áfengisstyrkleikann við 20 °C.

Leyfileg jákvæð og neikvæð vikmörk fyrir tilgreiningu alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, gefin upp sem algildi, skulu skráð í töfluna hér á eftir. Þau gilda með fyrirvara um vikmörk sem miðast við greiningaraðferðina sem er notuð til að ákvarða alkóhólstyrkleikann.

Lýsing á drykkjarvörunni	Jákvæð eða neikvæð vikmörk
1. Bjór með SN-númerið 220300 sem hefur alkóhólstyrkleikann 5,5% eða undir, miðað við rúmmál; ófreyðandi drykkjarvörur sem falla undir SN-númerið 220600 og fengnar eru úr þrúgum	0,5% miðað við rúmmál
2. Bjór með alkóhólstyrkleika yfir 5,5% miðað við rúmmál; freyðandi drykkjarvörur sem falla undir SN-númer 220600 og eru fengnar úr þrúgum, eplasítri, perusítri, ávaxtavín og svipaðar afurðir, fengnar úr aldinum öðrum en þrúgum, hvort sem þær eru hálffreyðandi eða freyðandi; mjöður	1% miðað við rúmmál
3. Drykkjarvörur sem innihalda uppbleytt aldin eða plöntuhluta	1,5% miðað við rúmmál
4. Aðrar drykkjarvörur sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál	0,3% miðað við rúmmál

XIII. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARNEYSLA

A-HLUTI — DAGLEG VIÐMIÐUNARNEYSLA VÍTAMÍNA OG STEINEFNA (FYRIR FULLORÐNA)

1. Vítamín og steinefni sem heimilt er að tilgreina og næringarviðmiðunargildi þeirra (NV)

A-vítamín (µg)	800	Klóríð (mg)	800
D-vítamín (µg)	5	Kalsíum (mg)	800
E-vítamín (mg)	12	Fosfór (mg)	700
K-vítamín (µg)	75	Magnesíum (mg)	375
C-vítamín (mg)	80	Járn (mg)	14
Þíamín (mg)	1,1	Sink (mg)	10
Ríbóflavín (mg)	1,4	Kopar (mg)	1
Níasín (mg)	16	Mangan (mg)	2
B6-vítamín (mg)	1,4	Flúoríð (mg)	3,5
Fólínsýra (µg)	200	Selen (µg)	55
B12-vítamín (µg)	2,5	Króm (µg)	40
Bíótín (µg)	50	Mólýbden (µg)	50
Pantóþensýra (mg)	6	Joð (µg)	150
Kalíum (mg)	2 000		

2. Marktækt magn vítamína og steinefna

Almennt skal taka mið af eftirfarandi gildum þegar ákveðið er hvað telst vera marktækt magn:

– 15% af næringarviðmiðunargildum sem tilgreind eru í 1. lið, í 100 g eða 100 ml þegar um er að ræða vörur aðrar en drykkjarvörur,

– 7,5% af næringarviðmiðunargildum sem tilgreind eru í 1. lið, í 100 ml þegar um er að ræða drykkjarvörur eða

– 15% af næringarviðmiðunargildum sem tilgreind eru í 1. lið, í skammti ef pakkningin inniheldur einungis einn skammt.

B-HLUTI — VIÐMIÐUNARNEYSLA Á ORKU OG VÖLDUM NÆRINGAREFNUM ÖÐRUM EN VÍTAMÍNUM OG STEINEFNUM (FYRIR FULLORÐNA)

Orka eða næringarefni	Viðmiðunarneysla
Orka	8400 kJ/2000 kkal
Heildarfita	70 g
Mettuð fita	20 g
Kolvetni	260 g
Sykur	90 g
Prótín	50 g
Salt	6 g

XIV. VIÐAUKI

BREYTISTUÐLAR

BREYTISTUÐLAR FYRIR ÚTREIKNING Á ORKU

Orkugildið sem skal tilgreina skal reiknað með eftirfarandi breytistuðlum:

— kolvetni (önnur en fjölalkóhól),	17 kJ/g — 4 kkal/g
— fjölalkóhól,	10 kJ/g — 2,4 kkal/g
— prótín,	17 kJ/g — 4 kkal/g
— fita,	37 kJ/g — 9 kkal/g
— salatrím,	25 kJ/g — 6 kkal/g
— alkóhól (etanól),	29 kJ/g — 7 kkal/g
— lífræn sýra,	13 kJ/g — 3 kkal/g
— trefjar,	8 kJ/g — 2 kkal/g
— erýtrítól,	0 kJ/g — 0 kkal/g

XV. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAGJÖF OG KYNNING NÆRINGARYFIRLÝSINGAR

Mælieiningar sem skal nota í næringaryfirlýsingu fyrir orku (kílójúl (kJ) og kílókaloríur (kkal)) og massa (grömm (g), milligrömm (mg) eða míkrógrömm (µg)) og kynningarröðun upplýsinganna skulu vera, eftir því sem við á:

orka	kJ/kkal
fita	g
þar af	
— mettuð,	g
— einómettuð,	g
— fjölómettuð,	g
kolvetni	g
þar af	
— sykur,	g
— fjölalkóhól,	g
— sterkja,	g
trefjar	g
prótín	g
salt	g
vítamín og steinefni	Þær einingar sem tilteknar eru í 1. lið A. hluta XIII. viðauka

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 202/2014 **2014/EES/73/20**

frá 3. mars 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum 5. gr. (1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011([2]) er tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir efni sem er heimilt að nota til framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti („skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni“).

2) Hinn 24. júlí 2012 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu út jákvætt, vísindalegt mat á tveimur efnum til viðbótar, þ.e. 2-fenýl-3,3-bis(4-hýdroxýfenýl)þalimídíni([3]) og 1,3-bis(ísósýanatómetýl)benseni([4]). Þessum efnum ætti nú að bæta á skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni, sem efnivið sem kemst í snertingu við matvæli (ESM), efni nr. 872 og 988.

3) Af vísindalegu mati á ESM-efni nr. 988 leiðir að hafa ætti eftirlit með flæði vatnsrofsefnis þess, 1,3-bensendímetanamíni. Efnið 1,3-bensendímetanamín er þegar leyft sem ESM-efni nr. 421. Þar eð eftirlit með flæði ESM-efna nr. 421 og 988 er á grundvelli flæðis ESM-efnis nr. 421 ætti að innleiða flokkatakmörkun sem nær yfir bæði efnin. Því ætti að breyta leyfinu fyrir ESM-efni nr. 421 og innleiða flokkatakmörkun í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011.

4) ESM-efni nr. 340 (dísýanódíamíð) er leyft sem aukefni í plasti samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, án þess að um það gildi sértæk flæðimörk. Í álitinu í skýrslunni í 33. ritröð vísindanefndarinnar um matvæli([5]) var þolanleg, dagleg inntaka fastsett sem 1 mg/kg líkamsþyngd og af því leiðir að sértæk flæðimörk eru 60 mg/kg af matvælum. Þessi mörk koma heim og saman við almennu, sértæku flæðimörkin sem voru fastsett í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 10/2011. Þar eð sértæku flæðimörkin 60 mg/kg eru leidd úr frá eiturefnafræðilegum viðmiðunarmörkum, s.s. þolanlegri, daglegri inntöku, ætti þó að tiltaka sértæku flæðimörkin sérstaklega í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011.

5) Til að takmarka stjórnsýsluálag á rekstraraðila ætti að vera unnt að setja efnivið og hluti úr plasti, sem hafa verið settir á markað á lögmætan hátt á grundvelli þeirra krafna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, á markað til 24. mars 2015. Leyfilegt ætti að vera að hafa þá áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

6) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Heimilt er að setja efnivið og hluti úr plasti, sem hafa verið settir á markað á lögmætan hátt fyrir 24. mars 2014 og sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar, á markað fram til 24. mars 2015. Þessi efniviður og þessir hlutir úr plasti mega vera áfram á markaði eftir þann dag þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð ESB L 12 15.1.2011, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2825.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2824.

([5]) Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 33. ritröð, bls. 31, skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna, Lúxemborg, 1995, ISBN 92-826-9275-2.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt sem hér segir:

1) Töflu 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar varðandi ESM-efni nr. 340 (dísýanódíamíð) komi eftirfarandi:

„340	47440	0000461-58-5	dísýanódíamíð	Já	Nei	Nei	60“		

b) Í stað færslunnar varðandi ESM-efni nr. 421 (1,3-bensendímetanamín) komi eftirfarandi:

„421	13000	0001477-55-0	1,3-bensendímetanamín	Nei	Já	Nei		34)“	

c) Eftirfarandi færsla bætist við í samræmi við númeraröð:

„872		0006607-41-6	2-fenýl-3,3-bis(4-hýdroxýfenýl) þalimídín	Nei	Já	Nei	0,05		Eingöngu til notkunar sem sameinliða í pólýkarbónatsamfjölliður	20)“

d) Eftirfarandi færsla bætist við:

„988		3634-83-1	1,3-bis(ísósýanatómetýl) bensen	Nei	Já	Nei		34)	Samanlögð sértæk flæðimörk gilda um flæði vatnsrofsefnis þess, 1,3-bensendímetanamín Eingöngu til notkunar sem sameinliða við framleiðslu á húðun á miðlagi á fjölliðufilmu úr pólý(etýlentereþalati) í marglaga filmu.“	

2) Eftirfarandi færsla bætist við í töflu 2:

„34	421 988	0,05	Gefið upp sem 1,3-bensendímetanamín“

3) Eftirfarandi færsla bætist við í töflu 3:

„20)	Efnið inniheldur anilín sem óhreinindi; sannprófun á samræmi við takmörkunina sem er sett vegna eingreindra, arómatískra amína í 2. lið II. viðauka er nauðsynleg.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 212/2014 **2014/EES/73/21**

frá 6. mars 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnið sítrínín í fæðubótarefnum sem eru að stofni til úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus*) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum([2]) eru fastsett hámarksgildi fyrir sveppaeitur í matvælum.

2) Hinn 2. mars 2012 samþykkti sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd „nefndin um aðskotaefni“) álit að beiðni framkvæmdastjórnarinnar um áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra í tengslum við tilvist sítríníns í matvælum og fóðri([3]). Nefndin um aðskotaefni ákvað að lýsa eiginleikum áhættu af völdum sítríníns á grundvelli fyrirliggjandi gagna um eiturhrif á nýru og ákvarðaði magn sem gefur ekki tilefni til áhyggna vegna eiturhrifa á nýru. Ef óvissustuðlinum 100 er beitt á mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL), sem eru 20 µg/kg af líkamsþyngd á dag, fást þær niðurstöður að það magn sem gefur ekki tilefni til áhyggna vegna eiturhrifa á nýru í mönnum sé 0,2 µg/kg af líkamsþyngd á dag. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna var niðurstaða nefndarinnar um aðskotaefni sú að ekki sé hægt að útiloka áhyggjur að því er varðar sítrínín, í því magni sem gefur ekki tilefni til áhyggna vegna eiturhrifa á nýru, vegna erfðaeiturhrifa og krabbameinsvaldandi áhrifa.

3) Hinn 24. janúar 2013 samþykkti sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi (hér á eftir nefnd „nefndin um sérfæðu, næringu og ofnæmi“), að beiðni lögbærra yfirvalda í Hollandi í kjölfar umsóknar frá Sylvan Bio Europe BV og skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006([4]), álit á heilsufullyrðingu sem varðar mónakólín K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum og viðhald á eðlilegum styrk LDL-kólesteróls í blóði. Nefndin um sérfæðu, næringu og ofnæmi komst að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli neyslu á mónakólín K í blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum og viðhalds á eðlilegum styrk LDL-kólesteróls í blóði. Nefndin um sérfæðu, næringu og ofnæmi telur að eftirfarandi orðalag endurspegli vísindalegu gögnin: „Mónakólín K í rauðum gerjuðum hrísgrjónum stuðlar að því að viðhalda eðlilegu kólesterólmagni í blóðinu“ og að neyta ætti 10 mg daglega af mónakólín K úr blöndum úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri til að fá fram fullyrtu áhrifin. Markhópurinn eru fullorðnir meðal almennings. Heilsufullyrðinguna má nota á allar blöndur úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum á markaðnum.

4) Mónakólín K er framleitt úr *Monascus purpureus* en sumir stofnar þess mynda einnig sítrínín. Fyrirliggjandi gögn um tilvist sítríníns í tilteknum blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum leiddu í ljós mikið magn sítríníns í þeim blöndum. Neysla á slíkum blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum í því magni sem þarf til að fá fram fullyrtu áhrifin myndi hafa í för með sér váhrif sem eru marktækt meiri en það magn sem gefur ekki tilefni til áhyggna vegna eiturhrifa sítríníns á nýru. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir sítrínín í blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum. Til að taka inn nauðsynlegt magn mónakólíns K þarf neyta 4–6 600 mg hylkja af rauðum gerjuðum hrísgrjónum. Hámarksgildið 2 mg/kg af sítríníni í blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum hefur verið fastsett til þess að tryggja að hugsanleg váhrif vegna sítríníns úr þessum blöndum haldist marktækt minni en magnið sem veldur eiturhrifum á nýru sem er 0,2 µg/kg af líkamsþyngd fyrir fullorðna. Í ljósi þess

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 7.3.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

([3]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM): *Scientific Opinion on the risks for public and animal health related to the presence of citrinin in food and feed*. (Vísindalegt álit um áhættu fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra í tengslum við sítrínín í matvælum og fóðri). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(3), 2605. [82 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2012.2605. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

([4]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi (NDA): *Scientific Opinion on the substantiation of a health claim related to monacolin K in SYLVAN BIO red yeast rice and maintenance of normal blood LDL-cholesterol concentrations pursuant to Article 13(5) of Regulation (EC) No 1924/2006* (Vísindalegt álit á heilsufullyrðingu sem varðar mónakólín K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum og viðhald á eðlilegum styrk LDL-kólesteróls í blóði skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3084. [13 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2013.3084. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

að gloppur eru í vitneskju um tilvist sítríníns í öðrum matvælum og þeirrar óvissu sem eftir stendur varðandi krabbameinsvaldandi áhrif og erfðaeiturhrif sítríníns er rétt að endurskoða hámarksgildið innan tveggja ára er frekari upplýsingar varðandi eiturhrif sítríníns og váhrif af öðrum matvælum liggja fyrir.

5) Íblöndun efna í matvæli eða notkun efna í þeim, sem og því hvort vörur eru flokkaðar sem matvæli eða lyf, er stjórnað með sértækri löggjöf Sambandsins og landslöggjöf. Ákvörðun á hámarksgildi fyrir efni eða vöru af þessu tagi er ekki heimild til að setja á markað það efni sem hámarksgildi er fastsett fyrir, ákvörðun um hvort nota megi viðkomandi efni í matvælum né flokkun tiltekinnar vöru sem matvæla.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 2. þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 bætist við eftirfarandi liðir 2.8 og 2.8.1:

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (µg/kg)
„2.8	**Sítrínín**	
2.8.1	Fæðubótarefni sem eru að stofni til úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus)*	2 000(*)“

(*) Hámarksgildið verður endurskoðað fyrir 1. janúar 2016 í ljósi upplýsinga um váhrif af sítríníni í öðrum matvælum og uppfærðra upplýsinga um eiturhrif sítríníns, einkum að því er varðar krabbameinsvaldandi áhrif og erfðaeiturhrif.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá og með 1. apríl 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 246/2014 2014/EES/73/22

frá 13. mars 2014

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykktur listi yfir bragðefni og var sá listi færður inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Þann lista má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur tiltekin efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur ekki lokið við að meta eða hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu. Að því er varðar 19 af þessum efnum hafa aðilarnir, sem bera ábyrgð á að setja bragðefnin á markað, nú dregið umsóknir sínar til baka. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þessi bragðefni af skrá Sambandsins.

5) Því ber að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

6) Samkvæmt 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 má setja bragðefni, sem ekki eru í skrá Sambandsins, á markað sem slík og nota í eða á matvæli fram til 22. október 2014. Þar eð bragðefni eru þegar á markaði í aðildarríkjunum, og til að tryggja snurðulausa umbreytingu yfir í málsmeðferð Sambandsins við leyfisveitingu, var mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi matvæli sem innihalda þessi efni í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012([4]).

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtíð ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brott:

„01.015	Vínýlbensen	100-42-5		11022			1	EFSA
02.122	p-menta-1,8(10)-díen-9-ól	3269-90-7					2	EFSA
09.809	p-menta-1,8(10)-díen-9-ýlasetat	15111-97-4		10743			2	EFSA
12.114	Díetýltrísúlfíð	3600-24-6	1701	11451			4	EFSA
12.120	2,8-epiþíó-p-mentan	68398-18-5	1685				4	EFSA
12.159	Metýlmetanþíósúlfónat	2949-92-0		11520			3	EFSA
12.256	Etýlprópýltrísúlfíð	31499-70-4	1695				4	EFSA
12.272	Própýlprópanþíósúlfónat	1113-13-9	1702				3	EFSA
13.029	2,5-dímetýlfúran	625-86-5	1488	2208			3	EFSA
13.030	2-metýlfúran	534-22-5	1487	2209			3	EFSA
13.092	2-etýlfúran	3208-16-0	1489	11706			3	EFSA
14.145	Pýrról-2-karbaldehýð	1003-29-8		11393			4	EFSA
14.163	1-metýlpýrról-2-karboxaldehýð	1192-58-1					4	EFSA
14.169	1-etýl-2-pýrrólkarboxaldehýð	2167-14-8					4	EFSA
15.064	2,5-dímetýlþíófen	638-02-8					4	EFSA
15.072	2-etýlþíófen	872-55-9		11614			4	EFSA
15.091	2-metýlþíófen	554-14-3		11631			4	EFSA
15.092	3-metýlþíófen	616-44-4		11632			4	EFSA
16.124	(1R,2S,5R)-N-sýklóprópýl-5-metýl-2-ísóprópýlsýklóhexankarboxamíð	73435-61-7					1	EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 298/2014 2014/EES/73/23

frá 21. mars 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar magnesíumtvívetnisdífosfat til notkunar sem lyftiefni og sýrustillir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Skrá Evrópusambandsins og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á magnesíumtvívetnisdífosfati, sem lyftiefni og sýrustilli í tilteknum matvælaflokkum, var lögð fram 7. apríl 2011 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Fosfórsýrur og fosföt, dí-, trí- og fjölfosföt (E 338–452) eru leyfð til notkunar sem lyftiefni í fínt kaffibrauð. Nota má dífosföt (E 450), sem eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 231/2012, sem staðgöngukost fyrir natríumálfosfat (E541) og draga þannig úr álinnihaldi unninna matvæla. Þau dífosföt, sem eru sem stendur tilgreind, hafa biturt (e. *astringent*) eftirbragð og geta aukið heildarinnihald natríums í matvælum.

6) Setja ætti fram nákvæmar skilgreiningar fyrir magnesíumtvívetnisdífosfat í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 þar eð hægt væri að nota efnið sem staðgöngukost fyrir önnur dífosföt í því skyni að draga úr bitra bragðinu og komast hjá því að auka natríuminnihald matvæla. Því ætti að leyfa notkun á magnesíumtvívetnisdífosfati í flokkunum 6.2.1: Mjöl, einungis sjálflyftandi hveiti, 6.5: Núðlur, 6.6: Soppur, 7.1: Brauð og smábrauð og 7.2: Fínt kaffibrauð. Úthluta ætti magnesíumtvívetnisdífosfati númerinu E 450 (ix).

7) Svipuð efni, ein- og tvíbasísk magnesíumsölt af ortófosfórsýru (E343i; E343ii), sem innihalda sama eða meira innihald magnesíums í samanburði við magnesíumtvívetnisdífosfat, eru þegar leyfð til notkunar í sömu matvælaflokka. Færsla magnesíumtvívetnisdífosfats sem staðgöngudífosfats á skrá í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 og notkun þess í matvæli í kjölfarið mun ekki leiða til aukningar á innteknu magni af fosfór eða magnesíumi. Af þeim sökum telst fastsetning forskriftar og sérstakt leyfi fyrir notkun á magnesíumtvívetnisdífosfati (E 450 (ix)) sem lyftiefni og sýrustilli ekki hafa áhættu í för með sér.

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan sem um er að ræða hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð færsla magnesíumtvívetnisdífosfats á skrá í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 og leyfi fyrir notkun á magnesíumtvívetnisdífosfati (E 450 (ix)) sem lyftiefni telst ekki hafa áhættu í för með sér er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

9) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 89, 25.3.2014, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar í 1. lið C-hluta komi eftirfarandi tafla:

„E-númer	Heiti
E 338	Fosfórsýra
E 339	Natríumfosföt
E 340	Kalíumfosföt
E 341	Kalsíumfosföt
E 343	Magnesíumfosföt
E 450	Dífosföt ([1])
E 451	Trífosföt
E 452	Fjölfosföt“
([1]) E 450 (ix) er ekki tekið með	

2) Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í flokki 06.2.1 „Mjöl“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 338–452:

	„E 450 (ix)	Magnesíum-tvívetnisdífosfat	15 000	(4)(81)	Einungis sjálflyftandi hveiti
	(81) heildarmagn fosfata skal ekki fara yfir hámarksgildin fyrir E 338–452“				

b) Í flokki 06.5 „Núðlur“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 338–452:

	„E 450 (ix)	Magnesíum-tvívetnisdífosfat	2 000	(4)(81)	
	(81) heildarmagn fosfata skal ekki fara yfir hámarksgildin fyrir E 338–452“				

c) Í flokki 06.6 „Soppur“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 338–452:

	„E 450 (ix)	Magnesíum-tvívetnisdífosfat	12 000	(4)(81)	
	(81) heildarmagn fosfata skal ekki fara yfir hámarksgildin fyrir E 338–452“				

d) Í flokki 07.1 „Brauð og smábrauð“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 338–452:

	„E 450 (ix)	Magnesíum-tvívetnisdífosfat	15 000	(4)(81)	Einungis flatbökudeig (frosið eða kælt) og „tortilla““

e) Í flokki 07.2 „Fínt kaffibrauð“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 338–452:

	„E 450 (ix)	Magnesíum-tvívetnisdífosfat	15 000	(4)(81)	
	(81) heildarmagn fosfata skal ekki fara yfir hámarksgildin fyrir E 338–452“				

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi færsla við á eftir nákvæmu skilgreiningunni fyrir matvælaaukefnið E 450 (vii):

„E 450(ix) MAGNESÍUMTVÍVETNISDÍFOSFAT	
Samheiti	Súrt magnesíumpýrófosfat, mónómagnesíumtvívetnispýrófosfat, magnesíumdífosfat, magnesíumpýrófosfat
Skilgreining	Magnesíumtvívetnisdífosfat er súrt magnesíumsalt af dífosfórsýru. Það er framleitt með því að bæta vatnslausn af magnesíumhýdroxíði smám saman við fosfórsýru þangað til mólhlutfallið á milli Mg og P er u.þ.b. 1:2. Hitastiginu er haldið undir 60 °C meðan efnahvarfið varir. Um það bil 0,1% af vetnisperoxíði er bætt við hvarfblönduna og grugglausnin síðan hituð og möluð.
EINECS-nr.	244-016-8
Efnaheiti	Mónómagnesíumtvívetnisdífosfat
Efnaformúla	$MgH_2P_2O_7$
Mólþyngd	200,25
Magngreining	Innihald P_2O_5 ekki minna en 68,0% og ekki meira en 70,5%, gefið upp sem P_2O_5 Innihald MgO ekki minna en 18,0% og ekki meira en 20,5%, gefið upp sem MgO
Lýsing	Hvítir kristallar eða duft
Sanngreining	
Leysni	Lítillega leysanleg í vatni, nánast óleysanleg í etanóli
Kornastærð:	Meðalkornastærð verður á bilinu 10 og 50 µm
Hreinleiki	
Glæðitap	Ekki meira en 12% (800 °C, 0,5 klukkustundir)
Flúoríð	Ekki meira en 20 mg/kg (gefið upp sem flúor)
Ál	Ekki meira en 50 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1155/2013 **2014/EES/73/24**

frá 21. ágúst 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar upplýsingar um að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda([1]), einkum 4. mgr. 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 er gerð sú krafa að upplýsingar, sem stjórnendur matvælafyrirtækja mega miðla, villi ekki um fyrir neytendum, séu ekki tvíræðar eða rugli neytendur í ríminu og eigi, þegar við á, að byggjast á viðeigandi vísindagögnum.

2) Samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir um beitingu þessara krafna í þeim tilvikum sem tilgreind eru í þeirri málsgrein.

3) Í 4. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um möguleikann á að bæta við 3. mgr. með því að bæta við öðrum tilteknum tilvikum þar sem framkvæmdastjórnin getur komið þessum kröfum í framkvæmd til að tryggja viðeigandi upplýsingamiðlun til neytenda.

4) Fólk með garnamein af völdum glútenóþols (e. *coeliac disease*) er haldið varanlegu glútenóþoli. Glúten getur haft skaðleg áhrif á þetta fólk og því ætti það ekki að vera fyrir hendi, eða vera til staðar í mjög litlum mæli, í fæðu þess.

5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009([2]) eru settar fram samræmdar reglur um upplýsingar sem neytendum eru veittar um það hvort matvæli séu glútenlaus eða glútenskert. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013([3]) er gert ráð fyrir niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 41/2009 frá 20. júlí 2016.

6) Eftir að reglugerð (EB) nr. 41/2009 er felld úr gildi skal áfram upplýsa neytendur á viðeigandi hátt og ekki skal villa um fyrir þeim eða rugla þá í ríminu þegar stjórnendur matvælafyrirtækja veita upplýsingar um að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert. Því er nauðsynlegt að breyta 3. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 til að framkvæmdastjórnin geti sett samræmd skilyrði varðandi matvælaupplýsingar sem stjórnendur matvælafyrirtækja mega veita um það að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í fyrstu undirgrein 3. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) upplýsingar um að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 16.11.2013, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 frá 20. janúar 2009 um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol (Stjtíð. ESB L 16, 21.1.2009, bls. 3).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 78/2014 **2014/EES/73/25**

frá 22. nóvember 2013

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar tilteknar kornvörur sem valda ofnæmi eða óþoli og matvæli með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólestrum, plöntustanólum eða plöntustanólestrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda([1]), einkum 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 er tekin saman skrá yfir efni eða vörur sem valda ofnæmi eða óþoli. Í 1. lið II. viðauka eru m.a. tilgreind „taumhveiti“ (*kamut*) og „spelt“. Hins vegar er „kamut“ skráð vörumerki hveititegundar sem er þekkt undir heitinu „taumhveiti“ (e. *khorasan wheat*) og spelt er einnig hveititegund. „Taumhveiti“ og „spelt“ ættu því að vera tilgreind sem hveititegundir í 1. lið þess viðauka.

2) Í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 er tekin saman skrá yfir matvæli sem skulu merkt þannig að viðbótarupplýsingar, eitt atriði eða fleiri, komi þar fram. Í lið 5.1 í þeim viðauka er kveðið á um að merking á matvælum eða innihaldsefnum matvæla með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólestrum, plöntustanólum eða plöntustanólestrum verði m.a. að innihalda yfirlýsingu um að matvælin séu einungis fyrir fólk sem vill minnka kólesterólmagn í blóði.

3) Þessi yfirlýsing ásamt heilsufullyrðingum sem hafa verið leyfðar fyrir þessi matvæli eða innihaldsefni matvæla gæti hugsanlega haft í för með sér að neytendur, sem þurfa ekki að hafa stjórn á kólesterólmagni í blóði, noti framleiðsluvöruna og því ætti að breyta henni. Slík breyting ætti að endurspegla orðalagið í yfirlýsingunni sem er sem stendur kveðið á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004([2]). Sú reglugerð verður felld úr gildi og í stað hennar kemur reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 frá og með 13. desember 2014.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað inngangsmálsliðar 1. liðar II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 komi eftirfarandi:

„1. Kornvörur sem innihalda glúten, þ.e.: hveiti (s.s. spelt og taumhveiti), rúgur, bygg, hafrar eða blendingar þeirra, og afurðir úr þeim, nema:“

2. gr.

Í stað 3. liðar í öðrum dálki í lið 5.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 komi eftirfarandi:

„3) Yfirlýsing um að framleiðsluvaran sé ekki ætluð fyrir fólk sem þarf ekki að hafa stjórn á kólesterólmagni í blóði.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2014, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 frá 31. mars 2004 um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum og/eða jurtastanólestrum (Stjtíð. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 44).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 334/2014 **2014/EES/73/26**

frá 11. mars 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra að því er varðar tiltekin skilyrði um aðgang að markaði (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012([3]) er gildissvið þeirrar reglugerðar sett fram og sæfivörur sem eru notaðar sem hjálparefni við vinnslu eru m.a. undanskildar beitingu hennar. Breyta ber 5. mgr. 2. gr. til að skýra frekar, þannig að enginn vafi leiki á, að „hjálparefni við vinnslu“ merkir þau sem skilgreind eru í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2008 ([4]) og (EB) nr. 1333/2008([5]).

2) Breyta ber liðum í 1. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til að heimila að svipaðar sæfivörur séu hluti af flokki skyldra sæfivara ef unnt er að meta þær á fullnægjandi hátt á grundvelli sanngreinanlegrar hámarksáhættu og lágmarksverkunar.

3) Í e-lið 1. mgr. 19. gr. og 7. mgr. 19. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti að koma skýrt fram að gildin, sem krafist er að séu fastsett í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004([6]), eru sértæk flæðimörk eða gildi fyrir innihald efnaleifa í efnivið sem kemst í snertingu við matvæli.

4) Til að tryggja samræmi milli reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008([7]) ætti að breyta b-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til að bæta við sem flokkunarviðmiðun sértækum eiturhrifum á marklíffæri af völdum váhrifa í eitt skipti eða af völdum endurtekinna váhrifa til að girða fyrir leyfi til að sæfivara, sem uppfyllir viðmiðanir fyrir þessa flokkun, sé boðin fram á markaði til almennrar notkunar. Í c-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er lagt bann við leyfi fyrir því að sæfivörur, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð (PBT-efni) eða sem mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006([8]), séu boðnar fram á markaði til almennrar notkunar. Þar eð sæfivörur eru oft blöndur og stundum vörur gilda þessar viðmiðanir þó aðeins um efni. Því ætti c-liður 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að vísa til sæfivara sem samanstanda af, innihalda eða mynda efni sem uppfylla þessar viðmiðanir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 5.4.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 347, 18.12.2010, bls. 62.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 25. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. mars 2014.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

5) Þar eð ekki er vísað til samanburðarmats í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ætti að fella brott tilvísunina í þann viðauka í 3. mgr. 23. gr. þeirrar reglugerðar.

6) Breyta ber 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til að leiðrétta millivísunina í 30. gr.

7) Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 á að leyfa sæfivöru í samræmi við 4. mgr. 33. gr. eða 6. mgr. 34. gr. þeirrar reglugerðar ef öll viðkomandi aðildarríki hafa komist að samkomulagi við tilvísunaraðildarríkið um gagnkvæma viðurkenningu. Þó er mælt fyrir um ákvæði, sem vísa til ákvarðana allra viðkomandi aðildarríkja um að veita leyfi með gagnkvæmri viðurkenningu, í 3. mgr. 33. gr. og 6. mgr. 34. gr. þeirrar reglugerðar. Því ber að breyta 3. mgr. 35. gr. til samræmis við það.

8) Í annarri undirgrein 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er gerð krafa um að þóknanir, sem greiða skal skv. 1. mgr. 80. gr. þeirrar reglugerðar, skulu fylgja með umsókn um endurnýjun á Sambandsleyfi. Hins vegar er einungis hægt að greiða þóknanir í kjölfar upplýsinga sem Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) veitir um fjárhæð þeirra í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar. Af þeim sökum og til að tryggja samræmi við 7. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1. mgr.) og 43. gr. (1. mgr) þeirrar reglugerðar ætti að fella brott aðra undirgrein 1. mgr. 45. gr.

9) Notkun á orðinu „förgun“ í 52., 89. og 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 gæti verið villandi og leitt til vandkvæða við túlkun með hliðsjón af þeim skyldum sem lagðar eru á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB([9]). Því er rétt að fella það brott.

10) Gera ætti nokkrar tæknilegar leiðréttingar á 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til að forðast skörun í 1. og 3. mgr. 54. gr. að því er varðar greiðslu á viðeigandi þóknunum skv. 1. mgr. 80. gr.

11) Í 60. gr. (fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er vísað til leyfa sem eru veitt í samræmi við 30. gr. (4. mgr.), 34. gr. (6. mgr.) eða 44. gr. (4. mgr.) þeirrar reglugerðar. Hins vegar er mælt fyrir um ákvæðin, sem vísa til ákvarðana um að veita leyfi, í 30. gr. (1. mgr.), 33. gr. (3. og 4. mgr.), 34. gr. (6. og 7. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 37. gr. (2. og 3. mgr.) og 44. gr. (5. mgr.) þeirrar reglugerðar. Enn fremur er ekki tilgreint neitt tímabil í annarri undirgrein 3. mgr. 60. gr. þeirrar reglugerðar fyrir vernd gagna sem um getur í b-lið 1. mgr. 20. gr. sem lögð eru fram með umsókn skv. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar. Því ætti 60. gr. (3. mgr.) einnig að vísa til 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 33. gr. (3. og 4. mgr.), 34. gr. (6. og 7. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 37. gr. (2. og 3. mgr.), og 44. gr. (5. mgr.) þeirrar reglugerðar.

12) Breyta ber 4. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til að leiðrétta millivísunina í 67. gr.

13) Í því skyni að greiða fyrir góðri samvinnu, samræmingu og upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna, Efnastofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar framfylgd ætti einnig að fela Efnastofnuninni það verkefni að veita aðildarríkjunum stuðning og aðstoð að því er varðar eftirlits- og framfylgdarstarfsemi með því að nýta fyrirliggjandi skipulag, eftir því sem við á.

14) Til að unnt sé að undirbúa umsóknir um leyfi fyrir sæfivörum eigi síðar en þann dag sem virkt efni er samþykkt, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein 3. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, ætti almennur, rafrænn aðgangur að upplýsingum um virk efni, sem kveðið er á um í 67. gr. þeirrar reglugerðar, að vera aðgengilegur frá þeim degi þegar framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerðina, að því tilskildu að virka efnið sé samþykkt.

15) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um kærur vegna ákvarðana Efnastofnunarinnar sem teknar eru skv. 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð 2. mgr. 26. gr. veitir Efnastofnuninni ekki vald til að taka neina ákvörðun ætti þó að fella brott tilvísunina í þá grein í 1. mgr. 77. gr.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

16) Í 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er vísað í virk efni sem eru skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([10]). Koma ætti skýrt fram að sú grein gildi um öll virk efni sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tilskipun um, þ.m.t. þau sem eru í viðkomandi viðauka, að skilyrði fyrir slíkri færslu á skrá gildi um samþykkið og að samþykkisdagurinn sé dagsetning færslu á skrá.

17) Með fyrstu undirgrein 2. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er aðildarríkjum heimilað að beita núverandi kerfi sínu í allt að tvö ár eftir þann dag sem virka efnið er samþykkt. Í fyrstu undirgrein 3. mgr. 89. gr. reglugerðarinnar er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að leyfi fyrir sæfivörum séu veitt, þeim breytt eða þau afturkölluð innan tveggja ára frá því að virkt efni er samþykkt. Þó er rétt, að teknu tilliti til þess tíma sem þarf fyrir hin ýmsu skref í leyfisveitingarferlinu, einkum ef ósamkomulag varðandi gagnkvæma viðurkenningu ríkir milli aðildarríkjanna sem þarf því að vísa til framkvæmdastjórnarinnar til ákvarðanatöku, að framlengja þessa fresti í þrjú ár og endurspegla þá framlengingu í annarri undirgrein 3. mgr. 37. gr. þeirrar reglugerðar.

18) Með fyrstu undirgrein 2. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er aðildarríkjum heimilað að beita núverandi kerfi sínu um fyrirliggjandi, virk efni. Sæfivara gæti innihaldið samsetningu af nýjum, virkum efnum, sem hafa verið samþykkt, og fyrirliggjandi virkum efnum sem hafa enn ekki verið samþykkt. Í því skyni að verðlauna nýsköpun með því að veita slíkum vörum aðgang að markaðnum ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að beita núverandi kerfum sínum að því er varðar slíkar vörur þar til fyrirliggjandi, virkt efni hefur verið samþykkt og þessar vörur teljast af þessum sökum hæfar til leyfisveitingar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

19) Í 4. mgr. 89. gr. og 2. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um fresti til að hætta notkun sæfivara, sem leyfi hefur ekki verið veitt fyrir, í áföngum. Sömu frestir ættu að gilda um fresti til að hætta notkun sæfivara, sem þegar eru á markaðnum, í áföngum ef leyfi hefur verið veitt en þess krafist í skilyrðum fyrir leyfisveitingunni að sæfivörunni sé breytt.

20) Í 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti að koma skýrt fram að undanþágurnar sem þar er kveðið á um gilda einungis með fyrirvara um landsreglur aðildarríkjanna.

21) Með 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er leitast við að heimila setningu á markað á vörum, sem hafa verið meðhöndlaðar með sæfivörum sem innihalda virk efni sem verið er að meta enda þótt enn sé ekki búið að samþykkja þau, annaðhvort í tengslum við vinnuáætlunina sem um getur í 1. mgr. 89. gr. þeirrar reglugerðar eða á grundvelli umsóknar sem lögð var fram skv. 1. mgr. 94. gr. Hins vegar er unnt að túlka vísunina í 1. mgr. 94. gr. til 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem undanþágu án ásetnings frá merkinga- og upplýsingakröfunum í 3. og 4. mgr. 58. gr. Í 1. mgr. 94. gr. þeirrar reglugerðar ætti því einungis að vísa til 2. mgr. 58. gr.

22) Þar eð 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 gildir einungis um meðhöndlaðar vörur, sem þegar hafa verið settar á markað, var innleitt bann án ásetnings á flestar nýjar, meðhöndlaðar vörur frá og með 1. september 2013 þar til síðasta virka efnið, sem þessar meðhöndluðu vörur innihalda, er samþykkt. Því ætti að rýmka gildissvið 1. mgr. 94. gr. til að hún taki til nýrra, meðhöndlaðra vara. Í þeirri grein ætti einnig að kveða á um frest í áföngum fyrir meðhöndlaðar vörur sem engin umsókn um samþykki fyrir virku efni, að því er varðar viðkomandi vöruflokk, hefur verið lögð inn fyrir eigi síðar en 1. september 2016. Til að forðast hugsanleg alvarleg, skaðleg áhrif á atvinnurekendur en virða jafnframt að fullu meginregluna um réttarvissu ætti að setja ákvæði um að þessar breytingar gildi frá 1. september 2013.

23) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er gerð krafa um framlagningu fullnaðarmálsskjala fyrir efni. Það ætti að vera mögulegt að slík fullnaðarmálsskjöl innihaldi gögnin sem um getur í III. viðauka A eða IV. viðauka A við tilskipun 98/8/EB.

24) Samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er rétturinn til að vísa til gagna, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 3. mgr. 63. gr., rýmkaður svo hann nái til allra rannsókna sem krafist er vegna mats á heilbrigði manna og umhverfisáhættu til að gera væntanlegum, viðkomandi aðilum kleift að vera færðir í skrána sem um getur í 2. mgr. 95. gr. þeirrar reglugerðar. Án slíkra réttinda til tilvísunar yrðu margir væntanlegir, viðkomandi aðilar ekki færir um að fara nógu tímanlega að kröfum 1. mgr. 95. gr. til að verða færðir í þessa skrá fyrir þá dagsetningu sem um getur í 3. mgr. 95. gr. Í þriðju undirgrein 1. mgr. 95. gr. eru þó ekki taldar með rannsóknir um afdrif og hegðun í umhverfinu. Þar eð væntanlegir, viðkomandi aðilar eiga að greiða fyrir réttindi til

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

tilvísunar í samræmi við 3. mgr. 63. gr. ættu þeir enn fremur að eiga rétt á að njóta ávinnings af þeim réttindum til fulls með því að láta þau ganga til umsækjenda um leyfi fyrir vörum. Því ber að breyta 95. gr. til samræmis við það.

25) Með fimmtu undirgrein 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er ætlunin að takmarka verndartímabil fyrir gögn sem hægt er að miðla frá 1. september 2013, í því skyni að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 95. gr., en sem væri enn ekki unnt að miðla á þeim degi í því skyni að renna stoðum undir leyfi fyrir vörum. Um slíkt er að ræða varðandi gögn um samsetningar virkra efna og veruflokka sem ákvörðun var ekki tekin um að því er varðar færslu á skrá í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB fyrir 1. september 2013. Í 1. mgr. 95. gr. þeirrar reglugerðar ætti því að vísa til þeirrar dagsetningar.

26) Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2013 á skráin, sem Efnastofnunin birtir, að innihalda nöfn þátttakenda í vinnuáætluninni sem um getur í 1. mgr. 89. gr. þeirrar reglugerðar. Með 2. mgr. 95. gr. er þessum þátttakendum þar með gert kleift að njóta ávinnings af fyrirkomulagi um bætur vegna kostnaðar sem sett er fram í þeirri reglugerð. Sá möguleiki að njóta ávinnings af fyrirkomulagi um bætur vegna kostnaðar ætti að vera opinn öllum aðilum sem hafa lagt fram fullnaðarmálsskjöl fyrir efni, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 eða tilskipun 98/8/EB, eða aðgangsheimild að slíkum málsskjölum. Möguleikinn ætti að vera opinn þeim sem lögðu fram málsskjöl fyrir hvers kyns efni sem er í sjálfu sér ekki virkt efni en myndar virk efni.

27) Í fyrstu undirgrein 3. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er lagt bann við því að setja sæfivörur, sem innihalda virk efni sem framleiðandi eða innflytjandi (hér á eftir nefndur „viðkomandi aðili“) er ekki skráður fyrir í skránni sem um getur í þeirri grein, á markað. Samkvæmt 2. mgr. 89. gr. og 2. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar verða tiltekin virk efni löglega fyrir hendi á markaði í sæfivörum þó að fullnaðarmálsskjöl hafi enn ekki verið lögð fram. Bannið skv. 3. mgr. 95. gr. ætti ekki að gilda um slík efni. Ef enginn efnaframleiðandi eða efnainnflytjandi er skráður fyrir efni, sem fullnaðarmálsskjöl hafa verið lögð fram fyrir, ætti enn fremur að heimila þann möguleika að annar aðili setji sæfivörur, sem innihalda þetta efni, á markað með fyrirvara um að viðkomandi aðili eða framleiðandi eða innflytjandi sæfivörunnar leggi fram málsskjöl eða aðgangsheimild að málsskjölum.

28) Í 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að 95. gr. gildi um virk efni sem eru skráð í 6. flokki í I. viðauka við þá reglugerð. Þessi efni hafa verið skráð í þann viðauka á grundvelli framlagningar á fullnaðarmálsskjölum fyrir efni en eigandi málsskjalanna ætti að eiga rétt á að njóta ávinnings af fyrirkomulaginu um bætur vegna kostnaðar samkvæmt þeirri grein. Í framtíðinni gætu önnur efni verið skráð í þennan viðauka á grundvelli slíkrar framlagningar. Því ætti að setja reglur um öll slík efni í 6. flokki í þeim viðauka.

29) Lýsingin í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 á sæfivörum, sem eru notaðar í efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ætti að vera í samræmi við þau hugtök sem notuð eru í reglugerð (EB) nr. 1935/2004.

30) Koma ætti skýrt fram í fyrstu málsgrein 96. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að tilskipun 98/8/EB er felld úr gildi með fyrirvara um ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem vísa til tilskipunar 98/8/EB.

31) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 528/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar 5. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„b) sæfivörur sem eru notaðar sem hjálparefni við vinnslu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 og reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.“

2) Ákvæðum 1. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað s-liðar komi eftirfarandi:

„s) „flokkur skyldra sæfivara“: hópur sæfivara með:

i. svipaða notkun,

ii. sömu virku efnin,

iii. svipaða samsetningu með tilgreindan breytileika í samsetningu og

iv. svipaða áhættu og verkun,“

b) V. liður falli brott.

3) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) að virku efnin séu skráð í I. viðauka eða hafi verið samþykkt vegna viðkomandi vöruflokks og að sérhverju skilyrði, sem tilgreint er vegna þessara virku efna, sé fullnægt,“

ii. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) eftir því sem við á, að hámarksgildi leifa fyrir matvæli og fóður hafi verið fastsett, að því er tekur til virkra efna í sæfivöru, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93(*), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005(**), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009(***) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB(****), eða að sértæk flæðimörk eða gildi fyrir innihald efnaleifa í efnivið sem kemst í snertingu við matvæli hafi verið fastsett að því er tekur til slíkra virkra efna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004(*****).“

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

(*****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

b) Í stað b- og c-liðar 4. liðar komi eftirfarandi:

„b) sæfivaran uppfyllir viðmiðanir, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, um flokkun sem:

— efni sem hefur bráð eiturhrif um munn, 1., 2. eða 3. undirflokkur,

— efni sem hefur bráð eiturhrif á húð, 1., 2. eða 3. undirflokkur,

— efni sem hefur bráð eiturhrif við innöndun (lofttegundir og ryk/úði), 1., 2. eða 3. undirflokkur,

— efni sem hefur bráð eiturhrif við innöndun (gufa), 1. eða 2. undirflokkur,

— sértæk eiturhrif á marklíffæri við váhrif í eitt skipti eða endurtekin váhrif, 1. undirflokkur,

— krabbameinsvaldur í undirflokki 1A eða 1B,

— stökkbreytivaldur í undirflokki 1A eða 1B, eða

— efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B,

c) sæfivaran samanstendur af, inniheldur eða myndar efni sem uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað (PBT-efni) eða sem mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006“.

c) Í stað 6. og 7. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Við mat á flokki skyldra sæfivara, sem er framkvæmt samkvæmt sameiginlegu meginreglunum sem settar eru fram í VI. viðauka, skal taka til athugunar hámarksáhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið og lágmarksverkun af öllum hugsanlegum vörum í flokki skyldra sæfivara.

Flokkur skyldra sæfivara skal einungis leyfður ef:

a) í umsókninni er skýrt tilgreind hámarksáhætta fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið og lágmarksverkun sem matið byggist á sem og leyfð frávik í samsetningu og notkun, sem um getur í s-lið 1. mgr. 3. gr., ásamt flokkun, hættusetningum og varnaðarsetningum, eftir því sem við á, og öllum viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu og

b) unnt er að ákvarða, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, að allar sæfivörurnar í flokknum fullnægi skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr.

7. Eftir því sem við á skal væntanlegur leyfishafi eða fulltrúi hans sækja um ákvörðun á hámarksgildi leifa að því er varðar virk efni sem eru í sæfivöru í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 315/93, reglugerð (EB) nr. 396/2005, reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða tilskipun 2002/32/EB eða um ákvörðun á sértækum flæðimörkum eða gildum fyrir innihald efnaleifa í efnivið sem kemst í snertingu við matvæli að því er tekur til slíkra efna í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1935/2004.“

4) Í stað inngangshluta 3. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbært viðtökuyfirvald, eða framkvæmdastjórnin ef um er að ræða ákvörðun um umsókn um Sambandsleyfi, skal banna eða takmarka að sæfivara, sem inniheldur virkt efni sem ráðgert er að skipta út, sé boðin fram á markaði eða notuð ef samanburðarmat, sem er framkvæmt í samræmi við tæknilegu leiðbeiningarnar sem um getur í 24. gr., sýnir fram á að báðar eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:“

5) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. 34. gr. komi eftirfarandi:

“Innan 365 daga frá fullgildingu umsóknar skal tilvísunaraðildarríkið meta umsóknina og gera drög að matsskýrslu í samræmi við 30. gr. og senda matsskýrslu sína og samantektina á eiginleikum sæfivörunnar til hlutaðeigandi aðildarríkja og til umsækjandans.“

6) Í stað 3. mgr. 35. gr. komi eftirfarandi:

„3. Öll aðildarríki, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skulu reyna eftir fremsta megni að komast að samkomulagi innan samræmingarhópsins um þær aðgerðir sem grípa skal til. Þau skulu gefa umsækjanda færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ef þau ná samkomulagi innan 60 daga frá vísun ágreiningsatriðanna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal tilvísunaraðildarríkið skrá samkomulagið í sæfivöruskrána. Málsmeðferðinni skal þá talið lokið og tilvísunaraðildarríkið og hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal veita leyfi fyrir sæfivörunni í samræmi við 3. mgr. 33. gr. eða 6. mgr. 34. gr., eins og við á.“

7) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. 37. gr. komi eftirfarandi:

Sú skylda aðildarríkjanna, að veita leyfi fyrir sæfivöru innan þriggja ára frá dagsetningu samþykkis, sem um getur í 3. mgr. 89. gr., skal felld tímabundið úr gildi meðan málsmeðferðin samkvæmt þessari grein stendur yfir.“

8) Í 1. mgr. 45. gr. falli önnur undirgrein brott.

9) Í stað 52. gr. komi eftirfarandi:

„52. gr.

Frestir

Ef lögbært yfirvald, eða framkvæmdastjórnin ef um er að ræða sæfivöru sem er leyfð á vettvangi Sambandsins, afturkallar eða breytir leyfi eða ákveður að endurnýja það ekki, þrátt fyrir 89. gr., skal það gefa frest til að bjóða fyrirliggjandi birgðir fram á markaði og til notkunar þeirra nema í þeim tilvikum þar sem áframhaldandi framboð sæfivörunnar á markaði eða notkun hennar myndi valda óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið.

Fresturinn til að bjóða viðkomandi sæfivöru fram á markaði skal ekki standa lengur en 180 daga, að viðbættum 180 dögum að hámarki til notkunar á fyrirliggjandi birgðum.“

10) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 53. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 17. gr. skal lögbært yfirvald aðildarríkis (hér á eftir nefnt „aðflutningsaðildarríkið“), að beiðni umsækjandans, veita leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með sæfivöru, sem er leyfð í öðru aðildarríki (hér á eftir nefnt „upprunaaðildarríkið“), til að hægt sé að bjóða hana fram á markaði og nota hana í aðflutningsaðildarríkinu ef lögbæra yfirvaldið ákvarðar, í samræmi við 3. mgr., að sæfivaran sé sams konar vara og sæfivara sem þegar er leyfð í aðflutningsaðildarríkinu (hér eftir nefnd „viðmiðunarvaran“).“

11) Ákvæðum 54. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Ef nauðsynlegt er að ákvarða tæknilegt jafngildi virkra efna skal aðilinn, sem óskar eftir að ákvarða það jafngildi (hér á eftir nefndur „umsækjandinn“), leggja fram umsókn hjá Efnastofnuninni.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Efnastofnunin skal tilkynna umsækjandanum um þóknanirnar, sem greiða skal skv. 1. mgr. 80. gr., og skal hafna umsókninni ef umsækjandinn greiðir ekki þóknanirnar innan 30 daga. Hún skal tilkynna umsækjandanum þar um.“

12) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 17. gr. má ekki gera tilraun eða prófun, í þágu vísinda- eða vöru- og ferlamiðaðra rannsókna og þróunar, sem varðar sæfivöru sem ekki er leyfi fyrir eða virkt efni sem hefur ekki verið samþykkt og er eingöngu ætlað til nota í sæfivöru (hér á eftir nefnd „tilraun“ eða „prófun“), nema samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein.“

13) Í stað inngangshluta 3. mgr. 58. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru á markað, skal sjá til þess að á merkimiðanum séu tilgreindar þær upplýsingar, sem um getur í annarri undirgrein, ef:“

14) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 3. mgr. 60. gr. komi eftirfarandi:

„3. Verndartímabili gagna, sem eru lögð eru fram í þeim tilgangi að fá leyfi fyrir sæfivöru sem inniheldur aðeins fyrirliggjandi, virk efni, skal ljúka 10 árum eftir fyrsta dag mánaðarins eftir að fyrsta ákvörðunin um leyfið fyrir vörunni var tekin í samræmi við 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 33. gr. (3. eða 4. mgr.), 34. gr. (6. eða 7. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 37. gr. (2. eða 3. mgr.), eða 44. gr. (5. mgr.).

Verndartímabili gagna, sem eru lögð eru fram í þeim tilgangi að fá leyfi fyrir sæfivöru sem inniheldur nýtt, virkt efni, skal ljúka 15 árum eftir fyrsta dag mánaðarins eftir að fyrsta ákvörðunin um leyfið fyrir vörunni var tekin í samræmi við 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (1. mgr.), 33. gr. (3. eða 4. mgr.), 34. gr. (6. eða 7. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 37. gr. (2. eða 3. mgr.), eða 44. gr. (5. mgr.).“

15) Í stað 4. mgr. 66. gr. komi eftirfarandi:

„4. Hver sá aðili sem, vegna beitingar þessarar reglugerðar, leggur upplýsingar fyrir Efnastofnunina eða lögbært yfirvald, sem varða virkt efni eða sæfivöru, getur lagt fram beiðni um að ekki skuli veittur aðgangur að upplýsingunum í 3. og 4. mgr. 67. gr. ásamt rökstuðningi fyrir því að miðlun upplýsinganna gæti skaðað viðskiptahagsmuni aðilans eða annarra hlutaðeigandi aðila.“

16) Ákvæðum 67. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshluta 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdarreglugerð þar sem kveðið er á um að virkt efni sé samþykkt, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr., skal almenningi veittur greiður og endurgjaldslaus aðgangur að uppfærðum upplýsingum, sem eru í vörslu Efnastofnunarinnar eða framkvæmdastjórnarinnar og varða virka efnið, um eftirfarandi:“.

b) Í stað inngangshluta 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdarreglugerð þar sem kveðið er á um að virkt efni sé samþykkt, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr., skal Efnastofnunin veita endurgjaldslausan aðgang að eftirfarandi, uppfærðum upplýsingum um virka efnið nema aðilinn, sem leggur fram upplýsingarnar, leggi fram rökstuðning fyrir því, í samræmi við 4. mgr. 66. gr., sem lögbært yfirvald eða Efnastofnunin tekur gildan, hvers vegna slík birting geti skaðað viðskiptahagsmuni hans eða annarra hlutaðeigandi aðila:“.

17) Við 1. mgr. 76. gr. bætist eftirfarandi liður:

„l) að veita aðildarríkjunum stuðning og aðstoð að því er varðar starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar.“

18) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 77. gr. komi eftirfarandi:

„1. Kærum vegna ákvarðana Efnastofnunarinnar, sem eru teknar skv. 7. gr. (2. mgr), 13. gr. (3. mgr.), 43. gr. (2. mgr.), 45. gr. (3. mgr.), 54. gr. (3., 4. og 5. mgr.), 63. gr. (3. mgr.) og 64. gr. (1. mgr.), skal vísa til kærunefndar sem komið er á í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.“

19) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 78. gr. komi eftirfarandi:

„Tekjur Efnastofnunarinnar, sem um getur í 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki notaðar til að vinna verkefni samkvæmt þessari reglugerð nema um sé að ræða sameiginlegan tilgang eða tímabundinn flutning til að tryggja eðlilega starfsemi Efnastofnunarinnar. „Tekjur Efnastofnunarinnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu ekki notaðar til að vinna verkefni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 nema um sé að ræða sameiginlegan tilgang eða tímabundinn flutning til að tryggja eðlilega starfsemi Efnastofnunarinnar.“

20) Í stað 86. gr. komi eftirfarandi:

„86. gr.

Virk efni sem eru skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB

Virk efni, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tilskipanir fyrir varðandi það að færa þau á skrá í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, skulu teljast samþykkt samkvæmt þessari reglugerð þann dag sem þau eru færð á skrá og skulu færð í skrána sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Samþykki skal vera með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í þessum tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar.“

21) Ákvæðum 89. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 17. gr. (1. mgr.), 19. gr. (1. mgr.) og 20. gr. (1. mgr.) í þessari reglugerð og með fyrirvara um 1. og 3. mgr. þessarar greinar má aðildarríki halda áfram að nota núverandi kerfi sitt eða starfsvenjur, varðandi það að bjóða tiltekna sæfivöru fram á markaði eða nota hana, í allt að þrjú ár eftir dagsetningu samþykkis fyrir síðasta virka efninu sem er samþykkt í þeirri sæfivöru. Viðkomandi aðildarríki getur, samkvæmt landsreglum sínum, ekki leyft framboð á markaði á yfirráðasvæði sínu nema á sæfivörum sem innihalda einungis:

a) fyrirliggjandi, virk efni sem:

i. hafa verið metin samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007([11]) en hafa enn ekki verið samþykkt fyrir þann vöruflokk eða

ii. verið er að meta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 en sem hafa ekki enn verið samþykkt fyrir þann vöruflokk,

eða

b) sambland af virkum efnum sem um getur í a-lið og virkum efnum sem hafa verið samþykkt í samræmi við þessa reglugerð.

Ef um er að ræða ákvörðun um að veita ekki samþykki fyrir virku efni getur aðildarríki, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, haldið áfram að nota núverandi kerfi sitt eða starfsvenjur, varðandi það að bjóða sæfivörur fram á markaði, í allt að 12 mánuði eftir dagsetningu ákvörðunarinnar um að veita ekki samþykki fyrir virka efninu í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr., og getur haldið áfram að beita núverandi kerfi sínu eða starfsvenjum við notkun á sæfivörum í allt að 18 mánuði eftir þá ákvörðun.“

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Í kjölfar ákvörðunar um að veita samþykki fyrir tilteknu virku efni fyrir tiltekinn vöruflokk skulu aðildarríkin sjá til þess að leyfi fyrir sæfivörum í þeim vöruflokki og sem innihalda það virka efni séu veitt, þeim breytt eða þau afturkölluð, eins og við á, í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en þremur árum eftir dagsetningu samþykkisins.

Í þessu skyni skulu þeir sem óska eftir að sækja um leyfi eða um samhliða, gagnkvæma viðurkenningu fyrir sæfivörur í þeim vöruflokki, sem innihalda engin virk efni önnur en fyrirliggjandi virk efni, leggja fram umsóknir um leyfi eða samhliða, gagnkvæma viðurkenningu eigi síðar en daginn sem virka efnið eða efnin eru samþykkt. Ef um er að ræða sæfivörur sem innihalda fleiri en eitt virkt efni skal leggja fram umsóknir eigi síðar en daginn sem síðasta virka efnið fyrir þann vöruflokk er samþykkt.

Ef ekki hefur verið lögð inn umsókn um leyfi eða samhliða, gagnkvæma viðurkenningu í samræmi við aðra undirgrein:

a) skal sæfivaran ekki lengur boðin fram á markaði frá og með 180 dögum eftir dagsetningu samþykkisins fyrir virka efninu eða efnunum og

b) má halda áfram að nota fyrirliggjandi birgðir af sæfivöru í allt að 365 daga eftir dagsetningu samþykkisins fyrir virka efninu eða efnunum.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis eða, ef við á, framkvæmdastjórnin ákveður að hafna umsókn um leyfi fyrir sæfivöru sem er þegar í boði á markaði, sem lögð er fram skv. 3. mgr., eða ákveður að veita ekki leyfi eða setja skilyrði fyrir veitingu leyfis svo nauðsynlegt reynist að breyta vörunni, gildir eftirfarandi:

a) sæfivara sem hefur ekki verið leyfð eða, ef við á, sem uppfyllir ekki skilyrðin fyrir veitingu leyfisins, skal ekki lengur boðin fram á markaði frá og með 180 dögum eftir dagsetningu ákvörðunar yfirvaldsins og

b) halda má áfram að nota fyrirliggjandi birgðir af sæfivöru í allt að 365 daga eftir dagsetningu ákvörðunar yfirvaldsins.“

22) Eftirfarandi málsliður bætist við 2. mgr. 92. gr.:

„Sæfivörur, sem eru leyfðar í samræmi við 3. eða 4. gr. tilskipunar 98/8/EB, skulu teljast leyfðar í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar.“

23) Í stað 93. gr. komi eftirfarandi:

„93. gr.

Umbreytingarráðstafanir varðandi sæfivörur sem ekki falla undir gildissvið tilskipunar 98/8/EB

Þrátt fyrir 1. mgr. 17. gr. er aðildarríki heimilt að halda áfram að nota núverandi kerfi sitt eða starfsvenjur við að bjóða fram á markaði og nota sæfivöru sem fellur ekki undir gildissvið tilskipunar 98/8/EB en fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og samanstendur af, inniheldur eða myndar einungis virk efni sem voru fáanleg á markaði eða notuð í sæfivörur 1. september 2013. Undanþágan gildir fram að einni af eftirtöldum dagsetningum:

a) ef umsóknir um samþykki fyrir öllum þessum virku efnum, sem sæfivaran samanstendur af, inniheldur eða myndar, eru lagðar fram varðandi viðkomandi vöruflokk eigi síðar en 1. september 2016: frestunum, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr 89. gr. eða í 3. mgr. eða 4. mgr. 89. gr., eða

b) 17. september 2017 ef umsókn er ekki lögð fram í samræmi við a-lið fyrir eitt af virku efnunum.“

24) Í stað 94. og 95. gr. komi eftirfarandi:

„94. gr.

Umbreytingarráðstafanir varðandi meðhöndlaða vöru

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 58. gr. má setja meðhöndlaða vöru, sem er meðhöndluð með eða inniheldur af ásetningi eina eða fleiri sæfivörur sem innihalda einungis virk efni sem verið er að rannsaka 1. september 2016 fyrir viðkomandi vöruflokk í vinnuáætluninni, sem um getur í 1. mgr. 89. gr., eða sem umsókn er lögð fram fyrir um samþykki fyrir viðkomandi vöruflokki eigi síðar en þann dag eða sem inniheldur einungis sambland af slíkum efnum og virkum efnum sem eru í skránni sem er tekin saman í samræmi við 2. mgr. 9. gr. að því er varðar viðkomandi vöruflokk og notkun eða sem er á skrá í I. viðauka, á markað fram að einni af eftirtöldum dagsetningum:

a) ef um er að ræða ákvörðun sem er samþykkt eftir 1. september 2016 um að hafna umsókn um samþykki eða að samþykkja ekki eitt af virku efnunum til viðkomandi notkunar: 180 dögum frá og með slíkri ákvörðun,

b) í öðrum tilvikum: dagsetningu samþykkis fyrir viðkomandi vöruflokki og notkun á síðasta virka efninu sem skal samþykkt og er að finna í sæfivörunni.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 58. gr. gildir auk þess að setja má meðhöndlaða vöru, sem er meðhöndluð með eða inniheldur af ásetningi eina eða fleiri sæfivörur sem innihalda virk efni önnur en þau sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða þau sem eru í skránni sem er tekin saman í samræmi við 2. mgr. 9. gr. að því er varðar viðkomandi vöruflokk og notkun eða sem er á skrá í I. viðauka, á markað til 1. mars 2017.

95. gr.

Umbreytingarráðstafanir varðandi aðgang að málsskjölum um virka efnið

1. Frá og með 1. september 2013 skal Efnastofnunin gera aðgengilega öllum og uppfæra reglulega skrá yfir öll virk efni og öll efni, sem mynda virk efni, sem málsskjöl, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þessa reglugerð eða í II. viðauka A eða IV. viðauka A við tilskipun 98/8/EB og, ef við á, III. viðauka A við þá tilskipun („fullnaðarmálsskjöl fyrir efni“), hafa verið lögð fram fyrir og aðildarríki hefur samþykkt eða fullgilt með málsmeðferð sem kveðið er á um í þessari reglugerð eða í þeirri tilskipun („viðkomandi efni“). Að því er varðar hvert viðkomandi efni skal skráin einnig taka til allra aðila með slíka framlagningu eða framlagningu til Efnastofnunarinnar í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar og tilgreina hlutverk þeirra eins og tilgreint er í þeirri undirgrein og þann vöruflokk eða þá vöruflokka sem þeir hafa lagt fram fyrir sem og dagsetninguna þegar efnið er fært í skrána.

Aðili með staðfestu í Sambandinu, sem framleiðir eða flytur inn viðkomandi efni, eitt og sér eða í sæfivörum („efnabirgir“), eða sem framleiðir eða býður fram á markaði sæfivöru sem samanstendur af, inniheldur eða myndar þetta viðkomandi efni („vörubirgir“), getur hvenær sem er lagt fyrir Efnastofnunina annaðhvort fullnaðarmálsskjöl fyrir viðkomandi efni, aðgangsheimild að fullnaðarmálsskjölum fyrir efni eða vísun í fullnaðarmálsskjöl fyrir efni sem öll gagnaverndartímabil eru runnin út fyrir. Í kjölfar endurnýjunar á samþykki fyrir virku efni geta allir efnabirgjar eða vörubirgjar lagt fyrir Efnastofnunina aðgangsheimild að öllum gögnum sem lögbært matsyfirvald taldi skipta máli að því er endurnýjunina varðaði og sem verndartímabilið er enn ekki runnið út fyrir („viðeigandi gögn“).

Efnastofnunin skal tilkynna framlagningarbirginum um þóknanirnar sem greiða skal skv. 1. mgr. 80. gr. Hún skal hafna umsókninni ef framlagningarbirgirinn greiðir ekki þóknanir innan 30 daga og tilkynna framlagningarbirginum þar um.

Þegar Efnastofnunin hefur tekið við þóknununum sem greiða skal skv. 1. mgr. 80. gr. skal hún ganga úr skugga um hvort framlagningin sé í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar og tilkynna framlagningarbirginum þar um.

2. Frá og með 1. september 2015 skal ekki bjóða sæfivöru, sem samanstendur af, inniheldur eða myndar viðkomandi efni, sem er í skránni sem um getur í 1. mgr., fram á markaði nema efnabirgirinn eða vörubirgirinn sé í skránni sem um getur í 1. mgr. að því er varðar vöruflokkinn eða vöruflokkana sem varan tilheyrir.

3. Að því er varðar framlagningu í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. þessarar greinar gildir 3. mgr. 63. gr. þessarar reglugerðar um allar eiturefnafræðilegar, visteiturefnafræðilegar og umhverfislegar rannsóknir á afdrifum og hegðum í tengslum við efni sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1451/2007, þ.m.t. allar slíkar rannsóknir sem fela ekki í sér prófanir á hryggdýrum.

4. Efnabirgir eða vörubirgir, sem er í skránni sem um getur í 1. mgr. og sem aðgangsheimild hefur verið gefin út fyrir að því er varðar þessa grein eða sem hefur fengið rétt til að vísa til rannsóknar í samræmi við 3. mgr., skal eiga rétt á að heimila umsækjendum um leyfi fyrir sæfivöru að vísa til þessarar aðgangsheimildar eða rannsóknar að því er varðar 1. mgr. 20. gr.

5. Þrátt fyrir 60. gr. skulu öll gagnaverndartímabil fyrir samsetningar virkra efna og vöruflokka, sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1451/2007 en sem ákvörðun var ekki tekin um að því er varðar færslu á skrá í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB fyrir 1. september 2013, renna út 31. desember 2025.

6. Ákvæði 1. til 5. mgr. gilda ekki um efni, sem skráð eru í 1.–5. og 7. flokk í I. viðauka, eða um sæfivörur sem innihalda aðeins slík virk efni.

7. Efnastofnunin skal uppfæra skrána, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, reglulega. Í kjölfar endurnýjunar á samþykki fyrir virku efni skal Efnastofnunin fjarlægja úr skránni alla efnabirgja eða vörubirgja sem hafa, innan 12 mánaða frá endurnýjuninni, ekki lagt fram öll viðeigandi gögn eða aðgangsheimild að öllum viðeigandi gögnum, annaðhvort í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. þessarar greinar eða í umsókn í samræmi við 13. gr.“

25) Í stað fyrstu málsgreinar 96. gr. komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 86., 89. til 93. gr. og 95. gr. þessarar reglugerðar er tilskipun 98/8/EB hér með felld úr gildi frá og með 1. september 2013.“

26) Í stað fyrirsagnar 6. flokks í I. viðauka komi eftirfarandi:

„6. flokkur — Efni sem aðildarríki hefur fullgilt málsskjöl fyrir um virka efnið í samræmi við 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar eða tekið á móti slíkum skjölum í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB“.

27) Í stað annarrar málsgreinar undir fyrirsögninni „Vöruflokkur 4: Svæði fyrir matvæli og fóður“ í V. viðauka komi eftirfarandi:

„Vörur sem eru notaðar til að blanda í efni sem gætu komist í snertingu við matvæli.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Ákvæði 24. liðar 1. gr. gilda frá og með 1. september 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 405/2014 **2014/EES/73/27**

frá 23. apríl 2014

um að samþykkja lárínsýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir lárínsýru.

2) Lárínsýra hefur verið metin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 19, fæliefni og löðunarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 19 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Þýskaland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 17. maí 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu sem var endurskoðuð innan fastanefndarinnar um sæfivörur 13. mars 2014.

5) Samkvæmt þeirri matsskýrslu má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 19 og innihalda lárínsýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun hennar séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja lárínsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þær nýju kröfur sem mælt er fyrir um.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal lárínsýru sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Lárínsýra	IUPAC-heiti: Dódekansýra EB-nr.: 205-582-1 CAS-nr.: 143-07-7	980 g/kg	1. nóvember 2015	31. október 2025	19	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 406/2014

2014/EES/73/28

frá 23. apríl 2014

um að samþykkja etýlbútýlasetýlamínpróþíónat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir etýlbútýlasetýlamínpróþíónat.

2) Etýlbútýlasetýlamínpróþíónat hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 19, fæliefni og löðunarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 19 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Belgía var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 5. nóvember 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu sem var endurskoðuð innan fastanefndarinnar um sæfivörur 13. mars 2014.

5) Samkvæmt þeirri matsskýrslu má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 19 og innihalda etýlbútýlasetýlamínpróþíónat, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja etýlbútýlasetýlamínpróþíónat til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þær nýju kröfur sem mælt er fyrir um.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal etýlbútýlasetýlamínprópíónat sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Etýlbútýlasetýl-amínprópíónat	IUPAC-heiti: 3-(N-asetýl-N-bútýl) amínóprópíónsýru-etýlester EB-nr.: 257-835-0 CAS-nr.: 52304-36-6	990 g/kg	1. nóvember 2015	31. október 2025	19	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Beinum váhrifum á menn af völdum þessarar vöru skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu, þ.m.t., eftir atvikum, leiðbeiningar um hversu mikið magn af vörunni og hversu oft má bera á hörund manna.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 407/2014 **2014/EES/73/29**

frá 23. apríl 2014

um að samþykkja transflútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir transflútrín.

2) Transflútrín hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 18 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Holland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 13. júlí 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu sem var endurskoðuð innan fastanefndarinnar um sæfivörur 13. mars 2014.

5) Samkvæmt þeirri matsskýrslu má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 18 og innihalda transflútrín, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja transflútrín til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þær nýju kröfur sem mælt er fyrir um.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal transflútrín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði ([2])
Transflútrín	IUPAC-heiti: 2,3,5,6-tetraflúorbensýl (1R,3S)-3-(2,2-díklórvínýl)-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlat eða 2,3,5,6-tetraflúorbensýl (1R)-trans-3-(2,2-díklórvínýl)-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlat EB-nr.: 405-060-5 CAS-nr.: 118712-89-3	965 g/kg af 1R trans-stöðu	1. nóvember 2015	31. október 2025	18	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Í ljósi áhættu fyrir vatns-, set- og jarðvegshólf skal ekki nota transflútrín í eima til notkunar innanhúss eða í skordýraeitursrúllur nema hægt sé að sýna fram á það í umsókninni um leyfi fyrir vörunni að unnt sé að draga úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 408/2014 **2014/EES/73/30**

frá 23. apríl 2014

um að samþykkja tilbúið, myndlaust kísildíoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([3]). Sú skrá nær yfir kísildíoxíð.

2) Kísildíoxíð hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 18 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Aðeins var hægt að draga ályktanir af gögnunum, sem voru lögð fram vegna matsins, að því er varðar tiltekið form kísildíoxíðs, þ.e. tilbúið, myndlaust kísildíoxíð, lýst sem kísilhlaupi, CAS-númer 112926-00-8. Matið gerði ekki kleift að draga ályktanir varðandi nein önnur efni sem falla undir skilgreininguna á kísildíoxíði CAS nr. 7631-86-9 í framangreindri skrá yfir virk efni í reglugerð (EB) nr. 1451/2007. Því ætti samþykkið einungis að ná yfir tilbúið, myndlaust kísildíoxíð.

4) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 16. apríl 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu sem var endurskoðuð innan fastanefndarinnar um sæfivörur 13. mars 2014.

6) Samkvæmt þeirri matsskýrslu má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 18 og innihalda tilbúið, myndlaust kísildíoxíð, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

7) Því er rétt að samþykkja tilbúið, myndlaust kísildíoxíð til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

8) Þar eð tilbúið, myndlaust kísildíoxíð, eins og það var metið, er nanóefni, ætti samþykkið ná yfir slík nanóefni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þær nýju kröfur sem mælt er fyrir um.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal tilbúið, myndlaust kísildíoxíð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Byggingareiginleikar til viðmiðunar([2])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði([3])
Tilbúið, myndlaust kísildíoxíð (nanó)	IUPAC-heiti: Kísildíoxíð EB-nr.: 231-545-4 CAS-nr.: 112926-00-8 Samþykki þetta nær yfir tilbúið, myndlaust kísildíoxíð sem nanóefni í formi stöðugra, uppsafnaðra agna í kornastærð > 1 μm, með grunnögnum (e. *primary particles*) í nanóstærð.	800 g/kg	— Stærð stöðugra, uppsafnaðra agna > 1 μm — Stærð grunnagna < 25 nm — Sértækt yfirborðsflatarmál á tiltekna einingu rúmmáls > 600 m^2/cm^3	1. nóvember 2015	31. október 2025	18	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Þeir byggingareiginleikar sem eru tilgreindir í þessum dálki voru byggingareiginleikar virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([3]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 437/2014 **2014/EES/73/31**

frá 29. apríl 2014

um að samþykkja 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]). Sú skrá nær yfir 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón.

2) 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 21, gróðurhindrandi efni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 21 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Noregur var tilnefnt sem skýrslugjafi og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 21. desember 2010 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu sem var endurskoðuð innan fastanefndarinnar um sæfivörur 13. mars 2014.

5) Samkvæmt þeirri matsskýrslu má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 21 og innihalda 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þær nýju kröfur sem mælt er fyrir um.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sértæk skilyrði ([2])
4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón	IUPAC-heiti: 4,5-díklór-2-oktýlísóþíasól-3(2H)-ón EB-nr.: 264-843-8 CAS-nr.: 64359-81-5	950 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2025	21	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðilar, sem bjóða vörur, sem innihalda 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón, fram á markaði fyrir notendur sem ekki nota efnið í atvinnuskyni, skulu sjá til þess að vörurnar séu afhentar ásamt viðeigandi hönskum. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Á merkimiðum og notkunarleiðbeiningum, ef þær eru látnar í té, skal koma fram að halda skuli börnum fjarri þar til meðhöndlaðir yfirborðsfletir eru orðnir þurrir. 3) Á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir vörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun, viðhald og viðgerðir skuli fara fram inni á lokuðu svæði, á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði eða á jörðinni, sem skal þakin ógegndræpu efni til að koma í veg fyrir leka og lágmarka losun út í umhverfið, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum efnum sem fara til spillis, eða úrgangi, sem innihalda 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón. 4) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005 ([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði ([2])
						Ef vara hefur verið meðhöndluð með einni sæfivöru eða fleiri sem innihalda 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón eða inniheldur efnið eða efnin af ásetningi og, ef nauðsyn krefur, vegna hugsanlegrar snertingar við húð svo og losunar 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasóls við venjuleg skilyrði við notkun vörunnar skal aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu vörunnar á markað, sjá til þess að á merkimiðanum séu tilgreindar upplýsingar um áhættu á húðnæmingu sem og upplýsingarnar sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 438/2014 **2014/EES/73/32**

frá 29. apríl 2014

um að samþykkja sýprókónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]). Sú skrá nær yfir sýprókónasól.

2) Sýprókónasól hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 8 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Írland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 30. maí 2012 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu sem var endurskoðuð innan fastanefndarinnar um sæfivörur 13. mars 2014.

5) Samkvæmt þeirri matsskýrslu má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 8 og innihalda sýprókónasól, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja sýprókónasól til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð matið fjallaði ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að sýprókónasól uppfylli viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008([4]) og sem efni sem er mjög þrávirkt (vP-efni) og eitrað (T) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 Þrátt fyrir að endurskoða ætti fyrirliggjandi samræmda flokkun sýprókónasóls skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 ætti að taka tillit til þessara eðliseiginleika til að ákvarða samþykkistímabil.

9) Þar eð skilyrði fyrstu undirgreinar 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 528/2012 eru ekki uppfyllt, ætti að fylgja núverandi venjum samkvæmt tilskipun 98/8/EB. Því ætti samþykkistímabilið vera fimm ár.

10) Að því er varðar leyfisveitingu fyrir vörum í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti sýprókónasól þó að teljast efni sem efni sem ráðgert er að skipta út skv. a- og d-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

11) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þær nýju kröfur sem mælt er fyrir um.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal sýprókónasól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sértæk skilyrði ([2])
Sýprókónasól	IUPAC-heiti: (2RS,3RS;2RS,3SR)-2-(4-klórfenýl)-3-sýklóprópýl-1-(1H—1,2,4-tríasól-1-ýl) bútan-2-ól EB-nr.: á ekki við CAS-nr.: 94361-06-5 Sýprókónasól hefur tvær fjölhverfur. Fjölhverfa A: handhverft par, þar sem 2-hýdroxý-hópur og 3-hýdrógen eru staðsett sömu megin (2S, 3S og 2R, 3R). Fjölhverfa B: handhverft par, þar sem 2-hýdroxý-hópur og 3-hýdrógen eru staðsett á gagnstæðum hliðum (2S, 3S og 2R, 3R). Tæknilegt sýprókónasól er blanda beggja fjölhverfa í hlutföllum u.þ.b. 1:1, hvor um sig er blanda handhverfnanna í nákvæmum hlutföllum 1:1.	940 g/kg Sýprókónasól hefur tvær fjölhverfur (Fjölhverfa A: 430–500 g/kg, Fjölhverfa B: 470–550 g/kg).	1. nóvember 2015	31. október 2020	8	Sýprókónasól telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og d-lið1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í iðnaði með gegndreypingu við lofttæmi nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að ekki stafi óviðunandi áhættur af vörunni, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sértæk skilyrði ([2])
						3) Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að vernda jarðveg og vatnsræn umhverfishólf. Einkum: a. Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun í iðnaði skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum sem fara til spillis. b. Ekki skal leyfa vörur til að meðhöndla við, sem er óvarinn fyrir veðrun, í iðnaði eða til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að ekki stafi óviðunandi áhættur af vörunni, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 474/2014 **2014/EES/73/33**

frá 8. maí 2014

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi 1,4-díklórbenseni) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frönsk yfirvöld unnu áhættumat á 1,4-díklórbenseni í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 ([2]) um mat á og eftirlit með áhættu sem stafar af fyrirliggjandi efnum í Evrópuskránni yfir íðefni á markaði. Lokaskýrslan var birt árið 2004 á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna (EB, 2004) ([3]).

2) Í febrúar 2008 var orðsending framkvæmdastjórnarinnar ([4]) um niðurstöður áhættumatsins og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna 1,4-díklórbensens birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Í orðsendingunni var mælt með að til að takmarka áhættuna fyrir neytendur ætti að taka til athugunar takmarkanir á setningu á markað og notkun í tilskipun ráðsins 76/769/EBE ([5]) að því er varðar notkun 1,4-díklórbensens í loftfrískara, efni til að fæla mölflugur og salernissteina. Takmarkanir á notkun 1,4-díklórbensens sem efni til að fæla mölflugur, eins og mælt er með í orðsendingunni frá 2008, falla þegar undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/565/EB ([6]) (vöruflokkur 19 – fæliefni og löðunarefni) og því er takmörkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ekki nauðsynleg fyrir þá notkun.

3) Í nóvember 2011, í samræmi við 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) tæki saman málsskjöl um takmörkun að því er varðar 1,4-díklórbensen í samræmi við kröfurnar í XV. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka).

4) Í beiðni sinni óskaði framkvæmdastjórnin sérstaklega eftir því að Efnastofnunin fjallaði um váhrif á neytendur á heimilum þeirra og á almenningssalernum, þ.m.t. starfsmenn sem sjá um eða þrífa slík salerni, með tilliti til nýjustu og mikilvægustu upplýsinganna í birtum vísindaskrifum og minnkaðrar notkunar 1,4-díklórbensens í Evrópu. Einnig skyldi taka tillit til skýrslunnar ([7]), sem framkvæmdastjórnin lét gera um félagsleg og hagræn áhrif af takmörkun 1,4-díklórbensens, í þessu mati.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 9.5.2014, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1).

([3]) Áhættumatsskýrsla ESB um 1,4-díklórbensen. Evrópuskrifstofa íðefna, fyrirliggjandi efni, 48. útgáfa.

([4]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna: Píperasíns, sýklóhexans, metýlendífenýldíísósýanats, bút-2ýn-1,4-díóls, metýloxírans, anilíns, 2-etýlhexýlakrýlats, 1,4-díklórbensens, 3,5-dínítró-2,6-dímetýl-4-tert-bútýlasetófenóns, dí-(2-etýlhexýl)þalats, fenóls, 5-tert-bútýl-2,4,6-trínítró-m-xýlens (Stjtíð ESB C 34, 7.2.2008, bls. 1).

([5]) Tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á notkun og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/565/EB frá 14. ágúst 2007 um að tiltekin efni, sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, verði ekki skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B í þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 17).

([7]) RPA — Risk & Policy Analysts Limited (2010) „Socio-Economic Evaluation arising from a Proposal for Risk Reduction Measures related to Restrictions on 1,4-Dichlorobenzene“, lokaskýrsla, júní 2010.http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/documents/reach/studies/index_en.htm

5) 1,4-díklórbensen er skráð í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([8]) sem krabbameinsvaldur í 2. hættuundirflokki sem og vegna augnertingareiginleika og mikilla eiturhrifa á lagarlífverur og áhrifin eru langvinn. Áætlað er að u.þ.b. 800 tonn af 1,4-díklórbenseni séu notuð árlega í Sambandinu til framleiðslu á loftfrískurum og vörum til að eyða lykt á salernum en 10% af þeim eru til heimilisnota og það sem eftir stendur til nota í atvinnuskyni (aðallega sem lyktareyðar á almenningssalernum).

6) Hinn 19. apríl 2012 lagði Efnastofnunin málsskjölin skv. XV. viðauka fyrir nefndina um áhættumat (hér á eftir nefnd áhættumatsnefndin) og fyrir nefndina um félagshagfræðilega greiningu. Í þeim málsskjölum ([9]) var sýnt fram á að takmarka ætti setningu loftfrískara og salernissteina, að stofni til úr 1,4-díklórbenseni, á markað sem og notkun þeirra, bæði að því er varðar bæði heimilisnot og not í atvinnuskyni, þar eð ekki er nægilega vel fylgst með þeirri áhættu er tengist þessum vörum og ávinningurinn af takmörkuninni vegur þyngra en kostnaðurinn. Málsskjölin sýndu enn fremur að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins.

7) Hinn 8. mars 2013 samþykkti áhættumatsnefndin með samhljóða samþykki álit um þá takmörkun sem lögð er til í málsskjölunum skv. XV. viðauka. Samkvæmt áliti áhættumatsnefndarinnar er takmörkunin besta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að takast á við greindu áhætturnar sem stafa af 1,4-díklórbenseni sem er notað sem loftfrískarar eða lyktareyðar á salernum, skrifstofum eða öðrum almenningssvæðum innandyra, bæði að því er varðar skilvirkni og framkvæmanleika. Hins vegar lagði áhættumatsnefndin til að takmörkuninni væri breytt vegna framfylgdar og tilgreindu styrkleikamörkin 1% miðað við þyngd fyrir 1,4-díklórbensen í slíkum vörum og þannig væri komið í veg fyrir óréttmæt áhrif á vörur sem innihalda 1,4-díklórbensen sem óhreinindi. Sá styrkleiki samsvarar viðmiðunarmörkunum sem leiða til flokkunar blöndu sem krabbameinsvaldur í 2. undirflokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

8) Eins og kemur fram í bakgrunnsskjali álits áhættumatsnefndarinnar eru áreiðanlegar greiningaraðferðir til að ákvarða innihald 1,4-díklórbensens tiltækar á markaði Sambandsins.

9) Í áliti sínu mat áhættumatsnefndin það svo að krabbameinsvaldandi áhrif (jafnskiptingarræsir, krabbameinsvaldur með viðmiðunarmörk) sé endapunkturinn sem skipti mestu máli fyrir heilbrigði manna. Á grundvelli gagna um váhrif við innöndun gufa 1,4-díklórbensens lagði áhættumatsnefndin til að dregið væri úr greindri áhættu fyrir neytendur þegar þeir nota loftfrískara og lyktareyða fyrir salerni, sem innihalda 1,4-díklórbensen, til lengri tíma á heimilum sínum. Sú sviðsmynd var talin sýna réttmætt versta tilvik að því er varðar váhrifaskilyrði. Að auki kom fram í áliti áhættumatsnefndarinnar að draga þurfi úr váhrifum á starfsmenn sem sjá um og þrífa salerni þar eð áhætta hefur greinst þar sem salerni hafa ekki verið nægilega loftræst.

10) Við greiningu á gildissviði takmörkunarinnar tók áhættumatsnefndin til umfjöllunar váhrif á neytendur vegna loftfrískara og lyktareyða á salernum á heimilum og á almenningssalernum sem og váhrif á starfsmenn sem vinna á almenningssalernum, þ.m.t. þeir sem sjá um og þrífa salerni, en líka á aðra hópa á borð við starfsfólk sem sér um viðhald. Neytendur og starfsfólk sem heimsækja og vinna á innisvæðum (öðrum en salernum) þar sem notaðir eru loftfrískarar, sem innihalda 1,4-díklórbensen, voru einnig til umfjöllunar. Önnur notkun í atvinnuskyni eða í iðnaði var ekki tekin til greina.

11) Hinn 5. júní 2013 samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu með samhljóða samþykki álit um þá takmörkun sem lögð er til í málsskjölunum skv. XV. viðauka. Samkvæmt áliti nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu er þessi takmörkun, eins og henni var breytt af áhættumatsnefndinni og nefndinni um félagshagfræðilega greiningu, sú heppilegasta á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni með hliðsjón af því að félagslegur og hagrænn ávinningur hennar er í réttu hlutfalli við félagslegan og hagrænan kostnað af henni. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu áhættumatsnefndarinnar að draga þurfi úr váhrifum af völdum 1,4-díklórbensens á notendur á heimilum og í atvinnuskyni og á grundvelli vísbendinga um að notkun á salernissteinum og loftfrískara, sem innihalda 1,4-díklórbensen, haldi áfram ef engin afskipti eru höfð samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu að takmörkun sé viðeigandi og skilvirk ráðstöfun. Að því er varðar meðalhóf í tengslum við takmörkun á heimilisnot komst nefndin um félagshagfræðilega greiningu að þeirri niðurstöðu að meðalhófs sé gætt að því er varðar ráðstöfunina. Að því er varðar

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([9]) http://echa.europa.eu/documents/10162/3f467af2-66e0-468d-8366-f650f63e27d7

meðalhóf í tengslum við sameiginlega takmörkun á heimilisnot og not í atvinnuskyni komst nefndin um félagshagfræðilega greiningu að þeirri niðurstöðu, með tilliti til áætlaðs ávinnings fyrir heilbrigði og tilheyrandi kostnaðar, að ekki beri að telja ráðstöfunina vera óhóflega.

12) Haft var samráð við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar meðan á takmörkunarferlinu stóð og áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu tóku tillit til athugasemda torgsins við orðalag skilyrðanna fyrir takmörkuninni og um umbreytingartímabilið.

13) Hinn 17. júní 2013 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu fyrir framkvæmdastjórnina og á grundvelli þeirra álita komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að setning 1,4-díklórbensens á markað og notkun þess sem efnis eða efnisþáttar í blöndum í styrkleika sem er jafn eða meiri en 1% miðað við þyngd, í loftfrískara eða lyktareyða á salernum, heimilum, skrifstofum eða öðrum almenningssvæðum innandyra, hefðu í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna. Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að fjalla verði um þessar áhættur á vettvangi Sambandsins. Tekið hefur verið tillit til félagslegra og hagrænna áhrifa takmörkunarinnar, þ.m.t. tiltækileika annarra kosta.

14) Rétt þykir að kveða á um tólf mánaða tímabil eftir að þessi reglugerð tekur gildi en innan þess tímabils ættu hagsmunaaðilar að gera ráðstafanir til að fara að reglugerðinni, þ.m.t. að því er varðar loftfrískara og lyktareyða sem þegar eru í aðfangakeðjunni eða til í birgðum.

15) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi færsla:

„64. 1,4-díklórbensen CAS-nr. 106-46-7 EB-nr. 203-400-5	Skal ekki sett á markað eða notað sem efni eða efnisþáttur í blöndum í styrkleika sem er jafn eða meiri en 1% miðað við þyngd ef efnið eða blandan er sett á markað til notkunar eða er notuð sem loftfrískarar eða lyktareyðar á salernum, heimilum, skrifstofum eða öðrum almenningssvæðum innandyra.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 460/2014 2014/EES/73/34

frá 5. maí 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 823/2012 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virka efninu sýflútríni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum annarri málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lokadegi samþykkistímabils fyrir virka efnið sýflútrín, sem er settur fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([2], var frestað til 31. október 2016 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012([3]) til að gera umsækjendum kleift að virða þriggja ára fyrirvarann sem er krafist skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Ekki var lögð fram umsókn um endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu sýflútríni innan þriggja ára fyrirvarans.

3) Þar eð slík umsókn var ekki lögð fram er rétt að fastsetja lokadagsetninguna sem hina fyrstu sem unnt er eftir upphaflega lokadagsetningu, eins og hún var fastsett fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 823/2012.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 823/2012 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 823/2012

Ákvæðum 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 823/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2) 31. október 2016 að því er varðar virku efnin: deltametrín (færsla 40), 2,4-DB (færsla 47), betasýflútrín (færsla 48), ípródíón (færsla 50), malínhýdrasíð (færsla 52), flúrtamón (færsla 64), flúfenaset (færsla 65), joðsúlfúrón (færsla 66), dímetenamíð-P (færsla 67), píkoxýstróbín (færsla 68), fosþíasat (færsla 69), silþíófam (færsla 70) og *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660) (færsla 71),“.

2) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5) 30. apríl 2014 að því er varðar virka efnið: sýflútrín (færsla 49).“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012 frá 14. september 2012 um að víkja frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum 2,4-DB, bensósýru, betasýflútríni, karfentrasónetýli, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíði, sýflútríni, deltametríni, dímetenamíði-P, etófúmesati, etoxýsúlfúróni, fenamídóni, flasasúlfúróni, flúfenaseti, flúrtamóni, fóramsúlfúróni, fosþíasati, ímasamoxi, ídósúlfúróni, ípródíóni, ísoxaflútóli, línúróni, malínhýdrasíði, mekóprópi, mekóprópi-P, mesósúlfúróni, mesótríóni, oxadíargýli, oxasúlfúróni, pendímetalíni, píkoxýstróbíni, própíkónasóli, própínebi, própoxýkarbasóni, própýsamíði, pýraklóstróbíni, silþíófami, trífloxýstróbíni, varfaríni og soxamíði (Stjtíð. ESB L 250, 15.9.2012, bls. 13).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 187/2014 **2014/EES/73/35**

frá 26. febrúar 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metíókarbi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/5/EB([2]) var metíókarb fært á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE([3]) með því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki tryggðu að tilkynnandinn, sem lagði fram beiðni um að metíókarb yrði fært á skrá í þeim viðauka, legði fram frekari upplýsingar til staðfestingar á áhættu fyrir fugla, spendýr og liðdýr utan markhóps.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([4]).

3) Tilkynnandinn lagði viðbótarupplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Bretland, innan þeirra tímamarka sem gefin voru til að leggja þær fram, í formi rannsókna í því skyni að staðfesta áhættumat fyrir fugla, spendýr og liðdýr utan markhóps.

4) Bretland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram. Bretland lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 5. apríl 2011 í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.

5) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við Matvælaöryggisstofnunina sem lagði fram álit sitt á áhættumatinu á metíókarbi 1. júní 2012([5]). Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótina og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, og þeirri endurskoðun lauk 13. desember 2013 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um metíókarb.

6) Í ljósi viðbótarupplýsinganna sem tilkynnandinn lagði fram lítur framkvæmdastjórnin svo á að frekari upplýsingunum, sem krafist var til staðfestingar, hafi ekki verið komið til skila.

7) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um metíókarb.

8) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að útiloka mikla áhættu fyrir fugla, spendýr og liðdýr utan markhóps, jafnvel þótt gerðar væru frekari ráðstafanir til að draga úr áhættu.

9) Staðfest er að virka efnið metíókarb telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Til að koma í veg fyrir váhrif á fugla, spendýr og liðdýr utan markhóps er þó rétt að takmarka frekar notkun þessa virka efnis enn frekar og afturkalla notkun þess sem lindýraeitur.

10) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metíókarb eða afturkalla þau.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 57, 27.2.2014, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/5/EB frá 7. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum kaptani, fólpeti, formetanati og metíókarbi (Stjtíð ESB L 35, 8.2.2007, bls. 11).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of confirmatory data submitted for the active substance methiocarb". Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(6), 2758. [14 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2012.2758. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm

12) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda metíókarb ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarvörum sem innihalda metíókarb sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 19. september 2014.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 19. september 2015.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 148. línu, Metíókarb, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem fæliefni í fræmeðhöndlun og skordýraeitur.

B-HLUTI

Þegar aðildarríki meta umsóknir um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metíókarb, til annarrar notkunar en vegna meðhöndlunar á fræjum af maís, skulu þau gefa sérstakan gaum að viðmiðununum í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og tryggja að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir áður en slíkt leyfi er veitt.

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metíókarb, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 29. september 2006.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

— vernd fugla, spendýra og liðdýra utan markhóps og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á,

— öryggi notenda og vegfarenda og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa,

— fæðutengdum váhrifum á neytendur.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 462/2014 **2014/EES/73/36**

frá 5. maí 2014

um samþykki fyrir grunnefninu *Equisetum arvense* L., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE([1]), einkum 23. gr. (5. mgr.) í tengslum við 13. gr. (2. mgr.) og 78. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 28. desember 2011 um samþykki fyrir *Equisetum arvense* L. sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 24. maí 2013([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna og drögin að þessari reglugerð um samþykki fyrir *Equisetum arvense* L. fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra 20. mars 2014.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram og niðurstöðurnar úr rannsókninni sem Matvælaöryggisstofnunin gerði ([3]) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ([4]) sýna að *Equisetum arvense* L. uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([5]). Auk þess er efnið er ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd, annað hvort beint eða í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum ber að líta á það sem grunnefni.

4) Þar eð viðkomandi grunnefni er matvæli sem ekki er gerð krafa um sérstakt leyfi fyrir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 178/2002 telst það metið þannig að það hafi hvorki bráð né tafin skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra né heldur óviðunandi áhrif á umhverfið.

5) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að *Equisetum arvense* L. uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 7.5.2014, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) „Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Equisetum arvense* L. and the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised." (Niðurstöður samráðs aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins *Equisetum arvense* L. og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir.) 2013:EN-427.23 bls.

([3]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009, 7(9), 1289 doi:10.2903/j.efsa.2009.1289.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

6) Í samræmi við 5. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á að skrá grunnefni sérstaklega í reglugerðinni sem um getur í 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Því er rétt að bæta C-hluta við viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([6]). Því ber að breyta þeirri reglugerð til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Grunnefnið *Equisetum arvense* L., eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

1) Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi tvær málsgreinar:

„Virku efnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta viðaukans við þessa reglugerð. Grunnefnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í C-hluta viðaukans við þessa reglugerð.“

2) Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Equisetum arvense L. CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr. ekki úthlutað	Á ekki við	Evrópska lyfjaskráin	1. júlí 2014	Heimilt er að nota *Equisetum arvense* L. í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um *Equisetum arvense* L. (SANCO/12386/2013), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar viðaukans komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI – VIRK EFNI“

2) Eftirfarandi C-hluti bætist við:

„C-HLUTI

Grunnefni

Almenn ákvæði sem gilda um öll efni sem eru á skrá í þessum hluta: Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að allir hagsmunaaðilar hafi aðgang að öllum endurskoðunarskýrslum (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009) eða sé veittur aðgangur að þeim sé þess sérstaklega óskað.

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
1	*Equisetum arvense L.* CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr. ekki úthlutað	Á ekki við	Evrópska lyfjaskráin	1. júlí 2014	Heimilt er að nota *Equisetum arvense* L. í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um *Equisetum arvense* L. (SANCO/12386/2013), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 485/2014 **2014/EES/73/37**

frá 12. maí 2014

um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus pumilus* QST 2808, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar *Bacillus pumilus* QST 2808 eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/253/ESB([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Hollandi umsókn frá AgraQuest Inc., nú Bayer CropScience, 3. desember 2010 um færslu virka efnisins *Bacillus pumilus* QST 2808 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með framkvæmdarákvörðun 2011/253/ESB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 8. maí 2012.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin birti framkvæmdastjórninni niðurstöður sínar([4]) um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu *Bacillus pumilus* QST 2808 26. júlí 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk 20. mars 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um *Bacillus pumilus* QST 2808.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda *Bacillus pumilus* QST 2808, uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja *Bacillus pumilus* QST 2808.

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/253/ESB frá 26. apríl 2011 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu metóbrómúróns, S-absísínsýru, *Bacillus amyloliquefaciens* subsp. *plantarum* D747, *Bacillus pumilus* QST 2808 og *Streptomyces lydicus* WYEC 108 á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 106, 27.4.2011, bls. 13).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(8), 3346. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

7) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

8) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus pumilus* QST 2808. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

9) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([5]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([6]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið *Bacillus pumilus* QST 2808, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Bacillus pumilus* QST 2808 sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 28. febrúar 2015.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur *Bacillus pumilus* QST 2808, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. ágúst 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur *Bacillus pumilus* QST 2808 sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur *Bacillus pumilus* QST 2808 sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus pumilus QST 2808 Stofnasafn USDA, Agricultural Research Service (NRRL) (einkaleyfi), í Peoria Illinois, Bandaríkjunum, undir tilvísunarnúmerinu B-30087.	Á ekki við	$\geq 1 \times 10^{12}$ CFU/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus pumilus* QST 2808, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Bacillus pumilus* QST 2808 kunni að vera næmir. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) greiningunni á amínósykrunni sem *Bacillus pumilus* QST 2808 myndar, b) greiningargögnum um innihald þeirrar amínósykru í framleiðslulotunum. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. ágúst 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„75	*Bacillus pumilus* QST 2808 Stofnasafn USDA, Agricultural Research Service (NRRL) (einkaleyfi), í Peoria Illinois, Bandaríkjunum, undir tilvísunarnúmerinu B-30087	Á ekki við	$\geq 1 \times 10^{12}$ CFU/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus pumilus* QST 2808, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Bacillus pumilus* QST 2808 kunni að vera næmir. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) greiningunni á amínósykrunni sem *Bacillus pumilus* QST 2808 myndar, b) greiningargögnum um innihald þeirrar amínósykru í framleiðslulotunum. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. ágúst 2016.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 486/2014 **2014/EES/73/38**

frá 12. maí 2014

um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu fenbútatínoxíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB ([2]) var fenbútatínoxíð fært á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) með því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki tryggðu að umsækjandinn, sem lagði fram beiðni um að fenbútatínoxíð yrði fært á skrá, legði fram frekari upplýsingar til staðfestingar á hugsanlegum erfðaeiturhrifum og visteiturefnafræðilegu mikilvægi óhreinindanna SD 31723 og sviði, stöðugleika við geymslu og aðferðum við greiningu í samsetningunni, eigi síðar en 31. maí 2013.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Umsækjandinn sem fór fram á að fenbútatínoxíð yrði samþykkt lagði staðfestingarupplýsingarnar ekki fram áður en fresturinn rann út 31. maí 2013. Umsækjandinn staðfesti við framkvæmdastjórnina í bréfi frá 27. júní 2013 að hann ætlaði ekki að leggja fram slíkar upplýsingar.

4) Af þessum sökum þykir rétt að afturkalla samþykki fyrir fenbútatínoxíði.

5) Því ber að fella tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB úr gildi.

6) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

7) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenbútatínoxíð.

8) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda fenbútatínoxíð ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 7. mars 2011 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu fenbútatínoxíði og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/934/EB (Stjtíð ESB L 61, 8.3.2011, bls. 14).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun samþykkis

Samþykki fyrir virka efninu fenbútatínoxíði er afturkallað.

2. gr.

Niðurfelling á tilskipun 2011/30/ESB

Tilskipun 2011/30/ESB er felld úr gildi.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 331. lína, Fenbútatínoxíð, brott.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenbútatínoxíð sem virkt efni eigi síðar en 2. desember 2014.

5. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 2. desember 2015.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 487/2014 **2014/EES/73/39**

frá 12. maí 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafóp, metrafenón, pírimíkarb, rimsúlfúrón, spínósað, þíametoxam, tólklófosmetýl og trítíkónasól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykki fyrir virku efnunum *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafópi, metrafenóni, pírimíkarbi, rimsúlfúróni, spínósaði, þíametoxami, tólklófosmetýli og trítíkónasóli rennur út 31. janúar 2017. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum. Þar eð kröfurnar, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]), gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita umsækjendum nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

3) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 123, klódínafóp, komi „30. apríl 2018“.

2) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 124, pírimíkarb, komi „30. apríl 2018“.

3) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 125, rimsúlfúrón, komi „30. apríl 2018“.

4) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 126, tólklófosmetýl, komi „30. apríl 2018“.

5) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 127, trítíkónasól, komi „30. apríl 2018“.

6) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 137, metrafenón, komi „30. apríl 2018“.

7) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í færslu 138, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, komi „30. apríl 2018“.

8) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 139, spínósað, komi „30. apríl 2018“.

9) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 140, þíametoxam, komi „30. apríl 2018“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 496/2014 **2014/EES/73/40**

frá 14. maí 2014

um samþykki fyrir virka efninu asekínósýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar asekínósýl eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/636/EB ([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Hollandi umsókn frá Agro-Kanesho Co. Ltd. 17. mars 2003 um færslu virka efnisins asekínósýls á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2003/636/EB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Holland lagði fram drög að matsskýrslu 8. mars 2005. Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011([4]) var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 13. júlí 2011. Mat Hollands á viðbótarupplýsingunum var lagt fram sem uppfærð drög að matsskýrslu í nóvember 2011.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 15.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/636/EB frá 2. september 2003 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegar færslu kalíumfosfíts, asekínósýls og sýflúfenamíðs á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 221, 4.9.2003, bls. 42).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um ritrýnina á áhættumatinu á varnarefnum með virka efninu asekínósýli ([5]) fyrir framkvæmdastjórnina 19. apríl 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk 20. mars 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um asekínósýl.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda asekínósýl fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja asekínósýl.

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

7) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

8) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda asekínósýl. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

9) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([6]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([7]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið asekínósýl, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda asekínósýl sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 28. febrúar 2015.

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2013 „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance acequinocyl“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013, 11(5) 3212, 71 bls. doi:10.2903/j.efsa.2013.3212.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur asekínósýl, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. ágúst 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur asekínósýl sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur asekínósýl sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Asekínósýl CAS-nr. 57960-19-7 CIPAC-nr. 760	3-dódekýl-1,4-díhýdró-1,4-díoxó-2-naftýlasetat	≥ 960 g/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um asekínósýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd starfsmanna og notenda, — áhættu fyrir fugla, spendýr og lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) aðferð til að greina efnaleifar í líkamsvessum og -vefjum, b) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir litla fugla sem nærast á fræjum og lítil spendýr sem eru plöntuætur og lítil spendýr sem eru ávaxtaætur, að því er varðar notkun í epla- og perugörðum, c) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir lítil spendýr sem eru alætur og lítil spendýr sem eru plöntuætur, að því er varðar notkun á skrautplöntur utanhúss. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. ágúst 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„72	Asekínósýl CAS-nr. 57960-19-7 CIPAC-nr. 760	3-dódekýl-1,4-díhýdró-1,4-díoxó-2-naftýlasetat	≥ 960 g/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um asekínósýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd starfsmanna og notenda, — áhættu fyrir fugla, spendýr og lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) aðferð til að greina efnaleifar í líkamsvessum og -vefjum, b) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir litla fugla sem nærast á fræjum og lítil spendýr sem eru plöntuætur og lítil spendýr sem eru ávaxtaætur, að því er varðar notkun í epla- og perugörðum, c) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir lítil spendýr sem eru alætur og lítil spendýr sem eru plöntuætur, að því er varðar notkun á skrautplöntur utanhúss. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. ágúst 2016.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 504/2014 **2014/EES/73/41**

frá 15. maí 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu plöntuolíur/sítrónelluolía (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c-lið 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið plöntuolíur/sítrónelluolía var fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]) í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 24. gr. b í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 ([4]). Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta virka efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]).

2) Í samræmi við 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 2229/2004 gerði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, framkvæmdastjórninni grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi drög að endurskoðunarskýrslu um plöntuolíur/sítrónelluolíu ([6]) 16. desember 2011. Matvælaöryggisstofnunin gerði tilkynnanda grein fyrir sínum sjónarmiðum varðandi plöntuolíur/sítrónelluolíu. Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að endurskoðunarskýrslunni um plöntuolíur/sítrónelluolíu. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að endurskoðunarskýrslunni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og lokið var við drögin að endurskoðunarskýrslunni 3. október 2013 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um plöntuolíur/sítrónelluolíu.

3) Staðfest er að virka efnið plöntuolíur/sítrónelluolía telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

4) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að breyta skilyrðunum fyrir samþykki. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

5) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

6) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda plöntuolíur/sítrónelluolíu, eða afturkalla þau.

7) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda plöntuolíur/sítrónelluolíu ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en átján mánuðum eftir gildistökudag reglugerðarinnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 frá 3. desember 2004 um nánari reglur varðandi framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 13).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([6]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance plant oils/citronella oil.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2518. [42 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2012.2518 Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarvörum, sem innihalda plöntuolíur/sítrónelluolíu sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 5. desember 2014.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 5. desember 2015.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað 240. línu um virka efnið plöntuolíur/sítrónelluolía í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„240	Plöntuolíur/ sítrónelluolía CAS-nr. 8000-29-1 CIPAC-nr. 905	Sítrónelluolía er flókin blanda efna. Helstu efnisþættir eru: Sítrónellal (3,7-dímetýl-6-oktenal). Geraníól ((E)-3,7-dímetýl-2,6-oktadíen-1-ól). Sítrónellól (3,7-dímetýl-6-oktan-2-ól). Geranýlasetat (3,7-dímetýl-6-okten-1-ýl-asetat).	Summa eftirfarandi óhreininda má ekki vera hærri en 0,1% í tæknilega efninu: metýlevgenól og metýlísóevgenól.	1. september 2009	31. ágúst 2019	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um sítrónelluolíu (SANCO/2621/2008), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, starfsmanna, vegfarenda og íbúa og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðveg, — áhættu fyrir lífverur utan markhóps. Tilkynnandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) tækniforskriftinni, b) gögnum þar sem samanburður er gerður á náttúrulegum bakgrunnsváhrifaaðstæðum plöntuolía/sítrónelluolíu, metýlevgenóls og metýlísóevgenóls í tengslum við váhrif vegna notkunar plöntuolía/sítrónelluolíu sem plöntuverndarvöru. Þessi gögn skulu ná yfir váhrif á menn sem og váhrif á lífverur utan markhóps,

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						c) váhrifamatinu fyrir grunnvatn að því er varðar möguleg umbrotsefni plöntuolía/sítrónelluolíu, einkum metýlevgenól og metýlísóevgenól. Tilkynnandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 30. apríl 2016.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 563/2014 **2014/EES/73/42**

frá 23. maí 2014

um samþykki fyrir grunnefninu kítósanhýdróklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE([1]), einkum 23. gr. (5. mgr.) í tengslum við 13. gr. (2. mgr.) og 78. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá CHIPRO 19. desember 2011 um samþykki fyrir kítósanhýdróklóríði sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 24. maí 2013([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna og drögin að þessari reglugerð um samþykki fyrir kítósanhýdróklóríði fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra 20. mars 2014.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram og niðurstöðurnar úr rannsókninni sem Matvælaöryggisstofnunin gerði ([3]) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ([4]) sýna að kítósanhýdróklóríð uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([5]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd, annað hvort beint eða í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að kítósanhýdróklóríð uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst er í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 156, 24.5.2014, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) „Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Chitosan hydrochloride* and the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised.“ (Niðurstöður samráðs aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins kítósanhýdróklóríðs og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir.) 2013: EN-426.23 bls.

([3]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009, 7(9), 1289 doi:10.2903/j.efsa.2009.1289.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

5) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([6]) til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið kítósanhýdróklóríð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Kítósanhýdróklóríð CAS-nr.: 9012-76-4	Á ekki við	Evrópska lyfjaskráin Hámarksinnihald þungmálma: 40 milljónarhlutar	1. júlí 2014	Kítósanhýdróklóríð skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1069/2009([2]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011([3]). Heimilt er að nota kítósanhýdróklóríð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kítósanhýdróklóríð (SANCO/12388/2013), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
([2]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

„2	Kítósanhýdróklóríð CAS-nr.: 9012-76-4	Á ekki við	Evrópska lyfjaskráin Hámarksinnihald þungmálma: 40 milljónarhluti	1. júlí 2014	Kítósanhýdróklóríð skal vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Heimilt er að nota kítósanhýdróklóríð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kítósanhýdróklóríð (SANCO/12388/2013), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 571/2014 **2014/EES/73/43**

frá 26. maí 2014

um samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar ipkónasól eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/20/EB ([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Bretlandi umsókn frá Kureha GmbH 30. mars 2007 um færslu virka efnisins ipkónasóls á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2008/20/EB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Bretland lagði fram drög að matsskýrslu 22. maí 2008. Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011([4]) var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 20. maí 2011. Mat Bretlands á viðbótarupplýsingunum var lagt fram sem uppfærð drög að matsskýrslu í nóvember 2011.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([5]) um ritrýnina á áhættumatinu á varnarefnum með virka efninu ipkónasóli fyrir framkvæmdastjórnina 2. apríl 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk 20. mars 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ipkónasól.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda ipkónasól fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja ipkónasól.

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 96. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/20/EB frá 20. desember 2007 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu ipkónasóls og maltódextríns á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 1, 4.1.2008, bls. 5).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance ipconazole“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3181. [76 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2013.3181. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

7) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

8) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda ipkónasól. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

9) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92([6]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([7]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið ipkónasól, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda ipkónasól sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 28. febrúar 2015.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur ipkónasól, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. ágúst 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur ipkónasól sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur ipkónasól sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Ipkónasól CAS-nr. 125225-28-7 (blanda fjölhverfna) 115850-69-6 (ipkónasól cc, hliðhverfa) 115937-89-8 (ipkónasól ct, sniðhverfa) CIPAC-nr. 798	(1*RS*,2*SR*,5*RS*;1*RS*,2*SR*,5*SR*)-2-(4-klórbensýl)-5-ísóprópýl-1-(1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýlmetýl) sýklópentanól	≥ 955 g/kg Ipkónasól cc: 875–930 g/kg Ipkónasól ct: 65–95 g/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ipkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: 1. áhættu fyrir fugla sem nærast á fræjum, 2. vernd starfsmanna og notenda, 3. áhættu fyrir fiska. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir fugla sem nærast á fræjum, b) ásættanleika áhættu fyrir stórsæjar lífverur í jarðvegi, c) áhættu vegna efnahvarfa eða niðurbrots sem eru valvís eftir hand-hverfum, d) mögulegum innkirtlatruflandi eiginleikum ipkónasóls á fugla og fiska. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar í a- og b-lið eigi síðar en 31. ágúst 2016, upplýsingarnar í c-lið innan tveggja ára eftir samþykki á viðeigandi leiðbeiningarskjölum vegna mats á hverfublöndum og upplýsingarnar í d-lið innan tveggja ára frá samþykki á OECD-við-miðunarreglum um prófanir á innkirtlatruflandi efnum eða, að öðrum kosti, viðmiðunarreglum um prófanir sem eru samþykktar á vettvangi ESB.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„73	Ipkónasól CAS-nr. 125225-28-7 (blanda fjölhverfna) 115850-69-6 (ipkónasól cc, hliðhverfa) 115937-89-8 (ipkónasól ct, sniðhverfa) CIPAC-nr. 798	(1*RS*,2*SR*,5*RS*;1*RS*,2*SR*,5*SR*)-2-(4-klórbensýl)-5-ísóprópýl-1-(1*H*-1,2,4-tríasól-1-ýlmetýl) sýklópentanól	≥ 955 g/kg Ipkónasól cc: 875–930 g/kg Ipkónasól ct: 65–95 g/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ipkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: 1. áhættu fyrir fugla sem nærast á fræjum, 2. vernd starfsmanna og notenda, 3. áhættu fyrir fiska. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir fugla sem nærast á fræjum, b) ásættanleika áhættu fyrir stórsæjar lífverur í jarðvegi, c) áhættu vegna efnahvarfa eða niðurbrots sem eru valvís eftir hand-hverfum, d) mögulegum innkirtlatruflandi eiginleikum ipkónasóls á fugla og fiska. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar í a- og b-lið eigi síðar en 31. ágúst 2016, upplýsingarnar í c-lið innan tveggja ára eftir samþykki á viðeigandi leiðbeiningarskjölum vegna mats á hverfublöndum og upplýsingarnar í d-lið innan tveggja ára frá samþykki á OECD-viðmiðunarreglum um prófanir á innkirtlatruflandi efnum eða, að öðrum kosti, viðmiðunarreglum um prófanir sem eru samþykktar á vettvangi ESB.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 629/2014 **2014/EES/73/44**

frá 12. júní 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 608/2012([2]) var framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011([3]) breytt að því er varðar skilyrðin fyrir samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni og sett það skilyrði að tilkynnandinn leggi fram frekari upplýsingar til staðfestingar í formi rannsókna á forskrift með gögnum til stuðnings um framleiðslulotuna og fullgiltar greiningaraðferðir.

2) Tilkynnandinn lagði viðbótarupplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Belgíu, í formi rannsókna á forskriftum með gögnum til stuðnings um framleiðslulotuna og fullgiltar greiningaraðferðir, innan þeirra tímamarka sem gefin voru til að leggja þær fram.

3) Belgía lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram. Belgía lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 25. nóvember 2013 í formi endurskoðaðra draga að matsskýrslu.

4) Endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni voru endurskoðuð af aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, og þeirri endurskoðun lauk 16. maí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um metýlnónýlketón.

5) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um metýlnónýlketón.

6) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að viðbótarupplýsingarnar til staðfestingar sýndu að fastsetja ætti lágmarkshreinleika virka efnisins við 985 g/kg.

7) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það. Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda metýlnónýlketón, eða afturkalla þau ef nauðsyn krefur.

8) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda metýlnónýlketón ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en átján mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 608/2012 frá 6. júlí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum denatóníumbensóati, metýlnónýlketóni og plöntuolíum/garðmintuolíu (Stjtíð. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 19).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í dálknum „Hreinleiki“ í 238. línu, Metýlnónýlketón, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi „≥ 985 g/kg“ í stað hreinleikans sem fyrir er.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarvörum sem innihalda metýlnónýlketón sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 3. janúar 2015.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 3. janúar 2016.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 632/2014 **2014/EES/73/45**

frá 13. maí 2014

um samþykki fyrir virka efninu flúbendíamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar flúbendíamíð eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/927/EB ([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Grikklandi umsókn frá Bayer CropScience AG 30. mars 2006 um færslu virka efnisins flúbendíamíðs á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2006/927/EB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Grikkland lagði fram drög að matsskýrslu 1. september 2008. Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011([4]) var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 14. júlí 2011. Mat Grikklands á viðbótarupplýsingunum var lagt fram sem uppfærð drög að matsskýrslu í apríl 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/927/EB frá 13. desember 2006 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegar færslu flúbendíamíðs á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 354, 14.12.2006, bls. 54).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu flúbendíamíði([5]) fyrir framkvæmdastjórnina 1. júlí 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk 20. mars 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um flúbendíamíð.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda flúbendíamíð fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja flúbendíamíð.

6) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

7) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda flúbendíamíð. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

8) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92([6]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([7]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið flúbendíamíð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda flúbendíamíð sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 28. febrúar 2015.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3270. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur flúbendíamíð, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. ágúst 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur flúbendíamíð sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 29. febrúar 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur flúbendíamíð sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Flúbendíamíð CAS-nr. 272451-65-7 CIPAC-nr. 788	3-joð-*N*'-(2-mesýl-1,1-dímetýletýl)-*N*-{4-[1,2,2,2-tetraflúor- 1-(tríflúormetýl)etýl]-o-tólýl}þalamíð	≥ 960 g/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flúbendíamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir lagarhryggleysingja, b) mögulegri tilvist efnaleifa í plöntum í skiptiræktun. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki(1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„74	Flúbendíamíð CAS-nr. 272451-65-7 CIPAC-nr. 788	3-joð-*N*'-(2-mesýl-1,1-dímetýletýl)-*N*-{4-[1,2,2,2-tetraflúor-1-(tríflúormetýl)etýl]-o-tólýl}þalamíð	≥ 960 g/kg	1. september 2014	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flúbendíamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 20. mars 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir lagarhryggleysingja, b) mögulegri tilvist efnaleifa í plöntum í skiptiræktun. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“
(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.						

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 678/2014 **2014/EES/73/46**

frá 19. júní 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klópýralíð, sýpródiníl, fosetýl, pýrimetaníl og trínexapak (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykki fyrir virku efnunum klópýralíði, sýpródiníli, fosetýli og trínexapaki falla úr gildi 30. apríl 2017 og samþykki fyrir virka efninu pýrimetaníli fellur úr gildi 31. maí 2017. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum. Þar eð kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]) gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

3) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 129, klópýralíð, komi „30. apríl 2018“.

2) Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 130, sýpródiníl, komi „30. apríl 2018“.

3) Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 131, fosetýl, komi „30. apríl 2018“.

4) Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 132, trínexapak, komi „30. apríl 2018“.

5) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 135, pýrimetaníl, komi „30. apríl 2018“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1065/2013 **2014/EES/73/47**

frá 30. október 2013

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lýðveldið Perú sótti um að „Pisco“ yrði skráð sem landfræðileg merking í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. „Pisco“ er ávaxtabrennivín, sem hefð er fyrir að sé framleitt í Perú, með gerjun og eimingu þrúgna.

2) Meginatriðin sem tilgreind eru í tækniskjölunum fyrir „Pisco“ voru birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins ([2]) í tengslum við andmælaferlið í samræmi við 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008. Þar eð framkvæmdastjórninni hafa ekki borist nein andmæli í samræmi við 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ber að skrá umrætt heiti í III. viðauka við þá reglugerð.

3) Í samræmi við samninginn um að koma á samstarfi milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Lýðveldisins Síle hins vegar, sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2002/979/EB ([3]), er „Pisco“ vernduð upprunatáknun fyrir brennda drykki sem eru upprunnir í Síle. Því skal koma skýrt fram að verndun landfræðilegu merkingarinnar „Pisco“ fyrir vörur sem eru upprunnar í Perú hindrar ekki notkun slíks heitis fyrir vörur sem eru upprunnar í Síle.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 bætist eftirfarandi við í vöruflokki „9. Ávaxtabrennivín“:

	„*Pisco* ([1])	Perú“

([1]) Verndun landfræðilegu merkingarinnar „Pisco“ samkvæmt þessari reglugerð hefur ekki áhrif á notkun heitisins „Pisco“ þegar um er að ræða vörur, upprunnar í Síle, sem eru verndaðar samkvæmt samstarfssamningnum milli Sambandsins og Síle frá 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB C 141, 12.5.2011, bls. 16.

([3]) Stjtíð. EB L 352, 30.12.2002, bls. 1.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 97/2014 **2014/EES/73/48**

frá 3. febrúar 2014

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gvatemalskur aðili, stofnaður skv. gvatemalskum lögum, Asociación Nacional de Fabricantes de Alcoholes y Licores, sótti um að „Ron de Guatemala“ yrði skráð sem landfræðileg merking í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. „Ron de Guatemala“ er romm sem hefð er fyrir að framleiða í Guatemala.

2) Meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu fyrir „Ron de Guatemala“ voru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*([2]) í tengslum við andmælaferlið í samræmi við 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

3) Í samræmi við 7. mgr. 17. gr. í reglugerð (EB) nr. 110/2008 lögðu Frakkland og nokkrir franskir rommframleiðendur fram andmæli gegn því að „Ron de Guatemala“ yrði skráð sem landfræðileg merking á þeim forsendum að skilgreiningar á vörunni og skilgreiningin á rommi samkvæmt gvatemalskum lögum, sem tækniskjalið vísar til, myndu ekki vera í samræmi við skilgreininguna á rommi í vöruflokki 1 í II. viðauka við þá reglugerð og aðrar kröfur í reglugerðinni, einkum að því er varðar bann við því að nota bragðefni, litgjafa og sætuefni við framleiðslu á rommi, þær reglur um hráefni sem skal notað, gæði vatns sem bætt skal við og upplýsingar um þroskun í lýsingu, kynningu og merkingu vörunnar.

4) Í umsókninni um skráningu á „Ron de Guatemala“ er nákvæm lýsing á vörunni og er hún í samræmi við skilgreininguna á rommi samkvæmt vöruflokki 1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 og aðrar kröfur samkvæmt þeirri reglugerð. Þessi lýsing sýnir að þær reglur um framleiðslu sem eiga við um „Ron de Guatemala“ eru strangari en þær sem gilda um staðlað romm sem framleitt er í landinu.

5) Umsóknin um að „Ron de Guatemala“ verði skráð sem landfræðileg merking uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008. Framkvæmdastjórnin lítur svo á að samkvæmt skilgreiningunum í tækniskjalinu uppfylli varan viðeigandi kröfur í lögum Sambandsins.

6) Í ljósi þess er að framan greinir er það mat framkvæmdastjórnarinnar að forsendurnar, sem tilgreindar eru í andmælum gegn skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Ron de Guatemala“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, að því er varðar að skilyrðin sem kveðið er á um í þeirri reglugerð séu ekki uppfyllt, séu órökstuddar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB C 168, 14.6.2012, bls. 9.

7) Heitið „Ron de Guatemala“ ber að skrá sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 bætist eftirfarandi við í vöruflokki „1. Romm“:

	„Ron de Guatemala	Gvatemala“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 98/2014 **2014/EES/73/49**

frá 3. febrúar 2014

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ([1]), einkum 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 110/2008 er kveðið á um að nota megi hugtakið „þurrt“ um „London gin“ sem er flokkur brenndra drykkja. Óheimilt er að þessi brenndi drykkur innihaldi viðbætt sætuefni sem eru umfram 0,1 gramm af sykrum á hvern lítra. Ekkert fastsett hámarksmagn viðbættra sætuefna er fyrir flokkana „gin“ og „eimað gin“ í brenndum drykkjum. Ef „gin“ og „eimað gin“ er framleitt án sykurs eða ef sykurinnihald fer ekki yfir 0,1 gramm á hvern lítra er þó rétt að gefa kost á því að nota einnig hugtakið „þurrt“ um þessa brenndu drykki eins og skilgreint er í þeim viðauka.

2) Ungverjaland sótti um að „Újfehértói meggypálinka“ yrði skráð sem landfræðileg merking í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. „Újfehértói meggypálinka“ er ávaxtabrennivín sem hefð er fyrir að framleiða í Ungverjalandi og er eingöngu gert úr kirsuberjaafbrigðunum „Újfehértói fürtös“ og „Debreceni bőtermő“. Meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu fyrir „Újfehértói meggypálinka“ voru birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins([2]) í tengslum við andmælaferlið í samræmi við 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008. Þar eð framkvæmdastjórninni hafa ekki borist nein andmæli í samræmi við 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að skrá heitið „Újfehértói meggypálinka“ sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við þá reglugerð.

3) Landfræðilegu merkingarnar „Polska Wódka/Pólskt vodka“ og „Originali lietuviška degtinė/Upprunalegt litháískt vodka“ eru skráðar í vöruflokk 15, „Vodka“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008. Tækniforskriftirnar fyrir þessar landfræðilegu merkingar eiga hins vegar einnig við um bragðbætt vodka. Þess vegna ætti einnig að skrá þessar landfræðilegu merkingar í vöruflokk 31, „Bragðbætt vodka“, í þessum viðauka. Til þess að upplýsa neytandann um raunverulegt eðli vörunnar er rétt að á merkimiðanum fyrir þessa tegund vodka standi söluheitið „bragðbætt vodka“ eða „vodka“ með ríkjandi bragði.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

5) Til að auðvelda umskiptin frá reglunum, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 110/2008, yfir í þær sem settar eru fram í þessari reglugerð skal gera ráð fyrir að setja megi fyrirliggjandi birgðir á markað þar til þær eru uppurnar og að nota megi merkimiða, sem voru prentaðir fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, fram til 31. desember 2015.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi d-liður bætist við í 20. lið, „gin“:

„d) Heimilt er að bæta hugtakinu „þurrt“ við heitið „gin“ ef það inniheldur ekki viðbætt sætuefni sem eru umfram 0,1 gramm af sykrum á hvern lítra fullunninnar vöru.“

b) Eftirfarandi d-liður bætist við í 21. lið, „eimað gin“:

„d) Heimilt er að bæta hugtakinu „þurrt“ við heitið „eimað gin“ ef það inniheldur ekki viðbætt sætuefni sem eru umfram 0,1 gramm af sykrum á hvern lítra fullunninnar vöru.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB C 85, 18.3.2011, bls. 10.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í vöruflokki 9, „Ávaxtabrennivín“, er eftirfarandi færslu bætt við:

	„Újfehértói meggypálinka	Ungverjaland“

b) Í vöruflokki 31, „bragðbætt vodka“ er eftirfarandi færslum bætt við:

	„Polska Wódka/Pólskt vodka(*)	Pólland
	Originali lietuviška degtinė/ Upprunalegt litháískt vodka(*)	Litháen“

(*) Á merkimiða þessarar vöru verður að koma fram söluheitið „bragðbætt vodka“. Heimilt er að heiti ríkjandi bragðefnis komi í stað heitisins „bragðbætt“.

2. gr.

Brennda drykki, sem ekki uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 110/2008, eins og henni er breytt með 1. gr. þessarar reglugerðar, má setja áfram á markað þar til birgðir eru uppurnar.

Merkimiða, sem eru prentaðir fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má nota áfram til 31. desember 2015.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 426/2014 **2014/EES/73/50**

frá 25. apríl 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ([1]), einkum 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er kveðið á um að brenndir drykkir í flokki 16 „Brennivín (með heiti aldinsins á undan) sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu“ fáist með því að leggja í bleyti og eima aldinin eða berin sem eru tilgreind þar. Í sumum aðildarríkjum er einnig hefð fyrir því að framleiða þessa tegund brenndra drykkja úr öðrum aldinum, sem eru ekki á þeirri skrá. Því ber að auka við skrána yfir aldin og ber sem notuð eru við framleiðslu á brenndum drykkjum í þeim flokki.

2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er kveðið á um að brenndir drykkir í flokki 24 „Akvavit eða aquavit“ séu brenndir drykkir með bragði af kúmeni og/eða dillfræi, sem eru bragðbættir með eimi úr plöntum eða kryddtegundum. Hefð er fyrir því að framleiða þessa brenndu drykki með því að nota etanól úr landbúnaði. Í núverandi flokki brenndra drykkja „Akvavit eða aquavit“ er ekki tilgreint að skylt sé að nota etanól. Notkun etanóls við framleiðslu á „Akvavit eða aquavit“ er þó nauðsynleg til að tryggja gæði afurðarinnar.

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað ii. liðar a-liðar í 16. flokki komi eftirfarandi:

„ii. sem er fenginn úr eftirfarandi ávöxtum eða berjum:

— brómberjum (*Rubus fruticosus* auct. aggr.),

— jarðarberjum (*Fragaria* spp.),

— aðalbláberjum/bláberjum (*Vaccinium myrtillus* L.),

— hindberjum (*Rubus idaeus* L.),

— rifsberjum (*Ribes rubrum* L.),

— hvítum rifsberjum (*Ribes niveum* Lindl.),

— sólberjum (*Ribes nigrum* L.),

— þyrniplómum (*Prunus spinosa* L.),

— reyniberjum (*Sorbus aucuparia* L.),

— berjum berjamispils (*Sorbus domestica* L.),

— berjum af fenjakristþyrni (*Ilex aquifolium* and *Ilex cassine* L.),

— flipareyniberjum (*Sorbus torminalis* (L.) Crantz),

— ylliberjum (*Sambucus nigra* L.),

— stikilsberjum (*Ribes uva-crispa* L. syn. *Ribes grossularia*),

— trönuberjum (*Vaccinium* L. subgenus *Oxycoccus*),

— rauðberjum (*Vaccinium vitis-idaea* L.),

— fenjabláberjum (*Vaccinium corymbosum* L.),

— hafþyrni (*Hippophae rhamnoides* L.),

— rósaldinum (*Rosa canina* L.),

— múltuberjum (*Rubus chamaemorus* L.),

— krækiberjum (*Empetrum nigrum* L.),

— bjarnarberjum (*Rubus arcticus* L.),

— brúðarlaufi (*Myrtus communis* L.),

— banönum (*Musa* spp.),

— píslaraldinum (*Passiflora edulis* Sims),

— sætplómum (*Spondias dulcis* Sol. ex Parkinson),

— gulplómum (*Spondias mombin* L.),

— valhnetum (*Juglans regia* L.),

— heslihnetum (*Corylus avellana* L.),

— kastaníuhnetum (*Castanea sativa* L.),

— sítrusávöxtum (*Citrus* spp. L.),

— kaktusfíkjum (*Opuntia ficus-indica*).“

2) Í stað a- liðar í flokki 24 komi eftirfarandi:

„a) Akvavit eða aquavit er brenndur drykkur með bragði af kúmeni og/eða dillfræi, sem er framleiddur með því að nota etanól úr landbúnaði, bragðbætt með eimi úr plöntum eða kryddtegundum.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 716/2013

2014/EES/73/51

frá 25. júlí 2013

um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ([1]), einkum 3. mgr. 24. gr. og 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að skýra tiltekin ákvæði í reglugerð (EB) nr. 110/2008 og tryggja samræmda framkvæmd þeirra í aðildarríkjunum skal samþykkja nákvæmar reglur, einkum að því er varðar notkun á samsettum hugtökum, óbeinum tilvitnunum, söluheitum og landfræðilegum merkingum í kynningum á brenndum drykkjum.

2) Samkvæmt 1. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 getur, í ákveðnum tilvikum, komið fram í kynningum brenndra drykkja samsett hugtak sem í er heiti eins af flokkunum sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eða einnar af landfræðilegu merkingunum sem skráðar eru í III. viðauka við þá reglugerð eða þá ein eða fleiri óbeinar tilvitnanir sem í er einn eða fleiri þessara flokka eða landfræðilegu merkinga. Til að tryggja samræmda notkun á samsettum hugtökum og óbeinum tilvitnunum í aðildarríkjunum er nauðsynlegt að setja nákvæmar reglur um notkun þeirra í kynningum brenndra drykkja og annarra matvæla.

3) Þegar vísað er til tiltekins brennds drykkjar í kynningu matvæla verður viðkomandi brenndur drykkur að uppfylla ákvæði reglugerðar (EB) nr. 110/2008 að öllu leyti og vera óþynntur. Nauðsynlegt er að skýra merkingu hugtaksins „þynning“ þegar það vísar til brenndra drykkja þar eð ekki skal líta á tiltekin framleiðsluferli sem þynningu.

4) Til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir skráningu landfræðilegra merkinga, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 110/2008, skal framkvæmdastjórnin rannsaka umsóknir um skráningar og setja skal ítarlegar framkvæmdarreglur um málsmeðferðarreglur varðandi umsóknir, rannsóknir, andmæli og niðurfellingar að því er varðar landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki. Til að tryggja jafnræði í beitingu þessara reglna skal útbúa fyrirmyndir að umsókn um skráningu, tækniskjali, andmælayfirlýsingu, breytingum á tækniskjalinu og niðurfellingu landfræðilegrar merkingar.

5) Til að greiða fyrir samskiptum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og þriðju landa í tengslum við skráðar landfræðilegar merkingar skulu aðildarríki og þriðju lönd senda framkvæmdastjórninni þau meginatriði sem tilgreind eru í tækniskjölunum fyrir landfræðilegar merkingar þeirra, auk tækniskjalanna eins og þau leggja sig.

6) Takmarkanir sem varða umbúðir brennds drykkjar með landfræðilega merkingu, s.s. sú skylda að pökkun brennda drykkjarins skuli fara fram á skilgreindu landsvæði, teljast vera höft á frjálsum vöruflutningum og frelsi til að veita þjónustu. Einungis skal leyfa slíkar takmarkanir ef þær eru nauðsynlegar, hlutfallslegar og til þess gerðar að vernda orðstír landfræðilegu merkingarinnar.

7) Koma skal upp Evrópusambandstákni fyrir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja til að gera neytendum kleift að bera kennsl á tiltekna brennda drykki þegar sérkenni drykkjanna tengjast uppruna þeirra.

8) Að teknu tilliti til þess tíma sem aðildarríkin þurfa til að koma í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem tengjast samsettum hugtökum og óbeinum tilvitnunum skal fresta beitingu þessara ráðstafana.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru settar nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 110/2008, einkum að því er varðar:

a) notkun á samsettum hugtökum og óbeinum tilvitnunum eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008, í lýsingu, kynningu og merkingu matvæla,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

b) landfræðilegar merkingar brenndra drykkja sem um getur í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 og notkun á Evrópusambandstákni fyrir landfræðilegar merkingar á brenndum drykkjum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „flokkur brenndra drykkja“: einn af flokkunum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem bera númer á bilinu 1 til 46,

b) „landfræðileg merking“: ein af þeim landfræðilegu merkingum sem skráðar eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008,

c) „samsett hugtak“: samsetningin í hugtaki sem er tilgreint í flokkunum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem bera númer á bilinu 1 til 46 eða landfræðilegri merkingu á brenndum drykk sem allt alkóhólið í lokaafurðinni er fengið úr, ásamt:

   i. heiti eins eða fleiri matvæla annarra en þeirra sem notuð eru til framleiðslu á viðkomandi brenndum drykk í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eða lýsingarorð dregin af þessum heitum og/eða

   ii. hugtakinu „líkjör“,

d) „óbein tilvitnun“: bein eða óbein tilvísun til eins eða fleiri flokka brenndra drykkja eða landfræðilegra merkinga, annarra en tilvitnana í samsettu hugtaki eða skrár yfir innihaldsefni sem um getur í 9. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

II. KAFLI

REGLUR UM NOTKUN SAMSETTRA HUGTAKA OG ÓBEINNA TILVITNANA

3. gr.

Samsett hugtök

1. Hugtakið „brenndur drykkur“ skal ekki koma fyrir í samsettu hugtaki sem lýsir áfengum drykk.

2. Samsett hugtak, sem lýsir áfengum drykk, skal ekki samanstanda af samsetningu á hugtakinu „líkjör“ og heiti eins af flokkunum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem bera númer á bilinu 33 til 40.

3. Samsett hugtak skal ekki koma í staðinn fyrir söluheiti brennds drykkjar.

4. Samsetta hugtakið, sem lýsir áfengum drykk, skal birtast með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð, stærð og lit. Það skal ekki brotið upp með neinum texta eða myndrænum þætti sem ekki er hluti af því og skal ekki vera með stærra letri en söluheitið.

4. gr.

Óbeinar tilvitnanir

Óbein tilvitnun í einhvern flokk brenndra drykkja eða landfræðilega merkingu til kynningar á matvælum skal ekki koma fyrir í sömu línu og söluheitið. Ef um áfenga drykki er að ræða skal óbeina tilvitnunin koma fyrir með minna letri en það sem er notað fyrir söluheitið og samsetta hugtakið.

5. gr.

Þynning brenndra drykkja

Að því er varðar 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 skal það teljast þynning ef alkóhólstyrkleiki brennds drykkjar hefur verið minnkaður niður fyrir þann lágmarksalkóhólstyrkleika sem er fastsettur fyrir þann brennda drykk í samsvarandi flokki í II. viðauka við þá reglugerð, eingöngu með því að bæta við hann vatni.

III. KAFLI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

6. gr.

Umsókn um skráningu landfræðilegrar merkingar

Umsókn um skráningu landfræðilegrar merkingar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina og skal samanstanda af:

a) umsóknareyðublaði sem samræmist fyrirmyndinni í I. viðauka við þessa reglugerð,

b) tækniskjali sem samræmist fyrirmyndinni í II. viðauka við þessa reglugerð,

c) helstu nákvæmu skilgreiningunum í tækniskjalinu sem um getur í b-lið.

7. gr.

Umsókn sem nær yfir landamæri

1. Þegar landfræðileg merking sem nær yfir landamæri snertir einungis aðildarríki skal umsóknin lögð fram sameiginlega eða af einu aðildarríkjanna í nafni hinna. Í seinna tilvikinu skal umsókninni fylgja skjal frá hverju hinna aðildarríkjanna sem um ræðir þar sem þau heimila aðildarríkinu, sem sendir inn umsóknina, að koma fram fyrir sína hönd.

Þegar eingöngu þriðju lönd standa að landfræðilegri merkingu sem nær yfir landamæri skal annaðhvort einn umsækjendanna eða eitt þriðju landanna leggja umsóknina fyrir framkvæmdastjórnina fyrir hönd hinna og í henni skal eftirfarandi koma fram:

a) sannanir fyrir því að vernd sé fyrir hendi í þeim þriðju löndum sem um er að ræða og

b) skjal frá hverju þeirra þriðju landa sem um ræðir þar sem þau heimila þriðja landinu, sem leggur fram umsóknina, að koma fram fyrir sína hönd.

Þegar landfræðileg merking, sem nær yfir landamæri, snertir a.m.k. eitt aðildarríki og a.m.k. eitt þriðja land skal eitt aðildarríkjanna, yfirvöld þriðja lands eða einkaaðilar frá viðkomandi þriðja landi leggja umsóknina fyrir framkvæmdastjórnina og í henni skal eftirfarandi koma fram:

a) sannanir fyrir því að vernd sé fyrir hendi í þeim þriðju löndum sem um er að ræða og

b) skjal frá hverju þeirra aðildarríkja eða þriðju landa sem um ræðir þar sem þau heimila aðilanum, sem leggur fram umsóknina, að koma fram fyrir sína hönd.

2. Aðildarríkið eða yfirvaldið í þriðja landinu eða einkaaðilinn frá viðkomandi þriðja landi sem leggur umsókn, sem nær yfir landamæri, fyrir framkvæmdastjórnina skal vera viðtakandi allra tilkynninga eða ákvarðana sem framkvæmdastjórnin gefur út.

8. gr.

Móttaka umsóknarinnar

1. Framlagningardagsetning umsóknar er sú dagsetning þegar umsóknin berst framkvæmdastjórninni.

2. Yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða einkaaðili frá viðkomandi þriðja landi skal fá staðfestingu á móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) heitið sem á að skrá,

c) fjöldi móttekinna blaðsíðna,

d) viðtökudagur umsóknarinnar.

9. gr.

Gildandi, landfræðilegar merkingar

1. Ef tækniskjalið fyrir gildandi landfræðilega merkingu, sem lagt er fram skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008, sýnir ekki fram á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar, séu uppfylltar skal framkvæmdastjórnin ákveða frest til breytinga eða til að afturkalla umsóknina eða til að aðildarríkin geti lagt fram athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Ef aðildarríkið bætir ekki úr slíkum ágöllum innan þess frests sem um getur í fyrstu málsgrein skal litið svo á að tækniskjalið hafi ekki verið lagt fram og ákvæði 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 skulu gilda.

10. gr.

Innpökkun á viðkomandi landsvæði

Ef fram kemur í tækniskjalinu að innpökkun brennda drykkjarins skuli fara fram innan afmarkaðs landsvæðis eða á svæði í næsta nágrenni þess skal rökstyðja þá kröfu að því er þá afurð varðar.

11. gr.

Lögmæti umsóknarinnar

1. Umsóknin telst lögmæt ef hún samanstendur af öllum þáttunum sem um getur í 6. gr.

2. Ef eitthvað vantar í umsóknina skal framkvæmdastjórnin gefa umsækjandanum kost á tveggja mánaða fresti til að bæta úr ágöllunum. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni sem ótækri.

12. gr.

Athugun á skilyrðum fyrir réttmæti umsóknar

1. Ef landfræðileg merking er ekki í samræmi við ákvæði 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 eða ef umsókn um skráningu uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 skal framkvæmdastjórnin veita frest til að bæta þar úr eða afturkalla umsóknina eða til að aðildarríkið, yfirvald þriðja lands eða einkaaðili frá viðkomandi þriðja landi geti lagt fram athugasemdir.

2. Ef aðildarríkið, yfirvald þriðja lands eða einkaaðili frá viðkomandi þriðja landi bætir ekki úr þessum ágöllum innan þess frests sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni.

13. gr.

Andmæli gegn skráningu

1. Andmælin, sem um getur í 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008, skulu útbúin í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka við þessa reglugerð og lögð fyrir framkvæmdastjórnina. Framlagningardagsetning andmæla er sú dagsetning þegar andmælin berast framkvæmdastjórninni.

2. Andmælandinn skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna blaðsíðna,

c) viðtökudagur andmælanna.

14. gr.

Lögmæti andmæla

1. Andmælin teljast lögmæt ef í þeim kemur fram hvaða eldri réttinda er krafist, ef við á, og ástæður fyrir andmælunum og þau bárust innan þess frests sem um getur í 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

2. Ef andmæli eru lögð fram á grundvelli þess að til er eldra vörumerki sem nýtur orðspors og orðstírs og er þegar í notkun í Sambandinu, í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008, skulu umsókninni fylgja sannanir fyrir því að sótt hafi verið um skráningu eldra vörumerkisins, fyrir skráningu þess eða notkun, t.d. skráningarskírteini þess eða sönnun fyrir notkun þess og sönnun fyrir orðspori þess og orðstír.

3. Öll andmæli skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings andmælunum, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu vísa til staðsetningar, tíma, umfangs og eðlis notkunarinnar og orðspors þess og orðstírs.

4. Ef upplýsingarnar og skjölin, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., eru ekki lögð fram skal framkvæmdastjórnin gefa andmælandanum kost á að gera úrbætur á þessum ágöllum innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum innan þess frests skal framkvæmdastjórnin hafna andmælunum sem ótækum.

15. gr.

Athugun andmæla

1. Ef andmælin eru lögmæt skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu, yfirvaldi þriðja landsins eða einkaaðilanum frá viðkomandi þriðja landi um það og gefa þeim kost á að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða. Andmælanda skal tilkynnt um allar athugasemdir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

2. Framkvæmdastjórnin skal fara fram á það við aðila málsins að þeir leggi fram athugasemdir um athugasemdir annarra aðila, sem þeir hafa móttekið, innan tveggja mánaða.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur að andmælin séu réttmæt skal hún hafna umsókninni um skráningu.

4. Ef um er að ræða fleiri en ein andmæli er hugsanlegt að umsókn geti ekki talist tæk til skráningar eftir forrannsókn á einum eða fleiri slíkum andmælum, þá getur framkvæmdastjórnin stöðvað aðrar andmælameðferðir tímabundið. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum andmælendum um allar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá.

5. Þegar umsókn um skráningu er hafnað skal líta svo á að andmælameðferðum sem stöðvaðar voru tímabundið sé lokið og viðkomandi andmælendum skal tilkynnt um það á fullnægjandi hátt.

16. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar

1. Ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin tekur skv. 9. gr. (2. mgr.), 11. gr. (2. mgr.), 12. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (3. mgr.) skulu byggjast á skjölunum og upplýsingum sem hún hefur aðgang að.

Aðildarríkinu, yfirvaldi þriðja landsins eða einkaaðilanum frá viðkomandi þriðja landi og, ef við á, andmælandanum skal tilkynnt um ákvarðanirnar, þ.m.t. ástæðurnar fyrir þeim.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða skv. 17. gr. (8. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 110/2008 að skrá landfræðilega merkingu í III. viðauka við þá reglugerð nema umsókn um skráningu landfræðilegrar merkingar sé hafnað skv. 11. gr. (2. mgr.), 12. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (3. mgr.) þessarar reglugerðar.

17. gr.

Notkun tungumála

Landfræðileg merking skal skráð á því tungumáli eða tungumálum sem eru notuð til að lýsa viðkomandi afurð á viðkomandi landsvæði og með upphaflegri stafsetningu.

18. gr.

Framlagning beiðni um niðurfellingu

1. Beiðni um niðurfellingu landfræðilegrar merkingar skal útbúin í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka og lögð fyrir framkvæmdastjórnina. Framlagningardagsetning beiðni um niðurfellingu er sú dagsetning þegar beiðnin berst framkvæmdastjórninni.

2. Höfundur beiðni um niðurfellingu skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna blaðsíðna og

c) viðtökudagur beiðninnar.

19. gr.

Lögmæti beiðni um niðurfellingu

1. Beiðni um niðurfellingu er lögmæt ef í henni koma skýrt fram lögmætir hagsmunir höfundar hennar fyrir niðurfellingarbeiðninni og ástæðurnar fyrir slíkri niðurfellingu útskýrðar.

2. Allar beiðnir um niðurfellingu skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings afturkölluninni. Henni skulu fylgja viðeigandi fylgiskjöl, einkum yfirlýsing frá aðildarríkinu eða yfirvaldi þriðja landsins þar sem höfundur beiðninnar hefur aðsetur eða skráða skrifstofu.

3. Ef upplýsingarnar og skjölin sem um getur í 1. og 2. mgr. eru ekki lögð fram samtímis umsókninni um niðurfellingu skal framkvæmdastjórnin gefa höfundi hennar kost á að gera úrbætur á þessum ágöllum innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum innan þess frests skal framkvæmdastjórnin hafna beiðninni sem ótækri.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna höfundi beiðninnar um niðurfellingu sem og aðildarríkinu, yfirvaldi þriðja landsins eða einkaaðilanum frá viðkomandi þriðja landi, þegar umsóknin um niðurfellinguna hefur áhrif á landfræðilegu merkinguna, um þá ákvörðun að beiðnin sé ótæk.

20. gr.

Athugun á niðurfellingu

1. Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki hafnað beiðninni um niðurfellingu í samræmi við 3. mgr. 19. gr. skal hún senda beiðnina til aðildarríkisins, yfirvalds þriðja landsins eða einkaaðilans frá þriðja landinu, þegar umsóknin um niðurfellinguna hefur áhrif á landfræðilegu merkinguna, og gefa þeim kost á að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða. Höfundi niðurfellingarbeiðninnar skal tilkynnt um allar athugasemdir sem berast á þessu tímabili.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um niðurfellingu ef aðildarríkið, yfirvald þriðja landsins eða einkaaðilinn frá viðkomandi þriðja landi leggur ekki inn athugasemdir eða virðir ekki tveggja mánaða frestinn.

3. Eftir að fresturinn til að senda inn athugasemdir er liðinn skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um að fella viðkomandi landfræðilega merkingu úr gildi á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Hún skal taka til athugunar hvort fylgni við tækniskjalið sé ekki lengur möguleg eða ekki sé lengur mögulegt að tryggja að því sé fylgt, einkum ef þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 eru ekki lengur uppfyllt eða ekki verður hægt að uppfylla þau í náinni framtíð.

Aðildarríkinu, yfirvaldi þriðja landsins eða einkaaðilanum frá viðkomandi þriðja landi eða höfundi beiðninnar um niðurfellingu skal tilkynnt um slíka ákvörðun um niðurfellingu.

4. Ef fleiri en ein beiðni um niðurfellingu hefur verið lögð fram varðandi sömu landfræðilegu merkinguna og framkvæmdastjórnin ákveður, að lokinni forrannsókn á einni eða fleirum þessara beiðna, að ekki sé lengur réttlætanlegt að vernda landfræðilegu merkinguna getur hún stöðvað tímabundið önnur niðurfellingarferli sem varða þá landfræðilegu merkingu. Hún skal tilkynna öðrum höfundum beiðna um niðurfellingu um allar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá.

Ef landfræðileg merking er felld úr gildi skal framkvæmdastjórnin enda allt niðurfellingarferli sem hefur verið stöðvað tímabundið og tilkynna höfundum annarra niðurfellingarbeiðna um það.

21. gr.

Breyting á tækniskjalinu

1. Umsókn um breytingu á tækniskjali sem tengist skráðri landfræðilegri merkingu skal, eins og um getur í 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008, útbúin í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð og lögð fram á rafrænu sniði.

2. Að því er varðar umsóknina sem um getur í 1. mgr., skulu ákvæði 8. til 15. gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda. Þessar málsmeðferðarreglur skulu eingöngu varða þá þætti tækniskjalsins sem á að breyta.

3. Ef annar umsækjandi en upphaflegi umsækjandinn leggur fram umsókn um breytingar á tækniskjalinu skal framkvæmdastjórnin tilkynna upphaflega umsækjandanum um þá umsókn.

22. gr.

Notkun á Evrópusambandstákni fyrir skráðar landfræðilegar merkingar

1. Evrópusambandstáknið fyrir skráðar landfræðilegar merkingar, sem komið var á fót með V. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2006([2]), má nota á brennda drykki. Ekki má nota það tákn ásamt samsettu hugtaki sem inniheldur landfræðilega merkingu. Í stað merkingarinnar „VERNDUÐ, LANDFRÆÐILEG MERKING“ má koma samsvarandi hugtak á öðru opinberu tungumáli Sambandsins, eins og mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. Ef Evrópusambandstáknið, sem um getur í 1. mgr., kemur fram á merkimiða brennds drykkjar skal því fylgja samsvarandi landfræðileg merking.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2013. Ákvæði 3. og 4. gr. gilda frá 1. mars 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([2]) Stjtíð. ESB L 369, 23.12.2006, bls. 1.

I. VIÐAUKI

UMSÓKN UM SKRÁNINGU LANDFRÆÐILEGRAR MERKINGAR

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Umsóknin er lögð fram á eftirfarandi tungumáli …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Landfræðileg merking sem á að skrá …

Flokkur brenndra drykkja

Umsækjandi

Nafn lögaðila eða einstaklings …

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) …

Réttarstaða, umfang og samsetning (*ef um er að ræða lögaðila*) …

Ríkisfang ...

Símanr., tölvupóstfang …

Milliliður

Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

Yfirvald þriðja lands (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn millilíða…

Fullt heimilisfang eða heimilisföng (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) …

Símanr., tölvupóstfang…

Sannanir fyrir því að vernd sé fyrir hendi í þriðja landi …

Tækniskjal

Fjöldi blaðsíðna …

Nafn/nöfn undirritunaraðila …

Undirskrift/undirskriftir …

II. VIÐAUKI

TÆKNISKJAL

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Umsóknin er lögð fram á eftirfarandi tungumáli …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Landfræðileg merking sem á að skrá …

Flokkur brenndra drykkja

Lýsing á brennda drykknum

— Eðlisfræðilegir eiginleikar, efnafræðilegir eiginleikar og/eða skynmatseinkenni

— Sérstakir eiginleikar (samanborið við brennda drykki í sama flokki)

Landsvæði sem um ræðir

Aðferð við vinnslu brennda drykkjarins

Tengsl við landfræðilegt umhverfi eða uppruna

— Upplýsingar um landsvæðið eða upprunann sem varða tengslin

— Sérstakir eiginleikar brennda drykkjarins sem rekja má til landsvæðisins

Ákvæði Evrópusambandsins eða innlend/svæðisbundin ákvæði

Umsækjandi

Aðildarríki, þriðja land eða lögaðili/einstaklingur…

— Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)…

— Réttarstaða (ef um er að ræða lögaðila)…

Viðbót við landfræðilegu merkinguna

Sértækar reglur um merkingar

III. VIÐAUKI

BEIÐNI UM ANDMÆLI GEGN LANDFRÆÐILEGRI MERKINGU

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Tungumálið, sem andmælabeiðnin er á …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Andmælandi

Nafn lögaðila eða einstaklings …

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) …

Ríkisfang ...

Símanr., tölvupóstfang …

Milliliður

Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn millilliða …

Fullt heimilisfang eða heimilisföng (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) …

Landfræðileg merking sem er andmælt …

Eldri réttur

Skráð landfræðileg merking (*)

Landsbundin landfræðileg merking (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Heiti ...

Skráningarnúmer …

Dagsetning skráningar (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

Vörumerki

Tákn …

Skrá yfir vörur og þjónustu …

Skráningarnúmer …

Dagsetning skráningar …

Upprunaland …

Orðstír/orðspor (*) …

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Ástæður fyrir andmælum

Nafn undirritunaraðila …

Undirskrift …

IV. VIÐAUKI

BEIÐNI UM NIÐURFELLINGU LANDFRÆÐILEGRAR MERKINGAR

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Höfundur beiðni um niðurfellingu …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Tungumál sem beiðni um niðurfellingu er á …

Nafn lögaðila eða einstaklings …

Fullt heimilisfang *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* ...

Ríkisfang ...

Símanr., tölvupóstfang …

Landfræðileg merking sem ágreiningur ríkir um …

Lögmætir hagsmunir höfundar beiðninnar …

Yfirlýsing aðildarríkisins eða þriðja landsins …

Ástæður fyrir niðurfellingu

Nafn undirritunaraðila …

Undirskrift …

V. VIÐAUKI

BEIÐNI UM BREYTINGU Á TÆKNISKJALI FYRIR LANDFRÆÐILEGA MERKINGU

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) …

Tungumál, sem breytingin er á …

Skrásetningarnúmer …

[framkvæmdastjórnin fyllir út]

Milliliður

Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*) —

Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn milliliða …

Fullt heimilisfang eða heimilisföng (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) …

Símanr., tölvupóstfang …

Heiti landfræðilegu merkingarinnar

Fyrirsögn í forskrift sem breytingin hefur áhrif á

Verndað heiti (*)

Vörulýsing (*)

Landsvæði (*)

Tengsl (*)

Heiti og heimilisfang eftirlitsyfirvalda (*)

Annað (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Breyting

Breyting á forskrift fyrir afurð sem ekki hefur í för með sér breytingu á meginatriðum forskriftarinnar (*)

Breyting á forskrift fyrir afurð sem hefur í för með sér breytingu á meginatriðum forskriftarinnar (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við] —

Útskýring á breytingunni …

Helstu forskriftir sem er breytt

[á aðskildu blaði]

Nafn undirritunaraðila …

Undirskrift …

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/73/52**

frá 26. júní 2013

um reglur varðandi stofnun, stjórnun og gagnsæjan rekstur netkerfis landsbundinna yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni

(2013/329/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri([1]) einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 15. gr. tilskipunar 2011/24/ESB var Sambandinu falið að styðja og auðvelda samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarríkja sem starfa innan valfrjáls netkerfis sem tengir saman landsbundin yfirvöld sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni (HTA) og sem aðildarríkin tilnefna (hér á eftir nefnt „HTA-netkerfið“).

2) Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2011/24/ESB er framkvæmdastjórninni skylt að samþykkja þær reglur sem eru nauðsynlegar til að stofna HTA-netkerfið, stjórna því og reka það á gagnsæjan hátt.

3) Þar eð þátttaka í HTA-netkerfinu er valfrjáls ættu aðildarríkin að geta gengið í það hvenær sem er. Af skipulagslegum ástæðum ættu aðildarríki, sem óska eftir þátttöku, að tilkynna framkvæmdastjórninni fyrirfram um þessa fyrirætlun.

4) Vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([4]), eins og við á.

5) Sambandið hefur tekið þátt í fjármögnun aðgerða á sviði mats á heilbrigðistækni með aðgerðaáætlun á sviði lýðheilsu, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB([5]), og aðgerðaáætlun á sviði heilbrigðismála, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1350/2007/EB([6]), og hefur þar með stutt við samstarf á sviði vísinda og tækni milli landsbundinna og svæðisbundinna stofnanna með upphafsstafaorðið EUnetHTA ([7]) sem bera ábyrgð á HTA-netkerfinu. Sambandið hefur einnig fjármagnað aðferðafræðilegt starf á sviði mats á heilbrigðistækni með sjöundu rammaáætlun um rannsóknir, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1982/2006/EB([8]), og áætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB ([9]).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 16. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun eru settar fram þær reglur sem eru nauðsynlegar til að stofna, stjórna og reka netkerfi landsbundinna yfirvalda eða aðila, sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni eins og kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, á gagnsæjan hátt.

2. gr.

Markmið

Til að stefna að þeim markmiðum sem HTA-netkerfinu var ætlað að ná skv. 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2011/24/ESB skal það byggja á fenginni reynslu úr fyrri aðgerðum á sviði mats á heilbrigðistækni, sem Sambandið styður, og tryggja viðeigandi samvirkni við yfirstandandi aðgerðir.

3. gr.

Aðild — Tilnefning

1. Þátttakendur í HTA-netkerfinu skulu vera landsbundin yfirvöld eða aðilar sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni og eru tilnefndir af þátttökuaðildarríkjunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45.

([2]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([3]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

([4]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 3.

([7]) www.eunethta.eu; Commission Implementing Decision C2011/7195 on the awarding of grants for proposals for 2011 under the second Health Programme (2008-13).

([8]) Stjtíð. ESB L 412, 30.12.2006, bls. 1.

([9]) Stjtíð. ESB L 310, 9.11.2006, bls. 15.

2. Aðildarríki sem óska eftir þátttöku í HTA-netkerfinu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um þau áform sem og landsbundna yfirvaldinu eða aðilanum sem ber ábyrgð á mati á heilbrigðistækni og er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2011/24/ESB. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna annað landsbundið yfirvald eða aðila til vara.

3. Ef aðildarríki telur slíkt nauðsynlegt er því einnig heimilt að tilnefna sérfræðing til að fylgja þátttakandanum.

4. Heimilt er að birta heiti tilnefndra yfirvalda eða aðila aðildarríkisins á vefsíðum framkvæmdastjórnarinnar.

5. Söfnun, vinnsla og birting persónuupplýsinga skal vera í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001, eins og við á.

4. gr.

Starfsreglur

1. Með einföldum meirihluta atkvæða þátttakenda skal setja HTA-netkerfinu starfsreglur samkvæmt tillögu sem framkvæmdastjórnin leggur fram.

2. Starfsreglurnar skulu auðvelda viðeigandi samráð á milli hagsmunaaðila og við aðila í Sambandinu, vísindamenn og alþjóðastofnanir um starfsemi netkerfisins.

5. gr.

Starfsemi

1. Samþykkja skal stefnumótandi starfsáætlun fyrir HTA-netkerfið til margra ára og mælitæki til að meta framkvæmd slíkrar áætlunar.

2. HTA-netkerfið skal stutt með samstarfi á sviði vísinda og tækni og er heimilt að hefja eða taka þátt í starfsemi sem tekur til allra eða sumra þátttakenda innan þess, ef slík þátttaka stuðlar að markmiðum HTA-netkerfisins.

3. Heimilt er að stofna starfshópa innan HTA-netkerfisins til að skoða tilteknar spurningar á grundvelli starfsskilmála sem skilgreindir eru innan HTA-netkerfisins. Slíkir starfshópar skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem umboð þeirra tekur til.

4. Þátttakendur í HTA-netkerfinu, og fulltrúar þeirra, sem og sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sem hefur verið boðin þátttaka, skulu virða þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í 339. gr. sáttmálans og framkvæmdarreglum þess, sem og reglur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi hvað varðar verndun trúnaðarupplýsinga ESB, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember um breytingu á innri starfsreglum([10]) Virði þeir ekki þessar skuldbindingar getur formaður HTA-netkerfisins gripið til allra viðeigandi ráðstafana.

6. gr.

Fundir

1. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í HTA-netkerfinu. Formaður greiðir ekki atkvæði.

2. Embættismenn framkvæmdastjórnarinnar, sem hafa áhuga á málsmeðferðinni, geta setið fundi HTA-netkerfisins og starfshópa þess.

3. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar getur Lyfjastofnun Evrópu tekið þátt í fundum HTA-netkerfisins og starfshópa þess.

4. Heimilt er að bjóða evrópskum stofnunum og alþjóðastofnunum að sitja fundi HTA-netkerfisins sem áheyrnarfulltrúar.

7. gr.

Skrifstofa HTA-netkerfisins

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá um skrifstofu HTA-netkerfisins og semja fundargerð.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi upplýsingar um starfsemi HTA-netkerfisins á vefsetri sínu.

8. gr.

Útgjöld

1. Framkvæmdastjórnin skal ekki greiða þátttakendum á fundum HTA-netkerfisins laun fyrir þjónustu sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurgreiða ferða- og dvalarkostnað vegna útgjalda þátttakenda í starfsemi HTA-netkerfisins í samræmi við gildandi ákvæði framkvæmdastjórnarinnar.

3. Þessi kostnaður skal endurgreiddur innan marka tiltækra fjárveitinga, sem úthlutað er samkvæmt árlegri málsmeðferð við úthlutun fjármagns.

9. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([10]) Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/37/ESB **2014/EES/73/53**

frá 27. febrúar 2014

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/671/EBE varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/671/EBE varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum([1]), einkum 7. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þann 24. mars 1998 gerðist Evrópubandalagið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958), í samræmi við ákvörðun ráðsins 97/836/EB([2]).

2) Í samræmi við 1. mgr. II. viðauka við ákvörðun 97/836/EB verða tæknilegar kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958 valkostir við tæknilegu viðaukana við viðkomandi sértilskipanir Sambandsins þar sem þeir síðarnefndu hafa sama gildissvið og þar sem sértilskipanir Sambandsins eru fyrir hendi fyrir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Hins vegar halda viðbótarákvæði tilskipana t.d. þau sem varða uppsetningarkröfur eða viðurkenningaraðferðina gildi sínu.

3) Ný reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á aðhaldsbúnaði fyrir börn sem notaður er um borð í vélknúnum ökutækjum (hér á eftir nefnd „reglugerð 129“) var sett og samþykkt undir forsjá efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu.

4) Reglugerð 129 öðlaðist gildi 9. júlí 2013 sem viðauki við endurskoðaða samninginn frá 1958.

5) Stöðluðu kröfurnar í reglugerð 129 fela í sér auknar kröfur í tengslum við þær sem settar eru samkvæmt reglugerð 44 um samræmd ákvæði um viðurkenningu á aðhaldsbúnaði fyrir börn um borð í aflknúnum ökutækjum (aðhaldsbúnaður fyrir börn)([3]) og endurspegla tækniframfarir að því er varðar nokkra þætti í aðhaldsbúnaði fyrir börn, svo sem hliðarhöggsprófanir, fyrirkomulagið að börn upp að 15 mánaða aldri snúi aftur, samhæfi við mismunandi ökutæki, árekstrarprófunarbrúður og prófunarbekkir og aðlögunarhæfni að mismunandi stærð barna.

6) Þar sem í tilskipun 91/671/EBE er mælt fyrir um kröfur varðandi viðurkenningu og skyldubundna notkun á aðhaldsbúnaði fyrir börn í vélknúnum ökutækjum í Evrópusambandinu, ætti að breyta henni þannig að hún taki líka til notkunar á aðhaldsbúnaði fyrir börn sem er viðurkenndur samkvæmt tæknilegum kröfum reglugerðar 129.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 7. gr. b tilskipunar 91/671/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 2. gr. tilskipunar 91/671/EBE er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað i. liðar í a-lið 1. liðar:

„i. Aðildarríkin skulu, að því er varðar ökutæki í flokki M1, N1, N2 og N3, krefjast þess að allir farþegar ökutækja í notkun noti fyrirliggjandi öryggisbúnað.

Börn, sem eru undir 150 cm á hæð og ferðast í ökutækjum í flokki M1, N1, N2 og N3 sem í er öryggisbúnaður, skulu fest með föstum eða lausum aðhaldsbúnaði fyrir börn, í skilningi a- og b-liðar 4. mgr. 1. gr., sem hæfir líkamsbyggingu barnsins í samræmi við:

— flokkun aðhaldsbúnaðar fyrir börn sem viðurkenndur er í samræmi við i. lið c-liðar þessarar málsgreinar, sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 28.2.2014, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 26.

([2]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og því að ganga að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.)

([3]) Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2007, bls. 1.

— stærðarbil og hámarkslíkamsþyngd sem aðhaldsbúnaður fyrir börn er ætlaður fyrir samkvæmt tilsögn framleiðanda, fyrir aðhaldsbúnað sem er viðurkenndur í samræmi við ii. lið c-liðar þessarar málsgreinar.

Í ökutækjum í flokki M1, N1, N2 og N3 sem eru án öryggisbúnaðar:

— má ekki flytja börn yngri en þriggja ára,

— skulu börn þriggja ára eða eldri og undir 150 cm á hæð sitja í öðru sæti en framsætinu, sbr. þó ii. lið.“

2) í stað c-liðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„c) þar sem aðhaldsbúnaður fyrir börn er notaður, skal hann viðurkenndur með skírskotun til staðla:

i. reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu 44/03 eða tilskipunar 77/541/EBE eða

ii. reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu 129,

eða einhverra síðari breytinga á henni.

Aðhaldsbúnaðurinn fyrir börn skal settur upp í samræmi við uppsetningarupplýsingar (t.d. notendahandbók, bækling eða upplýsingar á rafrænu formi) sem framleiðandi aðhaldsbúnaðarins fyrir börn útvegar þar sem því er lýst hvernig og í hvaða gerðir ökutækis er hægt að nota búnaðinn með öruggum hætti.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Fyrir hönd forsetans,

Siim KALLAS

varaforseti

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 575/2014 **2014/EES/73/54**

frá 27. maí 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 383/2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslumiðli (örflögu) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ([1]), einkum 2. mgr. 1 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 383/2012([2]) gildir um ökuskírteini sem eru með örflögu og mælir fyrir um röð tæknilegra krafna.

2) Einkum er mælt fyrir um númerakerfi ESB-gerðarviðurkenningar í lið III.4.2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 383/2012 sem byggt er á úthlutun auðkennisnúmers til þess aðildarríkis sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenninguna.

3) Í kjölfar inngöngu Króatíu í Sambandið er nauðsynlegt að kveða á um auðkennisnúmer fyrir landið sem er í samræmi við númeraröð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu fyrir gerðarviðurkenningu.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 383/2012 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað liðar III.4.2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 383/2012 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 383/2012 frá 4. maí 2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslumiðli (örflögu) (Stjtíð. ESB L 120, 5.5.2012, bls. 1.)

VIÐAUKI

Í stað liðar III.4.2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 383/2012 komi eftirfarandi:

„III.4.2 **Númerakerfi**

ESB-gerðarviðurkenningarnúmerið skal samanstanda af:

a) Bókstafnum „e“, þar á eftir komi auðkennandi númer aðildarríkisins sem veitir ESB-gerðarviðurkenninguna

1 fyrir Þýskaland

2 fyrir Frakkland

3 fyrir Ítalíu

4 fyrir Holland

5 fyrir Svíþjóð

6 fyrir Belgíu

7 fyrir Ungverjaland

8 fyrir Tékkland

9 fyrir Spán

11 fyrir Bretland

12 fyrir Austurríki

13 fyrir Lúxemborg

17 fyrir Finnland

18 fyrir Danmörku

19 fyrir Rúmeníu

20 fyrir Pólland

21 fyrir Portúgal

23 fyrir Grikkland

24 fyrir Írland

25 fyrir Króatíu

26 fyrir Slóveníu

27 fyrir Slóvakíu

29 fyrir Eistland

32 fyrir Lettland

34 fyrir Búlgaríu

36 fyrir Litháen

49 fyrir Kýpur

50 fyrir Möltu.

b) Bókstöfunum DL, á undan þeim skal vera skal vera bandstrik en á eftir þeim skulu vera tveir tölustafir sem tilgreina raðnúmer, sem úthlutað er þessari reglugerð eða nýjustu tæknilegum breytingum við þessa reglugerð. Raðnúmerið fyrir þessa reglugerð er 00.

c) Einkvæmu auðkennisnúmeri ESB-gerðarviðurkenningarinnar sem útgáfuaðildarríkið úthlutar.

Dæmi um númerakerfi ESB-gerðarviðurkenningar: e50-DL00 12345

Viðurkenningarnúmerið skal geymt á örflögunni í DG 1 fyrir hvert ökuskírteini sem er með slíka örflögu.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 278/2014 **2014/EES/73/55**

frá 19. mars 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun, samræmingu og einföldun á notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan af framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 ([2]) hefur sýnt fram á nauðsyn þess að endurskoða fyrirkomulag framkvæmdar á sameiginlegum grunnkröfum um notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni (ETD).

2) Í því skyni að auka skýrleika laga, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfinni og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd ætti að útlista, samræma eða einfalda tilteknar sértækar flugverndarráðstafanir að því er varðar notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni.

3) Breytingarnar varða ráðstafanir, þar sem lýst er leyfilegri notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni, að því er varðar skimun farþega, annarra einstaklinga en farþega, handfarangurs, lestarfarangurs, farms, pósts, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða, og tæknilegar kröfur um öryggisbúnað snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 20.3.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1).

VIÐAUKI

1. Ákvæðum 4. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 4.1.1.2 komi eftirfarandi:

„4.1.1.2 Farþegar skulu skimaðir með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) málmleitarhliði,

c) sprengjuleitarhundum,

d) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

e) öryggisskönnum sem nota ekki jónandi geislun,

f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmleitartæki.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort farþeginn beri á sér bannaða hluti eða ekki skal farþeganum synjað um aðgang að haftasvæðum flugverndar eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.“

b) Í stað liðar 4.1.1.9 komi eftirfarandi:

„4.1.1.9 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun.“

c) Í stað liðar 4.1.2.3 komi eftirfarandi:

„4.1.2.3 Handfarangur skal skimaður með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis (EDS),

d) sprengjuleitarhundum ásamt aðferðinni í a-lið,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort handfarangur innihaldi bannaða hluti eða ekki er handfarangri ekki hleypt í gegn eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.“

2. Ákvæðum 6. kafla er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir 6.2.1.5 og 6.2.1.6 bætist við:

„6.2.1.5 Skima skal farm og póst með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum í samræmi við fylgiskjal 6-J:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis,

d) sprengjuleitarhundum,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

f) sjónrænni skoðun,

g) málmleitartæki.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort farmur eða póstur innihaldi bannaða hluti eða ekki, er honum ekki hleypt í gegn eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

6.2.1.6 Einungis má beita eftirfarandi úrræðum eða aðferðum þegar ekki er mögulegt að beita einhverjum af þeim úrræðum eða aðferðum sem tilgreindar eru í lið 6.2.1.5 vegna þess hvers eðlis sendingin er:

öðru viðeigandi flugverndareftirliti, ef hlutaðeigandi yfirvald samþykkir það og tilkynnir framkvæmdastjórninni um það.“

3. Ákvæðum 8. kafla er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 8.1.2.3 bætist við:

„8.1.2.3 Við skimun skulu eftirfarandi úrræði eða aðferðir notaðar, annaðhvort sitt í hvoru lagi eða saman:

a) sjónræn skoðun,

b) handleit,

c) röntgenbúnaður,

d) búnaður til greiningar sprengiefnis,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt aðferðinni í a-lið,

f) sprengjuleitarhundar ásamt aðferðinni í a-lið.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort birgðirnar innihaldi bannaða hluti eða ekki skal þeim ekki hleypt í gegn eða þær endurskimaðar þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.“

4. Ákvæðum 9. kafla er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 9.1.2.3 bætist við:

„9.1.2.3 Við skimun skulu eftirfarandi úrræði eða aðferðir notaðar, annaðhvort sitt í hvoru lagi eða saman:

a) sjónræn skoðun,

b) handleit,

c) röntgenbúnaður,

d) búnaður til greiningar sprengiefnis,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt aðferðinni í a-lið,

f) sprengjuleitarhundar, ásamt aðferðinni í a-lið.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort birgðirnar innihaldi bannaða hluti eða ekki skal þeim ekki hleypt í gegn eða þær endurskimaðar þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.“

5. Ákvæðum 12. kafla er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 12.0.3 bætist við:

„12.0.3 Framleiðendur tækjabúnaðar skulu leggja fram rekstrarskilyrði og skal tækjabúnaðurinn notaður í samræmi við þau.“

b) Eftirfarandi komi í stað liðar 12.6:

„12.6 SNEFILGREININGARTÆKI FYRIR SPRENGIEFNI

12.6.1 Snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni skal geta safnað og greint snefilmagn af ögnum á eða gufu frá óhreinu yfirborði eða innihaldi farangurs eða sendinga og það getur gefið til kynna með viðvörunarmerki ef sprengiefni eru til staðar. Tækið skal uppfylla eftirfarandi kröfur um skimun:

a) ekki skal nota rekstrarvörur lengur en framleiðandi rekstrarvörunnar mælir með eða ef virkni vörunnar virðist hafa rýrnað við notkun,

b) aðeins skal nota snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni í því umhverfi þar sem notkun þess hefur verið samþykkt;

reglur skulu gilda um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni að því er varðar töku agna- og gufusýna. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um þessar kröfur í sérstakri leynilegri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.“

c) Eftirfarandi liðir 12.6.2 og 12.6.3 bætist við:

„12.6.2 Kröfur um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, sem nota agnasýni, skulu gilda um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem eru tekin í notkun frá og með 1. september 2014.

12.6.3 Hlutaðeigandi yfirvald getur heimilað áframhaldandi notkun snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni, sem er ekki vottað í samræmi við fylgiskjal 12-L, sem tekið var í notkun fyrir 1. júlí 2014 og þar sem notað er agnasýni, til og með 1. júlí 2020, í síðasta lagi.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 245/2014 2014/EES/73/56

frá 13. mars 2014

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða áhöfn í almenningsflugi.

2) Sum aðildarríkin hafa komist að þeirri niðurstöðu að tilteknar kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 skapa ótilhlýðilegt og óhóflegt stjórnsýslu- eða fjárhagsálag, ýmist hjá aðildarríkjunum sjálfum eða hagsmunaaðilum, og hafa því óskað eftir undanþágum frá tilteknum kröfum í samræmi við 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

3) Flugöryggisstofnun Evrópu hefur farið yfir þessar undanþágubeiðnir og mæltist hún í kjölfarið til þess að framkvæmdastjórnin myndi samþykkja tilteknar undanþágur.

4) Aðildarríkin hafa einnig bent á ýmis ritstjórnarleg mistök í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1178/2011 sem hafa leitt til ófyrirséðra framkvæmdarvandkvæða.

5) Því ætti að breyta núgildandi kröfum í því skyni að innleiða þær undanþágur sem hafa bein áhrif á reglusetningu og til að leiðrétta ritstjórnarleg mistök.

6) Í I. viðauka (FCL-hluta) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 eru enn fremur kröfur um þjálfun og mat á hæfni til að fá blindflugsáritun. Kröfurnar um blindflugsáritun voru byggðar á fyrri kröfum Flugöryggissamtaka Evrópu um skírteini flugliða (JAR-FCL) og í ljós hefur komið að þörf er á endurskoðun þeirra.

7) Þar af leiðandi ætti að innleiða viðbótarkröfur um menntun og hæfi til að fljúga við blindflugsskilyrði og sérstakar kröfur um flug sviffflugu í skýjum.

8) Til að tryggja að tekið verði tillit til blindflugsþjálfunar eða -reynslu, sem fengin er áður en beiting þessarar reglugerðar hefst, í því skyni að fá þessa áritun, ætti að mæla fyrir um skilyrði fyrir viðurkenningu þessarar þjálfunar eða reynslu í blindflugi.

9) Aðildarríki ættu að geta viðurkennt reynslu handhafa áritunar frá þriðja landi í blindflugi, ef hægt er að tryggja öryggisstig sem jafngildir því sem tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Einnig ætti að mæla fyrir um skilyrðin fyrir viðurkenningu á þessari reynslu.

10) Til að tryggja snurðulaus umskipti og samræmt öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópusambandinu skulu framkvæmdarráðstafanir endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir á sviði þjálfunar flugmanna. Til samræmis við þetta ætti að taka tillit til tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferðar, sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur samþykkt, og þeirra krafna sem þegar eru í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 sem og gildandi landslöggjafar, sem varðar tilteknar aðstæður í hverju ríki, og ætti þetta að endurspeglast í þessu reglusafni, að teknu tilliti til sérstakra þarfa flugmanna í almannaflugi í Evrópu.

11) Flugöryggisstofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fyrir framkvæmdastjórnina sem álit, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

12) Aðildarríki, sem hafa komið á fót eigin kerfi til að heimila flugmönnum að fljúga við blindflugsskilyrði með takmörkuð réttindi, sem takmarkast við lofthelgi aðildarríkisins, og sem geta lagt fram sönnunargögn um að kerfið sé öruggt og að það sé sérstök, svæðisbundin þörf fyrir þetta, ættu að fá leyfi til að halda áfram að gefa út slíkar heimildir í takmarkaðan tíma, sbr. þó að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

([2]) Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1.

13) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 965/2012 ([3]) er heimilt að starfrækja tiltekin flug, t.d. flug þar sem kostnaði er skipt (e. *cost-sharing flights*) og kynnisflug (e. *introductory flights*), í samræmi við reglur sem gilda um starfrækslu einfaldra loftfara sem er ekki í ábataskyni. Því er nauðsynlegt að tryggja að réttindi flugmanna, sem þeir öðluðust með reglugerð (ESB) 1178/2011, samrýmist þessari aðferð.

14) Því ætti handhöfum einkaflugmannsskírteina (PPL), svifflugmannsskírteina (SPL), flugmannsskírteina fyrir loftbelgi (BPL) eða flugmannsskírteina fyrir létt loftför (LAPL) að vera heimilt að starfrækja flug í þeim flokkum sem tilgreindir eru í reglugerð (ESB) 965/2012.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

16) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

Veiting flugmannsskírteina og útgáfa heilbrigðisvottorða

1. Flugmenn loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð, sem mælt er fyrir um í I. og IV. viðauka við þessa reglugerð, sbr. þó 8. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir réttindi handhafa skírteina, eins og skilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð, er handhöfum flugmannsskírteina, sem gefin eru út í samræmi við B- eða C-kafla I. viðauka við þessa reglugerð, heimilt að starfrækja þau flug sem um getur í 4. gr. a í 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012. Þetta gildir þó með fyrirvara um að farið sé að öllum viðbótarkröfum í tengslum við farþegaflutninga eða þróun flutningaflugs, eins og skilgreint er í B- eða C-kafla I. viðauka við þessa reglugerð.“

2) Eftirfarandi 8. mgr. bætist við 4. gr.:

„8. Fram til 8. apríl 2019 má aðildarríki veita flugmanni heimild til að neyta tiltekinna takmarkaðra réttinda í því skyni að fljúga flugvélum samkvæmt blindflugsreglum áður en flugmaðurinn uppfyllir allar kröfur, sem eru nauðsynlegar til að fá útgefna blindflugsáritun í samræmi við þessa reglugerð, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

a) aðildarríkið skal aðeins gefa þessar heimildir út þegar slíkt er réttlætanlegt á grundvelli sérstakrar, svæðisbundinnar þarfar, sem verður ekki uppfyllt með þeirri áritun sem fastsett er samkvæmt þessari reglugerð,

b) umfang réttindanna, sem heimildin gefur, byggist á öryggisáhættumati, sem aðildarríkið framkvæmir, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar til að flugmaðurinn nái æskilegu hæfnistigi,

c) réttindi heimildarinnar skulu takmarkast við loftrými á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða hlutum þess,

d) heimildin skal gefin út til handa umsækjendum sem hafa lokið viðeigandi þjálfun hjá viðurkenndum kennurum og sem hafa sýnt viðurkenndum prófdómara fram á að hann búi yfir þeirri hæfni sem aðildarríkið gerir kröfu um,

e) aðildarríkið skal senda framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og öðrum aðildarríkjum nánari upplýsingar um þessa heimild, þ.m.t. þann rökstuðning og öryggisáhættumat sem hún byggist á,

f) aðildarríkið skal vakta starfsemi, sem tengist heimildinni, til að tryggja viðunandi öryggisstig og grípa til viðeigandi aðgerða ef aukin áhætta eða einhver öryggisvandi greinist,

g) aðildarríkið skal framkvæma endurskoðun á öryggisatriðum í tengslum við framkvæmd heimildarinnar og leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 8. apríl 2017.“

3) Í stað 4. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum reglugerðarinnar, að því er varðar flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af þriðja landi, sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem ekki er í ábataskyni og tilgreind eru í b- eða c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fyrr en 8. apríl 2015.“

4) Ákvæðum I., II., III. og VI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukana við þessa reglugerð.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar FCL.015 komi eftirfarandi:

„FCL.015 Umsókn og útgáfa, framlenging og endurnýjun skírteina, áritana og vottorða“

2) Í stað FCL.020 komi eftirfarandi:

„FCL.020 Flugnemi

a) Flugnemi skal ekki fljúga einn nema hann hafi til þess heimild og sé undir umsjón flugkennara.

b) Áður en fyrsta einflug hans fer fram skal flugnemi a.m.k. hafa náð:

1) hvað varðar flugvélar, þyrlur og loftskip: 16 ára aldri,

2) hvað varðar svifflugur og loftbelgi: 14 ára aldri.“

3) Ákvæðum FCL.025 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„FCL.025 Próf í bóklegri þekkingu vegna útgáfu skírteina og áritana“

b) Í stað 1. og 2. liðar a-liðar komi eftirfarandi:

„1) Umsækjendur skulu taka próf í bóklegri þekkingu í tengslum við sérstakt skírteini eða áritun í einu og sama aðildarríkinu.

2) Umsækjendur skulu aðeins taka próf í bóklegri þekkingu þegar þeir hafa lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri og þegar hið samþykkta þjálfunarfyrirtæki, sem ber ábyrgð á þjálfun þeirra, mælir með því.“

c) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1) Umsækjandi telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Engin refsistig eru gefin.“

ii. Í stað 3. liðar og annarrar undirgreinar b-liðar komi eftirfarandi:

„3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann þreyta öll prófin á ný.

Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur í bóklegri þekkingu skal hann gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af samþykktu þjálfunarfyrirtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjandans.“

d) Í stað ii. liðar í 1. lið c-liðar komi eftirfarandi:

„ii. í 36 mánuði vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis (CPL), blindflugsáritunar (IR) eða blindflugsáritunar í flugleið (e. *en-route instrument rating,* EIR),“.

4) Ákvæðum FCL.035 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

i. í stað 1. liðar og fyrsta málsliðar 2. liðar komi eftirfarandi:

„1) Ef ekki er kveðið á um annað í þessum hluta skal fartími, sem viðurkenna á vegna skírteinis, áritunar eða vottorðs, hafa verið floginn í loftfari af sömu gerð og það sem sótt er um skírteini, áritun eða vottorð fyrir.

2) Flugstjóri (PIC) eða flugstjóri með kennara.“

ii. Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3) Fartími sem aðstoðarflugmaður eða flugstjóri undir umsjón flugstjóra. Þegar handhafi flugmannsskírteinis er aðstoðarflugmaður eða flugstjóri undir umsjón flugstjóra á hann rétt á að fá viðurkennda alla fartíma sína sem aðstoðarflugmaður í tengslum við þann heildarfjölda fartíma sem krafist er til að fá útgefið flugmannsskírteini í hærri flokki, ef ekki er kveðið á um annað í þessum hluta.“

b) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1) Umsækjandi, sem hefur staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, telst uppfylla kröfur um bóklega þekkingu sem gerðar eru til að fá útgefið flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, atvinnuflugmannsskírteini og, nema hvað varðar þyrlur, blindflugsáritun og blindflugsáritun í flugleið fyrir sömu gerð loftfars.“

ii. Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5) Þrátt fyrir 3. lið b-liðar skal handhafi blindflugsáritunar á flugvél (IR(A)), sem hefur lokið hæfnimiðuðu, áfangaskiptu námskeiði til blindflugsáritunar á flugvélar eða handhafi blindflugsáritunar í flugleið, aðeins hljóta fulla viðurkenningu, með hliðsjón af því að uppfylla kröfur um kennslu í bóklegri þekkingu og bóklegum prófum vegna blindflugsáritunar á aðra gerð loftfars, ef hann hefur einnig staðist kennslukröfur og próf í bóklegri þekkingu í þeim hluta námsins sem lýtur að blindflugsreglum, eins og krafist er í i. lið 2. liðar í b-lið FCL.720.A.“

5) Ákvæðum FCL.055 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshluta d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Sérstakar kröfur sem handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið þurfa að uppfylla. Án þess að hafa áhrif á liðina hér að framan skulu handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið hafa sýnt fram á tilskilda færni í ensku sem gerir þeim kleift:“.

b) Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) Handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið skulu sýna fram á tungumálakunnáttu sína og notkun enskrar tungu með því að nota þá matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.“

6) Í stað 3. liðar b-liðar í FCL.060 komi eftirfarandi:

„3) sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi nema hann:

i. hafi farið að kröfunum í 1. lið b-liðar eða

ii. hafi á síðustu 90 dögum lokið a.m.k. þremur flugum sem flugmaður, sem leysir af í farflugi á sömu tegund eða flokk loftfars, eða

iii. hafi lokið æfingu í flughermi með fullri hreyfingu til að uppfylla skilyrði um nýlega reynslu og flugþjálfun til upprifjunar á minnst 90 daga fresti. Þessa upprifjunarþjálfun má sameina þeirri upprifjunarþjálfun fyrir flugrekstraraðila sem mælt er fyrir um í viðeigandi kröfum ORO-hlutans.“

7) Í stað b-liðar FCL.105.A komi eftirfarandi:

„b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu aðeins fljúga með farþega þegar þeir hafa lokið tíu fartímum sem flugstjóri á flugvél eða ferðavélsvifflugu eftir að skírteinið hefur verið gefið út.“

8) Í stað b-liðar FCL.105.S komi eftirfarandi:

„b) Handhafar skírteinis eða skírteina fyrir léttar svifflugur skulu aðeins fljúga með farþega þegar þeir hafa lokið tíu fartímum eða 30 flugtökum sem flugstjóri á svifflugu eða vélsvifflugu eftir að skírteinið hefur verið gefið út.“

9) Í stað FCL.105.B komi eftirfarandi:

„FCL.105.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — Réttindi

Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi heimila honum að starfa sem flugstjóri á hitaloftbelgjum eða -loftskipum, þar sem hámarksrúmmál belgs er 3 400 m^3 eða hámarksrúmmál gasbelgs 1 260 m^3, sem bera að hámarki þrjá farþega þannig að aldrei séu fleiri en fjórir einstaklingar um borð í loftfarinu.“

10) Í stað fyrirsagnar FCL.110.B komi eftirfarandi:

„FCL.110.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — Reynslukröfur og viðurkenning“

11) Í stað 2. liðar c-liðar í FCL.235 komi eftirfarandi:

„2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta fellur hann í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta fellur hann á prófinu í heild sinni.“

12) Í stað 3. liðar b-liðar í FCL.205.A komi eftirfarandi:

„3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við áritanir eða vottorð sem fylgja þessu skírteini.“

13) Í stað 3. liðar í b-lið FCL.205.H komi eftirfarandi:

„3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við áritanir og vottorð sem fylgja þessu skírteini.“

14) Í stað 3. liðar í b-lið FCL.205.As komi eftirfarandi:

„3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við áritanir eða vottorð sem fylgja þessu skírteini.“

15) Í stað c-liðar FCL.205.S komi eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar er handhafa skírteinis svifflugmanns, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu í tengslum við skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur eða skírteini svifflugmanns,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf í tengslum við þessi skírteini,

3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við áritanir og vottorð sem fylgja þessum skírteinum.“

16) Ákvæðum FCL.205.B er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Handhafi flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi hefur réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftbelgjum.“

b) Í stað 3. liðar c-liðar komi eftirfarandi:

„3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við áritanir og vottorð sem fylgja þessum skírteinum.“

17) Í stað 2. liðar a-liðar í FCL.230.B komi eftirfarandi:

„2) eitt þjálfunarflug með kennara í loftbelg í viðeigandi flokki og innan stærsta hópsins sem réttindi þeirra taka til,“.

18) Í stað 2. liðar c-liðar í FCL.510.A komi eftirfarandi:

„2) Handhafar flugvélstjóraskírteina, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi landsreglur, skulu fá viðurkennda 50% af þeim tímum sem þeir hafa varið sem flugvélstjórar, að hámarki 250 klukkustundir. Heimilt er að meta þessar 250 klukkustundir upp í kröfuna um 1 500 klukkustundir í b-lið og kröfuna um 500 klukkustundir í 1. lið b-liðar, að því tilskildu að heildarfjöldi metinna klukkustunda í tengslum við þessa liði fari ekki yfir 250 klukkustundir.“

19) Í stað FCL.600 komi eftirfarandi:

„FCL.600 Blindflugsáritun — Almennt

Að undanskildu því sem kveðið er á um í FCL.825 má starfræksla flugvélar, þyrlu, loftskips eða vænghnita, samkvæmt blindflugsreglum, einungis vera í höndum handhafa einkaflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis, fjölstjórnarskírteinis og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks með blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars eða í tengslum við færnipróf eða fartíma með kennara.“

20) Ákvæðum FCL.610 er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í 1. lið a-liðar komi eftirfarandi:

„i. réttindi til að fljúga að nóttu til í samræmi við FCL.810, ef neyta á réttinda blindflugsáritunarinnar að nóttu til eða“.

b) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) hafa lokið a.m.k. 50 landflugsfartímum sem flugstjóri á flugvélum, ferðavélsvifflugum, þyrlum eða loftskipum en af þeim skulu a.m.k. 10 klukkustundir eða 20 klukkustundir, að því er varðar loftskip, vera á viðeigandi gerð loftfars.“

21) Í stað b-liðar FCL.615 komi eftirfarandi:

„b) Próf. Umsækjendur skulu sýna fram á stig bóklegrar þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

– lögum og reglum um loftferðir,

– almennri þekkingu á loftförum — tækjabúnaði,

– gerð flugáætlana og vöktun flugs,

– mannlegri getu,

– veðurfræði,

– flugleiðsögutækni,

– fjarskiptum í blindflugi.“

22) Í stað 2. liðar a-liðar í FCL.625.H komi eftirfarandi:

„2) þegar það tengist ekki framlengingu tegundaráritunar skulu þeir aðeins ljúka 5. hluta og viðeigandi hlutum í 1. hluta hæfniprófsins sem kveðið er á um í 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðeigandi þyrlutegund. Í þessu tilviki má nota flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðeigandi þyrlutegund, en a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar við þessar aðstæður skal fara fram í þyrlu.“

23) Í stað b-liðar FCL.710 komi eftirfarandi:

„b) Hafi afbrigðinu ekki verið flogið á næstliðnum tveimur árum eftir mismunarþjálfunina er krafist frekari mismunarþjálfunar eða hæfniprófs á því afbrigði til að viðhalda réttindunum, að undanskildum tegundum eða afbrigðum sem falla undir flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og fyrir ferðavélsvifflugur.“

24) Í stað 4. liðar b-liðar í FCL.725 komi eftirfarandi:

„4) Að því er varðar einstjórnarflugvélar, sem eru flokkaðar sem flugvélar með mikla afkastagetu, skal prófið vera skriflegt og samanstanda af a.m.k. 100 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir allar námsgreinar námskrárinnar.“

25) Í stað e-liðar í FCL.720.A komi eftirfarandi:

„e) Þrátt fyrir d-lið getur aðildarríki gefið út tegundaráritun með takmörkuðum réttindum vegna fjölstjórnarflugvéla, sem heimilar handhafa slíkrar áritunar að starfa sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi yfir fluglagi 200, að því tilskildu að tveir aðrir flugverjar hafi tegundaráritun í samræmi við d-lið.“

26) Í stað 4. liðar a-liðar í FCL.740.A komi eftirfarandi:

„4) Framlengja má blindflugsáritun í flugleið eða blindflugsáritun fyrir flugvélar, ef hún er til staðar, samtímis hæfniprófi til að framlengja flokks- eða tegundaráritun.“

27) Í stað a-liðar í FCL.735.As komi eftirfarandi:

„a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. samanstanda af:

1) 12 klukkustunda bóklegri kennslu og æfingum og

2) fimm klukkustunda verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi.

Nota skal flugleiðsöguþjálfa II eða III, sem er viðurkenndur fyrir áhafnarsamstarf, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.“

28) Ákvæði a-liðar 1. liðar í FCL.810 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. liðar komi eftirfarandi:

„1) Efneyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, svifflugmannsskírteinis eða einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal samanstanda af:“.

b) Í stað ii. liðar komi eftirfarandi:

„ii. a.m.k. fimm fartímum á viðeigandi gerð loftfars að nóttu til, þ.m.t. a.m.k. þremur fartímum með kennara, þar af minnst ein klukkustund í landflugsleiðsögu með a.m.k. einu landflugi með kennara, sem er að lágmarki 50 km (27 sjómílur), fimm flugtök í einflugi og fimm stöðvunarlendingar í einflugi.“

29) Eftirfarandi nýir kaflar bætast við sem FCL.825 og FCL.830:

„FCL.825 Blindflugsáritun í flugleið (EIR)

a) Réttindi og skilyrði

1) Réttindi handhafa blindflugsáritunar í flugleið heimila honum að starfrækja flug að degi til, samkvæmt blindflugsreglum á leiðarhluta flugs á flugvél, sem hann hefur flokks- eða tegundaráritun fyrir. Veita má viðbótarréttindi við þessa áritun þannig að hún taki til flugs að nóttu til, samkvæmt blindflugsreglum á leiðarhluta flug, ef flugmaðurinn er handhafi næturflugsáritunar í samræmi við FCL.810.

2) Handhafi blindflugsáritunar í flugleið skal aðeins hefja eða halda flugi áfram þegar hann hyggst neyta réttinda sem tengjast áritun hans ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna:

i. að veðurskilyrði við brottför séu slík að þau geri kleift að fljúga kaflann frá flugtaki að áætluðum skiptum frá sjónflugi yfir í blindflug í samræmi við sjónflugsreglur og

ii. að veðurskilyrðin við áætlaðan komutíma á fyrirhuguðum komuvelli verði slík að þau geri kleift að fljúga kaflann frá því að skipt er úr blindflugi í sjónflug að lendingu í samræmi við sjónflugsreglur.

b) Forsendur. Umsækjendur um blindflugsáritun í flugleið skulu a.m.k. vera handhafar einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og skulu hafa lokið a.m.k. 20 landflugsfartímum sem flugstjórar flugvéla.

c) Þjálfunarnámskeið. Umsækjendur um blindflugsáritun í flugleið skulu innan 36 mánaða hafa lokið eftirfarandi hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

1) a.m.k. 80 klukkustundum í bóklegum greinum í samræmi við FCL.615 og

2) blindflugskennslu þar sem:

i. flugþjálfun fyrir blindflugsáritun í flugleið fyrir eins hreyfils flugvélar felur í sér a.m.k. 15 blindflugstíma með kennara og

ii. flugþjálfun fyrir blindflugsáritun í flugleið fyrir fjölhreyfla flugvélar felur í sér a.m.k. 16 blindflugstíma með kennara, þar af a.m.k. fjórar klukkustundir á fjölhreyfla flugvélar.

d) Bókleg þekking. Áður en umsækjandi tekur færnipróf skal hann hafa sýnt fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar, sem samsvarar veittum réttindum, í þeim námsgreinum sem um getur í b-lið FCL.615.

e) Færnipróf. Að þjálfun lokinni skal umsækjandinn standast færnipróf á flugvél með blindflugsprófdómara. Að því er varðar blindflugsáritun í flugleið vegna fjölhreyfla flugvélar skal nota fjölhreyfla flugvél við færniprófið. Að því er varðar blindflugsáritun í flugleið vegna eins hreyfils flugvélar skal nota eins hreyfils flugvél við færniprófið.

f) Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar skal handhafi blindflugsáritunar í flugleið fyrir eins hreyfils flugvélar, sem er einnig handhafi flokks- eða tegundaráritunar á fjölhreyfla flugvélar og óskar eftir að fá blindflugsáritun í flugleið fyrir fjölhreyfla flugvélar í fyrsta sinn, hafa lokið námskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem samanstendur af a.m.k. tveimur blindflugstímum með kennara í leiðarhluta flugs á fjölhreyfla flugvél, og skal hann hafa staðist færniprófið sem um getur í e-lið.

g) Gildistími, framlenging og endurnýjun.

1) Blindflugsáritun í flugleið skal gilda í eitt ár.

2) Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar í flugleið skulu:

i. standast hæfnipróf á flugvél innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritunin rennur út eða

ii. innan næstliðinna 12 mánaða áður en áritunin rennur út, ljúka sex klukkustundum sem flugstjóri í blindflugi og a.m.k. einni klukkustund í þjálfunarflugi með kennara, sem er handhafi réttinda til að veita þjálfun vegna blindflugsáritunar á flugvél eða vegna blindflugsáritunar í flugleið.

3) Að því er varðar aðra hverja framlengingu, sem á eftir kemur, skal handhafi blindflugsáritunar í flugleið standast hæfnipróf í samræmi við i. lið 2. liðar í g-lið.

4) Ef blindflugsáritun í flugleið er útrunnin verða umsækjendur að gera eftirfarandi til að endurnýja réttindi sín:

i. ljúka upprifjunarþjálfun hjá kennara, sem hefur réttindi til að veita þjálfun vegna blindflugsáritunar á flugvél eða vegna blindflugsáritunar í flugleið, til að ná því hæfnistigi sem krafist er og

ii. ljúka hæfniprófi.

5) Ef blindflugsáritun í flugleið hefur ekki verið framlengd eða endurnýjuð innan sjö ára frá síðasta gildisdegi er handhafanum skylt að standast aftur prófið í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun í flugleið í samræmi við b-lið í FCL.615.

6) Hvað varðar blindflugsáritun í flugleið fyrir fjölhreyfla flugvél verður hæfniprófinu fyrir framlengingu eða endurnýjun og þjálfunarfluginu, sem krafist er í ii. lið 2. liðar í g-lið, að vera lokið á fjölhreyfla flugvél. Ef flugmaðurinn er einnig handhafi blindflugsáritunar í flugleið fyrir eins hreyfils flugvél skal þetta hæfnipróf einnig hafa í för með sér að sú áritun verði framlengd eða endurnýjuð.

h) Þegar umsækjandi um blindflugsáritun í flugleið hefur lokið blindflugstíma á flugvél með blindflugskennara (IRI(A)) eða flugkennara (FI(A)), sem hefur réttindi til að veita þjálfun vegna blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið, getur hann fengið þessar klukkustundir viðurkenndar upp í þær klukkustundir sem krafist er skv. i. og ii. lið 2. liðar í c-lið, sem nema allt að fimm klukkustundum annars vegar eða sex klukkustundum hins vegar. Fjögurra klukkustunda blindflugskennsla á fjölhreyfla flugvél, sem krafist er skv. ii. lið 2. liðar í c-lið, fellur ekki undir þessa viðurkenningu.

1) Til að ákvarða hversu margar klukkustundir á að viðurkenna og til að ákvarða hvaða þjálfun er nauðsynleg skal umsækjandi gangast undir inntökumat hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

2) Við lok blindflugskennslu á flugvél hjá blindflugskennara eða flugkennara skal slíkt skráð í sérstaka þjálfunarskrá og skal kennarinn skrifa þar undir.

i. Veita má umsækjendum um blindflugsáritun í flugleið, sem hafa einkaflugmannsskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini, samkvæmt FCL-hluta, og gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar, sem gefin er út af þriðja landi í samræmi við kröfur 1. viðauka við Chicago-samninginn, fulla viðurkenningu upp í kröfur þjálfunarnámskeiðsins sem tilgreindar eru í c-lið. Til að fá útgefna blindflugsáritun í flugleið skal umsækjandi:

1) ljúka með fullnægjandi hætti færniprófi fyrir blindflugsáritun í flugleið,

2) þrátt fyrir d-lið, meðan á færniprófi stendur, sýna prófdómara fram á að hann hafi aflað sér nægrar bóklegrar þekkingar á lögum og reglum um loftferðir, veðurfræði og á gerð flugáætlana og afkastagetu í flugi (blindflugsáritun),

3) hafa flogið samkvæmt blindflugsreglum a.m.k. 25 fartíma sem flugstjóri á flugvél.“

„FCL.830 Skýjaflugsáritun fyrir svifflugur

a) Handhafar flugmannsskírteinis með réttindi til að fljúga svifflugum skulu aðeins starfrækja svifflugu eða vélsvifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugu, í skýjum ef þeir hafa skýjaflugsáritun fyrir svifflugur.

b) Umsækjendur um skýjaflugsáritun fyrir svifflugur skulu a.m.k. hafa lokið eftirfarandi:

1) 30 klukkustundum sem flugstjóri á svifflugu eða vélsvifflugu eftir útgáfu skírteinisins,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. kennslu í bóklegum greinum og

ii. a.m.k. tveimur klukkustundum með kennara á svifflugu eða vélsvifflugu þar sem svifflugunni er stjórnað alfarið út frá mælitækjum, þar sem að hámarki einn tími má fara fram á ferðavélsvifflugu, og

3) færniprófi með flugvélstjóra með þar til bær réttindi.

c) Veita skal handhöfum blindflugsáritunar í flugleið eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar viðurkenningu upp í kröfuna í i. lið 2. liðar í b-lið. Þrátt fyrir ii. lið 2. liðar í b-lið skal a.m.k. einni klukkustund lokið með kennara á svifflugu eða vélsvifflugu, þó ekki á ferðavélsvifflugu, þar sem svifflugunni er stjórnað alfarið út frá mælitækjum.

d) Handhafar skýjaflugsáritunar skulu aðeins neyta réttinda sinna þegar þeir hafa lokið a.m.k. einum fartíma á næstliðnum 24 mánuðum eða fimm flugum sem flugstjóri, sem neytir réttinda skýjaflugsáritunarinnar, á svifflugu eða vélsvifflugu, þó ekki á ferðavélasvifflugu.

e) Áður en handhafar skýjaflugsáritunar, sem ekki uppfylla kröfur d-liðar, neyta réttinda sinna á ný skulu þeir:

1) taka færniprófi með flugvélstjóra með þar til bær réttindi eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flug, eins og krafist er í d-lið, með viðurkenndum kennara.

f) Handhafar gildrar blindflugsáritunar í flugleið eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar skulu fá fulla viðurkenningu upp í kröfur d-liðar.“

30) Í stað i. liðar í b-lið 2. liðar í FCL.915 komi eftirfarandi:

„i. lokið a.m.k. 15 fartímum sem flugmaður á þeim flokki eða tegund loftfars sem kennt er á, þar af mega að hámarki vera sjö klukkustundir í flughermisþjálfa sem líkir eftir viðkomandi flokki eða tegund loftfars, ef við á, eða“.

31) Ákvæðum FCL.905.FI er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) áritun fyrir flugtog eða listflug, eða að því er varðar flugkennara á svifflugu, skýjaflugsáritun, að því tilskildu að slík réttindi séu til staðar og að flugkennarinn hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun,“.

b) Í stað inngangsmálsliðar g-liðar komi eftirfarandi:

„g) blindflugsáritun í flugleið eða blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn hafi:“.

c) Í stað i. liðar 3. liðar í g-lið komi eftirfarandi:

„i. hvað varðar fjölhreyfla flugvélar, uppfyllt kröfurnar um útgáfu flokkskennaravottorðs fyrir fjölhreyfla flugvélar,“.

d) Í stað 2. liðar h-liðar komi eftirfarandi:

„2) hvað varðar þyrlur, kröfurnar sem kveðið er á um í 1. lið c-liðar í FCL.910.TRI og forsendurnar fyrir tegundarkennaranámskeiðið á þyrlu (TRI(H)), sem kveðið er á um í 2. lið d-liðar í FCL.915.TRI,“.

32) Í stað 3. liðar a-liðar í FCL.910.FI komi eftirfarandi:

„3) fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, þó ekki flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, viðbót við flokks- og hópréttindi fyrir loftbelgi og viðbót við flokksréttindi fyrir svifflugur,“.

33) Í stað e-liðar í FCL.915.FI komi eftirfarandi:

„e) fyrir flugkennara á svifflugu, hafa lokið 100 fartímum og 200 flugtökum sem flugstjóri á svifflugu. Þegar umsækjandinn óskar eftir því að veita flugkennslu á ferðavélsvifflugu skal hann þar að auki hafa lokið 30 fartímum sem flugstjóri á ferðavélsvifflugu og viðbótarhæfnimati á ferðavélsvifflugu í samræmi við FCL.935 með flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við i-lið FCL.905.FI.“

34) Í stað 3. liðar b-liðar í FCL.930.FI komi eftirfarandi:

a) í stað v. liðar komi eftirfarandi:

„v. hvað varðar flugkennara á loftbelg, a.m.k. þriggja klukkustunda flugkennslu, þ.m.t. þrjú flugtök.“,

b) í stað annarrar undirgreinar 3. liðar komi eftirfarandi:

„4) Þegar sótt er um vottorð flugkennara á aðra gerð loftfars skulu flugmenn, sem hafa eða hafa haft vottorð flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, hljóta viðurkenningu fyrir 55 klukkustundir upp í kröfurnar í i. lið 2. liðar í b-lið eða fyrir 18 klukkustundir upp í kröfurnar í ii. lið 2. liðar í b-lið.“

35) Í stað a-liðar, á eftir inngangsorðunum í FCL.905.TRI, komi eftirfarandi:

„a) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar í flugleið eða blindflugsáritunar, að því tilskildu að tegundarkennari hafi gilda blindflugsáritun,“.

36) Ákvæðum FCL.905.CRI er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar a-liðar í FCL.905.CRI komi eftirfarandi:

„1) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun flokks- eða tegundaráritunar fyrir einstjórnarflugvélar, þó ekki einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, þegar réttindin, sem umsækjandinn sækist eftir, eru þau að fljúga í einstjórnarumhverfi,“.

b) Eftirfarandi c-liður bætist við:

„c) Umsækjendur um flokkskennaravottorð fyrir fjölhreyfla flugvélar, sem eru handhafar flokkskennaravottorðs fyrir eins hreyfils flugvélar, skulu uppfylla forsendurnar fyrir útgáfu flokkskennaravottorðs, sem kveðið er á um í a-lið FCL.915.CRI, og kröfur 3. liðar a-liðar í FCL.930.CRI og FCL.935.“

37) Í stað a-liðar í FCL.905.IRI komi eftirfarandi:

„a) Réttindi blindflugskennara eru þau að veita kennslu á viðeigandi gerð loftfars í tengslum við útgáfu, framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar í flugleið eða blindflugsáritunar.“

38) Í stað 2. liðar a-liðar í FCL.915.IRI komi eftirfarandi:

„2) hvað varðar umsækjendur um blindflugskennararéttindi á fjölhreyfla flugvélar, uppfylla kröfurnar í a-lið FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935,“.

39) Í stað 2. liðar d-liðar í FCL.905.SFI komi eftirfarandi:

„2) þjálfun í áhafnarsamstarfi þegar flugþjálfakennari hefur réttindi til að kenna á fjölstjórnarþyrlur.“

40) Í stað 1. liðar b-liðar í FCL.915.MCCI komi eftirfarandi:

„1) hvað varðar flugvélar, loftskip og vænghnitur, 1 500 klukkustunda flugreynslu að baki sem flugmaður í fjölstjórnarumhverfi,“.

41) Í stað FCL.940.MI komi eftirfarandi:

„FCL.940.MI Gildistími vottorðs fjallaflugskennara

Vottorð fjallaflugskennara er í gildi svo lengi sem vottorð flugkennara, tegundarkennara eða flokkskennara er í gildi.“

42) FCL.1015 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 4. og 5. liður bætast við í b-lið:

„4) kynningu á þörfinni á endurskoðun og beitingu atriðanna í 3. lið í tengslum við færnipróf, hæfnipróf eða mat á hæfi umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans og

5) leiðbeiningar um það hvernig eigi að fá aðgang, ef þörf krefur, að landsbundinni málsmeðferð og kröfum annarra lögbærra yfirvalda.“

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Handhafar prófdómaravottorðs skulu hvorki framkvæma færni- eða hæfnipróf umsækjanda né meta hæfi hans þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans, nema þeir hafi endurskoðað nýjustu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem fela í sér viðeigandi landbundna málsmeðferð hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda.“

43) Í stað 3. liðar b-liðar í FCL.1030 komi eftirfarandi:

a) nýr iv. liður bætist við:

„iv. yfirlýsing um að prófdómari hafi farið yfir og beitt landsbundinni málsmeðferð og kröfum, sem gilda hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda, þegar lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á skírteini umsækjanda, er ekki sama yfirvaldið og gaf út prófdómaravottorðið,“

b) nýr v. liður bætist við:

„v. afrit af vottorði prófdómara þar sem fram kemur umfang réttinda hans sem prófdómari í tengslum við færnipróf, hæfnipróf eða mat á hæfi umsækjanda, þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.“

44) FCL.1005.FE er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi 5. liður bætist við í a-lið:

„5) hæfnipróf í tengslum við framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana í flugleið, að því tilskildu að flugvélstjórinn hafi lokið a.m.k. 1 500 klukkustundum sem flugmaður á flugvél og uppfylli kröfur í 2. lið a-liðar í FCL.1010.IRE.“

b) Í stað 3. liðar í d-lið komi eftirfarandi:

„3) færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir skírteini sviffflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir léttar sviffflugur þannig að þau taki til ferðavélsviffflugu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem sviffflugmaður eða flugmaður á vélsviffflugum, þar af 50 klukkustundum í flugkennslu á ferðavélsviffflugu,

4) færnipróf og hæfnipróf í tengslum við skýjaflugsáritun, að því tilskildu að prófdómari hafi lokið a.m.k. 200 fartímum sem flugmaður á sviffflugu eða vélsviffflugu, þ.m.t. flugkennsla í a.m.k. fimm klukkustundir eða 25 flug fyrir skýjaflugsáritun, eða flugkennsla í a.m.k. 10 klukkustundir fyrir blindflugsáritun í flugleið eða blindflugsáritun á flugvél.“

45) Í stað 2. liðar a-liðar í FCL.1005.TRE komi eftirfarandi:

„2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana, blindflugsáritana í flugleið og blindflugsáritana,“.

46) Í stað ii. liðar 5. liðar í b-lið komi eftirfarandi:

„ii. hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks.“

47) Eftirfarandi 3. liður bætist við b-lið í FCL.1005.CRE:

„3) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana í flugleið, að því tilskildu að flokksprófdómari hafi lokið a.m.k. 1 500 fartímum sem flugmaður á flugvél og uppfylli kröfur 2. liðar a-liðar í FCL.1010.IRE.“

48) Í stað FCL.1005.IRE komi eftirfarandi:

„FCL.1005.IRE Blindflugsprófdómari — Réttindi

Réttindi handhafa blindflugsprófdómaravottorðs eru þau að framkvæma færnipróf í tengslum við útgáfu og hæfnipróf í tengslum við framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana í flugleið eða blindflugsáritana.“

49) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta):

a) Í stað liðar 3.2 komi eftirfarandi:

„3.2. Umsækjandinn skal hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og skilgreint er í þessum hluta, í eftirfarandi námsgreinum á viðeigandi gerð loftfars:

021 — almenn þekking á loftförum: skrokkur og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður,

022 — almenn þekking á loftförum: mælitæki,

032/034 — afkastageta: flugvélar eða þyrlur, eftir því sem við á,

070 — verklagsreglur í flugi, og

080 — flugfræði.“

b) Í stað liðar 4.1 komi eftirfarandi:

„4.1. Umsækjandi um blindflugsáritun eða blindflugsáritun í flugleið, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini á sömu gerð loftfars, hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– mannlegri getu,

– veðurfræði.“

50) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta):

a) Í E-þætti, undir fyrirsögninni ALMENNT, komi eftirfarandi í stað d-liðar í 12. lið:

„d) sex fartímum sem ljúka skal á fjölhreyfla flugvél, ef fjölhreyfla flugvél er notuð í færniprófinu.“

b) Í K-þætti, undir fyrirsögninni ALMENNT, komi eftirfarandi í stað a-liðar 3. liðar:

„a) hafa lokið 155 fartímum, þ.m.t. 50 klukkustundum sem flugstjóri á þyrlu, en þar af skulu 10 klukkustundir vera landflug. Tími sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara má viðurkenna sem hluta af þessum 155 fartímum sem mælt er fyrir um í 11. lið K-þáttar,“.

51) Í stað 2. liðar í 5. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta), undir fyrirsögninni ALMENNT, komi eftirfarandi:

„2. Samþykki fyrir námskeið vegna fjölstjórnarskírteinis skal aðeins veitt samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem heyrir undir flugrekanda í flutningaflugi, sem er með skírteini samkvæmt ORO-hluta eða sem hefur sérstakt fyrirkomulag við slíkan flugrekanda. Skírteinið takmarkast við þann tiltekna flugrekanda þar til námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta er lokið.“

52) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. viðbæti við FCL-hluta:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-þætti:

i. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Umsækjandi um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skal vera handhafi einka- eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar. Umsækjandi um framhaldsáfangann í blindflugi, sem ekki er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis, skal hafa vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum.

Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal ábyrgjast að umsækjandi um fjölhreyfla blindflugsnámskeið, sem hefur ekki haft með höndum skírteini með flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla flugvél, hafi hlotið þjálfun fyrir fjölhreyfla flugvél samkvæmt H-kafla áður en hann hefur flugþjálfun á blindflugsnámskeiðinu.“

ii. Í stað liðar 10.2 komi eftirfarandi:

„10.2. Stytta má heildarþjálfunina, sem krafist er í 7. eða 8. lið hér að framan, í 10 klukkustundir fyrir handhafa blindflugsáritunar á þyrlur.“

b) Eftirfarandi þáttur Aa bætist við:

„Aa **Blindflugsáritun á flugvélar — Hæfnimiðað, áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

ALMENNT

1. Markmiðið með hæfnimiðuðu, áfangaskiptu flugþjálfunarnámskeiði er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteinis eða atvinnuflugmannsskírteinis svo þeir geti fengið blindflugsáritun, að teknu tilliti til fyrri blindflugskennslu og reynslu. Tilgangur námskeiðsins er að veita það hæfnistig sem þarf til að starfrækja flugvélar samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði. Námskeiðið skal samanstanda af blindflugskennslu á flugvél hjá blindflugskennara eða flugkennara, sem hefur réttindi til að veita þjálfun í blindflugi, og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

2. Umsækjandi um svona hæfnimiðað, áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skal vera handhafi einka- eða atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

3. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Blindflugkennslunni og færniprófinu skal lokið áður en prófin í bóklegri þekkingu, sem í gildi eru, falla úr gildi.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir blindflugsáritun fyrir flugvélar,

b) blindflugskennslu.

BÓKLEG ÞEKKING

5. Á samþykktu hæfnimiðuðu, áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 80 kennslutímar í bóklegum greinum. Námskeiðið í bóklegri þekkingu getur falið í sér tölvustudda þjálfun og rafrænt nám (e. *e-learning*). Veita verður lágmarksfjölda kennslustunda í kennslustofu, eins og krafist er í ORA.ATO.305.

FLUGÞJÁLFUN

6. Aðferðin til að fá blindflugsáritun fyrir flugvélar fyrir tilstuðlan þessa áfangaskipta námskeiðs byggist á hæfni. Umsækjandi skal þó uppfylla lágmarkskröfurnar hér á eftir. Viðbótarþjálfunar kann að verða krafist til að ná tilskilinni hæfni.

a) Á hæfnimiðuðu, áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir eins hreyfils flugvélar skulu vera a.m.k. 40 blindflugstímar með kennara en þar af mega 10 klukkustundir vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I eða allt að 25 klukkustundir í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II. Allt að fimm klukkustundir af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I.

i. Þegar umsækjandi hefur:

A) lokið blindflugskennslu á flugvél hjá blindflugskennara eða flugkennara, sem hefur réttindi til að veita þjálfun til blindflugsáritunar, eða

B) flogið áður samkvæmt blindflugsreglum sem flugstjóri flugvélar innan ramma áritunar, sem veitir réttindi til að fljúga samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði,

en þá má að hámarki gefa viðurkenningu fyrir 30 klukkustundir upp í þær 40 klukkustundir sem tilgreindar eru hér að framan.

ii. Þegar umsækjandi hefur að baki blindflugstíma með kennara, annað en það sem tilgreint er í i. lið a-liðar, má að hámarki gefa viðurkenningu fyrir 15 klukkustundir upp í þær 40 klukkustundir sem krafist er.

iii. Í öllum tilvikum á flugþjálfunin að fela í sér a.m.k. 10 blindflugstíma með kennara í flugvél hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

iv. Heildarfjöldi blindflugskennslutíma með kennara skal vera 25 klukkustundir hið minnsta.

b) Á hæfnimiðuðu, áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir fjölhreyfla flugvélar skulu vera a.m.k. 45 blindflugstímar með kennara en þar af mega 10 klukkustundir vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I eða allt að 30 klukkustundir í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II. Allt að fimm klukkustundir af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I.

i. Þegar umsækjandi hefur:

A) lokið blindflugskennslu á flugvél hjá blindflugskennara eða flugkennara, sem hefur réttindi til að veita þjálfun til blindflugsáritunar, eða

B) flogið áður, samkvæmt blindflugsreglum, sem flugstjóri flugvélar innan ramma áritunar, sem veitir réttindi til að fljúga samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði, en þá má að hámarki veita viðurkenningu fyrir 35 klukkustundir upp í þær 45 klukkustundir sem tilgreindar eru hér að framan.

ii. Þegar umsækjandi hefur að baki blindflugstíma með kennara, annað en það sem tilgreint er í i. lið b-liðar, má að hámarki gefa viðurkenningu fyrir 15 klukkustundir upp í þær 45 klukkustundir sem krafist er.

iii. Í öllum tilvikum á flugþjálfunin að fela í sér a.m.k. 10 blindflugstíma með kennara í fjölhreyfla flugvél hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

iv. Heildarfjöldi blindflugskennslutíma með kennara skal vera 25 klukkustundir hið minnsta, þar af skal ljúka a.m.k. 15 klukkustundum í fjölhreyfla flugvél.

c) Til að ákvarða þann fjölda tíma sem veita má viðurkenningu fyrir og til að ákvarða hvaða þjálfun er nauðsynleg skal umsækjandi gangast undir inntökumat hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

d) Við lok blindflugskennslu á flugvél hjá blindflugskennara eða flugkennara, í samræmi við i. lið a-liðar eða i. lið b-liðar, skal slíkt skráð í sérstaka þjálfunarskrá og skal kennarinn skrifa þar undir.

7. Flugkennslan fyrir hæfnimiðaða, áfangaskipta námskeiðið til blindflugsáritunar á flugvél skal fela í sér eftirfarandi:

   a) verklag og flugbrögð í grunnblindflugi sem fela í sér a.m.k.:

      i. grunnblindflug án ytri kennileita,

      ii. lárétt flug,

      iii. klifur,

      iv. lækkun flugs,

      v. beygjur í láréttu flugi, klifri og lækkun flugs,

      vi. blindflugsmynstur,

      vii. brattar beygjur,

      viii. flugleiðsögutækni,

      ix. komast úr óvenjulegri stöðu,

      x. skertar upplýsingar úr mælaborði,

      xi. þekkja og komast úr byrjunarofrisi og fullu ofrisi,

   b) verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

   c) verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

      i. að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

      ii. venjulegt brottflug og komu í blindflugi,

      iii. verklag í blindflugi á flugleið,

      iv. verklag í biðflugi,

      v. aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

      vi. verklag í fráflugi og

      vii. lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

   d) flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

   e) ef þörf er á, flug í fjölhreyfla flugvél við framangreindar æfingar, þ.m.t.:

      i. flug í flugvél þar sem aðeins er stuðst við mælitæki og líkt er eftir því að einn hreyfill er óvirkur,

      ii. hreyfilbilun og endurræsing (sem skal framkvæma í öruggri flughæð nema það fari fram í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II).

8. Veita má umsækjendum um hæfnimiðaða, áfangaskipta námskeiðið til blindflugsáritunar á flugvél, sem hafa einkaflugmannsskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini samkvæmt FCL-hluta og gilda blindflugsáritun á flugvél, sem gefin er út af þriðja landi í samræmi við kröfur 1. viðauka við Chicago-samninginn, fulla viðurkenningu upp í þjálfunarnámskeiðskröfurnar sem um getur í 4. lið. Til að fá útgefna blindflugsáritun á flugvél skal umsækjandi:

   a) ljúka með fullnægjandi hætti færniprófi vegna blindflugsáritunar á flugvél í samræmi við 7. viðbæti,

   b) sýna prófdómara fram á, meðan á færniprófi stendur, að hann hafi aflað sér nægrar bóklegrar þekkingar á lögum og reglum um loftferðir, veðurfræði og á gerð flugáætlana og afkastagetu í flugi (blindflugsáritun) og

   c) hafa flogið samkvæmt blindflugsreglum í minnst 50 klukkustundir sem flugstjóri á flugvél.

   INNTÖKUMAT

9. Samþykkt þjálfunarfyrirtæki skal ákvarða innihald og lengd inntökumatsins á grundvelli fyrri reynslu umsækjanda í blindflugi.

FJÖLHREYFLA FLUGVÉLAR

10. Handhafi blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils flugvélar, sem er einnig handhafi flokks- eða tegundaráritunar á fjölhreyfla flugvélar og óskar eftir að fá blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvél í fyrsta sinn, skal hafa lokið námskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem samanstendur af a.m.k. fimm blindflugstímum í fjölhreyfla flugvél, þar af mega þrír tímar vera í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, og skal hann hafa staðist færnipróf.“

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-þætti:

i. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Umsækjandi um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir þyrlur skal vera handhafi einka-flugmannsskírteinis fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur eða atvinnuflugmanns-skírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks. Umsækjandi skal, áður en hann byrjar í áfanga blindflugsnám-skeiðisins þar sem kennt er á loftfarið, vera handhafi tegundaráritunar fyrir þá þyrlu sem notuð er við blindflugsfærniprófið eða hafa lokið viðurkenndri þjálfun til tegundarréttinda fyrir þá tegund. Umsækjandinn skal vera handhafi vottorðs um að hafa lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi með fullnægjandi árangri ef taka á prófið í fjölskipaðri áhöfn.“

ii. Í stað liðar 9.2 komi eftirfarandi:

„9.2. Stytta má þjálfunina, sem gerð er krafa um, í 10 klukkustundir fyrir handhafa blindflugsáritunar á flugvél.“

iii. Eftirfarandi liður 9.3. bætist við:

„9.3. Stytta má heildarfjölda blindflugstíma með kennara um fimm klukkustundir fyrir handhafa einka-flugmannsskírteinis fyrir þyrlur með næturflugsáritun fyrir þyrlu eða handhafa atvinnuflugmanns-skírteinis fyrir þyrlur.“

53) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta):

a) í stað i. liðar f-liðar 5. liðar í B-þætti komi eftirfarandi:

„i. viðurkenning flughermis með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, eins og kveðið er á um í viðeigandi kröfum í ARA- eða ORA-hluta,“.

b) C-þætti er breytt sem hér segir:

i. í stað inngangsmálsliðar í 4. lið komi eftirfarandi:

„4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.“

ii. Í stað i. liðar í 10. lið komi eftirfarandi:

„i. viðurkenning flughermisþjálfa, eins og sett er fram í viðeigandi kröfum í ARA- eða ORA-hluta,“.

iii. Í stað a-liðar 8. liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„a) viðurkenning flughermisþjálfa, eins og sett er fram í viðeigandi kröfum í ARA- eða ORA-hluta,“.

iv. Í stað inngangsmálsliðar og a-liðar 8. liðar í E-þætti komi eftirfarandi:

„8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef þeir eru hluti af námskeiði til tegundarréttinda. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

a) viðurkenning flughermisþjálfa eins og sett er fram í viðeigandi kröfum í ARA- eða ORA-hluta,“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. liðar A-þáttar með fyrirsögninni „FLUGVÉLAR“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) sýni fram á þekkingu í viðeigandi hlutum flugrekstrarkrafna og FCL-hluta,“.

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í eftirfarandi töflu:

Þjóðar-skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
ATPL(A)	> 1 500 sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	Engar	ATPL(A)	Á ekki við	a)
ATPL(A)	> 1 500 á fjölstjórnarflugvélum	Engar	Eins og í 4. dálki, reit c	Eins og í 5. dálki, reit c	b)
ATPL(A)	> 500 á fjölstjórnarflugvélum	Sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515	ATPL(A) með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðar-flugmann	Sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	c)
CPL/IR(A) og staðist bóklegt ATPL-próf, í samræmi við reglur Alþjóða-flugmála-stofnun-arinnar, í því aðildarríki þar sem skírteinið er gefið út		i. Sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615 ii. Að uppfylla eftirstandandi kröfur í c-lið FCL.720.A	CPL/ IR(A) með viðurkenningu á bóklegu prófi vegna ATPL	Á ekki við	d)
CPL/IR(A)	> 500 á fjölstjórnar-flugvélum eða við starfrækslu í fjöl-stjórnarumhverfi á einstjórnarflugvélum í CS-23 mjötluflokki eða jafngildandi, í samræmi við viðeigandi kröfur í CAT-hluta og ORO-hluta fyrir flutningaflug	i. Standast bóklegt próf vegna ATPL(A) í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins (*) ii. Að uppfylla eftirstandandi kröfur í c-lið FCL.720.A	CPL/IR(A) með viður-kenningu á bóklegu prófi vegna ATPL	Á ekki við	e)
CPL/IR(A)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu á viðeigandi stigi fyrir CPL/IR	Eins og í 4. dálki, reit f	Þarf að fá teg-undaráritun á fjölstjórnar-flugvél í samræmi við FCL-hluta	g)

Þjóðar-skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
CPL(A)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	Næturflugsáritun, ef við á	CPL(A) með tegundar- eða flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnar-flugvélar		h)
CPL(A)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	i. Næturflugsáritun, ef við á, ii. Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	Eins og í 4. dálki, reit h		i.
Einkaflug-manns-skírteini fyrir flugvélar með blind-flugsáritun (PPL/IR(A))	≥ 75 í samræmi við blindflugsreglur		PPL/IR(A) (blind-flugsáritun takmörkuð við einkaflug-mannsskírteini)	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615	j)
PPL(A)	> 70 á flugvélum	Sýna notkun leiðsöguvirkja	PPL(A)		k)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund flugvéla en þeir fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarflugvél verða þeir að fullnægja skilyrðum í 3. dálki, reitum e til i, í töflunni hér að framan.“

2) Ákvæðum 1. liðar í B-þætti, með fyrirsögninni „ÞYRLUR“, er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) sýni fram á þekkingu í viðeigandi hlutum flugrekstrarkrafna og FCL-hluta,“.

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í eftirfarandi töflu:

Þjóðar-skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
ATPL(H) með gilda blindflugs-áritun	> 1 000 sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Engar	ATPL(H) og blindflugsáritun	Á ekki við	a)
ATPL(H) án blind-flugsáritunar fyrir þyrlur	> 1 000 sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Engar	ATPL(H)		b)

Þjóðar-skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
ATPL(H) með gilda blindflugs-áritun fyrir þyrlur	> 1 000 á fjölstjórnarþyrlur	Engar	ATPL(H) og blindflugsáritun fyrir þyrlur með tegundar-áritun sem takmarkast við aðstoðarflug-mann	Að sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	c)
ATPL(H) án blind-flugsáritunar fyrir þyrlur	> 1 000 á fjölstjórnarþyrlur	Engar	ATPL(H), með tegundaráritun fyrir þyrlur sem takmarkast við aðstoðarflug-mann	Að sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	d)
ATPL(H) með gilda blindflugs-áritun fyrir þyrlur	> 500 á fjölstjórnarþyrlur	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515 og b-lið FCL.615	Eins og í 4. dálki, reit c	Eins og í 5. dálki, reit c	e)
ATPL(H) án blind-flugsáritunar fyrir þyrlur	> 500 á fjölstjórnarþyrlur	eins og í 3. dálki, reit e	eins og í 4. dálki, reit d	eins og í 5. dálki, reit d	f)
CPL/IR(H) og staðist bóklegt ATPL-próf, í samræmi við reglur Alþjóðaflug-málastofn-unarinnar, í því aðildar-ríki þar sem skírteinið er gefið út		i. Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615 ii. Að uppfylla eftirstandandi kröfur í b-lið FCL.720.H	CPL/IR(H) með viður-kenningu á ATPL(H) bóklegri kunnáttu, að því tilskildu að bóklega ATPL(H)-prófið, í sam-ræmi við reglur Alþjóðaflug-málastofnun-arinnar,teljist vera á viðeigandi stigi atvinnu-flugmanns-skírteinis 1. flokks (ATPL) samkvæmt FCL-hluta	Á ekki við	g)
CPL/IR(H)	> 500 klukkustundir á fjölstjórnarþyrlum	i. Að standast próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflug-mannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, samkvæmt FCL-hluta, í því aðildarríki þar sem skírteinið er gefið út (*) ii. Að uppfylla eftir-standandi kröfur í b-lið FCL.720.H	CPL/IR(H) með viður-kenningu á ATPL(H) bóklegri kunnáttu sam-kvæmt FCL-hluta	Á ekki við	h)

Þjóðar-skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
CPL/IR(H)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	Engar	CPL/IR(H) með tegundar-áritun sem takmarkast við einstjórnar-þyrlur	Þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnar-þyrlu eins og krafist er í FCL-hluta	i)
CPL/IR(H)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615	Eins og í 4. dálki, reit i		j)
CPL(H)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlump	Næturflugsáritun	CPL(H) með tegundaráritun sem takmarkast við einstjórnar-þyrlur		k)
CPL(H)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	Næturflugsáritun og að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	Eins og í 4. dálki, reit k		l)
CPL(H) Án næturflugs-áritunar	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum		Eins og í 4. dálki, reit k, og takmarkast við sjónflug að degi til	fá tegundar-áritun á fjöl-stjórnarþyrlu eins og krafist er í FCL-hluta og næturflugs-áritun	m)
CPL(H) Án næturflugs-áritunar	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	Eins og í 4. dálki, reit k og takmarkast við sjónflug að degi til		n)
PPL/IR(H)	≥ 75 í samræmi við blindflugsreglur		PPL/IR(H) (blind-flugsáritun takmörkuð við einkaflug-mannsskírteini)	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615	o)
PPL(H)	≥ 75 á þyrlum	Sýna notkun leiðsöguvirkja	PPL (H)		p)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund þyrlna, en fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarþyrlu verða þeir að fullnægja skilyrðunum í 3. dálki, reitum h til i, í töflunni hér að framan.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-þáttar, með fyrirsögninni „FULLGILDING SKÍRTEINA“, er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Lögbært yfirvald aðildarríkis má fullgilda flugmannsskírteini sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

Flugmenn skulu leggja umsókn þar um fyrir lögbært yfirvald í því aðildarríki sem þeir hafa búsetu eða staðfestu í. Ef þeir eru ekki búsettir á yfirráðasvæði aðildarríkis skulu flugmenn leggja umsókn fyrir lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem flugrekandinn, sem þeir fljúga fyrir eða hafa í hyggju að fljúga fyrir, hefur höfuðstöðvar sínar eða þar sem loftfarið, sem þeir fljúga eða hafa í hyggju að fljúga, er skráð.“,

b) ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar:

„b) sýna fram á að hann hafi aflað sér þekkingar á viðeigandi hlutum flugrekstrarkrafna og FCL-hluta,

c) sýna fram á að hann hafi öðlast tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,“

ii. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) hvað varðar flugvélar, uppfylla þær kröfur um reynslu sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(A)	> 1 500 klukkustundir sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	a)
ATPL(A) eða CPL(A)/IR (*)	> 1 500 klukkustundir sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum	b)
CPL(A)/IR	> 1 000 klukkustundir sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	c)
CPL(A)/IR	> 1 000 klukkustundir sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	d)
ATPL(A), CPL(A)/IR, CPL(A)	> 700 klukkustundir á flugvélum öðrum en ferðavélsviffflugum, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um viðurkenningu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í flugvélum í öðru flugi en flutningaflugi	e)
CPL(A)	> 1 500 klukkustundir sem flugstjóri í flutningaflugi, þ.m.t. 500 klukkustundir í starfrækslu sjóflugvéla	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	f)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(A)/IR) fyrir fjölstjórnarflugvélar skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru samþykktir.“,

c) ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:

i. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) sýna fram á að hann hafi öðlast tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,“

ii. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) hafa lágmarksreynslu sem nemur 100 blindflugstímum sem flugstjóri á viðkomandi gerð loftfars.“,

d) í stað b-liðar 6. liðar komi eftirfarandi:

„b) starfi beint eða óbeint hjá framleiðanda loftfara.“

2) Í stað 1. liðar í B-þætti, undir fyrirsögninni „BREYTING SKÍRTEINA“, komi eftirfarandi:

„1. Breyta má flugmannsskírteinum (PPL/BPL/SPL) og atvinnuflugmannsskírteinum (CPL eða ATPL), sem þriðja land gefur út í samræmi við kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, í PPL-/BPL-/SPL-skírteini samkvæmt FCL-hluta með flokks- eða tegundaráritun fyrir einstjórnarloftfar frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.“

———

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í ARA.FCL.205 í II. þætti FCL-kafla komi eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir þá prófdómara sem það hefur vottað. Í skránni skal koma fram hvaða réttindi prófdómari hefur og skal lögbæra yfirvaldið birta hana og uppfæra.“

2) Í stað ARA.FCL.210 í II. þætti FCL-kafla komi eftirfarandi:

„ARA.FCL.210 Upplýsingar fyrir prófdómara

a) Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa Flugöryggisstofnunina um stjórnsýslumeðferð, kröfur um vernd persónuupplýsinga, bótaábyrgð, slysatryggingar og gjöld, sem gilda á yfirráðasvæði þess, sem prófdómarar skulu styðjast við í tengslum við framkvæmd færniprófa, hæfniprófa eða við mat á hæfi umsækjanda, ef lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

b) Til að auðvelda miðlun og aðgang að upplýsingum, sem lögbær yfirvöld senda í samræmi við a-lið, skal Flugöryggisstofnunin birta þessar upplýsingar á sniði sem hún mælir fyrir um.

c) Lögbæra yfirvaldið getur látið prófdómurum, sem það hefur vottað, og prófdómurum, sem vottaðir eru af öðrum lögbærum yfirvöldum og neyta réttinda sinna á yfirráðasvæði þess, í té öryggisviðmiðanir sem hafa ber í huga þegar færni- og hæfnipróf fara fram um borð í loftfari.“

3) MED-kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. þáttar ARA.MED.130 komi eftirfarandi:

„ARA.MED.130 Snið heilbrigðisvottorðs

Heilbrigðisvottorðið skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) innihald,

1) ríki þar sem flugmannsskírteinið var gefið út eða um það sótt (I),

2) flokkur heilbrigðisvottorðs (II),

3) númer vottorðs hefst á landskóða SÞ fyrir það ríki þar sem flugmannsskírteinið var gefið út eða um það sótt og þar á eftir kemur kóði með tölum og/eða bókstöfum með arabískum tölustöfum og latnesku letri (III),

4) nafn handhafa (IV),

5) ríkisfang handhafa (VI),

6) fæðingardagur- og ár handhafa: (dd/mm/áááá) (XIV),

7) undirskrift handhafa (VII),

8) takmörkun eða takmarkanir (XIII),

9) dagsetning þegar heilbrigðisvottorð fellur úr gildi (IX) fyrir:

i. flutningaflug með farþega í einstjórnarloftförum í 1. flokki,

ii. annað en flutningaflug í 1. flokki,

iii. 2. flokk,

iv. flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL),

10) dagsetning heilbrigðisskoðunar,

11) dagsetning síðasta hjartalínurits,

12) dagsetning síðustu heyrnarmælingar,

13) útgáfudagur og undirritun fluglæknis eða læknisfræðilegs sérfræðings sem gaf út vottorðið; bæta má heimilislæknum við í þennan reit hafi þeir hæfni til að gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út,

14) innsigli eða stimpill (XI).

b) Efni: Að undanskildum flugmannsskírteinum fyrir létt loftför, sem gefin eru út af heimilislækni, skal pappírinn eða annað efni, sem notað er, hindra eða sýna með skýrum hætti hvers konar leiðréttingar eða útstrikanir. Skírteinisyfirvaldið skal heimila með skýrum hætti allt það sem skráð er á eyðublaðið eða það sem er strikað út.

c) Tungumál: Skírteini skulu samin á tiltekinni þjóðtungu eða þjóðtungum og á ensku og öðrum tungumálum sem skírteinisyfirvaldið telur viðeigandi.

d) Allar dagsetningar á heilbrigðisvottorðinu skulu tilgreindar á sniðinu dd/mm/áááá.“

b) Í stað b-liðar II. þáttar í ARA.MED.200, undir fyrirsögninni „Fluglæknar (AME)“, komi eftirfarandi:

„b) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fluglæknirinn uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út, framlengja, endurnýja eða breyta fluglæknisvottorðinu til þriggja ára hið mesta og skal nota til þess eyðublaðið, sem fastsett er í VII. viðbæti við þennan hluta.“

4) Í II. viðbæti, sem ber yfirskriftina „Staðlað snið EASA-eyðublaðs um staðfestingar öryggis- og þjónustuliða“, er hlutanum „Leiðbeiningar“ breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar komi eftirfarandi:

„a) Staðfesting öryggis- og þjónustuliða skal innihalda öll atriðin, sem tilgreind eru á EASA-eyðublaði nr. 142, í samræmi við atriðin 1-12 hér á eftir.

b) Stærðin skal annaðhvort vera 105 mm x 74 mm (einn áttundi af A4) eða 85 mm x 54 mm og efnið, sem notað er, á að hindra eða sýna með skýrum hætti hvers konar leiðréttingar eða útstrikanir.“

b) Í stað atriðis 8 komi eftirfarandi:

„Atriði 8: Færa skal inn upplýsingar um auðkenni lögbærs yfirvalds í aðildarríki þar sem staðfestingin er gefin út og skulu þær fela í sér fullt heiti lögbæra yfirvaldsins, póstfang og opinbert innsigli, stimpil eða kennimerki, eftir því sem við á.“

c) Í stað fyrsta málsliðar í atriði 9 komi eftirfarandi:

„Sé lögbæra yfirvaldið útgáfuaðili skal færa inn heitið „lögbært yfirvald“ og opinbert innsigli, stimpil eða kennimerki.“

5) Í stað V. viðbætis, sem ber yfirskriftina „VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA“, komi eftirfarandi:

„V. viðbætir við ARA-hluta í VI. viðauka

VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA

Evrópusambandið ([1])

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ FLUGLÆKNASETURS

TILVÍSUN

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI FYRIRTÆKISINS]

[HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS]

er fluglæknasetur með vottorð, í samræmi við ORA-hluta með, réttindi og starfsemi sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við það sem er tilgreint undir „gildissviði samþykkis“ í handbók samþykkta fyrirtækisins.

2. Í þessu vottorði er þess krafist að farið sé að verklagsreglum, sem tilgreindar eru í gögnum fyrirtækisins, eins og gerð er krafa um í ORA-hluta.

3. Þetta vottorð heldur gildi sínu með fyrirvara um að farið sé að kröfunum í ORA-hluta, nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það hafi verið fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur……..…Undirskrift……..……

([1]) „Evrópusambandið“ falli brott að því er varðar aðildarríki utan ESB.
EASA-eyðublað nr. 146, 1. útgáfa“.

6) Innihald VI. viðbætis falli brott og í stað hans komi eftirfarandi:

„(AUÐ SÍÐA)“.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/73/57**

frá 11. mars 2014

um að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og viðvörunarmörk fyrir annað viðmiðunartímabilið 2015-2019

(2014/132/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([1]), einkum a-liður 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 549/2004 er kveðið á um að koma eigi á fót frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og netþjónustu. Einkum er kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu, þ.e. öryggi, umhverfi, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni. Viðbótarreglur varðandi þessi markmið hafa verið settar fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 ([2]).

2) Nú ætti að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið, sem tekur til almanaksáranna 2015–2019, að báðum árum meðtöldum.

3) Hinn 29. júlí 2010 skipaði framkvæmdastjórnin frammistöðumatsnefnd, í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 ([3]), til að aðstoða við framkvæmd frammistöðukerfisins og einkum við setningu frammistöðumarkmiða innan alls Sambandsins.

4) Til að greiða fyrir samþykkt frammistöðumarkmiða innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið skal frammistöðustöðumatsnefndin, með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar, hafa samráð við alla hagsmunaaðilana, sem taldir eru upp í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, um þá nálgun sem nota á við setningu frammistöðumarkmiða innan alls Sambandsins, um ferlið, sem nota á við setningu markmiðanna, og innan hvaða leiðbeinandi viðmiðunarmarka þau ættu að vera. Þetta samráð við hagsmunaaðila fór fram frá 25. janúar 2013 til 3. júlí 2013. Viðræðunefnd starfsgreina, sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/500/EB ([4]), tók þátt í samráðinu og fulltrúar allra evrópskra fagfélaga í almenningsflugi fengu tækifæri til að leggja fram athugasemdir.

5) Að teknu tilliti til samráðs hagsmunaaðila lagði frammistöðumatsnefndin til frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins í skýrslu sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina 27. september 2013. Í skýrslunni eru sett fram forsendur og rök sem liggja til grundvallar tillögum að markmiðum og samsetningu hópa veitenda flugleiðsöguþjónustu eða starfrænna loftrýmisumdæma í sambærilegu rekstrar- og efnahagsumhverfi.

6) Frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins, sem sett eru fram í þessari ákvörðun, eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 549/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013. Þau hafa verið undirbúin með aðstoð frammistöðumatsnefndarinnar. Tekið hefur verið tillit til samráðs við hagsmunaaðila og athugasemda frá netstjórnandanum, sem skipaður er skv. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004([5]) og 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011([6]), Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) og landsbundnum eftirlitsstofnunum. Markmiðin eru byggð á þeim upplýsingum sem voru aðgengilegar framkvæmdastjórninni og frammistöðumatsnefndinni til 17. desember 2013.

7) Frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins eru byggð á gögnum frá aðildarríkjunum, Noregi og Sviss.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 71, 12.3.2014, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta (Stjtíð. ESB L 128, 9.5.2013, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta (Stjtíð. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/500/EB frá 20. maí 1998 um stofnun viðræðunefnda starfsgreina til að stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins innan Evrópu (Stjtíð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 27).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

8) Frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði öryggis, sem sett eru fram í þessari ákvörðun, hafa verið unnin í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu. Við samþykkt viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, mun Flugöryggisstofnun Evrópu skýra nánar skilgreiningar á flokkum áhættugreiningarinnar (e. *Risk Analysis Tool*) til að tryggja samræmda beitingu frammistöðumarkmiðanna innan alls Sambandsins, að því er varðar meginsvið frammistöðu á sviði öryggis, einkum að því er varðar skilgreiningu á flokki C (geta til að veita örugga en skerta rekstrarstjórnun flugumferðar). Einnig var haft samráð við Flugöryggisstofnun Evrópu um frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins, að því er varðar önnur meginsvið frammistöðu, með það í huga að tryggja samræmi við forgangsmarkmið um öryggi.

9) Setja skal frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði umhverfis á grundvelli frammistöðu ársins 2012, sem frammistöðumatsnefndin reiknaði út, þ.e. 3,17% fyrir meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti fyrir raunverulega flugleið og 5,15% fyrir meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti fyrir flugleiðina í þeirri flugáætlun sem síðast var lögð fram.

10) Fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins ættu frammistöðumarkmiðin fyrir meginsvið frammistöðu á sviði afkastagetu, sem eru mæld sem meðalseinkun á leiðarflugi vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, að vera sambærileg frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins árið 2014, með tilliti til umferðarspár fyrir annað viðmiðunartímabilið.

11) Tilgreina ætti frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði kostnaðarhagkvæmni, fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins, á raunvirði ársins 2009 (EUR_{2009}), m.a. til að unnt sé að bera þau saman við frammistöðu sem náðst hefur á fyrra viðmiðunartímabili.

12) Bera ætti áætlaðar úrbætur á kostnaðarhagkvæmni á öðru viðmiðunartímabilinu saman við ákvarðaðan kostnað fyrir árið 2014 sem nemur 6 242 milljónum([7]) evra (EUR_{2009}). Á grundvelli nýjustu forsendna varðandi þróun umferðar fyrir árið 2014([8]) ætti viðmiðunargildið fyrir ákvarðaðan einingarkostnað að vera 58,09 evrur (EUR_{2009}). Því ætti markmiðið fyrir kostnaðarhagkvæmni að gefa tilefni til lækkunar á ákvörðuðum einingarkostnaði um 3,3% á ári á öðru viðmiðunartímabilinu. Viðmiðunargildið 58,09 evrur (EUR_{2009}) er hærra en frammistöðumarkmiðið innan alls Sambandsins fyrir árið 2014, sem nemur 53,92 evrum (EUR_{2009}), vegna þess að áætlaður umferðarþungi á árinu 2014 er minni en upphaflega var gert ráð fyrir í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/121/ESB([9]).

13) Forsendur fyrir umferð á öðru viðmiðunartímabilinu eru þær sömu og í neikvæðri sviðsmynd, samkvæmt nýjustu spá Tölfræði- og spáþjónustu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (e. *Statistics and Forecast Service* (STATFOR)), sem gefin var út 30. september 2013 og þar sem gert er ráð fyrir að umferðarþungi á ári aukist að meðaltali um 1,2%. Spátímabilið til langs tíma, þ.e. til loka ársins 2019, felur þó í sér ákveðna óvissu. Í tengslum við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar fyrir nefndina um samevrópskt loftrými, sem um getur í 4. mgr. 18. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013, ætti framkvæmdastjórnin því, eigi síðar en 2016, að endurskoða þessar umferðarforsendur í ljósi nýjustu spár STATFOR. Á grundvelli þessarar endurskoðunar getur framkvæmdastjórnin ákveðið, ef við á, að endurskoða frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins fyrir almanaksárin 2017–2019 í samræmi við a-lið 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Því er spáð að ákvarðaður viðmiðunarkostnaður fyrir annað viðmiðunartímabilið lækki að meðaltali um 2,1% á ári.

15) Til viðbótar við frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins ætti að setja viðvörunarmörk þannig að ef farið er yfir þessi mörk má virkja viðbúnaðarkerfið sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013.

16) Í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013 er ekki nauðsynlegt að staðbundin markmið séu þau sömu og frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins. Þau ættu að vera í samræmi við og stuðla með fullnægjandi hætti að því að frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins náist. Frammistöðuáætlunin, sem verður að gera á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, ætti að endurspegla þetta samræmi og fullnægjandi framlag.

17) Þessi ákvörðun ætti að öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist opinberlega, með það í huga að greiða fyrir undirbúningi frammistöðuáætlana í samræmi við II. kafla framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013.

([7]) Að meðtöldum kostnaði vegna Króatíu, sem tók ekki þátt í frammistöðukerfinu á fyrsta viðmiðunartímabilinu, ásamt aðlögun allra aðildarríkjanna til að taka til greina fyrirsjáanlegan frádrátt vegna sjónflugs sem er undanþegið gjöldum.

([8]) 107 439 000 leiðarflugsþjónustueiningar (heimild: STATFOR, low case forecast, september 2013).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/121/ESB frá 21. febrúar 2011 um að setja frammistöðumarkmið og viðvörunarmörk fyrir veitingu flugleiðsöguþjónustu í gervöllu Evrópusambandinu fyrir árin 2012 til 2014 (Stjtíð. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 16).

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði öryggis

1. Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði öryggis skulu sett fyrir annað viðmiðunartímabilið eins og tilgreint er í 2. og 3. mgr.

2. Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins, að því er varðar skilvirkni og öryggisstjórnunina, sem um getur í a-lið í lið 1.1 í 1. þætti I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, skulu ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

a) eigi síðar en 31. desember 2019 skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld uppfylla a.m.k. stig C([10]) að því er varðar öll stjórnunarmarkmið („öryggisstefnu og -markmið“, „stjórnun öryggisáhættu“, „fullvissu um öryggi“, „eflingu öryggis“ og „öryggismenningu“);

b) eigi síðar en 31. desember 2019 skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu uppfylla a.m.k. stig D að því er varðar stjórnunarmarkmið fyrir „öryggisstefnu og -markmið“, „stjórnun öryggisáhættu“, „fullvissu um öryggi“ og „eflingu öryggis“ og a.m.k. stig C að því er varðar „öryggismenningu“.

3. Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins, að því er varðar beitingu alvarleikaflokkunarinnar, sem um getur í b-lið í lið 1.1 í 1. þætti I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, skulu ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

a) eigi síðar en 31. desember 2017 og á hverju ári eftir það til loka annars viðmiðunartímabilsins skulu aðildarríkin, fyrir tilstuðlan landsbundinna eftirlitsyfirvalda sinna, tryggja öflun gagna og skýrslugjöf til Flugöryggisstofnunar Evrópu um alvarleikastig „heildarrekstrarstjórnunar flugumferðar“ (e. *ATM Overall*), sem er ákvarðað með áhættugreiningaraðferð (e. *Risk Analysis Tool* (RAT)) við flokkun a.m.k. 80% af tilkynntum brotum á reglum á hverju ári um lágmarksaðskilnað og brautarátroðning í flokki A (alvarleg flugatvik), flokki B (meiri háttar flugatvik) og flokki C (veruleg flugatvik)([11]);

b) eigi síðar en 31. desember 2017 og 2019 skulu aðildarríkin, fyrir tilstuðlan landsbundinna eftirlitsyfirvalda sinna, tryggja öflun gagna og skýrslugjöf til Flugöryggisstofnunar Evrópu um alvarleikastig „heildarrekstrarstjórnunar flugumferðar“, sem er ákvarðað með áhættugreiningaraðferðinni við flokkun a.m.k. 80% og 100%, eftir því sem við á, af árlega tilkynntum atvikum við rekstrarstjórnun flugumferðar, í flokki AA (algjört vanhæfi til að veita örugga rekstrarstjórnun flugumferðar), flokki A (alvarlegt vanhæfi til að veita örugga rekstrarstjórnun flugumferðar), flokki B (að hluta til vanhæfi til að veita örugga rekstrarstjórnun flugumferðar) og flokki C (hæfi til að veita örugga en skerta rekstrarstjórnun flugumferðar),

c) eigi síðar en 31. desember 2017 og 2019 skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu gefa landsbundnum eftirlitsyfirvöldum skýrslu um alvarleika „rekstrarstjórnunar flugumferðar á jörðu niðri“ (e. *ATM Ground*) með því að nota áhættugreiningaraðferðina við flokkun a.m.k. 80 og 100%, eftir því sem við á, af árlega tilkynntum brotum á reglum um lágmarksaðskilnað og brautarátroðning í flokki A (alvarleg flugatvik), flokki B (meiri háttar flugatvik) og flokki C (veruleg flugatvik),

d) eigi síðar en 31. desember 2017 og 2019 skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu gefa landsbundnum eftirlitsyfirvöldum sínum skýrslu vegna alvarleika „rekstrarstjórnunar flugumferðar á jörðu niðri“ með áhættugreiningaraðferðinni fyrir flokkun a.m.k. 80% og 100%, eftir því sem við á, af árlega tilkynntum atvikum við rekstrarstjórnun flugumferðar í flokki AA (algjört vanhæfi til að veita örugga rekstrarstjórnun flugumferðar), flokki A (alvarlegt vanhæfi til að veita örugga rekstrarstjórnun flugumferðar), flokki B (að hluta til vanhæfi til að veita örugga rekstrarstjórnun flugumferðar) og flokki C (hæfi til að veita örugga en skerta rekstrarstjórnun flugumferðar),

2. gr.

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði umhverfis

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði umhverfis skulu ákvörðuð fyrir annað viðmiðunartímabilið með eftirfarandi hætti:

1. meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti, sem nemur a.m.k. 2,6% árið 2019 fyrir raunverulega flugleið, eins og hún er skilgreind í a-lið í lið 2.1 í 1. þætti I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013,

2. meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti, sem nemur a.m.k. 4,1% árið 2019 fyrir þá flugleið í þeirri flugáætlun sem var síðast lögð fram eins og hún er skilgreind í b-lið í lið 2.1 í 1. þætti I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013.

3. gr.

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði afkastagetu

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið, að því er varðar meginsvið frammistöðu á sviði afkastagetu, skulu vera meðalseinkun á leiðarflugi vegna flæðisstjórnunar flugumferðar og á hvert flug, eins og skilgreint er í lið 3.1 í 1. þætti I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, þannig að seinkunin verði að hámarki 0,5 mínútur á hvert flug og þessu markmiði á að ná á hverju almanaksári.

([10]) Stig C og D eru skilgreind sem viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu við framkvæmd og mælingar á meginframmistöðuvísum á sviði öryggis, eins og um getur í 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013,

([11]) Flokkarnir AA, A, B, C, D og E eru skilgreindir sem viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu við framkvæmd og mælingar á meginframmistöðuvísum á sviði öryggis eins og um getur í 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013,

4. gr.

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu á sviði kostnaðarhagkvæmni

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið, að því er varðar meginsvið frammistöðu á sviði kostnaðarhagkvæmni, skal vera meðaltal ákvarðaðs kostnaðar á hverja einingu fyrir leiðarflugsleiðsöguþjónustu innan alls Sambandsins, eins og skilgreint er í a-lið í lið 4.1 í 1. þætti I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, sem er gefinn upp í raunvirði evru árið 2009 (EUR_{2009}) sem 56,64 evrur fyrir árið 2015, 54,95 evrur fyrir árið 2016, 52,98 evrur fyrir árið 2017, 51,00 evra fyrir árið 2018 og 49,10 evrur fyrir árið 2019.

5. gr.

Forsendur

Þessi ákvörðun er byggð á forsendunum sem settar eru fram í viðaukanum.

6. gr.

Viðvörunarmörk

1. Þegar raunveruleg umferð, sem frammistöðumatsnefndin skráir, víkur frá umferðarforsendunum, sem settar eru fram í viðaukanum, um a.m.k. 10% á einu almanaksári, má ræsa viðbúnaðarkerfið sem um getur í 1. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013.

2. Þegar raunveruleg umferð, sem frammistöðumatsnefndin skráir, víkur frá umferðarspám, sem settar eru fram í viðeigandi frammistöðuáætlun, sem um getur í III. kafla framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013, um a.m.k. 10% á einu almanaksári, má ræsa staðbundna viðbúnaðarkerfið sem um getur í 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013.

7. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 11. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Ágiskanir um þróun umferðar innan alls Sambandsins, gefnar upp í leiðarflugsþjónustueiningum

Leiðarflugsþjónustueiningar				
2015	2016	2017	2018	2019
108 541 000	110 196 000	111 436 000	112 884 000	114 305 000

2. Ákvarðaður viðmiðunarkostnaður fyrir leiðarflugsleiðsöguþjónustu sem spáð er innan alls Sambandsins

Ákvarðaður kostnaður (EUR_{2009})				
2015	2016	2017	2018	2019
6 147 905 000	6 055 686 000	5 904 294 000	5 756 687 000	5 612 769 000

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 368/2014 **2014/EES/73/58**

frá 10. apríl 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr. ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([3]) var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessara upplýsinga ætti að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 („flugöryggisnefndin“)([4]).

5) Flugöryggisnefndinni hafa borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ([5]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Georgíu, Gíneu, Indland, Indónesíu, Kasakstan, Líbanon, Madagaskar, Máritaníu, Mósambík, Nepal, Filippseyjar, Súdan, Svasíland, Jemen og Sambíu. Flugöryggisnefndinni bárust einnig upplýsingar frá framkvæmdastjórninni um Afganistan, Íran og Kirgistan. Flugöryggisnefndinni hafa einnig borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um samráð við Rússland um tæknileg málefni og um eftirlit með Líbíu.

6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Aðildarríkin voru hvött til að setja í forgang skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í ríkjum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur greint alvarlegan öryggisvanda (SSC) eða þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á eftirlitskerfi með flugöryggi. Til viðbótar við samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, mun forgangsröðun skoðana á hlaði gera kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í þessum ríkjum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 108, 11.4.2014, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

([3]) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([4]) Reglugerð (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

7) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar samkvæmt áætluninni um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunin) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([6]).

8) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um verkefni á sviði tækniaðstoðar sem unnin eru í ríkjum sem verða fyrir áhrifum ráðstafana eða vöktunar af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún var upplýst um áætlanir Flugöryggisstofnunar Evrópu og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum kröfum. Aðildarríki voru einnig hvött til að bregðast við þessum beiðnum á tvíhliða grundvelli og samræma viðbrögð sín viðbrögðum framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu. Í þessu samhengi lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (e. *Safety Collaborative Assistance Network*) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniaðstoð sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Flugöryggisnefndin hefur einnig hlýtt á kynningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um yfirstandandi vinnu stofnunarinnar í tengslum við eftirlit með öryggisframmistöðu aðildarríkja hennar, þ.m.t. með úttektaráætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP), þar sem hún gerði einnig grein fyrir þeim upplýsingatæknibúnaði sem hefur verið þróaður innan þessa ramma. Með vísan til ályktunar þingsins A38-5 (*Regional cooperation and assistance to resolve safety deficiencies, establishing priorities and setting measurable targets* — „svæðisbundin samvinna og aðstoð til að leysa úr annmörkum í öryggismálum, ákveða forgangsmál og setja mælanleg markmið“), hvatti Alþjóðaflugmálastofnunin Flugöryggisnefndina til að forðast tvíverknað, eftir því sem mögulegt er, að því er varðar þá starfsemi sem um getur í reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og í úttektaráætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, og hvatti til áframhaldandi samstarfs, sem gæti að lokum leitt til endurskoðunar á umboði flugöryggisnefndarinnar.

10) Flugöryggisnefndin hlýddi einnig á kynningu Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu þar sem veittar voru uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins. Til viðbótar við tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda, sem er bannað að stunda flugrekstur, árétti Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu mikilvægi þess að flugáætlun sé rétt skráð í tengslum við SAFA-viðvaranir. Gripið hefur verið til fyrstu aðgerða til að auka gæði skráningar flugáætlana. Frekari aðgerðir eru í undirbúningi, í nánu samstarfi við framkvæmdastjórnina, í því skyni að bæta stöðugt tilkynningar- og viðvörunarkerfið.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

11) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði í tengslum við öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-skoðanir á hlaði), sem fóru fram á loftförum flugrekenda í Sambandinu, eða eftirlits með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa nokkur aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Að því er varðar flugrekandann *Bingo Airways* upplýsti Pólland að fylgst væri með raunverulegri framkvæmd hans á áætlun um aðgerðir til úrbóta og að eftirlit hefði verið aukið. Að því er varðar flugrekandann *Sonnig* upplýsti Sviss að afturköllunarferli væri hafið gegn flugrekandanum *Sonnig* en í kjölfar þess afsalaði flugrekandinn sér flugrekandaskírteini sínu og rekstrarleyfi.

12) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gæfu til kynna að öryggisáhætta væri yfirvofandi, sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu færu ekki að viðeigandi öryggiskröfum, ítrekuðu aðildarríkin að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða.

Flugrekendur frá Georgíu

13) Í kjölfar ágalla, sem komu í ljós við ítarlega kerfisúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Georgíu í október 2013, tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin öllum ríkjum sem eru aðilar að Chicago-samningnum um einn alvarlegan öryggisvanda í tengslum við starfrækslu loftfara.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

14) Með hliðsjón af þessari tilkynningu hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Georgíu (Flugmálastjórn Georgíu (GCAA)) og óskaði eftir upplýsingum um þær aðgerðir sem gripið hefði verið til í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem komið höfðu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

15) Í því skyni var haldinn fundur 17. mars 2014 þar sem Flugmálastjórn Georgíu, framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu hittust. Flugmálastjórn Georgíu útskýrði frumorsök alvarlega öryggisvandans og gaf upplýsingar um áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem var lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina. Upplýsingarnar, sem lagðar voru fram á fundinum, sýndu eindreginn vilja Flugmálastjórnar Georgíu til að framkvæma og framfylgja viðkomandi öryggiskröfur í samræmi við Chicago-samninginn. Flugmálastjórn Georgíu lýsti því yfir á fundinum að öllum aðgerðum, sem voru hluti af áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem var lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina, væri lokið og að hún biði nú eftirlitsheimsóknar, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mun takast á hendur síðar á þessu ári.

16) Á grundvelli upplýsinganna frá Flugmálastjórn Georgíu taldi framkvæmdastjórnin ekki nauðsynlegt að óska eftir því að Flugmálastjórn Georgíu kæmi fyrir flugöryggisnefndina. Framkvæmdastjórnin tilkynnti flugöryggisnefndinni um framkvæmd áætlunar Flugmálastjórnar Georgíu um aðgerðir til úrbóta.

17) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, og í ljósi aðgerða Flugmálastjórnar Georgíu, er það metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins með því að bæta flugrekendum frá Georgíu í skrána. Ef niðurstöðurnar úr ítarlegu eftirliti með framkvæmd Flugmálastjórnar Georgíu á áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem framkvæmdastjórnin gefur skýrslu um á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar, teljast ófullnægjandi neyðist framkvæmdastjórnin þó til að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Gíneu

18) Eins og samþykkt var á fundi, sem haldinn var í Brussel í janúar 2013, hafa lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Gíneu (Flugmálastjórn Lýðveldisins Gíneu (DNAC)) veitt upplýsingar með reglulegu millibili um núverandi framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti í desember 2012, ásamt öllum aðgerðum sem henni tengjast.

19) Í nýjustu framvinduskýrslunni, sem móttekin var 27. febrúar 2014, eru upplýsingar um síðustu aðgerðir og þróun varðandi framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta. Þingið samþykkti endurskoðaðar lagagerðir um almenningsflug 5. nóvember 2013 og öðluðust þær gildi 28. nóvember 2013. Nokkur drög að framkvæmdargerðum hafa verið send ríkisstjórninni til samþykktar. Sameiginleg sendinefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Alþjóðabankans (2.-6. desember 2013) var send til að meta framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og til að greina eftirstandandi þörf með tilliti til öryggis og verndar. Þýðing handbóka yfir á frönsku um verklagsreglur um starfrækslu loftfara (OPS), lofthæfi loftfara (AIR) og flugvelli og leiðsögutæki á jörðu niðri (AGA) ætti einnig að hjálpa til við að hækka öryggisstigið. Fjöldi sértækra þjálfunarnámskeiða fyrir skoðunarmenn hafa verið haldin á sviðum sem snerta úrlausn öryggisvanda, samþykkt rekstrarforskrifta í flugrekandaskírteinum og flugleiðsöguþjónustu.

20) Búið er að uppfæra áætlunina um aðgerðir til úrbóta til að endurspegla nýjustu þróun og hefur hún verið lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina með því að nota búnað á Netinu fyrir samfellda vöktun (e. *online CMA tool*). Beðið er eftir fullgildingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þessum aðgerðum.

21) Þar sem öll eldri flugrekandaskírteini voru felld tímabundið úr gildi í lok mars 2013 stendur enn yfir heildstætt (fimm áfanga) vottunarferli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við landsbundinn flugrekanda (*PROBIZ Guinée* sem starfrækir eitt loftfar af tegundinni BE90) með aðstoð og stuðningi sérstakrar CAFAC-/BAGASOO-sendinefndar og á sama tíma stendur yfir þjálfun á vinnustað fyrir skoðunarmenn Flugmálastjórnar Lýðveldisins Gíneu að því er varðar allt ferlið. Vottunarferlið bíður nú samþykkis Flugmálastjórnar Bandaríkjanna á viðhaldsáætluninni en það er yfirvald í skráningarríki loftfarsins. Flugrekandinn *PROBIZ Guinée* starfrækir ekki flug til Sambandsins.

22) Flugmálastjórn Lýðveldisins Gíneu hafði óskað eftir samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að fullgilda framvindu framkvæmdar áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og Alþjóðaflugmálastofnunin hugðist framkvæma úttektina í maí 2014. Nýlegar breytingar á yfirstjórn

samgönguráðuneytisins hafa valdið seinkun og samræmd fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er sem stendur fyrirhuguð í síðari hluta septembermánaðar 2014.

23) Það er því metið svo, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins með því að bæta flugrekendum frá Gíneu í skrána. Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Indlandi

24) Framkvæmdastjórnin veitti flugöryggisnefndinni upplýsingar um nýjustu þróun að því er varðar eftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun hjá lögbærum yfirvöldum á Indlandi. Það hefur beina þýðingu að í kjölfar heimsóknar Flugmálastjórnar Bandaríkjanna í september 2013 í tengslum við alþjóðlegt flugöryggismat (IASA) tilkynnti Flugmálastjórnin 31. janúar 2014 að sökum þeirra annmarka sem komu í ljós við IASA-úttektina yrði Indland fært úr flokki 1 í flokk 2 að því er varðar flokk vanefnda.

25) Framkvæmdastjórnin hafði áður, í nóvember 2013, veitt flugöryggisnefndinni upplýsingar að því er varðar getu lögbærra yfirvalda á Indlandi til að inna af hendi eftirlitsskyldur sínar í samræmi við alþjóðlegar kröfur, þ.m.t. kröfur Chicago-samningsins. Sérstaklega var vísað til samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá desember 2012 og eftirfylgni hennar frá ágúst 2013. Að auki var vísað til bréfa sem framkvæmdastjórnin hafði áður sent indverskum yfirvöldum í tengslum við öryggisvanda. Í kjölfar samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í ágúst 2013 leiddi Alþjóðaflugmálastofnunin formlega til lykta tvenns konar alvarlega öryggisvanda, sem flugöryggisnefndinni var tilkynnt um í nóvember 2013. Í lokaskýrslunni, sem birt var um samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, eru upplýsingar um aðgerðir til úrbóta sem Flugmálastjórn Indlands (DGCA) hefur gripið til í því skyni að leysa vandamálin sem eru útistandandi.

26) Í kjölfar tilkynningar Flugmálastjórnar Bandaríkjanna um að lækka öryggiseinkunn Indlands átti framkvæmdastjórnin fund með Flugmálastjórn Indlands þar sem hún lýsti yfir áhyggjum sínum varðandi lækkunina. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir því að indversk yfirvöld gerðu með skýrum hætti grein fyrir þeim aðgerðum til úrbóta sem þau væru að grípa til í því skyni að bregðast við þessari lækkun Flugmálastjórnar Bandaríkjanna. Að auki var fundurinn nýttur til að leggja áherslu á þær ráðstafanir sem gæti þurft grípa til innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

27) Sem eftirfylgni við fyrri fundinn 12. febrúar 2014 sendi Flugmálastjórn Indlands framkvæmdastjórninni bréf 17. febrúar 2014. Í bréfi þessu voru upplýsingar um aðgerðir sem Flugmálastjórnin hafði gripið til vegna lækkunarinnar. Samkvæmt þessum upplýsingum hafði verið gripið til aðgerða varðandi flesta ágallana og áætlun liggur fyrir um aðgerðir til úrbóta í tengslum við útistandandi vandamál.

28) Framkvæmdastjórnin skrifaði Flugmálastjórn Indlands 6. mars 2014 til að tilkynna að hún ætlaði að hefja formlegt samráð við þau yfirvöld sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun á Indlandi, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006. Í bréfinu var nauðsyn áframhaldandi skuldbindingar ítrekuð og óskað eftir tæknifundi til að gera framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum kleift að leggja frekara mat á málefnin. Flugmálastjórn Indlands svaraði þessu bréfi 18. mars 2014 þar sem hún samþykkti slíkan fund.

29) Í ljósi þess að Flugmálastjórn Indlands sýnir vilja til að starfa með framkvæmdastjórninni og að teknu tilliti til mats á upplýsingunum sem höfðu borist fram að þessu, var það metið svo, í samræmi við sameiginlegar viðmiðanir, að á þessu stigi ætti ekki að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur með því að bæta flugrekendum frá Indlandi í skrána. Fylgst verður náið með ástandinu og ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

30) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför indverskra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Indónesíu

31) Samráð við lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA)) heldur áfram með það að markmiði að fylgjast með árangri Flugmálastjórnarinnar við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.

32) Framkvæmdastjórnin skrifaði Flugmálastjórn Indónesíu 14. janúar 2014 til að fá uppfærðar upplýsingar að því er varðar flugrekendur undir hennar eftirliti. Í bréfi, sem er dagsett 10. febrúar 2014, upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórnina að þrír nýir flugrekendur hefðu fengið vottun síðan upplýsingar voru síðast gefnar: flugrekandinn *Sky Aviation* hefði fengið útgefið flugrekandaskírteini nr. 121-028 25. október 2013, flugrekandinn *Aviastar Mandiri* hefði fengið útgefið flugrekandaskírteini nr. 121-043 1. nóvember 2013 og flugrekandinn *NAM Air* hefði fengið útgefið flugrekendaskírteini nr. 121-058 29. nóvember 2013. Þar sem Flugmálastjórn Indónesíu færði ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

33) Árið 2012 hóf Flugmálastjórn Indónesíu bréfaskipti við framkvæmdastjórnina með það að markmiði að fá flugrekandann *PT. Citilink Indonesia* felldan brott úr viðauka A, eins og gert var við móðurfélag hans, flugrekandann *Garuda Indonesia*. Til að bregðast við svari framkvæmdastjórnarinnar var beiðninni fylgt eftir með bréfi, fyrst frá flugrekandanum *Garuda Indonesia* og 2013 frá flugrekandanum *PT. Citilink Indonesia.* Í kjölfar þess að flugrekandinn *PT. Citilink Indonesia* lagði fram yfirgripsmikil gögn fyrir framkvæmdastjórnina varðandi vottun flugrekandans var haldinn tæknifundur 5. nóvember 2013. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin sóttu þennan fund. Við lok þessa fundar var óskað eftir að flugrekandinn *PT. Citilink Indonesia* legði fram frekari sannanir fyrir því eftirliti sem Flugmálastjórn Indónesíu hefði framkvæmt vegna flugrekandans *PT. Citilink Indonesia*. Hinn 20. febrúar 2014 sendi flugrekandinn *PT. Citilink Indonesia* þessar upplýsingar.

34) Í bréfi frá 10. febrúar 2014 lét Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórninni í té upplýsingar í tengslum við beiðni hennar um að aflétta flugrekstrarbanninu af flugrekandanum *PT. Citilink Indonesia*. Í þessu bréfi lagði Flugmálastjórn Indónesíu fram gögn um úrræði og getu flugrekandans *PT. Citilink Indonesia*, öryggisgögn flugrekandans ásamt sönnun fyrir því að Flugmálastjórn Indónesíu hefði haft með höndum öryggiseftirlit með flugrekandanum. Á grundvelli þessara gagna lýsti Flugmálastjórn Indónesíu því yfir að flugrekstur flugrekandans *PT. Citilink Indonesia* væri að hennar mati öruggur og í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur.

35) Hinn 25. mars 2014 hlýddi flugöryggisnefndin á kynningu Flugmálastjórnar Indónesíu, sem samanstóð af því að veita uppfærðar upplýsingar um löggjöf og eftirlit ásamt upplýsingum um eftirlit með flugrekandanum *PT. Citilink*. Eftir kynningu Flugmálastjórnar Indónesíu kom kynning flugrekandans *PT. Citilink Indonesia* sem fjallaði m.a. um áætlanir um stækkun flotans og málefni sem varða ráðningu flugmanna og öryggisstjórnun.

36) Flugöryggisnefndin spurði bæði Flugmálastjórn Indónesíu og flugrekandann *PT. Citilink Indonesia* spurninga í tengslum við öryggisstjórnun, þ.m.t. um hvaða áhættur og hættur flugrekandinn hefði greint. Á grundvelli svara við þessum spurningum lét flugöryggisnefndin í ljós áhyggjur sínar af því með hvaða hætti yfirvöld, flugrekandinn *PT. Citilink Indonesia* og aðrir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, stjórna þeim áhættum sem tengjast miklum vexti þessara fyrirtækja. Flugöryggisnefndin lét einnig í ljós áhyggjur sínar af getu flugrekandans *PT. Citilink* til að draga ályktanir út frá upplýsingunum sem öryggisstjórnunarkerfi þeirra safnar saman og grípa til aðgerða út frá þessum upplýsingum.

37) Í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga og þeirra áhyggja sem voru látnar í ljós að því er varðar getu Flugmálastjórnar Indónesíu og flugrekandans *PT. Citilink Indonesia* til að stjórna áhættum í tengslum við vöxt flugrekandans og áhyggjur í tengslum við getu flugrekandans til að stjórna öryggi sem og í samræmi við sameiginlegar viðmiðanir, þótti flugöryggisnefndinni ekki nægar sannanir fyrir hendi um að flugrekandinn *PT. Citilink Indonesia* uppfylli að fullu alþjóðlegar öryggiskröfur og komst nefndin því að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að fella þennan flugrekanda brott úr viðauka A að svo stöddu.

38) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenna viðleitni Flugmálastjórnar Indónesíu að byggja upp flugkerfi sem er í fullu samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Nauðsynlegt gagnsæi af hálfu Flugmálastjórnar Indónesíu og vilja hennar til að deila upplýsingum var veitt verðskulduð athygli.

39) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin hvetja Flugmálastjórn Indónesíu til að veita þeim vandamálum sem eftir standa sérstaka athygli í tengslum við frekari þróun öryggisstjórnunarkerfa og viðeigandi skipulag til að draga úr þeim áhættum sem tengjast því hve fluggeiri Indónesíu stækkar hratt.

Flugrekendur frá Kasakstan

40) Á fundi flugöryggisnefndarinnar í nóvember 2013 var samþykkt að framkvæmdastjórnin myndi undirbúa endurskoðun á núverandi takmörkunum á flugrekstri flugrekandans *Air Astana* fyrir næsta fund nefndarinnar.

41) Framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, átti fund 20. janúar 2014 með opinberum embættismönnum frá Kasakstan og fulltrúum flugrekandans *Air Astana*.

42) Í kjölfar þessa fundar var flugrekandanum *Air Astana* úthlutað sérstökum öryggisskoðunarmanni frá flugmálayfirvöldum í Kasakstan (Flugmálastjórn Kasakstans (CAC)). Framkvæmdastjórninni var sent nafn hans og ferilskrá. Þessi skoðunarmaður á að annast eftirlit yfirvaldsins með flugrekandanum og viðhalda tíðu sambandi við stjórn flugrekandans og rekstrar- og tæknistarfsfólk hans til að meta starfsemi fyrirtækisins og frammistöðu starfsfólks þess í tengslum við flugrekstur, viðhald og þjálfun. Allir annmarkar, sem skoðunarmaður uppgötvar, skulu tafarlaust tilkynntir flugrekanda. Skoðunarmaðurinn skal senda framkvæmdastjórninni (annaðhvort beint eða fyrir milligöngu tengiliðs) skýrslu um athugasemdir sínar a.m.k. tvisvar á ári, tveimur mánuðum fyrir fund flugöryggisnefndarinnar eða oftar ef framkvæmdastjórnin fer fram á það. Í kjölfar þessa fundar var einnig útnefndur tengiliður innan Flugmálastjórnar Kasakstans til að greiða fyrir samskiptum um öryggismál á milli þessa yfirvalds og framkvæmdastjórnarinnar. Á sama fundi samþykkti stjórn flugrekandans *Air Astana* þar að auki að halda áfram að upplýsa framkvæmdastjórnina, í samræmi við núverandi starfsvenjur, um alla þróun innan fyrirtækisins í tengslum við öryggismál, þ.m.t. (en ekki takmarkað við) endurnýjun flotans og nýjar flugleiðir til ESB.

43) Hinn 7. febrúar 2014 héldu framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu annan fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Kasakstans (m.a. öryggisskoðunarmanninum og tengiliðnum) og fulltrúum flugrekandans *Air Astana* til að ræða frekar tæknileg málefni á grundvelli bráðabirgðasvara Kasakstans við spurningalistum framkvæmdastjórnarinnar. Við þetta tilefni var samið um það að Flugmálastjórn Kasakstans myndi leggja fram skoðunaráætlun sína fyrir árið 2014, verklagsreglur skoðunarmanns innri málefna og uppfærða stöðu flugrekandaskírteina sem gefin eru út í landinu. Flugmálastjórn Kasakstans skuldbatt sig einnig til að aðlaga rekstrarforskriftir flugrekandans *Air Astana* að kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, einkum reglurnar um lágmarksskyggni. Flugrekandinn *Air Astana* var beðinn um að leggja fram ítarlega greiningu á niðurstöðum úr SAFA-skoðun flugrekandans. Öll umbeðin gögn voru látin framkvæmdastjórninni í té fljótlega eftir fundinn.

44) Hinn 25. mars 2014 hlýddi flugöryggisnefndin á greinargerð Flugmálastjórnar Kasakstans og flugrekandans *Air Astana.* Við áheyrnina veitti Flugmálastjórn Kasakstans upplýsingar um framvindu hvað varðar löggjöf á sviði flugmála, grunnvirki, skipulagningu Flugmálastjórnar Kasakstans og þjálfun öryggisskoðunarmanna. Flugrekandinn *Air Astana* upplýsti flugöryggisnefndina um skipulag fyrirtækisins, samsetningu flotans, skammtímaáætlanir vegna markaðsþróunar og öryggisstjórnunarkerfi sitt.

45) Flugöryggisnefndin veitti því athygli að núverandi öryggisframmistaða flugrekandans *Air Astana* valdi ekki áhyggjum að því er varðar þær tegundir loftfara sem honum er heimilt að fljúga til Sambandsins. Flugrekandinn getur aðlagast breytingum og fyrir hendi er kerfi sem tryggir öruggt flug. Þó veitti flugöryggisnefndin því athygli að flugmálayfirvöld í Kasakstan standi enn frammi fyrir alvarlegum áskorunum í tengslum við framkvæmd öryggiseftirlitskerfis ríkisins, þ.m.t. að því er varðar skort á viðurkenndum skoðunarmönnum, og geti á þessu stigi ekki tryggt áframhaldandi eftirlit á sviði flugreksturs og lofthæfis. Yfirvöld í Kasakstan eru eindregið hvött til að halda áfram með umbætur á fluggeiranum og leitast við að uppfylla alþjóðlegar öryggiskröfur.

46) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar er það því metið svo að fjarlægja megi þær takmarkanir sem settar voru árið 2009 á starfrækslustig flugrekandans *Air Astana* en aðrar takmarkanir sem kveðið er á um í viðauka B haldast hins vegar óbreyttar. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að allir aðrir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, skuli áfram vera skráðir í viðauka A.

47) Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu skulu halda áfram að fylgjast náið með stöðu allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, þ.m.t. flugrekandans *Air Astana*. Lögbær

yfirvöld í aðildarríkjunum skulu sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans *Air Astana* séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Líbanon

48) Samráð við lögbær yfirvöld (Flugmálastjórn Líbanons, LCAA) í Líbanon hélt áfram með það að markmiði að staðfesta að Líbanon sé að taka á annmörkunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin staðfesti í tengslum við samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem fram fór í Líbanon frá 5. til 11. desember 2012. Flugmálastjórn Líbanons hefur sett fram áætlun um aðgerðir til úrbóta og framkvæmd þessara aðgerða stendur yfir, m.a. þær sem tengjast alvarlega öryggisvandanum.

49) Í nóvember 2013 fengu framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu fyrstu gögnin frá Flugmálastjórn Líbanons sem innihéldu bréfaskipti á milli Flugmálastjórnar Líbanons og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við umræddan alvarlegan öryggisvanda, skrá yfir úttektir og skoðanir, sem framkvæmdar voru árið 2013 í tengslum við alvarlega öryggisvandann, úttektaráætlun Flugmálastjórnar Líbanons vegna eftirlits með flugrekendum árið 2014 og vegvísi Flugmálastjórnar Líbanons að því er varðar flugöryggisáætlun Líbanons (e. *State Safety Programme* (SSP)). Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu greindu móttekin gögn og óskuðu eftir viðbótarupplýsingum frá Flugmálastjórn Líbanons til að geta greint betur samskiptin á milli Flugmálastjórnar Líbanons og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um alvarlega öryggisvandann, getu Flugmálastjórnar Líbanons til eftirlits og frekari upplýsingar varðandi vegvísi Flugmálastjórnar Líbanons í tengslum við flugöryggisáætlunina.

50) Að því er varðar samskipti á milli Flugmálastjórnar Líbanons og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um úrlausn alvarlega öryggisvandans, veittu Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu því athygli að Alþjóðaflugmálastofnunin fór fram á að Flugmálastjórn Líbanons gripi til tafarlausra aðgerða vegna alvarlega öryggisvandans og að fullgilding Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á fyrirhugaðri áætlun Flugmálastjórnar Líbanons vegna aðgerða til úrbóta gengi ekki hratt fyrir sig.

51) Varðandi þau viðbótargögn sem óskað var eftir svo unnt væri að meta getu Flugmálastjórnar Líbanons til eftirlits voru gögn móttekin og þau greind varðandi flugrekendurna *TMA*, *Open Sky*, *Wings of Lebanon*, *Executive Aircraft Services*, *MED Airways*, *Corporate Jet* og *IBEX Air Charter*. Ágallarnir, sem Flugmálastjórn Líbanons vakti athygli á hjá þessum flugrekendum, tengjast aðallega vandamálum í tengslum við skjala- og skráahald. Þó virðist Flugmálastjórn Líbanons ekki hafa metið að fullu tiltekin önnur tæknileg svið, t.d. þjálfun flugmanna.

52) Hvað varðar vegvísi Flugmálastjórnar Líbanons í tengslum við flugöryggisáætlunina þá hefur Flugmálastjórn lagt fram áætlun, innan ramma MASC-verkefnisins (e. *Mediterranean Aviation Safety Cell* (deild um flugöryggi á Miðjarðarhafinu)), um að samþykkja vegvísi um lagasetningu innan sex mánaða, sem felur í sér innleiðingu flugöryggisáætlunar. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu létu í ljós skuldbindingu sína til að fylgjast náið með samþykkt og framkvæmd vegvísisins og upplýsa flugöryggisnefndina þar um.

53) Frekara samráð fór fram á milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, Flugöryggisstofnunar Evrópu og Flugmálastjórnar Líbanons, þ.m.t. með tæknifundi, sem fór fram í Brussel 27. febrúar 2014, en þar lagði Flugmálastjórn Líbanons fram viðbótarupplýsingar. Flugmálastjórn Líbanons gat sýnt fram á að eftirlit hennar með flugrekendum hafi batnað og að hún vinni jafnt og þétt að því að verða sjálfstæðari og sjálfbærari stofnun. Fyrstu skrefin hafa verið stigin við innleiðingu flugöryggisáætlunarinnar. Flugmálastjórn Líbanons virtist nýta sér vel tækniaðstoðina, sem hún hefur fengið frá Sambandinu og aðildarríkjunum, og leitar enn leiða til að sannprófa aðgerðirnar til úrbóta sem gripið hefur verið til fram til þessa.

54) Á grundvelli ástandsins, sem lýst er í forsendum 48 til 53, skal samráð við líbönsk yfirvöld halda áfram í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

55) Það er því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins með því að bæta flugrekendum frá Líbanon við í skrána. Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Líbíu

56) Samráð við lögbær yfirvöld í Líbíu (Flugmálastjórn Líbíu (LYCAA)) heldur áfram með það að markmiði að staðfesta að Líbíu fari fram við það verk sitt að endurbæta öryggiskerfi sitt í almenningsflugi, og einkum að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Líbíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.

57) Innan ramma EUROMED-áætlunarinnar (samvinna Evrópu og Miðjarðarhafslanda) heimsótti hópur ráðgjafa Líbíu frá 2.-7. febrúar 2014 með það að markmiði að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um athugasemdir sínar um raunverulega stöðu innan Flugmálastjórnar Líbíu og flugrekendanna *Afriqiyah Airways* og *Libyan Airlines*. Helstu athugasemdirnar voru eftirfarandi: Flugmálastjórn Líbíu virtist hafa yfir að ráða nægilegum fjölda starfsmanna og viðunandi skrifstofuaðstöðu en verkferlar voru ófullnægjandi. Frumlöggjöfin og afleidda löggjöfin á sviði flugmála voru báðar ófullnægjandi og öryggisreglur höfðu ekki verið gefnar út. Öryggisstjórnun hafði ekki verið hrint í framkvæmd á vettvangi lögbæra yfirvaldsins. Flugmálastjórn Líbíu virtist treysta á stuðning utanaðkomandi ráðgjafa til að bæta getu sína til að skila viðunandi niðurstöðum til skamms tíma án þess að nokkuð bendi til þess að þessar úrbætur séu varanlegar sökum þess að þær hafa takmörkuð áhrif á uppbyggingu getu. Það var óljóst hvort allir flugrekendur féllu undir kröfuna um vottun og eftirlit. Flugrekandinn Libyan Airlines fékk vottun sína endurnýjaða í desember 2013. Að lokum töldu ráðgjafarnir að vísbendingar væru um að öryggisstjórnun innan fyrirtækisins væri fullnægjandi.

58) Hinn 4. mars 2014 var haldinn fundur milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðildarríkjanna, fulltrúa frá Flugmálastjórn Líbíu og hóps frá flugrekandanum *Afriqiyah Airways*. Á þessum fundi kynnti flugrekandinn *Afriqiyah Airways* frekari framvindu að því er varðar öryggistilmælin sem fengin eru úr slysaskýrslunni sem gerð var í kjölfar banaslyssins 12. maí 2010. Ráðist hefur verið í nokkur framtaksverkefni en sum eru enn á allra fyrstu stigum. Flugrekandinn útskýrði að hann hefði gert samning við írskan handhafa flugrekandaskírteinis til að færa tvö af loftförum sínum af tegundinni Airbus A320 yfir á írska skrá með samningi um tómaleigu og síðan ætlaði hann að leigja loftförin aftur með þjónustuleigu og nota að hluta til áhöfn frá flugrekandanum *Afriqiyah Airways*, sem myndi verða sér úti um nauðsynleg fullgildingarleyfi til að fljúga samkvæmt lögum Sambandsins.

59) Hinn 13. mars 2014 var haldinn fundur milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðildarríkjanna og fulltrúa frá Flugmálastjórn Líbíu og flugrekandanum *Libyan Airlines*. Á þessum fundi lagði Flugmálastjórn Líbíu fram nýjar upplýsingar um getu sína til eftirlits, eftirlitsstarfsemi sína og starfsemi sína í tengslum við endurvottun flugrekenda. Að auki kynnti Flugmálastjórn Líbíu framvindu sína að því er varðar öryggisstjórnun. Á grundvelli þessa mælti Flugmálastjórn Líbíu enn og aftur með því við lok fundarins að takmörkunum yrði aflétt þar eð öll samþykkt skilyrði væru nú uppfyllt að hennar mati. Flugrekandinn *Libyan Airlines* var ekki með kynningu á fundinum en var spurður spurninga um öryggisstjórnun. Að mati framkvæmdastjórnarinnar gefa svörin það til kynna að þörf sé á frekari uppbyggingu á þessu sviði.

60) Í bréfi til framkvæmdastjórnarinnar, sem er dagsett 20. mars 2014, tók Flugmálastjórn Líbíu aftur saman aðgerðir sínar sem miða að því að koma á fót yfirvaldi í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur og aðgerðirnar sem gripið hafði verið til svo mögulegt væri að aflétta þeim takmörkunum sem nú eru á flugrekendum í Líbíu í samráði við framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina.

61) Hins vegar staðfesti Flugmálastjórn Líbíu í sama bréfi, sem er dagsett 20. mars 2014, að hún muni ekki grípa til aðgerða að eigin frumkvæði að því er varðar núverandi rekstrartakmarkanir og að „allar aðgerðir verði samræmdar með flugöryggisnefndinni“.

62) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin eru ánægð með framvindu mála hjá Flugmálastjórn Líbíu og lýstu þau því yfir að frekari þróun verði að byggjast á þeim grunni sem núverandi stjórnendur hafa byggt upp.

63) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu því athygli að Flugmálastjórn Líbíu heldur áfram að framfylgja núgildandi takmörkunum á flugi til Sambandsins sem hún setur á alla flugrekendur í Líbíu að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og flugöryggisnefndarinnar.

64) Það er því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins að því er varðar flugrekendur frá Líbíu. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin héldu því þó fram að áður en Flugmálastjórn Líbíu íhugar að gefa út heimild til handa flugrekendum sínum til að fljúga til Sambandsins ætti

að sýna fram á, þannig að framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin telji fullnægjandi, að endurvottunarferlinu hafi verið lokið með skilvirkum hætti og að til staðar sé áframhaldandi, varanlegt eftirlit í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Til að fá þetta staðfest, og með því skilyrði að fullnægjandi verndarráðstafanir séu fyrir hendi, bað flugöryggisnefndin framkvæmdastjórnina að fara til Líbíu í matsheimsókn eins fljótt og auðið er, og helst fyrir næsta fund nefndarinnar, með hópi sérfræðinga frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjum ESB.

65) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Madagaskar

66) Flugrekandinn *Air Madagascar* sætir rekstrartakmörkunum og er skráður í viðauka B samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2011 ([7]). Samráð við lögbær yfirvöld á Madagaskar (Flugmálastjórn Madagaskar (ACM)) og flugrekandann *Air Madagascar* hefur síðan haldið áfram í því skyni að fá uppfærðar upplýsingar um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerða til úrbóta.

67) Eftir ítrekaðar beiðnir frá Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandanum *Air Madagascar* um endurmat á rekstrartakmörkunum, sem settar voru með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2011, fór framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og sérfræðinga frá aðildarríkjunum, í heimsókn til Madagaskar í tengslum við öryggismat sem fór fram 10.–13. febrúar 2014. Tilgangur heimsóknarinnar var að staðfesta að ráðstöfunum, sem Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* gerðu til að ráða bót á þeim öryggisvanda sem lýst er í fyrrnefndri reglugerð, hafi verið framfylgt með fullnægjandi hætti.

68) Í heimsókninni gat Flugmálastjórn Madagaskar ekki sýnt matshópnum fram á skilvirkni áætlunar sinnar um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir, eins og hún var þróuð og framkvæmd, til að ráða bót á ófullnægjandi öryggiseftirliti með rekstri flugrekandans *Air Madagascar*. Hópurinn veitti því athygli að varðandi áætlunina frá 2013 um eftirlit með flugrekstri flugrekandans *Air Madagascar* hafði aðeins 60% af fyrirhuguðum skoðunum á sviði flugrekstrar og leyfisveitinga verið framkvæmdar og minna en 25% á sviði lofthæfis. Greining á skoðunum, sem Flugmálastjórn Madagaskar sá um, leiddi einnig í ljós að ráðin hefði verið bót á ágöllum á grundvelli áætlana um aðgerðir til úrbóta en ekki á grundvelli sannprófunar á þeim aðgerðum sem voru framkvæmdar.

69) Flugmálastjórn Madagaskar benti á að skortur á viðeigandi úrræðum væri helsta frumorsök þess að viðeigandi eftirlitsáætlun hafi ekki verið framkvæmd með réttum hætti. Þetta atriði hafði þegar verið rætt á fundi flugöryggisnefndarinnar 12. nóvember. Á þeim tíma, eins og lýst er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1146/2012 ([8]), upplýsti Flugmálastjórn Madagaskar flugöryggisnefndina um að hún hefði gert tveggja ára samning til að verða sér úti um utanaðkomandi tækniaðstoð til að styðja við skyldu sína um öryggiseftirlit. Hópurinn veitti því athygli í heimsókninni að þessi samningur hefði fallið tímabundið úr gildi sex mánuðum eftir að hann öðlaðist gildi.

70) Í heimsókn sinni til flugrekandans *Air Madagascar* mat hópurinn framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir, sem flugrekandinn samdi til að bregðast við þeim flugrekstrartakmörkunum sem settar voru með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2011. Hópurinn fékk sannanir fyrir því að flugrekandinn hefði gert úrbætur á stjórnunarkerfum sínum varðandi lofthæfi loftfara, skjalahald og gæðaeftirlit. Flugrekandinn taldi þessi stjórnunarkerfi með öllu ófullnægjandi eins og kom fram í greiningunni á frumorsökum í niðurstöðum úr SAFA-áætluninni.

71) Matið, sem hópurinn gerði, leiddi ekki í ljós neina meiriháttar ágalla á sviði flugrekstrar og leyfisveitinga en þó var vakin athygli á tilteknum áhyggjuefnum á sviði lofthæfis sem sýndi að enn væri þörf á úrbótum á þeim ferlum sem flugrekandinn hafði komið á. Að auki sýndi fjöldi og eðli tilmælanna, sem hópurinn þurfti að beina til flugrekandans *Air Madagascar*, glögglega að flugrekandinn væri háður niðurstöðum úr eftirlitsstarfsemi þriðju aðila að því er varðar áframhaldandi úrbætur á öryggiskerfum hans.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2011 frá 19. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 10).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1146/2012 frá 3. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 7).

72) Til að ráða bót á ágöllunum, sem vakin var athygli á í heimsókn aðila frá Evrópusambandinu í tengslum við öryggismat, sömdu Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* tvær mismunandi áætlanir um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir.

73) Í kjölfar beiðni frá Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandanum *Air Madagascar* um endurmat á flugrekstrartakmörkunum, sem settar voru á með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2011, hlýddi flugöryggisnefndin á Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandann *Air Madagascar* 26. mars 2014. Af þessu tilefni veittu Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* upplýsingar um áætlunina til úrbóta sem gerð var til að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við vettvangsheimsóknina. Flugmálastjórn Madagaskar lýsti því einnig yfir að flugrekstur allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun á Madagaskar — að undanskildum flugrekandanum *Air Madagascar* — væri takmarkaður við innanlandsflug. Eina undanþágan frá þessari reglu gildir um sjúkraflug. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin lögðu áherslu á að framkvæmdastjórnin fengi upplýsingar um allar breytingar á þessari stefnu.

74) Flugöryggisnefndin viðurkenndi framfarir hjá Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandanum *Air Madagascar* við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna en þurfti jafnframt að álykta, á grundvelli skýrslu frá heimsókn aðila frá Evrópusambandinu vegna öryggismats og upplýsinga, sem Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* lögðu fram við áheyrnina hjá flugöryggisnefndinni, að frekari úrbóta væri enn þörf, sérstaklega af hálfu Flugmálastjórnar Madagaskar að því er varðar eftirlitsstarfsemi hennar. Það er því metið svo, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, að flugrekandinn *Air Madagascar* skuli áfram skráður í viðauka B.

75) Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans *Air Madagascar* séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Máritaníu

76) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012 hafa aðildarríkin staðfest að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda með flugrekstrarleyfi í Máritaníu. Nýjasta greining Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við SAFA-skoðanir sýnir að ellefu skoðanir fóru fram á þremur loftförum flugrekandans *Mauritania Airlines International* (*MAI*). Þó svo að greiningin á þeim annmörkum sem komu í ljós í þessum SAFA-skoðunum sýni smávægilegar úrbætur mælir Flugöryggisstofnun Evrópu með því að þátttökuríkin haldi áfram að leggja áherslu á að skoðanir verði framkvæmdar hjá þessum flugrekanda. Nýjustu skoðanirnar sýna glöggt óreglulega þróun með fjölda frávika, þ.m.t. í 3. flokki (SAFA-frávik í 3. flokki geta haft stórvægileg áhrif á öryggi).

77) Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu hafa óskað eftir viðbótarupplýsingum, einkum reglulegum öryggisskýrslum, frá landsyfirvöldum í Máritaníu (Flugmálastjórn Máritaníu (ANAC)) og flugrekandanum *MAI*, að því er varðar eftirfylgni í öryggismálum. Flugrekandinn *MAI* hefur loks sent bráðabirgðaupplýsingar um framkvæmd og rekstur öryggisstjórnunarkerfis síns.

78) Flugöryggisnefndin tók fram að Flugmálastjórn Máritaníu og flugrekandinn *MAI* ættu að halda áfram að bæta stöðuna, einkum að því er varðar miðlun öryggisupplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin gaf til kynna að hún myndi ítreka við Máritaníu mikilvægi skuldbindinganna, sem landið gekkst undir í tengslum við áætlun um aðgerðir til úrbóta, um nauðsyn þess að láta greina frumorsök og nauðsyn þess að senda reglulega skýrslur frá Flugmálastjórn Máritaníu og flugrekandanum *MAI*.

79) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Máritaníu. Ef niðurstöður SAFA-skoðana á hlaði í framtíðinni, eða einhverjar aðrar viðeigandi öryggisupplýsingar, gefa til kynna að ekki séu gerðar tilskildar öryggiskröfur þannig að þær yrðu undir viðunandi mörkum, myndi framkvæmdastjórnin neyðast til að íhuga að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Mósambík

80) Lögbær yfirvöld í Mósambík (Flugmálastjórn Mósambík (IACM)) hafa tilkynnt um yfirstandandi framkvæmd áætlunar til úrbóta sem var lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina og sem hún samþykkti.

Í nýjustu framvinduskýrslunni, sem framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu fengu í hendur á fjarfundi 26. febrúar 2014 og sem staðfest var með framlagningu nokkurra fylgiskjala 13. mars 2014, koma fram vísbendingar um að Flugmálastjórn Mósambík hafi haldið áfram að vinna að því að uppfæra lagarammann sem styrkir kröfurnar um skyldubundna og valfrjálsa skýrslugjöf um atvik, rannsóknir á slysum og flugatvikum, einelti loftfara og um að koma á fót flugöryggisáætlun. Aðskilnaður á milli eftirlitsaðila og þjónustuveitenda er í vinnslu þar sem verið er að flytja starfsemi flugmálaupplýsinga frá Flugmálastjórn Mósambík til núverandi veitanda flugleiðsöguþjónustu, Aeroportos de Moçambique. Ráðning og þjálfun starfsfólks heldur áfram til að styrkja enn frekar getu til eftirlits, sérstaklega á sviði starfrækslu og leyfisveitinga, leiðsögu og flugvalla, lofthæfis, reglusetningar og framfylgdar, samkomulaga um flutninga í lofti, rekstrarstjórnunar flugumferðar og fjarskipta, leiðsögu og kögunar. Endurfullgilding leyfa alls starfsfólks flugumferðarþjónustu er í vinnslu og verður lokið eigi síðar en í júní 2014. Vottunarferlið fyrir Maputo-flugvöll hefst árið 2014 og verður fylgt eftir með vottunarferli þriggja annarra flugvalla sem sinna alþjóðlegri flugumferð. Vottun veitanda flugleiðsöguþjónustu mun hefjast í september 2014 og mun byggjast á uppfærðum reglum sem taka gildi í lok mars 2014.

81) Flugmálastjórn Mósambík vinnur enn að óleystum atriðum í úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP), með tilliti til tengdra spurninga um samskiptareglur, og flestar nauðsynlegar reglugerðir og verklagsreglur, sem eiga að styðja við svörin, hafa verið samdar og þeim upphalað með því að nota búnað Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Netinu fyrir samfellda vöktun. Beðið er eftir fullgildingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þessum aðgerðum.

82) Fjárhagsáætlun Flugmálastjórnar Mósambík fyrir árið 2014 hefur verið hækkuð um nánast 20%, sem endurspeglar áframhaldandi pólitískan stuðning og skuldbindingu til að styrkja getu og skilvirkni Flugmálastjórnarinnar.

83) Flugrekandinn *Linhas Aéreas de Moçambique* (*LAM*) brotlenti 29. nóvember 2013. Eitt af loftförum flugrekandans af tegundinni Embraer ERJ-190, sem flaug frá Mapútó til Lúanda, brotlenti í Namibíu og létust allir um borð (28 farþegar — þ.m.t. sex ríkisborgarar ESB — og sex flugverjar). Rannsóknarnefnd flugslysa í Namibíu birti bráðabirgðarannsóknarskýrslu um slysið 9. janúar 2014 og bentu bráðabirgðaniðurstöður hennar til þess að um ásetning flugstjórans hefði verið að ræða. Lokaskýrslunnar um rannsókn slyssins er að vænta í lok árs 2014.

84) Flugmálastjórn Mósambík tilkynnti einnig að flugrekandinn *LAM* hafi haldið áfram að vinna að framkvæmd næstu áfanga, aðallega III. áfanga öryggisstjórnunarkerfis síns. Í kjölfar brotlendingarinnar voru fyrstu viðbrögð flugrekandans LAM að styrkja verklagsreglur sínar til að tryggja að í stjórnklefanum séu ávallt tveir flugverjar og á öllum stigum flugs.

85) Flugmálastjórn Mósambík hefur óskað eftir samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að fullgilda ferlið við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta en hún er sem stendur fyrirhuguð haustið 2014.

86) Flugmálastjórn Mósambík tilkynnti einnig að hún hefði haldið áfram endurvottunarferli fyrir flugrekendur í fullu samræmi við kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO SARPS) og að hingað til hefðu 13 flugrekendur *(LAM-Linhas Aéreas de Moçambique S.A., MEX-Moçambique Expresso SARL, ETA-Empresa de Transportes Aéreos Lda, CPY-Cropsprayers, CFM-Trabalhos e Transportes Aéreos Lda, KAY-Kaya Airlines Lda, SAM-Solenta Aviation Mozambique SA, HCP-Helicópteros Capital Lda, SAF-Safari Air Lda, CRA-CR Aviation Lda, COA-Coastal Aviation, TTA-Trabalhos e Transportes Aéreos Lda* og *OHI-Omni Helicópteros International Lda*) fengið endurvottun í samræmi við skrána sem Flugmálastjórn Mósambík lagði fram. Þar sem Flugmálastjórn Mósambík gat ekki fært sönnur á að öryggiseftirlit með þessum 13 flugrekendum samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli allir skráðir í viðauka A.

87) Vegna ófullnægjandi framvindu í endurvottunarferlinu hefur Flugmálastjórn Mósambík fellt tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini þriggja flugrekenda (*Emilio Air Charter Lda*, *Aero-Serviços SARL* og *Unique Air Charter Lda*) og kyrrsett flotann þeirra. Þar sem tímabundin niðurfelling er ekki endanleg og þar sem Flugmálastjórn Mósambík gat ekki fært sönnur á að öryggiseftirlit með þessum þremur flugrekendum samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli allir skráðir í viðauka A.

88) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin fögnuðu þeim þýðingarmikla árangri sem Flugmálastjórn Mósambík greindi frá, að því er varðar að ráða bót á annmörkunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin

vakti athygli á, og hvatti þau áfram í viðleitni sinni til að setja á stofn flugkerfi sem er í fullu samræmi við alþjóðlegar kröfur. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenndu einnig og fögnuðu viðvarandi úrbótum, sem flugrekandinn LAM tilkynnti um, í áframhaldandi viðleitni þeirra til að samþykkja og fylgja alþjóðlegum öryggiskröfum. Með tilliti til þess þýðingarmikla árangurs sem þegar hefur náðst og þeirri framvindu sem vænst er, er það metið svo að heimsókn sendinefndar Evrópusambandsins vegna öryggismats gæti átt sér stað á fjórða ársfjórðungi 2014.

Flugrekendur frá Nepal

89) Í kjölfar þess að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1264/2013 ([9]) var samþykkt voru allir flugrekendur í Nepal skráðir í viðauka A við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006.

90) Framkvæmdastjórnin fór, með aðstoð sérfræðinga frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum, í matsheimsókn til Nepal 3.-8. febrúar 2014 til að meta frekar getu lögbærra yfirvalda í Nepal (Flugmálastjórn Nepal (CAAN)) og fjölda nepalskra flugrekenda, með það að markmiði að komast að því hvort einhverjar tilslakanir á flugrekstrarbanninu væru mögulegar. Matið tók til flugrekendanna *Nepal Airlines Corporation, Buddha Air, Shree Airlines, Tara Air, Yeti Airlines* og *Sita Air*.

91) Framkvæmdastjórnin lagði skýrsluna um matsheimsóknina fyrir flugöryggisnefndina. Helstu niðurstöðurnar að því er varðar mat á flugrekendunum voru að flugrekendurnir *Buddha Air, Shree Airlines, Tara Air* og *Yeti Airlines* gætu sýnt fram á góðan skilning á málefnum tengdum öryggisstjórnun og lagt fram sannanir sem gáfu til kynna að landsbundnar öryggisreglur væru uppfylltar, en flugrekandinn *Sita Air* gat hins vegar hvorki sýnt fram á hæfi sitt til að stunda öruggan flugrekstur né sýnt fram á að áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem hann starfrækir, væri alhliða. Að auki framkvæmdi flugrekandinn ekki að fullu öryggistilmælin í kjölfar banaslyss árið 2012 að því leyti að hann notaði ekki hermi fyrir neinn hluta þjálfunar sinnar.

92) Að því er varðar flugrekandann *Nepal Airlines Corporation* veitti flugöryggisnefndin því athygli að þó svo að grunnramminn fyrir öryggisstjórnun væri til staðar þá þyrfti flugrekandinn að koma á skilvirkari aðferðum til að efla öryggi, bæta skýrslugjöf, framkvæma betri greiningar og setja sér markmið um öryggisframmistöðu sem hann ætlar að uppfylla svo hann geti náð því „viðunandi öryggisstigi“ sem lofað er í öryggisstefnu hans og magngreint það. Flugöryggisnefndin veitti einnig athygli metnaðarfullum áætlunum flugrekandans *Nepal Airlines Corporation* um stækkun, sem fólu m.a. í sér að bæta þremur nýjum tegundum loftfara við flotann á einu ári og lýsti nefndin því yfir að slíkum áætlunum þyrfti að stýra með réttum hætti til að takmarka öryggisáhættuna.

93) Enn fremur átti sér stað banaslys 16. febrúar 2014, þar sem um var að ræða loftfar frá flugrekandanum *Nepal Airlines Corporation*, þar sem allir farþegarnir 18 létust, þ.m.t. borgari Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin skrifaði Flugmálastjórn Nepal 3. mars 2014 og óskaði eftir upplýsingum um slysið ásamt upplýsingum um þær aðgerðir sem Flugmálastjórn Nepal hefði gripið til í því skyni að koma í veg fyrir sambærileg slys í framtíðinni. Flugmálastjórn Nepal svaraði með bréfi, sem er dagsett 18. mars 2014, þar sem hún gerði grein fyrir þeim aðgerðum sem gripið hefði verið til. Upplýsingarnar voru þó ekki taldar fullnægjandi þar sem þær gerðu framkvæmdastjórninni ekki kleift að meta hvort aðgerðirnar, sem Flugmálastjórn Nepal hefði gripið til, hefðu verið viðeigandi þegar horft er til alvarleika slyssins.

94) Hvað Flugmálastjórn Nepal varðar þá leiddi matið í ljós alvarlega annmarka, einkum á sviði leyfisveitinga og þjálfunar starfsfólks, vottunar flugrekenda sem og eftirlits á sviði flugrekstrar.

95) Það var staðfest að á sviði leyfisveitinga og þjálfunar flugmanna fylgdu lögbær yfirvöld ekki kröfum 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, einkum að því er varðar samþykki þjálfunarfyrirtækja, bóklega þekkingu, fullgildingu erlendra skírteina og flughermisþjálfa. Því var ekki hægt að ganga úr skugga um að flugmenn hefðu fullnægjandi menntun og hæfi til að gegna skyldustörfum sínum í samræmi við viðeigandi kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

96) Vegna þessara annmarka var ekki hægt að ganga úr skugga um að flugrekendurnir, sem voru metnir og sem treystu á vottun og leyfi frá Flugmálastjórn Nepal, uppfylltu viðeigandi kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

([9]) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1264/2013 frá 3. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð ESB L 326, 6.12.2013, bls. 7).

97) Alþjóðaflugmálastofnunin framkvæmdi samræmda fullgildingarúttekt í júlí 2013 sem hafði í för með sér alvarlegan öryggisvanda í tengslum við starfrækslu loftfara. Aðgerðirnar, sem settar voru fram í upphaflegu áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem Flugmálastjórn Nepal lagði fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina til að ráða bót á annmörkum í tengslum við alvarlegan öryggisvanda, sem vakin var athygli á, var ekki lokið innan tilskilinna tímamarka og alvarlegi öryggisvandinn var áfram til staðar. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu því einnig athygli að samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni vantaði enn umtalsvert upp á framkvæmd að því er varðar getu landsins á sviðum er snerta frumlöggjöf á sviði flugmála og reglugerðir um almenningsflug, skipulag almenningsflugs ásamt leyfisveitingum og þjálfun starfsfólks.

98) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenndu að Flugmálastjórn Nepal hefði náð einhverjum árangri frá síðustu úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2009 og samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2013, með innleiðingu breytinga á loftferðalögum og nýjum og endurskoðuðum kröfum, handbókum og verklagsreglum. Margar þessar breytingar væru þó enn ófullgerðar og enn væri eftir að framkvæma þær með varanlegum hætti.

99) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenndu erfiðleikana sem Flugmálastjórn Nepal stæði frammi fyrir við að ná varanlegum árangri og hvatti til að hún fengi tækniaðstoð frá Sambandinu og aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin ítrekaði skuldbindingu sína um að meta möguleikana á að útvíkka fyrirliggjandi áætlun um tæknisamvinnu milli Flugmálastjórnar Nepal og Flugöryggisstofnunar Evrópu.

100) Að teknu tilliti til skýrslunnar um vettvangsheimsókn aðila frá ESB, alvarlegs öryggisvanda, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti athygli á og er enn óleystur, og þeirrar staðreyndar að annað banaslys átti sér stað frá síðustu uppfærslu, komust framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin að þeirri niðurstöðu að lögbær yfirvöld í Nepal væru ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum með fullnægjandi hætti þannig að það gæti réttlætt tilslökun á flugrekstrarbanni að því er varðar einn eða fleiri flugrekendur.

101) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Nepal.

Flugrekendur frá Filippseyjum

102) Framkvæmdastjórnin bauð fulltrúum frá flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs á Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) og flugrekandanum *Cebu Pacific Air* á tæknifund 28. janúar 2014 til að ræða ítarlega aðgerðir í öryggismálum og aðra viðkomandi þætti í tengslum við það að farið var út fyrir flugbraut á alþjóðaflugvellinum Davao 2. júní 2013.

103) Framkvæmdastjórnin, sérfræðingar frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum ásamt háttsettum fulltrúum frá Flugmálastjórn Filippseyja og flugrekandanum *Cebu Pacific Air* sátu þennan fund.

104) Flugmálastjórn Filippseyja lagði fram upplýsingar um lögboðið eftirlit með flugrekandanum *Cebu Pacific Air*. Þar kom m.a. fram að 20. júní 2013 hafi eftirlitsnefnd Flugmálastjórnar Filippseyja skrifað framkvæmdastjóra flugrekandans *Cebu Pacific Air* þar sem hún greindi frá aðgerðum Flugmálastjórnar Filippseyja til úrbóta í ljósi slyssins. Aðgerðirnar fólu m.a. í sér að ábyrgir stjórnendur og stöðvarstjórar flugrekendans *Cebu Pacific Air* ættu að framkvæma endurmat með áherslu á starfræksluna, öryggisstjórnunarkerfið og fyrirtækjamenningu. Flugmálastjórn Nepal tilkynnti einnig að hún ætti að prófa af handahófi getu flugliða við óvenjulegar aðstæður í flughermi. Flugrekandinn var hvattur, út frá skipulagslegu sjónarmiði, til að breyta stefnu sinni um viðdvalartíma loftfara úr 30 mínútum í 45 mínútur.

105) Hinn 4. október 2013 svaraði flugrekandinn *Cebu Pacific Air* bréfinu frá 20. júní 2013 með því að leggja fram samantekt um þær aðgerðir sem þegar hafði verið gripið til. Þessar aðgerðir fólu m.a. í sér endurskoðað stjórnskipulag flugrekandans, þjálfun alls starfsfólks á sviði öryggisstjórnunarkerfa, stofnun aðgerðahópa á sviði öryggismála (e. *Safety Action Groups* (SAG)) í öllum deildum að því er varðar flugrekstrarstjórnun og framkvæmd mats af handahófi á flughermi í þjálfunarmiðstöð flugrekandans 3.-19. júlí 2013. Flugrekandinn veitti upplýsingar um breytingar á þjálfun, þ.m.t. áætlun um leiðarflugsþjálfun og um þá staðreynd að áhafnir myndu fá meiri þjálfun í hermi þar sem fram fer leiðarflugsþjálfun og hæfniprof til skiptis. Hann brást einnig við tilmælunum um skipulag að því er varðar viðdvalartími loftfara þar sem hann lýsti því yfir að honum yrði breytt í 45 mínútur í vetraráætluninni 2013.

106) Að auki skrifaði Flugmálastjórn Filippseyja öllum flugrekendum 2. ágúst 2013, að því er varðar öryggisrannsókn á loftförum af tegundinni Airbus 319/320, þar sem fram kom að þörf væri á forvarnaraðgerðum, þ.m.t. nánari upplýsingum um þjálfun sem flugrekendur ættu að ljúka í grunnaðflugi og þegar þeir hætta við lendingu. Flugrekandinn *Cebu Pacific Air* svaraði 4. október 2013 þar sem hann gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru í þessum efnum.

107) Enn fremur hóf rannsóknanefnd flugslysa á Filippseyjum (AAIIB) rannsókn á slysinu sem átti sér stað á Davao-flugvelli 2. júní 2013 þar sem loftfar flugrekandans *Cebu Pacific Air* fór út fyrir flugbrautina. Hinn 13. desember 2013 upplýsti stjórnandi rannsóknarinnar öryggisstjóra flugrekandans *Cebu Pacific Air* að rannsókn væri í gangi og lét fylgja með hluta af gögnum úr drögum að lokaskýrslunni ásamt tiltækum upplýsingum um niðurstöður og tilmæli sem beint var bæði til Flugmálastjórnar Filippseyja og flugrekandans *Cebu Pacific Air*.

108) Flugmálastjórn Filippseyja hefur innleitt áætlun um aukið eftirlit með flugrekandanum *Cebu Pacific Air*. Í árlegri skoðunaráætlun (MRAI) hafði lágmarksfjölda áætlaðra eftirlitsskoðana verið breytt úr 34 í samtals 62 árið 2013.

109) Flugrekandinn Cebu Pacific Air lagði fram samantekt á þeim aðgerðum sem gripið hafði verið til í tengslum við slysið sem átti sér stað 2. júní 2013. Aðgerðirnar fólu í sér svör til Flugmálastjórnar Filippseyja meðan á rannsókninni stóð og ítarlegar upplýsingar að því er varðar stjórnun og eftirlit með rekstrinum. Frekari aðgerðir, sem tilgreindar voru, fólu m.a. í sér upplýsingar um greiningu á fluggögnum og áætlun flugrekandans til að koma í veg fyrir að farið sé út fyrir flugbraut. Búið er að skipta áætluninni upp í aðgerðir til skamms tíma, meðallangs tíma og langs tíma, þar sem ítarlegar upplýsingar um stuðningsáætlun Airbus voru lykilþáttur. Að því er þessa stuðningsáætlun varðar hefur farið fram ítarleg úttekt á rekstrinum, sem fól í sér að fluggögn voru greind og að fylgst var með flugi og þjálfun í flughermi.

110) Flugrekandinn *Cebu Pacific Air* og Flugmálastjórn Filippseyja lögðu einnig fram ítarlegar upplýsingar um yfirstandandi áætlun um uppfærslu á svæðisleiðsögu (RNAV) í aðflugi og um breytingar á grunnvirkjum og tæknilegar breytingar sem hafa nú þegar verið framkvæmdar. Skilningurinn var sá að áætlunin til meðallangs tíma gengi út á það að skipta út stórum hluta af fyrirliggjandi leiðsögutækjum fyrir grunnaðflug á jörðu niðri sem væri þáttur í heildarráðstöfunum til úrbóta.

111) Flugmálastjórn Filippseyja lagði einnig fram upplýsingar um að flugrekandinn *Cebu Pacific Air* hafi tekið í notkun loftfar af tegundinni Airbus A330 og tilgreindi að sem liður í breytingu á flugrekandaskírteini hans hafi honum verið falið að framkvæma 100 klukkustunda sannprófunarflug (e. *route proving*) í Asíu, sem er ekki í ábataskyni, áður en hann fékk leyfi til að stunda flutningaflug. Flugmálastjórn Filippseyja hefur ekki veitt flugrekandanum *Cebu Pacific* fjarflugsleyfi (ETOPS) þar sem yfirvaldið bíður frekara mats og þess að flugrekandinn öðlist meiri reynslu af starfrækslu.

112) Á tæknifundi 28. janúar 2014 voru lagðar fram upplýsingar, á grundvelli ítarlegra spurninga, um nýleg flugatvik hjá flugrekandanum *Cebu Pacific Air*. Tvö atvikanna, sem voru rædd, fólu í sér að loftfar af tegundinni ATR fór út fyrir flugbraut á Davao-flugvelli 2. júní 2013 og loftfar af tegundinni Airbus 319 fór út fyrir flugbraut á Manila-flugvelli 13. júní 2013. Í báðum tilvikum komst loftfarið aftur á flugbrautina eftir frávikið. Í kynningu sinni lagði Flugmálastjórn Filippseyja einnig fram samantekt yfir slys og flugatvik fyrir tímabilið 2010–2013 að því er varðar flugrekendur sem hafa fengið vottun á Filippseyjum.

113) Flugrekandinn *Cebu Pacific Air* lagði einnig fram upplýsingar um núverandi flota sinn og áætlanir um stækkun flotans og fjölgun flugleiða.

114) Á fundinum 28. janúar 2014 lögðu bæði Flugmálastjórn Filippseyja og flugrekandinn *Cebu Pacific Air* fram uppfærðar upplýsingar vegna svara þeirra að því er varðar athugasemdir sem gerðar voru í heimsókn aðila frá ESB 3.-7. júní 2013 í tengslum við sannprófun á staðnum.

115) Hinn 26. mars 2014 hlýddi flugöryggisnefndin á Flugmálastjórn Filippseyja og flugrekandann *Cebu Pacific Air*. Flugmálastjórn Filippseyja lagði fram ítarlegar upplýsingar um þjálfun sem skoðunarmenn hennar fá í eftirlitsvitund innan ramma öryggisstjórnunarkerfisins. Að auki tilkynnti Flugmálastjórn Filippseyja nefndinni að fest hefðu verið kaup á upplýsingatækni í tengslum við eftirlits- og kögunarkerfi hennar. Flugmálastjórn Filippseyja lagði fram yfirlit í tengslum við stöðu flugöryggisáætlunar Filippseyja. Hvað varðar eftirlit með flugrekandanum *Cebu Pacific Air* lagði Flugmálastjórn Filippseyja áherslu á að búið væri að innleiða áætlun um aukið eftirlit, sem eftirfylgni við tæknifundinn 28. janúar 2014.

116) Við áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 26. mars 2014 lagði flugrekandinn *Cebu Pacific Air* fram ítarlegar upplýsingar um núverandi stjórnskipulag sitt og tilkynnti að frá og með janúar 2014 væri flugrekandinn með 50 loftför í starfrækslu, þ.m.t. þrjú af tegundinni Airbus A330. Flugrekandinn lagði fram útdrátt úr skrá sinni yfir hættugreiningu og áhættumat, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar höfðu verið til að draga úr áhættu sem og öryggismarkmið sín og -viðmið fyrir árið 2014. Flugrekandinn *Cebu Pacific Air* tilkynnti flugöryggisnefndinni að hlutfall endurheimta vegna greiningar á fluggögnum (FDA) væri 94% hjá flugrekandanum. Flugrekandinn lagði fram yfirlit yfir öryggismat sitt og stjórnunarkerfi ásamt ítarlegri greiningu sem hann hafði framkvæmt á gögnum um lendingar sem hætt er við og óstöðugt aðflug. Einnig voru lagðar fram ítarlegar upplýsingar um tilkynningamenninguna hjá flugrekandanum *Cebu Pacific Air*, þ.m.t. að til staðar sé kerfi fyrir tilkynningar sem sendar eru inn í trúnaði. Enn fremur lagði flugrekandinn *Cebu Pacific Air* fram ítarlegar upplýsingar um núverandi áætlun sína um stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM). Flugrekandinn *Cebu Pacific Air* veitti flugöryggisnefndinni einnig upplýsingar um kröfur hans í tengslum við reynslu flugstjóra af því að fljúga loftförum úr Airbus-flota flugrekanda, bæði hvað varðar langflug og stuttar flugleiðir.

117) Flugöryggisnefndin veitti því athygli að flugrekandinn *Philippine Airlines* hefði aftur hafið flug til Sambandsins 4. nóvember 2013 í kjölfar þess að hann var felldur brott úr viðauka A við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 í júlí 2013. Síðan flugrekandinn hóf aftur flug til Sambandsins hafa skýrslur úr SAFA-skoðunum á hlaði ekki gefið til kynna neina óæskilega þróun sem gæti gefið tilefni til áhyggna.

118) Að teknu tilliti til sönnunargagna, sem lögð voru fram að því er varðar eftirlit Flugmálastjórnar Filippseyja með flugrekandanum *Cebu Pacific Air*, og getu flugrekandans til að uppfylla viðeigandi flugöryggisreglur og til yfirlýsinga, sem yfirvöld og flugrekandinn gáfu við áheyrnina hjá flugöryggisnefndinni, var það metið svo, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, að flugrekandinn *Cebu Pacific Air* ætti að vera undanþeginn flugrekstrarbanninu, sem gildir um alla flugrekendur sem skráðir eru í Filippseyjum, og ætti því að fella flugrekandann brott úr viðauka A í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006.

119) Aðildarríkin hafa samþykkt að sannprófa hvort flugrekendurnir *Philippine Airlines* og *Cebu Pacific Air* uppfylli viðeigandi öryggiskröfur á skilvirkan hátt, með því að setja skoðun á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Ef niðurstöður slíkra skoðana, eða einhverjar aðrar viðkomandi öryggisupplýsingar, sýna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

120) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa haldið áfram að fylgjast náið með öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu og fljúga til Sambandsins, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar hjá rússneskum flugrekendum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

121) Til að staðfesta að ráðin verði bót, með fullnægjandi hætti, á þeim ágöllum sem koma í ljós í SAFA-skoðunum hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, fund 10. mars 2014, með Flugmálastjórn Rússlands (FATA). Fulltrúum flugrekandans *Kogalymavia* var einnig boðið að sækja fundinn til að greina frá þeim ráðstöfunum til úrbóta sem þessi flugrekandi hafði gert til að bæta flugöryggi frá síðasta samráðsfundi í nóvember 2013.

122) Á fundinum benti Flugmálastjórn Rússlands á að nýjustu niðurstöður úr SAFA-skoðunum á hlaði hjá rússneskum flugrekendum, sem fljúga til Sambandsins, gáfu ekki tilefni til áhyggna en að þær sýndu að yfirvaldið framkvæmdi óreglubundnar skoðanir ef í ljós koma alvarlegir ágallar eða endurteknir ágallar og að yfirvaldið fylgist náið með því að ráðin verði bót á ágöllunum. Flugmálastjórn Rússlands upplýsti að í kjölfar heildarúttektar á svæðisskrifstofunni í Tatarstan og öllum flugrekendum, sem voru undir eftirliti þeirrar skrifstofu, hefðu flugrekandaskírteini flugrekendanna *Tulpar Airlines* og *Tatarstan Airlines* verið afturkölluð vegna meiri háttar annmarka að því er varðar öryggisstjórnun þeirra. Að því er varðar flugrekandann *Kogalymavia* gaf Flugmálastjórn Rússlands til kynna að flugrekandinn hefði gengist undir nokkrar óreglubundnar skoðanir síðustu fjóra mánuðina vegna fjölda annmarka sem komu í ljós við SAFA-skoðanir 2013. Samkvæmt Flugmálastjórn Rússlands hefur flugrekandinn fram til þessa lokið við að ráða bót á öllum fyrri ágöllum og hefur heimild til að starfrækja innanlandsflug og millilandaflug samkvæmt skilyrðum flugrekandaskírteinis síns.

123) Á fundinum kom flugrekandinn *Kogalymavia* athugasemdum sínum á framfæri um þær aðgerðir til úrbóta sem unnið er að. Flugrekandinn tilkynnti að SAFA-frammistaða hans hefði batnað þar sem hlutfallið hefði lækkað í 3,49 og að mikilvægar skipulags- og tæknibreytingar hefðu verið innleiddar, t.d. hefur verið hleypt af stokkunum áætlun um miklar endurbætur í farþegarými, allri stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfis hefur verið útvistað til fyrirtækis sem er samþykkt af Flugöryggisstofnun Evrópu, aðfangakeðja fyrir varahluti flugrekanda hefur verið endurskipulögð, viðhaldseftirlitsstöð (MCC) hefur verið tekin í notkun, meirihluta starfsfólks viðhaldsdeildar hefur verið skipt út og nýr yfirvélstjóri með viðeigandi reynslu hefur verið skipaður.

124) Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar voru á þessum samráðsfundum var niðurstaðan sú að ekki væri nauðsynlegt að rússnesk flugmálayfirvöld eða flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Rússland, gæfu flugöryggisnefndinni skýrslu. Flugmálastjórn Rússlands var beðin um að auka eftirlit með nokkrum flugrekendum, sem hafa hátt hlutfall annmarka við SAFA-skoðanir, og tilkynna það framkvæmdastjórninni. Að því er varðar flugrekandann *Kogalymavia* gaf framkvæmdastjórnin til kynna að þrátt fyrir þær framfarir sem hafa náðst þá væri enn þörf á að staðfesta að ráðstafanir flugrekandans veiti varanlegar lausnir og að öryggisstjórnun hans sé skilvirk.

125) Því var það metið svo, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, að á þessu stigi væru engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússneska sambandsríkinu í skrána. Þó neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum.

126) Áfram verður fylgst náið með öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu og fljúga til Sambandsins. Ef niðurstöður skoðana á hlaði, eða einhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Súdan

127) Framkvæmdastjórnin tilkynnti flugöryggisnefndinni um þátttöku sína í atburði, sem tengist flugmálum, sem Flugmálastjórn Súdan (SCAA) skipulagði 5. og 6. desember 2013 í Kartúm. Þátttaka í þessum atburði gerði framkvæmdastjórninni kleift að sjá af eigin raun að endurskipulagning hefði átt sér stað hjá Flugmálastjórn Súdan og að fyrir hendi væri pólitískur stuðningur um að fjárfesta enn frekar í öryggi. Súdanski ráðherrann, sem ber ábyrgð á almenningsflugi, lýsti opinberlega yfir þessum stuðningi fyrir framan viðkomandi flugsamfélag og fulltrúa Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

128) Súdönsk yfirvöld hafa náð greinilegum árangri í því að verða trúverðug yfirvöld, einkum vegna aukinna fjárveitingu sem hefur gert Flugmálastjórn Súdan kleift að ráða til sín sérhæft starfsfólk og til að veita starfsfólki sínu fullnægjandi þjálfun.

129) Þessar úrbætur þurfa að festa sig í sessi hjá þeim flugrekendum sem eru handhafar flugrekandaskírteina sem gefin eru út í Súdan. Tveir þessara flugrekenda, *Sudan Airways* og *Nova Airways*, hafa aukið kröfur sína og látið gera úttekt á verklagsreglum sínum.

130) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin fögnuðu þessari viðleitni. Heimsókn eftirlitssendinefndar Evrópusambandsins á staðinn kæmi til greina þegar Flugmálastjórn Súdan telur að flugrekendur þar hafi þróað áreiðanlegt verklag í samræmi við alþjóðlegar kröfur.

131) Það er því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Súdan.

Flugrekendur frá Konungsríkinu Svasílandi

132) Í kjölfar úttektar árið 2007 innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum hafa flugmálayfirvöld í Svasílandi (Flugmálastjórn Svasílands (SWACAA)) óskað eftir nýjum landskóða frá Alþjóðaflugmálastofnuninni og eytt öllum núverandi skráningum úr skrá sinni. Flugmálastjórn Svasílands afturkallaði einnig öll flugrekendaskírteini, sem höfðu verið gefin út, og þar af leiðandi eru engin gild flugrekendaskírteini í landinu.

133) Síðan nýr flugmálastjóri hóf störf í desember 2009 hefur Flugmálastjórn Svasílands sýnt fram á skýra skuldbindingu sína til að ráða bót á ágöllunum sem komu í ljós 2007 í úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum.

Flugmálastjórn Svasílands hefur fengið nýjan ICAO-landskóða (3DC) í tengslum við skráningar loftfara.

134) Umfangsmiklar úrbætur á allri eftirlitsstarfseminni eru hafnar og nú þegar hefur náðst umtalsverður árangur, t.d. er endurgerð lagarammans lokið, unnið er að því að skilja að eftirlitsaðila og þjónustuveitanda flugvallar og nokkrir samningar um samstarf við nágrannalönd hafa verið undirritaðir og hafa þegar öðlast gildi.

135) Hinn 21. janúar 2014 bauð framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Svasílands til samráðsfundar um tæknimál í Brussel 27. janúar 2014. Upphaflega þáði Flugmálastjórn Svasílands boðið en hafnaði því síðar og óskaði eftir meiri tíma til að undirbúa sig betur.

136) Aðilar frá Flugöryggisstofnun Evrópu fóru á staðinn til að láta í té tækniaðstoð 10.-14. mars 2014. Sendinefndin einbeitti sér að því að veita Flugmálastjórn Svasílands aðstoð við að styrkja þá í áframhaldandi viðleitni sinni til að byggja upp getu og veita frekari leiðbeiningar um hvernig best sé að ganga frá ófrágengnum aðgerðum frá úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Þó þetta hafi ekki verið úttekt tók sendinefndin eftir umtalsverðum fjölda mikilvægra úrbóta.

137) Hinn 26. mars 2014 kom Flugmálastjórn Svasílands fyrir flugöryggisnefndina. Það kom skýrt fram hjá Flugmálastjórn Svasílands að hún vinni nú að framkvæmd endurskoðuðu áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti í maí 2013. Innan ramma þessarar áætlunar um aðgerðir til úrbóta og með hjálp mikils pólitísks stuðnings og pólitískrar skuldbindingar, ásamt styrkari fjármögnun, hefur verið ráðist í mikið átak að því er varðar ráðningu og þjálfun starfsfólks. Flugmálastjórn Svasílands hefur einnig notið góðs af stuðningi vegna verkefnis á vegum skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um tæknisamstarf (e. *Technical Cooperation Bureau*), sem miðar að því að veita þjálfun, lagalegan og skipulagslegan stuðning og bæta afkastagetu í tengslum við eftirlitsstarfsemi. Sérfræðingar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem starfa við þetta verkefni, meta sem stendur að skortur á skilvirkri framkvæmd (LEI) sé 40% en markmiðið er 35% við lok verkefnisins (lok júní 2014). Til að leitast við að tryggja varanlegan árangur að verkefninu loknu mun Svasíland vera gistiríki fyrir flugöryggissamtök (SASO) Þróunarbandalags sunnanverðrar Afríku (SADC) frá júlí 2014. Þeir gáfu einnig til kynna að Flugmálastjórn Svasílands viðurkenndi ekki nein loftför með gamla ICAO-landskóðanum (3D) vegna skráningar loftfara sem eru undir þeirra eftirliti.

138) Flugmálastjórn Svasílands fjallaði um og svaraði flestum ósvöruðum spurningum um samskiptareglur og lagði fram sannanir þessu til stuðnings með því að nota búnað Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Netinu fyrir samfellda vöktun. Beðið er eftir fullgildingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þessum aðgerðum og því er opinber frammistaða enn sú sama og árið 2007, þrátt fyrir að umtalsverðar úrbætur hafi verið innleiddar síðan þá.

139) Flugmálastjórn Svasílands hefur óskað eftir samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í nóvember 2014 til að fá fullgildingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þeim mörgu aðgerðum til úrbóta sem þegar hafa verið framkvæmdar.

140) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin fögnuðu þeirri skuldbindingu Flugmálastjórnar Svasílands um að framkvæma endurskoðuðu áætlunina um aðgerðir til úrbóta, þeim miklu framförum sem náðst hafa nú þegar og hvöttu Flugmálastjórn Svasílands áfram í viðleitni sinni til að koma á fót flugkerfi sem er í fullu samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

141) Í ljósi mikillar styrkingar á eftirlitsstarfsemi ásamt því að flugrekandaskírteini eru ekki fyrir hendi og eftirspurn eftir nýjum flugrekandaskírteinum fer hægt vaxandi, er það metið svo, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, að fella skuli Konungsríkið Svasíland úr skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

142) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin munu áfram fylgjast náið með getu Flugmálastjórnar Svasílands til að gegna eftirlitsskyldum sínum að fullu. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin óska eftir því að Flugmálastjórn Svasílands tilkynni framkvæmdastjórninni um öll flugrekandaskírteini sem hafa nýlega verið gefin út eða breytt. Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Jemen

143) Opinbera rannsóknarskýrslan um slysið, sem flugrekandinn *Yemen Airways* (*Yemenia*) átti hlut að á Móróní, Kómoreyjum 29. júní 2009, var birt 25. júní 2013. Skýrslan innihélt þrenn megintilmæli: í fyrsta lagi að yfirvöld á Kómoreyjum innleiddu varanlegar neyðarráðstafanir, sem væru aðlagaðar að rannsóknum og síðan björgun í tengslum við flugslys sem á sér stað á sjó nálægt flugvöllum þeirra, í öðru lagi að yfirvöld í Jemen tryggi að allar áhafnir, sem fljúga til Móróní, hafi viðeigandi þjálfun til að geta flogið sjónflug eftir tilskildum ferlum (MVI) og í þriðja lagi að yfirvöld í Jemen endurskoði þjálfun flugmanna hjá flugrekandanum *Yemenia* að því er varðar getu þeirra til að bregðast við þegar um neyðarástand er að ræða.

144) Hinn 7. nóvember 2013 skrifuðu yfirvöld í Jemen á sviði almenningsflugs og veðurþjónustu (Flugmálastjórn Jemen (CAMA)) framkvæmdastjórninni. Í þessu bréfi voru m.a. upplýsingar um öryggisaðgerðir sem gripið hafði verið til vegna slyssins. Flugöryggisnefndin var upplýst um þessar aðgerðir og tilheyrandi þróun á fundi nefndarinnar í nóvember 2013.

145) Framkvæmdastjórnin skipulagði tæknifund sem var haldinn 9. janúar 2014 í Brussel. Framkvæmdastjórnin, sérfræðingar frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum og fulltrúar frá Flugmálastjórn Jemen og flugrekandanum *Yemenia* sátu þennan fund.

146) Hinn 17. desember 2013, áður en tæknifundurinn var haldinn, sendi framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Jemen sérstakar spurningar, ekki aðeins varðandi skýrsluna um slysið heldur einnig um frekari skyldur Flugmálastjórnar Jemen að því er varðar öryggiseftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Jemen. Framkvæmdastjórnin sendi Flugmálastjórn Jemen einnig sérstakar spurningar sem senda átti til flugrekandans *Yemenia*. Báðir spurningalistarnir voru gerðir til að hjálpa framkvæmdastjórninni við að meta gæði svara, bæði Flugmálastjórnar Jemen og flugrekandans *Yemenia*, við tilmælunum sem eru í skýrslunni um slysið.

147) Flugmálastjórn Jemen útskýrði að aðgerðirnar, sem hún hefði gripið til vegna tilmælanna sem beint var til yfirvalda í Jemen, fælu m.a. í sér að auka öryggiseftirlit með flugrekandanum *Yemenia*, þ.m.t. að fjölga skoðunum í farþegarými og stjórnklefa, og að flugrekandinn *Yemenia* hefði fengið fyrirmæli um að gera leiðarflugs- og hæfnipróf til flugs á flugvelli í flokki C á öllum áhöfnum sem fljúga til flugvalla í þeim flokki. Frekari aðgerðir fólust m.a. í að Flugmálastjórn Jemen gaf flugrekandanum *Yemenia* fyrirmæli um að hafa oftar þjálfun í viðbrögðum við ofrisi og uppnámi (e. *stall and upset recover*).

148) Sem svar við sérstöku tilmælunum, sem beint var til flugrekandans *Yemenia,* greindi flugrekandinn frá því að hann hefði innleitt breytingar að því er varðar reksturinn og ábyrgðarmann flugrekanda, endurskoðað stefnumál og verklagsreglur og gert tilheyrandi breytingar. Einnig var vísað í úrbætur að því er varðar úttekt, þjálfun og framkvæmd. Enn fremur lagði flugrekandinn *Yemenia* á ný áherslu á þjálfun áhafna sinna í verklagsreglum í neyðartilvikum með reglubundinni þjálfun í hermi, sem var framkvæmd í samræmi við þjálfunarskrá Airbus.

149) Flugöryggisnefndin fékk frekari upplýsingar vegna umræðu um tæknileg mál, sem kom upp á fundinum og fékk einnig samantekt á þeim gögnum sem bæði Flugmálastjórn Jemen og flugrekandinn *Yemenia* höfðu lagt fram.

150) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar er það metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Jemen í skrána. Þó mun áfram verða náið fylgst með öryggisframmistöðu allra flugrekenda sem hafa fengið vottun í Jemen, þ.m.t. flugrekandanum *Yemenia*. Ef eitthvað bendir til þess að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

151) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Jemen, uppfylli viðeigandi öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja skoðun á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Sambíu

152) Framkvæmdastjórnin upplýsti flugöryggisnefndina um nýleg bréfaskipti sín við yfirvöld í Sambíu, þ.m.t. um bréf frá 10. desember 2013 frá samgönguráðherranum. Í bréfinu var vísað til bréfs frá framkvæmdastjórninni frá 1. október 2013 sem innihélt leiðbeiningar um þau svið sem yfirvöldin ættu að leggja áherslu á í því skyni að ná frekari árangri og úrbótum.

153) Í bréfinu frá yfirvöldum í Sambíu frá 10. desember 2013 var upplýst að búið væri að skipa stjórn fyrir flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í landinu og að fyrirhugað væri að ráða flugmálastjóra eigi síðar en 31. janúar 2014.

154) Framkvæmdastjórnin svaraði 21. janúar 2014 og staðfesti að hún óskaði eftir að halda áfram uppbyggilegu samstarfi við yfirvöld í Sambíu. Í þessu svari lagði framkvæmdastjórnin einnig til að skipulagður yrði tæknifundur þegar nýi flugmálastjórinn hefði verið skipaður í því skyni að fá upplýsingar um framvindu til að unnt væri að upplýsa flugöryggisnefndina að öllu leyti.

155) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin vöktu athygli á að deild almenningsflugs í Sambíu miðaði stöðugt áfram og hvöttu yfirvöld í Sambíu til að halda áfram á sömu braut þannig að hægt væri, á viðeigandi tíma og að nauðsynlegri sannprófun lokinni, að íhuga endurskoðun á núverandi takmörkunum.

156) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Sambíu.

157) Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er viðurkennt að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, eins fljótt og unnt er miðað við afleiðingarnar sem það getur haft fyrir öryggi. Því er nauðsynlegt, til að vernda viðkvæmar upplýsingar og til að lágmarka áhrif á viðskipti, að ákvarðanir, sem teknar eru í tengslum við uppfærslu á skránni yfir flugrekendur, sem sæta flugrekstrarbanni eða takmörkunum á flugrekstri innan Sambandsins, séu birtar og að þær öðlist gildi um leið og þær hafa verið samþykktar.

158) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

159) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A komi textinn sem settur er fram í viðauka A við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B komi texti viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Joaquín ALMUNIA

varaforseti.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA HVERS KONAR FLUGREKSTUR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([10])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
MERIDIAN AIRWAYS LTD	AOC 023	MAG	Lýðveldið Gana
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO 008-01/11	TEJ	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
FLY540	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla

([10]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
HELIMALONGO	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.			**Lýðveldið Benín**
AERO BENIN	PEA No 014/ MDCTTTATP-PR/ANAC/ DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/ MDCTTTATP-PR/DEA/ SCS	Óskráður	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/MDCTTP-PR/ANAC/DEA/SCS.	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/ MDCTTTATP-PR/ANAC/ DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/ MDCTTTATP-PR/ANAC/ DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/ MDCTTP-PR/DEA/SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/ MDCTTTATP-PR/ANAC/ DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
CANADIAN AIRWAYS CONGO	RAC06-012	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EMERAUDE	RAC06-008	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
MISTRAL AVIATION	RAC06-011	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	TSG	Lýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER	104/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR BARAKA	409/CAB/MIN/ TVC/002/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR CASTILLA	409/CAB/MIN/ TVC/007/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR FAST CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0112/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/ TVC/0053/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/ TVC/0056/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR MALEBO	409/CAB/MIN/ TVC/0122/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/ TVC/00625/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ARMI GLOBAL BUSINESS AIRWAYS	409/CAB/MIN/ TVC/029/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BIEGA AIRWAYS	409/CAB/MIN/ TVC/051/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	106/CAB/MIN/TVC/2012	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE SKY	409/CAB/MIN/ TVC/0028/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/048/09	ABB	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0064/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CETRACA	105/CAB/MIN/TVC/2012	CER	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/ TVC/0078/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/ TVC/0050/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO EXPRESS AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/059/2012	CXR	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	102/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
EAGLES SERVICES	409/CAB/MIN/ TVC/0196/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
EPHRATA AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/040/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
FILAIR	409/CAB/MIN/ TVC/037/2008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
FLY CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0126/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/ TVC/0027/2008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/ TVC/0082/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/ TVC/0051/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/ TVC/011/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GTRA	409/CAB/MIN/ TVC/0060/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS (ITAB)	409/CAB/MIN/ TVC/0065/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
JET CONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/0011/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KATANGA EXPRESS	409/CAB/MIN/ TVC/0083/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KATANGA WINGS	409/CAB/MIN/ TVC/0092/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/ TVC/0059/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/001/2011	KGO	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
LIGNES AERIENNES CONGOLAISES (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun nr. 78/205)	LCG	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/009/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MAVIVI AIR TRADE	409/CAB/MIN/ TVC/00/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
OKAPI AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/086/2011	OKP	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
PATRON AIRWAYS	409/CAB/MIN/ TVC/0066/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
PEGASUS	409/CAB/MIN/ TVC/021/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SAFE AIR	409/CAB/MIN/ TVC/021/2008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	103/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SION AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/0081/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
STELLAR AIRWAYS	409/CAB/MIN/ TVC/056/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/0084/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRACEP CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0085/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANSAIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/ TVC/073/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WALTAIR AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/004/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WILL AIRLIFT	409/CAB/MIN/ TVC/0247/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/ TVC/039/2008	WDA	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djíbútí, þ.m.t.			**Djíbútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djíbútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/ DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/ DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
PUNTO AZUL	2012/0006/MTTCT/ DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
TANGO AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Erítreu, þ.m.t.			**Erítrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC 004	ERT	Erítrea

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
NASAIR ERITREA	AOC 005	NAS	Erítrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Gabon Airlines, Afrijet og SN2AG, sem eru skráðir í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/DSA	EKG	Lýðveldið Gabon
AIR SERVICES SA	004/MTAC/ANAC-G/DSA	RVS	Lýðveldið Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SCD AVIATION	005/MTAC/ANAC-G/DSA	SCY	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	SVG	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines, Ekspres Transportasi Antarbenua og Indonesia Air Asia, þ.m.t.			**Lýðveldið Indónesía**
AIR BORN INDONESIA	135-055	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ANGKASA SUPER SERVICES	135-050	LBZ	Lýðveldið Indónesía
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	SQS	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	121-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	VIT	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BATIK AIR	121-050	BTK	Lýðveldið Indónesía
CITILINK INDONESIA	121-046	CTV	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	ESD	Lýðveldið Indónesía
ENGGANG AIR SERVICE	135-045	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ERSA EASTERN AVIATION	135-047	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
HEAVY LIFT	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	121-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JAYAWIJAYA DIRGANTARA	121-044	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	JLB	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KOMALA INDONESIA	135-051	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	MNS	Lýðveldið Indónesía
MARTABUANA ABADION	135-049	Óskráður	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
MATTHEW AIR NUSANTARA	135-048	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NAM AIR	121-058	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	SJK	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PACIFIC ROYALE AIRWAYS	121-045	PRQ	Lýðveldið Indónesía
PEGASUS AIR SERVICES	135-036	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	121-028	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	135-044	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	PNS	Lýðveldið Indónesía
SURYA AIR	135-046	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSNUSA AVIATION MANDIRI	121-048	TNU	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	TWT	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskildum flugrekandanum Air Astana, þ.m.t.			**Kasakstan**
AIR ALMATY	AK-0453-11	LMY	Kasakstan
AIR TRUST AIRCOMPANY	AK-0455-12	RTR	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0437-10	AMA	Kasakstan
AVIA-JAYNAR/AVIA-ZHAYNAR	AK-067-12	SAP	Kasakstan
BEK AIR	AK-0463-12	BEK	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	AK-0442-11	BBS	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	AK-0456-12	BRY	Kasakstan
COMLUX-KZ	AK-0449-11	KAZ	Kasakstan
EAST WING	AK-0465-12	EWZ	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0441-11	EAK	Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0446-11	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0447-11	TLG	Kasakstan
IRTYSH AIR	AK-0439-11	MZA	Kasakstan
JET AIRLINES	AK-0459-12	SOZ	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
JET ONE	AK-0468-12	JKZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0442-11	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0466-12	KUY	Kasakstan
KAZAVIASPAS	AK-0452-11	KZS	Kasakstan
LUK AERO (áður *EASTERN EXPRESS*)	AK-0464-12	LIS	Kasakstan
PRIME AVIATION	AK-0448-11	PKZ	Kasakstan
SCAT	AK-0460-12	VSV	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	AK-0438-11	JTU	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR BISHKEK (áður *EASTOK AVIA*)	15	EAA	Kirgiska lýðveldið
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgiska lýðveldið
HELI SKY	Óskráð	HAC	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZ AIRLINES	Óskráð	KGZ	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
MANAS AIRWAYS	42	BAM	Kirgiska lýðveldið
S GROUP AVIATION	6	Óskráður	Kirgiska lýðveldið
S GROUP INTERNATIONAL	Óskráð	IND	Kirgiska lýðveldið
SKY BISHKEK	Óskráð	BIS	Kirgiska lýðveldið
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgiska lýðveldið

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SKY WAY AIR	39	SAB	Kirgiska lýðveldið
STATE AVIATION ENTERPRISE UNDER THE MINISTRY OF EMERGENCY SITUATIONS (SAEMES)	20	DAM	Kirgiska lýðveldið
SUPREME AVIATION	40	SGK	Kirgiska lýðveldið
TEZ JET	46	TEZ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Mósambík, þ.m.t.			**Lýðveldið Mósambík**
AERO-SERVIÇOS SARL	MOZ-08	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFM — TRABALHOS E TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-07	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
COA — COASTAL AVIATION	MOZ-15	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CPY — CROPSPRAYERS	MOZ-06	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CRA — CR AVIATION LDA	MOZ-14	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
EMÍLIO AIR CHARTER LDA	MOZ-05	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
ETA — EMPRESA DE TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-04	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
HCP — HELICÓPTEROS CAPITAL LDA	MOZ-11	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
KAY — KAYA AIRLINES, LDA	MOZ-09	KYY	Lýðveldið Mósambík
LAM — LINHAS AÉREAS DE MOÇAMBIQUE S.A.	MOZ-01	LAM	Lýðveldið Mósambík
MEX — MOÇAMBIQUE EXPRESSO, SARL MEX	MOZ-02	MXE	Lýðveldið Mósambík

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
OHI — OMNI HELICÓPTEROS INTERNATIONAL LDA	MOZ-17	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAF — SAFARI AIR LDA	MOZ-12	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAM — SOLENTA AVIATION MOZAMBIQUE, SA	MOZ-10	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
TTA — TRABALHOS E TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-16	TTA	Lýðveldið Mósambík
UNIQUE AIR CHARTER LDA	MOZ-13	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035-01	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
AIR KASTHAMANDAP	051/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
BUDDHA AIR	014/96	BHA	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
BUDDHA AIR (INTERNATIONAL OPERATIONS)	058/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
FISHTAIL AIR	017/01	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
GOMA AIR	064/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
MUKTINATH AIRLINES	081/2013	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
SHREE AIRLINES	030/02	SHA	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
SHREE AIRLINES (INTERNATIONAL OPERATIONS)	059/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
SIMRIK AIR	034/00	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
YETI AIRLINES DOMESTIC	037/2004	NYT	Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Filippseyjum, að undanskildum flugrekendunum Philippine Airlines og Cebu Pacific Air, þ.m.t.			**Lýðveldið Filippseyjar**
AEROEQUIPEMENT AVIATION	2010037	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR ASIA PHILIPPINES	2012047	APG	Lýðveldið Filippseyjar
AIR JUAN AVIATION	2013053	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR PHILIPPINES CORPORATION	2009006	GAP	Lýðveldið Filippseyjar
ASIA AIRCRAFT OVERSEAS PHILIPPINES INC.	2012048	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ASIAN AEROSPACE CORPORATION	2012050	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ASTRO AIR INTERNATIONAL	2012049	AAV	Lýðveldið Filippseyjar
AYALA AVIATION CORP.	4AN9900003	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CANADIAN HELICOPTERS PHILIPPINES INC.	2010026	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CM AERO SERVICES	20110401	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CYCLONE AIRWAYS	2010034	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
FAR EAST AVIATION SERVICES	2009013	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INAEC AVIATION CORP.	2010028	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INTERISLAND AIRLINES	2010023	ISN	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND AVIATION	2009009	SOY	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND TRANSVOYAGER	2010022	ITI	Lýðveldið Filippseyjar
LION AIR	2009019	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MACRO ASIA AIR TAXI SERVICES	2010029	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MAGNUM AIR	2012051	MSJ	Lýðveldið Filippseyjar
MISIBIS AVIATION & DEVELOPMENT CORP	2010020	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
NORTHSKY AIR INC.	2011042	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
OMNI AVIATION CORP.	2010033	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ROYAL AIR CHARTER SERVICES INC.	2010024	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL STAR AVIATION, INC.	2010021	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTH EAST ASIAN AIRLINES	2009 004	SRQ	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTH EAST ASIAN AIRLINES (SEAIR) INTERNATIONAL	2012052	SGD	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTHERN AIR FLIGHT SERVICES	2011045	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC SEAPLANE, INC.	2011035	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
WCC AVIATION COMPANY	2009015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZEST AIRWAYS INCORPORATED	2009003	EZD	Lýðveldið Filippseyjar
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
BRITISH GULF INTERNATIONAL COMPANY LTD	01/AOC/2007	BGI	Saó Tóme og Prinsípe
EXECUTIVE JET SERVICES	03/AOC/2006	EJZ	Saó Tóme og Prinsípe
GLOBAL AVIATION OPERATION	04/AOC/2006	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
GOLIAF AIR	05/AOC/2001	GLE	Saó Tóme og Prinsípe
ISLAND OIL EXPLORATION	01/AOC/2008	IOE	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSAFRIK INTERNATIONAL LTD	02/AOC/2002	TFK	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSCARG	01/AOC/2009	TRG	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSLIZ AVIATION (TMS)	02/AOC/2007	TLZ	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
ALFA AIRLINES	054	AAJ	Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	015	MGG	Lýðveldið Súdan
BADER AIRLINES	035	BDR	Lýðveldið Súdan
BENTIU AIR TRANSPORT	029	BNT	Lýðveldið Súdan
BLUE BIRD AVIATION	011	BLB	Lýðveldið Súdan
DOVE AIRLINES	052	DOV	Lýðveldið Súdan
ELIDINER AVIATION	008	DND	Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	053	WHB	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	017	Óskráður	Lýðveldið Súdan
HELEJETIC AIR	057	HJT	Lýðveldið Súdan
KATA AIR TRANSPORT	009	KTV	Lýðveldið Súdan
KUSH AVIATION	060	KUH	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	040	MSL	Lýðveldið Súdan
MID AIRLINES	025	NYL	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	046	NOV	Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS	001	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	051	SNR	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	056	TRQ	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			**Sambía**
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([11])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer, ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undan-skildum fimm loftförum af tegundinni Boeing B-777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700.	Öll loftför, að undan-skildum D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TEG, D2-TEH, D2-TBF, D2-TBG, D2 TBH, D2-TBJ	Lýðveldið Angóla
AIR ASTANA ([1])	AK-0443-11	KZR	Kasakstan	Öll loftför, að undan-skildum loftförum af tegundinni Boeing B767, loftförum af tegundinni Boeing B757, loftförum af tegundinni Airbus A319/320/321.	Öll loftför, að undan-skildum loftförum af tegundinni Boeing B767, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, loftförum af tegundinni Boeing B757, sem tilgreind eru á flugreandaskírteininu, loftförum af tegundinni Airbus A319/320/321, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu.	Arúba (Konungs-ríkið Holland)
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/ DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu LET 410 UVP.	Öll loftför, að undanskildu D6-CAM (851336).	Kómoreyjar
AFRIJET ([2])	002/MTAC/ ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undan-skildum tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50, tveimur loftförum af tegundinni Falcon 900.	Öll loftför, að undan-skildum TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR.	Lýðveldið Gabon
GABON AIRLINES ([3])	001/MTAC/ ANAC	GBK	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu einu loftfari af tegundinni Boeing B767-200.	Öll loftför, að undanskildu TR-LHP.	Lýðveldið Gabon
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601, einu loftfari af tegundinni HS-125-800.	Öll loftför, að undan-skildum TR-AAG, ZS-AFG.	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
AIRLIFT INTERNATIONAL (GH) LTD	AOC 017	ALE	Lýðveldið Gana	Öll loftför, að undan-skildum tveimur loftförum af tegundinni DC8-63F.	Öll loftför, að undan-skildum 9G-TOP og 9G-RAC.	Lýðveldið Gana

([11]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýttu flugréttindi með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur væru uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer, ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
IRAN AIR ([4])	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför, að undan-skildum fjórtán loftförum af tegundinni Airbus A300, átta loftförum af tegundinni Airbus A310, einu loftfari af tegundinni Boeing B737.	Öll loftför, að undanskildum EP-IBA, EP-IBB, EP-IBC, EP-IBD, EP-IBG, EP-IBH, EP-IBI, EP-IBJ, EP-IBM, EP-IBN, EP-IBO, EP-IBS, EP-IBT, EP-IBV, EP-IBX, EP-IBZ, EP-ICE, EP-ICF, EP-IBK, EP-IBL, EP-IBP, EP-IBQ, EP-AGA.	Íslamska lýðveldið Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/ KOR-01	KOR	Lýðveldið Kórea	Öll loftför, að undan-skildum tveimur loftförum af tegundinni TU-204	Öll loftför, að undanskildum P-632, P-633.	Lýðveldið Kórea
AIR MADAGASCAR	5R-M01/2009	MDG	Madagaskar	Öll loftför, að undan-skildum þremur loftförum af tegundinni Boeing B737-300, tveimur loftförum af tegundinni ATR 72-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-320 og þremur loftförum af tegundinni DHC 6-300	Öll loftför, að undan-skildum 5R-MFH, 5R-MFI, 5R-MFL, 5R-MJE, 5R-MJF, 5R-MJG, 5R-MVT, 5R-MGC, 5R-MGD, 5R-MGF.	Lýðveldið Madagaskar

([1]) Flugrekandanum Air Astana er einungis heimilt að nota tilgreindar tegundir loftfara, svo framarlega sem þessi loftför eru skráð í Arúba og allar breytingar á flugrekandaskírteininu eru lagðar fram tímanlega fyrir framkvæmdastjórnina og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu.

([2]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfrækslustig hans innan Sambandsins.

([3]) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfrækslustig hans innan Sambandsins.

([4]) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Sambandsins með því að nota tilgreind loftför með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 590/2010 (Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 15).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 697/2014 2014/EES/73/59

frá 24. júní 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 906/2009 að því er varðar gildistíma hennar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 246/2009 frá 26. febrúar 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) ([1]), einkum 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 ([2]) er áætlunarskipafélögum veitt hópundanþága frá banninu sem felst í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Sú reglugerð fellur úr gildi 25. apríl 2015 í samræmi við fimm ára hámarksgildistímann sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 246/2009. Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar af að beita hópundanþágu virðast rökin fyrir hópundanþágu fyrir skipafélagasamtök enn vera gild og skilyrðin, sem lágu til grundvallar ákvörðun um gildissvið og efni reglugerðar (EB) nr. 906/2009, ekki hafa tekið umtalsverðum breytingum.

2) Með reglugerð (EB) nr. 906/2009 voru reglur sem gilda um skipafélagasamtök einfaldaðar og gerðar voru umtalsverðar breytingar á þeim. Þar sem nýr lagarammi hefur aðeins verið í gildi í stuttan tíma ætti að forðast frekari breytingar á þessu stigi. Þannig má forðast aukinn kostnað rekstraraðila í atvinnugreininni við að fylgja reglunum.

3) Því ber að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 906/2009 um fimm ár.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað „25. apríl 2015“ í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 906/2009 komi „25. apríl 2020“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá og með 25. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 25.3. 2009, bls. 1. Frá og með 1. desember 2009 urðu 81. og 82. gr. EB-sáttmálans að 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1174/2013 2014/EES/73/60

frá 20. nóvember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 10 og 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 27 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Alþjóðareikningsskilaráðið birti í október 2012 breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil,* IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* og IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil*. IFRS-staðli 10 hefur verið breytt til að endurspegla betur viðskiptalíkan fjárfestingareininga. Það krefst þess að fjárfestingareiningar meti dótturfélög sín á gangvirði í rekstrarreikningi frekar en að taka þau með í samstæðureikningsskil. IFRS-staðli 12 hefur verið breytt til að krefjast birtingar tiltekinna upplýsinga um slík dótturfélög fjárfestingareininga. Breytingarnar á IAS-staðli 27 fjarlægðu einnig möguleikann fyrir fjárfestingareiningar til að meta fjárfestingar í tilteknum dótturfélögum annaðhvort á kostnaðarverði eða gangvirði í aðgreindum reikningsskilum sínum. Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27 fela þess vegna í sér breytingar á IFRS-staðli 1, IFRS-staðli 3, IFRS-staðli 7, IAS-staðli 7, IAS-staðli 12, IAS-staðli 24, IAS-staðli 32, IAS-staðli 34 og IAS-staðli 39 til að tryggja samræmi á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

3) Breytingarnar á IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 og tilteknum síðari breytingum á öðrum stöðlum fela í sér tilvísanir í IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*, sem ekki er hægt að beita nú þar sem IFRS-staðall 9 hefur ekki verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9 eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39.

4) Með samráði við sérfræðingahóp Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

b) IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 21.11.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

c) alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

d) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf,* IAS-staðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi*, IAS-staðli 12, *tekjuskattar*, IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila*, IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, IAS-staðli 34, árshlutareikningsskil og IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* er breytt í samræmi við breytingarnar á IFRS-staðli 10, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar* ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2014 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS 10	**IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil***
IFRS 12	**IFRS-staðall 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum***
IAS-staðall 27	**IAS-staðall 27, *aðgreind reikningsskil***

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóða-reikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“

Fjárfestingareiningar

(Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27)

Breytingar á IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*

Ákvæðum 2. og 4. liðar er breytt.

2 Í því skyni að uppfylla markmiðið í 1. lið felur þessi IFRS-staðall í sér:

a) …

c) lýsingu á því hvernig skal beita meginreglunni um yfirráð til að greina hvort fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í og skuli því taka félagið sem fjárfest er í með í samstæðureikningsskil,

d) kröfurnar um reikningsskil við gerð samstæðureikningsskila, og

e) skilgreiningu á fjárfestingareiningu og setur fram undanþágu frá því að taka með í samstæðu tiltekin dótturfélög fjárfestingareiningar.

3 …

4 Eining sem er móðurfélag skal setja fram samstæðureikningsskil. Þessi IFRS-staðall gildir um allar einingar, nema í eftirfarandi tilvikum:

a) …

c) fjárfestingareining þarf ekki að leggja fram samstæðureikningsskil ef þess er krafist, í samræmi við 31. lið þessa IFRS-staðals, að hún meti öll dótturfélög sín á gangvirði í rekstrarreikningi.

Á eftir lið 26 er nýjum fyrirsögnum og liðum 27–33 bætt við.

ÁKVÖRÐUN Á ÞVÍ HVORT EINING SÉ FJÁRFESTINGAREINING

27 Móðurfélag skal ákvarða hvort það sé fjárfestingareining. Fjárfestingareining er eining sem:

a) fær fjármagn frá einum eða fleiri fjárfestum í þeim tilgangi að veita viðkomandi fjárfesti eða fjárfestum þjónustu á sviði fjárfestingarstýringar,

b) skuldbindur sig gagnvart fjárfesti eða fjárfestum sínum að tilgangur viðskipta hennar sé eingöngu að fjárfesta til að ná fram verðmætisaukningu, fjárfestingartekjum, eða bæði, og

c) mælir og metur árangur nánast allra fjárfestinga sinna á gangvirði.

Ákvæði liða B85A–B85M veita leiðbeiningar um beitingu í þessu samhengi.

28 Við mat á því hvort hún fellur að skilgreiningunni sem lýst er í 27. lið skal eining taka til athugunar hvort hún hafi eftirfarandi dæmigerð einkenni fjárfestingareiningar:

a) hún á fleiri en eina fjárfestingu (sjá liði B85O–B85P),

b) hún hefur fleiri en einn fjárfesti (sjá liði B85Q–B85S),

c) fjárfestar hennar eru aðilar sem ekki eru tengdir einingunni (sjá liði B85T–B85U), og

d) hún á eignarhluti í formi eigin fjár eða sambærilegra hagsmuna (sjá liði B85V–B85W).

Ef ekkert þessara dæmigerðu einkenna er fyrir hendi kemur það ekki endilega í veg fyrir að flokka megi einingu sem fjárfestingareiningu. Fjárfestingareining sem hefur ekki öll þessi dæmigerðu einkenni veitir viðbótarupplýsingar sem krafist er í lið 9A í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

29 Ef málsatvik og aðstæður gefa til kynna að breytingar séu á einum eða fleiri af þessum þremur þáttum sem mynda skilgreininguna á fjárfestingareiningu, eins og lýst er í 27. lið, eða dæmigerðum einkennum fjárfestingareiningar, eins og lýst er í 28. lið, skal móðurfélag endurmeta hvort það sé fjárfestingareining.

30 Móðurfélag sem annaðhvort hættir að vera fjárfestingareining eða verður fjárfestingareining skal gera grein fyrir breyttri stöðu sinni framvirkt frá þeim degi sem breytingin á sér stað (sjá liði B100–B101).

FJÁRFESTINGAREININGAR: UNDANÞÁGA FRÁ SAMSTÆÐUREIKNINGSSKILUM

31 Að undanskildu hvernig lýst er í 32. lið skal fjárfestingareining hvorki taka dótturfélög sín með í samstæðureikningsskil né beita IFRS-staðli 3 er hún öðlast yfirráð yfir annarri einingu. Í stað þess skal fjárfestingareining meta fjárfestingu í dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi eða í samræmi við IFRS-staðal 9([3]).

32 Þrátt fyrir kröfuna í 31. lið skal fjárfestingareining, eigi hún dótturfélag sem veitir þjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi fjárfestingareiningarinnar (sjá liði B85C–B85E), taka viðkomandi dótturfélag með í samstæðureikningsskil í samræmi við liði 19–26 í þessum IFRS-staðli og beita kröfum IFRS-staðals 3 við kaup á öllum slíkum dótturfélögum.

33 Móðurfélag fjárfestingareiningar skal taka með í samstæðureikningsskil allar einingar sem það hefur yfirráð yfir, þ.m.t. þær sem það stjórnar fyrir milligöngu dótturfélags fjárfestingareiningar, nema móðurfélagið sjálft sé fjárfestingareining.

Nýrri skilgreiningu er bætt við í viðbæti A.

samstæða …

fjárfestingareining Eining sem:

a) fær fjármagn frá einum eða fleiri fjárfestum í þeim tilgangi að veita viðkomandi fjárfesti eða fjárfestum þjónustu á sviði fjárfestingarstýringar,

b) skuldbindur sig gagnvart fjárfesti eða fjárfestum sínum að tilgangur viðskipta hennar sé eingöngu að fjárfesta til að ná fram verðmætisaukningu, fjárfestingartekjum, eða bæði, og

c) mælir og metur árangur nánast allra fjárfestinga sinna á gangvirði.

Í viðbæti B, er bætt við fyrirsögn og liðum B85A–B85W.

ÁKVÖRÐUN Á ÞVÍ HVORT EINING SÉ FJÁRFESTINGAREINING

B85A Eining skal taka til athugunar öll málsatvik og aðstæður við mat á því hvort hún sé fjárfestingareining, þ.m.t. tilgang hennar og gerð. Eining sem hefur til að bera alla þrjá þætti skilgreiningarinnar á fjárfestingareiningu, sem sett er fram í 27. lið, er fjárfestingareining. Liðir B85B–B85M lýsa þáttum skilgreiningarinnar í smáatriðum.

Tilgangur viðskipta

B85B Skilgreiningin á fjárfestingareiningu krefst þess að tilgangur einingarinnar sé að fjárfesta eingöngu í tilgangi verðmætisaukningar, fjárfestingartekna (s.s. arðs, vaxta eða leigutekna), eða bæði. Gögn sem gefa til kynna fjárfestingarmarkmið einingarinnar, s.s. útboðsskilmálar einingarinnar, útgefið efni einingarinnar og önnur gögn fyrirtækja eða samstarfsaðila, veita yfirleitt vísbendingu um tilgang viðskipta fjárfestingareiningar. Nánari vísbendingar geta m.a. falist í því með hvaða hætti eining kynnir sig gagnvart öðrum aðilum (s.s. mögulegum fjárfestum eða félögum sem mögulega er fjárfest í); til dæmis getur eining kynnt starfsemi sína sem fjárfestingu til meðallangs tíma í tilgangi verðmætisaukningar. Aftur á móti er tilgangur viðskipta einingar, sem kynnir sig sem fjárfestir sem hefur það markmið að þróa, framleiða eða markaðssetja afurðir í samstarfi við félögin sem fjárfest er í, ekki í samræmi við tilgang viðskipta fjárfestingareiningar vegna þess að einingin mun njóta ávöxtunar af þróunar-, framleiðslu- eða markaðsstarfsemi auk ávöxtunar af fjárfestingum sínum (sjá lið B85I).

B85C Fjárfestingareining getur veitt þriðju aðilum og fjárfestum fjárfestingartengda þjónustu (þ.e. fjárfestingarráðgjöf, fjárfestingarstýringu, fjárfestingarstuðning og stjórnsýsluþjónustu), annað hvort beint eða fyrir milligöngu dótturfélags, einnig þegar þessi starfsemi er veruleg fyrir einingunа.

B85D Fjárfestingareining getur einnig tekið þátt í eftirfarandi fjárfestingatengdri starfsemi, annað hvort beint eða fyrir milligöngu dótturfélags, ef þessi starfsemi er í þeim tilgangi að hámarka ávöxtun fjárfestinga (verðmætisaukning eða fjárfestingartekjur) í félögunum sem hún fjárfestir í og eru ekki aðskilin verulegri atvinnustarfsemi eða aðskilinn verulegur tekjustofn fjárfestingareiningarinnar:

a) sem veitir félagi sem fjárfest er í stjórnunarþjónustu og stefnumótandi ráðgjöf, og

b) sem veitir félagi sem fjárfest er í fjárstuðning, s.s. lán, fjármagnsskuldbindingu eða ábyrgð.

([3]) Í lið C7 í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* kemur fram að „þeiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanir í þessum IFRS-staðli í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*“

B85E Ef fjárfestingareining á dótturfélag sem veitir henni eða öðrum aðilum fjárfestingartengda þjónustu eða stundar fjárfestingartengda starfsemi, svo sem þá sem lýst er í liðum B85C–B85D, skal hún taka viðkomandi dótturfélag með í samstæðureikningsskil í samræmi við 32. lið.

Útgönguáætlanir

B85F Fjárfestingaráætlanir einingar gefa einnig vísbendingu um tilgang viðskipta hennar. Einn þáttur sem aðgreinir fjárfestingareiningu frá öðrum einingum er að fjárfestingareining ætlar sér ekki að eiga fjárfestingu sína um óákveðinn tíma; hún á þær í takmarkaðan tíma. Vegna þess að mögulegt er að eiga fjárfestingar í hlutabréfum og eignum sem eru ekki fjáreign í ótakmarkaðan tíma skal fjárfestingareining hafa útgönguáætlun sem segir til um með hvaða hætti einingin áætlar að innleysa verðmætisaukningu nær allra hlutabréfafjárfestinga sinna og fjárfestinga í eignum sem eru ekki fjáreign. Fjárfestingareining skal einnig hafa útgönguáætlun vegna allra skuldagerninga sem mögulegt er að eiga í ótakmarkaðan tíma, t.d. ótímabundinna skuldafjárfestinga. Einingin þarf ekki að skjalfesta tilteknar útgönguáætlanir fyrir sérhverja fjárfestingu en skal skilgreina mismunandi mögulegar áætlanir fyrir mismunandi tegundir fjárfestingasafna, þ.m.t. efnislegan tímaramma fyrir núverandi fjárfestingar. Útgönguáætlanir sem eru aðeins gerðar vegna vanskilaatburða, s.s. samningsbrota eða vanefnda, teljast ekki vera útgönguáætlanir að því er varðar þetta mat.

B85G Útgönguáætlanir geta verið mismunandi eftir tegund fjárfestingar. Að því er varðar fjárfestingar í óskráðum hlutabréfatengdum verðbréfum eru dæmi um útgönguáætlanir m.a. fyrsta útboð verðbréfa, lokað útboð, sala fyrirtækis, úthlutun eignarhluta í félögum sem fjárfest hefur verið í (til fjárfesta) og sala eigna (þ.m.t. sala á eignum félags sem fjárfest hefur verið í eftir að því félagi hefur verið slitið). Að því er varðar hlutabréfafjárfestingar sem viðskipti eru með á opinberum markaði eru dæmi um útgönguáætlanir m.a. sala á fjárfestingunni í lokuðu útboði eða á opinberum markaði. Að því er varðar fjárfestingar í fasteignum er dæmi um útgönguáætlun sala fasteignarinnar fyrir milligöngu sérhæfðs eignasala eða á opnum markaði.

B85H Fjárfestingareining getur átt fjárfestingu í annarri fjárfestingareiningu sem myndast í tengslum við einingunа af ástæðum á sviði laga, reglusetningar, skatta eða svipaðra viðskipta. Ef svo er þarf fjárfestingareiningin ekki að hafa útgönguáætlun fyrir þá fjárfestingu, að því tilskildu að félagið sem fjárfestingareiningin hefur fjárfest í hafi viðeigandi útgönguáætlanir fyrir sínar fjárfestingar.

Tekjur af fjárfestingum

B85I Eining fjárfestir ekki eingöngu til að ná fram verðmætisaukningu, fjárfestingartekjum, eða bæði, ef einingin eða annar aðili samstæðunnar, sem einingin er hluti af (þ.e. samstæðunnar sem er undir yfirráðum endanlegs móðurfélags fjárfestingareiningarinnar), öðlast eða hefur það að markmiði að öðlast ávinning af fjárfestingum einingarinnar, sem ekki er aðgengilegur öðrum aðilum sem ekki eru tengdir félaginu sem fjárfest er í. Slíkur ávinningur er m.a.:

a) kaup, notkun, miðlun eða nýting á ferlum, eignum eða tækni félags sem fjárfest er í. Þar með telst ef einingin eða annar aðili samstæðunnar hefur ótilhlýðilegan rétt eða einkarétt á að kaupa eignir, tækni, afurðir eða þjónustu félags sem fjárfest er í; t.d. með því að eiga forkaupsrétt á eign af félagi sem fjárfest er í ef þróun eignarinnar telst árangursrík,

b) sameiginlegt fyrirkomulag (eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 11) eða annað fyrirkomulag milli einingarinnar eða annars aðila samstæðunnar og félags sem fjárfest er í um að þróa, framleiða, markaðssetja eða bjóða afurðir eða þjónustu,

c) fjárhagslegar tryggingar eða eignir sem félag sem fjárfest er í leggur fram sem tryggingu fyrir lántöku einingarinnar eða annars aðila samstæðunnar (fjárfestingareining getur þó áfram notað fjárfestingu í félagi sem fjárfest er í sem tryggingu fyrir lántökur sínar),

d) vilnun í eigu aðila, sem tengdur er einingunni, er veitir viðkomandi aðila rétt til að kaupa af einingunni eða öðrum aðila samstæðunnar eignarhlut í félagi sem einingin hefur fjárfest í,

e) að undanskildum eins og lýst er í lið B85J, viðskiptum á milli einingarinnar og annars aðila samstæðunnar og félags sem fjárfest er í sem:

i. eru með skilyrðum sem einingar, sem ekki eru tengdir aðilar annað hvort einingarinnar, annars aðila samstæðunnar eða félagsins sem fjárfest er í, geta ekki uppfyllt,

ii. eru ekki á gangvirði, eða

iii. eru verulegur hluti af atvinnustarfsemi félagsins sem fjárfest er í eða einingarinnar, þ.m.t. atvinnustarfsemi annarra eininga samstæðunnar.

B85J Fjárfestingareining getur haft áætlun um að fjárfesta í fleiri en einu félagi innan sömu atvinnugreinar, sama markaðar eða sama landsvæðis til að hafa hag af samlegðaráhrifum sem auka verðmætisaukningu og fjárfestingartekjur af þessum félögum sem fjárfest er í. Þrátt fyrir lið B85I(e) er eining ekki ótæk til flokkunar sem fjárfestingareining einungis vegna þess að slík félög sem fjárfest er í eiga viðskipti hvert við annað.

Gangvirðismat

B85K Mikilvægur þáttur skilgreiningarinnar á fjárfestingareiningu er að hún mælir og metur árangur nær allra fjárfestinga einingarinnar á gangvirði, vegna þess að notkun gangvirðis veitir meira viðeigandi upplýsingar en, t.d. það að taka dótturfélög hennar með í samstæðureikningsskil eða notkun hlutdeildaraðferðar vegna hagsmuna hennar í samstarfsfyrirtækjum eða samrekstri. Til að sýna fram á að hún uppfylli þennan þátt skilgreiningarinnar skal fjárfestingareining:

a) veita fjárfestum upplýsingar um gangvirði og meta nær allar fjárfestingar sínar á gangvirði í reikningsskilum sínum þegar gangvirðis er krafist eða heimilað í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og

b) veita upplýsingar um gangvirði til lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum innan einingarinnar (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24), sem notar gangvirði sem helstu eigindina við mælingu árangurs nær allra fjárfestinga sinna og til að taka ákvarðanir um fjárfestingar.

B85L Til að uppfylla kröfurnar í a-lið B85K myndi fjárfestingareining:

a) kjósa að gera grein fyrir öllum fjárfestingareignum með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir*,

b) kjósa að beita undanþágunni frá því að nota hlutdeildaraðferðina í IAS-staðli 28 að því er varðar fjárfestingar sínar í hlutdeildarfélögum og samrekstri og

c) meta fjáreignir sínar á gangvirði með því að beita kröfunum sem settar eru fram í IFRS-staðli 9.

B85M Fjárfestingareining getur átt einhverjar eignir sem eru ekki fjárfestingareignir, s.s. aðalskrifstofu og tengdan búnað, og getur einnig átt fjárskuldbindingar. Sá þáttur skilgreiningarinnar á fjárfestingareiningu í c-lið 27. liðar sem er gangvirðismatið á við um fjárfestingar fjárfestingareiningar. Til samræmis við það þarf fjárfestingareining hvorki að meta eign sem ekki er fjárfestingareign né skuldbindingar sínar á gangvirði.

Dæmigerð einkenni fjárfestingareiningar

B85N Við ákvörðun á því hvort eining uppfyllir skilgreininguna á fjárfestingareiningu skal hún taka til athugunar hvort hún hafi dæmigerð einkenni slíkrar einingar (sjá lið 28). Þrátt fyrir að eitt eða fleiri þessara dæmigerðu einkenna séu ekki fyrir hendi kemur það ekki endilega í veg fyrir að unnt sé að flokka einingu sem fjárfestingareiningu, en gefur þó til kynna að krafist sé frekari mats við ákvörðun á því hvort eining sé fjárfestingareining.

Fleiri en ein fjárfesting

B85O Fjárfestingareining á venjulega margar fjárfestingar til að dreifa áhættu sinni og hámarka ávöxtun sína. Eining getur átt eignasafn fjárfestinga beint eða óbeint, t.d. með því að eiga eina fjárfestingu í annarri fjárfestingareiningu sem síðan á margar fjárfestingar.

B85P Það getur komið tími þar sem einingin á eina fjárfestingu. Það kemur þó ekki endilega í veg fyrir að eining uppfylli skilgreininguna á fjárfestingareiningu. Fjárfestingareining getur t.d. átt eina fjárfestingu þegar einingin:

a) er á byrjunarstigi sínu og hefur ekki enn skilgreint viðeigandi fjárfestingar og hefur því ekki enn framkvæmt fjárfestingaráætlun sína sem felst í kaupum á mörgum fjárfestingum,

b) hefur ekki enn framkvæmt aðrar fjárfestingar sem er ætlað að koma í stað þeirra sem hefur verið ráðstafað,

c) er stofnuð til að safna fjármagni fjárfesta í því skyni að fjárfesta í einni fjárfestingu þegar sú fjárfesting er óaðgengileg stökum fjárfestum (t.d. ef sú lágmarksfjárfesting sem er krafist er of mikil fyrir staka fjárfesta), eða

d) er í skiptameðferð.

Fleiri en einn fjárfestir

B85Q Dæmigert er að fjárfestingareining hafi marga fjárfesta sem myndu safna saman fjármagni sínu til að fá aðgang að fjárfestingastýringarþjónustu og fjárfestingartækifærum sem þeir gætu ekki haft aðgang að hver fyrir sig. Þegar fjárfestarnir eru margir er það ólíklegra að einingin, eða aðrir aðilar samstæðunnar sem einingin er hluti af, hafi annan ávinning en verðmætisaukningu eða fjárfestingartekjur (sjá lið B85I).

B85R Á hinn bóginn er mögulegt að fjárfestingareining sé stofnuð af einum fjárfesti, eða fyrir einn fjárfesti, sem er í forsvari fyrir eða styður hagsmuni stærri hóps fjárfesta (t.d. lífeyrissjóðs, fjárfestingarsjóðs ríkis eða fjölskyldusjóðs).

B85S Það geta einnig komið tímar þar sem einingin hefur tímabundið aðeins einn fjárfesti. Fjárfestingareining getur t.d. haft aðeins einn fjárfesti þegar einingin:

a) er á tímabili fyrsta útboðs, sem ekki er lokið og einingin er að auðkenna viðeigandi fjárfesta,

b) hefur ekki enn auðkennt viðeigandi fjárfesta sem ætlað er að koma í stað eignarhluta sem hafa verið innleystir, eða

c) er í skiptameðferð.

Ótengdir fjárfestar

B85T Dæmigert er að fjárfestingareining hafi marga fjárfesta sem eru ekki tengdir aðilar (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 24) einingarinnar eða annarra aðila samstæðunnar sem einingin er hluti af. Þegar fjárfestarnir eru ótengdir er það ólíklegra að einingin, eða aðrir aðilar samstæðunnar sem einingin er hluti af, hafi annan ávinning en verðmætisaukningu eða fjárfestingartekjur (sjá lið B85I).

B85U Þó getur eining enn flokkast sem fjárfestingareining þótt fjárfestar hennar séu tengdir einingunni. Eining getur t.d. komið á fót aðgreindum „hliðstæðum“ sjóði fyrir hóp af starfsfólki sínu (s.s. lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum) eða aðra aðila, sem tengdir eru fjárfestinum eða fjárfestunum, sem endurspeglar fjárfestingar helsta fjárfestingarsjóðs einingarinnar. Þessi „hliðstæði“ sjóður getur flokkast sem fjárfestingareining jafnvel þótt allir fjárfestar hans séu tengdir aðilar.

Eignarhlutir

B85V Fjárfestingareining er venjulega sérstakur lögaðili, en þess er þó ekki krafist að hann sé það. Eignarhlutir í fjárfestingareiningu eru venjulega í formi eigin fjár eða sambærilegra hagsmuna (t.d. hlutdeild í samrekstri), sem veitir rétt á hreinni eign fjárfestingareiningarinnar í réttu hlutfalli við eignarhlutann. Þrátt fyrir að eining hafi mismunandi flokka fjárfesta, sem sumir eiga aðeins rétt á tilteknum fjárfestingum eða hópi fjárfestinga eða eiga mismunandi mikla hlutdeild í hreinu eignunum, kemur það ekki í veg fyrir að hún geti verið fjárfestingareining.

B85W Þar að auki má enn flokka einingu, sem á verulegan eignarhlut í formi skuldar, sem í samræmi við aðra gildandi IFRS-staðla uppfyllir ekki skilgreininguna á eigin fé, sem fjárfestingareiningu, að því tilskildu að eigandi skuldarinnar beri áhættu gagnvart breytilegri ávöxtun vegna breytinga á gangvirði hreinna eigna einingarinnar.

Í viðbæti B, er bætt við fyrirsögn og liðum B100–B101.

REIKNINGSSKIL VEGNA BREYTINGAR Á STÖÐU FJÁRFESTINGAREININGAR

B100 Ef eining hættir að vera fjárfestingareining skal hún beita IFRS-staðli 3 að því er varðar öll dótturfélög sem áður voru færð á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við 31. lið. Dagsetning breytingarinnar á stöðu telst vera dagurinn sem álitinn er kaupdagurinn. Gangvirði dótturfélagsins á álitnum kaupdegi skal vera yfirfært álitið endurgjald við mat á allri viðskiptavild eða öllum ávinningi af hagstæðum kaupum sem leiðir af álitnu kaupunum. Öll dótturfélög skulu tekin með í samstæðureikningsskil í samræmi við liði 19–24 í þessum IFRS-staðli frá þeim degi sem breyting verður á stöðu.

B101 Ef eining verður fjárfestingareining skal hún láta af því að taka dótturfélög sín með í samstæðureikningsskil daginn sem breytingin verður á stöðu hennar, nema að því er varðar öll dótturfélög sem áfram skal taka með í samstæðureikningsskil í samræmi við 32. lið. Fjárfestingareiningin skal beita kröfunum sem settar eru fram í 25. og 26. lið á þau dótturfélög sem hún hættir að taka með í samstæðureikningsskilin eins og fjárfestingareiningin hefði misst yfirráð yfir viðkomandi dótturfélögum á þeim degi.

Nýjum lið C1B er bætt við í viðbæti C.

C1B *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breytti liðum 2, 4, C2A, C6A og viðbæti A og bætti við liðum 27–33, B85A–B85W, B100–B101 og C3A–C3F. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún birta upplýsingar um það og beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

Í viðbæti C er lið C2A breytt.

C2A Þrátt fyrir kröfurnar í 28. lið IAS-staðals 8, þarf eining, þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn, og, ef það á sér stað síðar, þegar breytingunum á þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er varða *Fjárfestingareiningar* er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan þeim degi þegar þessum IFRS-staðli var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir fyrri samanburðartímabil, en þess er ekki krafist.

Í viðbæti C er liðum C3A–C3F bætt við.

C3A Við dagsetningu upphaflegrar beitingar skal eining meta hvort hún sé fjárfestingareining á grundvelli allra málsatvika og aðstæðna sem eiga við á þeirri dagsetningu. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu við dagsetningu upphaflegrar beitingar skal hún beita kröfunum sem settar eru fram í liðum C3B–C3F í stað krafnanna sem settar eru fram í liðum C5–C5A.

C3B Nema að því er varðar öll dótturfélög sem tekin eru með í samstæðureikningsskil í samræmi við 32. lið (sem liðir C3 og C6 eða liðir C4–C4C, eftir því sem á við, gilda um), skal fjárfestingareining meta fjárfestingu sína í hverju og einu dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi eins og kröfurnar í þessum IFRS-staðli hafi ávallt verið í gildi. Fjárfestingareiningin skal leiðrétta afturvirkt bæði næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar og eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins, með tilliti til alls mismunar á:

a) fyrra bókfærðu verði dótturfélagsins og

b) gangvirði fjárfestingar fjárfestingareiningarinnar í dótturfélaginu.

Uppsöfnuð fjárhæð allra leiðréttinga á gangvirði, sem áður voru færðar undir heildarafkomu, skal færa á óráðstafað eigið fé við upphaf næstliðna árlega tímabilsins fyrir upphafsdag beitingarinnar.

C3C Fyrir dagsetninguna sem IFRS-staðall 13, *gangvirðismat* er samþykktur skal fjárfestingareining nota gangvirðisfjárhæðirnar sem áður voru tilkynntar fjárfestum eða stjórn, ef þessar fjárhæðir sýna fjárhæðina sem hefði verið mögulegt að selja fjárfestinguna fyrir í viðskiptum milli ótengdra, upplýstra aðila sem voru fúsir til viðskiptanna á matsdeginum.

C3D Ef ekki er hægt að framkvæma mat á fjárfestingu í dótturfélagi, í samræmi við liði C3B–C3C (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestingareining beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita liðum C3B–C3C, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið sé yfirstandandi tímabil. Ef svo er skal leiðréttingin á eigin fé færð við upphaf yfirstandandi tímabils.

C3E Ef fjárfestingareining hefur ráðstafað, eða misst yfirráð yfir, fjárfestingu í dótturfélagi fyrir þá dagsetningu sem þessum IFRS-staðli er fyrst beitt er þess ekki krafist að fjárfestingareiningin leiðrétti fyrri reikningsskil vegna þeirrar fjárfestingar.

C3F Ef eining beitir breytingunum á *Fjárfestingareiningar* fyrir síðara tímabil en það þegar hún beitir IFRS-staðli 10 í fyrsta sinn skal lesa tilvísanir í „dagsetningu upphaflegrar beitingar“ í liðum C3A–C3E sem „upphaf árlegs skýrslutímabils þegar breytingunum í *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, er beitt í fyrsta sinn.“

Í viðbæti C er lið C6A breytt.

C6A Þrátt fyrir tilvísanir í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar („næstliðna tímabilið“) í liðum C3B–C5A, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem sett eru fram, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C3B–C5A sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

Viðbætir

Síðari breytingar á öðrum stöðlum

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum stöðlum sem eru afleiðing af útgáfu Alþjóðareikningsskilaráðsins á Fjárfestingareiningar *(breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27). Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita* Fjárfestingareiningar *fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún beita öllum breytingunum sem um getur í Fjárfestingareiningar* á sama tíma. *Breyttir liðir eru sýndir með þeim hætti að nýr texti er undirstrikaður og texti, sem hefur verið felldur brott, er yfirstrikaður.*

IFRS-staðall 1 *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Bætt er við lið 39T.

39T *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefið í október 2012, breytti liðum D16, D17 og viðbæti C og bætti við fyrirsögn og liðum E6–E7. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

Viðbæti C er breytt.

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Eining skal beita kröfunum gagnvart sameiningu fyrirtækja sem einingin færði fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla. Þessum viðbæti skal aðeins beita á sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, sameining fyrirtækja.

Í viðbæti D er liðum D16–D17 breytt.

D16 Ef dótturfélag beitir stöðlunum í fyrsta sinn síðar en móðurfélag þess skal dótturfélagið meta eignir og skuldir í eigin reikningsskilum annaðhvort á:

a) bókfærðu verði, sem talið væri með í samstæðureikningsskilum móðurfélagsins, miðað við þann dag sem móðurfélagið skipti yfir í IFRS-staðla ef engar leiðréttingar voru gerðar varðandi aðferðir við samstæðureikningsskil og varðandi áhrif sameiningar fyrirtækja, þegar móðurfélagið yfirtók dótturfélagið (þetta val er ekki í boði sé dótturfélag í eigu fjárfestingareiningar, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, og þess er krafist að það sé fært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning), eða

b) …

D17 Ef rekstrareining beitir stöðlunum í fyrsta sinn síðar en dótturfélag hennar (eða hlutdeildarfélag eða samrekstur) skal rekstrareiningin þó meta eignir og skuldir dótturfélagsins (eða hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins) í samstæðureikningsskilum sínum á sama bókfærða verði og í reikningsskilum dótturfélagsins (eða hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins) eftir að leiðrétt hefur verið með tilliti til samstæðureikningsskila og hlutdeildaraðferðar og með tilliti til áhrifa af sameiningu fyrirtækjanna þegar einingin yfirtók dótturfélagið. Þrátt fyrir þessa kröfu má eining, sem ekki er fjárfestingareining, ekki beita undanþágunni frá samstæðureikningsskilum sem eitthvað af dótturfélögum fjárfestingareiningar notar. …

Í viðbæti E, á eftir lið E5, er bætt við fyrirsögn og liðum E6–E7.

Fjárfestingareiningar

E6 Notandi, sem er móðurfélag er beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, skal meta hvort hann sé fjárfestingareining, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem voru fyrir hendi á þeim degi sem skipt var yfir í notkun IFRS-staðla.

E7 Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, og er fjárfestingareining, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, getur beitt umbreytingarákvæðunum í liðum C3C–C3D í IFRS-staðli 10 og liðum 18C–18G í IAS-staðli 27 ef fyrstu reikningsskil notandans samkvæmt IFRS-stöðlum eru fyrir árlegt tímabil sem lýkur 31. desember 2014 eða fyrr. Lesa skal tilvísanir í þessum liðum í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar sem fyrsta árlega tímabilið sem sett er fram. Af þessum sökum skal lesa tilvísanir í þessum liðum sem þann dag sem einingin skiptir yfir í IFRS-staðla.

IFRS-staðall 3 S*ameining fyrirtækja*

Ákvæðum 7. liðar er breytt og lið 2A og 64G er bætt við.

2A Kröfurnar í þessum staðli gilda ekki um kaup fjárfestingareiningar, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil,* á fjárfestingu í dótturfélagi sem krafist er að færð sé á gangvirði í rekstrarreikningi.

7 Nota skal leiðbeiningarnar í IFRS-staðli 10 til að greina yfirtökuaðilann …

64G *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 7. lið og bættu við lið 2A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IFRS-staðall 7 *Fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

Ákvæðum 3. liðar er breytt og lið 44X er bætt við.

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, aðgreind reikningsskil eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er þess þó krafist eða heimilað í IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að eining færi hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9; í þeim tilvikum skulu einingar beita kröfunum í þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli og, fyrir þá hlutdeild sem færð er á gangvirði, kröfurnar sem eru settar fram í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*. Einingar skulu einnig beita þessum IFRS-staðli á allar afleiður sem tengjast hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri nema afleiðan samræmist skilgreiningunni á eiginfjárgerningi í IAS-staðli 32.

44X *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 3. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningum* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IAS-staðall 7 *Yfirlit um sjóðstreymi*

Liðum 42A og 42B er breytt og liðum 40A og 58 er bætt við.

40A Fjárfestingareining, eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* þarf ekki að beita c-lið 40. liðar eða d-lið 40. liðar á fjárfestingu í dótturfélagi, sem krafist er að færð sé á gangvirði í rekstrarreikningi.

42A Sjóðstreymi sem stafar af breytingum á eignarhaldi á dótturfélagi sem leiðir ekki til taps á yfirráðum skal flokkað sem sjóðstreymi sem stafar af fjármögnunarhreyfingum, nema dótturfélagið sé í eigu fjárfestingareiningar og þess er krafist að það sé fært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

42B Breytingar á eignarhaldi á dótturfélagi sem leiða ekki til taps á yfirráðum, s.s. síðari kaup eða sala móðurfélags á eiginfjárgerningum dótturfélags, eru skráðar sem viðskipti með eigið fé (sjá IFRS-staðal 10) nema dótturfélagið sé í eigu fjárfestingareiningar og þess er krafist að það sé fært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Í samræmi við það er sjóðstreymið sem verður til flokkað á sama hátt og önnur viðskipti við eigendur sem lýst er í 17. lið.

58 *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu liðum 42A og 42B og bættu við lið 40A Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IAS-staðall 12 *Tekjuskattar*

Lið 58 og 68C er breytt og lið 98C er bætt við.

58 Færa skal skammtímaskatt og frestaðan skatt sem tekjur eða gjöld og telja með í hagnaði eða tapi tímabilsins nema að því marki sem skatturinn stafar af:

a) …

b) sameiningu fyrirtækja (annarri en yfirtöku fjárfestingareiningar, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil,* á dótturfélagi sem krafist er að færð séu á gangvirði í rekstrarreikningi) (sjá liði 66 til 68).

68C Eins og fram kemur í lið 68A kann fjárhæð skattfrádráttar (eða áætlaður skattfrádráttur í framtíðinni mældur í samræmi við lið 68B) að vera önnur en gjöld vegna tengdrar uppsafnaðrar þóknunar. Í 58. lið staðalsins er þess krafist að færa skuli skammtímaskatt og frestaðan skatt sem tekjur eða gjöld og telja með í hagnaði eða tapi tímabilsins nema að því marki sem skatturinn stafar af a) viðskiptum eða atburði, sem er færður utan rekstrarreiknings á sama tímabili eða öðru, eða b) sameiningu fyrirtækja (annarri en kaup fjárfestingareiningar á dótturfélagi sem krafist er að færð séu á gangvirði í rekstrarreikningi). Ef fjárhæð skattfrádráttar (eða áætlaður skattfrádráttur í framtíðinni) er hærri en fjárhæð gjalda vegna tengdrar uppsafnaðrar þóknunar gefur það til kynna að skattfrádrátturinn tengist ekki aðeins gjöldum vegna þóknunar heldur einnig eiginfjárliði. Við slíkar aðstæður skal færa umframfjárhæð tengds skammtímaskatts eða frestaðs skatts beint á eigið fé.

98C *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu lið 58 og 68C. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IAS-staðall 24 *Upplýsingar um tengda aðila*

Ákvæðum 4. og 9. liðar er breytt og lið 28B er bætt við.

4 Greint er frá viðskiptum við tengda aðila og útistandandi fjárhæðum hjá öðrum einingum í samstæðu í reikningsskilum einingar. Viðskipti tengdra aðila og útistandandi fjárhæðir innan samstæðu, nema þau sem eru á milli fjárfestingareiningar og dótturfélaga hennar sem færð eru á gangvirði í rekstrarreikningi, eru felld út við gerð samstæðureikningsskila samstæðunnar.

9 *Hugtökin „yfirráð“ og „fjárfestingareining“, „sameiginleg yfirráð“ og „veruleg áhrif“ eru skilgreind í IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, sameiginlegt fyrirkomulag og IAS-staðli 28, fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri eftir því sem við á og eru notuð í þessum staðli í þeim skilningi sem tilgreindur er í þessum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum.*

28B *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu liðum 4 og 9. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IAS-staðall 32 *Fjármálagerningar: framsetning*

Ákvæðum 4. liðar er breytt og lið 97N er bætt við.

4 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeildir í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, aðgreind reikningsskil eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er þess þó krafist, eða það heimilað, samkvæmt IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að eining færi hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9; í þeim tilvikum skulu einingar beita kröfunum sem eru settar fram í þessum staðli. Einingar skulu einnig beita þessum staðli á allar afleiður sem tengjast hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri.

97N *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 4. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IAS-staðall 34 *Árshlutareikningsskil*

Ákvæðum liðar 16A er breytt og 54. lið er bætt við. Nýr texti er undirstrikaður.

16A Til viðbótar við upplýsingar mikilvægra atburða og færslna í samræmi við liði 15–15C skal eining setja eftirfarandi upplýsingar í skýringar við árshlutareikningsskil sín, komi þær ekki fram annars staðar í árshlutareikningsskilunum. Upplýsingarnar skulu venjulega birtar á grundvelli þess sem er liðið af fjárhagsárinu.

a) …

k) fyrir einingar sem verða, eða hætta að vera, fjárfestingareiningar, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil,* upplýsingarnar í lið 9B í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

54 *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, bættu við lið 16A. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

IAS-staðall 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat*

Ákvæðum 2. liðar og 80. liðar er breytt og lið 103R er bætt við.

2 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar gerðir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri.* Í sumum tilvikum er þó krafist eða heimilt samkvæmt IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að eining færi hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að

nota sumar eða allar kröfurnar sem eru settar fram í þessum staðli. Einingar skulu einnig beita þessum staðli á afleiður hlutdeildar í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri nema afleiðan samræmist skilgreiningunni á eiginfjárgerningi einingarinnar í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning.*

b) …

g) framvirkan samning á milli yfirtökuaðila og seljandi hluthafa um kaup eða sölu yfirtekins aðila sem mun leiða til sameiningar fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, *sameining fyrirtækja* á yfirtökudegi í framtíðinni. Gildistími framvirks samnings skal ekki vera lengri en hæfilegt þykir, að öllu jöfnu ekki lengri en nægilegt er til að fá það samþykki sem krafist er og ljúka viðskiptunum.

80 … Af þeim sökum má aðeins nota áhættuvarnarreikningsskil þegar um er að ræða viðskipti milli eininga innan sömu samstæðu í sérstökum eða aðgreindum reikningsskilum þessara eininga en ekki í samstæðureikningsskilum samstæðunnar, nema í samstæðureikningsskilum fjárfestingareiningar, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, þar sem viðskipti milli fjárfestingareiningar og dótturfélaga hennar sem eru færð á gangvirði í rekstrarreikningi eru ekki felld út við gerð samstæðureikningsskilanna. …

103R *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 2. lið og 80. lið. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

Breytingar á IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*

Ákvæðum 2. liðar er breytt.

2 Til að uppfylla markmiðið í 1. lið skal eining veita upplýsingar um:

a) mikilvægt mat og forsendur sem gerðar voru til að ákvarða:

i. eðli hagsmuna sinna í annarri einingu eða fyrirkomulagi,

ii. gerð sameiginlegs fyrirkomulags sem hún gæti átt hagsmuni í (liðir 7–9),

iii. að hún uppfyllir skilgreininguna á fjárfestingareiningu, ef við á (liður 9A), og

b) …

Á eftir 9. lið er nýrri fyrirsögn og liðum 9A–9B bætt við.

Staða fjárfestingareiningar

9A Þegar móðurfélag ákvarðar að það sé fjárfestingareining í samræmi við 27. lið í IFRS-staðli 10 skal fjárfestingareiningin birta upplýsingar um mikilvægt mat og forsendur sem gerðar voru til að ákvarða að það sé fjárfestingareining. Ef fjárfestingareining hefur ekki eitt eða fleiri af einkennum dæmigerðrar fjárfestingareiningar (sjá 28. lið í IFRS-staðli 10) skal hún birta ástæður sínar fyrir því að hún komst að þeirri niðurstöðu að hún sé þrátt fyrir það fjárfestingareining.

9B Þegar eining verður, eða hættir að vera, fjárfestingareining skal hún birta upplýsingar um breytingu á stöðu fjárfestingareiningar og ástæður breytingarinnar. Þar að auki skal eining sem verður fjárfestingareining birta upplýsingar um áhrifin af breyttri stöðu á reikningsskilin fyrir það tímabil sem sett er fram, þ.m.t.:

a) heildargangvirði, á þeim degi sem breytingin á stöðu á sér stað, þeirra dótturfélaga sem hætt er að taka með í samstæðureikningsskil,

b) heildarhagnað eða -tap, ef eitthvert er, útreiknað í samræmi við lið B101 IFRS-staðals 10 og

c) sérlínu/sérlínum í rekstrarreikningi þar sem hagnaður eða tap er fært (ef ekki er gerð grein fyrir því sérstaklega).

Á eftir 19. lið er nýrri fyrirsögn og liðum 19A–19G bætt við.

HAGSMUNIR Í DÓTTURFÉLÖGUM SEM EKKI ERU INNAN SAMSTÆÐU (FJÁRFESTINGAREININGAR)

19A Fjárfestingareining sem krafist er, í samræmi við IFRS-staðal 10, að beiti undanþágunni frá samstæðureikningsskilum og geri þess í stað grein fyrir fjárfestingum sínum í dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi skal birta þær upplýsingar.

19B Fyrir hvert dótturfélag sem ekki er innan samstæðu skal fjárfestingareining birta upplýsingar um:

a) nafn dótturfélagsins,

b) höfuðstöðvar dótturfélagsins (og landið þar sem það var stofnað, ef það er annað en þar sem höfuðstöðvarnar eru), og

c) hlutfall eignarhlutar í eigu fjárfestingareiningarinnar og, ef það er ekki það sama, hlutfall atkvæðisréttar sem hún hefur.

19C Ef fjárfestingareining er móðurfélag annarrar fjárfestingareiningar skal móðurfélagið einnig veita upplýsingarnar í a- til c-liðum liðar 19B um fjárfestingar sem eru undir yfirráðum dótturfélags fjárfestingareiningar. Unnt er að veita upplýsingarnar með því að hafa reikningsskil dótturfélagsins (eða dótturfélaganna), sem innihalda áðurnefndar upplýsingar, með í reikningsskilum móðurfélagsins.

19D Fjárfestingareining skal birta upplýsingar um:

a) eðli og umfang hvers kyns verulegra takmarkana (t.d. sem stafa af lánskjörum, kröfum eftirlitsyfirvalda eða samningsbundnu fyrirkomulagi) á getu dótturfélaga sem ekki eru innan samstæðu til að yfirfæra fjármagn til fjárfestingareiningarinnar í formi arðgreiðslna í handbæru fé eða til endurgreiðslu lána eða fyrirframgreiðslna fjárfestingareiningarinnar til dótturfélagsins sem er ekki innan samstæðu, og

b) öll núverandi áform um að veita fjárstuðning eða annan stuðning til dótturfélags sem er ekki innan samstæðu, þ.m.t. skuldbindingar eða áform um að aðstoða dótturfélagið við að fá fjárstuðning.

19E Hafi fjárfestingareining eða eitt dótturfélaga hennar, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til dótturfélags sem er ekki innan samstæðunnar, án þess að vera skuldbundið til þess samkvæmt samningi (t.d. kaup á eignum dótturfélagsins eða gerningum sem það hefur gefið út eða aðstoðað dótturfélagið við að fá fjárstuðning), skal einingin veita upplýsingar um:

a) gerð og fjárhæð stuðningsins sem veittur er hverju dótturfélagi sem ekki er innan samstæðunnar, og

b) ástæður fyrir veitingu stuðningsins.

19F Fjárfestingareining skal veita upplýsingar um skilmála alls samningsbundins fyrirkomulags sem getur haft það í för með sér að einingin eða dótturfélög hennar, sem ekki eru í samstæðunni, þurfi að veita einingu, sem lýtur sameiginlegri stjórn en er ekki innan samstæðu, fjárstuðning, þ.m.t. atburði eða aðstæður sem gætu orðið til þess að einingin sem reikningsskilin taka til verði óvarin fyrir tapi (t.d. greiðslugetufyrirkomulag eða viðbrögð við lánshæfismati sem tengjast skuldbindingum um að kaupa eignir af félaginu sem háð er takmörkunum eða veita fjárstuðning).

19G Hafi fjárfestingareining eða eitt dótturfélaga hennar, sem ekki er innan samstæðu, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar, sem ekki er innan samstæðunnar, fjárfestingareiningin hafði ekki yfirráð yfir, og stuðningurinn varð til þess að fjárfestingareiningin öðlaðist yfirráð yfir sérsniðnu einingunni, skal fjárfestingareiningin leggja fram skýringu um þá þætti sem lágu til grundvallar ákvörðuninni að veita þann stuðning.

Lið 21A er bætt við á eftir 21. lið.

21A Fjárfestingareining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í b- til c-lið 21. liðar.

Lið 25A er bætt við á eftir 25. lið.

25A Fjárfestingareining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í 24. lið um sérsniðna einingu sem ekki er innan samstæðunnar sem hún hefur yfirráð yfir og sem hún birtir upplýsingar um eins og krafist er í liðum 19A–19G.

Nýju heiti er bætt við í viðbæti A.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011), IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011), IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

– hlutdeildarfélag

– samstæðureikningsskil

– yfirráð yfir einingu

– hlutdeildaraðferð

– samstæða

– fjárfestingareining

– sameiginlegt fyrirkomulag

– …

Lið C1B er bætt við í viðbæti C.

C1B *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 2. lið og viðbæti A og bættu við liðum 9A–9B, 19A–19G, 21A og 25A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún birta upplýsingar um það og beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

Breytingar á IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil*

Ákvæðum 5.-6. liðar er breytt.

5 Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í viðbæti A í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, viðbæti A í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og 3. lið IAS-staðals 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*:

– hlutdeildarfélag

– yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í

– samstæða

– fjárfestingareining

– sameiginleg yfirráð

– …

6 Aðgreind reikningsskil eru reikningsskil sem eru sett fram til viðbótar samstæðureikningsskilum, eða til viðbótar við reikningsskil þar sem fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eða samrekstri eru færðar með hlutdeildaraðferðinni, nema í þeim aðstæðum sem settar eru fram í liðum 8–8A. Aðgreind reikningsskil þurfa ekki að vera áföst við þau reikningsskil eða fylgja þeim.

Lið 8A er bætt við á eftir 8. lið.

8A Fjárfestingareining, sem krafist er að beiti undanþágunni frá samstæðureikningsskilum á öllu yfirstandandi tímabili og öllum samanburðartímabilum sem sett eru fram fyrir öll dótturfélög sín í samræmi við 31. lið IFRS-staðals 10, setur fram aðgreind reikningsskil sem einu reikningsskil sín.

Á eftir 11. lið er liðum 11A-11B bætt við.

11A Ef þess er krafist að móðurfélag, í samræmi við 31. lið IFRS-staðals 10, meti fjárfestingu sína í dótturfélagi á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, skal það einnig færa þessar fjárfestingar í dótturfélagi á sama hátt í aðgreindum reikningsskilum sínum.

11B Þegar móðurfélag annaðhvort hættir að vera fjárfestingareining eða verður fjárfestingareining skal það gera grein fyrir breytingunni frá þeim degi sem breytingin á sér stað eins og hér segir:

a) þegar eining hættir að vera fjárfestingareining skal hún, í samræmi við 10. lið, annað hvort:

i. gera grein fyrir fjárfestingu í dótturfélagi á kostnaðarverði. Notast skal við gangvirði dótturfélagsins daginn sem breytingin verður á stöðunni sem kostnaðarverð þess dags, eða

ii. halda áfram að gera grein fyrir fjárfestingu í dótturfélagi í samræmi við IFRS-staðal 9,

b) þegar eining verður fjárfestingareining skal hún gera grein fyrir fjárfestingu í dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi eða í samræmi við IFRS-staðal 9. Færa skal mismuninn á milli fyrra bókfærðs verðs dótturfélagsins og gangvirðis þess daginn sem breyting á stöðu fjárfestisins á sér stað sem hagnað eða tap í rekstrarreikningi. Fara skal með uppsafnaða fjárhæð allra leiðréttinga á gangvirði, sem þegar hafa verið færðar sem önnur heildarafkoma að því er varðar þessi dótturfélög, eins og fjárfestingareining hafi ráðstafað þessum dótturfélögum daginn sem breytingin varð á stöðunni.

Lið 16A er bætt við á eftir 16. lið.

16A Þegar fjárfestingareining sem er móðurfélag (annað en móðurfélag sem fellur undir 16. lið) gerir aðgreind reikningsskil, í samræmi við lið 8A, eins og það séu einu reikningsskil þess skal það birta upplýsingar um það. Fjárfestingareining skal einnig setja fram upplýsingarnar um fjárfestingareiningarnar sem krafist er í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum.*

Ákvæðum 17. liðar er breytt.

17 Þegar móðurfélag, (fyrir utan móðurfélag sem fellur undir liði 16–16A) eða fjárfestir hefur sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í, gerir aðgreind reikningsskil, skal móðurfélagið eða fjárfestirinn auðkenna reikningsskilin sem gerð voru, í samræmi við IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 eða IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011) sem tengjast þeim. Móðurfélagið eða fjárfestirinn skal einnig, í aðgreindu reikningsskilunum, veita upplýsingar um:

a) …

Ákvæðum 18. liðar er breytt.

18 … Beiti eining þessum staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) á sama tíma.

Á eftir 18. lið er liðum 18A-18I bætt við.

18A *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27) útgefnar í október 2012, breyttu liðum 5, 6, 17 og 18 og bætti við liðum 8A, 11A–11B, 16A og 18B–18I. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún birta upplýsingar um það og beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

18B Ef móðurfélag kemst að þeirri niðurstöðu, daginn sem breytingunum á *Fjárfestingareiningar* er beitt í fyrsta sinn (sem, í tilgangi þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals, er upphaf árlega skýrslutímabilsins þegar þessum breytingum er beitt í fyrsta sinn), að það sé fjárfestingareining skal það beita liðum 18C–18I á fjárfestingu sína í dótturfélagi.

18C Á upphafsdegi beitingar skal fjárfestingareining, sem áður færði fjárfestingu sína í dótturfélagi á kostnaðarverði, þess í stað færa fjárfestinguna á gangvirði í rekstrarreikningi eins og kröfurnar í þessum IFRS-staðli hefðu ávallt verið í gildi. Fjárfestingareiningin skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar og leiðrétta óráðstafað eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins, með tilliti til alls mismunar á:

a) fyrra bókfærðu verði fjárfestingarinnar og

b) gangvirði fjárfestingar fjárfestisins í dótturfélaginu.

18D Á upphafsdegi beitingar skal fjárfestingareining, sem áður færði fjárfestingu sína í dótturfélagi á gangvirði í annarri heildarafkomu, halda áfram að færa þá fjárfestingu á gangvirði. Uppsöfnuð fjárhæð allra leiðréttinga á gangvirði sem áður hafa verið færðar undir heildarafkomu skal færa á óráðstafað eigið fé við upphaf næstliðna árlega tímabilsins fyrir upphafsdag beitingarinnar.

18E Á upphafsdegi beitingar skal fjárfestingareining ekki gera leiðréttingar á fyrri reikningsskilum vegna hagsmuna í dótturfélagi sem hún áður kaus að færa á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 9, eins og leyft er í 10. lið.

18F Fyrir dagsetninguna sem IFRS-staðall 13, *gangvirðismat* er samþykktur skal fjárfestingareining nota gangvirðisfjárhæðirnar sem áður voru tilkynntar fjárfestum eða stjórn, ef þessar fjárhæðir sýna fjárhæðina sem hefði verið mögulegt að selja fjárfestinguna fyrir í viðskiptum milli ótengdra, upplýstra aðila sem voru fúsir til viðskiptanna á matsdeginum.

18G Ef ekki er hægt að framkvæma mat á fjárfestingu í dótturfélagi, í samræmi við liði 18C–18F (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8, r*eikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*), skal fjárfestingareining beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem unnt er að beita liðum 18C–18F, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem unnt er að beita þessum lið, sé yfirstandandi tímabil. Ef dagurinn þegar fjárfestingareiningin getur framkvæmt mat á gangvirði dótturfélagsins er fyrir upphaf næstliðna tímabilsins skal fjárfestirinn leiðrétta eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins fyrir mismuninum á:

a) fyrra bókfærðu verði fjárfestingarinnar og

b) gangvirði fjárfestingar fjárfestisins í dótturfélaginu.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið er yfirstandandi tímabil, skal færa leiðréttinguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

18H Ef fjárfestingareining hefur losað sig við, eða misst yfirráð yfir, fjárfestingu í dótturfélagi fyrir þá dagsetningu sem breytingunum á *Fjárfestingareiningar* er fyrst beitt er þess ekki krafist að fjárfestingareiningin leiðrétti fyrri reikningsskil vegna þeirrar fjárfestingar.

18I Þrátt fyrir tilvísanir í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar („næstliðna tímabilið“) í liðum 18C–18G, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem sett eru fram, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum 18C–18G sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“. Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 971/2008 2014/EES/73/61

frá 3. október 2008

varðandi nýja notkun hnislalyfs sem aukefni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. og 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([2]), einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfis til að nota aukefni í fóður.

2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fóðri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsókn um leyfi fyrir aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð, var lögð fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Fyrstu athugasemdirnar um þá umsókn, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þá umsókn áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

5) Aukefnið díklasúríl (Clinacox 0,5% Premix) er nú þegar leyft fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 ([3]), fyrir eldiskalkúna með reglugerð (EB) nr. 418/2001 ([4]) og fyrir kjúklinga alda til að verða varphænur með reglugerð (EB) nr. 162/2003 ([5]).

6) Handhafi leyfis fyrir aukefnið lagði fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi til tíu ára fyrir hnislalyf fyrir kanínur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) skilaði tveimur álitum ([6]) varðandi öryggi við notkun þessa hnislalyfs fyrir menn, dýr og umhverfið samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í viðauka þessarar reglugerðar. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu í tíu ár eins og tilgreint er í viðaukanum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til tíu ára efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „hnislalyf og önnur lyf“ og tilgreind er í viðaukanum, sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 265, 4.10.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 6.

([1]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([3]) Stjtíð. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 62, 2.3.2001, bls. 3.

([5]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.2003, bls. 3.

([6]) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í fóður, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um öryggi og verkun „Clinacox 0,5%“, að stofni til úr díklasúríli, fyrir eldiskanínur og kanínur til undaneldis. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 506, 1-32. Uppfært álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í fóður (FEEDAP), að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um öryggi og verkun „Clinacox 0,5%“ (díklasúríls) sem notað er fyrir eldiskanínur og kanínur til undaneldis. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 697, 1-9.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem er ábyrgur fyrir að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hármarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg virks efnis/kg heilfóðurs				
Hnislalyf og önnur lyf										
E 771	Janssen Pharmaceutica nv	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5 % Premix)	*Samsetning aukefnis* Díklasúríl: 0,5 g/100 g Sojabaunamjöl: 99,25 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,2 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g *Virkt efni:* Díklasúríl, $C_{17}H_9C_{l3}N_4O_2$ (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2 *Skyld óhreinindi:* Niðurbrotsefnasamband (R064318): ≤ 0,2 % Önnur skyld óhreinindi (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5 % hvert fyrir sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 %	Kanínur	—	1	1	Notkun bönnuð í a.m.k. einn dag fyrir slátrun.	24. október 2018	2 500 µg díklasúríls/kg af blautri lifur 1 000 µg díklasúríls/kg af blautum nýrum 150 µg díklasúríls/kg af blautum vöðvum 300 µg díklasúríls/kg af blautri húð/fitu“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 976/2008 2014/EES/73/62

frá 6. október 2008

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 418/2001 og (EB) nr. 162/2003 að því er varðar skilyrði fyrir því að leyfa aukefnið Clinacox, sem er í flokknum hnískalyf og önnur lyf, í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aukefnið díklasúríl (Clinacox 0,5% Premix), sem tilheyrir flokknum hnískalyf og önnur lyf, var leyft með vissum skilyrðum í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ([2]). Með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 ([3]), (EB) nr. 418/2001 ([4]) og (EB) nr. 162/2003 ([5]) var aukefnið leyft í 10 ár til notkunar fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og leyfið bundið þeim sem er ábyrgur fyrir að setja aukefnið í dreifingu. Þetta aukefni var tilkynnt sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Þar eð allar þær upplýsingar, sem krafist er samkvæmt fyrrgreindu ákvæði, voru lagðar fram hefur aukefnið verið fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í fóðri.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir aukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“). Handhafi leyfis fyrir aukefnið díklasúríl (Clinacox 0,5% Premix) hefur lagt fram umsókn þar sem lögð er til breyting á skilmálum leyfisins með því að taka upp hámarksgildi leifa sem stofnunin leggur til. Á sama tíma lagði handhafinn fram nauðsynleg gögn sem styðja beiðnina.

3) Í áliti sínu, sem var samþykkt 16. apríl 2008 ([6]), komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri krafist hámarksgilda leifa fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna. Stofnunin lagði þó fram tillögu að gildum þar sem hámarksgildi leifa er talið nauðsynlegt. Þar eð mögulegt er að kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur komist inn í fæðiskeðjuna, án þess að þeim sé haldið aðskildum frá öðrum kjúklingum, er nauðsynlegt að íhuga þann möguleika að fastsetja einnig hámarksgildi leifa fyrir þann dýrahóp. Stofnunin taldi enn fremur að útskilnaðartími, sem er styttri en einn dagur, myndi ekki stofna öryggi neytenda í hættu.

4) Til að tryggja öfluga vernd fyrir neytendur og til að bæta eftirlit með réttri notkun díklasúríls er við hæfi að fastsetja hámarksgildi leifa eins og stofnunin lagði til. Þar eð enginn líffeðlisfræðilegur munur sem skiptir máli er á eldiskjúklingum og kjúklingum sem eru aldir til að verða varphænur er rétt að fastsetja einnig sama hámarksgildi leifa fyrir síðari hópinn.

5) Því ber að breyta reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 418/2001 og (EB) nr. 162/2003 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað línunnar fyrir E 771 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2430/1999 komi I. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 418/2001 komi II. viðauki við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 7.10.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 62, 2.3.2001, bls. 3.

([5]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.2003, bls. 3.

([6]) Uppfært álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í fóður (FEEDAP), að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um hámarksgildi leifa fyrir Clinacox 0,5% (díklasúríl) fyrir eldiskalkúna, eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu2008) 696, bls. 1-12.

3. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 162/2003 komi III. viðauki þessarar reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem er ábyrgur fyrir að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hármarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg virks efnis/kg heilfóðurs				
Hníslalyf og önnur lyf										
„E 771	Janssen Pharmaceutica nv	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5 % Premix) Díklasúríl 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2 % Premix)	*Samsetning aukefnis* Díklasúríl: 0,5 g/100 g Sojabaunamjöl: 99,25 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,2 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g Díklasúríl: 0,2 g/100 g Sojabaunamjöl: 39,7 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,08 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g Hveitifóðurmjöl: 60 g/100 g *Virkt efni:* Díklasúríl $C_{17}H_9C_{l3}N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2 *Skyld óhreinindi:* Niðurbrotsefnasamband (R064318): ≤ 0,2 % Önnur skyld óhreinindi (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5 % hvert fyrir sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 %	Eldis-kjúklingar	—	1	1	—	30.9.2009	1 500 µg díklasúríls/kg af blautri lifur 1 000 µg díklasúríls/kg af blautum nýrum 500 µg díklasúríls/kg af blautum vöðvum 500 µg díklasúríls/kg af blautri húð/fitu“

II. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem er ábyrgur fyrir að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hármarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg virks efnis/kg heilfóðurs				
Hníslalyf og önnur lyf										
E 771	Janssen Pharmaceutica nv	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5 % Premix) Díklasúríl 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2 % Premix)	*Samsetning aukefnis* Díklasúríl: 0,5 g/100 g Sojabaunamjöl: 99,25 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,2 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g Díklasúríl: 0,2 g/100 g Sojabaunamjöl: 39,7 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,08 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g Hveitifóðurmjöl: 60 g/100 g *Virkt efni:* Díklasúríl $C_{17}H_9C_{l3}N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2 *Skyld óhreinindi:* Niðurbrotsefnasamband (R064318): ≤ 0,2 % Önnur skyld óhreinindi (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5 % hvert fyrir sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 %	Eldis-kalkúnar	12 vikna	1	1	—	28.2.2011	1 500 µg díklasúríls/kg af blautri lifur 1 000 µg díklasúríls/kg af blautum nýrum 500 µg díklasúríls/kg af blautum vöðvum 500 µg díklasúríls/kg af blautri húð/fitu“

III. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem er ábyrgur fyrir að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hármarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg virks efnis/kg heilfóðurs				
Hníslalyf og önnur lyf										
E 771	Janssen Pharmaceutica nv	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5 % Premix) Díklasúríl 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2 % Premix)	*Samsetning aukefnis* Díklasúríl: 0,5 g/100 g Sojabaunamjöl: 99,25 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,2 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g Díklasúríl: 0,2 g/100 g Sojabaunamjöl: 39,7 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,08 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g Hveitifóðurmjöl: 60 g/100 g *Virkt efni:* Díklasúríl $C_{17}H_9C_{l3}N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2 *Skyld óhreinindi:* Niðurbrotsefnasamband (R064318): ≤ 0,2 % Önnur skyld óhreinindi (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5 % hvert fyrir sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 %	Kjúklingar aldir til að verða varphænur	16 vikna	1	1	—	20.1.2013	1 500 µg díklasúríls/kg af blautri lifur 1.000 µg díklasúríls/kg af blautum nýrum 500 µg díklasúríls/kg af blautum vöðvum 500 µg díklasúríls/kg af blautri húð/fitu“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/76/EB **2014/EES/73/63**

frá 25. júlí 2008

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Með tilliti til nýjustu tækniþekkingar á samsetningu fiskafóðurs með aukinni notkun sjávarkrabbadýra, s.s. ljósátu sem fóðurefni í fiskafóður, er rétt að endurskoða hámarksgildi fyrir flúr í fiskafóðri. Niðurstaða álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) frá 22. september 2004 ([2]) er að aukning á leyfilegum hámarksstyrk flúrs í fiskafóðri leiði ekki til óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna. Að því er varðar Lolium temulentum og Lolium remotum ráðleggur Matvælaöryggisstofnun Evrópu í áliti sínu frá 25. janúar 2007 ([3]) að aðgreindar færslur er varða þessar tvær nytjaplöntur verði felldar brott og notað verði almennt hámarksgildi fyrir illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin, sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð og önnur eiturefni, eins og gefið er upp í 14. línu í I. viðauka tilskipunar 2002/32/EB.

3) Að því er varðar DDT skal heitið DDD koma fram í línunni, sem varðar það efni í I. viðauka reglugerðar 2002/32/EB, þar eð það heiti er oftar notað fyrir umbrotsefnið díklórdífenýldíklóretan en TDE ([4])

4) Að því er varðar apríkósur (*Prunus armeniaca L.*) og beiskar möndlur (*Prunus dulcis var. amara* eða *Prunus amygdalus Batsch var: amara*) má draga þá ályktun af áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 23. nóvember 2006 ([5]) að krafan um að ekki finnist mælanlegt magn af apríkósum og bitrum möndlum sé ekki nauðsynleg til að vernda heilbrigði dýra og manna og að nægilegt sé að nota almennt hámarksgildi fyrir blásýru, eins og gefið er upp í 8. línu í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB. Því er rétt að fella brott sérstakar kröfur sem varða apríkósur og bitrar möndlur.

5) Akurdoðra (*Camelina sativa*) er tilgreind í viðauka tilskipunar 2002/32/EB og fræ og aldin þeirrar plöntutegundar ásamt unnum afleiðum þeirra mega aðeins koma fyrir í fóðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 6.

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 30.5.2002, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/77/EB (Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 53).

([2]) Álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við flúr sem óæskilegt efni í fóðri, frá 22. september 2004, http://www.efsa.europa.eu/EFSA/Scientific_Opinion/opinion_contam08_ej100_fluorine_en1,0.pdf

([3]) Álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við beiskjuefni í flokki pýrrólisidína sem óæskileg efni í fóðri, frá 25. janúar 2007, http://www.efsa.europa.eu/EFSA/Scientific_Opinion/contam_ej447_op_pyrrolizidine%20alkaloids%20in%20feed_en.pdf

([4]) Álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við DDT sem óæskilegt efni í fóðri, frá 22. nóvember 2006, http://www.efsa.europa.eu/EFSA/Scientific_Opinion/CONTAM_ej433_DDT_en,2.pdf

([5]) Álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við sýaníðmyndandi efnasambönd sem óæskileg efni í fóðri, frá 23. nóvember 2006, http://www.efsa.europa.eu/EFSA/Scientific_Opinion/CONTAM_ej434_op_cyanogenic_compounds_in_feed_en,1.pdf

6) Áhugi á akurdoðru sem olíufræplöntu hefur glæðst á ný vegna aukinnar eftirspurnar eftir þurftarlitlum (e. low-input) olíufræplöntum sem opnar möguleika á notkun aukafurða olíufræframleiðslunnar í fóður. Draga má þá ályktun af áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 27. nóvember 2007 ([1]) að krafan um að ekki finnist mælanlegt magn af akurdoðru og afleiðum hennar sé ekki nauðsynleg til að vernda heilbrigði dýra og manna, að því tilskildu að heildarmagn glúkósínólata í fæðunni stofni ekki heilbrigði dýra og manna í hættu. Vernd heilbrigðis dýra og manna gegn eiturhrifum glúkósínólata er tryggð með því að bæta rokgjarnri mustarðsolíu, en hámarksgildi hennar er gefið upp sem allýlísóþíósýanöt, því að samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru eiturhrif glúkósínólata almennt eignuð (ísó)þíósýanötum. Því er rétt að krafan um að ekki finnist mælanlegt magn af akurdoðru falli brott úr I. viðauka tilskipunar 2002/32/EB.

7) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. apríl 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

([1]) Álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við glúkósínólat sem óæskilegt efni í fóðri, frá 27. nóvember 2007, http://www.efsa.europa.eu/EFSA/Scientific_Opinion/contam_op_ej590_glucosinolates_en.pdf

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. línu, flúr, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
„3. Flúr (*)	Fóðurefni, að undanskildu	150
	— fóðri úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum, s.s. ljósátu	500
	— sjávarkrabbadýrum, s.s. ljósátu	3000
	— fosfötum	2000
	— kalsíumkarbónati	350
	— magnesíumoxíði	600
	— kalkkenndum sjávarþörungum	1000
	Vermikúlít (E 561)	3000 (**)
	Fóðurbætir	
	— sem inniheldur ≤ 4% fosfór	500
	— sem inniheldur > 4% fosfór	125 fyrir 1% fosfór
	Heilfóður að undanskildu	150
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	
	— á mjólkurskeiði	30
	— annað	50
	— heilfóðri fyrir svín	100
	— heilfóðri fyrir alifugla	350
	— heilfóðri fyrir kjúklinga	250
	— heilfóðri fyrir fisk	350

(*) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á flúri þar sem útdráttur er gerður í 1 N saltsýru í 20 mínútur við umhverfishita. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.
(**) Gildin skulu endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2008 með það að markmiði að lækka hámarksgildin.“

2. Í stað 14 línu, illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
„14. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, m.a.:	Allt fóður	3000
Datura stramonium L.		1000“

3. Í stað 21. línu, DDT, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
„DDT (summa DDT-, DDD- (eða TDE-) og DDE-myndbrigða, gefið upp sem DDT)	Allt fóður, að undanskildu	0,05
	— fitu og olíum	0,5“

4. Lína 28, aprikósur — *Prunus armeniaca* L., lína 29, beiskar möndlur — *Prunus dulcis* (Mill.) D.A. Webb var. *amara* (DC.) Focke (=*Prunus amygdalus Batsch* var. *amara* (DC.) Focke) og lína 31, Akurdoðra — *Camelina sativa* (L.) Crantz, falli brott.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 260/2008 **2014/EES/73/64**

frá 18. mars 2008

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 með samningu VII. viðauka þar sem skráðar eru samsetningar virks efnis og afurðar sem falla undir undanþágu að því er varðar meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum annarri undirgrein 3. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nokkur aðildarríki hafa bent framkvæmdastjórninni á að þörf sé fyrir undanþágu frá hámarksgildum leifa, sem tilgreind eru í II. og III. viðauka, og hafa tilgreint uppskeru og varnarefni sem undanþágubeiðnin þarf að ná til. Með slíkri undanþágu geta aðildarríkin heimilað, á eigin yfirráðasvæði í tengslum við meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru, gildi efnaleifa fyrir virk efni sem eru hærri en þau mörk sem eru tilgreind í þessum viðaukum til að koma í veg fyrir röskun viðskipta með afurðir sem voru meðhöndlaðar með svæliefni að lokinni uppskeru.

2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Textinn í viðaukanum við þessa reglugerð bætist við sem VII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 (Stjtíð. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3).

VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI

Samsetning virks efnis eða afurðar, eins og um getur í 3. mgr. 18. gr.

Virkt efni.	Afurð í I. viðauka (Kenninúmer)
Vetnisfosfíð	Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), olíufræ og olíurík aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000).
Álfosfíð	Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), olíufræ og olíurík aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000).
Magnesíumfosfíð	Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), olíufræ og olíurík aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000).
Súlfúrýlflúoríð	Aldin (0100000), korn (0500000).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1881/2006 2014/EES/73/65

frá 19. desember 2006

um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ([2]) hefur margoft verið breytt í veigamiklum atriðum. Nauðsynlegt er að breyta aftur hámarksgildum fyrir tiltekin aðskotaefni [ɔ: mengunarefni] til að taka tillit til nýrra upplýsinga og þróunar í alþjóðamatvælaskránni. Jafnframt skal, eftir því sem við á, gera textann skýrari. Því skal skipta út reglugerð (EB) nr. 466/2001.

2) Mikilvægt er, til að vernda lýðheilsu, að aðskotaefnum sé haldið við gildi sem eru viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði.

3) Með hliðsjón af ósamræmi í lögum milli aðildarríkjanna og hættu á röskun á samkeppni af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins að því er varðar sum aðskotaefni í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt meðalhófsregluna í heiðri.

4) Setja skal ströng hámarksgildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná með því að fylgja góðum starfsvenjum í landbúnaði, sjávarútvegi og framleiðslu að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem tengist neyslu þessara matvæla. Ef um er að ræða aðskotaefni, sem talið er að séu krabbameinsvaldandi erfðaeitur, eða í tilvikum þar sem núverandi váhrif á íbúana eða viðkvæma hópa eru nálægt þolanlegum skammti eða meiri skal fastsetja hámarksgildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná. Slíkar nálganir tryggja að stjórnendur matvælafyrirtækja beiti ráðstöfunum til að koma í veg fyrir aðskotaefni eða draga úr þeim eins og hægt er til að vernda lýðheilsu. Ungbörn og smábörn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur og til að vernda heilbrigði þeirra er enn fremur rétt að fastsetja lægsta hámarksgildi sem unnt er að ná fram með því að velja af kostgæfni það hráefni sem er notað til framleiðslu á matvælum fyrir ungbörn og smábörn. Einnig er rétt að viðhafa slíka kostgæfni við val á hráefni til framleiðslu á tilteknum, sérstökum matvælum, s.s. klíði sem er ætlað til beinnar neyslu.

5) Svo unnt sé að nota hámarksgildi fyrir þurrkuð, þynnt, unnin og samsett matvæli, þar sem ekki hefur verið sett sérstakt hámarksgildi Bandalagsins skulu stjórnendur matvælafyrirtækja leggja fram upplýsingar um sértæka styrkingar- eða þynningarþætti ásamt viðeigandi tilraunagögnum sem færa rök fyrir þeim þætti sem lagður er til.

6) Til að tryggja skilvirka lýðheilsuvernd skal ekki setja á markað afurðir, sem innihalda aðskotaefni yfir hámarksgildum, hvorki þær sjálfar, eftir að þeim hefur verið blandað við önnur matvæli, né sem innihaldsefni í öðrum matvælum.

7) Viðurkennt er að draga megi úr innihaldi aflatoxína í jarðhnetum, hnetum, þurrkuðum aldinum og maís með flokkun eða öðrum eðlisfræðilegum aðferðum. Til þess að draga sem mest úr áhrifum á viðskipti er við hæfi að leyfa meira innihald aflatoxína í þeim afurðum sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu eða sem innihaldsefni í matvælum. Í þeim tilvikum skal hámarksgildi fyrir aflatoxín ákvarðað þannig að tekið sé tillit til mögulegs árangurs af framangreindum aðferðum til að draga úr innihaldi aflatoxíns, að því er varðar jarðhnetur, hnetur, þurrkuð aldin og maís, þannig að innihald þess verði undir því hámarksgildi sem er ákvarðað fyrir þessar afurðir sem ætlaðar eru til beinnar neyslu eða til notkunar sem innihaldsefni í matvælum.

8) Til að hægt sé að framfylgja ákvæðum um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í tilteknum matvælum á skilvirkan hátt er við hæfi að kveða á um viðeigandi ákvæði um merkingar fyrir þessi tilvik.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 199/2006 (Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 32).

9) Vegna veðurfarsskilyrða í sumum aðildarríkjum er erfitt að sjá til þess að ekki sé farið yfir hámarksgildin fyrir ferskt salat og ferskt spínat. Þessum aðildarríkjum skal heimilt að leyfa áfram tímabundið markaðssetningu á fersku salati og fersku spínati, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, sem innihalda nítrat í styrk yfir hámarksgildunum. Salat- og spínatframleiðendum, með staðfestu í þeim aðildarríkjum sem hafa gefið fyrrnefnd leyfi, ber að breyta búskaparháttum sínum smám saman með því að beita þeim góðu starfsvenjum í landbúnaði sem mælt er með á landsvísu.

10) Tilteknar fisktegundir frá Eystrasaltssvæðinu geta innihaldið mikið magn díoxína og díoxínlíkra PCB-efna. Umtalsverður hluti þessara fisktegunda frá Eystrasaltssvæðinu mun ekki vera í samræmi við hámarksgildin og yrði því ekki hluti af mataræðinu. Ýmislegt bendir til þess að ef fiski er sleppt úr mataræðinu geti það haft slæm heilsufarsáhrif á Eystrasaltssvæðinu.

11) Í Svíþjóð og Finnlandi er fyrir hendi kerfi sem getur tryggt að neytendur séu nægilega vel upplýstir um þær ráðleggingar um mataræði, er varða takmarkanir á því að tilteknir þjóðfélagshópar, sem eru veikir fyrir, neyti fisks frá Eystrasaltssvæðinu, í því skyni að forðast hugsanlega heilsufarsáhættu. Því er við hæfi að veita Finnlandi og Svíþjóð undanþágu til að setja á markað tímabundið tilteknar fisktegundir frá Eystrasaltssvæðinu, sem eru ætlaðar til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, sem innihalda meiri styrk díoxína og díoxínlíkra PCB-efna en sem er kveðið á um í þessari reglugerð. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fiskur og fiskafurðir, sem eru ekki í samræmi við ákvæði um hámarksgildi, séu ekki markaðssett í öðrum aðildarríkjum. Finnland og Svíþjóð skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ár hvert um niðurstöður vöktunar þeirra á magni díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í fiski frá Eystrasaltssvæðinu og aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að minnka váhrif á menn af völdum díoxína og díoxínlíkra PCB-efna frá Eystrasaltssvæðinu.

12) Til að tryggja að ákvæðum um hámarksgildi sé framfylgt á samræmdan hátt verða lögbær yfirvöld í öllu Bandalaginu að nota sömu viðmiðanir varðandi sýnatöku og sömu viðmiðanir fyrir nothæfi greiningaraðferða. Einnig er mikilvægt að niðurstöður greininga séu tilkynntar og túlkaðar á samræmdan hátt. Í ráðstöfunum varðandi sýnatöku og greiningu, sem eru tilgreindar í þessari reglugerð, er kveðið á um samræmdar reglur um tilkynningar og túlkun.

13) Að því er varðar tiltekin aðskotaefni skulu aðildarríkin og hagsmunaaðilar vakta og gefa skýrslu um styrk þeirra sem og skýrslu um framfarir að því er varðar beitingu forvarnarráðstafana í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta þörfina á því að gera breytingar á núverandi ráðstöfunum eða til að samþykkja viðbótarráðstafanir.

14) Hvert það hámarksgildi, sem er samþykkt á vettvangi Bandalagsins, getur verið tekið til endurskoðunar til að taka megi tillit til framfara í vísindum og tækniþekkingu og umbóta á góðum starfsvenjum í landbúnaði, sjávarútvegi og framleiðslu.

15) Klíð og kím má markaðssetja til beinnar neyslu og því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir deoxýnívalenól og searalenón í þessum vörum.

16) Í alþjóðamatvælaskránni hefur nýlega verið fastsett hámarksgildi fyrir blý í fiski sem Bandalagið samþykkti. Því er rétt að breyta núverandi ákvæðum um blý í fiski til samræmis við það.

17) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]) eru matvæli úr dýraríkinu skilgreind og af þessum sökum skal í sumum tilvikum breyta færslum að því er varðar matvæli úr dýraríkinu til samræmis við hugtakanotkunina í þeirri reglugerð.

18) Nauðsynlegt er að kveða á um að hámarksgildi fyrir aðskotaefni gildi ekki fyrir matvæli sem hafa með löglegum hætti verið sett á markað í Bandalaginu fyrir þann dag sem þessi hámarksgildi tóku gildi.

19) Að því er varðar nítrat er grænmeti helsta uppspretta nítratneyslu manna. Í áliti sínu frá 22. september 1995 ([2]) lýsti vísindanefndin um matvæli því yfir að heildarneysla nítrats sé almennt langt undir viðteknum dagskammti (ADI) sem nemur 3,65 mg/kg líkamsþyngdar. Nefndin mælti þó með því að áframhald yrði á þeirri viðleitni að draga úr váhrifum nítrats sem menn fá í sig með matvælum og vatni.

20) Þar eð veðurfarsskilyrði hafa mikil áhrif á innihald nítrats í tilteknu grænmeti, s.s. salati og spínati, skal ákvarða breytileg hámarksgildi fyrir nítrat eftir árstíma.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, leiðrétt í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1662/2006 (Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 1).

([2]) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 38. ritröð, álit vísindanefndarinnar um matvæli á nítrötum og nítríti, bls. 1, http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_38.pdf

21) Að því er varðar aflatoxín lýsti vísindanefndin um matvæli því yfir í áliti sínu frá 23. september 1994 að aflatoxín séu krabbameinsvaldandi erfðaeitur ([1]). Á grundvelli álitsins er rétt að takmarka heildarinnihald aflatoxína í matvælum (summa aflatoxína B_1, B_2, G_1 og G_2) sem og innihald hreins aflatoxíns B_1 þar eð aflatoxín B_1 er langeitraðast þessara efnasambanda. Að því er varðar aflatoxín M_1 í matvælum skal taka til athugunar mögulega skerðingu á núverandi hámarksgildi fyrir aflatoxín M_1 í matvælum fyrir ungbörn og smábörn í ljósi þróunar á greiningaraðferðum.

22) Að því er varðar okratoxín A samþykkti vísindanefndin um matvæli vísindalegt álit 17. september 1998 ([2]). Mat á magni okratoxíns A, sem íbúar Bandalagsins taka inn með fæðu, hefur farið fram ([3]) innan ramma tilskipunar ráðsins 93/5/EBE frá 25. febrúar 1993 um aðstoð við framkvæmdastjórnina og samstarf af hálfu aðildarríkjanna um vísindalegar athuganir á sviði matvæla ([4]) (SCOOP). Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) samþykkti 4. apríl 2006, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, uppfært, vísindalegt álit í tengslum við okratoxín A í matvælum ([5]) þar sem tekið er tillit til nýrra vísindalegra upplýsinga og ákvarðaði þolanlegan vikuskammt (TWI) sem nemur 120 ng/kg líkamsþyngdar.

23) Á grundvelli þessara álita er við hæfi að fastsetja hámarksgildi fyrir korn, kornafurðir, þurrkuð vínber, brennt kaffi, vín, þrúgusafa og matvæli fyrir ungbörn og smábörn, en allt stuðlar þetta verulega að almennum váhrifum á menn af völdum okratoxíns A eða að váhrifum á viðkvæma neytendahópa, s.s. börn.

24) Meta skal, í ljósi nýlegs vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hversu viðeigandi það er að ákvarða hámarksgildi okratoxíns A í matvælum, s.s. þurrkuðum aldinum, öðrum en þurrkuðum vínberjum, kakói og kakóafurðum, kryddi, kjötafurðum, grænu kaffi, bjór og lakkrís, svo og að endurskoða núverandi hámarksgildi, einkum að því er varðar okratoxín A í þurrkuðum vínaldinum og þrúgusafa.

25) Að því er varðar patúlín lýsti vísindanefndin um matvæli, á fundi sínum 8. mars 2000, yfir stuðningi við það að bráðabirgðagildi fyrir þolanlegan hámarksdagskammt (PMTDI) af patúlíni skyldi vera 0,4 µg/kg líkamsþyngdar ([6]).

26) Árið 2001 var SCOOP-verkefni, mat á magni patúlíns, sem íbúar aðildarríkja ESB taka inn með fæðu ([7]), unnið innan ramma tilskipunar 93/5/EBE.

27) Á grundvelli þess mats og að teknu tilliti til bráðabirgðagildis fyrir þolanlegan hámarksdagskammt skal ákvarða hámarksgildi fyrir patúlín í tilteknum matvælum til að vernda neytendur fyrir óviðunandi mengun. Þessi hámarksgildi skulu endurskoðuð og, ef nauðsyn krefur, lækkuð að teknu tilliti til framfara á sviði vísinda- og tækniþekkingar og framkvæmdar á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/598/EB frá 11. ágúst 2003 um að koma í veg fyrir eða draga úr aðskotaefninu patúlíni í eplasafa og innihaldsefnum eplasafa í öðrum drykkjarvörum ([8]).

28) Að því er varðar eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* samþykkti vísindanefndin um matvæli nokkur álit, um mat á deoxýnívalenóli í desember 1999 ([9]), þar sem fastsettur var þolanlegur dagskammtur sem nemur 1 µg/kg líkamsþyngdar, um searalenón í júní 2000 ([10]), þar sem fastsettur var tímabundinn, þolanlegur dagskammtur sem nemur 0,2 µg/kg líkamsþyngdar, um fúmónísín í október 2000 ([11]) (uppfært í apríl 2003) ([12]), þar sem fastsettur var þolanlegur dagskammtur sem nemur 2 µg/kg líkamsþyngdar, um nívalenól í október 2000 ([13]), þar sem fastsettur var þolanlegur dagskammtur til bráðabirgða sem nemur 0,7 µg/kg líkamsþyngdar, um eiturefnin T-2 og HT-2 í maí 2001 ([14]), þar sem fastsettur var sameiginlegur, þolanlegur dagskammtur sem nemur 0,06 µg/kg líkamsþyngdar og um tríkótesena sem flokk í febrúar 2002 ([15]).

([1]) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 35. ritröð, álit vísindanefndarinnar um matvæli á aflatoxíni, okratoxíni A og patúlíni, bls. 45, http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_35.pdf

([2]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli á okratoxíni A (frá 17. september 1998) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out14_en.html

([3]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.7, „Assessment of dietary intake of Ochratoxin A by the population of EU Member States“ http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/task_3-2-7_en.pdf

([4]) Stjtíð. ESB L 52, 4.3.1993, bls. 18.

([5]) Álit sérfræðinganefndar á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, um aðskotaefni í matvælaferlinu, í tengslum við okratoxín A í matvælum. http://www.efsa.europa.eu/etc/medialib/efsa/science/contam/contam_opinions/1521.Par.0001.File.dat/contam_op _ej365_ochratoxin_a_food_en1.pdf

([6]) Fundargerð frá 120. fundi vísindanefndarinnar um matvæli sem haldinn var 8. og 9. mars 2000 í Brussel, yfirlýsing um patúlín. http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out55_en.pdf

([7]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.8, „Assessment of dietary intake of Patulin by the population of EU Member States“ http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/3.2.8_en.pdf

([8]) Stjtíð. ESB L 203, 12.8.2003, bls. 34.

([9]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, 1. hluti: Deoxýnívalenól (frá 2. desember 1999) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out44_en.pdf

([10]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, 2. hluti: Searalenón (ZEA) (frá 22. júní 2000) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out65_en.pdf

([11]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, 3., hluti: Fúmónísín B_1 (FB_1) (frá 17. október 2000) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out73_en.pdf

([12]) Uppfært álit vísindanefndarinnar um matvæli um fúmónísín B_1, fúmónísín B_2 og fúmónísín B_3 (frá 4. apríl 2003) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out185_en.pdf

([13]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, (frá 19. október 2000) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out74_en.pdf

([14]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, 5. hluti: eiturefnin T-2 og HT-2 (frá 30. maí 2001) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out88_en.pdf

([15]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, 6. hluti: mat á flokki eiturefna um eiturefnin T-2 og HT-2, nívalenól og deoxýnívalenól (frá 26. febrúar 2002) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out123_en.pdf

29) Innan ramma tilskipunar 93/5/EBE var Scoop-verkefni, söfnun gagna um það hversu oft eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* finnast í matvælum og mat á því hversu mikið magn íbúar aðildarríkja ESB taka inn með fæðu ([1]), unnið og því lokið í september 2003.

30) Á grundvelli vísindalegra álita og mats á innteknu magni með fæðu er rétt að ákvarða hámarksgildi fyrir deoxýnívalenól, searalenón og fúmónísín. Að því er varðar fúmónísín sýna niðurstöður vöktunar á nýlegri uppskeru að fúmínísínmengun geti verið mjög mikil í maís og maísafurðum og það er við hæfi að grípa til ráðstafana til að komast hjá því að maís og maísafurðir, sem eru svo menguð að óviðunandi telst, geti borist inn í matvælaferlið.

31) Mat á innteknu magni sýnir að tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 getur verið áhyggjuefni að því er varðar lýðheilsu. Því er nauðsynlegt og mjög áríðandi að þróa áreiðanlega og næma aðferð, safna frekari gögnum um tilvik og gera fleiri kannanir/rannsóknir á þáttunum sem stuðla að tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum, sér í lagi höfrum og hafraafurðum.

32) Þar sem efnin koma fyrir saman er ekki nauðsynlegt að grípa til sértækra ráðstafana vegna 3-asetýldeoxýnívalenóls, 15-asetýldeoxýnívalenóls og fúmónísíns B_3, þar eð ráðstafanir, einkum að því er varðar deoxýnívalenól og fúmónísín B_1 og B_2, myndu einnig vernda menn gegn óæskilegum váhrifum frá 3-asetýldeoxýnívalenóli, 15-asetýldeoxýnívalenóli og fúmónísíni B_3. Hið sama á við um nívalenól sem sjá má að kemur fyrir ásamt deoxýnívalenóli upp að vissu marki. Enn fremur eru váhrif nívalenóls á menn talin vera umtalsvert minni en tímabundni, þolanlegi dagskammturinn. Hvað varðar aðra tríkótesena, sem kannaðir voru í fyrrnefndu SCOOP-verkefni, s.s. 3-asetýldeoxýnívalenól, 15-asetýldeoxýnívalenól, fúsarenón-X, T2-tríól, díasetoxýskirpenól, neósólaníól, mónóasetoxýskirpenól og verrúkól, koma þeir, samkvæmt þeim takmörkuðu upplýsingum sem liggja fyrir, ekki almennt fyrir og innihaldið sem greindist var almennt lítið.

33) Veðurfarsskilyrði á vaxtarskeiði, sér í lagi við blómgun, hafa mikil áhrif á innihald eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*. Hins vegar geta góðar starfsvenjur í landbúnaði, þar sem áhættuþáttum er haldið í lágmarki, komið í veg fyrir mengun af völdum aðskotaefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* upp að vissu marki. Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2006/583/EB frá 17. ágúst 2006 um að stemma stigu við og draga úr eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í korni og kornafurðum ([2]) eru almennar meginreglur til að stemma stigu við eða draga úr mengun af völdum eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* (searalenóns, fúmónísíns og tríkótesens) í korni, sem á að framfylgja með því að þróa landsbundnar reglur um starfsvenjur á grundvelli þessara meginreglna.

34) Ákvarða skal hámarksgildi fyrir eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* fyrir óunnið korn, sem sett er á markað fyrir meðhöndlun á fyrsta stigi. Hreinsun, flokkun og þurrkun teljast ekki vera meðhöndlun á fyrsta stigi að því tilskildu að engum eðlisrænum aðferðum sé beitt á sjálfan kjarna kornsins. Afhýðing skal teljast meðhöndlun á fyrsta stigi.

35) Þar eð það er misjafnt að hve miklu leyti eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* er fjarlægt úr korni með hreinsun og vinnslu er við hæfi að ákvarða hámarksgildi fyrir kornafurðir til neytenda sem og fyrir helstu innihaldsefni í matvælum, sem fengin eru úr korni, til að hafa framfylgjanlega löggjöf sem hefur verndun lýðheilsu að leiðarljósi.

36) Hvað maís varðar eru ekki allir þættir, sem stuðla að myndun eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, sér í lagi searalenóns og fúmónísíns B_1 og B_2, fullkomlega þekktir enn. Þess vegna er veittur frestur til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja í kornvörukeðjunni kleift að gera rannsóknir á upptökum myndunar þessa sveppaeiturs og á greiningu stjórnunarlegra ráðstafana sem beita skal til að koma í veg fyrir tilvist þeirra, eftir því sem unnt er. Lagt er til að hámarksgildi, sem byggð eru á fyrirliggjandi gögnum um tilvik, gildi frá 2007 ef engin tiltekin hámarksgildi, sem byggð eru á nýjum upplýsingum um tilvik og myndun, hafa verið sett fyrir þann tíma.

37) Með tilliti til þess hversu lítil mengun af völdum eiturefna frá sveppum af ættkvíslinni *Fusarium* finnst í hrísgrjónum eru engin hámarksgildi lögð til fyrir hrísgrjón eða hrísgrjónaafurðir.

38) Eigi síðar en 1. júlí 2008 skal endurskoða hámarksgildin fyrir deoxýnívalenól, searalenón og fúmónísín B_1 og B_2, sem og hvort viðeigandi sé að ákvarða hámarksgildi fyrir eiturefnin T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum með tilliti til aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni um þessi eiturefni í matvælum.

39) Að því er varðar blý samþykkti vísindanefndin um matvæli álit 19. júní 1992 ([3]) sem styður ákvæði um bráðabirgðagildi fyrir þolanlegan vikuskammt, sem er 25 µg/kg líkamsþyngdar, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lagði til árið 1986. Vísindanefndin um matvæli komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að meðalinnihald í matvælum virðist ekki vera brýnt áhyggjuefni.

([1]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.10, „Collection of occurrence data of Fusarium toxins in food and assessment of dietary intake by the population of EU Member States“. http://ec.europa.eu/food/fs/scoop/task3210.pdf

([2]) Stjtíð. ESB L 234, 29.8.2006, p. 35.

([3]) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 32. ritröð, álit vísindanefndarinnar um „The potential risk to health presented by lead in food and drink“, bls. 7, http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf

40) Innan ramma tilskipunar 93/5/EBE var SCOOP-verkefni, mat á magni arsens, kadmíums, blýs og kvikasilfurs sem íbúar aðildarríkja ESB taka inn með fæðu, unnið árið 2004 ([1]). Með tilliti til þessa mats og álitsins sem vísindanefndin um matvæli lagði fram er við hæfi að grípa til ráðstafana til að draga úr blýi í matvælum eins og unnt er.

41) Að því er varðar kadmíum lýsti vísindanefndin um matvæli, í áliti sínu frá 2. júní 1995 ([2]), yfir stuðningi við það að bráðabirgðagildi fyrir þolanlegan vikuskammt fyrir kadmíum verði 7 µg/kg líkamsþyngdar og mælti með frekara átaki til að draga úr fæðutengdum váhrifum af völdum kadmíums þar eð matvæli eru helsta uppspretta inntöku manna á kadmíumi. Mat á fæðutengdum váhrifum var unnið í SCOOP-verkefni 3.2.11. Með tilliti til þessa mats og álitsins sem vísindanefndin um matvæli lagði fram er við hæfi að grípa til ráðstafana til að draga úr kadmíumi í matvælum eins og unnt er.

42) Að því er varðar kvikasilfur samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit 24. febrúar 2004 varðandi kvikasilfur og metýlkvikasilfur í matvælum ([3]) og samþykkti bráðabirgðagildi fyrir þolanlegan vikuskammt sem er 1,6 µg/kg líkamsþyngdar. Metýlkvikasilfur er það efnaform sem veldur mestum áhyggjum og getur numið yfir 90% af heildarkvikasilfri í fiski og öðrum sjávarafurðum. Með tilliti til niðurstöðu SCOOP-verkefnis 3.2.11 komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að innihald kvikasilfurs í matvælum, öðrum en fiski og öðrum sjávarafurðum, væri minna áhyggjuefni. Form kvikasilfurs í matvælum, öðrum en fiski og öðrum sjávarafurðum, er einna minnst metýlkvikasilfur og er þar af leiðandi talið áhættuminna.

43) Auk þess að setja hámarksgildi eru hnitmiðaðar ráðleggingar til neytenda viðeigandi aðferð, að því er varðar metýlkvikasilfur, til að vernda viðkvæma þjóðfélagshópa. Af þessum sökum hafa upplýsingapunktar varðandi metýlkvikasilfur í fiski og fiskafurðum verið settir fram á vefsetri aðalskrifstofu heilsu- og neytendaverndar á vegum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna ([4]). Nokkur aðildarríki hafa einnig gefið út ráðleggingar varðandi þetta málefni sem skipta máli fyrir íbúa þess.

44) Að því er varðar ólífrænt tin komst vísindanefndin um matvæli að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. desember 2001 ([5]) að styrkur ólífræns tins, sem nemur 150 mg/kg fyrir drykkjarvörur í dósum og 250 mg/kg í öðrum matvælum í dósum, geti valdið ertingu í maga hjá sumum einstaklingum.

45) Til að vernda lýðheilsu gegn þessari heilbrigðisáhættu er nauðsynlegt að setja hámarksgildi fyrir ólífrænt tin í matvælum og drykkjarvörum í dósum. Þar til gögn um næmi ungbarna og smábarna gagnvart ólífrænu tini í matvælum liggja fyrir er nauðsynlegt fyrir öryggis sakir að vernda heilbrigði þessa viðkvæma hóps og að fastsetja lægri hámarksgildi.

46) Að því er varðar 3-einklórpropan-1,2díól (3-MCPD) samþykkti vísindanefndin um matvæli 30. maí 2001 vísindalegt álit um 3-MCPD í matvælum ([6]) og uppfærði álit sitt frá 16. desember 1994 ([7]) á grundvelli nýrra, vísindalegra upplýsinga og fastsetti þolanlegan dagskammt, sem nemur 2 µg/kg líkamsþyngdar, fyrir 3-MCPD.

47) Innan ramma tilskipunar 93/5/EBE var SCOOP-verkefni, söfnun gagna og samanburður á magni 3-MCPD og tengdra efna í matvælum, unnið og því lokið í júní 2004 ([8]). Inntekið magn af 3-MCPD með fæðu kemur aðallega með neyslu á sojasósu og vörum sem eru að stofni til úr sojasósu. Í sumum löndum geta önnur matvæli, sem er neytt í miklu magni, t.d. brauð og núðlur, orðið til þess að inntekið magn eykst verulega vegna mikillar neyslu fremur en vegna mikils innihalds 3-MCPD í matvælunum.

48) Til samræmis við það skal setja hámarksgildi fyrir 3-MCPD í vatnsrofnum jurtaprótínum og sojasósu með tilliti til þeirrar áhættu sem fylgir neyslu þessara matvæla. Þess er farið á leit við aðildarríkin að þau rannsaki hvort önnur matvæli innihaldi 3-MCPD til að hægt sé að meta þörfina á því að setja hámarksgildi fyrir önnur matvæli.

([1]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.11, „Assessment of dietary exposure to arsenic, cadmium, lead and mercury of the population of the EU Member States“. http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/scoop_ 3-2-11_heavy_metals_report_en.pdf

([2]) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 36. ritröð, álit vísindanefndarinnar um mat á kadmíumi, bls. 67, http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_36.pdf

([3]) Álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, samþykkt 24. febrúar 2004, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, í tengslum við kvikasilfur og metýlkvikasilfur í matvælum http://www.efsa.eu.int/science/contam/contam_opinions/259/opinion_contam_01_en1.pdf

([4]) http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/information_note_mercury-fish_12-05-04.pdf

([5]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um bráða áhættu sem skapast af völdum tins í matvælum í dósum (samþykkt 12. desember 2001). http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out110_en.pdf

([6]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um 3-einklórpropan-1,2-díól (3-MCPD) sem uppfærði álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 1994 (samþykkt 30. maí 2001) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out91_en.pdf

([7]) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 36. ritröð, álit vísindanefndarinnar um matvæli um 3-einklórpropan-1,2-díól (3-MCPD), bls. 31 http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_36.pdf

([8]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.9, „Collection and collation of data on levels of 3-monochloropropanediol (3- MCPD) and related substances in foodstuffs“. http://ec.europa.eu/ food/food/chemicalsafety/contaminants/scoop_3-2-9_final_report_ chloropropanols_en.pdf

49) Að því er varðar díoxín og PCB-efni samþykkti vísindanefndin um matvæli álit 30. maí 2001 um díoxín og díoxínlík PCB-efni í matvælum ([1]) sem var uppfærsla á áliti hennar frá 22. nóvember 2000 ([2]) þar sem fastsettur var þolanlegur vikuskammur sem nemur 14 pg eiturjafngildis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO-TEQ) á kg líkamsþyngdar fyrir díoxín og díoxínlík PCB-efni.

50) Með díoxínum er í þessari reglugerð átt við hóp 75 efnamynda af fjölklóruðum díbenzó-p-díoxínum (PCDD) og 135 efnamyndir af fjölklóruðum díbensófúrönum (PCDF), en 17 þeirra eru eitraðar. Fjölklóruð bífenýl (PCB-efni) eru hópur 209 mismunandi efnamynda sem skipta má í tvo hópa eftir eiturefnafræðilegum eiginleikum þeirra. Af þessum efnamyndum búa 12 þeirra yfir eiginleikum sem líkjast eiturefnafræðilegum eiginleikum díoxína og þær eru því oft nefndar díoxínlík PCB-efni. Hin PCB-efnin hafa ekki eiturhrif sem líkjast díoxíni heldur aðra eiturefnafræðilega eiginleika.

51) Efnamyndir díoxína og díoxínlíkra PCB-efna hafa hver um sig missterk eiturhrif. Svo að unnt sé að taka saman eiturhrif þessara mismunandi efnamynda hefur hugtakið eiturjafngildisstuðlar (TEFs) verið tekið upp til að greiða fyrir áhættumati og lögbundnu eftirliti. Þetta merkir að niðurstöður greiningar á öllum efnamyndum díoxína og efnamyndum díoxínlíkra PCB-efna, sem valda áhyggjum í eiturefnafræðilegu tilliti, eru gefnar upp með einni megindlegri einingu: TCDD-eiturjafngildisstyrkur (TEQ).

52) Mat á váhrifum, að teknu tilliti til SCOOP-verkefnis, mat á magni díoxíns í fæðu íbúa aðildarríkja ESB, sem lokið var í júní 2000 ([3]) gefur til kynna að mikill hluti almennings í Bandalaginu fái meira í sig af díoxíni og díoxínlíkum PCB-efnum með matvælum en gildi fyrir þolanlegan vikuskammt segja til um.

53) Út frá eiturefnafræðilegum rökum er mælt með því að hámarksgildi skuli gilda um díoxín og díoxínlík PCB-efni, en árið 2001 voru eingöngu sett hámarksgildi á vettvangi Bandalagsins fyrir díoxín en ekki fyrir díoxínlík PCB-efni vegna mjög takmarkaðra upplýsinga á þeim tíma um algengi síðarnefndu efnanna. Síðan 2001 hefur þó komið fram mikið magn gagna um tilvist díoxínlíkra-PCB-efna og þar af leiðandi voru sett hámarksgildi fyrir summu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna árið 2006 þar eð sú aðferð er heppilegust út frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði. Svo að tryggja megi snurðulausa aðlögun skulu viðmiðunarmörk fyrir díoxín vera áfram í gildi á aðlögunartímabili, auk gilda fyrir summu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna. Matvæli mega, meðan þetta aðlögunartímabil varir, hvorki fara yfir hámarksgildi fyrir díoxín né hámarksgildi fyrir summu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna. Eigi síðar en 31. desember skal vega það og meta hvort fella megi niður sérstöku hámarksgildin fyrir díoxín.

54) Í því skyni að ýta undir markvissar aðgerðir sem miða að því að draga úr styrk díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum og fóðri voru aðgerðarmörk sett með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2006/88/EB frá 6. febrúar 2006 um að draga úr díoxínum, fúrönum og PCB-efnum í fóðri og matvælum ([4]). Þessi aðgerðarmörk eru tæki sem nýtast lögbærum yfirvöldum og stjórnendum til að draga fram þau tilvik þar sem rétt þykir að tilgreina upptök mengunar og grípa til ráðstafana til þess að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim. Þar eð upptök díoxína og díoxínlíkra PCB-efna eru ekki hin sömu skal ákvarða mismunandi aðgerðarmörk fyrir díoxín annars vegar og díoxínlík PCB-efni hins vegar. Endurskoða skal þessa markvissu aðferð til þess að draga á virkan hátt úr styrk díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í fóðri og matvælum, og þar af leiðandi gildandi hámarksgildi, innan tiltekins tíma með það að markmiði að lækka gildin. Því skal vega það og meta eigi síðar en 31. desember 2008 hvort hámarksgildin, að því er varðar summu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna, skuli lækkuð umtalsvert.

55) Stjórnendur verða að beita öllum tiltækum ráðum til þess að fjarlægja díoxín, fúrön og díoxínlík PCB-efni úr olíu úr sjávardýrum. Þau umtalsvert lægri gildi, sem taka skal afstöðu til eigi síðar en 31. desember 2008, skulu grundvallast á þeim tæknilegu möguleikum við afmengun sem eru árangursríkastir.

56) Að því er varðar setningu hámarksgilda fyrir önnur matvæli, eigi síðar en 31. desember 2008, skal einkum huga að þörfinni fyrir að setja sérstök, lægri hámarksgildi fyrir díoxín og díoxínlík PCB-efni í matvælum fyrir ungbörn og smábörn í ljósi gagna úr vöktunaráætlunum frá árunum 2005, 2006 og 2007 til að vakta díoxín og díoxínlík PCB-efni í matvælum fyrir ungbörn og smábörn.

([1]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um áhættumat vegna díoxíns og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum. Uppfært álit vegna nýrra vísinda-upplýsinga sem hafa komið fram síðan álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 22. nóvember 2000 var samþykkt (frá 30. maí 2001) http://ec.europa.-eu/food/fs/sc/scf/out90_en.pdf

([2]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um áhættumat vegna díoxíns og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum (frá 22. nóvember 2000) http://ec.europa.-eu/food/fs/sc/scf/out78_en.pdf

([3]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.5 „Assessment of dietary intake of dioxins and related PCBs by the population of EU Member States“. http://ec.europa.eu/dgs/health_consumer/library/pub/pub08_en.pdf

([4]) Stjtíð. ESB L 42, 14.2.2006, bls. 26.

57) Að því er varðar fjölhringa, arómatísk vetniskolefni komst vísindanefndin um matvæli að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. desember 2002 ([1]) að allmörg fjölhringa, arómatísk vetniskolefni væru krabbameinsvaldandi erfðaeitur. Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA) vann árið 2005 áhættumat vegna fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og áætlaði váhrifamörk fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni sem grunn fyrir ráðgjöf um efni sem eru í senn erfðaeiturfræðileg og krabbameinsvaldandi ([2]).

58) Samkvæmt vísindanefndinni um matvæli er hægt að nota bensó(a)pýren sem markefni fyrir tilvist og áhrif krabbameinsvaldandi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum, þ.m.t. bens(a)antrasen, bensó(b)flúoranten, bensó(j)flúoranten, bensó(k)flúoranten, bensó(g,h,i)-perýlen, krýsen, sýklópenta(c,d)pýren, díbens(a,h)-antrasen, díbensó(a,e)pýren, díbensó(a,h)pýren, díbensó(a,i)pýren, díbensó(a,l)pýren, indenó(1,2,3-cd)pýren og 5-metýlkrýsen. Frekari greiningar á innbyrðis hlutföllum þessara fjölhringa, arómatísku vetniskolefna í matvælum verða að fara fram með tilliti til seinni tíma mats á því hvort bensó(a)pýren hentar áfram sem markefni. Auk þess skal greina bensó(c)flúoren samkvæmt tillögu sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA).

59) Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni geta orðið aðskotaefni í matvælum við reykingarferli og hitun og þurrkun ef myndefni frá bruna komast í beint samband við matvælin. Auk þess getur umhverfismengun valdið mengun af völdum fjölhringa, arómatískra vetniskolefna, einkum í fiski og fiskafurðum.

60) Innan ramma tilskipunar 93/5/EBE var tiltekið SCOOP-verkefni, söfnun gagna um það hversu oft fjölhringa, arómatísk vetniskolefni finnast í matvælum, unnið árið 2004 ([3]). Innihaldið reyndist mikið í þurrkuðum aldinum, ólífuhratolíu, reyktum fiski, þrúgukjarnaolíu (grape seed oil), reyktum kjötafurðum, ferskum lindýrum, kryddum/sósum og bragðefnum.

61) Í því skyni að vernda lýðheilsu eru hámarksgildi bensó(a)pýrens nauðsynleg þegar um er að ræða tiltekin matvæli sem innihalda fitu og olíu og fyrir matvæli þar sem aðskotaefnin geta orðið mikil við reykingu eða þurrkun. Hámarksgildi eru einnig nauðsynleg fyrir matvæli þar sem umhverfismengun getur valdið mikilli mengun, einkum í fiski og lagarafurðum, til dæmis af völdum olíuleka vegna flutninga.

62) Bensó(a)pýren hefur fundist í sumum matvælum, s.s. þurrkuðum aldinum og fæðubótarefnum, en fyrirliggjandi gögn eru of óljós til að unnt sé að ákvarða þau gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná. Þörf er frekari rannsókna til að skýra hvaða gildi skuli setja fyrir þessi matvæli sem raunhæft er að ætlast til að megi ná. Þar til þau liggja fyrir gilda hámarksgildi fyrir bensó(a)pýren í viðkomandi innihaldsefnum, svo sem í olíu og fitu sem notuð er í fæðubótarefnum.

63) Hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni og það hversu viðeigandi það er að setja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í kakósmjöri skal endurskoðað eigi síðar en 1. apríl 2007 og skal taka tillit til vísinda- og tæknilegrar þekkingar á tilvist bensó(a)pýrens og annarra krabbameinsvaldandi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum.

64) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar reglur

1. Ekki skal setja matvælin, sem eru tilgreind í viðaukanum, á markað ef þau innihalda aðskotaefni, sem er tilgreint í viðaukanum, í styrk sem er hærri en hámarksgildið sem sett er fram í viðaukanum.

2. Hámarksgildin, sem tilgreind eru í viðaukanum, skulu gilda um æta hluta þeirra matvæla sem um er að ræða, nema annað sé tekið fram í viðaukanum.

2. gr.

Þurrkuð, þynnt, unnin og samsett matvæli

1. Við beitingu hámarksgildanna, sem sett eru fram í viðaukanum, fyrir matvæli sem eru þurrkuð, þynnt, unnin eða samsett úr fleiri en einu innihaldsefni skal taka tillit til eftirfarandi:

a) breytinga á styrk aðskotaefnis sem verður vegna þurrkunar eða þynningar,

b) breytinga á styrk aðskotaefnis sem verður vegna vinnslu,

c) innbyrðis hlutfalla innihaldsefnanna í afurðinni,

d) greiningarmarks við magngreiningu

([1]) Álit vísindanefndarinnar um áhættu fyrir heilbrigði manna vegna fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum. (frá 4. desember 2002) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out153_en.pdf

([2]) Mat á tilteknum aðskotaefnum í matvælum - skýrsla sameiginlegu sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, 64. fundur, Róm 8. til 17. febrúar 2005, bls. 1 og bls. 61. WHO Technical Report Series, nr. 930, 2006 - http://whqlibdoc.who.int/trs/WHO_TRS_930_eng.pdf

([3]) Skýrslur um verkefni um vísindasamstarf, verkefni 3.2.12 „Collection of occurrence data on polycyclic aromatic hydrocarbons in food“. http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/scoop_ 3-2-12_final_report_pah_en.pdf

2. Stjórnandi matvælafyrirtækis skal, þegar lögbært yfirvald framkvæmir opinbert eftirlit, leggja fram og færa rök fyrir sértækum styrkingar- eða þynningaraðgerðum sem eiga í hlut eða fyrir þurrkuðu, þynntu, unnu og/eða samsettu matvælin sem eiga í hlut.

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis leggur ekki fram nauðsynlegan styrkingar- eða þynningarþátt eða ef lögbært yfirvald telur að umræddur þáttur eigi ekki við með tilliti til þeirra röksemda sem gefnar voru skal yfirvaldið sjálft ákvarða þáttinn á grundvelli fyrirliggjandi gagna og með hámarksvernd fyrir heilbrigði manna að markmiði.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda svo fremi að ekki hafi verið ákvörðuð sérstök hámarksgildi Bandalagsins fyrir þessi þurrkuðu, þynntu, unnu eða samsettu matvæli.

4. Ef ekki er kveðið á um sérstök hámarksgildi fyrir matvæli fyrir ungbörn og smábörn í löggjöf Bandalagsins geta aðildarríkin kveðið á um strangari gildi.

3. gr.

Bann við notkun, blöndun og afeitrun

1. Matvæli, sem ekki uppfylla þau hámarksgildi sem sett eru fram í viðaukanum, skal ekki nota sem innihaldsefni í matvælum.

2. Matvælum, sem eru undir þeim hámarksgildum sem sett eru fram í viðaukanum, skal ekki blanda saman við matvæli sem fara yfir þessi hámarksgildi.

3. Matvælum, sem á að flokka eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum í þeim tilgangi að draga úr mengun, skal ekki blanda saman við matvæli sem eru ætluð til beinnar neyslu eða saman við matvæli sem eru ætluð sem innihaldsefni í matvælum.

4. Matvæli, sem innihalda aðskotaefni sem eru tilgreind í 2. þætti viðaukans (mýkótoxín), skal ekki afeitra af ásettu ráði með efnameðhöndlun.

4. gr.

Sértæk ákvæði fyrir jarðhnetur, hnetur, þurrkuð aldin og maís

Jarðhnetur, hnetur, þurrkuð aldin og maís, sem samræmast ekki þeim ákvæðum um hámarksgildi aflatoxína sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.3, 2.1.5 og 2.1.6 í viðaukanum, má setja á markað að því tilskildu að þessi matvæli:

a) séu hvorki ætluð til beinnar neyslu né til nota sem innihaldsefni í matvælum,

b) uppfylli viðeigandi hámarksgildi sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1, 2.1.2, 2.1.4 og 2.1.7 í viðaukanum,

c) séu meðhöndluð með flokkun eða öðrum eðlisfræðilegum aðferðum og að ekki sé, að lokinni þeirri meðhöndlun, farið yfir þau hámarksgildi, sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.3, 2.1.5 og 2.1.6 í viðaukanum, og að þessi meðhöndlun hafi ekki í för með sér myndun annarra skaðlegra efnaleifa,

d) séu greinilega merkt til að sýna notkun þeirra og með ábendingunni „afurðina skal flokka eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum til þess að draga úr aflatoxínmengun áður en hún er notuð til manneldis eða notuð sem innihaldsefni í matvælum“. Ábendingin skal koma fram á merkimiða sérhvers poka, kassa o.s.frv. eða á upprunalegu fylgiskjali. Auðkenniskóði vörusendingar/-framleiðslueiningar skal merktur á óafmáanlegan hátt á sérhvern poka, kassa o.s.frv. í vörusendingunni og á upprunalegu fylgiskjali.

5. gr.

Sértæk ákvæði fyrir jarðhnetur, afurðir úr þeim og korn

Skýrar upplýsingar um fyrirhugaða notkun skulu koma fram á merkimiða sérhvers poka, kassa o.s.frv. eða á upprunalegu fylgiskjali. Þetta fylgiskjal verður að tengjast vörusendingunni á skýran hátt þannig að auðkenniskóði vörusendingarinnar, sem er merktur á sérhvern poka, kassa o.s.frv. í vörusendingunni, sé gefinn upp í fylgiskjalinu. Auk þess verður starfsemi viðtakanda vörusendingarinnar, sem fram kemur í fylgiskjalinu, að samrýmast fyrirhugaðri notkun.

Ef ekki kemur skýrt fram að fyrirhuguð notkun sé ekki til manneldis skulu hámarksgildin, sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.3 og 2.1.6 í viðaukanum, gilda um allar jarðhnetur, afurðir úr þeim og korn sem sett er á markað.

6. gr.

Sértæk ákvæði um salat

Ef salat, sem er ræktað undir hlíf, er ekki merkt sem slíkt gilda hámarksgildin sem sett eru fram í viðaukanum fyrir salat sem er ræktað undir berum himni.

7. gr.

Tímabundnar undanþágur

1. Þrátt fyrir 1. gr. er Belgíu, Írlandi, Hollandi og Breska konungsríkinu heimilt að leyfa til 31. desember 2008 að setja á markað ferskt spínat, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, með nítratstyrk sem er yfir hámarksgildunum sem sett eru fram í lið 1.1. í viðaukanum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Írlandi og Breska konungsríkinu heimilt, til 31. desember 2008, að setja á markað ferskt salat, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, uppskorið árið um kring, með nítratstyrk sem er yfir hámarksgildunum sem sett eru fram í lið 1.3 í viðaukanum.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Frakklandi heimilt, til 31. desember 2008, að setja á markað ferskt salat, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þess, uppskorið frá 1. október til 31. mars, með nítratstyrk sem er yfir hámarksgildunum sem sett eru fram í lið 1.3 í viðaukanum.

4. Þrátt fyrir 1. gr. er Finnlandi og Svíþjóð heimilt, til 31. desember 2011, að setja á eigin markað lax (*Salmo salar*), síld (*Clupea harengus*), fiskisugu (*Lampetra fluviatilis*), urriða (*Salmo trutta*), bleikju (*Salvelinus* ssp.) og hrogn hvítfiska (*Coregonus albula*), frá Eystrasaltssvæðinu sem eru ætluð til neyslu á yfirráðasvæði þeirra og sem innihalda díoxín og/eða summu díoxíns og díoxínslíkra PCB-efna í meiri styrk en mælt er fyrir um í lið. 5.3 í viðaukanum, að því tilskildu að fyrir hendi sé kerfi sem tryggir að neytendur séu nægilega vel upplýstir um þær ráðleggingar um mataræði er varða takmarkanir á því að tilteknir þjóðfélagshópar, sem eru veikir fyrir, neyti þessara fisktegunda frá Eystrasaltssvæðinu, í því skyni að forðast hugsanlega heilsufarsáhættu. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skulu Finnland og Svíþjóð tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður vöktunar þeirra á styrk díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í fiski frá Eystrasaltssvæðinu sem fengnar voru árið áður og gefa skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að minnka váhrif á menn af völdum díoxína og díoxínlíkra PCB-efna úr fiski frá Eystrasaltssvæðinu. Finnland og Svíþjóð skulu áfram gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fiskur og fiskafurðir, sem uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í lið 5.3 í viðaukanum, séu ekki markaðssett í öðrum aðildarríkjum.

8. gr.

Sýnataka og greining

Sýnataka og greining við opinbert eftirlit með þeim hámarksgildum, sem eru tilgreind í viðaukanum, skal fara fram í samræmi við reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1882/2006 ([1]), nr. 401/2006 ([2]) og nr. 1883/2006 ([3]) og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB ([4]), 2004/16/EB ([5]) og 2005/10/EB ([6]).

9. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu vakta nítratstyrk í grænmeti sem getur innihaldið umtalsvert nítrat, einkum í grænu blaðgrænmeti, og senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um niðurstöðurnar eigi síðar en 30. júní ár hvert. Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjunum aðgang að þessum niðurstöðum.

2. Aðildarríkin og hagsmunaaðilar skulu tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um niðurstöður rannsókna sem gerðar eru ásamt gögnum um tilvik og þann árangur sem náðst hefur með tilliti til beitingar fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir mengun af völdum okratoxíns A, deoxýnívalenóls, searalenóns, fúmónísíns B_1 og B_2 og eiturefnanna T-2 og HT-2. Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjunum aðgang að þessum niðurstöðum.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sem varða aflatoxín, díoxín og díoxínlík PCB-efni, PCB-efni, sem ekki líkjast díoxínum, og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni sem tilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/504/EB ([7]), tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2006/794/EB ([8]) og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/108/EB ([9]).

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 466/2001 er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

11. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Þessi reglugerð gildir ekki um afurðir sem voru settar á markað fyrir þær dagsetningar sem um getur í a- til d-lið í samræmi við þau ákvæði sem gilda fyrir hverja dagsetningu fyrir sig:

a) hinn 1. júlí 2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir deoxýnívalenól og searalenón sem mælt er fyrir um í liðum 2.4.1, 2.4.2, 2.4.4, 2.4.5, 2.4.6, 2.4.7, 2.5.1, 2.5.3, 2.5.5 og 2.5.7 í viðaukanum,

([1]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 25.
([2]) Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.
([3]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 32.
([4]) Stjtíð. EB L 77, 16.3.2001, bls. 14. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/4/EB (Stjtíð. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 50).
([5]) Stjtíð. ESB L 42, 13.2.2004, bls. 16.
([6]) Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 15.
([7]) Stjtíð. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 21.
([8]) Stjtíð. ESB L 322, 22.11.2006, bls. 24.
([9]) Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 43.

b) hinn 1. júlí 2007 að því er varðar hámarksgildi fyrir deoxýnívalenól og searalenón sem mælt er fyrir um í liðum 2.4.3, 2.5.2, 2.5.4, 2.5.6 og 2.5.8 í viðaukanum,

c) hinn 1. október 2007 að því er varðar hámarksgildi fyrir fúmónísín B_1 og B_2 sem mælt er fyrir um í lið 2.6 í viðaukanum,

d) hinn 4. nóvember 2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir summu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna sem mælt er fyrir um í 5. þætti viðaukans.

Sönnunarbyrðin varðandi það hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á stjórnanda viðkomandi matvælafyrirtækis.

12. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ([1])

1. þáttur: Nítrat

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (mg NO_3/kg)	
1.1	Ferskt spínat (*Spinacia oleracea*) ([2])	Uppskera frá 1. október til 31. mars	3000
		Uppskera frá 1. apríl til 30. september	2500
1.2	Rotvarið, djúpfryst eða fryst spínat		2000
1.3	Ferskt salat (*Lactuca sativa L.*) (ræktað undir hlíf eða ræktað undir berum himni), að undanskildu salati sem er tilgreint í lið 1.4	Uppskera frá 1. október til 31. mars:	
		salat, ræktað undir hlíf	4500
		salat, ræktað undir berum himni	4000
		uppskera frá 1. apríl til 30. september:	
		salat, ræktað undir hlíf	3500
		salat, ræktað undir berum himni	2500
1.4	Salat af jöklasalatsgerð	Salat ræktað undir hlíf	2500
		Salat ræktað undir berum himni	2000
1.5	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([4])		200

2. þáttur: Mýkótoxín

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (µg/kg)		
2.1	**Aflatoxín**	B1	Summa B_1, B_2, G_1 og G_2	M1
2.1.1	Jarðhnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	8,0 ([5])	15,0 ([5])	—
2.1.2	Hnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5,0([5])	10,0 ([5])	—
2.1.3	Jarðhnetur, hnetur og unnar afurðir úr þeim, ætlaðar til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0 ([5])	4,0 ([5])	—
2.1.4	Þurrkuð aldin sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5,0	10,0	—
2.1.5	Þurrkuð aldin og unnar afurðir úr þeim, ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0	4,0	—
2.1.6	Allt korn og allar afurðir úr korni, þ.m.t. unnar kornafurðir, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.1.7, 2.1.10 og 2.1.12	2,0	4,0	—
2.1.7	Maís sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en hann er notaður til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5,0	10,0	—
2.1.8	Hrámjólk ([6]), hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk	—	—	0,050

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (µg/kg)		
2.1.9	Eftirfarandi kryddtegundir: *Capsicum* spp. (þurrkuð aldin, heil eða möluð, þ.m.t. eldpaprika (chilli), eldpaprikuduft, kajennpipar og paprika) *Piper* spp. (aldin, þ.m.t. hvítur og svartur pipar) *Myristica fragrans* (múskat) *Zingiber officinale* (engifer) *Curcuma longa* (túrmerik)	5,0	10,0	—
2.1.10	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	0,10	—	—
2.1.11	Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ([4]) ([8])	—	—	0,025
2.1.12	Sérfæða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ([9]) ([10]), ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	0,10	—	0,025
2.2	**Okratoxín A**			
2.2.1	Óunnið korn	5,0		
2.2.2	Allar afurðir úr óunnu korni, þ.m.t. unnar kornafurðir og korn ætlað til beinnar neyslu, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.2.9 og 2.2.10	3,0		
2.2.3	Þurrkuð vínber (kúrennur, rúsínur og súltönur)	10,0		
2.2.4	Brenndar kaffibaunir og brennt, malað kaffi, að undanskildu uppleysanlegu kaffi.	5,0		
2.2.5	Uppleysanlegt kaffi (skyndikaffi)	10,0		
2.2.6	Vín (þ.m.t. freyðivín, að undanskildu líkjörvíni og víni með a.m.k. 15% alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál) og ávaxtavín ([11])	2,0([12])		
2.2.7	Kryddvín, drykkir að stofni til úr kryddvíni og hanastél að stofni til úr kryddvíni ([13])	2,0([12])		
2.2.8	Þrúgusafi og þrúgusafaþykkni eftir blöndun, þrúgunektar, þrúgumust og þrúgumustsþykkni eftir blöndun, ætlað til beinnar neyslu ([14])	2,0([12])		
2.2.9	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	0,50		
2.2.10	Sérfæða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ([9]) ([10]), ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	0,50		
2.2.11	Grænt kaffi, þurrkuð aldin önnur en þurrkuð vínber, bjór, kakó og kakóafurðir, líkjörvín, kjötafurðir, krydd og lakkrís	—		
2.3	**Patúlín**			
2.3.1	Ávaxtasafar, ávaxtasafaþykkni eftir blöndun og nektarsafar ([14])	50		

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (µg/kg)
2.3.2	Brenndir drykkir ([15]), eplavín og aðrir gerjaðir drykkir sem eru úr eplum eða innihalda eplasafa	50
2.3.3	Eplaafurðir í föstu formi, þ.m.t. soðin epli og eplamauk, sem eru ætlaðar til beinnar neyslu, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.3.4 og 2.3.5	25
2.3.4	Eplasafi og eplaafurðir í föstu formi, þ.m.t. soðin epli og eplamauk, fyrir ungbörn og smábörn ([16]) og merkt og seld sem slík ([4])	10,0
2.3.5	Barnamatur, annar en unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([4])	10,0
2.4	**Deoxýnívalenól** ([17])	
2.4.1	Óunnið korn ([18]) ([19]), annað en harðhveiti, hafrar og maís	1250
2.4.2	Óunnið harðhveiti og hafrar ([18]) ([19])	1750
2.4.3	Óunninn maís ([18])	1750([20])
2.4.4	Korn ætlað til beinnar neyslu, kornmjöl (þ.m.t. gróft maísmjöl, maísmjöl og maísmulningur ([21]), klíð sem fullunnin vara, sem er markaðssett til beinnar neyslu, og kím, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í lið 2.4.7	750
2.4.5	Pasta (þurrkað) ([22])	750
2.4.6	Brauð (þ.m.t. smátt kaffibrauð) sætabrauð, kex, nasl úr korni og morgunkorn	500
2.4.7	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	200
2.5	**Searalenón** ([17])	
2.5.1	Óunnið korn ([18]) ([19]), annað en maís	100
2.5.2	Óunninn maís ([18])	200 ([20])
2.5.3	Korn ætlað til beinnar neyslu, kornmjöl, klíð sem fullunnin vara, markaðssett til beinnar neyslu og kím, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.5.4, 2.5.7 og 2.5.8	75
2.5.4	Maís ætlaður til beinnar neyslu, gróft maísmjöl, maísmjöl, maísmulningur, maískím og hreinsuð maísolía ([21])	200 ([20])
2.5.5	Brauð (þ.m.t. smátt kaffibrauð) sætabrauð, kex, nasl úr korni og morgunkorn, að undanskildu nasli og morgunkorni með maís sem uppistöðu	50
2.5.6	Nasl og morgunkorn með maís sem uppistöðu	50 ([20])

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (µg/kg)
2.5.7	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu (að undanskildum unnum matvælum með maís sem uppistöðu) og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	20
2.5.8	Unnin matvæli með maís sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	20 ([20])
2.6	**Fúmónísín**	Summa B_1 og B_2
2.6.1	Óunninn maís ([18])	2000 ([23])
2.6.2	Maísmjöl, gróft maísmjöl, maísmulningur, maískím og hreinsuð maísolía ([21])	1000 ([23])
2.6.3	Matvæli með maís sem uppistöðu ætluð til beinnar neyslu, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.6.2 og 2.6.4	400 ([23])
2.6.4	Unnin matvæli með maís sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	200 ([23])
2.7	**Eiturefnin T-2 OG HT-2** ([17])	Summa T-2- og HT-2-eiturefna
2.7.1	Óunnið korn ([18]) og kornafurðir	

3. þáttur: Málmar

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
3.1	**Blý**	
3.1.1	Hrámjólk ([6]), hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk	0,020
3.1.2	Ungbarnablöndur og stoðblöndur ([4]) ([8])	0,020
3.1.3	Kjöt (að undanskildum sláturmat) úr nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum ([6])	0,10
3.1.4	Sláturmatur úr nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum ([6])	0,50
3.1.5	Fiskhold ([24]) ([25])	0,30
3.1.6	Krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra, stórra krabbadýra (*Nephropidae og Palinuridae*) ([26])	0,50
3.1.7	Samlokur ([26])	1,5
3.1.8	Smokkar (cephalopods) (án innyfla) ([26])	1,0
3.1.9	Korn, belgaldin og belgjurtir	0,20
3.1.10	Grænmeti, að undanskildu káli, blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum og sveppum ([27]). Að því er kartöflur varðar eiga hámarksgildin við um afhýddar kartöflur	0,10

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
3.1.11	Kál, blaðgrænmeti og ræktaðir sveppir ([27])	0,30
3.1.12	Aldin, að undanskildum berjum og smáum aldinum ([27])	0,10
3.1.13	Ber og smá aldin ([27])	0,20
3.1.14	Fita og olíur, þ.m.t. mjólkurfita	0,10
3.1.15	Ávaxtasafar, ávaxtasafaþykkni eftir blöndun og nektarsafar ([14])	0,050
3.1.16	Vín (þ.m.t. freyðivín, að undanskildu líkjörvíni), eplavín, peruvín og ávaxtavín ([11])	0,20 ([28])
3.1.17	Kryddvín, drykkir að stofni til úr kryddvíni og hanastél að stofni til úr kryddvíni ([13])	0,20 ([28])
3.2	**Kadmíum**	
3.2.1	Kjöt (að undanskildum sláturmat) úr nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum ([6])	0,050
3.2.2	Hrossakjöt, að undanskildum sláturmat ([6])	0,20
3.2.3	Lifur úr nautgripum, sauðfé, svínum, alifuglum og hrossum ([6])	0,50
3.2.4	Nýru úr nautgripum, sauðfé, svínum, alifuglum og hrossum ([6])	1,0
3.2.5	Fiskhold ([24]) ([25]), þó ekki af tegundum sem eru tilgreindar í liðum 3.2.6 og 3.2.7	0,050
3.2.6	Fiskhold af eftirtöldum tegundum ([24]) ([25]): ansjósu (*Engraulis* spp.) rákungi (*Sarda sarda*) tvírandaflekk (*Diplodus vulgaris)* ál (*Anguilla anguilla*) gráröndungi (*Mugil labrosus labrosus*) hrossamakríl eða brynstirtlu (*Trachurus* spp.) þverhaus (*Luvarus imperialis*) sardínu (*Sardina pilchardus*) kyrrahafssardínu (*Sardinops* spp.*)* túnfiski (*Thunnus* spp.*, Euthynnus* spp.*, Katsuwonus pelamis*) senegalsólflúru (*Dicologoglossa cuneata*)	0,10
3.2.7	Fiskhold af sverðfiski *(Xiphias gladius)* ([24]) ([25])	0,30
3.2.8	Krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra, stórra krabbadýra (*Nephropidae og Palinuridae*) ([26])	0,50
3.2.9	Samlokur ([26])	1,0
3.2.10	Smokkar (án innyfla) ([26])	1,0

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
3.2.11	Korn, að undanskildu klíði, kími, hveiti og hrísgrjónum	0,10
3.2.12	Klíð, kím, hveiti og hrísgrjón	0,20
3.2.13	Sojabaunir	0,20
3.2.14	Grænmeti og aldin, að undanskildu blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum, stöngulgrænmeti, furuhnetum, rótargrænmeti og kartöflum ([27])	0,050
3.2.15	Blaðgrænmeti, ferskar kryddjurtir, ræktaðir sveppir og hnúðsilla ([27])	0,20
3.2.16	Stöngulgrænmeti, rótargrænmeti og kartöflur, að undanskildri hnúðsillu ([27]). Að því er kartöflur varðar eiga hámarksgildin við um afhýddar kartöflur	0,10
3.3	**Kvikasilfur**	
3.3.1	Fiskafurðir ([26]) og fiskhold ([24]) ([25]), þó ekki af tegundum sem eru tilgreindar í lið 3.3.2. Hámarksgildið gildir fyrir krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra, stórra krabbadýra (*Nephropidae* og *Palinuridae*)	0,50
3.3.2	Fiskhold af eftirtöldum tegundum ([24]) ([25]): skötusel (*Lophius* spp.) steinbít (*Anarchichas lupus*) rákungi (*Sarda sarda*) ál (*Anguilla anguilla*) búrfiski, búrfiskbróður (*Hoplostethus spp.*) slétthala (*Coryphaenoides rupestris*) lúðu (*Hippoglossus hippoglossus*) oddnef (*Makaira* spp.) stórkjöftu (*Lepidorhombus spp.*) röndungi (*Mullus spp.*) geddu (*Esox lucius*) rákaleysingja (*Orcynopsis unicolor*) dvergþorski (*Tricopterus minutes*) gljáháfi (*Centroscymnus coelolepis*) skötum (*Raja* spp.) karfa (*Sebastes marinus*, *S. mentella, S. viviparus)* seglfiski (*Istiophorus platypterus*) stinglaxi og marbendli (*Lepidopus caudatus, Aphanopus carbo*) flekkjategundum (*Pagellus spp.*) hákarli (öllum tegundum) smjörmakríl, olíufiski og slöngunasa (*Lepidocybium flavobrunneum, Ruvettus pretiosus, Gempylus serpens*) styrju (*Acipenser spp.*) sverðfiski (*Xiphias gladius*) túnfiski (*Thunnus* spp*., Euthynnus* spp*., Katsuwonus pelamis*)	1,0
3.4	**Ólífrænt tin**	
3.4.1	Matvæli í dósum, önnur en drykkir	200
3.4.2	Drykkir í dósum, þ.m.t. ávaxta- og grænmetissafi	100

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
3.4.3	Barnamatur í dósum og unnin matvæli með korn sem uppistöðu í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, að undanskildum þurrkuðum afurðum eða afurðum í duftformi ([3]) ([29])	50
3.4.4	Ungbarnablöndur og stoðblöndur í dósum, (þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk) að undanskildum þurrkuðum afurðum eða afurðum í duftformi ([3]) ([29])	50
3.4.5	Sérfæða í dósum, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ([9]) ([29]), ætluð sérstaklega fyrir ungbörn að undanskildum þurrkuðum afurðum eða afurðum í duftformi	50

4. þáttur: 3-einklórprópan-1,2-díól (3-MCPD)

Matvæli ([1])		Hámarksgildi (µg/kg)
4.1	Vatnsrofið jurtaprótín ([30])	20
4.2	Sojasósa ([30])	20

5. þáttur: Díoxín og PCB-efni ([31])

Matvæli		Hámarksgildi	
		Summa díoxína (WHO-PCDD/F-TEQ) ([32])	Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (WHO-PCDD/F-PCB-TEQ) ([32])
5.1	Kjöt og kjötafurðir (að undanskildum ætum sláturmat) af eftirfarandi dýrum ([6])		
	— nautgripum og sauðfé)	3,0 pg/g fitu ([33])	4,5 pg/g fitu ([33])
	— alifuglum	2,0 pg/g fitu ([33])	4,0 pg/g fitu ([33])
	— svínum	1,0 pg/g fitu ([33])	1,5 pg/g fitu ([33])
5.2	Lifur úr þeim landdýrum, sem um getur í lið 5.1 ([6]), og afurðum úr henni	6,0 pg/g fitu ([33])	12,0 pg/g fitu ([33])
5.3	Fiskhold og fiskafurðir og afurðir úr þeim, að undanskildum ál ([25]) ([34]). Hámarksgildið gildir fyrir krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra stórra krabbadýra (*Nephropidae* og *Palinuridae*)	4,0 pg/g blautvigt	8,0 pg/g blautvigt
5.4	Fiskhold af ál (*Anguilla anguilla*) og afurðir úr því	4,0 pg/g blautvigt	12,0 pg/g blautvigt
5.5	Hrámjólk ([6]) og mjólkurafurðir ([6]), þ.m.t. fita	3,0 pg/g fitu ([33])	6,0 pg/g fitu ([33])

Matvæli		Hámarksgildi	
		Summa díoxína (WHO-PCDD/F-TEQ) ([32])	Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (WHO-PCDD/F-PCB-TEQ) ([32])
5.6	Hænuegg og eggjaafurðir ([6])	3,0 pg/g fitu ([33])	6,0 pg/g fitu ([33])
5.7	Fita af eftirtöldum dýrum:		
	— nautgripum og sauðfé	3,0 pg/g fitu	4,5 pg/g fitu
	— alifuglum	2,0 pg/g fitu	4,0 pg/g fitu
	— svínum	1,0 pg/g fitu	1,5 pg/g fitu
5.8	Blönduð dýrafita	2,0 pg/g fitu	3,0 pg/g fitu
5.9	Grænmetisolía og -feiti	0,75 pg/g fitu	1,5 pg/g fitu
5.10	Olía úr sjávardýrum (fisklýsi, lifrarlýsi og olíur úr öðrum sjávardýrum sem er ætlað til manneldis)	2,0 pg/g fitu	10,0 pg/g fitu

6. þáttur: Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni

Matvæli		Hámarksgildi (µg/kg blautvigt)
6.1	**Bensó(a)pýren** ([35])	
6.1.1	Olía og fita (að undanskildu kakósmjöri), ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0
6.1.2	Reykt kjöt og reyktar kjötafurðir	5,0
6.1.3	Reykt fiskhold og reyktar lagarafurðir ([25]) ([36]), að undanskildum samlokum. Hámarksgildið gildir fyrir reykt krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra, stórra krabbadýra (*Nephropidae* og *Palinuridae*)	5,0
6.1.4	Fiskhold ([24]) ([25]), annað en af reyktum fiski	2,0
6.1.5	Krabbadýr, smokkar, önnur en reykt ([26]). Hámarksgildið gildir fyrir krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra, stórra krabbadýra (*Nephropidae* og *Palinuridae*)	5,0
6.1.6	Samlokur ([26])	10,0
6.1.7	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([29])	1,0
6.1.8	Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ([8]) ([29])	1,0
6.1.9	Sérfæða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ([9]) ([29]), ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	1,0

([1]) Að því er varðar aldin, grænmeti og korn, er vísað til matvælanna sem eru tilgreind í viðeigandi flokkum eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 178/2006 (Stjtíð. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3). Þetta þýðir m.a. að bókhveiti (*Fagopyrum* sp.) telst til „korns“ og afurðir úr bókhveiti teljast til „kornafurða“.

([2]) Hámarksgildi eiga ekki við um ferskt spínat sem setja skal í vinnslu og sem er flutt í lausri vigt beint af akri í vinnslustöð.

([3]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17) eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EB (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33).

([4]) Hámarksgildin eiga við um framleiðsluvörur sem eru tilbúnar til notkunar (markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda).

([5]) Hámarksgildin eiga við um æta hluta jarðhneta og hneta. Ef jarðhnetur og hnetur eru efnagreindar „með skurn“ skulu útreikningar á innihaldi aflatoxína miðast við að öll mengandi efni séu í æta hlutanum.

([6]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22).

([7]) Hámarksgildin eiga við um þurrefnið. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 401/2006.

([8]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE frá 14. maí 1991 um ungbarnablöndur og stoðblöndur (Stjtíð. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35) eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/14/EB (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 37).

([9]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).

([10]) Hámarksgildið vísar, að því er varðar mjólk og mjólkurvörur, til framleiðsluvara, sem eru tilbúnar til notkunar (og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans), og að því er varðar afurðir, aðrar en mjólk og mjólkurafurðir, til þurrefnis. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 401/2006.

([11]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1) eins og henni var síðast breytt með bókun um skilyrði og fyrirkomulag um inngöngu lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið (Stjtíð. ESB L 157, 21.6.2005, bls. 29).

([12]) Hámarksgildin eiga við um afurðir framleiddar frá og með uppskeru ársins 2005.

([13]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum (Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1) eins og henni var síðast breytt með bókun um skilyrði og fyrirkomulag um inngöngu lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið. Hámarksgildið fyrir okratoxín A, sem á við um þessar drykkjarvörur, er háð hlutfalli víns og/eða þrúgumusts sem finnst í fullunninni afurð.

([14]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tilteknar vörur af svipuðu tagi til manneldis (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58).

([15]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum (Stjtíð. EB L 160, 12.6.1989, bls. 1) eins og henni var síðast breytt með bókun um skilyrði og fyrirkomulag um inngöngu lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið.

([16]) Ungbörn og smábörn, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 91/321/EBE og tilskipun 96/5/EB.

([17]) Að því er varðar beitingu hámarksgilda fyrir deoxýnívalenól, searalenón, eiturefnin T-2 og HT-2, sem tilgreind eru í liðum 2.4, 2.5 og 2.7, teljast hrísgrjón ekki til „korns“ og hrísgrjónaafurðir ekki til „kornafurða“.

([18]) Hámarksgildin eiga við um óunnið korn sem sett er á markað fyrir meðhöndlun á fyrsta stigi. „Meðhöndlun á fyrsta stigi“ er hvers kyns eðlisfræðileg meðhöndlun eða hitameðhöndlun, önnur en þurrkun, á korninu. Hreinsun, flokkun og þurrkun teljast ekki vera „meðhöndlun á fyrsta stigi“ að því tilskildu að engum eðlisfræðilegum aðferðum sé beitt á sjálfan kjarna kornsins og að allt kornið sé heilt eftir hreinsun og flokkun. Í samþættum framleiðslu- og vinnslukerfum eiga hámarksgildin við um óunnið korn ef það er ætlað til meðhöndlunar á fyrsta stigi.

([19]) Hámarksgildið á við um korn sem uppskorið hefur verið og móttekið, frá og með markaðsárinu 2005/06, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 824/2005 frá 19. apríl 2000 um að koma á aðferðum við móttöku uppkaupastofnunar á korni og setja fram greiningaraðferðir til að ákvarða gæði korns (Stjtíð. EB L 100, 20.4.2000, bls. 31), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1068/2005 (Stjtíð. ESB L 174, 7.7.2005, bls. 65).

([20]) Hámarksgildið skal gilda frá 1. júlí 2007.

([21]) Undir þennan flokk falla einnig svipaðar afurðir með öðrum heitum, t.d. símiljugrjón.

([22]) Pasta (þurrkað) er pasta með um það bil 12% vatnsinnihaldi.

([23]) Hámarksgildið skal gilda frá 1. október 2007.

([24]) Fiskur, tilgreindur í þessum flokki samkvæmt skilgreiningu í flokki a, að undanskildri fisklifur sem fellur undir SAT-númer 0302 70 00, í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtíð. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22) eins og henni var síðast breytt með lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið er grundvallað á (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33). Að því er varðar þurrkuð, þynnt, unnin og/eða samsett matvæli gildir 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2.gr.

([25]) Ef fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksgildið við um allan fiskinn.

([26]) Matvæli sem falla undir flokka c og f í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000, eins og við á (tegundir eins og þær eru skráðar í viðeigandi færslum). Að því er varðar þurrkuð, þynnt, unnin og/eða samsett matvæli gildir 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2.gr.

([27]) Hámarksgildið á við eftir að aldinin eða grænmetið hafa verið hreinsuð og æti hluti þeirra skilinn frá.

([28]) Hámarksgildið á við um afurðir framleiddar frá og með aldinuppskeru ársins 2001.

([29]) Hámarksgildið á við um afurðina eins og hún er seld.

([30]) Hámarksgildið er gefið upp fyrir afurðina í vökvaformi með 40% þurrefnainnihaldi sem samsvarar hámarksgildinu 50 g/kg í þurrefninu. Aðlaga þarf gildin hlutfallslega í samræmi við þurrefnisinnihald afurðanna.

([31]) Díoxín ((summa fjölklóraðra díbensó-*para*-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-eiturjafngildisstuðla (WHO-TEF)) og summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (summa PCDD, PCDF og fjölklóraðra bífenýla (PCB) gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar með því að nota WHO-eiturjafngildisstuðla (WHO-TEF)). Eiturjafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir eiturhrif (WHO-TEFs) til nota við áhættumat fyrir menn sem grundvallast á niðurstöðum ráðstefnu stofnunarinnar í Stokkhólmi í Svíþjóð 15. til 18. júní 1997 (Van den Berg et al., (1998) Toxic Equivalency Factors (TEFs) for PCBs, PCDDs, PCDFs for Humans and for Wildlife. Environmental Health Perspectives, 106(12), 775).

Efnamynd	TEF-gildi	Efnamynd	TEF-gildi
Díbensó-p-díoxín (PCDD-efni)		**Díoxínlík PCB-efni PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + ein-ortó-PCB-efni**	
2,3,7,8-TCDD	1	*PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni*	
1,2,3,7,8-PeCDD	1	PCB 77	0,0001
		PCB 81	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1		
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 169	0,01
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01		
OCDD	0,0001		
Díbensófúrön (PCDF)		*Ein-ortó-PCB-efni*	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,0001
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05	PCB 114	0,0005
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5	PCB 118	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,0005
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,0005
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,0001
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0001		

Skammstafanir:: T = tetra, „Pe“ = penta, „Hx“ = hexa, „Hp“ = hepta, „O“ = okta, „CDD“ = klórdíbensódíoxín, „CDF“ = klórdíbensófúran, „CB“ = klórbífenýl

([32]) Háreiknigildi styrks: Þegar háreiknigildi styrks eru reiknuð er gert ráð fyrir því að öll gildi fyrir mismunandi efnamyndir, sem eru undir magngreiningarmörkum, séu jöfn magngreiningarmörkunum.

([33]) Hámarkgildið á ekki við um matvæli sem innihalda < 1% fitu.

([34]) Matvæli tilgreind í þessum flokki samkvæmt skilgreiningu í flokki a, b, c, e og f í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000, að undanskilinni fisklifur sem fellur undir SAT-númer 0302 70 00.

([35]) Hámarksgildi eru tilgreind fyrir bensó(a)pýren sem er notað sem markefni fyrir tilvist og áhrif krabbameinsvaldandi, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna. Með þessum ráðstöfunum er því fullri samræmingu náð hvað snertir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælunum sem tilgreind eru í öllum aðildarríkjunum.

([36]) Matvæli, tilgreind í þessum flokki samkvæmt skilgreiningu í flokkum b, c og f í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1126/2007 **2014/EES/73/66**

frá 28. september 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í maís og maísafurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ([2]) er kveðið á um hámarksgildi fyrir eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í tilteknum matvælum.

2) Setja skal ströng hámarksgildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná með því að fylgja góðum starfsvenjum í landbúnaði og framleiðslu að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem tengist neyslu þessara matvæla.

3) Veðurfarsskilyrði á vaxtarskeiði, sér í lagi við blómgun, hafa mikil áhrif á innihald eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*. Hins vegar geta góðar starfsvenjur í landbúnaði, þar sem áhættuþáttum er haldið í lágmarki, komið í veg fyrir mengun af völdum aðskotaefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* upp að vissu marki. Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2006/583/EB frá 17. ágúst 2006 um að stemma stigu við og draga úr eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í korni og kornafurðum ([3]), þ.m.t. í maís og maísafurðum, eru almennar meginreglur til að stemma stigu við eða draga úr mengun af völdum eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* (searalenóns, fúmónísíns og tríkótesens) í korni sem á að framfylgja með því að hvert aðildarríki fyrir sig þrói reglur um starfsvenjur á grundvelli þessara meginreglna.

4) Hámarksgildi fyrir eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í korni og kornafurðum, þ.m.t. maís og maísafurðir, voru fastsett árið 2005. Hvað maís varðar voru ekki allir þættir, sem stuðla að myndun eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, sér í lagi searalenóns og fúmónísíns B_1 og B_2, fullkomlega þekktir. Þar af leiðandi var gert ráð fyrir því að hámarksgildi fyrir maís og maísafurðir giltu einungis frá 1. júlí 2007 fyrir deoxýnívalenól og searalenón og frá 1. október 2007 fyrir fúmónísín B_1 og B_2, ef engin önnur hámarksgildi, sem byggð eru á nýjum upplýsingum um tilvik og myndun, hafa verið sett fyrir þann tíma. Þetta tímabil gerði stjórnendum matvælafyrirtækja í kornvörukeðjunni kleift að gera rannsóknir á upptökum myndunar þessa sveppaeiturs og á greiningu stjórnunarlegra ráðstafana sem beita skal til að koma í veg fyrir tilvist þeirra, eftir því sem unnt er.

5) Með tilliti til nýrra upplýsinga frá 2005 virðist nauðsynlegt að breyta hámarksgildum fyrir maís og maísafurðir sem og gildistökudegi fyrir þessi gildi.

6) Nýlega hafa upplýsingar verið lagðar fram þar sem fram kemur að, að því er varðar uppskeruna 2005 og 2006, hefur mælst meira innihald í maís en í uppskerunni 2003 og 2004, einkum er innihald searalenóns og fúmónísíns meira en síður innihald deoxýnívalenóls, sem tengist veðurskilyrðum. Af þeim sökum er ekki unnt að ná þeim gildum sem sett voru fyrir searalenón og fúmónísín í maís við tiltekin veðurskilyrði, jafnvel þótt beitt sé fyrirbyggjandi ráðstöfunum eftir því sem unnt er. Því er þörf á að breyta hámarksgildunum til að forðast röskun á markaði en viðhalda um leið öflugri lýðheilsuvernd með því að tryggja að váhrif á menn verði áfram verulega lægri en heilbrigðismiðuð, leiðbeinandi gildi segja til um.

7) Til að tryggja að þessum hámarksgildum sé beitt rétt og snurðulaust er einnig við hæfi að þau gildi um allan maís og maísafurðir sem eru skorin á tilteknum uppskerutíma og þar af leiðandi skal gildistökudagurinn endurspegla byrjun markaðssetningartímabils fyrir næsta uppskeruár. Þar eð uppskerutími maís í Evrópu hefst yfirleitt um miðjan september og varir til enda október er 1. október 2007 heppilegur gildistökudagur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 255, 29.9.2007, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

([3]) Stjtíð. ESB L 234, 29.8.2006, bls. 35.

8) Í ljósi þess, sem að framan greinir, skal þessi reglugerð gilda frá og með 1. júlí 2007.

9) Auk þess skal gera nokkrar minni háttar tæknilegar breytingar.

10) Rétt er að kveða á um að hámarksgildið gildi ekki um óunninn maís sem er ætlaður til vinnslu með votmölun (sterkjuframleiðslu). Í vísindalegum gögnum hefur verið sýnt fram á að án tillits til þess innihalds af eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium,* sem finnst í óunnum maís, greinast eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* ekki eða einungis í mjög litlum mæli í sterkju sem framleidd er úr maís. Til að tryggja heilbrigði manna og dýra skulu stjórnendur matvælafyrirtækja í votmölunargeiranum engu að síður viðhafa öfluga vöktun með aukaafurðum úr votmölunarferlinu, sem ætlaðar eru sem dýrafóður, í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að farið sé að þeim viðmiðunargildum sem um getur í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2006/576/EB frá 17. ágúst 2006 um hvort deoxýnívalenól, searalenón, okratoxín A, eiturefnin T-2 og HT-2 og fúmónísín sé að finna í afurðum sem eru ætlaðar sem fóður ([1]).

11) Við þurrmölunarferli verða til mölunarhlutar með mismunandi kornastærð úr einni og sömu framleiðslulotu af óunnum maís. Vísindaleg gögn leiða í ljós að mölunarhlutar með lítilli kornastærð innihalda meira af eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* en mölunarhlutar með meiri kornastærð. Mölunarhlutar maíss eru flokkaðir eftir kornastærð undir mismunandi færslur í sameinuðu tollnafnaskránni eftir því hversu mikið magn fer í gegnum sigti með möskvastærðinni 500 míkron. Fastsetja skal, til að endurspegla mismikla mengun aðskotaefna í mismunandi mölunarhlutum, mismunandi hámarksgildi fyrir mölunarhluta sem eru annars vegar minni en 500 míkron og hins vegar stærri en 500 míkron.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað b-liðar 11. gr. komi eftirfarandi:

„b) hinn 1. október 2007, að því er varðar hámarksgildi fyrir deoxýnívalenól og searalenón sem mælt er fyrir um í liðum 2.4.3, 2.4.8, 2.4.9, 2.5.2, 2.5.4, 2.5.6, 2.5.8, 2.5.9 og 2.5.10 í viðaukanum,“.

2. Ákvæðum 2. þáttar í viðaukanum er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna fyrir deoxýnívalenól (2.4), searalenón (2.5) og fúmónísín (2.6) komi færslurnar í viðaukanum við þessa reglugerð.

b) Í stað texta 20. neðanmálsgreinar komi „Hámarksgildið skal gilda frá 1. október 2007.“

c) 21. neðanmálsgrein falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 23.8.2006, bls. 7.

VIÐAUKI

„2.4	**Deoxýnívalenól** ([17])	
2.4.1	Óunnið korn ([18]) ([19]), annað en harðhveiti, hafrar og maís	1250
2.4.2	Óunnið harðhveiti og hafrar ([18]) ([19])	1750
2.4.3	Óunninn maís ([18]) að undanskildum maís sem er ætlaður til vinnslu með votmölun ([*])	1750 ([20])
2.4.4	Korn ætlað til beinnar neyslu, kornmjöl, klíð og kím markaðssett til beinnar neyslu, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.4.7, 2.4.8 og 2.4.9	750
2.4.5	Pasta (þurrkað) ([22])	750
2.4.6	Brauð (þ.m.t. smátt kaffibrauð) sætabrauð, kex, nasl úr korni og morgunkorn	500
2.4.7	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	200
2.4.8	Maísbrot eftir mölun með kornastærð > 500 míkron falla undir SAT-númerin 110313 eða 11032040 og aðrar afurðir maísmulnings með kornastærð > 500 míkron sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu falla undir SAT-númerið 19041010	750 ([20])
2.4.9	Maísbrot eftir mölun með kornastærð ≤ 500 míkron falla undir SAT-númerið 110220 og aðrar afurðir maísmulnings með kornastærð ≤ 500 míkron sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu falla undir SAT-númerið 19041010	1250 ([20])
2.5	**Searalenón** ([17])	
2.5.1	Óunnið korn ([18]) ([19]), annað en maís	100
2.5.2	Óunninn maís ([18]) að undanskildum maís sem er ætlaður til vinnslu með votmölun ([*])	350 ([20])
2.5.3	Korn ætlað til beinnar neyslu, kornmjöl, klíð og kím sem fullunnin vara markaðssett til beinnar neyslu, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.5.6, 2.5.7, 2.5.8, 2.5.9 og 2.5.10	75
2.5.4	Hreinsuð maísolía	400 ([20])
2.5.5	Brauð (þ.m.t. smátt kaffibrauð) sætabrauð, kex, nasl úr korni og morgunkorn, að undanskildu nasli og morgunkorni með maís sem uppistöðu	50
2.5.6	Maís ætlaður til beinnar neyslu, nasl og morgunkorn með maís sem uppistöðu	100 ([20])
2.5.7	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu (að undanskildum unnum matvælum með maís sem uppistöðu) og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	20
2.5.8	Unnin matvæli með maís sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	20 ([20])

2.5.9	Maísbrot eftir mölun með kornastærð > 500 míkron falla undir SAT-númerin 110313 eða 11032040 og aðrar afurðir maísmulnings með kornastærð > 500 míkron sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu falla undir SAT-númerið 19041010	200 ([20])
2.5.10	Maísbrot eftir mölun með kornastærð ≤ 500 míkron falla undir SAT-númerið 110220 og aðrar afurðir maísmulnings með kornastærð ≤ 500 míkron sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu falla undir SAT-númerið 19041010	300 ([20])
2.6	**Fúmónísín**	Summa B_1 og B_2
2.6.1	Óunninn maís ([18]) að undanskildum maís sem er ætlaður til vinnslu með votmölun ([*])	4000 ([23])
2.6.2	Maís sem er ætlaður til beinnar neyslu, matvæli með maís sem undirstöðu sem eru ætluð til beinnar neyslu að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.6.3 og 2.6.4	1000 ([23])
2.6.3	Morgunkorn og nasl með maís sem uppistöðu	800 ([23])
2.6.4	Unnin matvæli með maís sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([7])	200 ([23])
2.6.5	Maísbrot eftir mölun með kornastærð > 500 míkron falla undir SAT-númerin 110313 eða 11032040 og aðrar afurðir maísmulnings með kornastærð > 500 míkron sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu falla undir SAT-númerið 19041010	1400 ([23])
2.6.6	Maísbrot eftir mölun með kornastærð ≤ 500 míkron falla undir SAT-númerið 110220 og aðrar afurðir maísmulnings með kornastærð ≤ 500 míkron sem eru ekki ætlaðar til beinnar neyslu falla undir SAT-númerið 19041010	2000 ([23])’»

(*) Undanþágan gildir einungis fyrir maís sem er greinilega, t.d. með merkingum, áfangastað, einungis ætlaður til votmölunar (sterkjuframleiðslu).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 629/2008 **2014/EES/73/67**

frá 2. júlí 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) eru sett ákvæði um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum, þ.m.t. hámarksgildi fyrir málmana blý, kadmíum og kvikasilfur.

2) Mikilvægt er, til að vernda lýðheilsu, að innihaldi aðskotaefna sé haldið þannig að heilbrigði manna sé ekki stofnað í hættu. Hámarksgildi fyrir blý, kadmíum og kvikasilfur verða að vera örugg, svo lág sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og skulu byggjast á góðum starfsvenjum í framleiðslu og í landbúnaði eða fiskveiðum.

3) Á grundvelli nýrra upplýsinga duga góðar starfsvenjur í landbúnaði og fiskveiðum ekki til að halda innihaldi blýs, kadmíums og kvikasilfurs í tilteknum lagartegundum og sveppum svo lágum sem krafist er í viðauka reglugerðar (EB) nr. 1881/2006. Því er nauðsynlegt að endurskoða hámarksgildi, sem hafa verið fastsett fyrir þessi aðskotaefni, en viðhalda um leið öflugri heilsuvernd neytenda.

4) Innihald blýs, kadmíums og kvikasilfurs reyndist mikið í tilteknum fæðubótarefnum sem eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ([3]) og var tilkynnt um það í gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður. Sýnt hefur verið fram á að þessi fæðubótarefni geta stuðlað verulega að váhrifum á menn af völdum blýs, kadmíums og kvikasilfurs. Til að vernda lýðheilsu er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir blý, kadmíum og kvikasilfur í fæðubótarefnum. Þessi hámarksgildi verða að vera örugg og svo lág sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og skulu byggjast á góðum starfsvenjum við framleiðslu.

5) Kadmíum safnast upp í þangi og þara á náttúrulegan hátt. Fæðubótarefni, sem eru eingöngu eða aðallega úr þurrkuðu þangi og þara, eða úr afurðum, sem eru unnar úr þangi og þara, geta þar af leiðandi innihaldið meira af kadmíumi en önnur fæðubótarefni. Með tilliti til þessa er þörf á hærra hámarksgildi fyrir kadmíum í fæðubótarefnum sem eru eingöngu eða aðallega úr þangi og þara.

6) Aðildarríki og stjórnendur matvælafyrirtækja skulu fá tíma til að aðlagast nýjum hámarksgildum fyrir fæðubótarefni. Því skal fresta gildistöku hámarksgilda fyrir fæðubótarefni.

7) Breyting á 1. neðanmálsgrein í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er nauðsynleg til að skýra að hámarksgildin fyrir aldin gilda ekki um trjáhnetur.

8) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/196/EB frá 28. mars 2007 um vöktun á því hvort fúran er fyrir hendi eða ekki í matvælum ([4]) og í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB frá 3. maí 2007 um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum ([5]) voru sett fram ný tilmæli um vöktun. Því þarf að bæta tilvísun í þessi nýju tilmæli við ákvæðin um vöktun og skýrslugjöf í reglugerð (EB) nr. 1881/2006. Vöktun á fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum, sem sett var fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/108/EB ([6]), er lokið. Því er unnt að fella brott tilvísun í þau tilmæli varðandi vöktun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 3.7.2008, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1126/2007 (Stjtíð. ESB L 255, 29.9.2007, bls. 14).

([3]) Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/37/EB (Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 32).

([4]) Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 56.

([5]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2007, bls. 33.

([6]) Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 43.

9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sem varða aflatoxín, díoxín, díoxínlík PCB-efni og PCB-efni, sem ekki líkjast díoxínum, sem tilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/504/EB ([44]) og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2006/794/EB ([45]). Aðildarríkin skulu tilkynna Matvælaöryggisstofnun Evrópu um niðurstöður varðandi akrýlamíð og fúran eins og tilgreint er í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/196/EB ([46]) og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB ([47]).

([44]) Stjtíð. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 21.
([45]) Stjtíð. ESB L 322, 22.11.2006, bls. 24.
([46]) Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 56.
([47]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2007, bls. 33.“

2. Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hámarksgildin, sem mælt er fyrir um í liðum 3.1.18, 3.2.19, 3.2.20 og 3.3.3 í viðaukanum, skulu gilda frá 1. júlí 2009. Þau gilda ekki um vörur sem eru löglega settar á markað fyrir 1. júlí 2009. Sönnunarbyrðin varðandi það hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á stjórnanda viðkomandi matvælafyrirtækis.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í undirþætti 3.1 (**Blý**), komi eftirfarandi í stað liðar 3.1.11 og nýr liður 3.1.18 bætist við:

„3.1.11	Kál, blaðgrænmeti og eftirfarandi sveppir ([27]): *Agaricus bisporus* (ætisveppur), *Pleurotus ostreatus* (ostrusveppur), *Lentinula edodes* (shiitake-sveppur)	0,30
3.1.18	Fæðubótarefni (*)	3,0
(*) Hámarksgildin eiga við um fæðubótarefnin eins og þau eru seld.“		

2) Í stað undirþáttar 3.2 (**Kadmíum**) komi eftirfarandi:

„3.2	**Kadmíum**	
3.2.1	Kjöt (að undanskildum sláturmat) úr nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum ([6])	0,050
3.2.2	Hrossakjöt, að undanskildum sláturmat ([6])	0,20
3.2.3	Lifur úr nautgripum, sauðfé, svínum, alifuglum og hrossum ([6])	0,50
3.2.4	Nýru úr nautgripum, sauðfé, svínum, alifuglum og hrossum ([6])	1,0
3.2.5	Fiskhold ([24]) ([25]), þó ekki af tegundum sem eru tilgreindar í liðum 3.2.6, 3.2.7 og 3.2.8	0,050
3.2.6	Fiskhold af eftirtöldum tegundum ([24]) ([25]): rákungi (*Sarda sarda*) tvírandaflekk (*Diplodus vulgaris)* ál (*Anguilla anguilla*) gráröndungi (*Mugil labrosus labrosus*) hrossamakríl eða brynstirtlu (*Trachurus* spp.) þverhaus (*Luvarus imperialis*) makríl (*Scomber spp.*) sardínu (*Sardina pilchardus*) kyrrahafssardínu (*Sardinops spp.)* túnfiski (*Thunnus* spp*., Euthynnus spp., Katsuwonus pelamis*) senegalsólflúru (*Dicologoglossa cuneata*)	0,10
3.2.7	Fiskhold af eftirtaldri tegund ([24]) ([25]): túnmakríl *(Auxis spp.)*	0,20
3.2.8	Fiskhold af eftirtöldum tegundum ([24]) ([25]): ansjósum (*Engraulis ssp.*) sverðfiski (*Xiphias gladius*)	0,30
3.2.9	Krabbadýr, að undanskildu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og frambol humars og svipaðra stórra krabbadýra (*Nephropidae og Palinuridae*) ([26])	0,50
3.2.10	Samlokur ([26])	1,0
3.2.11	Smokkar (án innyfla) ([26])	1,0
3.2.12	Korn, að undanskildu klíði, kími, hveiti og hrísgrjónum	0,10
3.2.13	Klíð, kím, hveiti og hrísgrjón	0,20
3.2.14	Sojabaunir	0,20
3.2.15	Grænmeti og aldin, að undanskildu blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum, stöngulgrænmeti, rótargrænmeti og kartöflum ([27])	0,050

3.2.16	Stöngulgrænmeti, rótargrænmeti og kartöflur, að undanskilinni hnúðsillu ([27]). Að því er kartöflur varðar eiga hámarksviðmiðunargildin við um afhýddar kartöflur.	0,10
3.2.17	Blaðgrænmeti, ferskar kryddjurtir, hnúðsilla og eftirfarandi sveppir ([27]): *Agaricus bisporus* (ætisveppur), *Pleurotus ostreatus* (ostrusveppur)*, Lentinula edodes* (shiitake-sveppur)	0,20
3.2.18	Sveppir, að undanskildum þeim sem eru tilgreindir í lið 3.2.17 ([27])	1,0
3.2.19	Fæðubótarefni (*), að undanskildum þeim fæðubótarefnum sem eru tilgreind í lið 3.2.20	1,0
3.2.20	Fæðubótarefni (*), sem eru eingöngu eða aðallega úr þangi og þara eða vörum sem eru unnar úr þangi og þara	3,0

(*) Hámarksgildin eiga við um fæðubótarefnin eins og þau eru seld.“

3) Í undirþætti 3.3 (**Kvikasilfur**), komi eftirfarandi í stað liðar 3.3.2 og nýr liður, 3.3.3, bætist við:

„3.3.2	Fiskhold af eftirtöldum tegundum ([24]) ([25]): skötusel (*Lophius spp.*) steinbít (*Anarchichas lupus*) rákungi (*Sarda sarda*) ál (*Anguilla anguilla*) búrfiski, búrfiskbróður (*Hoplostethus spp.*) slétthala (*Coryphaenoides rupestris*) lúðu (*Hippoglossus hippoglossus*) höfðaoddsporði *(Genypterus capensis)* oddnefi (*Makaira spp*) stórkjöftu (*Lepidorhombus spp.*) röndungi (*Mullus spp.*) bleika oddsporði *(Genypterus blacodes)* geddu (*Esox lucius*) rákaleysingja (*Orcynopsis unicolor*) dvergþorski (*Tricopterus minutes*) gljáháfi (*Centroscymnus coelolepis*) skötum (*Raja* spp.) karfa (*S. mentella, S. viviparus)* seglfiski (*Istiophorus platypterus*) stinglaxi og marbendli (*Lepidopus caudatus, Aphanopus carbo*) flekkjategundum (*Pagellus spp.*) hákarli (öllum tegundum) smjörmakríl, olíufiski og slöngunasa (*Lepidocybium flavobrunneum, Ruvettus pretiosus, Gempylus serpens*) styrju (*Acipenser spp.*) sverðfiski (*Xiphias gladius*) túnfiski (*Thunnus* spp*., Euthynnus* spp*., Katsuwonus pelamis*)	1,0
3.3.3	Fæðubótarefni (*)	0,10

(*) Hámarksgildin eiga við um fæðubótarefnin eins og þau eru seld.“

4) Eftirfarandi málsliður bætist við í neðanmálsgrein ([1]):

„Trjáhnetur falla ekki undir hámarksgildi fyrir aldin.“

5) Í stað neðanmálsgreinar ([8]) komi eftirfarandi:

„([8]) Matvæli í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 859/2008 2014/EES/73/68

frá 20. ágúst 2008

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EBE) nr. 3922/91 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja breytingarnar á sameiginlegum tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð sem eru taldar upp í III. viðauka reglugerðarinnar og eru nauðsynlegar vegna vísinda- og tækniframfara.

2) Ákvæði III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 byggjast á samræmdum reglum sem Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) samþykktu og nefnast Kröfur flugöryggissamtaka Evrópu um flutningaflug (flugvélar) (JAR-OPS 1).

3) Með reglugerð (EBE) 8/2008 ([2]) var III. viðauki uppfærður til að endurspegla breytingar sem gerðar hafa verið á JAR-OPS frá 1. janúar 2005 (Breytingar 9 til 12) fyrir þann dag sem sá viðauki tekur gildi (16. júlí 2008).

4) Á grundvelli frekari vinnu Flugöryggisstofnunar Evrópu og þar til framkvæmdarreglugerðirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) 8/2008, hafa verið samþykktar skal breyta þessum viðauka aftur til að fella inn í hann tilteknar, nákvæmar tæknikröfur og kröfur um starfrækslu í tengslum við mikilvægustu öryggisþætti þess viðauka.

5) Nýju kröfurnar skulu öðlast gildi tafarlaust. Hins vegar þurfa iðnaðurinn og yfirvöld frest til að hrinda í framkvæmd flóknum ákvæðum um starfrækslu í skertu skyggni og þjálfun öryggis- og þjónustuliða.

6) Breyta ber III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 til samræmis við þetta.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit Flugöryggisnefndarinnar sem komið var á fót með 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3922/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 23.

([1]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

([2]) Stjtíð. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1.

2. Ákvæði viðaukans við þessa reglugerð varðandi OPS 1.1005, OPS 1.1010, OPS 1.1015, 1. viðbæti við OPS 1.1005, 1. viðbæti við OPS 1.1010, 1. viðbæti við OPS 1.1015 og 3. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 skulu gilda frá 16. júlí 2009.

3. Ákvæði viðaukans við þessa reglugerð varðandi OPS 1.430, OPS 1.435, OPS 1.440, OPS 1.450, OPS 1.455, OPS 1.460, 1. viðbæti við OPS 1.430, 1. viðbæti við OPS 1.440, 1. viðbæti við OPS 1.450 og 1. viðbæti við OPS 1.455 skulu gilda frá 16. júlí 2011.

4. Samsvarandi ákvæði í viðaukanum við reglugerð (EBE) 8/2008 skulu gilda áfram þar til ákvæðin, sem um getur í 2. og 3. mgr., koma til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug með loftförum.

OPS 1: Flutningaflug (flugvélar)

Efnisyfirlit

A-KAFLI	—	Gildissvið og skilgreiningar
B-KAFLI	—	Almenn ákvæði
C-KAFLI	—	Útgáfa flugrekandaskírteina og eftirlit
D-KAFLI	—	Verklagsreglur
E-KAFLI	—	Starfræksla í skertu skyggni
F-KAFLI	—	Afkastageta – almenn ákvæði
G-KAFLI	—	Afkastagetuflokkur A
H-KAFLI	—	Afkastagetuflokkur B
I-KAFLI	—	Afkastagetuflokkur C
J-KAFLI	—	Massi og jafnvægi
K-KAFLI	—	Mælitæki og búnaður
L-KAFLI	—	Fjarskipta- og leiðsögutæki
M-KAFLI	—	Viðhald flugvéla
N-KAFLI	—	Flugliðar
O-KAFLI	—	Öryggis- og þjónustuliðar
P-KAFLI	—	Handbækur, leiðarbækur og skrár
Q-KAFLI	—	Fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma
R-KAFLI	—	Flutningur á hættulegum varningi flugleiðis
S-KAFLI	—	Flugvernd

A-KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

OPS 1.001

Gildissvið

Í 1. hluta OPS er mælt fyrir um kröfur sem gilda um starfrækslu hvers kyns almenningsflugvéla sem flugrekandi með höfuðstöðvar og, ef hún er til staðar, skráða skrifstofu í aðildarríki notar til flutningaflugs, hér á eftir nefndur flugrekandi. OPS 1 gildir ekki:

1. um flugvélar þegar þær eru notaðar á vegum hers eða toll- og lögregluyfirvalda,

2. um flug í tengslum við fallhlífarstökk eða slökkvistarf og tilheyrandi staðsetningar-og heimflug, þar sem þeir sem eru um borð eru þeir sem myndu að jafnaði vera um borð í tengslum við fallhlífarstökk eða slökkvistarf eða

3. um flug rétt áður en verkflugsstarfsemi hefst, meðan á henni stendur eða strax að henni lokinni, að því tilskildu að þessi flug tengist verkflugstarfseminni og að ekki séu fleiri en sex einstaklingar um borð, sem eru ómissandi fyrir verkflugstarfsemina, að undanskildum flugverjum.

OPS 1.003

Skilgreiningar

a) Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   1. „viðurkenndur/viðunandi“: engin andmæli frá flugmálayfirvöldum að henti fyrir fyrirhugaðan tilgang,

   2. „samþykktur af (flugmálayfirvöldum)“: (flugmálayfirvöld) hafa skjalfest að henti fyrir fyrirhugaðan tilgang,

   3. „grunnlisti yfir lágmarksbúnað (MMEL)“: grunnlisti (þ.m.t. formálsorð) sem gerður er fyrir ákveðna loftfarstegund þar sem ákvarðað er hvaða mælitæki, búnaður eða þættir, sem viðhalda því öryggisstigi sem fyrirhugað er í gildandi vottunarforskrift fyrir lofthæfi, gætu tímabundið verið óstarfhæf, annaðhvort vegna innbyggðs varakerfis og/eða tiltekinna verklags- og viðhaldsreglna, skilyrða og takmarkana og í samræmi við gildandi verklagsreglur fyrir áframhaldandi lofthæfi,

   4. „listi yfir lágmarksbúnað (MEL)“: listi (þ.m.t. formálsorð) þar sem kveðið er á um starfrækslu loftfars við tilgreind skilyrði með sérstök mælitæki, búnað eða þætti sem eru óstarfhæf við upphaf flugs. Flugrekandi útbýr listann fyrir eigið loftfar með hliðsjón af skilgreiningu loftfarsins og viðeigandi rekstrar- og viðhaldsskilyrðum í samræmi við verklagsreglur, sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

b) M-hluti og 145. hluti, sem vísað er til í þessum viðauka, eru úr reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

B-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

OPS 1.005

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flutningaflugi nema í samræmi við 1. hluta OPS. Tilslakanir varðandi starfrækslu á flugvélum í afkastagetuflokki B er að finna í 1. viðbæti við a-lið OPS 1.005.

b) Flugrekandi skal fara að afturvirkum kröfum um lofthæfi sem gilda um flugvélar starfræktar í flutningaflugi.

c) Hver flugvél skal starfrækt samkvæmt skilmálum í lofthæfivottorði hennar og innan marka sem samþykkt eru og tilgreind í flughandbók hennar.

d) Allir flugþjálfar, eins og flughermar eða flugþjálfunartæki sem koma í stað flugvélar við þjálfun og/eða próf, skulu viðurkenndir í samræmi við kröfur sem gilda fyrir flugþjálfa. Flugrekandi, sem hyggst nota slíkan flugþjálfa, verður að fá samþykki flugmálayfirvalda.

OPS 1.020

Lög, reglugerðir og verklagsreglur — ábyrgð flugrekanda

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að öllum starfsmönnum sé gert ljóst að þeim beri að fara að lögum, reglugerðum og verklagsreglum þeirra ríkja þar sem starfsemin fer fram og lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra og

2. að allir flugverjar kunni skil á þeim lögum, reglugerðum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra.

OPS 1.025

Sameiginlegt tungumál

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar geti tjáð sig á sameiginlegu tungumáli.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk flugrekstrarsviðs skilji tungumálið sem þeir hlutar flugrekstrarhandbókarinnar, sem lúta að skyldustörfum þeirra og ábyrgð, eru skrifaðir á.

OPS 1.030

Listar yfir lágmarksbúnað — ábyrgð flugrekanda

a) Flugrekandi skal setja saman lista yfir lágmarksbúnað fyrir hverja flugvél sem samþykktur er af flugmálayfirvöldum. Hann skal byggjast á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað (ef hann er til), sem viðurkenndur er af flugmálayfirvöldum, en ekki fela í sér minni takmarkanir en hann.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél öðruvísi en í samræmi við lista yfir lágmarksbúnað nema hann hafi leyfi flugmálayfirvalda til þess. Þó er starfræksla utan marka grunnlista yfir lágmarksbúnað aldrei heimil.

OPS 1.035

Gæðakerfi

a) Flugrekandi skal koma á fót einu gæðakerfi og tilnefna einn gæðastjóra til að hafa eftirlit með því að tilskilið verklag sé viðhaft til að tryggja öruggar starfsvenjur og lofthæfi flugvéla. Í eftirliti með framkvæmd viðhalds skal vera innbyggt kerfi upplýsingastreymis, sem skilar sér til ábyrgðarmanns (sjá einnig h-lið OPS 1.175), til að tryggja að gerðar séu nauðsynlegar úrbætur.

b) Í gæðakerfinu verður að vera áætlun um gæðatryggingu með verklagsreglum sem miða að því að sannreyna að öll starfræksla fari fram samkvæmt öllum gildandi kröfum, stöðlum og verklagsreglum.

c) Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á gæðakerfið og gæðastjórann.

d) Lýsa verður gæðakerfinu í tilheyrandi skjölum.

e) Þrátt fyrir a-lið hér að framan geta flugmálayfirvöld samþykkt að tveir gæðastjórar séu tilnefndir, annar fyrir reksturinn, hinn fyrir viðhald, að því tilskildu að flugrekandinn hafi sett á stofn gæðastjórnunardeild til þess að tryggja að gæðakerfinu sé beitt á sama hátt í öllum rekstrinum.

OPS 1.037

Áætlun um slysavarnir og flugöryggi

a) Flugrekandi skal setja fram og viðhalda áætlun um slysavarnir og flugöryggi sem fella má inn í gæðakerfið, þ.m.t.:

1. áætlanir um að allt starfsfólk í rekstrinum verði vel meðvitað um áhættuþætti sem tengjast rekstrinum og

2. tilkynningakerfi um atvik til að unnt sé að safna saman skýrslum um viðeigandi flugatvik og slys og meta þær til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr annmörkum til að tryggja flugöryggi; kerfið skal halda leyndu nafni þess sem gefur skýrsluna og bjóða upp á þann möguleika að skýrslur séu lagðar fram nafnlaust og

3. mat á því hvaða upplýsingar um slys og flugatvik eru áríðandi og koma þeim á framfæri en ekki ákveða hver beri sök og

4. eftirlitsáætlun fyrir flugritagögn að því er varðar flugvélar sem hafa hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 27 000 kg. Eftirlit með flugritagögnum (FDM) er notkun stafrænna gagna um venjubundna starfrækslu úr flugi til að bæta flugöryggi; í eftirlitsáætluninni fyrir flugritagögn skulu ekki vera refsiákvæði og í henni skulu vera ákvæði sem vernda heimildarmann eða -menn gagnanna á viðunandi hátt og

5. skipun manns sem ber ábyrgð á stjórnun áætlunarinnar.

b) Tillögur að aðgerðum til úrbóta, sem lagðar eru fram í kjölfar áætlunarinnar um slysavarnir og flugöryggi, skulu vera á ábyrgð þess sem ber ábyrgð á stjórnun áætlunarinnar.

c) Skilvirkni breytinga, sem gerðar eru í kjölfar aðgerða til útbóta sem tilgreindar eru samkvæmt áætluninni um slysavarnir og flugöryggi, skal vera undir eftirliti gæðastjórans.

OPS 1.040

Flugverjar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugliðar og öryggis- og þjónustuliðar hafi verið þjálfaðir í störfum sem þeim eru falin og séu fullfærir um að sinna þeim.

b) Þegar flugverjar, aðrir en öryggis- og þjónustuliðar, sinna störfum sínum í farþegarými flugvélar skal flugrekandi sjá til þess:

1. að farþegum sé ljóst hverjir sinna starfi öryggis- og þjónustuliða,

2. að þeir noti ekki tilskilda vinnureiti sem öryggis- og þjónustuliðum hefur verið úthlutað,

3. að þeir hindri ekki öryggis- og þjónustuliða í að sinna störfum sínum.

OPS 1.050

Upplýsingar um leit og björgun

Flugrekandi skal sjá til þess að í stjórnklefa sé greiður aðgangur að nauðsynlegum upplýsingum um leitar- og björgunarþjónustu sem snýr að fyrirhuguðu flugi.

OPS 1.055

Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð

Flugrekandi skal sjá til þess að listar með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað um borð séu tiltækir í öllum flugvélum sínum svo að unnt sé að koma þeim samstundis til björgunarmiðstöðva. Upplýsingar skulu liggja fyrir, eftir því sem við á, um fjölda, lit og tegund björgunarbáta og neyðarblysa ásamt nákvæmum upplýsingum um sjúkragögn, vatnsbirgðir og tegund og tíðnisvið neyðarhandfjarskiptabúnaðar.

OPS 1.060

Nauðlending á vatni

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 farþega í flugi yfir sjó eða vötnum fjær landi þar sem hægt væri að nauðlenda en sem nemur 120 mínútum á farflugshraða eða 400 sjómílum, hvort heldur er skemmra, nema flugvélin uppfylli kröfur gildandi lofthæfireglna um nauðlendingu á vatni.

OPS 1.065

Flutningur vopna og skotfæra til hernaðar

a) Flugrekandi skal ekki flytja vopn eða skotfæri til hernaðar flugleiðis nema fyrir liggi samþykki allra hlutaðeigandi ríkja.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að vopn eða skotfæri til hernaðar:

1. séu sett í flugvélina á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur og

2. séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða,

nema öll hlutaðeigandi ríki hafi samþykkt, áður en lagt er í flug, að flytja megi slík vopn og skotfæri til hernaðar við aðstæður sem eru að einhverju eða öllu leyti frábrugðnar því sem um getur í þessum lið.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að áður en lagt er í flug fái flugstjórinn nákvæma vitneskju um vopn eða skotfæri til hernaðar sem fyrirhugað er að flytja og hvar þau verða geymd um borð.

OPS 1.070

Flutningur sportvopna og skotfæra

a) Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að hann fái vitneskju um sportvopn sem fyrirhugað er að flytja flugleiðis.

b) Flugrekandi, sem tekur sportvopn til flutnings, skal sjá til þess:

1. að þau séu geymd í flugvélinni á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur, nema flugmálayfirvöld hafi ákvarðað að ekki sé unnt að framfylgja þessari reglu og hafi viðurkennt að aðrar verklagsreglur gætu gilt og

2. að þau séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða eða önnur vopn sem hægt er að geyma skotfæri í án þess að þau séu hlaðin.

c) Flytja má skotfæri í sportvopn í skráðum farþegafarangri, með fyrirvara um vissar takmarkanir, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin (sjá 5. lið b-liðar OPS 1.1160) eins og skilgreint er í 15. lið. a-liðar OPS 1.1150.

OPS 1.075

Aðferðir við fólksflutninga

Flugrekandi skal gera allar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé neinn í þeim hluta flugvélar, sem er ekki hannaður sem verustaður fyrir fólk meðan á flugi stendur, nema flugstjórinn hafi veitt tímabundna aðgangsheimild:

1. til þess að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir öryggi flugvélarinnar eða fólks, skepna eða varnings í flugvélinni eða

2. þar sem farmur eða birgðir eru geymdar þannig að þær séu aðgengilegar fyrir fólk meðan á flugi stendur.

OPS 1.080

Hér á að vera eyða

OPS 1.085

Ábyrgð áhafnar

a) Flugverji skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd þeirra starfa sinna:

1. sem tengjast öryggi flugvélarinnar og þeirra sem í henni eru og

2. sem tilgreind eru í leiðbeiningunum og verklagsreglunum í flugrekstrarhandbókinni.

b) Flugverji skal:

1. gefa flugstjóra skýrslu um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða öryggi starfrækslu flugvélarinnar, að meðtöldum neyðarkerfum,

2. gefa flugstjóranum skýrslu um öll flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu,

3. nýta sér tilkynningarkerfi flugrekanda um atvik í samræmi við 2. lið. a-liðar OPS 1.037. Í öllum tilvikum skal viðkomandi flugstjóri fá afrit af skýrslunni.

c) Ekkert í b-lið hér að framan skal skuldbinda flugverja að gefa skýrslu um atvik sem annar flugverji hefur þegar gefið skýrslu um.

d) Flugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í flugvél:

1. undir áhrifum lyfja sem kunna að hafa áhrif á andlega og líkamlega getu hans og stofna öryggi í hættu,

2. eftir djúpköfun, nema að hæfilegum tíma liðnum,

3. eftir blóðgjöf, nema að hæfilegum tíma liðnum,

4. ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar eða ef hann er í einhverjum vafa um að geta sinnt skyldustörfum sínum eða

5. ef hann veit eða grunar að hann sé haldinn ofþreytu eða finnst hann vera svo ófær til vinnu að hann geti stofnað fluginu í hættu.

e) Flugverji skal uppfylla viðeigandi kröfur um neyslu áfengis, sem flugrekandi setur og flugmálayfirvöld telja viðunandi og skulu þær ekki fela í sér minni takmarkanir en eftirfarandi:

1. ekki skal neyta áfengis síðustu átta klukkustundirnar fyrir tilgreindan mætingartíma á flugvakt eða upphaf bakvaktar,

2. vínandamagn í blóði skal ekki vera yfir 0,2 prómillum við upphaf flugvaktar,

3. hvorki skal neyta áfengis á flugvakt né bakvakt.

f) Flugstjóri:

1. skal vera ábyrgur fyrir öryggi allra flugverja, farþega og farmi um borð frá því að hann kemur um borð og þangað til að hann fer frá borði flugvélarinnar við lok flugs,

2. skal vera ábyrgur fyrir starfrækslu og öryggi flugvélarinnar frá því að flugvélin er fyrst reiðubúin til hreyfingar til aksturs fyrir flugtak þar til að hún nemur staðar við lok flugs og drepið hefur verið á hreyfli eða hreyflum sem notaðir eru sem aðalhreyflar,

3. hefur vald til að gefa allar þær skipanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi flugvélarinnar og fólks eða eigna um borð,

4. hefur vald til þess að vísa frá borði fólki, eða hvaða hluta farmsins sem er, sem að hans áliti gæti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra, sem í henni eru, í hættu,

5. skal ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum áfengis eða lyfja að það geti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu, sé flutt með flugvélinni,

6. hefur rétt til að neita að flytja óæskilega farþega, menn sem er vísað úr landi eða gæslufanga, ef flutningur þeirra gæti stofnað öryggi flugvélarinnar, eða þeirra sem í henni eru, í hættu,

7. skal sjá til þess að allir farþegar fái upplýsingar um staðsetningu neyðarútganga og um geymslustaði og notkun öryggis- og neyðarbúnaðar,

8. skal sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt samkvæmt flugrekstrarhandbók,

9. skal ekki leyfa flugverja að starfa neitt annað en nauðsynlegt er til að tryggja örugga starfrækslu flugvélarinnar meðan á flugtaki, frumklifri, lokaaðflugi og lendingu stendur,

10. skal ekki leyfa:

i. að flugriti sé gerður óvirkur, að slökkt sé á honum eða þurrkað út af honum á flugi og ekki heldur skal hann heimila að skráð gögn séu þurrkuð út að flugi loknu verði slys eða flugatvik sem skylt er að gefa skýrslu um,

ii. að hljóðriti sé gerður óvirkur eða að slökkt sé á honum á flugi nema hann telji að geyma beri skráðu gögnin, sem annars væru þurrkuð út sjálfvirkt, til að nota við rannsókn á flugatviki eða slysi, og ekki heldur skal hann leyfa að skráð gögn séu þurrkuð út handvirkt á meðan á flugi stendur eða að loknu flugi, verði slys eða flugatvik sem skylt er að gefa skýrslu um,

11. ákveður hvort hann taki við flugvél með óstarfhæfan búnað sem er þó leyfilegt að sé óstarfhæfur samkvæmt lista yfir leyfð frávik frá ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL) eða lista yfir lágmarksbúnað og

12. skal ganga úr skugga um að fyrirflugsskoðun hafi farið fram.

g) Í neyðartilvikum, þegar nauðsynlegt er að ákvarðanir séu teknar og brugðist við í skyndingu, skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, gera allt sem hann telur rétt að gera miðað við aðstæður. Í slíkum tilvikum er honum heimilt í öryggisskyni að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum.

OPS 1.090

Valdsvið flugstjóra

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að allir, sem í flugvélinni eru, hlýði lögmætum fyrirskipunum flugstjórans sem miða að því að tryggja öryggi flugvélarinnar og fólks eða eigna um borð.

OPS 1.095

Heimild til að aka flugvél

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að flugvél í umsjá hans sé ekki ekið á athafnasvæði flugvallar af öðrum en flugliða nema að sá sem situr við stýrið:

1. hafi fengið viðeigandi heimild frá flugrekanda eða tilnefndum fulltrúa og sé hæfur til:

   i. að aka flugvélinni,

   ii. að nota talstöð og

2. hafi fengið kennslu að því er varðar skipulag flugvallar, leiðir, skilti, merkingar, ljós, merki frá flugumferðarstjórn og leiðbeiningar, orðfæri og verklagsreglur og geti farið að stöðlum fyrir starfrækslu sem krafist er fyrir örugga hreyfingu flugvélar á flugvelli.

OPS 1.100

Aðgangur að stjórnklefa

a) Flugrekandi skal sjá til þess að engir aðrir en flugliðar, sem skráðir eru í flugið, fari inn í stjórnklefann, eða séu fluttir í stjórnklefa, nema viðkomandi:

   1. sé starfandi flugverji,

   2. sé fulltrúi flugmálayfirvalda, sem bera ábyrgð á veitingu skírteina eða leyfa svo og eftirliti, þurfi hann þess með til að gegna opinberum skyldustörfum sínum,

   3. hafi leyfi til þess samkvæmt flugrekstrarhandbókinni og sé fluttur í samræmi við fyrirmælin í henni.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess:

   1. í öryggisskyni, að koma í stjórnklefa valdi ekki ónæði og/eða trufli ekki flugstörfin og

   2. að öllum, sem fluttir eru í stjórnklefa, séu kynntar þær öryggisreglur sem við eiga.

c) Flugstjórinn tekur endanlega ákvörðum um að heimila aðgang að stjórnklefanum.

OPS 1.105

Óheimill flutningur

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn geti leynst eða falið farm um borð í flugvél.

OPS 1.110

Handrafeindatæki

Flugrekandi skal ekki heimila neinum, sem er um borð í flugvél, notkun handrafeindatækja sem geta haft truflandi áhrif á afköst flugvélakerfa og búnaðar og skal hann gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að þau séu ekki notuð.

OPS 1.115

Áfengi og lyf

Flugrekandi skal ekki heimila neinum að fara inn eða vera í flugvél, og gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að enginn fari inn eða sé í flugvél, undir áhrifum áfengis eða lyfja í þeim mæli að það stofni öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu.

OPS 1.120

Öryggi stofnað í hættu

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn aðhafist eða láti vera að aðhafast, af gáleysi eða kæruleysi, neitt það sem:

1. gæti stofnað flugvél eða þeim sem í henni eru í hættu,

2. gæti valdið því að flugvél stofni fólki eða eignum í hættu.

OPS 1.125

Skjöl sem skulu vera um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi skjöl eða afrit af þeim séu um borð í hverju flugi:

   1. skráningarskírteini,

   2. lofthæfivottorð,

   3. frumrit eða afrit af hljóðstigsvottorði (ef við á) ásamt enskri þýðingu ef flugmálayfirvöld, sem bera ábyrgð á útgáfu hljóðstigsvottorðsins, hafa lagt hana fram,

   4. frumrit eða afrit af flugrekandaskírteini,

   5. talstöðvarskírteini loftfars og

   6. frumrit eða afrit af ábyrgðartryggingarskírteini loftfars.

b) Allir flugliðar skulu í hverju flugi hafa með sér gilt flugliðaskírteini með viðeigandi áritun eða áritunum sem gilda í því flugi.

OPS 1.130

Handbækur sem skulu vera um borð

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að þeir hlutar flugrekstrarhandbókar, sem varða skyldustörf áhafnar, séu um borð í hverju flugi, og séu í gildi,

2. að þeir hlutar flugrekstrarhandbókar, sem nota þarf við framkvæmd flugsins, séu auðveldlega tiltækir áhöfninni um borð og

3. að gildandi flughandbók flugvélarinnar sé um borð, nema flugmálayfirvöld hafi viðurkennt að í flugrekstrarhandbókinni, sem mælt er fyrir um í B-hluta 1. viðbætis við OPS 1.1045, séu upplýsingar sem eiga við þá flugvél.

OPS 1.135

Viðbótarupplýsingar og eyðublöð sem skulu vera um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess að til viðbótar þeim skjölum og handbókum, sem mælt er fyrir um í OPS 1.125 og OPS 1.130, séu eftirfarandi upplýsingar og eyðublöð, er varða viðkomandi tegund flugs og flugsvæði, um borð í hverju flugi:

   1. leiðarflugáætlun þar sem koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem krafist er í OPS 1.1060,

   2. tækniflugbók flugvélar þar sem koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem krafist er í lið M.A. 306 í M-hluta,

   3. nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustuna (ATS),

   4. viðeigandi upplýsingar til flugmanna (NOTAM/AIS),

   5. viðeigandi upplýsingar um veður,

   6. massa- og jafnvægisskrár sem tilgreindar eru í J-kafla,

   7. tilkynningar um sérstaka flokka farþega, t.d. öryggisverði, ef þeir teljast ekki til áhafnar, fatlað fólk, óæskilega farþega, menn sem vísað er úr landi og gæslufanga,

   8. tilkynningar um sérstakan farm, t.d. hættulegan varning, með skriflegum upplýsingum handa flugstjóranum, eins og kveðið er á um í c-lið OPS 1.1215,

   9. gildandi landabréf og kort og tilheyrandi skjöl, eins og mælt er fyrir um í 7. lið. b-liðar OPS 1.290,

   10. önnur skjöl sem ríki, sem eiga hlut að máli í viðkomandi flugi, kunna að krefjast eins og farmskrá, farþegaskrá o. fl. og

   11. eyðublöð sem skylt er að skila til flugmálayfirvalda og flugrekanda.

b) Flugmálayfirvöld geta heimilað að upplýsingarnar, sem um getur í a-lið hér að framan, séu lagðar fram í öðru formi en prentuðu. Það þarf að vera tryggt að þær séu auðveldlega tiltækar, nothæfar og áreiðanlegar.

OPS 1.140

Upplýsingar sem haldið er eftir á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

   a.m.k. á meðan hver flugferð eða röð ferða stendur yfir:

   i. að upplýsingar, er varða flugferðina og eiga við um þá tegund flugrekstrar sem fer fram, séu geymdar á jörðu niðri og

   ii. að upplýsingunum sé haldið eftir á þeim stað þar sem þær verða geymdar uns gert hefur verið eftirrit af þeim, í samræmi við OPS 1.1065, eða, ef það er óframkvæmanlegt,

   iii. að sömu upplýsingar fari með flugvélinni í eldtraustum kassa.

b) Til þeirra upplýsinga, sem um getur í a-lið hér að framan, teljast m.a.:

1. afrit af leiðarflugáætlun, ef við á,

2. afrit af viðeigandi hlutum tækniflugbókar flugvélarinnar,

3. upplýsingar til flugmanna er varða leiðina sérstaklega, hafi flugrekandi gefið út slíkar upplýsingar,

4. massa- og jafnvægisskrár, ef þess er krafist (sbr. OPS 1.625) og

5. tilkynningar um sérstakan farm.

OPS 1.145

Umboð til skoðunar

Flugrekandi skal sjá til þess að hver sá sem hefur til þess umboð flugmálayfirvalda fái hvenær sem er að fara um borð og fljúga í flugvél, sem starfrækt er í samræmi við flugrekandaskírteini sem flugmálayfirvöld hafa gefið út, og fara inn og vera í stjórnklefanum, að því tilskildu að flugstjórinn geti synjað um aðgang að stjórnklefa ef öryggi flugvélarinnar væri með því stofnað í hættu að hans áliti.

OPS 1.150

Framvísun skjala og skráa

a) Flugrekandi skal:

1. veita hverjum þeim sem hefur til þess umboð flugmálayfirvalda aðgang að skjölum og skrám sem tengjast flugrekstrinum eða viðhaldi og

2. framvísa, innan eðlilegra tímamarka, öllum slíkum skjölum og skrám ef flugmálayfirvöld krefjast þess.

b) Flugstjórinn skal framvísa þeim skjölum sem skylt er að hafa um borð til þess sem óskar þess í umboði flugmálayfirvalda, innan eðlilegra tímamarka frá því að farið er fram á það.

OPS 1.155

Varðveisla skjala

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að frumrit eða afrit af skjölum, sem honum er skylt að varðveita, séu varðveitt eins lengi og krafist er, jafnvel þótt hann sé ekki lengur flugrekandi flugvélarinnar og

2. að þegar flugverji, þar sem flugrekandi hefur haldið skrá yfir flugvaktir, vinnu- og hvíldartíma hans, gerist flugverji hjá öðrum flugrekanda fái nýi flugrekandinn aðgang að skránni.

OPS 1.160

Varðveisla, framvísun og notkun á upptökum ferðrita

a) Varðveisla á upptökum:

1. Ef slys ber að höndum skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita í 60 daga, eftir því sem framast er unnt, frumrit skráðra gagna um slysið eins og þau voru í flugritanum, nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.

2. Hafi orðið flugatvik, sem skylt er að gefa skýrslu um og hafi flugmálayfirvöld ekki veitt leyfi til annars, skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita í 60 daga, eftir því sem framast er unnt, frumrit skráðra gagna um flugatvikið eins og þau voru í ferðritanum, nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.

3. Auk þessa skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga ef flugmálayfirvöld krefjast þess nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.

4. Þegar þess er krafist að flugvél sé búin flugrita ber flugrekanda sem starfrækir þá flugvél:

i. að geyma upptökurnar þann hluta starfrækslutímans, sem krafist er samkvæmt OPS 1.715, 1.720 og 1.725 nema þegar flugriti er prófaður eða honum viðhaldið en þá er heimilt að þurrka út allt nema einn klukkutíma af upptökunum sem elstar eru þegar prófun fer fram og

ii. að halda eftir skjali þar sem koma fram upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurheimta varðveitt tölvugögn og umbreyta þeim í tækniupplýsingar.

b) Upptökum framvísað

Flugrekanda flugvélar, sem búin er ferðrita, ber að framvísa öllum upptökum úr ferðritanum, sem tiltækar eru eða hafa verið varðveittar, innan eðlilegs tíma frá því að flugmálayfirvöld óskuðu þess.

c) Notkun á upptökum:

1. Upptökur úr hljóðrita má ekki nota í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða flugatvik, sem skylt er að gefa skýrslu um, nema með samþykki allra hlutaðeigandi flugverja.

2. Upptökur úr flugrita má ekki nota í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða flugatvik, sem skylt er að gefa skýrslu um, nema slíkar upptökur:

i. séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald flugvélar eða

ii. séu brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn eða

iii. séu kunngerðar í samræmi við leyndarreglur.

OPS 1.165

Leiga

a) Orðskýringar

Í þessum lið er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Tómaleiga (dry lease): Þegar flugvél er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka.

2. Þjónustuleiga (wet lease): þegar flugvél er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigusala.

b) Flugvélar leigðar milli flugrekenda í Bandalaginu

1. Þjónustuútleiga. Flugrekandi í Bandalaginu, sem leigir öðrum flugrekanda í Bandalaginu flugvél með allri áhöfn, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ([1]) og gegnir áfram öllum störfum og ber ábyrgð eins og lýst er í C-kafla, telst áfram vera rekandi flugvélarinnar.

2. Öll leiga nema þjónustuútleiga

i. Með fyrirvara um 1. lið. b-liðar hér að framan þarf flugrekandi í Bandalaginu, sem notar flugvél annars flugrekanda í Bandalaginu eða veitir öðrum flugrekanda í Bandalaginu afnot af flugvél sinni, fyrst að fá samþykki eigin flugmálayfirvalda fyrir rekstrinum. Öll skilyrði, sem eru hluti af samþykkinu, skulu einnig koma fram í leigusamningnum.

([1]) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

ii. Þau atriði leigusamninga, sem hafa hlotið samþykki flugmálayfirvalda, annarra en leigusamninga um flugvél með allri áhöfn án þess að fyrirhugaðar séu breytingar á störfum og ábyrgð, skulu, að því er varðar flugvélina sem leigð er, teljast vera breytingar á flugrekandaskírteini fyrir þann flugrekstur sem fyrirhugaður er.

c) Leiga flugvéla milli flugrekanda í Bandalaginu og fyrirtækis sem er ekki flugrekandi í Bandalaginu:

1. Tekið á tómaleigu (dry lease-in)

i. Flugrekandi í Bandalaginu skal ekki taka flugvél á tómaleigu hjá fyrirtæki sem er ekki flugrekandi í Bandalaginu nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda. Öll skilyrði, sem eru hluti af samþykkinu, skulu einnig koma fram í leigusamningnum.

ii. Flugrekandi í Bandalaginu skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem teknar eru á tómaleigu, að öll frávik frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í K- og L- kafla og/eða b-lið OPS 1.005, séu tilkynnt til flugmálayfirvalda og að flugmálayfirvöld geti fallist á þau.

2. Tekið á þjónustuleigu (wet lease-in)

i. Flugrekandi í Bandalaginu skal ekki taka flugvél á þjónustuleigu hjá fyrirtæki sem er ekki flugrekandi í Bandalaginu nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

ii. Flugrekandi í Bandalaginu skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem eru teknar á þjónustuleigu:

A) að öryggisstaðlar leigusala, að því er varðar viðhald og starfrækslu, séu sambærilegir við þá öryggisstaðla sem ákvarðaðir eru með þessari reglugerð,

B) að leigusali sé flugrekandi sem hafi flugrekandaskírteini, gefið út af ríki sem hefur skrifað undir Chicago-samninginn,

C) að flugvélin hafi staðlað lofthæfivottorð, gefið út í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). stöðluð lofthæfivottorð, gefin út af öðru aðildarríki en ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins, verða viðurkennd ef þau eru gefin út í samræmi við 21.hluta og

D) að farið sé að reglum sem gilda hjá flugmálayfirvöldum leigutakans.

3. Tómaútleiga (dry lease-out)

Flugrekanda í Bandalaginu er heimilt að leigja út flugvél í tómaleigu til flutningaflugs til hvers flugrekanda sem er í ríki sem hefur skrifað undir Chicago-samninginn, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

A) að flugmálayfirvöld hafi veitt flugrekandanum undanþágu frá þar að lútandi ákvæðum 1. hluta OPS og, eftir að eftirlitsyfirvald í hlutaðeigandi ríki hefur skriflega viðurkennt ábyrgð sína á eftirliti með viðhaldi og rekstri flugvélarinnar/flugvélanna og að flugrekandinn, sem leigir út, hafi strikað flugvélina út af flugrekandaskírteini sínu og

B) að viðhald flugvélarinnar fari fram eftir samþykktri viðhaldsáætlun.

4. Þjónustuútleiga

Flugrekandi í Bandalaginu, sem leigir öðru fyrirtæki flugvél með allri áhöfn, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2407/92, og gegnir áfram öllum störfum og ábyrgð, sem lýst er í C-kafla, telst áfram vera rekandi flugvélarinnar.

1.viðbætir við a-lið OPS 1.005

Starfræksla flugvéla í afkastagetuflokki B

a) Orðskýringar

1. Starfræksla A til A — Flugtak og lending fer fram á sama stað.

2. Starfræksla A til B — Flugtak og lending fer fram á mismunandi stöðum.

3. Nótt — Klukkustundirnar á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar sem viðkomandi yfirvöld geta mælt fyrir um.

b) Starfræksla, sem þessi viðbætir nær til, má fara fram í samræmi við eftirfarandi tilslakanir.

1. OPS 1.035 Gæðakerfi: Þegar um er að ræða mjög lítinn flugrekanda má tilnefndur yfirmaður gegna stöðu gæðastjóra ef utanaðkomandi úttektarmenn eru notaðir. Þetta á einnig við þar sem ábyrgðarmaðurinn gegnir einni eða fleiri yfirmannsstöðum sem tilnefnt er í.

2. Frátekið til notkunar síðar

3. OPS 1.075 Aðferðir við fólksflutninga: Ekki krafist fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla.

4. OPS 1.100 Aðgangur að stjórnklefa:

i. Flugrekandi skal setja reglur um flutning farþega í flugmannssæti.

ii. Flugstjórinn skal sjá til þess:

A. að flutningur farþega í flugmannssæti valdi ekki ónæði og/eða truflun á flugstörfum og

B. að farþega, sem situr í flugmannssæti, séu kynntar þær takmarkanir og öryggisreglur sem við eiga.

5. OPS 1.105 Óheimill flutningur: Ekki krafist fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla.

6. OPS 1.135 Viðbótarupplýsingar og eyðublöð sem skulu vera um borð:

i. eftirfarandi skjöl þurfa ekki að vera um borð fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla frá A til A að degi til:

A) leiðarflugáætlun,

B) tækniflugbók flugvélar,

C) upplýsingar til flugmanna,

D) veðurupplýsingar,

E) tilkynningar um sérstaka flokka farþega ... o.s.frv. og

F) tilkynningar um sérstakan farm, t.d. hættulegan varning ... o.s.frv.

ii. Í sjónflugi eins hreyfils flugvéla frá A til B að degi til þurfa ekki að vera tilkynningar um sérstaka flokka farþega eins og lýst er í 7. lið a-liðar OPS 1.135.

iii. Í sjónflugi að degi til frá A til B má leiðarflugáætlunin vera af einfaldaðri gerð og verður hún að uppfylla þarfir þeirrar tegundar flugrekstrar sem fer fram.

7. OPS 1.215 Notkun flugumferðarþjónustu: Í sjónflugi eins hreyfils flugvéla að degi til skal halda sambandi við flugumferðarþjónustu, að því marki sem við á miðað við eðli flugrekstrarins, þó að það sé ekki lögboðið. Tryggja verður að leitar- og björgunarþjónusta sé til staðar í samræmi við OPS 1.300.

8. OPS 1.225 Flugvallarlágmörk: Stöðluð sjónflugslágmörk uppfylla venjulega þessa kröfu fyrir sjónflug. Þegar nauðsyn krefur skal flugrekandi tilgreina viðbótarkröfur þar sem tekið er tillit til þátta eins og talstöðvardrægis, landslags, hvers eðlis staðir til flugtaks og lendingar eru, flugskilyrða og getu flugumferðarþjónustu.

9. OPS 1.235 Verklagsreglur um hávaðamildun: Á ekki við fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla.

10. OPS 1.240 Flugleiðir og flugsvæði:

    Ákvæði 1. liðar. a-liðar eiga ekki við um sjónflug eins hreyfils flugvéla að degi til frá A til A.

11. OPS 1.250 Lágmarksflughæðir ákveðnar:

    Þessi krafa gildir um sjónflug að degi til sem hér segir. Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstur fari aðeins fram á flugleiðum eða svæðum þar sem hægt er að halda öruggu hindranabili yfir landi og skal taka tillit til þátta eins og hitastigs, landslags, óhagstæðs veðurs (t.d. mikillar ókyrrðar og niðurstreymis, leiðréttinga vegna frávika frá staðalgildum hita og þrýstings).

12. OPS 1.255 Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga:

    i. Fyrir flug frá A til A — Flugrekandi skal tilgreina það lágmarksmagn eldsneytis sem verður að vera til staðar þegar flugi lýkur. Lágmarksneyðareldsneyti skal ekki vera minna en það magn sem þarf til að fljúga í 45 mínútur.

    ii. Fyrir flug frá A til B — Flugrekandi skal sjá til þess að við útreikninga á þörf á nýtanlegu eldsneyti fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

        A) eldsneyti til aksturs — eldsneyti sem notað er fyrir flugtak ef það er verulegt og

        B) eldsneyti til flugs (eldsneyti til að ná til ákvörðunarstaðar) og

        C) varaeldsneyti –

            1. viðlagaeldsneyti — eldsneyti sem er ekki minna en 5% af áætluðu eldsneyti til flugs eða, ef flugáætlun er breytt á flugi, 5% af eldsneyti til að ljúka fluginu og

            2. neyðareldsneyti — eldsneyti til að fljúga í 45 mínútur til viðbótar (strokkhreyflar) eða 30 mínútur (hverfihreyflar) og

        D) eldsneyti til varaflugvallar — eldsneyti til að ná til varaflugvallar um ákvörðunarstað ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist og

        E) eldsneyti sem flugstjóri kann að krefjast til viðbótar við það sem krafist er samkvæmt A- til D-lið hér að framan.

13. OPS 1.265 Flutningur óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga: Að því er varðar sjónflug eins hreyfils flugvéla, þar sem ekki er ætlunin að flytja óæskilega farþega, menn, sem vísað er úr landi, eða gæslufanga, þarf flugrekandi ekki að setja verklagsreglur um flutning slíkra farþega.

14. OPS 1.280 Skipan farþega í sæti: Á ekki við um sjónflug eins hreyfils flugvéla.

15. OPS 1.285 Upplýsingar til farþega: Sýnikennsla skal fara fram og upplýsingar skulu gefnar farþegum eins og við á eftir tegund flugsins. Í flugi með einum flugmanni má ekki úthluta flugmanninum verkefnum sem trufla hann á flugvaktinni.

16. OPS 1.290 Undirbúningur flugs:

    i. Leiðarflugáætlun fyrir rekstur frá A til A — Ekki krafist.

    ii. Rekstur frá A til B samkvæmt reglum um sjónflug að degi til — flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlun af einfaldaðri gerð, sem er viðeigandi fyrir viðkomandi tegund starfrækslu, sé gerð fyrir hvert flug.

17. OPS 1.295 Val á flugvöllum: Á ekki við um sjónflug. Nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun flugvalla og staða til flugtaks og lendingar skulu gefnar út með vísun til OPS 1.220.

18. OPS 1.310 Flugverjar í vinnureitum:

    Að því er varðar sjónflug er leiðbeininga um þetta efni aðeins krafist þegar um flug með tveimur flugmönnum er að ræða.

19. OPS 1.375 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi:

    Þess er ekki krafist að 1. viðbætir við OPS 1.375 nái til sjónflugs eins hreyfils flugvéla að degi til.

20. OPS 1.405 Byrjun og framhald á aðflugi:

    Á ekki við um sjónflug.

21. OPS 1.410 Verklagsreglur í flugi — hæð yfir þröskuldi:

    Á ekki við um sjónflug.

22. OPS 1.430 til 1.460 að meðtöldum viðbætum:

    Á ekki við um sjónflug.

23. OPS 1.530 Flugtak:

    i. Ákvæði a-liðar gilda með eftirfarandi viðbót. Flugmálayfirvöld geta í einstökum tilvikum samþykkt önnur gögn um afkastagetu sem flugrekandi framvísar og sem byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu. Ákvæði b- og c-liða gilda með eftirfarandi viðbót. Þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur í þessum lið vegna efnislegra takmarkana, sem tengjast því að lengja flugbrautina og skýrir almannahagsmunir og nauðsyn liggja til grundvallar starfrækslunni, geta flugmálayfirvöld, í einstökum tilvikum, samþykkt önnur gögn um afkastagetu sem stangast ekki á við flughandbók flugvélarinnar og tengjast sérstökum verklagsreglum sem flugrekandi útbýr og byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu.

    ii. Flugrekandi, sem óskar þess að starfrækja flugvél í samræmi við i. lið, verður fyrst að hafa samþykki flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út. Í slíku samþykki skal:

        A) tilgreina tegund flugvélar,

        B) tilgreina tegund starfrækslu,

        C) tilgreina flugvöll eða flugvelli og viðkomandi flugbrautir,

        D) takmarka flugtak við sjónflugsskilyrði,

        E) tilgreina starfsréttindi áhafnar og

        F) skal það takmarkast við flugvélar þar sem fyrsta tegundarvottorð var gefið út fyrir 1. janúar 2005.

    iii. Ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, verður að samþykkja starfræksluna.

24. OPS 1.535 Hindranabil við flugtak — fjölhreyfla flugvélar:

    i. Ákvæði a- liðar (3., 4. og 5. liður), b-liðar (2. liður), c-liðar (1. og 2. liður) og viðbætirinn eiga ekki við um sjónflug að degi til.

    ii. Að því er varðar blindflug og sjónflug að degi til gilda b- og c-liðir með eftirfarandi breytingum:

        A) Þegar flugskyggni er 1500 m eða meira telst vera hægt að fylgja ferli eftir kennileitum.

        B) Þegar flugskyggni er 1500 m eða meira er hámarksbreidd hindranalauss svæðis, sem krafist er, 300 m.

25. OPS 1.545 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir:

i. liðurinn gildir með eftirfarandi viðbót. Þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur í þessum lið vegna efnislegra takmarkana, sem tengjast því að lengja flugbrautina og skýrir almannahagsmunir og nauðsyn liggja til grundvallar starfrækslunni, geta flugmálayfirvöld, í einstökum tilvikum, samþykkt önnur gögn um afkastagetu, sem stangast ekki á við flughandbók flugvélarinnar og tengjast sérstökum verklagsreglum sem flugrekandi útbýr og byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu.

ii. flugrekandi, sem óskar þess að starfrækja flugvél í samræmi við i. lið, verður að hafa fyrirframsamþykki flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út. Í slíku samþykki skal:

A) tilgreina tegund flugvélar,

B) tilgreina tegund starfrækslu,

C) tilgreina flugvöll eða flugvelli og viðkomandi flugbrautir,

D) takmarka aðflug og lendingu við sjónflugsskilyrði,

E) tilgreina starfsréttindi áhafnar og

F) skal það takmarkast við flugvélar þar sem fyrsta tegundarvottorð var gefið út fyrir 1. janúar 2005.

iii. ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, verður að samþykkja starfrækslуna.

26. OPS 1.550 Lending — þurrar flugbrautir:

i. liðurinn gildir með eftirfarandi viðbót. Þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur í þessum lið vegna efnislegra takmarkana, sem tengjast því að lengja flugbrautina og skýrir almannahagsmunir og nauðsyn liggja til grundvallar starfrækslunni, geta flugmálayfirvöld, í einstökum tilvikum, samþykkt önnur gögn um afkastagetu, sem stangast ekki á við flughandbók flugvélarinnar og tengjast sérstökum verklagsreglum sem flugrekandi útbýr og byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu.

ii. flugrekandi, sem óskar þess að starfrækja flugvél í samræmi við i. lið, verður að hafa fyrirframsamþykki flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út. Í slíku samþykki skal:

A) tilgreina tegund flugvélar,

B) tilgreina tegund starfrækslu,

C) tilgreina flugvöll eða flugvelli og viðkomandi flugbrautir,

D) takmarka aðflug og lendingu við sjónflugsskilyrði,

E) tilgreina starfsréttindi áhafnar og

(F) skal það takmarkast við flugvélar þar sem fyrsta tegundarvottorð var gefið út fyrir 1. janúar 2005.

iii. ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, verður að samþykkja starfrækslуna.

27. Frátekið til notkunar síðar

28. OPS 1.650 Sjónflug að degi til:

Liður 1.650 gildir með eftirfarandi viðbót. Flugmálayfirvöld mega veita eins hreyfils flugvélum með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 22. maí 1995, undanþágu frá kröfum í f-, g-, h- og i-lið ef ísetning endurbótarhlutar væri nauðsynleg til að uppfylla þær.

29. Liður M.A.704 í M-hluta, Lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Aðlaga má lýsingu á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi að starfrækslunni sem fyrirhuguð er.

30. Liður M.A. 306 í M-hluta, tækniflugbók flugrekanda:

Flugmálayfirvöld geta samþykkt stytta gerð tækniflugbókar sem varðar þá tegund starfrækslu sem fram á að fara.

31. OPS 1.940 Samsetning flugáhafnar:

Um sjónflug að degi til eiga 2. og 4. liður a-liðar og b-liður ekki við, að því undanskildu að 4. lið a-liðar skal beitt að öllu leyti þegar tveggja flugmanna er krafist samkvæmt OPS 1.

32. OPS 1.945 Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta:

i. Ákvæði 7. liðar a-liðar — flug á flugleið undir umsjón (LIFUS) má fara fram á hvaða flugvél sem er innan tiltekins flokks. Hversu mikils flugs á flugleið undir umsjón er krafist veltur á því hversu flókin starfræksla á að fara fram.

ii. Ekki er krafist 8. liðar a-liðar.

33. OPS 1.955 Tilnefning til flugstjóra:

Ákvæði b-liðar gilda sem hér segir. Flugmálayfirvöld geta samþykkt stytta gerð flugstjóranámskeiðs sem varðar þá tegund starfrækslu sem fram á að fara.

34. OPS 1.960 Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini:

Að því er varðar sjónflug að degi til á i. liður 1. liðar. a-liðar ekki við.

35. OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf:

i. Um sjónflug að degi til gildir 1. liður. a-liðar sem hér segir. Öll þjálfun og próf skulu vera í samræmi við þá tegund starfrækslu og þann flugvélaflokk sem flugliði starfar í og tilhlýðilegt tillit tekið til sérhæfðs búnaðar sem notaður er.

ii. Ákvæði ii. liðar 3. liðar a-liðar gilda sem hér segir. Þjálfun í flugvél má vera í höndum flokksprófdómara (CRE), flugprófdómara (FE) eða tegundarprófdómara (TRE).

iii. Ákvæði i. liðar 4. liðar a-liðar gilda sem hér segir. Hæfnipróf flugrekanda má vera í höndum tegundarprófdómara, flokksprófdómara eða í höndum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi, sem flugrekandi tilnefnir og flugmálayfirvöld geta fallist á, sem hefur hlotið þjálfun í hugtökum um stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu.

iv. Ákvæði 2. liðar b-liðar gilda um sjónflug að degi til sem hér segir. Í þeim tilvikum þar sem starfræksla fer fram á tímabilum, sem eru ekki lengri en 8 mánuðir samfellt, er eitt hæfnipróf flugrekanda nægilegt. Hæfniprófið verður að fara fram áður en rekstur hefst í flutningaflugi

36. OPS 1.968 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er:

Ákvæði 1. viðbætis gilda ekki um sjónflug eins hreyfils flugvéla að degi til.

37. OPS 1.975 Hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli:

i. Að því er varðar sjónflug að degi til gilda b-, c- og d-liðir ekki, að því undanskildu að flugrekandi skal sjá til þess að í þeim tilvikum, þar sem krafist er sérstaks samþykkis ríkisins sem flugvöllurinn er í, sé farið að þeim kröfum sem því fylgja.

ii. Að því er varðar blindflug eða sjónflug að nóttu til má, í stað þess að fara að b- til d-lið, framlengja gildistíma hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli sem hér segir:

A) Með því að hafa flogið a.m.k. 10 flug á flugsvæðinu á síðastliðnum 12 mánuðum til viðbótar við þá upplýsingaöflun, sem krafist er á eigin vegum, að undanskildri starfrækslu til erfiðustu flugvalla.

B) Aðeins má starfrækja flug til erfiðustu flugvalla:

1. ef flugstjórinn hefur hlotið réttindi til að fljúga til flugvallarins á síðastliðnum 36 mánuðum með heimsókn sem starfandi flugliði eða sem áhorfandi í áhöfn,

2. ef aðflugið fer fram við sjónflugsskilyrði úr lágmarksflughæð viðeigandi geira og

3. ef viðeigandi upplýsingaöflun á eigin vegum hefur farið fram fyrir flugið.

38. OPS 1.980 Fleiri en ein tegund eða afbrigði:

i. Gildir ekki ef starfræksla takmarkast við flokka flugvéla, knúna strokkhreyflum, sem flogið er af einum flugmanni samkvæmt sjónflugsreglum að degi til.

ii. Að því er varðar blindflug og sjónflug að nóttu til er krafan í i. lið 2. liðar. d-liðar 1. viðbætis við OPS 1.980 um 500 fartíma í viðeigandi áhafnarstöðu, áður en réttinda tveggja skírteinisáritana er neytt, minnkuð í 100 fartíma eða flug ef ein skírteinisáritunin tengist flokki. Ljúka verður prófflugi áður en flugmaðurinn hefur störf sem flugstjóri.

39. OPS 1.981 Starfræksla þyrlna og flugvéla:

Ef starfræksla takmarkast við flokka flugvéla, knúna strokkhreyflum, sem flogið er af einum flugmanni, gildir 1.liður a-liðar ekki.

40. Frátekið til notkunar síðar

41. OPS 1.1060 Leiðarflugáætlun:

Ekki krafist fyrir sjónflug að degi til frá A til A. Í sjónflugi að degi til frá A til B á krafan við en flugáætlunin má vera af einfaldaðri gerð og varða þá tegund starfrækslu sem fer fram (sjá OPS 1.135).

42. OPS 1.1070 Lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

Aðlaga má lýsingu á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi að starfrækslunni sem fyrirhuguð er.

43. OPS 1.1071 Tækniflugbók flugvélar:

Gildir eins og tilgreint er fyrir lið M.A. 306 í M-hluta í tækniflugbók flugrekanda.

44. Frátekið til notkunar síðar

45. Frátekið til notkunar síðar

46. OPS 1.1240 Þjálfunaráætlanir:

Þjálfunaráætlanir skulu aðlagaðar þeirri tegund starfrækslu sem fram á að fara. Samþykkja má þjálfunaráætlun sem byggist á sjálfsnámi fyrir sjónflug að degi til.

47. OPS 1.1250 Gátlistar fyrir verklag við leit í flugvél:

Á ekki við um sjónflug að degi til.

1. viðbætir við OPS 1.125

Skjöl sem skulu vera um borð

Sjá OPS 1.125.

Í þeim tilvikum, þar sem skjölin, sem tilgreind eru í OPS 1.125, tapast eða þeim er stolið, er leyfilegt að halda starfrækslu áfram þar til flugið kemst til stöðvar eða til staðar þar sem hægt er að útvega nýtt skjal.

C-KAFLI

ÚTGÁFA FLUGREKANDASKÍRTEINA OG EFTIRLIT

OPS 1.175

Almennar reglur um útgáfu flugrekandaskírteina

Aths. 1: Í 1. viðbæti við þennan lið eru efni og skilyrði flugrekandaskírteina tilgreind.

Aths. 2: Í 2. viðbæti við þennan lið eru tilgreindar kröfur sem gerðar eru um stjórn og skipulag.

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flutningaflugi nema samkvæmt og í samræmi við skilmála og skilyrði flugrekandaskírteinis.

b) Umsækjandi um flugrekandaskírteini, eða breytingu á flugrekandaskírteini, skal heimila flugmálayfirvöldum að skoða alla þætti öryggismála í fyrirhuguðum rekstri.

c) Umsækjandi um flugrekandaskírteini skal:

1. ekki vera handhafi flugrekandaskírteinis, sem önnur flugmálayfirvöld hafa gefið út, nema það sé sérstaklega samþykkt af hlutaðeigandi yfirvöldum,

2. hafa höfuðstöðvar sínar og skráða skrifstofu, ef til er, í ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins,

3. fullvissa flugmálayfirvöld um að hann sé fær um að stunda öruggan flugrekstur.

d) Hafi flugrekandi flugvélar skráðar í mismunandi aðildarríkjum skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja viðeigandi öryggiseftirlit.

e) Flugrekandi skal veita flugmálayfirvöldum aðgang að fyrirtæki sínu og flugvélum og, að því er varðar viðhald, tryggja aðgang að tilheyrandi viðhaldsstöðvum, sem hafa hlotið samþykki skv. 145. hluta, til að ákvarða hvort farið sé áfram að ákvæðum OPS 1.

f) Flugrekandaskírteini verður breytt, það fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað ef flugmálayfirvöld hafa ekki lengur fulla vissu um að flugrekandinn geti haldið uppi öruggum flugrekstri.

g) Flugrekandi skal fullvissa flugmálayfirvöld um:

1. að stjórnun og skipulag séu hentug og hæfi stærð og umfangi rekstrarins og

2. að verklagsreglur um eftirlit með rekstrinum hafi verið skilgreindar.

h) Flugrekandi skal tilnefna ábyrgðarmann sem flugmálayfirvöld geta fallist á og sem hefur umboð fyrirtækisins til að tryggja fjármagn til rekstrar og viðhalds samkvæmt þeim staðli sem flugmálayfirvöld krefjast.

i) Flugrekanda ber að tilnefna yfirmenn, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á eftirfarandi sviðum:

1. flugrekstri,

2. viðhaldskerfi,

3. þjálfun áhafna og

4. rekstri á jörðu niðri.

j) Sami maður má gegna fleiri en einni af yfirmannsstöðunum, sem tilnefnt er í, ef flugmálayfirvöld geta fallist á það en flugrekandi, sem hefur 21 starfsmann eða fleiri í fullu starfi, þarf að lágmarki að hafa tvo starfsmenn til að sjá um ábyrgðarsviðin fjögur.

k) Hjá flugrekendum, sem hafa 20 starfsmenn í fullu starfi eða færri, má ábyrgðarmaðurinn gegna einni eða fleiri af yfirmannsstöðunum, sem tilnefnt er í, ef flugmálayfirvöld fallast á það.

l) Flugrekandi skal sjá til þess að allt flug fari fram í samræmi við ákvæði flugrekstrarhandbókarinnar.

m) Flugrekandi skal koma upp viðeigandi aðstöðu til flugafgreiðslu til að tryggja örugga afgreiðslu flugs.

n) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans hafi búnað og áhafnirnar þau starfsréttindi sem krafist er á viðkomandi flugsvæðum og fyrir þá tegund starfrækslu sem um ræðir hverju sinni.

o) Flugrekandi skal fara að kröfum um viðhald, í samræmi við M-hluta, sem gilda um allar flugvélar sem starfræktar eru samkvæmt skilmálum í flugrekandaskírteininu.

p) Flugrekandi skal láta flugmálayfirvöldum í té eintak af flugrekstrarhandbókinni, eins og um getur í P-kafla, og allar breytingar eða leiðréttingar á henni.

q) Flugrekandi skal hafa rekstraraðstöðu við aðalbækistöðina til að halda uppi flugi sem hentar tegund viðkomandi flugs og flugsvæði.

OPS 1.180

Útgáfa, breyting og framlenging á flugrekandaskírteini

a) Flugrekandi fær ekki flugrekandaskírteini eða breytingu á því og það heldur ekki gildi nema:

1. flugvélarnar, sem starfræktar eru, hafi staðlað lofthæfivottorð sem aðildarríki gefur út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ([1]); stöðluð lofthæfivottorð, gefin út af öðru aðildarríki en ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins, verða viðurkennd ef þau eru gefin út í samræmi við 21. hluta,

2. viðhaldskerfið hafi verið samþykkt af flugmálayfirvöldum í samræmi við G-kafla í M-hluta og

3. hann hafi fullvissað flugmálayfirvöld um að hann geti:

i. komið á fót og rekið viðunandi starfsemi,

ii. komið á fót og haldið við nauðsynlegu gæðakerfi í samræmi við OPS 1.035,

iii. uppfyllt kröfur um þjálfunaráætlanir,

iv. uppfyllt kröfur um viðhald í samræmi við eðli og umfang þess rekstrar, sem tilgreindur er, að meðtöldum viðeigandi atriðum sem kveðið er á um í g- til o-lið OPS 1.175 og

v. farið að ákvæðum OPS 1.175.

b) Þrátt fyrir ákvæði f-liðar OPS 1.185 skal flugrekandi tilkynna flugmálayfirvöldum, eins fljótt og auðið er, um allar breytingar á þeim upplýsingum sem hafa verið lagðar fram í samræmi við a-lið OPS 1.185 hér á eftir.

c) Ef flugmálayfirvöld eru þess ekki fullviss að kröfur a-liðar hér að framan hafi verið uppfylltar geta þau krafist sannprófunarflugs, einu sinni eða oftar, þar sem flogið er eins og væri það flutningaflug.

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

OPS 1.185

Stjórnsýslukröfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar fylgi fyrstu umsókn um flugrekandaskírteini og, þegar við á, öllum umsóknum um breytingar eða endurnýjun:

1. opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og póstfang umsækjanda,

2. lýsing á fyrirhuguðum rekstri,

3. lýsing á stjórnskipulagi,

4. nafn ábyrgðarmanns,

5. nöfn helstu yfirmanna, að meðtöldum þeim sem bera ábyrgð á flugrekstri, viðhaldskerfi, þjálfun áhafna og rekstri á jörðu niðri, ásamt upplýsingum um starfsréttindi þeirra og reynslu og

6. flugrekstrarhandbók.

b) Að því er varðar viðhaldskerfi flugrekanda eingöngu skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja fyrstu umsókn um flugrekandaskírteini og, þegar við á, öllum umsóknum um breytingu eða endurnýjun og, fyrir hverja tegund flugvélar sem á að starfrækja:

1. lýsing flugrekanda á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

2. viðhaldsáætlanir flugrekanda fyrir flugvélar,

3. tækniflugbók flugvélar,

4. tækniforskriftir í viðhaldssamningum milli flugrekandans og samþykktra viðhaldsstöðva skv. 145.hluta, þar sem það á við,

5. fjöldi flugvéla.

c) Leggja verður fram umsókn um fyrstu útgáfu á flugrekandaskírteini a.m.k. 90 dögum áður en fyrirhugað er að hefja rekstur, að því undanskildu að flugrekstrarhandbókina má leggja fram síðar en þó eigi síðar en 60 dögum áður en fyrirhugað er að hefja rekstur.

d) Umsókn um breytingar á flugrekandaskírteini skal leggja fram a.m.k. 30 dögum áður en fyrirhugað er að hefja rekstur nema samið sé um annað.

e) Umsókn um endurnýjun flugrekandaskírteinis skal leggja fram a.m.k. 30 dögum áður en gildistími þess rennur út nema samið sé um annað.

f) Flugmálayfirvöldum skal tilkynnt það með a.m.k. 10 daga fyrirvara ef fyrirhugað er að skipta um tilnefndan yfirmann nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

1. viðbætir við OPS 1.175

Efni og skilyrði flugrekandaskírteina

Í flugrekandaskírteini er eftirfarandi tilgreint:

a) nafn og aðsetur (höfuðstöðvar) flugrekanda,

b) útgáfudagur og gildistími,

c) lýsing á þeim flugrekstri sem hefur verið heimilaður,

d) tegundir flugvéla sem heimilt er að nota,

e) skrásetningarmerki flugvéla, sem hafa verið heimilaðar, en þó geta flugrekendur fengið samþykkt kerfi til að upplýsa flugmálayfirvöld um skrásetningarmerki flugvéla sem starfræktar eru samkvæmt flugrekandaskírteini þeirra,

f) heimiluð flugsvæði,

g) sérstakar takmarkanir og

h) sérstakar heimildir/samþykki, t.d.:

— Aðflugslágmörk skv. II./III. fl. (CAT II/III) (að meðtöldum samþykktum lágmörkum),

— lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS),

— fjarflug tveggja hreyfla flugvéla (ETOPS),

— svæðisleiðsaga (RNAV),

— minnkaður lágmarkshæðaraðskilnaður (RVSM),

— flutningur hættulegs varnings,

— heimild til að veita öryggis- og þjónustuliðum grunnöryggisþjálfun og, ef við á, að gefa út staðfestinguna, sem kveðið er á um í O-kafla, hjá þeim flugrekendum sem veita slíka þjálfun með beinum eða óbeinum hætti.

2. viðbætir við OPS 1.175

Stjórnun og skipulag handhafa flugrekandaskírteinis

a) Almenn ákvæði

Flugrekandi skal hafa traust og skilvirkt stjórnskipulag til þess að tryggja öruggan flugrekstur. Tilnefndir yfirmenn skulu búa yfir stjórnunarhæfni auk þess að hafa viðeigandi tækni-/rekstrarmenntun á sviði flugmála.

b) Tilnefndir yfirmenn:

1. Í flugrekstrarhandbókinni skal vera lýsing á starfi og ábyrgð tilnefndra yfirmanna, ásamt nöfnum þeirra, og þarf að tilkynna skriflega til flugmálayfirvalda ef breytingar eru fyrirhugaðar eða gerðar á tilnefningum eða störfum.

2. Flugrekandi skal gera ráðstafanir til þess að tryggja samfellt eftirlit í fjarveru tilnefndra yfirmanna.

3. Maður, sem handhafi flugrekandaskírteinis tilnefnir sem yfirmann, má ekki vera tilnefndur yfirmaður hjá öðrum handhafa flugrekandaskírteinis nema hlutaðeigandi flugmálayfirvöld geti fallist á það.

4. Þeir sem eru tilnefndir yfirmenn verða að vera bundnir samningi um að vinna nógu marga tíma til að geta sinnt nægilega vel stjórnunarstörfum sínum miðað við stærð og umfang rekstrarins.

c) Nægjanlegt starfsfólk og eftirlit með því:

1. Flugverjar. Flugrekandi verður að ráða í þjónustu sína nógu marga flugliða og öryggis- og þjónustuliða fyrir þann rekstur sem fyrirhugaður er og þjálfa þá og prófa í samræmi við N- og O-kafla, eftir því sem við á.

2. Starfsfólk á jörðu niðri

i. Fjöldi starfsfólks á jörðu niðri fer eftir eðli og umfangi rekstrarins. Einkum skulu flugrekstrardeild og flugafgreiðsludeild vera mannaðar þjálfuðu starfsfólki sem gerir sér fulla grein fyrir því hver ábyrgð þess er innan fyrirtækisins.

ii. Flugrekandi, sem gerir samning við önnur fyrirtæki um að veita tiltekna þjónustu, ber þó sjálfur ábyrgð á að réttir staðlar séu uppfylltir. Þegar málum er þannig háttað skal tilnefndum yfirmanni falið að tryggja að verktakar, sem ráðnir eru, uppfylli tilskilda staðla.

3. Eftirlit

i. Fjöldi þeirra eftirlitsmanna, sem eru tilnefndir, fer eftir því hvernig fyrirtæki flugrekandans er skipulagt og fjölda starfsfólks.

ii. Nauðsynlegt er að skilgreina störf og ábyrgð eftirlitsmanna og haga öllum flugskuldbindingum þannig að hver þeirra geti innt af hendi skyldustörf sín við eftirlit.

iii. Eftirlit með flugverjum og starfsfólki á jörðu niðri skal vera í höndum manna sem hafa næga reynslu og eru þeim kostum búnir að geta tryggt að staðlarnir, sem tilgreindir eru í flugrekstrarhandbókinni, séu uppfylltir.

d) Vinnuaðstaða

1. Flugrekandi skal sjá til þess að í hverri bækistöð sé nægilegt vinnurými fyrir starfsmenn sem tengjast öryggisþættinum í flugrekstrinum. Taka verður mið af þörfum starfsfólks á jörðu niðri, þeirra sem hafa með höndum flugrekstrarstjórn, geymslu og aðgang að skjölum og flugáætlanagerð áhafna.

2. Starfsmenn á skrifstofu verða að geta dreift tafarlaust leiðbeiningum varðandi reksturinn og öðrum upplýsingum til allra sem hlut eiga að máli.

e) Skjöl

Flugrekandi skal gera ráðstafanir til útgáfu handbóka, breytingarskjala og annarra skjala.

D-KAFLI

VERKLAGSREGLUR

OPS 1.192

Orðskýringar

Hugtökin, sem eru talin upp hér á eftir, skulu notuð í tengslum við þessa reglugerð:

a) viðunandi flugvöllur: flugvöllur sem flugrekandi telur fullnægjandi að teknu tilliti til gildandi krafna um afköst og eiginleika flugbrautarinnar; á þeim tíma, sem fyrirhugað er að nota flugvöllinn, er hann tiltækur og veitir aðgang að nauðsynlegri stoðþjónustu, s.s. flugumferðarþjónustu, nægilegri lýsingu, fjarskiptum, veðurlýsingum, flugleiðsögutækjum og neyðarþjónustu,

b) fjarflug tveggja hreyfla flugvéla (ETOPS): fjarflug tveggja hreyfla flugvéla er starfræksla tveggja hreyfla flugvéla, með leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs, fjær viðunandi flugvelli en ákvarðað er í samræmi við a-lið OPS 1.245,

c) viðunandi varaflugvöllur á flugleið fyrir fjarflug tveggja hreyfla flugvéla: viðunandi flugvöllur, sem á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota hann, hefur auk þess búnað til flugumferðarþjónustu og hefur til reiðu a.m.k. eina verklagsreglu um blindaðflug,

d) varaflugvöllur á flugleið (ERA): viðunandi flugvöllur á flugleiðinni sem kann að vera nauðsynlegur við gerð flugáætlunar,

e) varaflugvölllur á flugleið fyrir 3% viðlagaeldsneyti: varaflugvöllur á flugleið sem valinn er til að minnka viðlagaeldsneyti niður í 3%,

f) afskekktur flugvöllur: ef flugmálayfirvöld geta fallist á það er hægt að líta á ákvörðunarflugvöll sem afskekktan flugvöll ef eldsneytið sem nauðsynlegt er (til að víkja af leið og neyðareldsneyti) til næsta viðunandi varaákvörðunarflugvallar er meira en:

eldsneyti til að fljúga í 45 mínútur auk þess að áætlað sé að 15% af flugtímanum sé í farflugslagi eða tvær klukkustundir, hvort heldur er styttra fyrir flugvélar með strokkhreyfla eða

eldsneyti til að fljúga í tvær klukkustundir við venjulega farflugsnotkun fyrir ofan ákvörðunarflugvöllinn, þ.m.t. neyðareldsneyti fyrir flugvélar með hverfihreyfla,

g) sambærileg staða; staða sem hægt er að finna með fjarlægðarmælivita, hringvita eða fjölstefnuvita, sem er staðsettur á hentugum stað, mið með kögunarratsjá eða nákvæmnisratsjá eða hvaða hentuga mið sem er á bilinu þrjár til fimm mílur frá þröskuldi sem með sjálfstæðum hætti ákvarðar staðsetningu flugvélarinnar,

h) varasömustu stig flugs: varasömustu stig flugs eru flugtaksbrun, flugtaksflugslóð, lokaaðflug, lending, þ.m.t. lendingarbrun og önnur stig flugs samkvæmt ákvörðun flugstjóra,

i. viðlagaeldsneyti: eldsneytið sem nauðsynlegt er til að bæta upp ófyrirséða þætti sem gætu haft áhrif á eldsneytisnotkunina til ákvörðunarflugvallar, s.s. frávik einstakra flugvéla frá gögnum um áætlaða eldsneytisnotkun, frávik frá veðurskilyrðum sem spáð hafði verið og frávik frá áætluðum flugleiðum og/eða farflugslagi/-hæð,

j) aðskildar flugbrautir: flugbrautir á sama flugvelli sem eru aðskilin yfirborð til lendingar. Þessar flugbrautir geta legið hvor yfir aðra eða skorist þannig þótt ein flugbraut lokast kemur það ekki í veg fyrir að áætluð tegund flugs geti farið fram á hinni flugbrautinni; hver flugbraut skal vera gerð fyrir sérstakt verklag við aðflug sem byggist á aðskildum leiðsögutækjum,

k) samþykktur farflugshraði með einn hreyfil óstarfhæfan: fyrir fjarflug tveggja hreyfla flugvéla skal samþykktur farflugshraði með einn hreyfil óstarfhæfan fyrir fyrirhugað flugsvæði vera hraði innan vottaðra marka flugvélarinnar, valinn af flugrekandanum og samþykktur af eftirlitsyfirvaldi,

l) fjarflugssvæði: fjarflugssvæði er svæði með loftrými þar sem flugvél, sem er samþykkt til fjarflugs, er fjær viðunandi varaflugvelli á flugleið fyrir fjarflug tveggja hreyfla flugvéla en sem nemur tilgreindum flugtíma í logni (við staðalaðstæður) á samþykktum farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan,

m) brottför: áætlunarlágmörk fyrir fjarflug gilda fram að brottför. Brottför á sér stað þegar loftfarið hreyfist fyrst fyrir eigin afli til þess að fara í flugtak.

OPS 1.195

Flugrekstrarstjórn

Flugrekandi skal:

a) koma á fót og hafa með höndum aðferð til að stjórna flugrekstri sem flugmálayfirvöld samþykkja og

b) hafa með höndum flugrekstrarstjórn á öllu flugi sem starfrækt er samkvæmt flugrekandaskírteini hans.

OPS 1.200

Flugrekstrarhandbók

Flugrekandi skal leggja fram flugrekstrarhandbók, í samræmi við P-kafla, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk flugrekstrarsviðs.

OPS 1.205

Hæfni starfsfólks flugrekstrarsviðs

Flugrekandi skal sjá til þess að allir starfsmenn flugrekstrarsviðs, sem gegna störfum eða eiga beina aðild að rekstrinum hvort sem er á jörðu niðri eða í lofti, hafi fengið fullnægjandi fræðslu, sýnt fram á kunnáttu sína í þeim störfum, sem þeim er sérstaklega ætlað að inna af hendi, og geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og með hvaða hætti störf þeirra tengjast starfseminni í heild.

OPS 1.210

Setning verklagsreglna

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um hverja tegund flugvéla fyrir sig þar sem kemur fram hverjar eru skyldur starfsfólks á jörðu niðri og flugverja við hvers konar starfrækslu á jörðu niðri og á flugi.

b) Flugrekandi skal koma sér upp gátlistakerfi fyrir flugverja til nota á öllum stigum flugsins við eðlilegar eða óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, eins og við á, til að tryggja að verklagsreglum í flugrekstrarhandbók sé fylgt.

c) Flugrekandi skal ekki krefjast þess að á varasömustu stigum flugsins sinni flugverji öðrum störfum en þeim er lúta að öruggri starfrækslu flugvélarinnar (sjá OPS 1.192).

OPS 1.215

Notkun flugumferðarþjónustu

Flugrekandi skal sjá til þess að flugumferðarþjónusta sé notuð fyrir allt flug þegar hún er tiltæk.

OPS 1.216

Rekstrarfyrirmæli á flugi

Flugrekandi skal sjá til þess að rekstrarfyrirmæli á flugi, sem hann gefur og fela í sér breytingu á flugáætlun til flugumferðarþjónustu, skuli, ef unnt er, vera samræmd með viðeigandi flugumferðarþjónustudeild áður en þau eru send til flugvélar.

OPS 1.220

Heimild flugrekanda til notkunar flugvalla

(Sjá OPS 1.192)

Flugrekandi skal einungis heimila notkun flugvalla sem eru viðunandi fyrir viðkomandi flugvélartegundir og starfrækslu.

OPS 1.225

Flugvallarlágmörk

a) Flugrekandi skal tiltaka flugvallarlágmörk, sem sett eru í samræmi við OPS 1.430, fyrir hvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem heimilt er að nota í samræmi við OPS 1.220.

b) Í þessum lágmörkum skal tekið tillit til allra breytinga á þeim gildum sem flugmálayfirvöld hafa mælt fyrir um í samræmi við framangreindan a-lið.

c) Lágmörk fyrir tiltekna tegund aðflugs og lendingar teljast gilda ef:

1. búnaður á jörðu niðri, sýndur á kortum, sem krafist er vegna fyrirhugaðs flugs, er virkur,

2. flugvélarkerfin, sem krafist er fyrir viðkomandi tegund aðflugs, eru virk,

3. kröfur um afkastagetu flugvélar eru uppfylltar og

4. áhöfnin hefur viðeigandi starfsréttindi.

OPS 1.230

Verklagsreglur um blindbrottflug og blindaðflug

a) Flugrekandi skal sjá til þess að farið sé að verklagsreglum um blindbrottflug og blindaðflug sem settar eru af ríkinu þar sem flugvöllurinn er.

b) Þrátt fyrir a-lið hér að framan getur flugstjóri samþykkt heimild flugumferðarstjórnar um að víkja frá útgefinni brottflugs- eða komuleið, að því tilskildu að viðmiðanir um hindranabil séu virtar og fullt tillit tekið til flugskilyrða. Í lokaaðflugi skal þó flogið eftir kennileitum eða samkvæmt settum verklagsreglum um blindaðflug.

c) Flugrekanda er heimilt að nota aðrar verklagsreglur en þær sem krafist er að séu notaðar samkvæmt a-lið hér að framan, að því tilskildu að þær hafi verið samþykktar af ríkinu þar sem flugvöllurinn er, ef þess er krafist, og flugmálayfirvöld hafi viðurkennt þær.

OPS 1.235

Verklagsreglur um hávaðamildun

(Sjá OPS 1.192)

Flugrekandi skal setja viðeigandi verklagsreglur fyrir brottflug og komu/aðflug fyrir hverja tegund loftfars í samræmi við eftirfarandi:

a) flugrekandinn skal tryggja að öryggi hafi forgang fram yfir hávaðamildun,

b) þessar verklagsreglur skulu vera þannig að þær séu einfaldar og öruggar í notkun og auki ekki verulega vinnuálag áhafnar á varasömustu stigum flugsins og

c) skilgreina skal tvenns konar verklag fyrir brottför fyrir hverja tegund flugvélar í samræmi við skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8168 (Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu, „PANS-OPS“), I. bindi:

1. verklagsreglu 1 um hávaðamildun við brottflug (NADP 1), ætlað að uppfylla markmið um mildun nálægs hávaða,

2. verklagsreglu 2 um hávaðamildun við brottflug (NADP 2), ætlað að uppfylla markmið um mildun fjarlægs hávaða,

3. auk þess getur hver verklagsregla um hávaðamildun við brottflug fyrir klifursnið einungis haft eina röð aðgerða.

OPS 1.240

Flugleiðir og flugsvæði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að einungis sé flogið á tilteknum leiðum og svæðum þar sem:

1. aðstaða og þjónusta á jörðu niðri, þ.m.t. veðurþjónusta, er viðunandi fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2. afkastageta flugvélarinnar, sem fyrirhugað er að nota, stenst kröfur um lágmarksflughæð,

3. búnaður flugvélarinnar, sem fyrirhugað er að nota, stenst lágmarkskröfur til fyrirhugaðs flugs,

4. viðeigandi landabréf og kort eru tiltæk (sbr. 9. lið. a-liðar OPS 1.135),

5. ef tveggja hreyfla flugvélar eru notaðar, viðunandi flugvellir eru tiltækir innan tíma- eða fjarlægðarmarka OPS 1.245,

6. ef eins hreyfils flugvélar eru notaðar, að yfirborð, þar sem unnt er að nauðlenda með öruggum hætti, er tiltækt.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flogið sé í samræmi við hverja þá takmörkun á flugleiðum eða flugsvæðum sem flugmálayfirvöld setja.

OPS 1.241

Starfræksla í skilgreindu loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í skilgreindum hlutum loftrýmis, þar sem í gildi eru reglur um lágmarkshæðaraðskilnað sem er 300 m (1000 fet), byggðar á samningi um svæðisbundna flugleiðsögu (Regional Air Navigation Agreement), nema hafa til þess leyfi flugmálayfirvalda (RVSM-leyfi). (Sjá einnig OPS 1.872).

OPS 1.243

Starfræksla á svæðum með tilgreindar kröfur um nákvæmni í flugleiðsögu

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvél, sem starfrækt er innan svæða eða í hlutum loftrýmis eða á leiðum þar sem tilgreindar eru kröfur um nákvæmni í flugleiðsögu, hafi verið vottuð í samræmi við þessar kröfur og hafi hlotið, ef þörf krefur, viðeigandi starfræksluleyfi frá flugmálayfirvöldum. (Sjá einnig 2. lið. c-liðar OPS 1.865, OPS 1.870 og OPS 1.872).

b) Flugrekandi flugvélar, sem er starfrækt á svæðum sem um getur í a-lið, skal sjá til þess að allar viðlagaverklagsreglur, sem flugmálayfirvöld, sem bera ábyrgð á viðkomandi loftrými, tilgreina, sé að finna í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.245

Mesta leyfilega fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis

(Sjá OPS 1.192)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja tveggja hreyfla flugvél, nema með sérstöku leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs sbr. a-lið OPS 1.246 (fjarflugsleyfi), á flugleið þar sem einhver hluti leiðarinnar liggur fjær viðunandi flugvelli (við staðalaðstæður og í logni) þegar um er að ræða:

1. flugvél í afkastagetuflokki A, annaðhvort með:

   i. hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 20 eða fleiri eða

   ii. 45 360 kg hámarksflugtaksmassa eða meira,

   vegalengd sem flogin er á 60 mínútum með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, í samræmi við b-lið hér á eftir eða

2. flugvél í afkastagetuflokki A með:

i. hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 19 eða færri og

ii. 45 360 kg hámarksflugtaksmassa eða minni,

þá vegalengd sem flogin er á 120 mínútum, eða, ef flugmálayfirvöld samþykkja það, allt að 180 mínútum fyrir þotur, með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, ákvarðað í samræmi við b-lið hér á eftir,

3. flugvél í afkastagetuflokki B eða C:

i. vegalengd sem flogin er á 120 mínútum með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, í samræmi við b-lið hér á eftir eða

ii. 300 sjómílur hvort sem er styttra.

b) Flugrekandi skal ákvarða hraða, sem fer ekki yfir hámarkshraða í rekstri (VMO), til þess að reikna út hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli fyrir hverja tegund eða hvert afbrigði tveggja hreyfla flugvélar sem byggist á réttum flughraða sem flugvélin getur haldið með einn hreyfil óstarfhæfan.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að gögn um eftirfarandi atriði, sem eiga við hverja tegund eða hvert afbrigði, séu felld inn í flugrekstrarhandbókina:

1. farflugshraða með annan hreyfilinn óstarfhæfan sem ákvarðast í samræmi við b-lið hér að framan og

2. hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli ákvörðuð í samræmi við a- og b-lið hér að framan.

Aths.: Hraðarnir sem tilgreindir eru hér að framan, eru einungis ætlaðir sem viðmiðun til að ákvarða hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli.

OPS 1.246

Fjarflug tveggja hreyfla flugvéla

(Sjá OPS 1.192)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fjær viðunandi flugvelli en ákvarðað er í samræmi við OPS 1.245 nema hafa leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs.

b) Áður en flugrekandi sendir flugvél í fjarflug skal hann sjá til þess að viðunandi varaflugvöllur á flugleið í fjarflugi sé fyrir hendi, annaðhvort innan heimilaðs fjarflugstíma flugrekandans eða fjarflugstíma, sem byggist á lista yfir lágmarksbúnað fyrir starfhæfiástand flugvélarinnar, eftir því hvor er styttri. (Sjá d-lið OPS 1.297).

OPS 1.250

Lágmarksflughæðir ákveðnar

a) Flugrekandi skal ákveða lágmarksflughæðir og aðferðir til að ákvarða þær hæðir á öllum leiðarleggjum, sem flogið er á, með tilskildu lágmarksbili frá hindrun með hliðsjón af kröfum í köflum F til I.

b) Allar aðferðir við að ákveða lágmarksflughæðir eru háðar samþykki flugmálayfirvalda.

c) Ef lágmarksflughæðir í ríkjum, sem flogið er yfir, eru hærri en mörk flugrekanda gilda hærri mörkin.

d) Flugrekandi skal taka tillit til eftirfarandi atriða þegar hann ákveður lágmarksflughæðir:

1. af hve mikilli nákvæmni unnt er að ákvarða staðsetningu flugvélarinnar,

2. líklegrar ónákvæmni hæðarmæla sem notaðir eru,

3. landslags (t. d. snöggra breytinga á landhæð) á leiðum eða svæðum þar sem flogið er,

4. líkum á óhagstæðu veðri (t. d. mikilli ókyrrð og niðurstreymi) og

5. hugsanlegrar ónákvæmni flugkorta.

e) Þegar farið er að d-lið hér að framan skal taka tilhlýðilegt tillit til:

1. leiðréttinga vegna frávika frá staðalgildum hita og þrýstings,

2. krafna flugumferðarstjórnar og

3. hvers kyns fyrirsjáanlegra aðstæðna á fyrirhugaðri leið.

OPS 1.255

Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga

(Sjá 1. og 2. viðbæti við OPS 1.255)

a) Flugrekandi skal setja viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga við gerð flugáætlana og endurgerð áætlunar á flugi svo að tryggt sé að nægjanlegt eldsneyti sé tekið með í hvert flug svo og nægilegt varaeldsneyti ef víkja þarf frá flugáætlun.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flugáætlanir séu a.m.k. byggðar á 1. og 2. lið hér á eftir:

1. verklagsreglum í flugrekstrarhandbókinni og gögnum sem fengin eru úr:

i. gögnum sem framleiðandi flugvélarinnar útvegar eða

ii. gögnum sem fylgja viðkomandi flugvél, fengnum úr kerfi þar sem fylgst er með eyðslu eldsneytis.

2. Þau flugskilyrði, sem gera má ráð fyrir í ferðinni, þ.m.t.:

i. raunhæft mat á eldsneytiseyðslu flugvélarinnar,

ii. áætlaður massi,

iii. veðurútlit og

iv. verklagsreglur flugleiðsöguþjónustu og takmarkanir.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að við útreikninga á þörf á nýtanlegu eldsneyti fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1. eldsneyti til aksturs, og

2. eldsneyti til flugs, og

3. varaeldsneyti sem er:

i. viðlagaeldsneyti (sjá OPS 1.192), og

ii. eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist. (Það útilokar þó ekki að brottfararflugvöllur sé valinn sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar), og

iii. neyðareldsneyti og

iv. viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis, t.d. fjarflug og

4. aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi sé innifalið þegar nýtanlegt eldsneyti er reiknað út vegna endurgerðar áætlunar á flugi og fljúga verður aðra leið eða til annars ákvörðunarstaðar en upphaflega var áætlað:

1. eldsneyti til að ljúka fluginu og

2. varaeldsneyti sem er:

i. viðlagaeldsneyti,

ii. eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist (það útilokar þó ekki að brottfararflugvöllur sé valinn sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar),

iii. neyðareldsneyti,

iv. viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis, t.d. fjarflug og

3. aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

OPS 1.260

Flutningur hreyfihamlaðra

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning hreyfihamlaðra (PRM).

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hreyfihamlaðir fái ekki úthlutað sætum eða sitji í sætum þar sem vera þeirra getur:

1. hindrað áhöfnina í að sinna störfum sínum,

2. lokað aðgengi að neyðarbúnaði eða

3. hindrað neyðarrýmingu flugvélarinnar.

c) Flugstjóra skal tilkynnt um það þegar flytja á hreyfihamlað fólk.

OPS 1.265

Flutningur óæskilegra farþega, manna sem er vísað úr landi eða gæslufanga

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga til þess að tryggja öryggi flugvélarinnar og þeirra sem í henni eru. Flugstjóra skal tilkynnt um það þegar flytja á fyrrnefnda farþega.

OPS 1.270

Frágangur á farangri og farmi

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.270)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að einungis handfarangur, sem unnt er að ganga frá á viðunandi og öruggan hátt, sé tekinn um borð í farþegaklefann.

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að gengið sé frá öllum farangri og farmi um borð, sem gæti valdið slysi eða skaða eða lokað göngum og útgöngum ef farangur eða fragt færist úr stað, í geymslurými sem er hannað til að koma í veg fyrir hreyfingu.

OPS 1.275

Hér á að vera eyða

OPS 1.280

Skipan farþega í sæti

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að farþegum sé skipað þannig í sæti að þeir geti orðið að sem mestu liði en ekki til trafala ef til neyðarrýmingar kemur.

OPS 1.285

Upplýsingar til farþega

Flugrekandi skal sjá til þess:

a) Almenn ákvæði

1. Að farþegar fái upplýsingar um öryggismál munnlega. Kynning getur farið fram með aðstoð hljóð- eða myndmiðla að hluta eða að öllu leyti.

2. Að farþegar fái í hendur spjöld með öryggisleiðbeiningum þar sem leiðbeint er í myndum um notkun neyðarbúnaðar og -útganga sem líklegt er að farþegar noti.

b) Fyrir flugtak

1. að farþegar fái upplýsingar um eftirtalin atriði, ef við á:

i. reglur um reykingar,

ii. að stólbök skuli vera upprétt og sætisbakkar frágengnir,

iii. staðsetningu neyðarútganga,

iv. staðsetningu og notkun ratmerkja í gólfi til neyðarútganga,

v. hvernig gengið skuli frá handfarangri,

vi. takmarkanir á notkun handrafeindatækja og

vii. staðsetningu og efni spjalds með öryggisleiðbeiningum ásamt því

2. að farþegum séu sýnd eftirfarandi atriði:

i. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja, þ.m.t. hvernig þau eru fest og losuð,

ii. staðsetning og notkun súrefnistækja, ef þess er krafist (sbr. OPS 1.770 og OPS 1.775). Einnig skulu farþegar fá fyrirmæli um að drepa í öllu reykingatóbaki þegar súrefni er notað og

iii. staðsetning og notkun björgunarvesta, ef þess er krafist (sbr. OPS 1.825).

c) Eftir flugtak

1. að farþegar séu minntir á eftirfarandi, ef við á:

i. reglur um reykingar og

ii. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja auk öryggiskostanna við að hafa öryggisbeltin spennt þegar setið er í sætum hvort sem kveikt er á sætisbeltaljósum eða ekki.

d) Fyrir lendingu

1. að farþegar séu minntir á eftirfarandi, ef við á:

i. reglur um reykingar,

ii. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja,

iii. að stólbök skuli vera upprétt og sætisbakkar frágengnir,

iv. að gengið skuli frá handfarangri á ný og

v. takmarkanir á notkun handrafeindatækja.

e) Eftir lendingu

1. að farþegar séu minntir á eftirfarandi:

i. reglur um reykingar og

ii. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja.

f) Í neyðartilvikum á flugi skulu farþegar fá leiðbeiningar um hvernig rétt er að bregðast við aðstæðum í neyðartilvikum, eftir því sem við á.

OPS 1.290

Undirbúningur flugs

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lokið sé við gerð leiðarflugáætlunar fyrir hvert flug sem fyrirhugað er.

b) Flugstjóri skal ekki leggja upp í flug án þess að hafa gengið úr skugga um:

1. að flugvélin sé lofthæf,

2. að flugvélin sé ekki notuð andstætt því sem leyft er í lista yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug,

3. að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, séu tiltæk og í samræmi við K- og L-kafla,

4. að mælitæki og búnaður séu starfhæf, með þeim undantekningum sem kveðið er á um í listanum yfir lágmarksbúnað,

5. að þeir hlutar flugrekstrarhandbókarinnar, sem krafist er fyrir viðkomandi flug, séu fyrir hendi,

6. að skjöl, viðbótarupplýsingar og eyðublöð, sem samkvæmt OPS 1.125 og OPS 1.135 eiga að vera tiltæk, séu um borð,

7. að gildandi landabréf og kort og tengd skjöl eða tilsvarandi gögn, er lúta að fyrirhuguðu flugi flugvélarinnar, séu tiltæk, þar á meðal vegna hvers kyns breytinga á flugleið sem telja má eðlilegt að geti orðið; einnig skulu vera til staðar umreikningstöflur sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu þar sem nota þarf hæðir, flughæðir og fluglög í metrum,

8. að nauðsynleg aðstaða og þjónusta á jörðu niðri fyrir fyrirhugað flug sé fyrir hendi og viðunandi,

9. að í fyrirhuguðu flugi sé unnt að fara að ákvæðum flugrekstrarhandbókarinnar um eldsneytis-, olíu- og súrefnisbirgðir, lágmarksflughæðir, flugvallarlágmörk og að varaflugvellir séu fyrir hendi, ef þörf krefur,

10. að hleðslunni sé rétt dreift og hún tryggilega fest,

11. að í byrjun flugtaks sé massi flugvélarinnar slíkur að unnt sé að fljúga í samræmi við kafla F- til I, eftir því sem við á, og

12. að á fluginu sé unnt að virða aðrar takmarkanir á starfrækslu, auk þeirra sem kveðið er á um í 9. og 11. lið hér að framan.

OPS 1.295

Val á flugvöllum

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um val á ákvörðunarflugvöllum og/eða varaflugvöllum ákvörðunarstaðar, í samræmi við OPS 1.220, þegar flugáætlun er gerð.

b) Flugrekandi skal velja og tilgreina í leiðarflugáætlun varaflugvöll fyrir flugtak verði ekki unnt að snúa aftur til brottfararflugvallar vegna veðurs eða leyfi afkastagetan það ekki. Staðsetning varaflugvallar fyrir flugtak miðað við brottfararflugvöll skal vera innan við:

1. að því er varðar tveggja hreyfla flugvélar, annaðhvort:

i. klukkustundarflug á farflugshraða með annan hreyfilinn óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak eða

ii. heimilaðan fjarflugstíma flugrekanda, háð takmörkunum á lista yfir lágmarksbúnað, að hámarki tveggja stunda flug á farflugshraða með annan hreyfilinn óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður, miðað við raunmassa við flugtak, að því er varðar flugvélar og áhafnir sem hafa fjarflugsleyfi eða

2. tveggja klukkustunda flug á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak, að því er varðar þriggja og fjögurra hreyfla flugvélar og

3. ef farflugshraði með einn hreyfil óstarfhæfan er ekki gefinn upp í flughandbók skal hraðinn, sem notaður er við útreikningana, vera sá hraði sem næst með því að nota samfellt hámarksafl á þeim hreyfli eða hreyflum sem enn eru virkir.

c) Flugrekandi skal velja a.m.k. einn varaflugvöll fyrir ákvörðunarstað í hvert sinn sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR) nema:

1. hvort tveggja sé

i. tíminn frá flugtaki til lendingar samkvæmt flugáætlun, eða ef flugáætlun er breytt á flugi í samræmi við d-lið OPS 1.255, fari flugtíminn, sem eftir er til ákvörðunarflugvallar, ekki yfir sex klukkustundir og

ii. á ákvörðunarstað séu tiltækar tvær aðskildar og nothæfar flugbrautir (sjá OPS 1.192) og veðurlýsingar eða veðurspár fyrir ákvörðunarflugvöllinn eða sambland af þessu tvennu gefi til kynna að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma á ákvörðunarstað verði skýjaþekja í a.m.k. 2 000 fetum eða hringaðflugshæð +500 fet, hvort sem hærra er, og skyggni a.m.k. 5 km

eða

2. ákvörðunarflugvöllurinn sé afskekktur.

d) Flugrekandi skal velja tvo varaflugvelli fyrir ákvörðunarstað ef:

1. veðurspár eða veðurlýsingar fyrir ákvörðunarstað, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma verði veðurskilyrði undir gildandi áætlunarlágmörkum (sjá b-lið OPS 1.297) eða

2. að engar veðurupplýsingar séu fáanlegar.

e) Flugrekandi skal tilgreina í leiðarflugáætlun þá varaflugvelli sem krafist er.

OPS 1.297

Áætlunarlágmörk fyrir blindflug

a) Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll fyrir flugtak. Flugrekandi skal einungis velja flugvöll sem varaflugvöll fyrir flugtak þegar veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að klukkustund fyrir og klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en gildandi lendingarlágmörk sem tilgreind eru í samræmi við OPS 1.225. Taka verður tillit til skýjaþekjuhæðar ef eina mögulega aðflugið er grunnaðflug og/eða hringaðflug. Taka verður tillit til allra takmarkana á flugi með einn hreyfil óstarfhæfan.

b) Áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll (annan en afskekktan ákvörðunarflugvöll). Flugrekandi skal einungis velja ákvörðunarflugvöll þegar:

1. veðurspár eða veðurlýsingar, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir – klukkustund eftir áætlaðan komutíma á flugvöllinn verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en eftirfarandi, gildandi áætlunarlágmörk:

   i. flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni er í samræmi við OPS 1.225 og

   ii. fyrir grunnaðflug eða hringaðflug, skýjaþekja er í eða yfir lágmarkslækkunarhæð (MDH) eða

2. tveir varaflugvellir ákvörðunarstaðar eru valdir samkvæmt d-lið OPS 1.295.

c) Áætlunarlágmörk fyrir:

varaflugvöll ákvörðunarstaðar eða

afskekktan flugvöll eða

varaflugvöll á flugleið fyrir 3% viðlagaeldsneyti

varaflugvöll á flugleið sem er nauðsynlegur við gerð flugáætlunar

Flugrekandi skal einungis velja flugvöll í framangreindum tilgangi ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að klukkustund fyrir og klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin sem tilgreind eru í töflu 1 hér á eftir.

Tafla 1

Áætlunarlágmörk — varaflugvöllur ákvörðunarstaðar, afskekktur ákvörðunarflugvöllur, varaflugvöllur á flugleið fyrir 3% viðlagaeldsneyti og varaflugvöllur á flugleið

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk
II. og III. flokkur	I. flokkur (*Aths. 1*)
I. flokkur	Grunnaðflug (*Aths. 1 og 2*)
Grunnaðflug	Grunnaðflug (*Aths. 1 og 2*) að viðbættum 200 fet/1000 m
Hringaðflug	Hringaðflug

Aths. 1: Flugbrautarskyggni
Aths. 2: Skýjaþekja skal vera í eða yfir lágmarkslækkunarhæð.

d) Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll á flugleið í fjarflugi. Ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að frá áætluðum lendingartíma þar til einni klukkustund eftir síðasta mögulega lendingartíma séu skilyrðin til staðar sem eru reiknuð út með því að bæta við viðbótartakmörkunum í töflu 2. Flugrekandi skal tilgreina í flugrekstrarhandbókinni hvað aðferð sé notuð til að ákvarða flugvallarlágmörk fyrir fyrirhugaðan varaflugvöll á flugleið í fjarflugi.

Tafla 2

Áætlunarlágmörk — Fjarflug

Aðflugsvirki	Skýjaþekjuhæð á varaflugvelli	Lágmarksveðurskilyrði Skyggni/flugbrautarskyggni
Verklagsreglur um nákvæmnisaðflug	Heimiluð ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DH/DA) að viðbættum 200 fetum	Heimilað skyggni að viðbættum 800 metrum
Grunnaðflug eða hringaðflug	Heimiluð lágmarkslækkunarhæð/lágmarkslækkunarflughæð (NDH/MDA) að viðbættum 400 fetum	Heimilað skyggni að viðbættum 1 500 metrum

OPS 1.300

Afhending flugáætlunar fyrir flugumferðarþjónustu

Flugrekandi skal sjá til þess að ekki sé lagt upp í flug nema flugáætlun til flugumferðarþjónustu hafi verið afhent eða nægilegar upplýsingar lagðar fram til að unnt sé að gera viðbúnaðarþjónustu viðvart, ef þörf krefur.

OPS 1.305

Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.305)

Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélabensín eða sambærilegt eldsneyti með suðumark á breiðu hitabili (t.d. Jet-B eða annað sambærilegt), eða ef um blöndu með þessu eldsneyti getur verið að ræða, sé ekki tekið á eða losað af flugvél á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði. Í öllum öðrum tilvikum skulu gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir og skal flugvélin vera mönnuð hæfu starfsfólki sem getur hafið og stjórnað rýmingu flugvélarinnar á sem hagkvæmastan og skjótastan hátt.

OPS 1.307

Taka eða losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um töku og losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili, t.d. Jet-B eða annað sambærilegt, ef þess er krafist.

OPS 1.308

Ýting og dráttur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allt verklag við ýtingu og drátt sé í samræmi við viðeigandi flugmálastaðla og verklagsreglur.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að staðsetning flugvélar fyrir eða eftir akstur sé ekki framkvæmd með drætti án dráttarstangar nema

1. flugvél sé hönnuð þannig að stýrisbúnaður nefhjóls skemmist ekki vegna dráttar án dráttarstangar eða

2. kerfi/verklagsregla sé til staðar sem lætur flugáhöfn vita að slíkar skemmdir kunni að hafa orðið, hafi orðið eða

3. dráttarökutækið án dráttarstangar sé hannað til að koma í veg fyrir skemmdir á flugvélartegundinni.

OPS 1.310

Flugverjar í vinnureitum

a) Flugliðar

1. Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal vera í vinnureit sínum í flugtaki og lendingu.

2. Á öllum öðrum stigum flugsins skal hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, ávallt vera í vinnureit sínum nema fjarvera hans sé óhjákvæmileg vegna starfa í tengslum við starfrækslu vélarinnar eða hann þurfi að sinna líkamlegum þörfum, og þá að því tilskildu að alltaf sé a.m.k. einn flugmaður með tilskilin starfsréttindi við stýrið.

3. Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal á öllum stigum flugs halda árvekni sinni. Ef vart verður við skort á árvekni skal viðeigandi gagnráðstöfunum beitt. Ef óvænt þreyta gerir vart við sig má nota skammtaða hvíld sem flugstjóri skipuleggur ef vinnuálag heimilar það. Skömmtuð hvíld, sem kemur til á þennan hátt, má aldrei teljast hluti af hvíldartíma þegar takmarkanir á flugtíma eru reiknaðar eða notaðar til að réttlæta flugvakt.

b) Öryggis- og þjónustuliðar. Á öllum þilförum flugvélarinnar, þar sem farþegar eru, skulu öryggis- og þjónustuliðar sitja í vinnureit sínum á varasömustu stigum flugsins.

OPS 1.311

Fjöldi öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að séu um borð í flugvél við starfrækslu á jörðu niðri með farþegum

(sjá 1. viðbæti við OPS 1.311)

Flugrekandi skal sjá til þess að ávallt þegar farþegar eru um borð í flugvél sé lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða, sem krafist er í samræmi við a-, b-, c- og d-lið OPS 1.990, til staðar í farþegarými nema:

a) þegar flugvélin er á flugvélastæði á jörðu niðri, er heimilt að fækka öryggis- og þjónustuliðum í farþegarými þannig að þeir séu færri en ákvarðað er í a-, b- og c-lið í OPS 1.990; lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða, sem krafist er við þessar kringumstæður, skal vera einn fyrir hverja samstæðu af neyðarútgöngum í gólfhæð á hverju farþegaþilfari, eða einn fyrir hverja 50 farþega um borð eða brot af þeirri tölu, hvort heldur er hærri tala, að því tilskildu að:

1. flugrekandinn hafi sett verklagsreglur um rýmingu farþegarýmis með færri öryggis- og þjónustuliðum sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt að veiti sambærilegt öryggi og

2. engin taka eða losun eldsneytis eigi sér stað og

3. fyrsti öryggis- og þjónustuliði hafi kynnt öryggis- og þjónustuliðum öryggisleiðbeiningar áður en farið er um borð og

4. fyrsti öryggis- og þjónustuliði sé til staðar í farþegarými og

5. skoðun sé lokið á farþegarými áður en farið er um borð.

Þessi fækkun er ekki heimil ef fjöldi öryggis- og þjónustuliða er ákvarðaður með því að nota d-lið OPS 1.990.

b) Á meðan gengið er frá borði og fjöldi farþega, sem eftir eru um borð, er undir 20 er heimilt að fækka öryggis- og þjónustuliðum í farþegarými þannig að þeir séu færri en lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða sem nauðsynlegt er að sé um borð í samræmi við a-, b-, c- og d-lið OPS 1.990, að því tilskildu að

1. flugrekandinn hafi sett verklagsreglur til að rýma farþegarými með færri öryggis- og þjónustuliðum sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt að veiti sambærilegt öryggi og

2. fyrsti öryggis- og þjónustuliði sé til staðar í farþegarými.

OPS 1.313

Notkun á heyrnartólum

a) Allir flugliðar, sem krafist er að séu á vakt í stjórnklefa, skulu vera með heyrnartól með hljóðnema eða jafngildan búnað sem krafist er í p-lið OPS 1.650 og/eða s-lið 1.652 og nota þau sem aðaltæki til að hlusta á talfjarskipti við flugumferðarþjónustu:

— á jörðu niðri:

— þegar tekið er á móti brottflugsheimild frá flugumferðarstjórn með talfjarskiptum,

— þegar hreyflar eru í gangi,

— í flugi fyrir neðan skiptihæð eða 10 000 fet, hvort heldur er hærra og

— þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt.

b) Við skilyrðin sem lýst er 1. lið hér að framan skal hljóðneminn eða jafngildur búnaður vera þannig staðsettur að hægt sé að nota hann til tvíátta talfjarskipta.

OPS 1.315

Búnaður til neyðarrýmingar

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að búnaður til neyðarrýmingar, sem opnast sjálfkrafa, sé undirbúinn fyrir notkun þegar það er óhætt og því verður við komið áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu.

OPS 1.320

Sæti, öryggisbelti og öryggistygi

a) Flugverjar

1. Í flugtaki og lendingu svo og ávallt þegar flugstjóri telur þess þörf í öryggisskyni skulu allir flugverjar vera tryggilega spenntir með öllum öryggisbeltum og öryggistygjum sem fyrir hendi eru.

2. Á öðrum stigum flugsins skulu allir flugliðar í stjórnklefa hafa sætisólar spenntar þegar þeir eru í vinnureit sínum.

b) Farþegar

1. Fyrir flugtak og lendingu, í akstri svo og ávallt þegar þess er talin þörf í öryggisskyni skal flugstjórinn sjá til þess að allir farþegar um borð séu tryggilega spenntir í sæti sínu eða legurúmi, með öryggisbeltum eða öryggistygjum þar sem þau eru fyrir hendi.

2. Flugrekandi skal mæla svo fyrir og flugstjórinn skal sjá til þess að aldrei sé leyft að fleiri en einn sé um sama flugvélarsæti nema í tilteknum sætum þar sem saman sitja einn fullorðinn og ungbarn sem er vandlega fest niður með viðbótarlykkjubelti eða annars konar festibúnaði.

OPS 1.325

Öryggi í farþegarými og eldhúsum

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu séu útgangar og neyðarútgönguleiðir hvergi tepptar.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess að fyrir flugtak og lendingu og ávallt þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni sé allur búnaður og farangur tryggilega festur.

OPS 1.330

Aðgengi að neyðarbúnaði

Flugstjórinn skal sjá til þess að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust.

OPS 1.335

Reykingar um borð

a) Flugstjórinn skal sjá til þess að um borð sé engum leyft að reykja:

1. þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni,

2. þegar flugvélin er á jörðu niðri, nema það sé sérstaklega leyft í samræmi við verklagsreglur sem skilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni,

3. utan þeirra svæða sem ætluð eru til reykinga, s.s. á göngum og inni á snyrtingum,

4. í vörurými og/eða á öðrum stöðum þar sem er farmur sem er ekki geymdur í eldþolnum gámum eða ekki er breitt yfir með eldþolnum segldúk og

5. í þeim hlutum farþegarýmisins þar sem súrefnisgjöf fer fram.

OPS 1.340

Veðurskilyrði

a) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri einungis:

1. hefja flugtak eða

2. halda lengra en að þeim stað þaðan sem endurskoðuð flugáætlun gildir, hafi áætlun verið breytt á flugi, ef upplýsingar liggja fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á komutíma á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli eða varaflugvöllum, sem mælt er fyrir um í OPS 1.295, jafngóð eða betri en áætlunarlágmörk sem mælt er fyrir um í OPS 1.297.

b) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri einungis halda áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu, tiltækar upplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.

c) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri einungis halda lengra en:

1. að ákvörðunarpunkti þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um minnkað viðlagaeldsneyti (sjá 1. viðbæti við OPS 1.255) eða

2. að leiðarskilum þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um leiðarskil (sjá 1. viðbæti við OPS 1.255),

ef upplýsingar liggja fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á komutíma á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli eða flugvöllum, sem kveðið er á um í OPS 1.295, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk sem kveðið er á um í OPS 1.225.

d) Þegar flogið er samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) skal flugstjóri einungis hefja flugtak ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að veðurskilyrði á leiðinni, eða á þeim hluta leiðarinnar og á þeim tíma, sem fyrirhugað er að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum, séu þannig að hægt sé að fljúga samkvæmt þeim reglum.

OPS 1.345

Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvenær ísingarvarnir og afísing á jörðu niðri og tilheyrandi skoðun á flugvélinni eru nauðsynlegar.

b) Flugstjóri skal ekki hefja flugtak nema allt ytra borð flugvélarinnar sé laust við öll aðskotaefni sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu og/eða stjórnhæfi flugvélarinnar nema eins og leyfilegt er samkvæmt flughandbók hennar.

OPS 1.346

Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á flugi

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flug í ísingu eða ef búast má við ísingu.

b) Flugstjóri skal hvorki leggja upp í flug né vísvitandi fljúga inn í veðurskilyrði þar sem vitað er um ísingu eða búast má við henni nema flugvélin hafi skírteini og tækjabúnað til flugs við slík skilyrði.

OPS 1.350

Eldsneytis- og olíubirgðir

Flugstjóri skal einungis leggja upp í flug eða halda lengra hafi áætlun verið breytt á flugi ef hann hefur gengið úr skugga um að á flugvélinni sé eldsneyti og olía sem ætla má að nægi a.m.k. til að ljúka fluginu örugglega, að teknu tilliti til þeirra flugskilyrða sem búist er við.

OPS 1.355

Flugtaksskilyrði

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum, sem honum eru tiltækar, eigi veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, ekki að spilla öryggi í flugtaki og brottflugi.

OPS 1.360

Flugtakslágmörk

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að flugbrautarskyggni eða skyggni í flugtaksátt flugvélarinnar sé jafngott eða betra en gildandi lágmark.

OPS 1.365

Lágmarksflughæðir

Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal ekki fljúga undir tilteknum lágmarksflughæðum nema þegar nauðsynlegt er við flugtak eða lendingu.

OPS 1.370

Hermt eftir óeðlilegum aðstæðum á flugi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að í flutningaflugi sé ekki hermt eftir óeðlilegum aðstæðum eða neyðarástandi, sem gerir það að verkum að nota þarf að hluta eða að öllu leyti verklagsreglur fyrir slíkar aðstæður, né heldur hermt eftir blindflugsskilyrðum (IMC) með gerviblindflugi.

OPS 1.375

Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að eftirlit sé haft með eldsneytisbirgðum á flugi og að notkun eldsneytis sé stjórnað samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum.

a) Fylgst með eldsneytisbirgðum á flugi:

1. Flugstjóri skal sjá til þess að fylgst sé með eldsneytisbirgðum með reglubundnu millibili meðan á flugi stendur. Það nýtanlega eldsneyti, sem eftir er, skal skráð og metið til þess:

i. að bera saman raunverulega og áætlaða eldsneytiseyðslu,

ii. að kanna hvort nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er, nægi til að komast á leiðarenda, í samræmi við b-liðinn „Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi“ hér á eftir og

iii. að áætla hversu mikið nýtanlegt eldsneyti verði eftir við komuna til ákvörðunarflugvallar,

2. Skrá verður viðkomandi eldsneytistölur.

b) Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi.

1. Flugið skal vera þannig að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er, við komuna til ákvörðunarflugvallar sé ekki minna en:

i. tilskilið eldsneyti til varaflugvallar, ásamt neyðareldsneyti eða

ii. neyðareldsneyti ef varaflugvallar er ekki krafist.

2. Ef athugun á eldsneytisbirgðum á flugi sýnir hins vegar að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er við komuna til ákvörðunarflugvallar, er minna en:

i. tilskilið eldsneyti til varaflugvallar, ásamt neyðareldsneyti, skal flugstjórinn taka með í reikninginn umferð og ríkjandi aðstæður á ákvörðunarflugvelli, varaflugvelli ákvörðunarstaðar svo og á öllum öðrum flugvöllum, þegar hann ákveður hvort hann eigi að halda áfram til ákvörðunarflugvallar eða víkja af leið til þess að geta lent á öruggan hátt með a.m.k. neyðareldsneytið ónotað eða

ii. neyðareldsneyti, ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er ekki krafist, skal flugstjórinn bregðast rétt við og halda áfram til viðunandi flugvallar til þess að geta lent á öruggan hátt með a.m.k. neyðareldsneytið ónotað.

3. Flugstjórinn skal lýsa yfir neyðarástandi ef reiknað magn af nýtanlegu eldsneyti við lendingu á næsta viðunandi flugvelli, þar sem hægt er að lenda á öruggan hátt, er minna en neyðareldsneytið.

4. Frekari skilyrði vegna tiltekins verklags.

i. Í flugi, þar sem nota þarf verklagsreglur vegna talstöðvarbilunar (RCF procedure) til að halda áfram til fyrsta ákvörðunarflugvallar, skal flugstjórinn sjá til þess að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er við ákvörðunarpunkt, sé a.m.k. samanlagt:

eldsneyti til flugs frá ákvörðunarpunkti til fyrsta ákvörðunarflugvallar og

viðlagaeldsneyti, sem jafngildir 5% af eldsneyti til flugs frá ákvörðunarpunkti til fyrsta ákvörðunarflugvallar, og

eldsneyti til fyrsta varaflugvallar, ef fyrsta varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist, og

neyðareldsneyti.

ii. Í flugi, þar sem nota þarf verklagsreglur vegna ákvörðunarpunktar á áætlun (PDP procedure) til að halda áfram til ákvörðunarflugvallar skal flugstjórinn sjá til þess að nýtanlegt eldsneyti, sem eftir er við ákvörðunarpunkt á áætlun, sé a.m.k. samanlagt:

eldsneyti til flugs frá ákvörðunarpunkti á áætlun til ákvörðunarflugvallar og

viðlagaeldsneyti frá ákvörðunarpunkti á áætlun til ákvörðunarflugvallar reiknað í samræmi við lið 1.3 í 1. viðbæti við OPS 1.255 og

eldsneyti sem krafist er í samræmi við d-lið liðar 3.1 í 1. viðbæti við OPS 1.255.

OPS 1.380

Hér á að vera eyða

OPS 1.385

Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjóri skal sjá til þess að flugliðar, sem hafa með höndum störf sem lúta að öruggri starfrækslu flugvélarinnar í flugi, noti ávallt viðbótarsúrefni þegar inniþrýstingshæð samsvarar meira en 10 000 feta hæð lengur en í 30 mínútur og ávallt þegar hún samsvarar meira en 13 000 fetum.

OPS 1.390

Geimgeislun

a) Flugrekandi skal taka tillit til váhrifa vegna geimgeislunar sem flugverjar á flugvakt (og við flutning á flugverjum) verða fyrir á flugi og skal hann gera eftirfarandi ráðstafanir vegna þeirra í áhöfninni sem geta orðið fyrir váhrifum sem nema meira en 1 mSv á ári:

1. meta hversu miklum váhrifum þeir verða fyrir,

2. taka tillit til mats á váhrifum þegar vinnuáætlanir eru skipulagðar með það fyrir augum að minnka geislunarmagn hjá þeim flugverjum sem hafa orðið fyrir miklum váhrifum,

3. upplýsa hlutaðeigandi flugverja um þá hættu sem heilsu þeirra stafar af starfi þeirra,

4. sjá til þess að vinnuáætlanir kvenkyns flugverja, þegar þær hafa tilkynnt flugrekanda að þær eru barnshafandi, séu þannig að jafngildisgeislamagn, sem fóstrið verður fyrir, sé eins lítið og hugsast getur og í öllum tilvikum tryggja að magnið verði ekki meiri en 1 mSv það sem eftir er af meðgöngunni,

5. sjá til þess að einstakar skýrslur séu haldnar fyrir þá flugverja sem geta orðið fyrir miklum váhrifum; Þessi váhrif skulu tilkynnt einstaklingnum árlega og einnig þegar hann hættir störfum hjá flugrekandanum.

b) 1. Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fyrir ofan 15 000 metra hæð (49 000 fet) nema búnaðurinn, sem skilgreindur er í 1. lið. a-liðar OPS 1.680, sé nothæfur, eða að farið sé að verklagsreglunni sem kveðið er á um í 2. lið. a-liðar OPS 1.680.

2. Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal lækka flugið strax og unnt er ef farið er yfir viðmiðunarmörk þess styrkleika geimgeislunar sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.395

Viðvörun um nálægð við jörð

Ef flugliði eða jarðvarakerfi greinir óvænta nálægð við jörð skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, tafarlaust bregðast við og gera ráðstafanir til að færa flugið aftur í öruggt horf.

OPS 1.398

Notkun árekstrarvarakerfis flugvélar (ACAS)

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja:

a) að þegar árekstrarvarakerfi er uppsett og nothæft skuli það notað á flugi í tilteknum starfshætti sem gerir kleift að framkalla ráðleggingar (RA) nema það sé ekki viðeigandi við aðstæður á þeim tíma,

b) að ef árekstrarvarakerfi greinir óleyfilega nálægð við annað loftfar (RA) verði flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, að sjá til þess að tafarlaust sé farið eftir ráðleggingu árekstrarvarans, nema slíkt myndi stofna öryggi flugvélarinnar í hættu.

Viðbrögðin:

i. mega aldrei fara þvert á ráðleggingar árekstrarvarans,

ii. verða að vera í samræmi við ráðleggingar árekstrarvarans jafnvel þótt það brjóti í bága við leiðbeiningar flugumferðarstjórnar um hæðaraðskilnað,

iii. mega ekki vera meiri en nauðsynlegt er til að fara eftir ráðleggingum árekstrarvarans,

c) að reglur um fjarskipti við flugumferðarstjórn varðandi árekstrarvara séu fyrir hendi,

d) þegar hættan er liðin hjá sé samstundis aftur farið eftir fyrirmælum eða heimildum flugumferðarstjórnar.

OPS 1.400

Aðflugs- og lendingarskilyrði

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eru tiltækar sé veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, með þeim hætti að hvorugt eigi að spilla öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í flugrekstrarhandbók.

OPS 1.405

Byrjun og framhald á aðflugi

a) Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, getur hafið blindaðflug óháð því hvaða flugbrautarskyggni/skyggni hefur verið tilkynnt en hann má ekki fara lengra í aðfluginu en að ytri markvita eða sambærilegum stað ef tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni er undir gildandi lágmörkum (sjá OPS 1.192).

b) Ef upplýsingar um flugbrautarskyggni eru ekki tiltækar má reikna út flugbrautarskyggni með því að umreikna tilkynnt skyggni samkvæmt h-lið 1. viðbætis við OPS 1.430.

c) Fari tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni niður fyrir gildandi lágmark eftir að farið hefur verið fram hjá ytri markvitanum eða sambærilegri stöðu, samkvæmt a-lið hér að framan, má halda áfram aðflugi í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H).

d) Þar sem enginn ytri markviti er eða sambærileg staða skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, ákveða hvort hann heldur áfram eða hættir við aðflug áður en hann er kominn niður fyrir 1000 fet yfir flugvellinum á lokakafla blindaðflugs. Ef lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er 1000 fetum eða meira fyrir ofan flugvöllinn skal flugrekandi ákvarða hæð fyrir hverja aðflugsaðferð, sem aðflugi skal ekki haldið áfram niður fyrir, ef flugbrautarskyggni/skyggni er minna en gildandi lágmörk.

e) Flugmaður má halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/lágmarkslækkunarhæð og lenda, svo fremi tilskilin kennileiti séu sýnileg í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og haldist sýnileg.

f) Flugbrautarskyggni á snertisvæði er alltaf ráðandi. Ef flugbrautarskyggni á miðjupunkti og við stöðvunarenda hefur verið tilkynnt, og það er viðeigandi, er það líka ráðandi. Lágmarksgildi flugbrautarskyggnis á miðjupunkti er 125 m eða það flugbrautarskyggni sem krafist er á snertisvæði, ef það er minna, og 75 m á stöðvunarsvæði. Fyrir flugvélar, sem búnar eru leiðbeiningar- eða stýringarkerfi fyrir lendingarbrun, er lágmarksgildi flugbrautarskyggnis á miðjupunkti 75 m.

Aths.: „viðeigandi“ merkir í þessu samhengi þann hluta flugbrautarinnar sem notaður er á háhraðastigi lendingarinnar niður að u.þ.b. 60 hnúta hraða.

OPS 1.410

Verklagsreglur í flugi — hæð yfir þröskuldi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur sem ætlað er að tryggja að flugvél í nákvæmnisaðflugi fari yfir þröskuld með nægilegu öryggisbili og flugvélin sé þá í lendingarham og -horfi.

OPS 1.415

Leiðarflugbók

Flugstjóri skal sjá til þess að færð sé leiðarflugbók.

OPS 1.420

Skýrslugjöf vegna atvika

a) Orðskýringar

1. „Flugatvik“. atvik, annað en slys, sem tengist starfrækslu loftfars og sem hefur eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar.

2. „Alvarlegt flugatvik“. flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að það hafi legið við slysi.

3. „Slys“. atvik sem gerist í tengslum við starfrækslu loftfars frá því að einhver fer um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði þar sem:

   i. maður lætur lífið eða slasast vegna þess:

      A) að hann var um borð í loftfarinu,

      B) að hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu eða

      C) að hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils ,

      nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum mannsins sjálfs eða annarra eða þegar meiðsl verða á laumufarþegum sem leynast utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að eða

   ii. loftfarið verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki sem hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika, og myndi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi íhlut, nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd, sem takmarkast við hreyfil, hlífar hans eða fylgibúnað, eða um er að ræða skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, vindhlífar, smádældir eða göt á ytra byrði loftfarsins eða

   iii. loftfarsins er saknað eða engin leið er að komast að því.

b) Skýrsla vegna flugatvika. Flugrekandi skal setja verklagsreglur um skýrslugjöf vegna flugatvika sem taka mið af þeirri ábyrgð sem lýst er hér á eftir og aðstæðunum sem lýst er í d-lið hér á eftir.

1. Í b-lið OPS 1.085 er tilgreind ábyrgð flugverja á að gefa skýrslu um flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

2. Flugrekandi eða flugstjóri flugvélar skal senda flugmálayfirvöldum skýrslu um hvert það flugatvik sem hefur eða gæti stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

3. Skýrslurnar skulu sendar áður en 72 klukkustundir eru liðnar frá því að flugatvikið átti sér stað nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

4. Flugstjóri skal sjá til þess að allar tæknibilanir, sem vitað er um eða grunur leikur á að séu til staðar, svo og frávik út fyrir tæknileg mörk, sem komu fram á meðan hann bar ábyrgð á stjórn flugsins, séu skráðar í tækniflugbók loftfarsins. Ef annmarki eða frávik út fyrir tæknileg mörk hefur eða gæti stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu verður flugstjórinn að auki að gefa skýrslu til flugmálayfirvalda í samræmi við 2. lið b-liðar hér að framan.

5. Í þeim tilvikum þegar skýrslur eru gefnar um flugatvik í samræmi við 1., 2. og 3. lið. b-liðar hér að framan, sem verða vegna eða tengjast bilun, ólagi eða galla í flugvélinni, búnaði hennar eða þjónustubúnaði á jörðu niðri eða sem valda eða gætu valdið óæskilegum áhrifum á áframhaldandi lofthæfi flugvélarinnar verður flugrekandi einnig að gefa upplýsingar til fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á hönnuninni, eða birgisins eða, ef við á, fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi, á sama tíma og skýrsla er afhent flugmálayfirvöldum.

c) Skýrslugjöf um slys og alvarleg flugatvik.

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um skýrslugjöf vegna slysa og alvarlegra flugatvika sem taka mið af þeirri ábyrgð, sem lýst er hér á eftir, og aðstæðunum sem lýst er í d-lið hér á eftir.

1. Flugstjóri skal tilkynna flugrekanda um slys eða alvarleg flugatvik sem eiga sér stað meðan hann ber ábyrgð á fluginu. Í þeim tilvikum, sem flugstjórinn er ófær um að gefa slíka tilkynningu, skal annar flugverji, sem er fær um það, sjá um tilkynninguna, að teknu tilliti til þess í hvaða röð flugverjar taka við stjórn flugvélarinnar eins og flugrekandi tilgreinir.

2. Flugrekandi skal sjá til þess að flugmálayfirvöldum í ríki flugrekanda, viðkomandi flugmálayfirvöldum, sem næst eru (ef það eru ekki flugmálayfirvöldin í ríki flugrekandans), og öðrum stofnunum, sem ríki flugrekandans krefst að látin séu vita, sé tilkynnt eins fljótt og auðið er um slys eða alvarleg flugatvik og, aðeins þegar um er að ræða slys, a.m.k. áður en flugvélin er hreyfð nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

3. Flugrekandi eða flugstjóri flugvélar skal senda flugmálayfirvöldum í ríki flugrekanda skýrslu um hvert það slys eða alvarlegt flugatvik sem verður innan 72 klukkustunda.

d) Sérstakar skýrslur.

Atvikum, sem nota verður sérstakar tilkynningar- og skýrslugjafaraðferðir fyrir, er lýst hér á eftir.

1. Flugumferðaratvik Flugstjóri skal án tafar tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild um flugatvik og að hann muni gefa skýrslu um flugumferðaratvikið eftir að fluginu lýkur hvenær sem loftfar á flugi hefur verið stefnt í hættu þar sem:

i. við árekstri lá við annað flugtæki af einhverju tagi eða

ii. flugumferðarstjórn var ábótavant eða flugumferðarþjónusta eða flugliðar fylgdu ekki gildandi verklagsreglum,

iii. bilun varð í starfsstöð flugumferðarþjónustu.

Að auki skal flugstjóri tilkynna flugmálayfirvöldum um flugatvikið.

2. Ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi. Flugstjóri skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild og gefa árekstrarvaraskýrslu til flugmálayfirvalda þegar loftfar á flugi hefur breytt flugi sínu vegna ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi.

3. Hætta af fuglum og árekstri við þá:

   i. Flugstjóri skal ávallt tilkynna það þegar í stað til næstu flugumferðarþjónustudeildar þegar hætta kann að stafa af fuglum.

   ii. Ef flugstjóri veit að árekstur við fugl hefur átt sér stað skal hann gefa skriflega skýrslu um árekstur við fugl til flugmálayfirvalda eftir lendingu þegar loftfar, sem hann ber ábyrgð á, verður fyrir árekstri við fugl sem leiðir til umtalsverðra skemmda á loftfarinu eða taps eða bilunar á nauðsynlegum búnaði. Ef í ljós kemur að árekstur við fugl hefur átt sér stað þegar flugstjórinn er ekki tiltækur ber flugrekandi ábyrgð á því að gefa skýrsluna.

4. Flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning. Flugrekandi skal gefa skýrslu um flugatvik og slys, er verða í tengslum við hættulegan varning, til flugmálayfirvalda og viðkomandi yfirvalds þess ríkis þar sem flugatvikið eða slysið átti sér stað eins og kveðið er á um í 1. viðbæti OPS 1.1225. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því og skal hún fela í sér allt það sem þá er vitað. Ef nauðsynlegt er skal, eins fljótt og unnt er, útbúa aðra skýrslu með viðbótarupplýsingum sem hafa komið fram. (Sjá einnig OPS 1.1225).

5. Ólögmæt afskipti. Þegar ólögmæt afskipti hafa átt sér stað um borð í loftfari skal flugstjórinn eða flugrekandinn, ef flugstjórinn er fjarverandi, senda, eins fljótt og unnt er, þar til bæru yfirvaldi á staðnum og flugmálayfirvöldum í ríki flugrekandans skýrslu um atburðinn. (Sjá einnig OPS 1.1245)

6. Aðstæður sem hugsanlega eru hættulegar. Flugstjóri skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild, eins fljótt og unnt er, þegar aðstæður, sem hugsanlega eru hættulegar, koma upp á flugi eins og ólag á búnaði á jörðu niðri eða flugleiðsögubúnaði, veðurfyrirbæri eða gosöskuský.

OPS 1.425

Frátekið til notkunar síðar

1. viðbætir við OPS 1.255

Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga

Flugrekandi skal byggja viðmiðunarreglur fyrirtækisins um eldsneytisútreikninga, þ.m.t. útreikningar á því hversu mikið eldsneyti á að vera um borð við brottför, á eftirfarandi áætlunarviðmiðunum:

1. grunnverklagi;

nýtanlegu eldsneyti, sem skal vera um borð fyrir brottför, sem skal vera:

1.1. eldsneyti til aksturs, sem skal ekki vera minna en magnið sem búist er við að verði notað áður en flugtak hefst; taka skal tillit til staðbundinna skilyrða á brottfararflugvelli og notkunar aukastöðvar (APU),

1.2. eldsneyti til flugs, sem skal ná yfir:

a) eldsneyti til flugtaks og klifurs úr landhæð flugvallar í upphaflegt farflugslag/-hæð að teknu tilliti til áætlaðrar flugleiðar í brottflugi og

b) eldsneyti frá efsta punkti klifurs að þeim punkti þar sem lækkun hefst, þ.m.t. allt klifur/lækkun í þrepum, og

c) eldsneyti frá efsta punkti lækkunar að þeim punkti þar sem aðflug hefst, að teknu tilliti til áætlaðs verklags við komu, og

d) eldsneyti til aðflugs og lendingar á ákvörðunarflugvelli,

1.3. viðlagaeldsneyti, nema eins og kveðið er á um 2. lið „Minnkað viðlagaeldsneyti“ sem skal vera hærri talan í a- eða b-lið hér á eftir,

a) annaðhvort

i. 5% af áætluðu eldsneyti til flugs eða, ef flugáætlun er breytt á flugi, 5% af eldsneyti til að ljúka fluginu eða

ii. ekki minna en 3% af áætluðu eldsneyti til flugs eða, ef flugáætlun er breytt á flugi, 3% af eldsneyti til að ljúka fluginu, að því tilskildu að varaflugvöllur á flugleið sé tiltækur í samræmi við 2. viðbæti við OPS 1.255 eða

iii. eldsneytismagni, sem nægir til 20 mínútna flugtíma sem byggist á áætlaðri eldsneytisnotkun til flugs, að því tilskildu að flugrekandinn hafi komið á áætlun um að fylgjast með notkun eldsneytis fyrir einstakar flugvélar og noti gild gögn sem ákvörðuð eru með slíkri áætlun til eldsneytisútreikninga eða

iv. eldsneytismagni sem byggist á tölfræðilegri aðferð sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum og tryggir að frávik raunverulegs eldsneytis til flugs frá áætluðu eldsneyti til flugs sé fengið með viðeigandi tölfræðilegum hætti; þessi aðferð er notuð til að fylgjast með eldsneytisnotkuninni á hverri samsetningu borgarpars/flugvélar og flugrekandinn notar þessi gögn til tölfræðilegrar greiningar á viðlagaeldsneyti fyrir þessa samsetningu borgarpars/flugvélar,

b) magn til að fljúga í fimm mínútur á biðflugshraða í 1500 fetum (450 m) yfir ákvörðunarflugvelli við staðalskilyrði,

1.4. eldsneyti til varaflugvallar, sem skal:

a) ná yfir:

i. eldsneyti til fráflugs frá viðeigandi lágmarksákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð á ákvörðunarflugvelli í fráflugsflughæð, að teknu tilliti til heildarverklagsreglna um fráflug, og

ii. eldsneyti til klifurs úr fráflugsflughæð í farflugslag/-hæð, að teknu tilliti til áætlaðrar flugleiðar í brottflugi, og

iii. eldsneyti til farflugs frá efsta punkti klifurs til þess punkts þar sem lækkun hefst, að teknu tilliti til áætlaðrar flugleiðar, og

iv. eldsneyti til lækkunar frá efsta punkti lækkunar að þeim punkti þar sem aðflug hefst, að teknu tilliti til áætlaðs verklags við komu, og

v. eldsneyti til að framkvæma aðflug og lendingu á varaflugvelli ákvörðunarstaðar sem valinn er í samræmi við OPS 1.295,

b) vera nægjanlegt, þar sem tveggja varaflugvalla ákvörðunarstaðar er krafist í samræmi við d-lið OPS 1.295, til að halda áfram til varaflugvallarins þar sem meira magn af eldsneyti þarf til flugferðarinnar,

1.5. neyðareldsneyti, sem skal ná yfir:

a) flugvélar með strokkhreyfla, eldsneyti til flugs í 45 mínútur eða

b) flugvélar með hverfihreyfla, eldsneyti til að fljúga í 30 mínútur á biðflugshraða í 1500 fetum (450 m) fyrir ofan landhæð flugvallar við staðalskilyrði, reiknað sem áætlaður massi við komu til varaflugvallar ákvörðunarstaðar eða ákvörðunarflugvallar ef ekki er krafist varaflugvallar ákvörðunarstaðar,

1.6. lágmarki viðbótareldsneytis, sem skal gera kleift:

a) að flugvélin lækki flugið eins og nauðsynlegt er og haldi áfram til viðunandi varaflugvallar ef um er að ræða hreyfilbilun eða þrýstingsmissi, hvort heldur sem krefst meira eldsneytis, sem byggist á því að gert sé ráð fyrir því að slík bilun verði á versta stað á leiðinni og

i. sé í biðflugi þar í 15 mínútur í 1500 feta (450) hæð yfir landhæð flugvallar við staðalskilyrði og

ii. fari í aðflug og lendingu,

nema viðbótareldsneytis sé einungis krafist ef lágmarksmagn eldsneytis, sem reiknað er í samræmi við liði 1.2 til 1.5 hér að framan, er ekki nægilegt fyrir slíkt tilvik og

b) 15 mínútna biðflug í 1500 fetum (450 m) yfir landhæð ákvörðunarflugvallar við staðalskilyrði ef flug er starfrækt án varaflugvallar ákvörðunarstaðar,

1.7. aukaeldsneyti, sem flugstjórinn ákveður,

2. verklagsreglum vegna minnkaðs viðlagaeldsneytis.

Ef viðmiðunarreglur flugrekanda um eldsneytisútreikninga fela í sér áætlanagerð fyrir flug til fyrsta ákvörðunarflugvallar (ákvörðunarstaður fyrir atvinnuflug (commercial destination) með verklagi vegna minnkaðs viðlagaeldsneytis, þar sem notaður er ákvörðunarpunktur á flugleiðinni og annar ákvörðunarflugvöllur (valkvæður ákvörðunarstaður til eldsneytisáfyllingar), skal magn nýtanlegs eldsneytis um borð fyrir brottflug vera sú tala sem er hærri í liðum 2.1 eða 2.2 hér á eftir:

2.1. samanlagt:

a) eldsneyti til aksturs og

b) eldsneyti til flugs til fyrsta ákvörðunarflugvallar um ákvörðunarpunkt og

c) viðlagaeldsneyti sem jafngildir ekki minna en 5% af áætlaðri eldsneytisnotkun frá ákvörðunarpunkti til fyrsta ákvörðunarflugvallar og

d) eldsneyti til varaflugvallar eða ekkert eldsneyti til varaflugvallar ef ákvörðunarpunktur er minna en sex klukkustundum frá fyrsta ákvörðunarflugvelli og kröfurnar í ii. lið 1. liðar c-liðar OPS 1.295 eru uppfylltar og

e) neyðareldsneyti og

f) viðbótareldsneyti og

g) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

2.2. Samanlagt:

a) eldsneyti til aksturs og

b) eldsneyti til flugs til annars ákvörðunarflugvallar um ákvörðunarpunkt og

c) viðlagaeldsneyti, sem jafngildir ekki minna magni en því sem reiknað er út í samræmi við lið 1.3 hér að framan frá brottfararflugvelli til annars varaflugvallar, og

d) eldsneyti til varaflugvallar ef annars varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist og

e) neyðareldsneyti og

f) viðbótareldsneyti og

g) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess,

3. verklagsreglum um leiðarskil

ef viðmiðunarreglur flugrekanda um eldsneytisútreikninga fela í sér áætlanagerð til varaflugvallar ákvörðunarstaðar, þar sem vegalengdin milli ákvörðunarflugvallar og varaflugvallar ákvörðunarstaðar er slík að flugleiðin getur einungis legið um leiðarskil til annars af þessum flugvöllum, skal magn nýtanlegs eldsneytis um borð fyrir brottflug vera sú tala sem er hærri í liðum 2.1 eða 2.2 hér á eftir,

3.1. samanlagt:

a) eldsneyti til aksturs og

b) eldsneyti til flugs frá brottfararflugvelli til ákvörðunarflugvallar um leiðarskil og

c) viðlagaeldsneyti, sem reiknað er út í samræmi við lið 1.3. hér að framan, og

d) viðbótareldsneyti ef þess er krafist, en ekki minna en:

i. fyrir flugvélar með strokkhreyfla, eldsneyti til að fljúga í 45 mínútur auk þess að áætlað sé að 15% af flugtímanum sé á farflugi eða tvær klukkustundir, hvort heldur er styttra, eða

ii. fyrir flugvélar með hverfihreyfla, eldsneyti til að fljúga í tvær klukkustundir við venjulega farflugsnotkun fyrir ofan ákvörðunarflugvöllinn;

þetta skal ekki vera minna en neyðareldsneyti og

e) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess eða

3.2. samanlagt:

a) eldsneyti til aksturs og

b) eldsneyti til flugs frá brottfararflugvelli til varaflugvallar ákvörðunarstaðar um leiðarskil og

c) viðlagaeldsneyti, sem reiknað er út í samræmi við lið 1.3. hér að framan, og

d) viðbótareldsneyti ef þess er krafist, en ekki minna en:

i. fyrir flugvélar með strokkhreyfla: Eldsneyti til að fljúga í 45 mínútur eða

ii. fyrir flugvélar með hverfihreyfla: eldsneyti til að fljúga í 30 mínútur á biðflugshraða í 1500 fetum (450 m) fyrir ofan landhæð varaflugvallar ákvörðunarstaðar við staðalskilyrði.

Þetta skal ekki vera minna en neyðareldsneyti og

e) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess,

4. verklagsreglum vegna afskekkts flugvallar.

Ef viðmiðunarreglur flugrekanda um eldsneytisútreikninga fela í sér áætlanagerð til afskekkts flugvallar skal nota ystu mögulegu vendimörk á flugleið til tiltæks varaflugvallar á flugleið sem leiðarskil. Sjá 3. lið hér að framan.

2. viðbætir við OPS 1.255


Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga

Staðsetning 3% varaflugvallar á flugleið (ERA 3%) að því er varðar að minnka viðlagaeldsneyti niður í 3% (sjá ii.-lið a-liðar liðar 1.3 í 1. viðbæti við OPS 1.255 og OPS 1.192).

ERA 3% flugvöllurinn skal staðsettur innan hrings sem hefur geisla sem jafngildir 20% af heildarvegalengd flugáætlunarinnar, miðja hans liggur á fyrirhugaðri leið í fjarlægð frá ákvörðunarflugvelli sem nemur 25% af heildarvegalengd flugáætlunarinnar eða a.m.k. 20% af heildarvegalengd flugáætlunarinnar auk 50 sjómílna, hvort heldur er lengra, reikna skal allar vegalengdir í logni (sjá mynd 1).

Mynd 1

Staðsetning 3% varaflugvallar á flugleið (ERA 3%) að því er varðar að minnka viðlagaeldsneyti niður í 3%.



1. viðbætir við OPS 1.270

Frágangur á farangri og farmi

Í verklagsreglum, sem flugrekandi setur til að tryggja að gengið sé frá handfarangri og farmi á viðunandi og öruggan hátt, skal tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1. hluti, sem teknir eru inn í farþegarýmið, má einungis geyma þar sem hægt er að skorða þá,

2. ekki má fara yfir massamörk sem tilgreind eru á skiltum sem eru á eða við hliðina á geymslurými,

3. ekki má nota geymslurými undir sæti nema sætið sé búið festistöng og ummál farangursins leyfi að stöngin skorði hann,

4. ekki má geyma hluti á snyrtingum eða upp við þverþil, sem hindrar ekki tilfærslu fram, til hliðar eða upp á við, og á þverþilinu skal vera skilti þar sem er tilgreindur sá hámarksmassi sem þar má geyma,

5. farangur og farmur, sem er settur í lokaðar hirslur, má ekki vera stærri en svo að unnt sé að loka hirslunum tryggilega,

6. ekki má koma farangri og farmi þannig fyrir að það hindri aðgang að neyðarbúnaði og

7. fyrir flugtak og lendingu og í hvert sinn sem kveikt er á skiltunum „Spennið beltin“, eða svo mælt fyrir á annan hátt, skal litið eftir því að gengið hafi verið frá farangri þar sem hann hindrar ekki rýmingu loftfarsins eða veldur skaða með því að falla niður (eða hreyfast til á annan hátt) eftir því á hvaða stigi flugið er.

1. viðbætir við OPS 1.305

Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um það þegar eldsneyti er tekið/losað af flugvél á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði og tryggja að eftirfarandi varúðarráðstafanir séu gerðar:

1. þegar eldsneyti er tekið/losað af flugvél á meðan farþegar eru um borð þarf einn maður með tilskilin starfsréttindi að vera til taks á tilteknum stað; sá hinn sami þarf að vera fær um að beita verklagsreglum í neyðartilvikum, að því er varðar eldvarnir og slökkvistörf, og sjá um fjarskipti og hefja og stjórna rýmingu flugvélarinnar.

2. fjarskiptum skal komið á og þau vera möguleg yfir talkerfi flugverja flugvélarinnar eða annan heppilegan búnað á milli starfsmanna á jörðu niðri, sem umsjón hafa með eldsneytistökunni, og starfsfólks með tilskilin starfsréttindi um borð í flugvélinni,

3. áhöfn, starfsfólk og farþegar skulu fá viðvörun um að eldsneyti verði tekið/losað,

4. slökkt skal vera á skiltunum „Spennið beltin“,

5. kveikt skal vera á skiltunum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og einnig á ljósum inni í flugvélinni til þess að neyðarútgangar sjáist,

6. farþegar skulu fá fyrirmæli um að hafa beltin ekki spennt og reykja ekki,

7. að lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða sem kveðið er á um í OPS 1.990 sé um borð og undir það búinn að hefja neyðarrýmingu samstundis,

8. ef vart verður við eldsneytisgufur inni í flugvélinni eða ef önnur hætta skapast á meðan eldsneyti er tekið eða losað skal því samstundis hætt,

9. svæðum á jörðu niðri, undir neyðarútgöngum og þar sem neyðarrennur opnast, skal haldið auðum og

10. ráðstafanir skulu gerðar til að skjót og örugg rýming flugvélarinnar sé möguleg.

1. viðbætir við OPS 1.311

Fjöldi öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að séu um borð í flugvél við starfrækslu á jörðu niðri með farþegum

Við starfrækslu samkvæmt OPS 1.311 skal flugrekandi setja verklagsreglur til að tryggja að:

1. rafafl sé tiltækt í flugvélinni,

2. fyrsti öryggis- og þjónustuliði hafi tiltæk úrræði til að hefja rýmingu, eða að a.m.k. einn flugliði sé í stjórnklefa,

3. vinnureitir öryggis- og þjónustuliða og tilheyrandi skyldustörf séu tilgreind í flugrekstrarhandbókinni og

4. öryggis- og þjónustuliðar séu meðvitaðir um staðsetningu afgreiðslu - og hleðsluökutækja við og nálægt útgöngum.

E-KAFLI

STARFRÆKSLA Í SKERTU SKYGGNI

OPS 1.430

Flugvallarlágmörk — almenn ákvæði

(Sjá 1. viðbæti (gamla) og 1. viðbæti (nýja) við OPS 1.430)

a)1. Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk, sem eru ekki lægri en þau sem gefin eru upp í 1. viðbæti (gamla) eða 1. viðbæti (nýja), eftir því sem við á, fyrir hvern flugvöll sem hann hyggst nota. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þá aðferð sem notuð er. Lágmörkin skulu aldrei vera undir þeim lágmörkum sem flugmálayfirvöld þess ríkis, þar sem flugvöllurinn er, kunna að setja fyrir slíka flugvelli nema þau hafi verið samþykkt sérstaklega af því ríki. Notkun framrúðuskjámyndar (HUD), lendingarkerfis með framrúðuskjámynd (HUDLS) eða sjónaukandi kerfis (EVS) getur gert starfrækslu mögulega við minna skyggni en venjulega tengist flugvallarlágmörkum. Ríki, sem koma á framfæri upplýsingum um flugvallarlágmörk, geta einnig komið á framfæri reglum um minnkuð lágmörk að því er varðar skyggni í tengslum við notkun framrúðuskjámyndar eða sjónaukandi kerfis.

a)2. Þrátt fyrir 1. lið a.-liðar hér að framan skal útreikningur á flugi á flugvallarlágmörkum til notkunar á varaflugvöllum, sem ekki eru á áætlun og/eða í aðflugi þar sem notað er sjónaukandi kerfi, skulu fara fram í samræmi við aðferð sem flugmálayfirvöld samþykkja.

b) Þegar flugrekandi ákveður flugvallarlágmörk fyrir tiltekið flug skal hann taka fullt tillit til eftirfarandi atriða:

1. tegundar, afkastagetu flugvélarinnar og stjórnunareiginleika hennar,

2. samsetningar flugáhafnar, hæfni hennar og reynslu,

3. stærðar og eiginleika flugbrautanna sem kunna að verða valdar til notkunar,

4. afkastagetu sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja á jörðu niðri og að þau séu tiltæk og viðunandi (sjá töflu 6a í 1. viðbæti (nýr) við OPS 1.430),

5. tækjabúnaðar, sem tiltækur er í flugvélinni, til nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna flugslóð, eftir því sem við á, í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingu, lendingarbruni og fráflugi,

6. hindrana á aðflugs-, fráflugs- og fráklifursvæðum, svo hægt sé að taka tillit til þeirra varðandi verklagsreglur í viðlögum, og nauðsynlegra fjarlægða frá þeim hindrunum,

7. lágmarksflughæðar/lágmarkshæðar yfir hindrun í blindaðflugi,

8. möguleika á því að ákvarða og tilkynna um veðurskilyrði og

9. þeirrar flugaðferðar sem nota skal við lokaaðflug.

c) Flokka flugvéla, sem um getur í þessum kafla, verður að ákvarða í samræmi við aðferðina sem lýst er í 2. viðbæti við c-lið OPS 1.430.

d)1. Fljúga skal öll aðflug sem aðflug með stefnustöðugleika (SAp) nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað fyrir tiltekið aðflug að tiltekinni flugbraut.

d)2. Fljúga skal öll grunnaðflug, með því að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun (CDFA), nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað fyrir tiltekið aðflug að tiltekinni flugbraut. Þegar flugvallarlágmörk eru reiknuð í samræmi við 1. viðbæti (nýja) skal flugrekandinn sjá til þess að gildandi lágmarksflugbrautarskyggni sé aukið um 200 metra (m) fyrir flugvélar í A- og B-flokki og um 400 m fyrir flugvélar í C- og D-flokki að því er varðar aðflug sem flogin eru án þess að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun, að því tilskildu að gildið fyrir flugbrautarskyggnið/umreiknaða flugbrautarskyggnið, sem af því leiðir, sé ekki meira en 5000 m.

d)3. Þrátt fyrir kröfurnar í 2. lið d-liðar hér að framan er flugmálayfirvöldum heimilt að veita flugrekanda undanþágu frá því að auka flugbrautarskyggni þegar aðferðin lokaaðflug með samfelldri lækkun er ekki notuð.

d)4. Undanþágur, eins og lýst er í 3. lið d-liðar, skulu takmarkast við þá staði þar sem skýrir almannahagsmunir eru fyrir hendi til að viðhalda núverandi starfrækslu. Undanþágurnar verða að byggjast á reynslu flugrekandans, þjálfunaráætlun og starfsréttindum flugliða. Endurskoða verður undanþágurnar reglulega og þær falla úr gildi um leið og virki eru endurbætt þannig að hægt sé að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun.

e)1. Flugrekandi verður að sjá til þess að annaðhvort 1. viðbæti (gamla) eða 1. viðbæti (nýja) við OPS 1.430 verði beitt. Flugrekandi verður hins vegar að sjá til þess að 1. viðbæti (nýja) við OPS 1.430 sé beitt eigi síðar en þremur árum eftir birtingardag.

e)2. Þrátt fyrir kröfurnar í 1. lið e-liðar hér að framan er flugmálayfirvöldum heimilt að veita flugrekanda undanþágu frá kröfunni um að auka flugbrautarskyggni upp fyrir 1500 m (flugvélar í A- og B-flokki) eða upp fyrir 2400 m (flugvélar í C- og D-flokki) þegar starfræksla er samþykkt á tiltekinni flugbraut þar sem ekki er mögulegt að fljúga aðflug með aðferðinni lokaaðflug með samfelldri lækkun eða þar sem ekki er hægt að uppfylla viðmiðanirnar í c-lið í 1. viðbæti (nýja) við OPS 1.430.

e)3. Undanþágur, eins og lýst er í 2. lið e-liðar, skulu takmarkast við þá staði þar sem skýrir almannahagsmunir eru fyrir hendi til að viðhalda núverandi starfrækslu. Undanþágurnar verða að byggjast á reynslu flugrekandans, þjálfunaráætlun og starfsréttindum flugliða. Endurskoða verður undanþágurnar reglulega og þær falla úr gildi um leið og virki eru endurbætt þannig að hægt sé að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun.

OPS 1.435

Orðskýringar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Hringaðflug“. Aðflug loftfars sem flýgur síðasta hluta blindaðflugs í sjónaðflugi til þess að komast á rétta stefnu til lendingar á braut sem liggur ekki vel við beinu aðflugi.

2. „Verklag í lélegu skyggni (LVP)“. Verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi skv. I. flokki við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði, skv. II flokki við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði og II. og III. flokki (CAT II - III) og við flugtak í lélegu skyggni.

3. „Flugtak í lélegu skyggni (LVTO)“. Flugtak í minna en 400 m flugbrautarskyggni.

4. „Stýrakerfi“. Kerfi með sjálfvirkt lendingarkerfi og/eða lendingarkerfi með blandaðri tækni.

5. „Bilunarhlutlaust stýrakerfi“. Stýrakerfi telst bilunarhlutlaust verði ekki veruleg breyting á stillingu stýra eða frávik frá flugslóð eða flughorfi ef bilun verður, en lendingu er ekki lokið sjálfvirkt. Ef sjálfstýring er bilunarhlutlaus tekur flugmaður við stjórn flugvélarinnar eftir að bilun verður.

6. „Bilunarstarfhæft stýrakerfi“. Stýrakerfi telst bilunarstarfhæft ef unnt er að ljúka aðflugi, sléttingu og lendingu sjálfvirkt ef bilun verður undir viðbúnaðarhæð. Verði bilun starfar sjálflendingarkerfið eins og bilunarhlutlaust kerfi.

7. „Bilunarstarfhæft lendingarkerfi með blandaðri tækni“. Kerfi þar sem aðalkerfið er bilunarhlutlaust sjálflendingarkerfi með undirkerfi sem er sjálfstætt leiðsögukerfi og gerir flugmanninum kleift að ljúka lendingu handvirkt ef aðalkerfið bilar.

8. „Sjónaðflug“. Aðflug þar sem blindaðflugi eða hluta af því er ekki lokið samkvæmt verklagsreglum og aðflug er flogið með hliðsjón af kennileitum á landsvæði.

9. „Lokaaðflug með samfelldri lækkun (CDFA)“. Sérstök aðferð til að fljúga lokaaðflugshluta samkvæmt verklagsreglum um grunnblindaðflug með samfelldri lækkun án þess að rétta flugvélina af (level-off) úr flughæð/hæð sem er við eða fyrir ofan flughæðar-/hæðarmið lokaaðflugs í punkt, sem er u.þ.b. 15 m (50 fetum) fyrir ofan þröskuldarljós flugbrautarinnar sem er lent á, eða punkt þar sem sléttingarætti að hefjast fyrir þá flugvélategund sem verið er að fljúga.

10. „Stefnustöðugleiki (SAp)“. Aðflug sem flogið er á stýrðan og viðeigandi hátt með tilliti til hams, orku og stýringar flugslóðarinnar úr leiðarskilum eða fyrirfram ákveðinni flughæð/hæð niður í punkt sem er 50 fetum fyrir ofan þröskuldinn eða punktinn þar sem sléttingin hefst ef hann er hærri.

11. „Framrúðuskjámynd (HUD)“. Upplýsingakerfi sem varpar flugupplýsingum á sjónsvið flugmannsins fram á við og sem takmarkar ekki verulega útsýni hans.

12. „Lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (HUDLS)“. Heildarflugvélakerfið sem veitir flugmanninum leiðsögn með framrúðuskjámynd við aðflug og lendingu og/eða þegar hætt er við lendingu. Það tekur til allra nema, tölva, aflgjafa, vísibúnaðar og stýra. Lendingarkerfi með framrúðuskjámynd er venjulega notað sem aðalleiðsögubúnaður í aðflugi í ákvörðunarhæð sem nemur 50 fetum.

13. „Lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (HUDLS) með blandaðri tækni“. Kerfi þar sem aðalkerfið er bilunarhlutlaust sjálflendingarkerfi með undirkerfi sem er sjálfstæð framrúðuskjámynd/sjálfstætt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og gerir flugmanninum kleift að ljúka lendingu handvirkt ef aðalkerfið bilar.

Aths.: Dæmigert sjálfstætt undirleiðsögukerfi er framrúðuskjámynd/sjálfstætt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd sem veitir leiðsögu, venjulega í formi skipanaupplýsinga, en einnig getur verið um að ræða upplýsingar um stöðu (eða frávik).

14. „Sjónaukandi kerfi (EVS)“. Rafrænn búnaður til að birta rauntímamynd af því sem er fyrir utan með því að nota nema til myndatöku.

15. „Umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (CMV)“. Gildi (sambærilegt við flugbrautarskyggni) sem fengið er úr skyggni samkvæmt veðurupplýsingum eins og því er breytt í samræmi við kröfurnar í þessum kafla.

16. „Starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki“. Blindaðflug og lending skv. I. flokki þar sem notuð er ákvörðunarhæð skv. I. flokki með flugbrautarskyggni sem er minna en það sem vanalega tengist gildandi ákvörðunarhæð.

17. „Starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki“. Blindaðflug og lending skv. II. flokki á flugbraut þar sem sumir eða allir þættir lýsingar fyrir nákvæmnisaðflug skv. II. flokki í 14. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eru ekki tiltækir.

18. „Lendingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi (GLS)“. Aðflug þar sem notaðar eru útvíkkaðar upplýsingar úr gervihnattaleiðsögukerfi til að veita loftfarinu leiðsögu sem byggist á láréttri og lóðréttri staðsetningu þess samkvæmt gervihnattaleiðsögukerfinu. (Það notar rúmfræðilega hæðarviðmiðun fyrir lokaaðflugshallann).

OPS 1.440

Starfræksla í lélegu skyggni — almennar reglur

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.440)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar skv. II. flokki við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði eða III. flokki nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

   1. hver flugvél skal hafa skírteini sem leyfir starfrækslu í minna en 200 feta ákvörðunarhæð eða án ákvörðunarhæðar og skal hún búin tækjum í samræmi við ákvæði í reglum CS-AWO um starfrækslu í skertu skyggni eða jafngild ákvæði sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt,

   2. koma skal á hentugu kerfi til að skrá heppnað eða misheppnað aðflug og/eða sjálflendingu og því viðhaldið til að vakta heildaröryggi starfrækslunnar,

   3. viðkomandi starfræksla skal vera samþykkt af flugmálayfirvöldum,

   4. í flugáhöfn skulu vera a.m.k. 2 flugmenn og

   5. ákvörðunarhæð skal mæld með ratsjárhæðarmæli.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar í flugtaki í lélegu skyggni þegar flugbrautarskyggni er undir 150 m (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða undir 200 m (fyrir flugvélar í D-flokki) nema með samþykki flugmálayfirvalda.

c) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki nema flugmálayfirvöld samþykki það.

OPS 1.445

Starfræksla í lélegu skyggni — flugvellir

a) Flugrekandi skal því aðeins nota flugvöll til starfrækslu skv. II. eða III. flokki að ríkið, þar sem flugvöllurinn er, hafi samþykkt slíkt á flugvellinum.

b) Flugrekandi skal ganga úr skugga um að settar hafi verið reglur um verklag í lélegu skyggni og að þeim sé beitt á flugvöllum þar sem starfræksla í lélegu skyggni á að fara fram.

OPS 1.450

Starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og réttindi

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.450)

Áður en flugrekandi starfrækir flugvél í flugtaki í lélegu skyggni eða við lakari skilyrði en skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki, skv. II. og III. flokki (CAT II-III) eða aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður skal hann sjá til þess:

1. að hver flugliði:

   i. hafi lokið þjálfun og prófum, sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti, þ.m.t. þjálfun í flughermi, til að starfrækja flugvél í lágmarksgildum fyrir flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum og fyrir ákvörðunarhæð sem svara til leyfis flugrekanda og

   ii. hafi réttindi í samræmi við 1. viðbæti,

2. að þjálfun og próf fari fram í samræmi við ítarlega námsskrá sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt og kemur fram í flugrekstrarhandbókinni; þessi þjálfun kemur til viðbótar þjálfuninni, sem mælt er fyrir um í N-kafla og

3. að réttindi flugliða séu sérstaklega miðuð við starfrækslu og tegund flugvélar.

OPS 1.455

Starfræksla í lélegu skyggni — verklagsreglur

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.455)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út leiðbeiningar til nota við flugtak í lélegu skyggni, aðflug, þar sem notaður er sjónaukandi búnaður, og starfrækslu við lakari skilyrði en skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki og skilyrði skv. II. og III. flokki (CAT II-III). Verklagsreglurnar skulu vera í flugrekstrarhandbókinni og ná til starfa flugliða við akstur loftfars, flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug, eftir því sem við á.

b) Flugstjóri skal ganga úr skugga um:

   1. að ástand sýnilegs leiðsögubúnaðar og annars búnaðar sé nógu gott áður en hann hefur flugtak í lélegu skyggni, aðflug, þar sem notaður er sjónaukandi búnaður, aðflug við lakari skilyrði en skv. I. flokki, önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki eða aðflug skv. II. eða III. flokki,

   2. að viðeigandi reglur um verklag í lélegu skyggni séu í gildi, samkvæmt upplýsingum frá flugumferðarþjónustu, áður en hann hefur flugtak í lélegu skyggni eða aðflug við lakari skilyrði en skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki eða aðflug skv. II. eða III. flokki og

   3. að flugliðar hafi tilskilin réttindi, áður en þeir hefja flugtak í lélegu skyggni, í flugbrautarskyggni sem er undir 150 m (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða undir 200 m (fyrir flugvélar í D-flokki), aðflug, þar sem notaður er sjónaukandi búnaður, aðflug við lakari skilyrði en skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki eða aðflug skv. II. eða III. flokki.

OPS 1.460

Starfræksla í lélegu skyggni — lágmarksbúnaður

a) Í flugrekstrarhandbókinni skal flugrekandi geta þess hvaða lágmarksbúnaður skuli vera starfhæfur við upphaf flugtaks í lélegu skyggni, aðflug við lakari skilyrði en skv. I. flokki, önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki aðflug, þar sem notaður er sjónaukandi búnaður, eða aðflug skv. II. eða III. flokki, í samræmi við flughandbók flugvélarinnar eða annað samþykkt skjal.

b) Flugstjóri skal ganga úr skugga um að ástand flugvélar og viðkomandi flugvélakerfa sé eins og vera ber fyrir það flug sem fyrirhugað er.

OPS 1.465

Sjónflugslágmörk

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.465)

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. Að sjónflug sé flogið í samræmi við reglur um sjónflug og í samræmi við töfluna í 1. viðbæti við OPS 1.465.

2. Að ekki sé lagt upp í sérlegt sjónflug ef skyggni er minna en 3 km og að slíkt flug sé aldrei flogið í minna en 1,5 km skyggni.

1. viðbætir(gamli) við OPS 1.430

Flugvallarlágmörk

a) Flugtakslágmörk

1. Almenn ákvæði

i. Flugtakslágmörk, sem flugrekandi setur, skulu gefin upp sem skyggni eða flugbrautarskyggni, að teknu tilliti til allra þátta þessu viðkomandi á hverjum flugvelli, sem fyrirhugað er að nota, og til eiginleika flugvélarinnar. Þegar sérstök þörf er á að sjá og sneiða hjá hindrunum við brottför og/eða reikna með nauðlendingu skal tiltaka frekari skilyrði (s.s. skýjaþekjuhæð).

ii. Flugstjóri skal því aðeins hefja flugtak að veðurskilyrði á brottfararflugvelli séu jafngóð eða betri en gildandi lágmarkslendingarskilyrði á sama flugvelli nema nothæfur varaflugvöllur fyrir flugtak sé tiltækur.

iii. Ef skyggni samkvæmt veðurupplýsingum er minna en tilskilið lágmarksskyggni til flugtaks og flugbrautarskyggni hefur ekki verið tilkynnt er því aðeins heimilt að hefja flugtak ef flugstjórinn getur verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.

iv. Ef ekki hefur verið tilkynnt um skyggni eða flugbrautarskyggni er því aðeins heimilt að hefja flugtak ef flugstjórinn getur verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.

2. Kennileiti. Flugtakslágmörkin skulu vera slík að þau tryggi nægilega útsýn til kennileita svo að stjórna megi flugvélinni, hvort sem hætta þarf við flugtak við erfiðar aðstæður eða halda áfram í flugtaki þótt markhreyfill bili.

3. Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni

i. Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, þar sem afkastagetan er slík að ef markhreyfill bilar, hvar sem er í flugtaki, sé annaðhvort hægt að stöðva flugvélina eða halda áfram flugtaki upp í 1500 feta hæð yfir flugvelli með tilskildu hindranabili, skulu flugtakslágmörkin, sem flugrekandi setur, gefin upp sem flugbrautarskyggni/skyggni og ekki vera lægri en gildin í töflu 1 hér á eftir, að undanskildum ákvæðum 4. liðar. hér á eftir:

Tafla 1

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak

Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak	
Virki	Flugbrautarskyggni/skyggni (*Aths. 3*)
Engin (aðeins að degi til)	500 m
hliðarljós á flugbraut og/eða miðlínumerking	250/300 m (*Aths. 1 og 2*)
hliðarljós á flugbraut og miðlínuljós	200/250 m (*Aths. 1*)
hliðarljós á flugbraut og miðlínuljós og upplýsingar um flugbrautarskyggni á fleiri en einum stað	150/200 m (*Aths. 1 og 4*)

Aths. 1: Hærri gildin eiga við flugvélar í D-flokki.
Aths. 2: Í næturflugi er a.m.k. krafist hliðarljósa á flugbraut og ljósa á brautarendum.
Aths. 3: Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.
Aths. 4: Kröfur um flugbrautarskyggni skulu uppfylltar á öllum viðeigandi mælingastöðum flugbrautarskyggnis með þeirri undantekningu sem greint er frá í athugasemd 3 hér að framan.

ii. Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, þar sem afkastagetan er slík að ef markhreyfill bilar geti þær ekki uppfyllt skilyrði um afköst skv. i. lið 3. liðar a-liðar hér að framan, kann að reynast nauðsynlegt að lenda strax aftur og sjá þá hindranir á flugtakssvæði og sneiða hjá þeim. Eftirfarandi flugtakslágmörk gilda við starfrækslu þessara flugvéla, að því tilskildu að ekki sé farið niður fyrir viðmiðanir um gildandi lágmarksbil frá hindrunum þótt hreyfilbilun verði í tiltekinni hæð. Flugtakslágmörkin, sem flugrekandi ákveður, skulu miðast við þá hæð þaðan sem unnt er að leggja grundvöll að útreikningi á raunflugtaksslóð með einn hreyfil óstarfhæfan. Lágmarksgildi, sem notuð eru fyrir flugbrautarskyggni/skyggni, mega ekki vera undir gildunum sem gefin eru upp annaðhvort í töflu 1 hér að framan eða töflu 2 hér á eftir.

Tafla 2

Áætluð hæð yfir flugbraut við hreyfilbilun miðað við flugbrautarskyggni/skyggni

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak — flugslóð	
Áætluð hæð yfir flugtaksbraut við hreyfilbilun	Flugbrautarskyggni/skyggni (*aths. 2*)
< 50 fet	200 m
51-100 fet	300 m
101-150 fet	400 m
151-200 fet	500 m
201-300 fet	1000 m
> 300 fet	1 500 m (*Aths. 1*)

Aths. 1: 1500 m gilda einnig ef ekki er unnt að reikna út jákvæða raunflugtaksslóð.
Aths. 2: Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.

iii. Hafi ekki borist tilkynning um flugbrautarskyggni eða veðurupplýsingar um skyggni skal flugstjóri ekki hefja flugtak nema hann geti verið viss um að skilyrðin séu í raun ekki undir flugtakslágmörkum.

4. Undantekningar frá i. lið 3. liðar a-liðar hér að framan:

i. Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda og að því tilskildu að kröfum samkvæmt liðum A til E hér á eftir hafi verið fullnægt er flugrekanda heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í D-flokki) ef:

A) verklagsreglur í lélegu skyggni eru í gildi,

B) hástyrks-miðlínuljós með 15 m millibili eða minna og hástyrks-hliðarljós með 60 m millibili eða minna eru í notkun,

C) flugliðar hafa lokið þjálfun með fullnægjandi árangri í flughermi,

D) 90 m langur kafli er sjáanlegur úr stjórnklefa í upphafi flugtaksbruns og

E) flugbrautarskyggni nær lágmarki á öllum viðkomandi mælingarstöðum.

ii. Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda flugvélar með samþykktu stefnubeinandi leiðsögukerfi fyrir flugtak heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í minna en 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m (fyrir flugvélar í D-flokki) en ekki minna en 75 m, að því tilskildu að flugbrautarsvæðið sé verndað í samræmi við kröfur fyrir lendingar skv. III. flokki og að fyrir hendi séu flugbrautarvirki í samræmi við þær kröfur.

b) Grunnaðflug

1. Kerfislágmörk

i. Flugrekandi skal sjá til þess að lágmörk fyrir grunnaðflug sem byggjast á notkun blindlendingarkerfis án hallageisla (einungis miðlínugeisla (LLZ)), fjölstefnuvita (VOR), hringvita (NDB), stefningaraðflugs (SRA) og VHF-miðunarstöðvar séu ekki lægri en gildin fyrir lágmarkslækkunarhæð sem gefin eru upp í töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3

Kerfislágmörk leiðsögutækja fyrir grunnaðflug

Kerfislágmörk	
Virki	Lágmarkslækkunarhæð
Blindlendingarkerfi (enginn hallageisli — miðlínugeisli	250 fet
Stefningaraðflug (lýkur við 1/2 sjómílu)	250 fet
Stefningaraðflug (lýkur við 1 sjómílu)	300 fet
Stefningaraðflug (lýkur við 2 sjómílur)	350 fet
Fjölstefnuviti	300 fet
Fjölstefnuviti/fjarlægðarviti (VOR/DME)	250 fet
Hringviti	300 fet
VHF-miðunarstöð (segulnefstefna (QDM) og beiðni um notkun á aðflugstækinu (QGH))	300 fet

2. Lágmarkslækkunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að lágmarkslækkunarhæð í grunnaðflugi sé hvorki lægri en:

   i. lágmarkshæð yfir hindrun/lágmarksbil yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

   ii. kerfislágmarkið.

3. Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð nema hann sjái greinilega og beri kennsl á a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:

   i. hluta af aðflugsljósakerfinu,

   ii. þröskuldinn,

   iii. þröskuldarmerkingarnar,

   iv. þröskuldarljósin,

   v. þröskuldarauðkennisljósin,

   vi. aðflugshallaljósin,

   vii. snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar,

   viii. snertisvæðisljósin,

   ix. hliðarljós flugbrautarinnar eða

   x. önnur kennileiti sem eru viðurkennd af flugmálayfirvöldum.

4. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota til grunnaðflugs eru sem hér segir:

Tafla 4a

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — öll virki

Grunnaðflugslágmörk Öll virki (*Aths. 1, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	800 m	800 m	800 m	1200 m
300-449 fet	900 m	1000 m	1000 m	1400 m
450-649 fet	1000 m	1200 m	1200 m	1600 m
650 fet og yfir	1200 m	1400 m	1400 m	1800 m

Tafla 4b

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — miðlungsvirki

Grunnaðflugslágmörk Miðlungsvirki (*Aths. 2, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	1000 m	1100 m	1200 m	1400 m
300-449 fet	1200 m	1300 m	1400 m	1600 m
450-649 fet	1400 m	1500 m	1600 m	1800 m
650 fet og yfir	1500 m	1500 m	1800 m	2000 m

Tafla 4c

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — grunnvirki

Grunnaðflugslágmörk Grunnvirki (*Aths. 3, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	1200 m	1300 m	1400 m	1600 m
300-449 fet	1300 m	1400 m	1600 m	1800 m
450-649 fet	1500 m	1500 m	1800 m	2000 m
650 fet og yfir	1500 m	1500 m	2000 m	2000 m

Tafla 4d

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — engin aðflugsljósavirki

Grunnaðflugslágmörk Engin aðflugsljósavirki (*Aths. 4, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 ft	1500 m	1500 m	1600 m	1800 m
300-449 ft	1500 m	1500 m	1800 m	2000 m
450-649 ft	1500 m	1500 m	2000 m	2000 m
650 fet og yfir	1500 m	1500 m	2000 m	2000 m

Aths. 1: Öll virki merkir flugbrautarmerkingar, 720 m eða meira af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 2: Miðlungsvirki merkir flugbrautarmerkingar, 420-719 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 3: Grunnvirki merkir flugbrautarmerkingar, < 420 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, einhver röð lágstyrks-aðflugsljósa, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 4: Engin aðflugsljósavirki merkir flugbrautarmerkingar, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós, ljós á brautarenda eða alls engin ljós.

Aths. 5: Töflurnar gilda aðeins um hefðbundið aðflug undir aðflugshallahorni sem er ekki stærra en 4°. Meiri aðflugshalli útheimtir venjulega að aðflugshallaljós (t.d. PAPI) séu einnig sýnileg í lágmarkslækkunarhæð.

Aths. 6: Framangreindar tölur eru annaðhvort tölur um tilkynnt flugbrautarskyggni eða skyggni samkvæmt veðurupplýsingum umreiknað í flugbrautarskyggni eins og í h-lið hér á eftir.

Aths. 7: Lágmarkslækkunarhæðin sem nefnd er í töflum 4a, 4b, 4c og 4d vísar til frumútreiknings á lágmarkslækkunarhæð. Þegar valið er viðeigandi flugbrautarskyggni er ástæðulaust að taka tillit til hækkunar upp í næstu 10 fet, sem kann að stafa af hagkvæmnisástæðum (t.d. vegna umreiknings yfir í lágmarkslækkunarflughæð).

5. Næturflug. Þegar um næturflug er að ræða skal a.m.k. vera kveikt á hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum og ljósum á flugbrautarendum.

c) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. I. flokki (CAT I)

1. Almenn ákvæði. Starfræksla skv. I. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis, örbylgjulendingarkerfis eða blindlendingarratsjár (PAR) með ákvörðunarhæð (DH) sem er ekki undir 200 fetum og flugbrautarskyggni sem ekki er undir 550 m.

2. Ákvörðunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæðin fyrir nákvæmnisaðflug skv. I. flokki sé ekki minni en:

i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar,

ii. minnsta hæð, sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í, án tilskilinna kennileita,

iii. lágmarkshæð yfir hindrun/lágmarksbil yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

iv. 200 fet

3. Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi skv. I. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið. c-liðar hér að framan, nema hann sjái greinilega og beri kennsl á a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:

i. hluta af aðflugsljósakerfinu,

ii. þröskuldinn,

iii. þröskuldarmerkingarnar,

iv. þröskuldarljósin,

v. þröskuldarauðkenniljósin,

vi. aðflugshallaljósin,

vii. snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar,

viii. snertisvæðisljósin eða,

ix. hliðarljós flugbrautarinnar.

4. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. I. flokki eru sem hér segir:

Tafla 5

Flugbrautarskyggni fyrir aðflug skv. I. flokki miðað við virki og ákvörðunarhæð

Lágmörk skv. I flokki				
Ákvörðunarhæð (*Aths. 7*)	Virki/flugbrautarskyggni (*Aths. 5*)			
	Öll (*Aths. 1 og 6*)	Miðlungs (*Aths. 2 og 6*)	Grunn (*Aths. 3 og 6*)	Engin (*Aths. 4 og 6*)
200 fet	550 m	700 m	800 m	1000 m
201-250 fet	600 m	700 m	800 m	1000 m
251-300 fet	650 m	800 m	900 m	1200 m
301 fet og yfir	800 m	900 m	1000 m	1200 m

Aths. 1: Öll virki merkir flugbrautarmerkingar, 720 m eða meira af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 2: Miðlungsvirki merkir flugbrautarmerkingar, 420-719 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 3: Grunnvirki merkir flugbrautarmerkingar, < 420 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, einhver röð lágstyrks-aðflugsljósa, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 4: Engin aðflugsljósavirki merkir flugbrautarmerkingar, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós, ljós á brautarenda eða alls engin ljós.

Aths. 5: Framangreindar tölur eru annaðhvort tölur um tilkynnt flugbrautarskyggni eða skyggni samkvæmt veðurupplýsingum umreiknað í flugbrautarskyggni eins og í h-lið hér á eftir.

Aths. 6: Taflan gildir aðeins um hefðbundið aðflug með aðflugshallahorni sem er ekki stærra en 4° (gráður).

Aths. 7: Ákvörðunarhæðin, sem nefnd er í töflu 5, vísar til frumútreiknings á ákvörðunarhæð. Þegar valið er viðeigandi flugbrautarskyggni er ástæðulaust að taka tillit til hækkunar upp í næstu 10 fet, sem kann að stafa af hagkvæmnisástæðum (t.d. vegna umreiknings yfir í ákvörðunarflughæð (DA)).

5. Flug með einum flugmanni. Þegar um er að ræða flug með einum flugmanni verður flugrekandi að reikna út lágmarksflugbrautarskyggni fyrir öll aðflug í samræmi við OPS 1.430 og þennan viðbæti. Flugbrautarskyggni undir 800 m er ekki heimilt nema notuð sé viðeigandi sjálfstýring sem tengd er blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi og gilda þá venjuleg lágmörk. Ákvörðunarhæðin, sem er notuð, má ekki vera lægri en 1,25 × lágmarksnotkunarhæð fyrir sjálfstýringuna.

6. Næturflug. Þegar um næturflug er að ræða skal a.m.k. vera kveikt á hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum og ljósum á flugbrautarendum.

d) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. II. flokki (CAT II)

1. Almenn ákvæði. Starfræksla skv. II. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi:

   i. í ákvörðunarhæð sem er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og

   ii. í flugbrautarskyggni sem er ekki undir 300 m.

2. Ákvörðunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæð fyrir starfrækslu skv. II. flokki sé ekki minni en:

   i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar ef hún er tilgreind þar,

   ii. minnsta hæð, sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í, án tilskilinna kennileita,

   iii. lágmarkshæð yfir hindrun/lágmarksbil yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir

   iv. ákvörðunarhæðin sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í eða

   v. 100 fet.

3. Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi skv. II. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið d-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa og haldi þeim í sjónmáli. Hluti af þessum kennileitum verður að samanstanda af þverliggjandi merkjum sem mynda mynstur á jörðinni, t.d. þverslá aðflugsljósa, þröskuldarljós eða stuttslár snertisvæðisljósa.

4. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. II. flokki eru sem hér segir:

Tafla 6

Flugbrautarskyggni fyrir aðflug skv. II. flokki miðað við ákvörðunarhæð

Lágmörk skv. II. flokki		
	Með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð (*sjá aths. 1*)	
Ákvörðunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélar í A-, B- og C-flokki	Flugbrautarskyggni/flugvélar í D-flokki
100-120 fet	300 m	300 m (*Aths. 2*)/350 m
121-140 fet	400 m	400 m
141 fet og yfir	450 m	450 m

Aths. 1: Í þessari töflu merkir „Með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð“ samfellda notkun sjálfstýrikerfis niður í hæð sem er ekki meiri en 80% af gildandi ákvörðunarhæð. Lofthæfikröfur geta þannig haft áhrif á hvaða ákvörðunarhæð er notuð eftir því hvaða lágmarkshæð er leyfð fyrir notkun á sjálfstýrikerfinu.

Aths. 2: Nota má 300 m fyrir sjálflendingu flugvéla í D-flokki.

e) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. III. Flokki (CAT III)

1. Almenn ákvæði. Starfræksla skv. III. flokki er skipt á eftirfarandi hátt:

i. Starfræksla skv. III. flokki A. Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi í:

A) ákvörðunarhæð sem er undir 100 fetum, og

B) flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 200 m.

ii. Starfræksla skv. III. flokki B. Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi í:

A) ákvörðunarhæð sem er undir 50 fetum eða án ákvörðunarhæðar og

B) flugbrautarskyggni sem er undir 200 m en ekki minna en 75 m.

Aths.: þar sem ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni falla ekki í sama flokk skal flugbrautarskyggni ákvarða í hvaða flokk starfrækslan fellur.

2. Ákvörðunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að í flugi, þar sem ákvörðunarhæð er notuð, sé hún ekki minni en:

i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar ef hún er tilgreind þar,

ii. minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án þess að sjáist til tilskilinna kennileita eða

iii. sú ákvörðunarhæð sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í.

3. Starfræksla án ákvörðunarhæðar. Starfræksla án ákvörðunarhæðar er því aðeins heimil ef:

i. starfræksla án ákvörðunarhæðar er heimiluð í flughandbók flugvélarinnar,

ii. aðflugstækin og flugvallarvirkin eru gerð fyrir starfrækslu án ákvörðunar-hæðar og

iii. flugrekandinn hefur leyfi til starfrækslu skv. III. flokki án ákvörðunarhæðar.

Aths.: þegar um er að ræða flugbraut með búnaði skv. III. flokki má gera ráð fyrir að starfræksla án ákvörðunarhæðar geti viðgengist nema sérstakar takmarkanir séu þar á og þær birtar í flugmálahandbókinni (AIP) eða tilkynningu til flugmanna.

4. Kennileiti

i. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki A og B með bilunarhlutlausu stýrikerfi er flugmanni óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið e-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa, og haldi þeim í sjónmáli.

ii. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki B með bilunarstarfhæfu stýrakerfi, sem notar ákvörðunarhæð, er flugmanni óheimilt að halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið e-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti sem er a.m.k. eitt miðlínuljós og haldi því í sjónmáli.

iii. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki án ákvörðunarhæðar er þess ekki krafist að flugbrautin sjáist fyrir snertingu.

5. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. III. flokki eru sem hér segir:

Tafla 7

Flugbrautarskyggni fyrir aðflug skv. III. flokki miðað við ákvörðunarhæð og með leiðsögu- eða stýrakerfi fyrir lendingarbrun

Lágmörk skv. III. flokki			
Aðflugsflokkur	Ákvörðunarhæð (fet) (*Aths. 2*)	Stýrikerfi/leiðsögukerfi fyrir lendingarbrun	Flugbrautarskyggni (m)
III A	Minni en 100 fet	Ekki krafist	200 m
III B	Minni en 100 fet	Bilunarhlutlaust	150 m (*Aths. 1*)
III B	Minni en 50 fet	Bilunarhlutlaust	125 m
III B	Minni en 50 fet eða engin ákvörðunarhæð	Bilunarstarfhæft	75 m

Aths. 1: Fyrir flugvélar sem eru vottaðar í samræmi við 3. lið b-liðar í reglum CS-AWO 321 um starfrækslu í skertu skyggni.
Aths. 2: Aukageta stýrakerfa er ákveðin samkvæmt ákvæðum í reglum CS-AWO um starfrækslu í skertu skyggni eftir lágmarksákvörðunarhæð sem hefur verið vottuð.

f) Hringaðflug

1. Lægstu mörk sem flugrekandi skal nota fyrir hringaðflug eru sem hér segir:

Tafla 8

Skyggni og lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug – skipt eftir flugvélaflokkum

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð	400 fet	500 fet	600 fet	700 fet
Minnsta skyggni samkvæmt veðurupplýsingum	1500 m	1600 m	2400 m	3600 m

2. Hringaðflug eftir tilskildum ferlum er viðurkennt verklag í skilningi þessa liðar

g) Sjónaðflug. Flugrekandi skal ekki nota flugbrautarskyggni undir 800 m til sjónaðflugs.

h) Umreikningur skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni.

1. Flugrekandi skal sjá til þess að umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni sé ekki notað til að reikna út flugtakslágmörk eða lágmörk skv. II. eða III. flokki eða þegar upplýsingar um flugbrautarskyggni eru tiltækar.

Aths.: Ef tilkynnt flugbrautarskyggni er meira en hámarksgildið sem flugvallarrekandi metur, t.d. „flugbrautarskyggni meira en 1500 metrar“, er það ekki álitið vera tilkynnt flugbrautarskyggni í því samhengi og nota má umreiknunartöfluna.

2. Þegar skyggni samkvæmt veðurskeyti er umreiknað yfir í flugbrautarskyggni skal flugrekandi, í öllum öðrum tilvikum en um getur í 1. lið. h-liðar hér að framan, sjá til þess að eftirfarandi tafla sé notuð:

Tafla 9

Umreikningur skyggnis yfir í flugbrautarskyggni

Ljós í notkun	Flugbrautarskyggni=skyggni samkvæmt veðurskeyti x	
	Að degi	Að nóttu
Hástyrks-aðflugsljós og flugbrautarljós	1,5	2,0
Öll önnur lýsing en framangreind	1,0	1,5
Engin lýsing	1,0	Gildir ekki

1. viðbætir (nýi) við OPS 1.430

Flugvallarlágmörk

a) Flugtakslágmörk

1. Almenn ákvæði

i. Flugtakslágmörk, sem flugrekandi setur, skulu gefin upp sem skyggni eða flugbrautarskyggni, að teknu tilliti til allra þátta þessu viðkomandi á hverjum flugvelli, sem fyrirhugað er að nota, og til eiginleika flugvélarinnar. Þegar sérstök þörf er á að sjá og sneiða hjá hindrunum við brottför og/eða reikna með nauðlendingu skal tiltaka frekari skilyrði (s.s. skýjaþekjuhæð).

ii. Flugstjóri skal því aðeins hefja flugtak að veðurskilyrði á brottfararflugvelli séu jafngóð eða betri en gildandi lágmarkslendingarskilyrði á sama flugvelli nema nothæfur varaflugvöllur fyrir flugtak sé tiltækur.

iii. Ef skyggni samkvæmt veðurupplýsingum er minna en tilskilið lágmarksskyggni til flugtaks og flugbrautarskyggni hefur ekki verið tilkynnt er því aðeins heimilt að hefja flugtak ef flugstjórinn getur verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.

iv. Ef ekki hefur verið tilkynnt um skyggni eða flugbrautarskyggni er því aðeins heimilt að hefja flugtak ef flugstjórinn getur verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.

2. Kennileiti. Flugtakslágmörkin skulu vera slík að þau tryggi nægilega útsýn til kennileita svo að stjórna megi flugvélinni, hvort sem hætta þarf við flugtak við erfiðar aðstæður eða halda áfram í flugtaki þótt markhreyfill bili.

3. Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni

i. Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, þar sem afkastagetan er slík að ef markhreyfill bilar, hvar sem er í flugtaki, sé annaðhvort hægt að stöðva flugvélina eða halda áfram flugtaki upp í 1500 feta hæð yfir flugvelli með tilskildu hindranabili, skulu flugtakslágmörkin, sem flugrekandi setur, gefin upp sem flugbrautarskyggni/skyggni og ekki vera lægri en gildin í töflu 1 hér á eftir, að undanskildum ákvæðum 4. liðar. hér á eftir:

Tafla 1

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak

Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak	
Virki	Flugbrautarskyggni/skyggni (*Aths. 3*)
Engin (aðeins að degi til)	500 m
hliðarljós á flugbraut og/eða miðlínumerking	250/300 m (*Aths. 1 og 2*)
hliðarljós á flugbraut og miðlínuljós	200/250 m (*Aths. 1*)
hliðarljós á flugbraut og miðlínuljós og upplýsingar um flugbrautarskyggni á fleiri en einum stað	150/200 m (*Aths. 1 og 4*)

Aths. 1: Hærri gildin eiga við flugvélar í D-flokki.
Aths. 2: Í næturflugi er a.m.k. krafist hliðarljósa á flugbraut og ljósa á brautarendum.
Aths. 3: Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.
Aths. 4: Kröfur um flugbrautarskyggni skulu uppfylltar á öllum viðeigandi mælingastöðum flugbrautarskyggnis með þeirri undantekningu sem greint er frá í athugasemd 3 hér að framan.

ii. Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, þar sem afkastagetan er slík að ef markhreyfill bilar geti þær ekki uppfyllt skilyrði um afköst skv. i. lið 3. liðar a-liðar hér að framan, kann að reynast nauðsynlegt að lenda strax aftur og sjá þá hindranir á flugtakssvæði og sneiða hjá þeim. Eftirfarandi flugtakslágmörk gilda við starfrækslu þessara flugvéla, að því tilskildu að ekki sé farið niður fyrir viðmiðanir um gildandi lágmarksbil frá hindrunum þótt hreyfilbilun verði í tiltekinni hæð. Flugtakslágmörkin, sem flugrekandi ákveður, skulu miðast við þá hæð þaðan sem unnt er að leggja grundvöll að útreikningi á raunflugtaksslóð með einn hreyfil óstarfhæfan. Lágmarksgildi, sem notuð eru fyrir flugbrautarskyggni/skyggni, mega ekki vera undir gildunum sem gefin eru upp annaðhvort í töflu 1 hér að framan eða töflu 2 hér á eftir.

Tafla 2

Áætluð hæð yfir flugbraut við hreyfilbilun miðað við flugbrautarskyggni/skyggni

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak — flugslóð	
Áætluð hæð yfir flugtaksbraut við hreyfilbilun	Flugbrautarskyggni/skyggni (*Aths. 2*)
< 50 fet	200 m
51-100 fet	300 m
101-150 fet	400 m
151-200 fet	500 m
201-300 fet	1000 m
> 300 fet	1500 m (*Aths. 1*)

Aths. 1: 1500 m gilda einnig ef ekki er unnt að reikna út jákvæða raunflugtaksslóð.
Aths. 2: Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.

iii. Hafi ekki borist tilkynning um flugbrautarskyggni eða veðurupplýsingar um skyggni skal flugstjóri ekki hefja flugtak nema hann geti verið viss um að skilyrðin séu í raun ekki undir flugtakslágmörkum.

4. Undantekningar frá i. lið 3. liðar a-liðar hér að framan:

i. með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda og að því tilskildu að kröfum samkvæmt liðum A til E hér á eftir hafi verið fullnægt er flugrekanda heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í D-flokki) ef:

A) verklagsreglur í lélegu skyggni eru í gildi,

B) hástyrks-miðlínuljós með 15 m millibili eða minna og hástyrks-hliðarljós með 60 m millibili eða minna eru í notkun,

C) flugliðar hafa lokið þjálfun með fullnægjandi árangri í flughermi,

D) 90 m langur kafli er sjáanlegur úr stjórnklefa í upphafi flugtaksbruns og

E) flugbrautarskyggni nær lágmarki á öllum viðkomandi mælingarstöðum

ii. með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda flugvélar sem notar annaðhvort:

A) samþykkt stefnubeinandi leiðsögukerfi eða

B) samþykkta framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd fyrir flugtak, heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í minna en 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m (fyrir flugvélar í D-flokki) en ekki minna en 75 m, að því tilskildu að flugbrautarsvæðið sé verndað í samræmi við lendingarkröfur skv. III. flokki og að fyrir hendi séu flugbrautarvirki í samræmi við þær kröfur.

b) Aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti (APV) og grunnaðflug skv. I. flokki.

1. Aðflug skv. I. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis (ILS), örbylgjulendingarkerfis (MLS), lendingarkerfis með gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS/GBAS) eða blindlendingarratsjár (PAR) með ákvörðunarhæð (DH) sem er ekki undir 200 fetum og flugbrautarskyggni sem ekki er undir 550 m, nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt það.

2. Grunnaðflug (NPA) er blindaðflug þar sem notuð er virkin sem lýst er í töflu 3 (Kerfislágmörk) með lágmarkslækkunarhæð eða ákvörðunarhæð sem er ekki undir 250 fetum og flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sem er ekki minna en 750 m nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt það.

3. Aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti er blindaðflug sem notast við stefnubeinandi leiðsögu og leiðsögu í lóðréttum fleti en uppfyllir ekki kröfur, sem settar eru um nákvæmnisaðflug og lendingu með ákvörðunarhæð, sem er ekki undir 250 fetum, og flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 600 metrar, nema flugmálayfirvöld samþykki það.

4. Ákvörðunarhæð (DH). Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæðin fyrir aðflug sé ekki minni en:

   i. minnsta hæð sem unnt er að nota aðflugstækin í án þess að sjáist til tilskilinna kennileita eða

   ii. lágmarkshæð yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

   iii. birt ákvörðunarhæð fyrir verklagsreglur um aðflug, ef við á, eða

   iv. 200 fet fyrir aðflug skv. I. flokki eða

   v. kerfislágmarkið í töflu 3 eða

   vi. lægsta ákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar eða sambærilegu skjali, ef hún er tilgreind þar,

   eftir því hvort er hærra.

5. Lágmarkslækkunarhæð (MHD). Flugrekandi skal sjá til þess að lágmarkslækkunarhæð í aðflugi sé hvorki lægri en:

   i. lágmarkshæð yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

   ii. kerfislágmarkið í töflu 3 eða

   iii. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar,

   eftir því hvort er hærra.

6. Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir lágmarkslækkunarflughæð/lágmarks-lækkunarhæð nema hann sjái greinilega og beri kennsl á a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:

   i. hluta af aðflugsljósakerfinu,

   ii. þröskuldinn,

   iii. þröskuldarmerkingarnar,

   iv. þröskuldarljósin,

   v. þröskuldarauðkenniljósin,

   vi. aðflugshallaljósin,

   vii. snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar,

   viii. snertisvæðisljósin,

   ix. hliðarljós flugbrautarinnar eða

   x. önnur kennileiti sem eru viðurkennd af flugmálayfirvöldum.

Tafla 3

Kerfislágmörk miðað við virki

Kerfislágmörk	
Virki	Lágmarksákvörðunar/lækkunarhæð
Miðlínugeisli með eða án fjarlægðarmælivita	250 ft
Stefningaraðflug (lýkur við 1/2 sjómílu)	250 ft
Stefningaraðflug (lýkur við 1 sjómílu)	300 ft
Stefningaraðflug (lýkur við 2 sjómílur)	350 ft
Svæðisleiðsaga (RNVA)/stefnubeinandi leiðsaga (LNAV)	300 ft
Fjölstefnuviti	300 ft
Fjölstefnuviti/fjarlægðarviti (VOR/DME)	250 ft
Hringviti	350 ft
Hringviti/fjarlægðarmæliviti (NDB/DME)	300 ft
VHF-miðunarstöð (VDF)	350 ft

c) Viðmiðanir til að ákvarða flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (viðmiðunartafla 6).

1. Til að aðflug samkvæmt blindflugsreglum teljist fullgilt, að því er varðar lægstu leyfilegu gildi fyrir flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sem tilgreind eru í töflu 6 (gilda um hvern flokk aðflugs), skal það uppfylla a.m.k. eftirfarandi kröfur um virki og tengd skilyrði:

i. blindaðflug með tilgreint lóðrétt snið upp að og að meðtöldum 4,5° fyrir flugvélar í flokki A og B, eða 3,77° fyrir flugvélar í flokki C og D, nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt önnur aðflugshorn, þar sem virkin eru:

A) blindlendingarkerfi (ILS)/örbylgjulendingarkerfi (MLS)/gervihnattaleiðsögukerfi (GLS)/blindlendingar-ratsjá (PAR) eða

B) leiðsaga í lóðréttum fleti (APV) og

ef lokaaðflugsferlinum er hliðrað um meira en 15° fyrir flugvélar í flokki A og B eða ekki meira en 5° fyrir flugvélar í flokki C og D.

ii. blindaðflug með aðferðinni lokaaðflug með samfelldri lækkun þar sem lóðrétta sniðið er allt að og að meðtöldum 4,5° fyrir flugvélar í flokki A og B, eða 3,77° fyrir flugvélar í flokki C og D, nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt önnur aðflugshorn þar sem virkin eru hringviti (NDB), hringviti (NDB) / fjarlægðarmæliviti (DME), fjölstefnuviti (VOR), fjölstefnuviti (VOR) /fjarlægðarmæliviti (DME), miðlínusendir (LLZ), miðlínusendir (LLZ)/fjarlægðarmæliviti (DME), VHF-miðunarstöð (VDF), stefningaraðflug (SRA), svæðisleiðsaga (RNVA)/stefnubeinandi leiðsaga (LNAV) þar sem lokakafli blindaðflugs er a.m.k. 3 sjómílur sem einnig uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

A) lokaaðflugsferlinum er hliðrað um meira en 15° fyrir flugvélar í flokki A og B eða ekki meira en 5°fyrir flugvélar í flokki C og D og

B) lokaaðflugsmiðið (FAF) eða ef annað viðeigandi mið, þar sem lækkunin hefst, er fyrir hendi eða hægt er að finna út fjarlægðina að þröskuldi (THR) með flugstýrikerfi (FMS)/ svæðisleiðsögu (RNAV) eða fjarlægðarmælivita (DME) og

C) ef fráflugshæð (MAPt) er ákvörðuð með tímatöku er vegalengdin frá lokaaðflugsmiði að þröskuldi ≤ 8 sjómílur.

iii. blindaðflug þar sem virkin eru hringviti (NDB), hringviti (NDB)/fjarlægðarmæliviti (DME), fjölstefnuviti (VOR), fjölstefnuviti (VOR)/fjarlægðarmæliviti (DME), miðlínusendir (LLZ), miðlínusendir (LLZ)/fjarlægðarmæliviti (DME), VHF-miðunarstöð (VDF), stefningaraðflug (SRA), svæðisleiðsaga (RNVA)/stefnubeinandi leiðsaga (LNAV) sem uppfylla ekki viðmiðanirnar í ii. lið 1. liðar c-liðar hér að framan eða eru með lágmarkslækkunarhæð sem er ≥ 1 200 fet.

2. Fráflug eftir aðflug, með aðferðinni lokaaðflug með samfelldri lækkun, skal framkvæmt þegar komið er að ákvörðunarflughæð (hæð) eða fráflugshæð (MAPt), hvort heldur sem gerist fyrr. Fljúga skal lárétta hluta fráflugsins um fráflugshæð nema annað komi fram á fráflugskorti.

d) Ákvörðun á lágmörkum, að því er varðar flugbrautarskyggni/skyggni, samkvæmt veðurupplýsingum/skyggni fyrir aðflug skv. I. flokki, leiðsögu í lóðréttum fleti og grunnaðflugi.

1. Lágmarksflugbrautarskyggni/-skyggni samkvæmt veðurupplýsingum/-skyggni skal vera hæst þeirra gilda sem fengin eru úr töflu 5 eða 6 en ekki hærri en hámarksgildin sem sýnd eru í töflu 6, eftir því sem við á.

2. Gildin í töflu 5 eru fengin með formúlunni hér á eftir:

flugbrautarskyggni/skyggni sem krafist er (m) = [(DH/MDH (ft) × 0,3048)/tanα] – lengd aðflugsljósa (m).

Aths. 1: α er útreikningshornið, sem er sjálfgefna gildið 3,00 gráður sem stækkar í þrepum.

3. Með samþykki flugmálayfirvalda er heimilt að nota formúluna með raunverulegum aðflugshalla og/eða raunverulegri lengd aðflugsljósa fyrir tiltekna flugbraut.

4. Ef aðflugið er flogið með kafla í láréttu flugi, sem er í eða fyrir ofan lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð, skal bæta við 200 m, að því er varðar flugvélar í flokki A og B og 400 m fyrir flugvélar í flokki C og D, við lágmarksgildið fyrir flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurlýsingu sem fengið er með því að nota töflur 5 og 6.

Aths.: Gildið sem bætt er við samsvarar tímanum/vegalengdinni sem krafist er til að koma flugvélinni í lokalækkun.

5. Heimilt er að nota flugbrautarskyggni sem er minna en 750 m eins og tilgreint er í töflu 5.

i. fyrir aðflug skv. I. flokki á flugbrautir með öll aðflugsljósakerfi (FALS) (sjá hér á eftir), flugbrautarsnertisvæðisljós (RTZL) og flugbrautarmiðlínuljós (RCLL), að því tilskildu að ákvörðunarhæðin er ekki meiri en 200 fet eða

ii. fyrir aðflug skv. I. flokki að flugbrautum án flugbrautarsnertisvæðisljósa og flugbrautarmiðlínuljósa (RCLL) þegar notað er samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd eða þegar framkvæmt er aðflug með sjálfstýringuna tengda eða í handstýrðu aðflugi í ákvörðunarhæð sem er 200 fet eða meira. Ekki skal kynna blindlendingarkerfið sem takmarkað virki eða

iii. fyrir aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti að flugbrautum með öll aðflugsljósakerfi (FALS), flugbrautarsnertisvæðisljós (RTZL) og flugbrautarmiðlínuljós (RCLL) þegar notuð er samþykkt framrúðuskjámynd.

6. Flugmálayfirvöldum er heimilt að samþykkja gildi fyrir flugbrautarskyggni sem eru lægri en þau sem eru gefin upp í töflu 5 fyrir lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (HUDLS) og sjálflendingar í samræmi við e-lið í þessum viðbæti.

7. Sjónrænu leiðsögutækin samanstanda af stöðluðum flugbrautarmerkingum sem sjást að degi til og aðflugs- og flugbrautarljósum (hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda og í sumum tilvikum einnig snertisvæðisljós og/eða miðlínuljós). Þær útfærslur af aðflugsljósum sem eru viðunandi eru flokkaðar og tilgreindar í töflu 4 hér á eftir.

8. Þrátt fyrir kröfurnar í 7. lið d-liðar hér að framan er yfirvaldi heimilt að samþykkja að gildi fyrir flugbrautarskyggni sem eiga við um grunnaðflugsljósakerfi (BALS) sem notuð eru á flugbrautum þar sem aðflugsljósin eru takmörkuð, að því er varðar lengd, og eru styttri en 210 m, sökum landslags eða vatns, en þar sem a.m.k. ein þverslá er til staðar.

9. Fyrir flug að nóttu til eða flug þar sem undanþága vegna flugbrautar- og aðflugsljósa er nauðsynleg verða ljósin að vera kveikt og starfhæf nema eins og kveðið er á um í töflu 6a.

Tafla 4

Aðflugsljósakerfi

OPS-flokkur virkis	Lengd, útfærsla og styrkur aðflugsljósa
FALS (öll aðflugsljósakerfi)	Alþjóðaflugmálastofnunin: Ljósakerfi fyrir nákvæmnisaðflug skv. I. flokki (hástyrks-aðflugsljósakerfi (HIALS 720 m ≥) fjarlægðarkóðuð miðlínuljós, stuttslá miðlínuljósa
IALS (miðlungsaðflugsljósakerfi)	Alþjóðaflugmálastofnunin: Einfalt aðflugsljósakerfi (hástyrksaðflugsljósakerfi (HIALS 420 -719 m), einn ljósgjafi, stuttslá
BALS (grunnaðflugsljósakerfi)	Öll önnur aðflugsljósakerfi (hástyrksaðflugsljósakerfi (HIALS) miðlungsstyrks-aðflugsljósakerfi (MIALS) eða aðflugsljósakerfi (ALS 219-42 m)
NALS (ekkert aðflugsljósakerfi)	Öll önnur aðflugsljósakerfi (HIALS, MIALS eða ALS < 210 m) eða engin aðflugsljós

Tafla 5

Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (RVR/CMV (sjá töflu 11) miðað við ákvörðunar/-lækkunarhæð (DH/MDH)

Ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð			Flokkur ljósavirkis			
			FALS	IALS	BALS	NALS
			Sjá 5., 6. og 10. lið d-liðar fyrir flugbrautarskyggni < 750 m			
Fet			Metrar			
200	—	210	550	750	1 000	1 200
211	—	220	550	800	1 000	1 200
221	—	230	550	800	1 000	1 200
231	—	240	550	800	1 000	1 200
241	—	250	550	800	1 000	1 300
251	—	260	600	800	1 100	1 300
261	—	280	600	900	1 100	1 300
281	—	300	650	900	1 200	1 400
301	—	320	700	1 000	1 200	1 400
321	—	340	800	1 100	1 300	1 500
341	—	360	900	1 200	1 400	1 600
361	—	380	1 000	1 300	1 500	1 700
381	—	400	1 100	1 400	1 600	1 800
401	—	420	1 200	1 500	1 700	1 900
421	—	440	1 300	1 600	1 800	2 000
441	—	460	1 400	1 700	1 900	2 100
461	—	480	1 500	1 800	2 000	2 200
481		500	1 500	1 800	2 100	2 300
501	—	520	1 600	1 900	2 100	2 400
521	—	540	1 700	2 000	2 200	2 400
541	—	560	1 800	2 100	2 300	2 500
561	—	580	1 900	2 200	2 400	2 600
581	—	600	2 000	2 300	2 500	2 700
601	—	620	2 100	2 400	2 600	2 800
621	—	640	2 200	2 500	2 700	2 900
641	—	660	2 300	2 600	2 800	3 000
661	—	680	2 400	2 700	2 900	3 100
681	—	700	2 500	2 800	3 000	3 200
701	—	720	2 600	2 900	3 100	3 300
721	—	740	2 700	3 000	3 200	3 400
741	—	760	2 700	3 000	3 300	3 500
761	—	800	2 900	3 200	3 400	3 600
801	—	850	3 100	3 400	3 600	3 800
851	—	900	3 300	3 600	3 800	4 000
901	—	950	3 600	3 900	4 100	4 300
951	—	1 000	3 800	4 100	4 300	4 500
1 001	—	1 100	4 100	4 400	4 600	4 900
1 101	—	1 200	4 600	4 900	5 000	5 000
1 201 og yfir			5 000	5 000	5 000	5 000

Tafla 6

Lágmarks- og hámarks gildandi flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (sjá töflu 11) fyrir öll blindaðflug niður í lágmörk skv. I. flokki (neðri og efri þröskuldsmörk)

Virki/skilyrði	Flugbrautarskyggni /skyggni samkvæmt veður-upplýsingum (m)	Flugvélaflokkur			
		A	B	C	D
ILS, MLS, GLS, PAR og APV	Lágmarks	Samkvæmt töflu 5			
	Hámarks	1 500	1 500	2 400	2 400
Hringviti (NDB), hringviti (NDB)/ fjarlægðarmæliviti (DME), fjölstefnuviti (VOR), fjölstefnuviti (VOR)/ fjarlægðarmæliviti (DME), miðlínusendir (LLZ), miðlínusendir (LLZ)/ fjarlægðarmæliviti (DME), VHF-miðunarstöð (VDF), stefningaraðflug (SRA), svæðisleiðsaga (RNVA)/stefnubeinandi leiðsaga (LNAV) með verklagsreglum sem uppfylla viðmiðanirnar í ii. lið 1. liðar c-liðar:	Lágmarks	750	750	750	750
	Hámarks	1 500	1 500	2 400	2 400
Fyrir NDB, NDB/DME, VOR, VOR/DME, LLZ, LLZ/DME, VDF, SRA, RNAV/LNAV:	Lágmarks	1 000	1 000	1 200	1 200
— sem uppfylla ekki viðmiðanirnar í ii. lið 1. liðar c- liðar hér að framan eða — með ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð ≥ 1 200 fet	Hámarks	Samkvæmt töflu 5 ef flogið er með því að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun, að öðrum kosti gildir viðbót sem nemur 200/400 m um gildin í töflu 5 en það skal þó ekki leiða til þess að gildið fari yfir 5000 m.			

Tafla 6a

Bilaður búnaður eða búnaður með minnkaða vinnslugetu – áhrif á lendingarlágmörk

Bilaður búnaður eða búnaður með minnkaða vinnslugetu *(Aths. 1)*	Áhrif á lendingarlágmörk				
	III. flokkur B *(Aths. 2)*	III. flokkur A	II. flokkur	I. flokkur	Grunnaðflug
Varasendir fyrir blindlendingarkerfi	Ekki leyfilegt		Engin áhrif		
Ytri markviti	Engin áhrif ef sambærileg staða sem hefur verið kunngerð kemur í staðinn				Gildir ekki
Miðmarkviti	Engin áhrif				Engin áhrif nema notað við fráflug
Kerfi til að meta flugbrautarskyggni á snertisvæði	Má skipta tímabundið út á miðjupunkti flugbrautarskyggnis ef það er samþykkt af ríkinu sem flugvöllurinn er í. Heimilt er að tilkynna um flugbrautarskyggni sem fengið er með athugunum manna			Engin áhrif	
Flugbrautarskyggni á miðjupunkti eða við stöðvunarenda	Engin áhrif				
Vindmælir fyrir flugbraut í notkun	Engin áhrif ef annar búnaður á jörðu niðri er tiltækur				
Skýjahæðarmælir	Engin áhrif				
Aðflugsljós	Ekki leyfilegt fyrir starfrækslu með ákvörðunarhæð>50 fet		Ekki leyfilegt	lágmörk fyrir engin virki	
Aðflugsljós þó ekki síðustu 210 m	Engin áhrif		Ekki leyfilegt	lágmörk fyrir engin virki	
Aðflugsljós þó ekki síðustu 420 m	Engin áhrif			lágmörk fyrir miðlungsvirki	

Bilaður búnaður eða búnaður með minnkaða vinnslugetu *(Aths. 1)*	Áhrif á lendingarlágmörk				
	III. flokkur B *(Aths. 2)*	III. flokkur A	II. flokkur	I. flokkur	Grunnaðflug
Varaafl fyrir aðflugsljós	Engin áhrif				
Allt flugbrautarljósakerfið	Ekki leyfilegt			Að degi til — lágmörk fyrir engin virki Að nóttu til — Ekki leyfilegt	
Hliðarljós	Aðeins að degi til; Að nóttu til — ekki leyfilegt				
Miðlínuljós	Að degi til — flugbrautarskyggni 300 m Að nóttu til — Ekki leyfilegt		Að degi til — flugbrautar-skyggni 300 m Að nóttu til — 550 m	Engin áhrif	
Bil milli miðlínuljósa aukið upp í 30 m	Flugbrautar-skyggni 150 m	Engin áhrif			
Snertisvæði sljós	Að degi til — flugbrautar-skyggni 200 m Að nóttu til — 300 m	Að degi til — flugbrautarskyggni 300 m Að nóttu til — 550 m		Engin áhrif	
Varaafl fyrir flugbrautarljós	Ekki leyfilegt			Engin áhrif	
Akbrautarljósakerfi	Engin áhrif – að undanskildum töfum sökum minni hreyfingar flugvélar				

Aths. 1: Skilyrði sem gilda um töflu 6a:
- a) margar bilanir á flugbrautarljósum aðrar en þær sem tilgreindar eru í töflu 6a eru ekki ásættanlegar,
- b) annmarkar á aðflugs- og flugbrautarljósum eru lagfærðir sinn í hverju lagi,
- c) Starfræksla skv. II. eða III. flokki. samsetning af annmörkum á flugbrautarljósum og búnaði til að meta flugbrautarskyggni er ekki heimil,
- d) aðrar bilanir en í blindflugslendingarkerfi hafa einungis áhrif á flugbrautarskyggni en ekki ákvörðunarhæð.

Aths. 2: Fyrir starfrækslu skv. III. flokki B án ákvörðunarhæðar skal flugrekandi sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem hafa leyfi til starfrækslu án ákvörðunarhæðar með lægstu takmörkunum á flugbrautarskyggni, að eftirfarandi gildi auk þess sem er að finna í töflu 6a:
- a) Flugbrautarskyggni. A.m.k. eitt gildi fyrir flugbrautarskyggni verður að vera tiltækt á flugvellinum,
- b) flugbrautarljós:
  - i. engin hliðarljós flugbrautar eða engin miðlínuljós — að degi til — flugbrautarskyggni 200 m, að nóttu til — ekki leyfilegt,
  - ii. engin snertisvæðisljós — engar takmarkanir,
  - iii. ekkert varaafl fyrir flugbrautarljós — að degi til — flugbrautarskyggni 200 m, að nóttu til — ekki leyfilegt.

10. Flug með einum flugmanni. Þegar um er að ræða flug með einum flugmanni verður flugrekandi að reikna út lágmarksflugbrautarskyggni/skyggni fyrir öll aðflug í samræmi við OPS 1.430 og þennan viðbæti.

i. Heimilt er að nota flugbrautarskyggni sem er minna en 800 m, eins og tilgreint er í töflu 5 fyrir aðflug skv. I. flokki, að því tilskildu að annað af eftirfarandi sé notað niður í gildandi ákvörðunarhæð:

A) hentug sjálfstýring, sem er tengd við blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi sem ekki er kynnt sem takmarkað eða

B) samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (þ.m.t., eftir því sem við á, sjónaukandi búnaður) eða sambærilegt, samþykkt kerfi.

ii. Ef flugbrautarsnertisvæðisljós og/eða flugbrautarmiðlínuljós eru ekki tiltæk skal lágmarksflugbrautarskyggni/skyggni, samkvæmt veðurupplýsingum, ekki vera minna en 600 m.

iii. Heimilt er að nota flugbrautarskyggni, sem er minna en 800 metrar eins og tilgreint er í töflu 5, fyrir aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti á flugbrautir með aðflugsljósakerfi, flugbrautarsnertisvæðisljós og flugbrautarmiðlínuljós þegar notuð er samþykkt framrúðuskjámynd eða sambærilegt, samþykkt kerfi eða þegar framkvæmt er aðflug með sjálfstýringuna tengda í ákvörðunarhæð sem er 250 fet eða meira.

e) Starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki.

1. Ákvörðunarhæð

Ákvörðunarhæð fyrir starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki skal ekki vera lægri en:

i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar ef hún er tilgreind þar eða

ii. minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án þess að sjáist til tilskilinna kennileita eða

iii. lágmarkshæð yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

iv. ákvörðunarhæðin, sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í, eða

v. 200 fet

eftir því hvort er hærra.

2. Tegund virkis:

blindlendingarkerfi/örbylgjulendingarkerfi, sem styður starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, skal vera virki með beinni stefnu (≤ 3° hliðrun) og blindlendingarkerfið skal vera vottað fyrir:

i. flokk I/T/1 fyrir starfrækslu við minnst 450 m flugbrautarskyggni eða

ii. flokk II/D/2 fyrir starfrækslu við minna en 450 m flugbrautarskyggni.

Stök virki með blindlendingarkerfi eru einungis leyfileg ef þau veita afkastagetu í flokki 2.

3. Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum.

Lægstu gildi, sem flugrekandi skal nota í starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, eru tilgreind í töflu 6b hér á eftir:

Tafla 6b

Lágmörk fyrir flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki miðað við aðflugsljósakerfi

Lágmörk fyrir lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki						
Ákvörðunarhæð (fet)			Flokkur ljósavirkis			
			FALS	IALS	BALS	NALS
			Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (metrar)			
200	—	210	400	500	600	750
211	—	220	450	550	650	800
221	—	230	500	600	700	900
231	—	240	500	650	750	1 000
241	—	249	550	700	800	1 100

Aths. 1: Sjónrænu leiðsögutækin, sem samanstanda af stöðluðum flugbrautarmerkingum, sem sjást að degi til, aðflugsljósum, hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum, ljósum á brautarenda og fyrir starfrækslu undir 450 m, skulu einnig fela í sér snertisvæðisljós og/eða miðlínuljós flugbrautar).

4. Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir ákvörðunarhæð nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa og haldi þeim í sjónmáli. Hluti af þessum kennileitum verður að samanstanda af þverliggjandi merkjum sem mynda mynstur á jörðinni, t.d. þverslá aðflugsljósa, þröskuldarljós eða stuttslá snertisvæðisljósa, nema starfrækslan fari fram með því að nota samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd sem hægt er að nota niður í a.m.k. 150 fet.

5. Samþykki:

Til að starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki fari fram:

i. skal aðflugið flogið með sjálfstýringuna tengda við sjálflendingu eða samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd skal notað niður í a.m.k. 150 fet fyrir ofan þröskuldinn,

ii. skal flugvélin vera með skírteini í samræmi við CS-AWO til starfrækslu skv. II. flokki,

iii. skal sjálflendingarkerfið samþykkt fyrir starfrækslu skv. III. flokki A,

iv. skulu kröfur um sannprófun í starfrækslu uppfylltar í samræmi við h-lið 1. viðbætis við OPS 1.440,

v. skal þjálfun, sem tilgreind er í h-lið 1. viðbætis við OPS 1.450 lokið, og skal þetta fela í sér þjálfun og próf í flughermi þar sem notuð eru viðeigandi leiðsögutæki á jörðu niðri og sjónræn leiðsögutæki í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni,

vi. verður flugrekandinn að sjá til þess að reglur um verklag í lélegu skyggni hafi verið settar og séu í notkun á flugvellinum sem fyrirhugað er að lenda á og

vii. skal flugrekandinn vera samþykktur af flugmálayfirvöldum.

f) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. II. flokki og starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki

1. Almenn ákvæði.

i. Starfræksla skv. II. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi:

A) í ákvörðunarhæð sem er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og

B) í flugbrautarskyggni sem er ekki undir 300 m.

ii. Starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. III. flokki er nákvæmnisblindaðflug og –lending þar sem notað er blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi sem uppfyllir kröfur um virki sem settar eru í iii. lið hér á eftir:

A) í ákvörðunarhæð sem er undir 200 fetum en ekki minna en 100 fet (sjá töflu 7b hér á eftir) og

B) í flugbrautarskyggni sem er ekki undir 350/400 m (sjá töflu 7b hér á eftir).

iii. Blindlendingarkerfið/örbylgjulendingarkerfið, sem styður starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki, skal vera virki án takmarkana með beina stefnu (≤ 3° hliðrun) og blindlendingarkerfið skal vera vottað fyrir:

A) flokk I/T/1 fyrir starfrækslu niður að 450 m flugbrautarskyggni og í ákvörðunarhæð sem nemur 200 fetum eða meira eða,

B) flokk II/D/2 fyrir starfrækslu í flugbrautarskyggni sem er minna en 450 m eða í ákvörðunarhæð sem er innan við 200 fet.

Stök virki með blindlendingarkerfi eru einungis leyfileg ef þau veita afkastagetu í flokki 2.

2. Ákvörðunarhæð. Flugrekandi skal tryggja að ákvörðunarhæðin fyrir:

i. starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokk og starfrækslu skv. II. flokki sé ekki undir:

A) lágmarksákvörðunarhæð, samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar,

B) minnstu hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án þess að það sjáist til tilskilinna kennileita eða

C) lágmarkshæð yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

D) ákvörðunarhæðinni, sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í, eða

E) 100 fet

eftir því hvert er hærra.

3. Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi annaðhvort skv. II. flokki eða við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið d-liðar hér að framan, nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa og haldi þeim í sjónmáli. Hluti af þessum kennileitum verður að samanstanda af þverliggjandi merkjum sem mynda mynstur á jörðinni, t.d. þverslá aðflugsljósa, þröskuldarljós eða stuttslá snertisvæðisljósa, nema starfrækslan fari fram með því að nota samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd sem hægt er að nota niður að snertingu.

4. i. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. II. flokki eru sem hér segir:

Tafla 7a

Flugbrautarskyggni fyrir starfrækslu skv. II. flokki miðað við ákvörðunarhæð

Lágmörk skv. II. flokki		
Ákvörðunarhæð (fet)	Með sjálfstýringu tengda/samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd niður fyrir ákvörðunarhæð *(Aths. 1a)*	
	Flugbrautarskyggni. Flugvélar í A-, B- og C-flokki	Flugbrautarskyggni. Flugvélar í D-flokki
100-120	300 m	300/350m *(Aths. 2a)*
121-140	400 m	400 m
141 og yfir	450 m	450m

Aths. 1a: Í þessari töflu merkir „með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð/samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd“ samfellda notkun sjálfstýrikerfis eða lendingarkerfis með framrúðuskjámynd niður í hæð sem er 80% af ákvörðunarhæð. Lofthæfikröfur geta þannig haft áhrif á hvaða ákvörðunarhæð er notuð eftir því hvaða lágmarkshæð er leyfð fyrir notkun á sjálfstýrikerfinu.

Aths. 2a: Nota má 300 m fyrir sjálflendingu flugvéla í D-flokki.

ii. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi, sem flugrekandi skal nota í starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki, eru sem hér segir:

Tafla 7b

Lágmörk fyrir flugbrautarskyggni við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki miðað við aðflugsljósakerfi

Önnur lágmörk en stöðluð lágmörk skv. II. flokki					
	Sjálflending eða samþykkt lendingarkerfi með framrúðuskjámynd notað niður að snertingu				
	Flokkur ljósavirkis				
	FALS		IALS	BALS	NALS
	Sjá 5., 6. og 10. lið d-liðar flugbrautarskyggni < 750m				
	A-C flokkur	D-flokkur	A-D flokkur	A-D flokkur	A-D flokkur
Ákvörðunarhæð (fet)	Flugbrautarskyggni (metrar)				
100-120	350	400	450	600	700
121-140	400	450	500	600	700
141-160	450	500	500	600	750
161-199	450	500	550	650	750

Aths.: Sjónrænu leiðsögutækin, sem krafist er til að starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki fari fram, samanstanda af stöðluðum flugbrautarmerkingum sem sjást að degi til og aðflugs- og flugbrautarljósum (hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda). Miðlínuljós verða að vera tiltæk fyrir starfrækslu í flugbrautarskyggni sem er 400 m eða minna. Útfærslur af aðflugsljósum eru flokkaðar og tilgreindar í töflu 4 hér að framan.

iii. Til að starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki fari fram verður flugrekandinn að sjá til þess að viðeigandi reglur um verklag í lélegu skyggni hafi verið settar og séu í notkun á flugvellinum sem fyrirhugað er að lenda á.

g) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. III. Flokki (CAT III)

1. Almenn ákvæði. Starfræksla skv. III. flokki er skipt á eftirfarandi hátt:

i. Starfræksla skv. III. flokki A. Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi í:

A) ákvörðunarhæð sem er undir 100 fetum, og

B) flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 200 m.

ii. Starfræksla skv. III. flokki B. Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi í:

A) ákvörðunarhæð sem er undir 50 fetum eða án ákvörðunarhæðar og

B) flugbrautarskyggni sem er undir 200 m en ekki minna en 75 m.

Aths.: þar sem ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni falla ekki í sama flokk skal flugbrautarskyggni ákvarða í hvaða flokk starfrækslan fellur.

2. Ákvörðunarhæð Flugrekandi skal sjá til þess að í flugi, þar sem ákvörðunarhæð er notuð, sé hún ekki undir:

i. lágmarksákvörðunarhæð, samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar eða

ii. minnstu hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án þess að það sjáist til tilskilinna kennileita eða

iii. þeirri ákvörðunarhæð sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í.

3. Starfræksla án ákvörðunarhæðar. Starfræksla án ákvörðunarhæðar er því aðeins heimil ef:

i. starfræksla án ákvörðunarhæðar er heimiluð í flughandbók flugvélarinnar og

ii. aðflugstækin og flugvallarvirkin eru gerð fyrir starfrækslu án ákvörðunarhæðar og

iii. flugrekandinn hefur leyfi til starfrækslu skv. III. flokki án ákvörðunarhæðar.

Aths.: þegar um er að ræða flugbraut með búnaði skv. III. flokki má gera ráð fyrir að starfræksla án ákvörðunarhæðar geti viðgengist nema sérstakar takmarkanir séu þar á og þær birtar í flugmálahandbókinni (AIP) eða tilkynningu til flugmanna.

4. Kennileiti

i. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki A og B, sem fer fram annaðhvort með bilunarhlutlausu stýrikerfi eða með því að nota lendingarkerfi með framrúðuskjámynd, er flugmanni óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið g-liðar hér að framan, nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa, og haldi þeim í sjónmáli.

ii. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki B, sem fer fram annaðhvort með bilunarstarfhæfu stýrakerfi eða bilunarstarfhæfu lendingarkerfi með blandaðri tækni (sem samanstendur t.d. af lendingarkerfi með framrúðuskjámynd) sem nota ákvörðunarhæð, er flugmanni óheimilt að halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið e-liðar hér að framan, nema hann komi auga á kennileiti sem er a.m.k. eitt miðlínuljós og haldi því í sjónmáli.

5. Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi, sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. III. Flokki, eru sem hér segir:

Tafla 8

Flugbrautarskyggni fyrir starfrækslu skv. III. flokki miðað við ákvörðunarhæð og með leiðsögu- eða stýrakerfi fyrir lendingarbrun

Lágmörk skv. III. flokki			
Flokkur	Ákvörðunarhæð (fet) *(Aths. 2)*	Stýrikerfi/leiðsögukerfi fyrir lendingarbrun	Flugbrautarskyggni (m)
IIIA	Minni en 100 fet	Ekki krafist	200 m
IIIB	Minni en 100 fet	Bilunarhlutlaust	*150 m (Aths. 1)*
IIIB	Minni en 50 fet	Bilunarhlutlaust	125 m
IIIB	Minni en 50 fet eða engin ákvörðunarhæð	Bilunarstarfhæft (*Aths. 3*)	75 m

Aths. 1: Fyrir flugvélar sem eru vottaðar í samræmi við 3. lið b-liðar í reglum CS-AWO 321 eða sambærilegt.
Aths. 2: Aukageta stýrakerfa er ákveðin samkvæmt ákvæðum í reglum CS-AWO eftir lágmarksákvörðunarhæð sem hefur verið vottuð.
Aths. 3: Bilunarstarfhæfa kerfið, sem vísað er til, getur verið bilunarstarfhæft kerfi með blandaðri tækni.

h) Sjónaukandi kerfi

1. Flugmaður, sem notar sjónaukandi kerfi sem er vottað, að því er þennan lið varðar, og er notað í samræmi við verklagsreglur og takmarkanir samþykktrar flughandbókar, getur:

i. haldið áfram aðflugi niður fyrir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í 100 fet fyrir ofan landhæð þröskuldar flugbrautarinnar að því tilskildu að a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum birtist og sé greinanlegt í sjónaukandi kerfinu:

A) hlutar aðflugsljósanna eða

B) flugbrautarþröskuldur, sem borin eru kennsl á með a.m.k. einu af eftirfarandi: þar sem yfirborð flugbrautar, sem lent er á, hefst, þröskuldarljósin, þröskuldarauðkennisljósin og snertisvæðið sem borið er kennsl á með einu af eftirfarandi: snertisvæði flugbrautarinnar, sem lent er á, snertisvæðisljósin, snertisvæðismerkingarnar eða flugbrautarljósin,

ii. lækkað reiknað flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum fyrir aðflugið úr gildinu í 1. dálki í töflu 9 hér á eftir í gildið í 2. dálki:

Tafla 9

Aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður með lækkun á flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum miðað við venjulegt flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum

Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sem venjulega er krafist	Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum fyrir aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður
550	350
600	400
650	450
700	450
750	500
800	550
900	600
1 000	650
1 100	750
1 200	800
1 300	900
1 400	900
1 500	1 000
1 600	1 100
1 700	1 100

Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sem venjulega er krafist	Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum fyrir aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður
1 800	1 200
1 900	1 300
2 000	1 300
2 100	1 400
2 200	1 500
2 300	1 500
2 400	1 600
2 500	1 700
2 600	1 700
2 700	1 800
2 800	1 900
2 900	1 900
3 000	2 000
3 100	2 000
3 200	2 100
3 300	2 200
3 400	2 200
3 500	2 300
3 600	2 400
3 700	2 400
3 800	2 500
3 900	2 600
4 000	2 600
4 100	2 700
4 200	2 800
4 300	2 800
4 400	2 900
4 500	3 000
4 600	3 000
4 700	3 100
4 800	3 200
4 900	3 200
5 000	3 300

2. Einungis er leyfilegt að nota 1. lið h-liðar hér að framan fyrir starfrækslu með blindlendingarkerfi, örbylgjulendingarkerfi, blindlendingarratsjá, gervihnattarleiðsögukerfi og aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti með ákvörðunarhæð sem er ekki minni en 200 fet eða aðflug sem flogið er með því að nota samþykkta, stefnubeinandi leiðsögu á flugslóð í lágmarkslækkunarhæð eða ákvörðunarhæð sem er ekki undir 250 fetum.

3. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir 100 fet yfir landhæð flugbrautarþröskuldar flugbrautarinnar, sem hann hyggst nota, nema hann sjái greinilega og beri kennsl á a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum án þess að þurfa að reiða sig á sjónaukandi kerfið:

   A) ljós og merkingar þröskuldarins eða

   B) ljós og merkingar snertisvæðisins.

i) Hér á að vera eyða

j) Hringaðflug

1. Lágmarkslækkunarhæð (MHD). Lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug skal vera hærri en:

   i. útgefin lágmarkshæð yfir hindrun í hringaðflugi fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

ii. lágmarkshringaðflugshæðin, sem fengin er úr töflu 10 hér á eftir, eða

iii. ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð verklagsreglna um blindaðflug sem á undan er gengið.

2. Lágmarkslækkunarflughæð (MDA). Lágmarkslækkunarflughæð fyrir hringaðflug skal reiknuð með því að bæta útgefinni landhæð flugvallar við lágmarkslækkunarhæðina eins og hún er ákvörðuð í 1. lið hér að framan.

3. Skyggni. Lágmarksskyggni fyrir hringaðflug skal vera meira en:

i. hringaðflugsskyggni fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir, ef það er útgefið eða

ii. lágmarksskyggnið, sem fengið er úr töflu 10 hér á eftir, eða

iii. flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sem fengið er úr töflum 5 og 6 fyrir verklagsreglur um blindaðflug sem á undan er gengið.

4. Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið hér að framan er flugmálayfirvöldum heimilt að veita flugrekanda undanþágu frá kröfunni um að auka skyggni umfram það sem fengið er úr töflu 10.

5. Undanþágur, eins og lýst er í 4. lið, skulu takmarkast við þá staði þar sem skýrir almannahagsmunir eru fyrir hendi til að viðhalda núverandi starfrækslu. Undanþágurnar verða að byggjast á reynslu flugrekandans, þjálfunaráætlun og starfsréttindum flugliða. Endurskoða verður undanþágurnar reglulega.

Tafla 10

Lágmarksskyggni og lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug – skipt eftir flugvélaflokkum

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð (fet)	400	500	600	700
Minnsta skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (m)	1 500	1 600	2 400	3 600

2. Hringaðflug eftir tilskildum ferlum er viðurkennt verklag í skilningi þessa liðar.

k) Sjónaðflug. Flugrekandi skal ekki nota flugbrautarskyggni undir 800 m til sjónaðflugs.

l) Umreikningur skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni/umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum.

1. Flugrekandi skal sjá til þess að umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni/umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum sé ekki notað til að reikna út neins konar annað tilskilið lágmarksflugbrautarskyggni, sem er undir 800 m, eða þegar upplýsingar um flugbrautarskyggni eru tiltækar.

Aths.: Ef tilkynnt flugbrautarskyggni er meira en hámarksgildið sem flugvallarrekandi metur, t.d. „flugbrautarskyggni sem er meira en 1 500 metrar“, er það ekki álitið vera tilkynnt gildi að því er þennan lið varðar.

2. Þegar skyggni samkvæmt veðurskeyti er umreiknað yfir í flugbrautarskyggni skal flugrekandi, í öllum öðrum tilvikum en um getur í 1. lið. l-liðar hér að framan, sjá til þess að eftirfarandi tafla sé notuð:

Tafla 11

Umreikningur skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni/umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum

Ljós í notkun	Flugbrautarskyggni/skyggni samkvæmt veðurupplýsingum=skyggni samkvæmt veðurskeyti x	
	Að degi	Að nóttu
Hástyrks-aðflugsljós og flugbrautarljós	1,5	2,0
Öll önnur lýsing en framangreind	1,0	1,5
Engin lýsing	1,0	Gildir ekki

2. viðbætir við c-lið OPS 1.430

Flugvélaflokkar — starfræksla í skertu skyggni

a) Flokkun flugvéla

Viðmiðunin, sem hafa þarf til hliðsjónar við skiptingu flugvéla í flokka, er sýndur flughraði yfir þröskuldi (VAT), sem er jafn ofrishraða með flapa í lendingarham (VSO), margfölduðum með 1,3 eða ofrishraða miðuðum við 1G (VS1G) margfölduðum með 1,23 og er þetta miðað við lendingarham við skráðan hámarkslendingarmassa. Ef bæði VSO- og VS1G-ofrishraðar eru fyrir hendi skal nota þann hraða sem gefur hærri flughraða yfir þröskuldi (VAT). Flugvélaflokkarnir sem svara til VAT-gildanna eru gefnir upp í töflunni hér á eftir:

Flugvélaflokkur	Sýndur flughraði yfir þröskuldi (VAT)
A	Minna en 91 hnútur
B	Frá 91 til 120 hnúta
C	Frá 121 til 140 hnúta
D	Frá 141 til 165 hnúta
E	Frá 166 til 210 hnúta

Flugrekandi eða framleiðandi flugvélarinnar skal skilgreina lendingarhaminn sem taka þarf mið af.

b) Varanleg breyting á flokki (hámarkslendingarmassi)

1. Flugrekanda er heimilt að ákveða varanlegan lendingarmassa sem er lægri og nota þann massa til að ákvarða flughraða yfir þröskuldi (V_{AT}) ef það er samþykkt af flugmálayfirvöldum.

2. Flokkun flugvéla samkvæmt skilgreiningu er varanleg og því óháð breytilegum aðstæðum í daglegu flugi.

1. viðbætir við OPS 1.440

Starfræksla í lélegu skyggni — almennar reglur

a) Almenn ákvæði. Eftirfarandi verklagsreglur gilda við undirbúning og samþykki fyrir starfrækslu í lélegu skyggni.

b) Sannprófun í starfrækslu. Markmiðið með sannprófun á starfrækslu er að ákvarða eða fullgilda notkun og skilvirkni viðkomandi flugleiðsögukerfa loftfara, þ.m.t. lendingarkerfi með framrúðuskjámynd, eftir því sem við á, þjálfunar, verklagsreglna flugliða, viðhaldsáætlana og handbóka samkvæmt áætluninni í II./III. flokki sem er verið að samþykkja.

1. Framkvæma verður a.m.k. 30 aðflug og lendingar í flugi þar sem notuð eru kerfi í II./III. flokki sem eru sett upp í hverri loftfarstegund ef tilskilin ákvörðunarhæð er 50 fet eða meiri. Ef ákvörðunarhæðin er undir 50 fetum verður að framkvæma a.m.k. 100 aðflug og lendingar nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

2. Noti flugrekandi mismunandi afbrigði sömu loftfarstegundar, sem í aðalatriðum eru með sama stýra- og upplýsingakerfi eða mismunandi stýra- og upplýsingakerfi í sömu loftfarstegund, skal flugrekandinn sýna fram á að afkastageta hinna ýmsu afbrigða sé fullnægjandi, en flugrekandinn þarf ekki að ljúka fullri sannprófun í starfrækslu fyrir hvert afbrigði. Flugmálayfirvöldum er einnig heimilt að samþykkja að fækkað sé fjölda aðfluga og lendinga og er þá tekið mið af reynslu annars flugrekanda með flugrekandaskírteini, sem gefið er út í samræmi við OPS 1, sem notar sömu flugvélategund eða sama afbrigði og verklagsreglur.

3. Ef fjöldi misheppnaðra aðfluga er meiri en 5% heildaraðfluga (t.d. misheppnaðar lendingar, sambandsleysi í kerfum) verður að framlengja matsáætlunina í þrepum, með a.m.k. 10 aðflugum og lendingum, þar til heildarhlutfall misheppnaðra aðfluga er ekki meira en 5%.

c) Söfnun gagna fyrir sannprófun í starfrækslu. Hver umsækjandi verður að þróa gagnasöfnunaraðferð (t.d. eyðublað sem flugliðar nota) til að skrá árangur við aðflug og lendingu. Flugmálayfirvöld skulu fá í hendur og meta niðurstöður gagnanna ásamt samantekt á sannprófunargögnunum.

d) Greining gagna. Skrá skal og greina misheppnað aðflug og/eða sjálflendingar.

e) Stöðug vöktun

1. Eftir að hafa fengið leyfi í fyrsta sinn skal flugrekandi fylgjast stöðugt með starfrækslunni til að greina óæskilega þróun áður en hún verður hættuleg. Til þess má nota skýrslur flugáhafna.

2. Eftirfarandi gögn skulu geymd í 12 mánuði:

i. upplýsingar um heildarfjölda aðfluga, eftir flugvélartegund, þar sem búnaður flugvélar skv. II. eða III. flokki var notaður við fullnægjandi aðflug, hvort heldur var í atvinnu- eða æfingaskyni, við gildandi lágmörk skv. II. eða III. flokki og

ii. skýrslur um misheppnað aðflug og/eða sjálflendingar, skráðar eftir flugvöllum og einkennisstöfum flugvéla, í eftirfarandi flokkum:

A) bilanir í búnaði flugvélar,

B) vandamál vegna virkja á jörðu niðri,

C) fráflug vegna fyrirmæla frá flugumferðarstjórn eða

D) aðrar ástæður.

3. Flugrekandi skal koma á ákveðnu verklagi til að fylgjast með afkastagetu sjálflendingarkerfis eða lendingarkerfis með framrúðuskjámynd hverrar flugvélar niður að snertingu ,eftir því sem við á.

f) Aðlögunartími

1. Flugrekandi sem hefur enga fyrri reynslu af starfrækslu skv. II. eða III. flokki

i. Flugrekandi, sem hefur enga fyrri reynslu af starfrækslu skv. II. eða III. flokki, getur fengið samþykki til flugs skv. II. eða III. flokki A, hafi hann fengið a.m.k. sex mánaða reynslu af starfrækslu skv. I. flokki á viðkomandi flugvélartegund.

ii. Að fenginni sex mánaða reynslu af starfrækslu skv. II. eða III. flokki A á viðkomandi flugvélartegund getur flugrekandi fengið leyfi til starfrækslu skv. III. flokki B. Þegar flugmálayfirvöld veita slíkt leyfi geta þau sett tímabundið hærri mörk en þau lægstu sem í gildi eru. Hækkun lágmarka tekur venjulega aðeins til flugbrautarskyggnis og/eða takmarka á starfrækslu án ákvörðunarhæðar og skulu þau valin þannig að þau útheimti ekki breytingar á verklagi.

2. i. Flugrekendur með fyrri reynslu skv. II. eða III. flokki. Flugrekandi með fyrri reynslu skv. II. eða III. flokki getur sótt um styttri aðlögunartíma til flugmálayfirvalda.

ii. Flugrekandi sem hefur leyfi til starfrækslu, skv. II. eða III. flokki, þar sem notaðar eru verklagsreglur um aðflug með sjálfstýringuna tengda, með eða án sjálflendingar, og til að hefja síðan starfrækslu, skv. II. eða III. flokki, þar sem flogið er handvirkt með lendingarkerfi með framrúðuskjámynd skal teljast „nýr flugrekandi skv. II. eða III. flokki“ að því er varðar ákvæðin um sannprófunartímabilið.

g) Viðhald á búnaði skv. II. eða III. flokki og búnaði til flugtaks í lélegu skyggni. Flugrekandi skal gefa út fyrirmæli um viðhald á leiðsögukerfum flugvélar í samráði við framleiðanda og setja þau inn í viðhaldsáætlun flugrekanda sem mælt er fyrir um í lið M.A.302 í M-hluta og háð er samþykki flugmálayfirvalda.

h) Flugvellir og flugbrautir sem til greina koma

1. Áður en starfræksla skv. III. flokki er hafin skal sannprófa hvort samsetningin flugvélartegund/flugbraut sé samrýmanleg og er það gert með því að ljúka með fullnægjandi hætti a.m.k. einu aðflugi og lendingu við skilyrði sem eru skv. II. flokki eða betri skilyrði.

2. Fyrir flugbrautir þar sem landslag fyrir framan þröskuld er óslétt eða aðrir fyrirsjáanlegir eða þekktir annmarkar eru til staðar skal sannprófa, við stöðluð skilyrði skv. I. flokki eða betri skilyrði, áður en starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, II. flokki eða önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. eða III. flokki hefst, hvort starfræksla hverrar samsetningar flugvélartegundar/flugbrautar sé samrýmanleg í starfrækslu.

3. Noti flugrekandi mismunandi afbrigði sömu flugvélategundar, í samræmi við 4. lið hér á eftir, sem í aðalatriðum eru með sama stýra- og upplýsingakerfi, eða mismunandi stýra- og upplýsingakerfi í sömu flugvélartegund, í samræmi við 4. lið hér á eftir, skal flugrekandinn sýna fram á að afkastageta afbrigðanna sé fullnægjandi, og þarf flugrekandinn þá ekki að ljúka fullri sannprófun í starfrækslu fyrir hverja afbrigða- og flugbrautarsamsetningu.

4. Að því er h-lið varðar telst flugvélategund eða afbrigði flugvélategundar vera sama tegund/afbrigði flugvélar ef sú tegund/afbrigði hefur svipað eða sams konar:

i. tæknistig, þ.m.t.:

A) stýra-/leiðsögukerfi (FGS) og tengd upplýsinga- og stýrakerfi,

B) flugstýrakerfi og hversu vel það er samþætt stýra- og leiðsögukerfinu,

C) notkun lendingarkerfis með framrúðuskjámynd.

ii. verklagsreglur, þ.m.t.:

A) viðbúnaðarhæð,

B) handstýrð lending/sjálflending,

C) starfræksla án ákvörðunarhæðar,

D) notkun framrúðuskjámyndar/lendingarkerfis með framrúðuskjámynd í blandaðri starfrækslu,

iii. stjórnunareiginleika, þ.m.t.

A) handstýrð lending með sjálfstýrðu aðflugi eða aðflugi sem stýrt er af lendingarkerfi með framrúðuskjámynd,

B) þegar hætt er við lendingu, handstýrða úr sjálfstýrðu aðflugi,

C) sjálfstýrt/handstýrt lendingarbrun.

5. Flugrekendur, sem nota sömu flugvélategund/afbrigði flugvélar, í samræmi við 4. lið hér að framan, geta fengið metna reynslu hvers annars og skrár ef þeir uppfylla kröfur þessa liðar.

6. Flugrekendur sem stunda starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skv. II. flokki skulu vera í samræmi við 1. viðbæti við OPS 1.440 — Starfræksla í lélegu skyggni — Almennar reglur sem gilda um starfrækslu skv. II. flokki.

1. viðbætir við OPS 1.450

Starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og réttindi

a) Almenn ákvæði: Flugrekandi skal sjá til þess að í áætlunum um þjálfun flugliða fyrir starfrækslu í lélegu skyggni séu innifalin skipuleg þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða í flugvél. Flugrekanda er heimilt að stytta efni námskeiðanna, eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. lið hér á eftir, að því tilskildu að flugmálayfirvöld geti fallist á stytt námsefni.

1. Flugliðar, sem hafa enga reynslu skv. II. og III. flokki, skulu fá alla þá þjálfun sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið hér á eftir.

2. Flugliðum, sem hafa reynslu skv. II. eða III. flokki af svipaðri tegund starfrækslu (sjálfstýring tengd/sjálflending, leiðsögukerfi með framrúðuskjámynd/leiðsögukerfi með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni eða sjónaukandi kerfi) eða skv. II. flokki með handstýrðri lendingu, ef við á, hjá öðrum flugrekanda í Bandalaginu, er heimilt:

   i. að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri ef starfrækslan fer fram á annarri tegund/flokki en þeim sem fyrri reynslan, skv. II. eða III. flokki, fékkst á,

   ii. að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða í flugvél ef starfrækslan fer fram á sömu tegund/flokki en þeim sem fyrri reynslan, skv. II. eða III. flokki, fékkst á. Á styttri námskeiðum skulu a.m.k. vera innifaldar þær kröfur sem eru í 1. lið d-liðar, i. lið 2. liðar d-liðar eða ii. lið 2. liðar d-liðar, eftir því sem við á, og i. lið 3. liðar d-liðar. Með samþykki flugmálayfirvalda er flugrekandanum heimilt að fækka aðflugum/lendingum, sem krafist er í i. lið 2. liðar d-liðar ef tegund/flokkur eða afbrigði tegundar eða flokks hefur svipað eða sams konar:

      A) tæknistig — stýra/leiðsögukerfi og

      B) verklagsreglur,

      C) stjórnunareiginleika (sjá 4. lið hér á eftir)

      og þær tegundir eða flokka sem hann hefur starfrækt áður; að öðrum kosti þarf að uppfylla kröfuna í i. lið 2. liðar d-liðar að fullu,

      D) notkun lendingarkerfis með framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni,

      E) notkun sjónaukandi kerfa.

3. Flugliðum, sem hafa reynslu, skv. II. eða III. flokki hjá flugrekandanum, er heimilt að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða í flugvél.

   Á styttri námskeiðum þegar skipt er:

   i. um flugvélategund/flokk skulu a.m.k. vera innifaldar þær kröfur sem eru í 1. lið d-liðar, i. lið 2. liðar d-liðar eða ii. lið 2. liðar d-liðar, eftir því sem við á, og i. lið 3. liðar d-liðar,

   ii. yfir á annað afbrigði flugvélar innan sömu tegundar- eða flokksáritunar sem hefur svipað eða sams konar:

      A) tæknistig — stýra/leiðsögukerfi og

      B) verklagsreglur – heilleika,

      C) stjórnunareiginleika (sjá 4. lið 4 hér á eftir),

      D) notkun lendingarkerfis með framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni,

      E) notkun sjónaukandi kerfa

      og á tegundinni eða flokknum, sem starfrækslan fór fram á áður, uppfyllir mismunarnámskeið eða -kynning, sem á við um breytinguna á afbrigði, kröfuna um styttra námskeið,

iii. yfir á annað afbrigði flugvélar, innan sömu tegundar- eða flokksáritunar, sem er verulega frábrugðið að því er varðar:

A) tæknistig — stýra/leiðsögukerfi og

B) verklagsreglur – heilleika,

C) stjórnunareiginleika (sjá 4. lið hér á eftir),

D) notkun lendingarkerfis með framrúðuskjámynd/lendingarkerfis með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni,

E) notkun sjónaukandi kerfa

og þá eru kröfurnar í 1. lið d-liðar, i. lið 2. liðar d-liðar eða ii. lið 2. liðar d-liðar, eftir því sem við á, og i. lið 3. liðar d-liðar uppfylltar. Með samþykki flugmálayfirvalda er flugrekandanum heimilt að draga úr fjölda aðfluga/lendinga sem krafist er í i.-lið 2. liðar d-liðar.

4. Flugrekandi verður að sjá til þess að þegar hann starfrækir flugvélar skv. II eða III. flokki með mismunandi afbrigði flugvéla innan sömu tegundar- eða flokksáritunar réttlæti mismunur, og/eða hversu líkar viðkomandi flugvélar eru, slíka starfrækslu, að teknu tilliti til a.m.k. eftirfarandi:

i. tæknistigs, þ.m.t.:

A) stýra-/leiðsögukerfi (FGS) og tengd upplýsinga- og stýrakerfi,

B) flugstýrikerfi og samþætting þess eða ekki við stýra-/leiðsögukerfið,

C) notkun á framrúðuskjámynd/leiðsögukerfi með framrúðuskjámynd og/eða sjónaukandi kerfa,

ii. verklagsreglna, þ.m.t.:

A) bilunarhlutlaust/bilunarstarfhæft, viðbúnaðarhæð,

B) handstýrð lending/sjálflending,

C) starfræksla án ákvörðunarhæðar,

D) notkun framrúðuskjámyndar/lendingarkerfis með framrúðuskjámynd með kerfum með blandaðri tækni,

iii. stjórnunareiginleika, þ.m.t.

A) handstýrð lending með sjálfstýrðu lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og/eða aðflugi sem stýrt er að sjónaukandi kerfi,

B) þegar hætt er við lendingu handstýrða úr sjálfstýrðu aðflugi,

C) sjálfstýrt/handstýrt lendingarbrun.

b) Þjálfun á jörðu niðri. Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrsta þjálfunarnámskeiðinu á jörðu niðri í starfrækslu í lélegu skyggni skuli a.m.k. fjallað um:

1. eiginleika og takmarkanir blindlendingarkerfis og/eða örbylgjulendingarkerfis,

2. eiginleika sjónrænu leiðsögutækjanna,

3. eiginleika þoku,

4. starfshæfni og takmarkanir viðkomandi flugvélakerfis til að fella inn táknun framrúðuskjámyndar og eiginleika sjónaukandi kerfa, eftir því sem við á,

5. áhrif úrkomu, íssöfnunar svo og vindhvarfa og ókyrrðar í lítilli hæð,

6. áhrif sem tilteknar bilanir í flugvél/kerfi geta haft,

7. notkun og takmarkanir kerfa til að meta flugbrautarskyggni,

8. meginreglur krafna um hindranabil,

9. greiningu bilunar í búnaði á jörðu og ráðstafanir sem gera þarf í framhaldi af því,

10. verklag og varúðarráðstafanir sem gera skal, að því er varðar hreyfingar á jörðu niðri þegar flugbrautarskyggni er 400 m eða þar undir, og annað verklag sem nauðsynlegt er að viðhafa við flugtak í minna en 150 m skyggni (200 m fyrir flugvélar í D-flokki),

11. mikilvægi ákvörðunarhæðar, sem byggð er á ratsjárhæðarmælum, og áhrif af sniði landslags í aðflugsreit á ratsjárhæðarmælingar og sjálfvirk aðflugs-/lendingarkerfi,

12. mikilvægi og gildi viðbúnaðarhæðar (Alert Height), ef við á, og ráðstafanir sem gera þarf ef bilun verður fyrir ofan eða neðan viðbúnaðarhæð,

13. hvaða kröfur flugmenn verða að standast til að öðlast réttindi, og halda þeim, til að stjórna flugtaki í lélegu skyggni og starfrækslu skv. II. eða III. flokki,

14. mikilvægi réttrar setu og augnstellingar.

c) Þjálfun í flughermi og/eða í flugvél

1. Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í starfrækslu í lélegu skyggni í flughermi og/eða í flugvél feli í sér:

i. athugun á því hvort búnaður starfi á fullnægjandi hátt, bæði á jörðu niðri og á flugi,

ii. áhrif á lágmörk sem stafa af breytingum á ástandi búnaðar á jörðu niðri,

iii. vöktun:

A) sjálfstýrikerfa og tilkynningarskjáa um stöðu sjálflendingar, með áherslu á ráðstafanir sem gera þarf ef kerfin bila,

B) leiðsögustöðu og tilkynningaskjáa framrúðuskjámyndar/lendingarkerfa með framrúðuskjámynd/sjónaukandi kerfa, eftir því sem við á, ásamt skjámyndum í mælaborði (head down display),

iv. ráðstafanir, sem gera þarf, ef bilun verður t.d. í hreyflum, rafkerfum, vökvaþrýstikerfum eða stýrakerfum,

v. áhrif af óstarfhæfni í búnaði, sem vitað er um, og notkun lista yfir lágmarksbúnað,

vi. takmarkanir á starfrækslu vegna lofthæfivottorðs,

vii. leiðbeiningar varðandi kennileiti, sem krafist er að séu sýnileg í ákvörðunarhæð, ásamt upplýsingum um leyfilegt hámarksfrávik frá hallageisla eða miðlínugeisla og

viii. mikilvægi og gildi viðbúnaðarhæðar, ef við á, og ráðstafanir, sem gera skal, ef bilun verður fyrir ofan eða neðan viðbúnaðarhæð.

2. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fái þjálfun í störfum sínum og leiðbeiningar um þá samræmingu við störf annarra flugverja sem nauðsynleg er. Nýta ber flugherma sem mest.

3. Skipta verður þjálfuninni í áfanga þar sem æfð er eðlileg starfræksla án bilunar í flugvél eða búnaði, og felst þá í henni þjálfun við skilyrði, sem búast má við í starfrækslu í skertu skyggni, og nákvæm eftirlíking af bilun í flugvél og búnaði sem gætu haft áhrif á starfrækslu skv. II. eða III. flokki. Ef kerfi með blandaðri tækni eða önnur sérkerfi (s.s. framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd) eða sjónaukandi búnaður) eru í flugvélakerfinu verða flugliðar að æfa sig í notkun þessara kerfa í flughermi við venjulegar og afbrigðilegar aðstæður.

4. Æfa skal viðbrögð við óstarfhæfni flugverja í flugtaki í lélegu skyggni og í starfrækslu skv. II. og III. flokki.

5. Að því er varðar flugvélar, þar sem ekki er tiltækur flughermir fyrir tiltekna flugvél, skulu flugrekendur sjá til þess að sá áfangi flugþjálfunar, þar sem fjallað er sérstaklega um sjónrænar aðstæður í starfrækslu skv. II. flokki, fari fram í flughermi sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt sérstaklega til þess. Í þeirri þjálfun verða a.m.k. að vera 4 aðflug. Þjálfun, sem miðast við tiltekna flugvélartegund, skal fara fram og verklag æft í flugvélinni.

6. Við fyrstu þjálfun skv. II. og III. flokki skal æfa a.m.k. eftirfarandi atriði:

   i. aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þar sem viðkomandi flugleiðsögukerfi, sjálfstýringar og stýrakerfi flugvélarinnar eru notuð, auk skiptingar yfir í sjónflug og lendingu,

   ii. aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð með alla hreyfla virka, þar sem viðeigandi flugleiðsögukerfi, sjálfstýringar, lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og/eða sjónaukandi búnaður og stýrakerfi flugvélarinnar eru notuð, og fráflug í framhaldi af því, allt án útsýnis til kennileita,

   iii. aðflug þar sem sjálfstýrikerfi eru notuð við sjálfvirka sléttingu, lendingu og lendingarbrun, eftir því sem við á, og

   iv. eðlilega starfrækslu viðkomandi kerfis, bæði án þess og með því að hafa komið auga á kennileiti úr ákvörðunarhæð.

7. Í síðari áföngum þjálfunarinnar verður a.m.k. að þjálfa:

   i. aðflug með hreyfilbilun á ýmsum stigum aðflugs,

   ii. aðflug með bilunum í veigamiklum búnaði (s.s. rafkerfum, sjálfstýrikerfum, blindlendingar-/örbylgjulendingarkerfum á jörðu og/eða í flugvél og stöðuvökturum (status monitors)),

   iii. aðflug þar sem bilun í búnaði sjálfstýrikerfa og/eða framrúðuskjámyndar/leiðsögukerfa með framrúðuskjámynd/sjónaukandi kerfa í lítilli hæð útheimtir annaðhvort:

      A) skipti yfir í handstýrt flug til að stjórna sléttingu, lendingu og lendingarbruni eða fráflugi eða

      B) skipti yfir í handstýrt flug eða skertan sjálfstýrihátt til að stjórna fráflugi í eða undir ákvörðunarhæð, þ.m.t. fráflug sem getur endað með snertingu við braut,

   iv. bilanir í kerfum sem leiða til of mikils fráviks frá miðlínugeisla eða hallageisla, bæði yfir og undir ákvörðunarhæð, í minnsta skyggni sem leyfi er fyrir; að auki þarf að æfa skiptingu yfir í handstýrða lendingu ef framrúðuskjámynd virkar sem skertur sjálfstýriháttur eða sem eini sléttingarhátturinn og

   v. bilanir og verklag sem eiga sérstaklega við ákveðna tegund eða afbrigði flugvéla.

8. Í þjálfunaráætluninni skal gert ráð fyrir æfingu í viðbrögðum við bilunum sem útheimta að horfið sé til hærri lágmarka.

9. Í aðflugi skv. III. flokki með bilunarhlutlausu stýrakerfi skal þjálfunaráætlunin fela í sér stjórnun flugvélar ef bilun leiðir til þess að sjálfstýringin fer af í eða undir ákvörðunarhæð og síðasta tilkynning um flugbrautarskyggni hljóðar upp á 300 m eða minna.

10. Ef flugtök eru framkvæmd í 400 m flugbrautarskyggni eða minna skal koma á þjálfun sem tekur til kerfabilana og hreyfilbilunar þar sem flugtaki er haldið áfram eða hætt við flugtak.

11. Þjálfunaráætlunin skal fela í sér, eftir því sem við á, aðflug þar sem bilanir á leiðsögukerfi með framrúðuskjámynd og/eða búnaði sjónaukandi kerfa í lítilli hæð útheimtir annaðhvort:

   i. skipti yfir í framrúðuskjámynd til að stýra fráflugi eða

   ii. skipti yfir í flug með enga eða skerta leiðsögu frá lendingarkerfi með framrúðuskjámynd til að stjórna fráflugi í eða undir ákvörðunarhæð, þ.m.t. fráflug sem getur endað með snertingu við braut.

12. Flugrekandi skal sjá til þess að við flugtak í lélegu skyggni, starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki og starfrækslu skv. II. og III. Flokki, þar sem notuð er framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd eða framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni eða sjónaukandi búnaður feli þjálfunar- og prófunaráætlunin í sér, eftir því sem við á, notkun framrrúðuskjámyndar/lendingarkerfis með framrúðuskjámynd við eðlilega starfrækslu á öllum stigum flugsins.

d) Kröfur sem uppfylla þarf um þjálfun vegna flugvélaskipta til að fá leyfi til flugtaks í lélegu skyggni, starfrækslu við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki, aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður og starfræksla skv. II. og III. flokki. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði ljúki eftirfarandi þjálfun í verklagi í lélegu skyggni ef hann skiptir yfir á tegund/flokk eða afbrigði flugvélar sem verður notuð í flugtök í lélegu skyggni, við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, önnur en stöðluð skilyrði skv. II. flokki, aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður með flugbrautarskyggni sem er 800 m eða minna og starfrækt skv. II. og III. flokki. Í 2. lið a-liðar, 3. lið a-liðar og 4. lið a-liðar hér að framan eru settar fram kröfur um þá reynslu sem flugliðar verða að hafa til að fara á styttra námskeið:

1. Þjálfun á jörðu niðri. Viðeigandi kröfur í b-lið hér að framan þar sem tekið er mið af þjálfun og reynslu flugliða skv. II. og III. flokki.

2. Þjálfun í flughermi og/eða í flugvél.

   i. Minnst sex (átta fyrir lendingarkerfi með framrúðuskjámynd með eða án sjónaukandi búnaðar) aðflug og/eða lendingar í flughermi. Heimilt er að lækka kröfurnar um átta aðflug með lendingarkerfi með framrúðuskjámynd þegar starfrækt er lendingarkerfi með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni. Sjá i. lið 4. liðar hér á eftir.

   ii. Ef ekki er til flughermir, sem er eins og flugvélartegundin sem um er að ræða, þarf að gera minnst þrjú (fimm fyrir lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og/eða sjónaukandi búnað) aðflug á flugvélinni og hætta við lendingu a.m.k. einu sinni. Fyrir starfrækslu með leiðsögukerfi með framrúðuskjámynd með blandaðri tækni þarf að gera minnst þrjú aðflug, þ.m.t. að hætta a.m.k. einu sinni við lendingu.

   iii. Viðeigandi viðbótarþjálfun, ef krafist er sérbúnaðar, s.s. framrúðuskjámyndar eða sjónaukandi búnaðar. Ef aðflug, þar sem sjónaukandi kerfi eru notuð, fer fram með flugbrautarskyggni, sem er minna en 800 m, þurfa aðflugin að vera minnst fimm á flugvélinni, þ.m.t. að hætta a.m.k. einu sinni við lendingu.

3. Starfsréttindi flugliða. Kröfur um starfsréttindi flugliða miðast við flugrekanda og flugvélartegundina sem flogið er.

   i. Flugrekandinn skal sjá til þess að hver flugliði ljúki prófi áður en hann framkvæmir aðflug skv. II. eða III. flokki.

   ii. Í stað prófsins í i. lið hér að framan getur komið þjálfun í flughermi og/eða í flugvél, skv. 2. lið d-liðar hér að framan, sem lokið er með fullnægjandi árangri.

4. Flug á flugleiðum undir umsjón. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fljúgi á flugleið undir umsjón (LIFUS) sem hér segir:

   i. í II. flokki, ef krafist er handstýrðrar lendingar eða aðflugs með lendingarkerfi með framrúðuskjámynd að snertingu, minnst:

      A) þriggja lendinga eftir að sjálfstýringin hefur verið tekin af,

      B) fjögurra lendinga með lendingarkerfi með framrúðuskjámynd sem er notað að snertingu,

      en þó er aðeins krafist einnar handstýrðrar lendingar (tveggja þegar notað er lendingarkerfi með framrúðuskjámynd að snertingu) þegar þjálfunin, sem krafist er í 2. lið d-liðar hér að framan, hefur farið fram í flughermi sem vottaður hefur verið til þjálfunar án þjálfunar í flugvél

   ii. í III. flokki, minnst tveggja sjálflendinga en þó:

      A) er aðeins krafist einnar sjálflendingar þegar þjálfunin, sem krafist er í 2. lið d-liðar hér að framan, hefur farið fram í flughermi sem vottaður hefur verið til þjálfunar án þjálfunar í flugvél,

      B) er ekki krafist neinnar sjálflendingar á flugi á flugleið undir umsjón (LIFUS) þegar þjálfunin, sem krafist er í 2. lið d-liðar hér að framan, hefur farið fram í flughermi sem vottaður hefur verið til þjálfunar án þjálfunar í flugvél og flugliðinn hafi lokið námskeiði til tegundarréttinda án þjálfunar í flugvél,

C) er flugliðinn, sem er þjálfaður og veitt réttindi í samræmi við B-lið hér að framan, með réttindi til að fljúga á flugleið undir umsjón að lægstu, samþykktu ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) og flugbrautarskyggni eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni,

iii. í III. flokki minnst fjögur aðflug þar sem notað er lendingarkerfi með framrúðuskjámynd að snertingu.

e) Reynsla af flugvélartegund og flugstjórn.

1. Áður en flugstjóri, sem hefur ekki flogið viðkomandi flugvélartegund/flokki áður, eða flugmaður, sem kann að verða falin stjórn flugsins, fær réttindi til starfrækslu nýrrar flugvélar, skv. II. flokki, eru gerðar eftirfarandi viðbótarkröfur til hans:

i. að hafa flogið 50 klukkustundir eða 20 flug á viðkomandi tegund, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón og

ii. bæta skal 100 m við lágmarkskröfur um flugbrautarskyggni, skv. II. flokki, ef starfrækslan krefst handstýrðrar lendingar, skv. II. flokki, eða ef notað er lendingarkerfi með framrúðuskjámynd þar til:

A) hann hefur að baki 100 klukkustundir eða 40 flug, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón, á þeirri tegund flugvélar eða

B) hann hefur að baki 50 klukkustundir eða 20 flug, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón, á þeirri tegund flugvélar ef flugliðinn hefur áður fengið réttindi til starfrækslu, skv. II. flokki, hjá flugrekanda í Bandalaginu,

C) að því er varðar lendingarkerfi með framrúðuskjámynd skulu kröfurnar um fjölda fluga í 1. lið e-liðar og i. lið 2. liðar e-liðar alltaf gilda; klukkustundir fyrir tegund/flokk uppfylla ekki kröfurnar.

2. Áður en flugstjóri, sem hefur ekki flogið viðkomandi flugvélartegund/flokki áður, eða flugmaður, sem hefur verið falin stjórn flugsins, fær réttindi til starfrækslu nýrrar flugvélar, skv. III. flokki, eru gerðar eftirfarandi viðbótarkröfur til hans:

i. að hafa flogið 50 stundir eða 20 flug á viðkomandi tegund, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón og

ii. bæta skal 100 m við lágmarkskröfur um flugbrautarskyggni, skv. II. eða III. flokki, nema hann hafi áður fengið réttindi til starfrækslu skv. II. eða III. flokki hjá flugrekanda í Bandalaginu, þar til hann hefur að baki 100 klukkustundir eða 40 flug, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón, á þeirri tegund flugvélar.

3. Flugmálayfirvöldum er heimilt að slaka á framangreindum kröfum um flugstjórnarreynslu þegar um er að ræða flugliða sem hafa flugstjórnarreynslu skv. II. og III. flokki.

f) Flugtak í lélegu skyggni þegar flugbrautarskyggni er undir 150/200 m

1. Flugrekandi skal sjá til þess að leyfi til að stjórna flugtaki í minna en 150 m flugbrautarskyggni (200 m fyrir flugvélar í D-flokki) séu ekki veitt fyrr en að lokinni þjálfun sem hér segir:

i. eðlilegt flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni,

ii. flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni og með hreyfilbilun milli ákvörðunarhraða V_1 og öryggishraða (í frumklifri) V_2, eða um leið og öryggi leyfir og

iii. flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni og með hreyfilbilun áður en ákvörðunarhraða V_1 er náð sem leiðir til þess að hætt er við flugtak.

2. Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun, sem krafist er í 1. lið hér að framan, fari fram í flughermi. Þjálfunin verður að taka til allrar notkunar sérstaks verklags og búnaðar. Ef ekki er til flughermir, sem er eins og flugvélartegundin sem um er að ræða, geta flugmálayfirvöld samþykkt að þessi þjálfun fari fram um borð í flugvél án þess að gerðar séu kröfur um minnsta leyfilega flugbrautarskyggni (sjá 1. viðbæti við OPS 1.965).

3. Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði hafi lokið prófi áður en hann fær leyfi til að stjórna flugtaki í lélegu skyggni í minna en 150 m flugbrautarskyggni (minna en 200 m fyrir flugvélar í D-flokki), eftir því sem við á. Aðeins þjálfun, sem lokið er með fullnægjandi árangri í flughermi og/eða í flugvél skv. 1. lið f-liðar hér að framan þegar skipt er um flugvélartegund, getur komið í stað prófsins.

g) Reglubundin þjálfun og próf — starfræksla í lélegu skyggni

1. Flugrekandi skal sjá til þess að í tengslum við venjulega, reglubundna þjálfun og hæfnipróf flugrekanda sé kunnátta og geta flugmanns til að inna af hendi störf, sem tengjast tilteknum flokki réttinda hans til starfrækslu, prófuð. Tilskilinn fjöldi aðfluga, sem á að fara fram í flughermi innan gildistíma hæfnisprófs flugrekanda (eins og mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965), skal vera minnst tvö, fjögur ef lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og/eða sjónaukandi kerfi eru notuð að snertingu) þar sem annað verður að vera lending við minnsta samþykkta flugbrautarskyggni en auk þess er heimilt að skipta öðru (tveimur fyrir lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og/eða starfrækslu með sjónaukandi kerfi) þessara aðfluga út fyrir aðflug og lendingu á flugvélinni þar sem notað er samþykkt verklag skv. II. og III. flokki. Eitt fráflug skal flogið í hæfniprófi flugrekanda. Hafi flugrekandi heimild til að nota flugtak í flugbrautarskyggni, sem er undir 150/200 metrum, skal í hæfniprófi flugrekanda framkvæmt a.m.k. eitt flugtak í lélegu skyggni í minnsta leyfilega skyggni.

2. Til þjálfunar fyrir starfrækslu skv. III. flokki skal flugrekandi nota flughermi.

3. Flugrekandi skal sjá til þess að fyrir starfrækslu skv. III. flokki, þegar um er að ræða flugvélar með bilunarhlutlaust stýrakerfi, þ.m.t. lendingarkerfi með framrúðuskjámynd, sé a.m.k. einu sinni á því tímabili, sem þrjú hæfnipróf flugrekanda eru tekin, flogið fráflug sem leiðir af bilun í sjálfstýringu í eða undir ákvörðunarhæð þegar síðasta tilkynning um flugbrautarskyggni hljóðar upp á 300 m eða minna.

4. Flugmálayfirvöldum er heimilt að leyfa reglubundna þjálfun og próf í starfrækslu skv. II. flokki og flugtaki í lélegu skyggni í tiltekinni flugvélartegund þar sem ekki er völ á samþykktum flughermi fyrir flugvélategundina, sem um er að ræða, eða öðrum valkosti sem hægt er að fallast á.

Aths.: Nýleg reynsla af flugtaki í lélegu skyggni og aðflugi (starfrækslu) skv. II. eða III. flokki er byggist á sjálfvirkum aðflugum og/eða sjálflendingum er haldið við með reglubundinni þjálfun og prófum eins og mælt er fyrir um í þessum lið.

h) Viðbótarkröfur varðandi þjálfun fyrir flugrekendur, sem stunda starfrækslu við lakari skilyrði en skv. I. flokki, aðflug þar sem notaður er sjónaukandi búnaður og starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki.

1. Flugrekendur sem stunda starfrækslu við lakari skilyrði en skv. I. flokki skulu uppfylla kröfurnar í 1. viðbæti við OPS 1.450 — starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og réttindi sem gilda um starfrækslu skv. II. flokki auk krafnanna sem gilda um lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (eftir því sem við á). Flugrekandinn getur sameinað þessar viðbótarkröfur, eftir því sem við á, að því tilskildu að verklagsreglurnar séu samhæfðar. Við þjálfun vegna flugvélaskipta skal heildarfjöldi aðfluga, sem krafist er, ekki vera til viðbótar við kröfurnar í N-kafla OPS, að því tilskildu að þjálfunin fari fram við minnsta leyfilega flugbrautarskyggni. Við reglubundna þjálfun og próf er flugrekandanum einnig heimilt að sameina mismunandi kröfur, að því tilskildu að framangreind krafa um verklagsreglur sé uppfyllt og að því tilskildu að flogið sé a.m.k. eitt aðflug þar sem notuð eru lágmörk fyrir lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki á a.m.k. átján mánaða fresti.

2. Flugrekendur, sem stunda starfrækslu við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði, skv. II. flokki, skulu uppfylla kröfurnar í 1. viðbæti við OPS 1.450 — starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og réttindi sem gilda um starfrækslu skv. II. flokki auk krafnanna sem gilda um lendingarkerfi með framrúðuskjámynd (eftir því sem við á). Flugrekandinn getur sameinað þessar viðbótarkröfur, eftir því sem við á, að því tilskildu að verklagsreglurnar séu samhæfðar. Við þjálfun vegna flugvélaskipta skal heildarfjöldi aðfluga, sem krafist er, ekki vera minni en sá sem krafist er til að ljúka þjálfun skv. II. flokki þar sem notuð er framrúðuskjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd. Við reglubundna þjálfun og próf er flugrekandanum einnig heimilt að sameina mismunandi kröfur, að því tilskildu að framangreind krafa um verklagsreglur sé uppfyllt og að því tilskildu að flogið sé a.m.k. eitt aðflug þar sem notuð eru lágmörk fyrir önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki á a.m.k. átján mánaða fresti.

3. Flugrekendur, sem stunda aðflug þar sem notað er sjónaukandi kerfi með flugbrautarskyggni sem er 800 m eða minna, skulu uppfylla kröfurnar í 1. viðbæti við OPS 1.450 — starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og réttindi sem gilda um starfrækslu skv. II. flokki auk krafnanna sem gilda um framrúðuskjámynd (eftir því sem við á). Flugrekandinn getur sameinað þessar viðbótarkröfur, eftir því sem við á, að því tilskildu að verklagsreglurnar séu samhæfðar. Við þjálfun vegna flugvélaskipta skal heildarfjöldi aðfluga, sem krafist er, ekki vera minni en sá sem krafist er til að ljúka þjálfun skv. II. flokki þar sem notuð er framrúðuskjámynd. Við reglubundna þjálfun og próf er flugrekandanum einnig heimilt að sameina mismunandi kröfur, að því tilskildu að framangreind krafa um verklagsreglur sé uppfyllt og að því tilskildu að flogið sé a.m.k. eitt aðflug þar sem notað er sjónaukandi kerfi á a.m.k. tólf mánaða fresti.

1. viðbætir við OPS 1.455

Starfræksla í lélegu skyggni — verklagsreglur

a) Almenn ákvæði. Starfræksla í lélegu skyggni felur í sér:

1. handstýrt flugtak (með eða án rafeindaleiðsögukerfa eða lendingarkerfa með framrúðuskjámynd/ blandaðri tækni af framrúðuskjámynd og lendingarkerfi með framrúðuskjámynd),

2. aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið niður fyrir ákvörðunarhæð, með handstýrðri sléttingu, lendingu og lendingarbruni,

3. aðflug þar sem notað er lendingarkerfi með framrúðuskjámynd/blönduð tækni af framrúðuskjámynd og lendingarkerfi með framrúðuskjámynd og/eða sjónaukandi kerfi,

4. aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið og í framhaldi af því sjálfstýrð slétting og lending en handstýrt lendingarbrun og

5. aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið og í framhaldi af því sjálfstýrð slétting, lending og lendingarbrun, þegar gildandi flugbrautarskyggni er minna en 400 m.

Aths. 1: Nota má blandað kerfi við allar þessar tegundir starfrækslu.

Aths. 2: Heimilt er að votta og samþykkja önnur leiðsögukerfi eða aðra skjái.

b) Verklagsreglur og leiðbeiningar

1. Eðli og umfang þeirra verklagsreglna og leiðbeininga, sem settar eru fram, er háð búnaði flugvélarinnar og verklagi í stjórnklefa. Flugrekandi skal tilgreina skilmerkilega í flugrekstrarhandbókinni hverjar eru skyldur flugliða í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingarbruni og fráflugi. Leggja verður sérstaka áherslu á ábyrgð flugliða þegar skiptir úr blindflugi yfir í flug eftir kennileitum og verklag sem ber að viðhafa þegar skyggni fer versnandi eða bilun verður. Sérstaklega verður að huga að því hvernig störfum í stjórnklefa er skipt niður til að tryggja að vinnuálagið á flugmanninum, sem tekur ákvörðun um lendingu eða fráflug, sé með þeim hætti að hann geti einbeitt sér að því að hafa yfirumsjón og taka ákvarðanir.

2. Flugrekandi skal tilgreina lið fyrir lið allar verklagsreglur og leiðbeiningar í flugrekstrarhandbókinni. Leiðbeiningarnar verða að vera í samræmi við takmarkanir og skyldubundið verklag í flughandbók flugvélarinnar og skulu sérstaklega taka til eftirfarandi atriða:

   i. athugunar á því hvort búnaður flugvélarinnar starfi á viðunandi hátt bæði fyrir brottflug og í flugi,

   ii. áhrifa á lágmörk sem stafa af breyttu ástandi búnaðar á jörðu niðri og búnaði flugvélarinnar,

   iii. verklags við flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug,

   iv. verklags sem fylgja skal ef bilun verður, ef viðvörunarmerki koma fram, þ.m.t. frá framrúðu-skjámynd/lendingarkerfi með framrúðuskjámynd/sjónaukandi búnaði og við aðrar óvenjulegar aðstæður,

   v. tilskilinnar lágmarkssýn til kennileita,

   vi. mikilvægis réttrar setu og augnstellingar,

   vii. ráðstafana sem kann að vera nauðsynlegt að gera ef útsýn til kennileita versnar,

   viii. skiptingar starfa niður á áhöfn þegar fylgt er verklagsreglum skv. i. til iv. lið og vi. lið hér að framan, svo að flugstjórinn geti einbeitt sér að því að hafa yfirumsjón og taka ákvarðanir.

   ix. krafna um að öll hæðarútköll undir 200 fetum séu byggð á ratsjárhæðarmæli og að einn flugmaður haldi áfram að vakta mælitæki flugvélarinnar þar til lendingu er lokið,

   x. krafna um að viðkvæmt svæði miðlínugeisla sé varið,

   xi. notkun upplýsinga um vindhraða, vindhvörf, ókyrrð og spillta flugbraut ásamt notkun fjölmælinga varðandi flugbrautarskyggni,

xii. verklagsreglur sem skulu viðhafðar við:

A) lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki,

B) önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki,

C) aðflug þar sem notað er sjónaukandi kerfi og

D) æfingar á aðflugi og lendingu á flugbrautum, þar sem ekki eru í gildi allar verklagsreglur flugvallarins skv. II. og III. flokki,

xiii. takmarkanir á starfrækslu vegna lofthæfivottorðs og

xiv. upplýsingar um leyfilegt hámarksfrávik frá hallageisla og/eða miðlínugeisla.

1. viðbætir við OPS 1.465

Lágmarksskyggni fyrir sjónflug

Flokkur loftrýmis		A B C D E *(Aths. 1)*	F G	
			Fyrir ofan 900 m (3 000 fet) yfir meðalsjávarhæð eða 300 m (1 000 fet) yfir landi, eftir því hvort er hærra	Í eða undir 900 m (3 000 fet) yfir meðalsjávarhæð eða 300 m (1 000 fet) yfir landi, eftir því hvort er hærra
Fjarlægð frá skýjum		1.500 m lárétt 300 m (1 000 fet) lóðrétt		Laus við ský og sér til jarðar
Flugskyggni	8 km í og yfir 3.050 m (10 000 fet) meðalsjávarhæð (*Aths. 2*) 5 km undir 3.050 m (10 000 fet) meðalsjávarhæð			5 km (*Aths. 3*)

Aths. 1: Sjónflugslágmörk fyrir A-flokk loftrýmis eru höfð með til leiðbeiningar en það þýðir ekki að sjónflug sé samþykkt í A-flokki loftrýmis.

Aths. 2: Þegar skiptihæð er lægri en 3 050 m (10 000 fet) yfir meðalsjávarhæð skal nota fluglag (FL) 100 í stað 10 000 feta.

Aths. 3: Heimilt er að starfrækja flugvélar í A- og B-flokki niður í 3.000 m flugskyggni, að því tilskildu að hlutaðeigandi flugumferðaryfirvöld leyfi starfrækslu í minna en 5 km flugskyggni og aðstæður séu þannig að líkur á að mæta annarri umferð séu litlar og sýndur flughraði (IAS) sé 140 hnútar eða minni.

F-KAFLI

AFKASTAGETA – ALMENN ÁKVÆÐI

OPS 1.470

Gildissvið

a) Flugrekandi skal sjá til þess að fjölhreyflaflugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða með yfir 5700 kg hámarksflugtaksmassa, og allar fjölhreyflaflugvélar knúnar þotuhreyflum séu starfræktar í samræmi við G-kafla (Afkastagetuflokkur A).

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar knúnar skrúfuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri og með 5700 kg hámarksflugtaksmassa eða minni séu starfræktar í samræmi við H-kafla (Afkastagetuflokkur B).

c) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar knúnar strokkhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða með yfir 5700 kg hámarksflugtaksmassa, séu starfræktar í samræmi við I-kafla (Afkastagetuflokkur C).

d) Ef ekki er unnt að sýna fram á að kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar vegna sérstakra hönnunareiginleika (t.d. ef um er að ræða hljóðfráar flugvélar eða lagarflugvélar), skal flugrekandi nota samþykkta staðla um afkastagetu sem tryggja að öryggið sé jafnmikið og gerð er krafa um í viðkomandi kafla.

OPS 1.475

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að massi flugvélar:

1. í upphafi flugtaks eða á upphafsstað breyttrar flugáætlunar,

2. á upphafsstað breyttrar flugáætlunar, sé ekki meiri en sá massi, sem gerir kleift að uppfylla kröfurnar í þeim kafla sem flugið fellur undir, og er þá gert ráð fyrir að massinn minnki eftir því sem líður á flugið og að tekið sé tillit til snögglosunar eldsneytis eins og kveðið er á um í þeim sérstaka kafla.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók flugvélarinnar séu notuð til að ákvarða hvort kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar og, ef þurfa þykir, að viðbættum öðrum gögnum sem flugmálayfirvöld geta fallist á og mælt er fyrir um í viðkomandi kafla. Ef notaðir eru stuðlar, sem mælt er fyrir um í viðkomandi kafla, má taka tillit til þess ef sömu starfrækslustuðlar eru þegar í gögnum flughandbókar flugvélarinnar um afkastagetu svo að sömu stuðlar séu ekki notaðir tvisvar sinnum.

c) Þegar farið er að ákvæðum í viðkomandi kafla, ber að taka tilhlýðilegt tillit til þess í hvaða ham flugvélinni er flogið, umhverfisaðstæðna og starfrækslu kerfa sem hafa óhagstæð áhrif á afkastagetu.

d) Að því er varðar afkastagetu má flokka rakar flugbrautir, að undanskildum grasbrautum, sem þurrar væru.

e) Flugrekandi skal taka tillit til nákvæmni í kortagerð þegar metið er hvort flugtakskröfur í viðeigandi kafla séu uppfylltar.

OPS 1.480

Orðskýringar

a) Merking eftirfarandi hugtaka, sem notuð eru í F-, G-, H-, I- og J-kafla er sem hér segir:

1. „Tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak (ASDA)“. Lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd öryggisbrautar, ef viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst því yfir að slík braut sé tiltæk og geti borið massa flugvélarinnar við ríkjandi starfræksluskilyrði,

2. „Spillt flugbraut“. Flugbraut telst vera spillt (hvort sem það er á afmörkuðu svæði eða ekki) þegar meira en 25% af yfirborði hennar, innan þeirrar lengdar og breiddar sem tilskilin er og er notuð, er þakið eftirfarandi:

   i. meira en 3 mm (0,125 þumlungum) dýpt af vatni, eða krapi eða lausamjöll sem svarar til meira en 3 mm (0,125 þumlunga) af vatni,

   ii. snjó, þjöppuðum saman í þéttan massa, sem er ekki hægt að þjappa meira og loðir saman eða brotnar í stykkjum ef hann er tekinn upp (samþjappaður snjór) eða

   iii. ís, þ.m.t. blautur ís.

3. „Rök flugbraut“. Flugbraut telst vera rök ef yfirborðið er ekki þurrt en glansar þó ekki af rakanum.

4. „Þurr flugbraut“. Flugbraut, sem hvorki er blaut né spillt, en til þeirra teljast flugbrautir með slitlagi með sérstökum raufum eða gljúpu slitlagi, sem er haldið við til þess að hemlun á flugbrautinni verði eins og hún væri þurr, jafnvel þótt rakinn sé einhver.

5. „Tiltæk lendingarvegalengd (LDA)“. Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu.

6. „Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi“. Hámarksfjöldi farþegasæta í flugvél, sem flugrekandi notar, flugmálayfirvöld hafa samþykkt og tiltekinn er í flugrekstrarhandbókinni, að frátöldum flugmannssætum eða sætum í stjórnklefa og sætum öryggis- og þjónustuliða, eftir því sem við á.

7. „Tiltæk flugtaksvegalengd (TODA)“. Tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis.

8. „Flugtak“. Flugtaksmassi flugvélar er massi hennar, að meðtöldu öllu og öllum sem um borð eru við upphaf flugtaksbruns.

9. „Tiltækt flugtaksbrun (TORA)“. Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki.

10. „Blaut flugbraut“. Flugbraut telst vera blaut ef yfirborð hennar er þakið vatni, eða öðru sambærilegu, í minna magni en tilgreint er í 2. lið. a-liðar hér að framan, eða ef raki á yfirborðinu er svo mikill að af henni sýnist stafa speglun án þess þó að vatn liggi á stórum hluta hennar.

b) Hugtökin „hemlunarvegalengd við flugtak“, „flugtaksvegalengd“, „flugtaksbrun“, „raunflugslóð flugtaks“, „raunflugslóð á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan“ og „raun-flugslóð á flugleið með tvo hreyfla óstarfhæfa“, að því er varðar flugvélina, eru eins og segir í lofthæfikröfum, sem flugvélin þurfti að uppfylla til að fá skírteini, eða hafa þá merkingu sem flugmálayfirvöld tilgreina telji þau skilgreiningarnar ófullnægjandi til að sýna fram á að farið sé eftir rekstrartakmörkunum varðandi afkastagetu.

G-KAFLI

AFKASTAGETUFLOKKUR A

OPS 1.485

Almenn ákvæði

a) Til þess að unnt sé að ákvarða hvort farið sé að ákvæðum þessa kafla skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni sé öðrum gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, bætt við eftir þörfum ef samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók eru ófullnægjandi að því er varðar atriði eins og:

1. að taka tillit til erfiðra starfræksluskilyrða, t.d. í flugtaki og lendingu á spilltum flugbrautum sem eðlilegt er að gera ráð fyrir og

2. að hafa í huga að hreyfilbilun getur orðið á öllum stigum flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar blautar eða spilltar flugbrautir, að notuð séu gögn um afköst, sem eru ákvörðuð í samræmi við gildandi kröfur um vottun stórra flugvéla, eða sambærileg gögn sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

OPS 1.490

Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Þegar flugrekandi ákvarðar leyfilegan hámarksmassa í flugtaki skal hann uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. hemlunarvegalengd við flugtak má ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak,

2. flugtaksvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns,

3. flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

4. sýna verður fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar með því að nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak, sem hætt er við eða haldið áfram, og

5. á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur b-liðar hér að framan:

1. málþrýstingshæð á flugvellinum,

2. umhverfishita á flugvelli,

3. ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar,

4. halla brautar í flugtaksátt,

5. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

6. að flugbrautin kann að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak.

OPS 1.495

Hindranabil við flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á raunflugslóð flugtaks sé a.m.k. 35 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki að lokinni tiltækri flugtaksvegalengd, eða, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, að lokinni flugtaksvegalengd. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1. massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2. málþrýstingshæð á flugvellinum,

3. umhverfishita á flugvellinum og

4. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:

1. skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en raunflugslóð flugtaks er komin í hæð sem svarar til hálfs vænghafs en er ekki minni en 50 fet yfir landhæð við lok tiltæks flugtaksbruns. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15 til 25°,

2. skal alls staðar á raunflugslóð flugtaks, þar sem flugvélinni er hallað meira en 15°, vera a.m.k. 50 feta lóðrétt bil yfir hindranir innan láréttrar fjarlægðar, sem tiltekin er í a-, d- og e-lið þessarar greinar, og

3. skal flugrekandi viðhafa sérstakt verklag, sem er háð samþykki flugmálayfirvalda, og nota aukinn beygjuhalla sem ekki er meiri en 20° í 200-400 feta hæð eða ekki meira en 30° í yfir 400 feta hæð (sjá 1. viðbæti við 3. lið c-liðar OPS 1.495),

4. Taka skal nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, s.s. lengri vegalengda vegna aukins flughraða.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1. 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2. 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

e) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1. 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2. 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að uppfylla kröfur OPS 1.495 og tryggja að leið sé örugg og að sneitt sé hjá hindrunum þannig að flugvélin geti annaðhvort uppfyllt kröfur OPS 1.500 á flugleið eða lent á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

OPS 1.500

Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að gögn um einn hreyfil óstarfhæfan á raunflugslóð á flugleið, sem eru í flughandbók flugvélarinnar og eiga við þau veðurskilyrði sem gert er ráð fyrir á fluginu, séu í samræmi við annaðhvort b- eða c-lið alls staðar á leiðinni. Raunflugslóð verður að geta haft jákvæðan halla í 1500 fetum yfir flugvellinum þar sem áætlað er að lenda ef hreyfill bilar. Við veðurskilyrði, þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin, þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð.

b) Halli raunflugslóðar verður að vera jákvæður í a.m.k. 1000 fetum yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril.

c) Nauðsynlegt er að á raunflugslóð geti flugvélin haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við OPS 1.515 eða 1.520, eftir því sem við á, og að á raunflugslóðinni sé lóðrétt hindranabil a.m.k. 2000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril, í samræmi við 1.-4. lið hér á eftir:

1. gert er ráð fyrir að hreyfillinn verði óstarfhæfur á versta stað á leiðinni,

2. tekið er tillit til áhrifa vinda á flugslóðina,

3. ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallarins með tilskildar eldsneytisbirgðir, og

4. flugvöllurinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir að hreyfillinn verður óstarfhæfur, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

   i. kröfum um afkastagetu miðað við áætlaðan lendingarmassa skal vera fullnægt og

   ii. veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, og skýrslur um ástand vallarins skulu gefa til kynna að unnt verði að lenda á öruggan hátt á áætluðum lendingartíma.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum OPS 1.500 verður hann að breikka beltið, sem um getur í b- og c-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

OPS 1.505

Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrirhuguðum flugferli sé flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri, á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á 90 mínútum við staðalhitastig í logni, nema farið sé eftir b- til f-lið hér á eftir.

b) Gögn um raunflugslóð flugvélar á flugleið með tvo hreyfla óstarfhæfa verða að gera flugvélinni kleift að halda fluginu áfram við þau veðurskilyrði sem búist er við, frá þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á sama tíma, til flugvallar þar sem unnt er að lenda og stöðva vélina að fullu með því að nota tilskilið verklag fyrir lendingu með tvo hreyfla óstarfhæfa. Á raunflugslóð skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 2000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril. Í þeirri hæð og við veðurskilyrði þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð. Ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu skal flugrekandi breikka áðurnefnt belti í 18,5 km (10 sjómílur).

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum, við staðalhitastig í logni til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Raunflugslóð verður að geta haft jákvæðan halla í 1500 fetum yfir flugvelli þar sem ráðgert er að lenda eftir að tveir hreyflar hafa bilað.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

f) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 1500 fetum beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

OPS 1.510

Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

b) Fyrir blindaðflug með klifurhalla í fráflugi, sem er meiri en 2,5%, skal flugrekandi staðfesta að áætlaður lendingarmassi flugvélarinnar leyfi fráflug með klifurhalla sem er jafn eða meiri en viðeigandi klifurhalli í fráflugi á þeim hraða og í þeim ham sem notaður er við fráflug með einn hreyfil óstarfhæfan (sjá gildandi kröfur um vottun stórra flugvéla). Notkun annarrar aðferðar þarf að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum.

c) Fyrir blindaðflug með ákvörðunarhæð undir 200 fetum þarf flugrekandi að staðfesta að áætlaður lendingarmassi flugvélarinnar leyfi klifurhalla í fráflugi, með bilaðan markhreyfil, á hraða og í ham sem notaður er þegar hætt er við lendingu með a.m.k. 2,5% eða útgefnum halla, hvort sem meira er (sjá CS-AWO 243*)*. Notkun annarrar aðferðar þarf að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum.

OPS 1.515

Lending — Þurrar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475 miðað við áætlaðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum, leyfi lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi:

1. þegar um er að ræða flugvélar knúnar þotuhreyflum, á innan við 60% af tiltækri lendingarvegalengd eða

2. þegar um er að ræða flugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd,

3. þegar um er að ræða verklag í bröttu aðflugi þar sem flugmálayfirvöld geta samþykkt notkun gagna um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við 1. og 2. lið a-liðar hér að framan, eftir því sem við á, og byggð á lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 50 fet en ekki minni en 35 fet. (Sjá 1. viðbæti við 3. lið a-liðar OPS 1.515),

4. þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum 1. og 2. liðar a-liðar hér að framan er flugmálayfirvöldum þó í undantekningartilvikum heimilt, ef þau eru þess fullviss að þess sé þörf (sjá 1. viðbæti), að samþykkja skammbrautarlendingu, í samræmi við 1. og 2. viðbæti, ásamt hvers konar öðrum viðbótarskilyrðum sem flugmálayfirvöld telja vera nauðsynleg til þess að tryggja viðunandi öryggi í því sérstaka tilviki.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1. hæð flugvallar,

2. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

3. flugbrautarhalla í lendingarátt, ef hann er meiri en +/-2%.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan þarf að gera ráð fyrir því:

1. að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni, og

2. að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

d) Ef flugrekandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. liðar. c-liðar um ákvörðunarflugvöll með eina flugbraut, þar sem lending er háð tilteknum vindstuðli, má senda flugvél af stað ef tilgreindir eru tveir varaflugvellir sem eru í fullu samræmi við ákvæði a-, b- og c-liðar. Áður en aðflug til lendingar á ákvörðunarflugvelli er hafið verður flugstjórinn að ganga úr skugga um að unnt sé að lenda í fullu samræmi við ákvæði OPS 1.510 og a- og b-liðar hér að framan.

e) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. liðar c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti ákvæði a-, b- og c-liðar.

OPS 1.520

Lending — Blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé a.m.k. 115% af tilskilinni lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við OPS 1.515.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin geti verið spillt á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd verði a.m.k. söm og ákvörðuð er í samræmi við a-lið eða a.m.k. 115% af lendingarvegalengd þeirri sem ákvörðuð er í samræmi við samþykkt gögn um lendingarvegalengd á spilltri braut eða sambærileg gögn, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, eftir því hvort er lengra.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að notast við lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í a-lið hér að framan en ekki styttri en krafist er í a-lið OPS 1.515, ef í flughandbók flugvélarinnar er að finna sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum.

d) Á spilltum flugbrautum, sérstaklega undirbúnum, má notast við lendingarvegalengd sem er styttri en krafist er í b-lið hér að framan, en ekki styttri en krafist er í a-lið OPS 1.515, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á spilltum flugbrautum er að finna í flughandbók flugvélarinnar.

e) Þegar farið er að ákvæðum b-, c- og d-liðar hér að framan skal nota viðmiðanir OPS 1.515, eftir því sem við á, að því undanskildu að 1. og 2. liður a-liðar OPS 1.515 gilda ekki um b-lið hér að framan.

1. viðbætir við 3. lið c-liðar OPS 1.495

Samþykki fyrir auknum beygjuhalla

a) Til að nota aukinn beygjuhalla sem þarfnast sérstaks samþykkis verður að uppfylla eftirfarandi viðmið:

1. flughandbók flugvélarinnar verður að innihalda samþykktar upplýsingar um þá aukningu á flughraða sem nauðsynleg er og upplýsingar sem leyfa að reiknuð sé út flugslóð sem tekur tillit til aukins beygjuhalla og hraða,

2. leiðsaga eftir kennileitum verður að vera til staðar til að halda nákvæmni í flugleiðsögu,

3. lágmarksveðurskilyrði og vindmörk skulu tilgreind fyrir hverja flugbraut og samþykkt af flugmálayfirvöldum,

4. þjálfun fari fram í samræmi við ákvæði OPS 1.975.

1. viðbætir við 3. lið a-liðar OPS 1.515

Verklag í bröttu aðflugi

a) Flugmálayfirvöld geta samþykkt verklag í bröttu aðflugi þar sem notað er 4,5° aðflugshallahorn eða stærra, með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem eru undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu virtar:

1. í flughandbók flugvélarinnar verður að gefa upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi svo og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar,

2. á öllum flugvöllum, þar sem á að gera bratt aðflug, skal vera viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst a.m.k. í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla og

3. tilgreina þarf og samþykkja lágmarksveðurskilyrði fyrir hverja flugbraut sem á að nota í bröttu aðflugi. Taka skal mið af eftirfarandi atriðum:

   i. hindrunum,

   ii. tegund aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu, svo sem sjónrænum leiðsögutækjum, örbylgjulendingarkerfi, þrívíddarleiðsögukerfi, blindlendingarkerfi, miðlínusendi, fjölstefnuvita og hringvita,

   iii. lágmarkssýn til kennileita sem krafist er úr ákvörðunarhæð og lágmarkslækkunarflughæð,

   iv. tiltækum tækjabúnaði flugvélar,

   v. starfsréttindum flugmanns og þekkingu hans á staðháttum við flugvöllinn,

   vi. takmörkunum og verklagsreglum í flughandbók flugvélarinnar og

   vii. viðmiðunum fyrir fráflug.

1. viðbætir við 4. lið a-liðar OPS 1.515

Skammbrautarlendingar

a) Að því er varðar 4. lið a-liðar OPS 1.1515 getur fjarlægðin, sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa, verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar. Flugmálayfirvöld geta samþykkt slíka starfrækslu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1. Sýna þarf fram á nauðsyn á flugi með skammbrautarlendingum. Augljósir almannahagsmunir þurfa að vera í húfi og rekstrarleg nauðsyn fyrir slíku flugi, annaðhvort vegna þess að flugvöllurinn er afskekktur eða að landfræðilegar takmarkanir séu á að framlengja flugbrautina.

2. Viðmiðanir fyrir flugvélina og rekstrarviðmiðanir.

   i. skammbrautarlending er einungis hægt að samþykkja fyrir flugvélar þar sem lóðrétt fjarlægð milli sjónlínu flugmanns og neðsta hluta hjólanna, þegar flugvélin er á eðlilegum hallageisla, er ekki meiri en þrír metrar,

   ii. þegar flugvallarlágmörk eru ákvörðuð skal flugbrautarskyggni /skyggni ekki vera undir 1,5 km; auk þess skal tilgreina vindmörk í flugrekstrarhandbókinni,

   iii. lágmarksreynsla flugmanns, kröfur um þjálfun og þekkingu á staðháttum við flugvöllinn, verður að vera tilgreind fyrir slíka starfrækslu í flugrekstrarhandbókinni.

3. Gert er ráð fyrir því að hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsta öryggissvæðisins sé 50 fet.

4. Viðbótarviðmiðanir. Flugmálayfirvöld geta sett hvers konar viðbótarskilyrði, sem teljast nauðsynleg, svo flugið sé öruggt, að teknu tilliti til einkenna flugvélartegundarinnar, landslagseinkenna á aðflugssvæðinu, tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug og atriða er taka þarf til greina varðandi fráflug eða ef hætt er við lendingu. Slík viðbótarskilyrði geta t.d. verið kröfur um kerfi aðflugshallaljósa af gerðinni VASI/PAPI.

2. viðbætir við 4. lið a-liðar OPS 1.515

Skilyrði fyrir flugvelli til skammbrautarlendinga

a) Notkun öryggissvæðis skal vera samþykkt af flugvallaryfirvöldum.

b) Nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis, samkvæmt ákvæðum 4. liðar a-liðar í 1.515, skal ekki vera yfir 90 m.

c) Breidd yfirlýsts öryggissvæðis skal ekki vera minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja, eða tvöfalt vænghaf, hvort sem er meira.

d) Yfirlýst öryggissvæði skal vera laust við hindranir eða lægðir, sem myndu stofna flugvél í hættu sem nær ekki inn á flugbrautina, og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga.

e) Á yfirlýstu öryggissvæði má hvorki vera yfir 5% halli upp á við í flugtaksátt né 2% halli niður á við í lendingarátt.

f) Að því er varðar þessa starfrækslu er ekki nauðsynlegt að burðarþolskröfur 5. liðar. a-liðar OPS 1.480 gildi um yfirlýst öryggissvæði.

H-KAFLI

AFKASTAGETUFLOKKUR B

OPS 1.525

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja eins hreyfils flugvél:

1. að nóttu til eða

2. við blindflugsskilyrði nema samkvæmt reglum um sérlegt sjónflug.

Aths.: Takmarkanir á starfrækslu eins hreyfils flugvéla eru í 6. lið a-liðar OPS 1.240.

b) Flugrekandi skal fara með tveggja hreyfla flugvélar, sem standast ekki kröfur b-liðar 1. viðbætis við OPS 1.525 um klifur, eins og þær væru eins hreyfils flugvélar.

OPS 1.530

Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að óleiðrétt flugtaksvegalengd, eins og hún er tilgreind í flughandbók flugvélarinnar, sé ekki lengri en:

1. tiltækt flugtaksbrun, ef margfaldað er með stuðlinum 1,25 eða

2. ef öryggisbraut og/eða hindrunarlaust klifursvæði er tiltækt sem hér segir:

i. tiltækt flugtaksbrun,

ii. tiltæk flugtaksvegalengd ef margfaldað er með stuðlinum 1,15 og

iii. tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak ef margfaldað er með stuðlinum 1,3.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur b-liðar hér að framan:

1. massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2. málþrýstingshæð á flugvellinum,

3. umhverfishita á flugvellinum,

4. ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar,

5. halla brautar í flugtaksátt og

6. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

OPS 1.535

Hindranabil við flugtak — fjölhreyfla flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á flugtaksflugslóð flugvéla með tvo hreyfla eða fleiri, sem ákveðin er í samræmi við þennan kafla, sé a.m.k. 50 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd, sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, eða flugtaksvegalengd, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- og c-lið hér á eftir. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar plús 60 m plús 0,125 x D. Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan þarf að gera ráð fyrir því:

1. að flugtaksflugslóð byrji í 50 feta hæð yfir yfirborði við enda þeirrar flugtaksvegalengdar sem krafist er í b-lið OPS 1.530 og endi í 1500 feta hæð yfir yfirborði,

2. að flugvélinni sé ekki hallað fyrr en hún hefur náð 50 feta hæð yfir yfirborði og eftir það sé henni ekki hallað meira en 15°,

3. að markhreyfill flugvélarinnar bili á flugtaksslóð með alla hreyfla virka þar sem reiknað er með að kennileiti, sem tekið er mið af til að sneiða hjá hindrunum, hverfi úr augsýn,

4. að halli flugtaksflugslóðar, úr 50 fetum upp í þá hæð þar sem gert er ráð fyrir að hreyfill bili, sé jafn meðalgildi halla í klifri á öllum hreyflum og við skipti yfir í leiðarflugsham, margfaldað með stuðlinum 0,77 og

5. að halli flugtaksflugslóðar, úr þeirri hæð sem náð er í samræmi við 4. lið hér að framan allt til enda flugtaksflugslóðar, sé sá sami og klifurhalli á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan á flugleið, eins og gefið er upp í flughandbók flugvélarinnar.

b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1. 300 m, ef flogið er við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum, eða ef tiltæk eru flugleiðsögutæki sem gera flugmanninum kleift að halda áætlaðri flugslóð af sömu nákvæmni (sjá 1.viðbæti við 1. lið b- og c-liðar OPS 1.535) eða

2. 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

c) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1. 600 m, í flugi við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum (sjá 1, viðbæti við 1. lið b- og c-liðar OPS 1.535),

2. 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-, b- og c-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:

1. massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2. málþrýstingshæð á flugvellinum,

3. umhverfishita á flugvellinum og

4. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

OPS 1.540

Á flugleið — fjölhreyfla flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti flugvélin, ef einn hreyfill bilar og þeir sem enn eru virkir starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, haldið áfram flugi í eða ofan við viðeigandi lágmarkshæðir fyrir öruggt flug samkvæmt flugrekstrarhandbókinni, að stað í 1000 fetum yfir flugvelli sem uppfyllir skilyrðin um afkastagetu.

b) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:

1. má ekki gera ráð fyrir að flugvélin fljúgi í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl og

2. skal fyrirhugaður halli á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla, eða mesti klifurhalli minnkaður með 0,5% halla, eftir því sem við á.

OPS 1.542

Á flugleið — eins hreyfils flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti flugvélin náð stað þar sem unnt er að nauðlenda örugglega ef hreyfill bilar. Fyrir landflugvélar er þess krafist að um sé að ræða stað á landi, nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

b) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:

1. má ekki gera ráð fyrir að flugvélin fljúgi í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu, með hreyfilinn virkan innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl og

2. skal fyrirhugaður halli á flugleið vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla.

OPS 1.545

Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

OPS 1.550

Lending — þurrar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélar, sem ákvarðaður er í samræmi við a-lið OPS 1.475 fyrir áætlaðan lendingartíma, leyfi lendingu og algjöra stöðvun úr 50 fetum ofan við þröskuld á innan við 70% tiltækrar lendingarvegalengdar á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum.

1. Flugmálayfirvöld geta samþykkt að notuð séu gögn um lendingarvegalengdir, leiðrétt í samræmi við þennan lið og miðuð við lágmarkshæð yfir ímyndaðri hindrun, sem er undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum (sjá 1. viðbæti við a-lið OPS 1.550).

2. Flugmálayfirvöld geta samþykkt skammbrautarlendingar í samræmi við viðmiðanirnar í 2. viðbæti við a-lið OPS 1.550.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1. hæð flugvallar,

2. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli og ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli,

3. ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar og

4. halla flugbrautar í lendingarátt.

c) Ef senda á flugvél í flug í samræmi við a-lið hér að framan þarf að gera ráð fyrir:

1. að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni, og

2. að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

d) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. liðar c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti ákvæði a-, b- og c-liðar.

OPS 1.555

Lending — Blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé jafnlöng eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd, ákvörðuð í samræmi við OPS 1.550, margfölduð með stuðlinum 1,15.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, að lendingarvegalengdin, sem er ákvörðuð út frá gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, fyrir þær aðstæður, sé ekki lengri en tiltæk lendingarvegalengd.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að notast við lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í a-lið hér að framan en ekki styttri en krafist er í a-lið OPS 1.550, ef í flughandbók flugvélarinnar er að finna sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum.

1. viðbætir við b-lið OPS 1.525

Almenn ákvæði — klifur í flugtaki og við lendingu

a) Flugtaksklifur

1. Allir hreyflar virkir

i. Eftir flugtak skal stöðugur klifurhalli vera a.m.k. 4% með:

A) flugtaksafl á öllum hreyflum,

B) lendingarbúnað niðri nema ef unnt er að draga hann upp, á innan við 7 sekúndum, en þá gildir það eins og hann sé uppdreginn,

C) með flapa í flugtaksstöðu og

D) klifurhraða sem er ekki minni en hærri talan af 1,1 lágmarksstjórnunarhraða (VMC) og 1,2 ofrishraða (VS1).

2. Einn hreyfill óstarfhæfur

i. Stöðugur klifurhalli í 400 feta hæð yfir flugtaksbraut verður að vera mælanlega jákvæður:

A) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

B) með hreyfilinn, sem enn er virkur, með flugtaksafli,

C) með lendingarbúnað uppdreginn,

D) með flapa í flugtaksstöðu og

E) með klifurhraða sem jafngildir klifurhraðanum sem næst í 50 fetum.

ii. Stöðugur klifurhalli má ekki vera undir 0,75% í 1500 feta hæð yfir flugtaksbraut:

A) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

B) með ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur,

C) með lendingarbúnað uppdreginn,

D) með flapa uppdregna og

E) með klifurhraða sem er ekki undir ofrishraða 1,2 (VS1).

b) Klifur við lendingu

1. Allir hreyflar virkir

i. Stöðugur klifurhalli skal vera a.m.k. 2,5%:

A) með ekki meira afli eða kný en tiltækur er 8 sekúndum eftir að aflgjafar eru fyrst færðir úr lægstu gangstöðu á flugi,

B) með lendingarbúnað niðri,

C) með flapa í lendingarstöðu og

D) með klifurhraða sem jafngildir viðmiðunarhraða (VREF) í aðflugi til lendingar.

2. Einn hreyfill óstarfhæfur

   i. Stöðugur klifurhalli má ekki vera minni en 0,75% í 1500 feta hæð yfir yfirborði sem lent er á:

      A) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

      B) með ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur,

      C) með lendingarbúnað uppdreginn,

      D) með flapa uppdregna og

      E) með klifurhraða sem er ekki undir ofrishraða 1,2 (VS1).

1. viðbætir við 1. lið b- og c-liðar OPS 1.535

Flugtaksflugslóð — ferli fylgt eftir kennileitum

Til þess að hægt sé að leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum skal flugrekandi sjá til þess að ríkjandi veðurskilyrði á starfrækslutímanum, þ.m.t. skýjaþekjuhæð og skyggni, séu slík að unnt sé að sjá og þekkja hindranir og/eða kennileiti á jörðu niðri. Til að bil yfir hindrunum og landi sé öruggt skal tilgreina lágmarksveðurskilyrði fyrir viðkomandi flugvöll í flugrekstrarhandbókinni svo að flugliðar geti allan tímann ákvarðað og fylgt réttri flugslóð, með hliðsjón af kennileitum sem hér segir:

a) verklag skal vera vel skilgreint að því er varðar viðmiðanir við kennileiti á jörðu niðri svo að unnt sé að greina flugferilinn með tilliti til krafna um hindranabil,

b) verklag skal vera innan getumarka flugvélarinnar að því er varðar framhraða, beygjuhalla og vindáhrif,

c) áhöfnin skal hafa skriflega og/eða myndræna lýsingu af verklaginu til að styðjast við og

d) tilgreina skal takmarkandi umhverfisaðstæður (t.d. vind, ský, skyggni, dag/nótt, umhverfislýsingu og hindranalýsingu).

1. viðbætir við a-lið OPS 1.550

Verklag í bröttu aðflugi

a) Flugmálayfirvöld geta samþykkt verklag í bröttu aðflugi þar sem notað er 4,5° aðflugshallahorn eða stærra, með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem eru undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu virtar:

1. í flughandbók flugvélarinnar verður að gefa upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi svo og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar,

2. á öllum flugvöllum, þar sem á að gera bratt aðflug, skal vera viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst a.m.k. í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla,

3. tilgreina þarf og samþykkja lágmarksveðurskilyrði fyrir hverja flugbraut sem á að nota í bröttu aðflugi. Taka skal mið af eftirfarandi atriðum:

   i. hindrunum,

   ii. tegund aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu, svo sem sjónrænum leiðsögutækjum, örbylgjulendingarkerfi, þrívíddarleiðsögukerfi, blindlendingarkerfi, miðlínusendi, fjölstefnuvita og hringvita,

   iii. lágmarkssýn til kennileita sem krafist er úr ákvörðunarhæð og lágmarkslækkunarflughæð,

   iv. tiltækum tækjabúnaði flugvélar,

   v. starfsréttindum flugmanns og þekkingu hans á staðháttum við flugvöllinn,

   vi. takmörkunum og verklagsreglum í flughandbók flugvélarinnar og

   vii. viðmiðunum fyrir fráflug.

2. viðbætir við a-lið OPS 1.550

Skammbrautarlendingar

a) Að því er varðar 2. lið a-liðar OPS 1.550 getur fjarlægðin, sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa, verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar. Flugmálayfirvöld geta samþykkt slíka starfrækslu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1. notkun yfirlýsts öryggissvæðis skal vera samþykkt af flugvallaryfirvöldum,

2. yfirlýst öryggissvæði skal vera laust við hindranir eða lægðir, sem myndu stofna flugvél í hættu sem nær ekki inn á flugbrautina, og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga,

3. á yfirlýstu öryggissvæði má hvorki vera yfir 5% halli upp á við né 2% halli niður á við í lendingarátt,

4. nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis, samkvæmt ákvæðum þessa viðbætis, skal ekki vera meiri en 90 m,

5. breidd yfirlýsts öryggissvæðis skal ekki vera minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar, frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja,

6. gert er ráð fyrir því að hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsts öryggissvæðis sé ekki undir 50 fetum í aðfluginu,

7. að því er varðar þessa starfrækslu er ekki nauðsynlegt að burðarþolskröfur 5. liðar. a-liðar OPS 1.480 gildi um yfirlýst öryggissvæði,

8. lágmarksveðurskilyrði skulu vera tilgreind og samþykkt fyrir hverja flugbraut, sem nota á, og skulu þau ekki vera undir mörkum sjónflugslágmarka eða lágmörkum grunnaðflugs hvort sem hærra er,

9. kröfurnar sem gerðar eru til flugmannsins skulu vera tilgreindar (sbr. a-lið OPS 1.975),

10. flugmálayfirvöld geta sett öll þau viðbótarskilyrði sem nauðsynleg eru af flugöryggisástæðum, að teknu tilliti til tegundareinkenna flugvélarinnar, aðflugstækja og atriða er taka þarf til greina varðandi fráflug eða ef hætt er við lendingu.

I-KAFLI

AFKASTAGETUFLOKKUR C

OPS 1.560

Almenn ákvæði

Til þess að unnt sé að ákvarða hvort farið sé að ákvæðum þessa kafla skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni sé öðrum gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, bætt við eftir þörfum ef samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók eru ófullnægjandi.

OPS 1.565

Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar en hreyfilbilun er ekki tekin með í reikninginn, að fjarlægð frá byrjun flugtaksbruns sem flugvélin þarf til að ná 50 feta hæð yfir yfirborði með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksflugtaksafl, þegar margfaldað er annaðhvort með stuðlinum:

   1. 1,33 fyrir tveggja hreyfla flugvélar eða

   2. 1,25 fyrir þriggja hreyfla flugvélar eða

   3. 1,18 fyrir fjögurra hreyfla flugvélar,

   sé ekki lengri en tiltækt flugtaksbrun á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

c) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar og hreyfilbilun er tekin með í reikninginn, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt í samræmi við forskriftir í flughandbók flugvélarinnar:

   1. hemlunarvegalengd við flugtak má ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak,

   2. flugtaksvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns,

   3. flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

   4. sýna verður fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar með því að nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak, sem hætt er við eða haldið áfram, og

   5. á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

d) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann standist kröfur b- og c-liðar hér að framan:

   1. málþrýstingshæð á flugvellinum,

   2. umhverfishita á flugvelli,

   3. ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar,

   4. halla brautar í flugtaksátt,

   5. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

   6. að flugbrautin kann að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak.

OPS 1.570

Hindranabil við flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess, þegar einn hreyfill er óstarfhæfur, að á flugtaksflugslóð sé a.m.k. 50 feta lóðrétt hindranabil plús 0,01 x D sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Flugtaksflugslóð verður að byrja í 50 feta hæð yfir yfirborði í lok flugtaksvegalengdarinnar, sem krafist er í b- eða c-lið OPS 1.565, eftir því sem við á, og enda í 1500 fetum yfir yfirborði.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1. massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2. málþrýstingshæð á flugvellinum,

3. umhverfishita á flugvellinum og

4. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

d) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en flugtaksflugslóð er komin í 50 feta hæð yfir yfirborði. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15 til 25°. Taka skal nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, s.s. lengri vegalengda vegna aukins flughraða.

e) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana í láréttri fjarlægð sem er meiri en:

1. 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2. 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan, í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15°, þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana í láréttri fjarlægð sem er meiri en:

1. 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2. 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

g) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að standast kröfur OPS 1.570 og til að tryggja örugga leið og sneiða hjá hindrunum þannig að flugvélin standist annaðhvort kröfur OPS 1.580 á flugleið eða lendi á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

OPS 1.575

Á flugleið — allir hreyflar virkir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti stighraði flugvélarinnar, á hvaða stað sem er á leiðinni eða ráðgerðum frávikum frá henni, verið a.m.k. 300 fet á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl:

1. í lágmarksflughæð fyrir öruggt flug alls staðar á leiðinni, sem á að fljúga, eða ráðgerðum frávikum frá henni, sem tilgreind eru eða reiknuð út frá upplýsingum um flugvélina í flugrekstrarhandbókinni, og

2. í þeim lágmarksflughæðum, sem nauðsynlegar eru til að fara að skilyrðum sem kveðið er á um í OPS 1.580 og 1.585, eftir því sem við á.

OPS 1.580

Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist er við fyrir flugið, geti flugvélin, ef hreyfill verður óstarfhæfur einhvers staðar á leiðinni eða ráðgerðu fráviki frá henni og hinn eða hinir hreyflarnir, sem enn eru virkir, starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við ákvæði OPS 1.595 eða OPS 1.600, eftir því sem við á, og flogið yfir hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með lóðréttu bili sem er minnst:

1. 1000 fet, þegar stighraðinn er núll eða meiri, eða

2. 2000 fet, þegar stighraðinn er neikvæður (þ.e. flugvélin heldur ekki hæð).

b) Flugslóðin verður að geta haft jákvæðan halla í 450 m (1500 feta) hæð yfir flugvellinum þar sem gert er ráð fyrir að lenda eftir að einn hreyfill bilar.

c) Að því er varðar þessa grein er gert ráð fyrir að tiltækur stighraði flugvélarinnar sé 150 fetum minni á mínútu en mesti stighraði sem er tilgreindur.

d) Flugrekandi verður að breikka beltið, sem um getur í a-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) þegar hann sýnir fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar, ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

OPS 1.585

Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrirhuguðum flugferli sé flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að ekki sé unnt að ná þangað á 90 mínútum í logni við staðalaðstæður, á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi, nema farið sé að b- til e-lið hér á eftir.

b) Á flugslóð, sem gefin er upp fyrir flugvél með tvo hreyfla óstarfhæfa, verður að vera mögulegt að fljúga áfram við þau veðurskilyrði, sem búist var við, og fljúga yfir allar hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með a.m.k. 2000 feta lóðrétt hindranabil til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum, við staðalhitastig í logni til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 450 m (1500 fetum) beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

e) Að því er varðar þessa grein er gert ráð fyrir að mögulegur stighraði flugvélarinnar sé 150 fetum minni á mínútu en tilgreindur stighraði.

f) Flugrekandi verður að breikka beltið, sem um getur í a-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) þegar hann sýnir fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar, ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

g) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

OPS 1.590

Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, ef hann er tiltekinn í flughandbók flugvélarinnar, á fyrirhuguðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

OPS 1.595

Lending — Þurrar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475 miðað við áætlaðan lendingartíma, leyfi lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

   1. hæð flugvallar,

   2. að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli,

   3. gerð flugbrautaryfirborðs, og

   4. halla flugbrautar í lendingarátt.

c) Ef senda á flugvél í flug í samræmi við a-lið hér að framan þarf að gera ráð fyrir:

   1. að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni, og

   2. að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

d) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. liðar c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti ákvæði a-, b- og c-liðar.

OPS 1.600

Lending — Blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé jafnlöng eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd, ákvörðuð í samræmi við OPS 1.595, og margfölduð með stuðlinum 1,15.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, að lendingarvegalengdin, sem er ákvörðuð út frá gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, fyrir þær aðstæður, sé ekki lengri en tiltæk lendingarvegalengd.

J-KAFLI

MASSI OG JAFNVÆGI.

OPS 1.605

Almenn ákvæði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.605)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á öllum stigum starfrækslu sé hleðsla, massi og þyngdarmiðja flugvéla jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í samþykktri flughandbók flugvélarinnar eða flugrekstrarhandbók ef hún er meira takmarkandi.

b) Flugrekandi skal ákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun og síðan á fjögurra ára fresti ef stuðst er við massa hverrar flugvélar en á níu ára fresti ef stuðst er við massa flugvélaflota. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Enn fremur skal endurvigta flugvélar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.

c) Flugrekandi skal ákvarða massa allra hluta, sem notaðir eru við starfrækslu, svo og flugverja sem reiknað er með í þurrarekstrarmassa flugvélarinnar, með vigtun eða notkun staðalmassa. Ákvarða skal áhrif staðsetningar þeirra á þyngdarmiðju flugvélarinnar.

d) Flugrekandi skal ákvarða massa flutningshleðslu, að meðtalinni kjölfestu, með því að vigta hana eða ákvarða massa flutningshleðslunnar í samræmi við staðalmassa farþega og farangurs samkvæmt OPS 1.620.

e) Flugrekandi skal ákvarða massa eldsneytis á flugvél út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.607

Orðskýringar

a) Þurrarekstrarmassi: heildarmassi flugvélar sem er tilbúin til tiltekinnar tegundar starfrækslu, að frádreginni heildarþyngd nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu. Í þessum massa eru eftirtaldir þættir:

   1. áhöfn og áhafnarfarangur,

   2. vistir og lausabúnaður fyrir þjónustu við farþega og

   3. drykkjarvatn og íðefni í salerni.

b) Hámarksþurramassi: mesti leyfilegi massi flugvélar án nýtanlegs eldsneytis. Massi eldsneytis í tilteknum geymum skal reiknaður með í þurramassanum ef það er tekið sérstaklega fram í ákvæðum um takmarkanir í flughandbók flugvélarinnar.

c) Hámarkslendingarmassi miðað við burðarþol: mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar í lendingu við eðlilegar aðstæður.

d) Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol: mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.

e) Flokkun farþega:

   1. fullorðnir, konur og karlar, eru skilgreindir sem einstaklingar tólf ára og eldri,

   2. börn eru skilgreind sem einstaklingar tveggja ára og eldri en undir tólf ára aldri,

   3. ungbörn eru skilgreind sem einstaklingar undir tveggja ára aldri.

f) Flutningshleðsla: heildarmassi farþega, farangurs og farms, að meðtalinni óarðbærri hleðslu.

OPS 1.610

Hleðsla, massi og jafnvægi

Í flugrekstrarhandbók skal flugrekandi tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægiskerfinu er uppfylla kröfur OPS 1.605. Það kerfi skal ná til allrar fyrirhugaðrar starfrækslu.

OPS 1.615

Massagildi fyrir áhöfn

a) Flugrekandi skal nota eftirfarandi massagildi til að ákvarða þurrarekstrarmassa:

1. raunmassa, þ.m.t. allan áhafnarfarangur eða

2. staðalmassa, sem er 85 kg fyrir flugliða og 75 kg fyrir öryggis- og þjónustuliða, þ.m.t. handfarangur eða

3. aðra staðalmassa sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Flugrekandi skal leiðrétta þurrarekstrarmassann, með hliðsjón af viðbótarfarangri ef einhver er. Taka skal tillit til staðsetningar þessa viðbótarfarangurs þegar þyngdarmiðja flugvélar er ákvörðuð.

OPS 1.620

Massagildi fyrir farþega og farangur

a) Flugrekandi skal reikna út massa farþega og skráðs farangurs, annaðhvort með því að nota raunverulega þyngd hvers einstaklings samkvæmt vigt og raunverulega þyngd farangurs samkvæmt vigt eða staðalmassagildi, sem tilgreind eru í töflu 1 til 3 hér á eftir, nema farþegasæti séu færri en tíu. Þá er heimilt að ákvarða massa farþega með því að láta hvern farþega, eða einhvern fyrir hans hönd, gefa upp þyngd sína munnlega með því að áætla hana og bæta við hann fyrir fram reiknuðum stuðli fyrir handfarangur og fatnað. Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera reglur um hvenær skuli nota raunmassa, hvenær staðalmassa og hvaða verklag skal viðhafa þegar þyngd er gefin upp munnlega.

b) Ef raunmassi er ákvarðaður með vigtun skal flugrekandi sjá til þess að persónulegir munir og handfarangur sé reiknaður með. Skal þá vigtun fara fram rétt áður en farið er um borð og sem næst þeim stað.

c) Ef massi farþega er ákvarðaður með staðalmassagildum skal nota staðalmassagildin í töflu 1 til 2 hér á eftir. Í staðalmassa er innifalinn handfarangur og massi allra ungbarna undir tveggja ára aldri sem fullorðinn farþegi situr með í einu farþegasæti. Ungbörn sem sitja ein í farþegasæti teljast börn, að því er þennan lið varðar.

d) Massagildi fyrir farþega — 20 sæti eða fleiri

1. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin fyrir karla og konur í töflu 1. Ef heildarfjöldi farþegasæta er 30 eða fleiri er annar kostur að nota massagildin fyrir „alla fullorðna“ í töflu 1.

2. Í töflu 1 merkir orlofsleiguflug leiguflug sem er einungis ætlað sem hluti af orlofsferðatilboði. Massagildi orlofsleiguflugs gilda að því tilskildu að ekki séu notuð meira en 5% farþegasætanna, sem hafa verið sett í flugvélina, til óarðbærs flutnings sérstakra flokka farþega.

Tafla 1

Farþegasæti	20 eða fleiri		30 eða fleiri
	Karl	Kona	Allir fullorðnir
Öll flug nema orlofsleiguflug	88 kg	70 kg	84 kg
Orlofsleiguflug	83 kg	69 kg	76 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

e) Massagildi fyrir farþega — 19 sæti eða færri.

1. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota staðalmassagildin í töflu 2.

Tafla 2

Farþegasæti	1-5	6-9	10-19
Karl	104 kg	96 kg	92 kg
Kona	86 kg	78 kg	74 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

2. Ef enginn handfarangur er í farþegaklefa í flugi eða ef handfarangur er reiknaður sér er heimilt að draga 6 kg frá massagildum fyrir karla og konur hér á eftir. Hlutir eins og yfirhafnir, regnhlífar, litlar handtöskur eða veski, lesefni eða litlar myndavélar teljast ekki til handfarangurs að því er þennan lið varðar.

f) Massagildi fyrir farangur

1. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin í töflu 3 fyrir hvern hlut í skráðum farangri. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota raunmassa skráðs farangurs samkvæmt vigt.

2. Að því er töflu 3 varðar:

i. innanlandsflug er flug sem hefst og lýkur innan landamæra eins og sama ríkis,

ii. flug á evrópska svæðinu er flug, annað en innanlandsflug, sem hefst og lýkur á svæði sem tilgreint er í 1. viðbæti við f-lið OPS 1.620 og

iii. alþjóðaflug er flug, annað en flug á evrópska svæðinu, sem hefst á brottfararstað og lýkur á ákvörðunarstað sem eru í mismunandi heimsálfum.

Tafla 3

20 sæti eða fleiri

Tegund flugs	Staðalmassi farangurs
Innanlandsflug	11 kg
Á evrópska svæðinu	13 kg
Alþjóðaflug	15 kg
Öll önnur flug	13 kg

g) Óski flugrekandi eftir að nota önnur staðalmassagildi en gefin eru upp í töflu 1 til 3 hér að framan skal hann greina flugmálayfirvöldum frá ástæðunum og fá samþykki þeirra fyrir fram. Hann skal einnig leggja fram ítarlega vigtunaráætlun til samþykkis og beita þeirri aðferð við tölfræðilega greiningu sem gefin er upp í 1. viðbæti við g-lið OPS 1.620. Þegar flugmálayfirvöld hafa sannprófað og samþykkt niðurstöður vigtananna gilda endurskoðuðu staðalmassagildin aðeins fyrir þann flugrekanda. Ekki er unnt að nota endurskoðuðu staðalmassagildin nema við sams konar aðstæður og vigtað var við. Í þeim tilvikum sem endurskoðuðu staðalmassagildin eru hærri en gildin í töflu 1 til 3 skal nota hærri gildin.

h) Í öllu flugi, þar sem ljóst er að reikna verður með því að verulegur fjöldi farþega ásamt handfarangri sé þyngri en staðalmassi farþega, skal flugrekandi ákvarða raunmassa farþeganna með því að vigta þá eða auka massagildin nægilega.

i. Ef notuð eru staðalmassagildi fyrir skráðan farangur og verulegur fjöldi farþega lætur skrá farangur, sem gert er ráð fyrir að fari yfir staðalmassa farangurs, skal flugrekandi ákvarða raunmassa þessa farangurs með því að vigta hann eða auka massagildin nægilega.

j) Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóri sé látinn vita ef notuð hefur verið óstöðluð aðferð til að ákvarða massa hleðslunnar og að sú aðferð sé tilgreind í massa- og jafnvægisskrá.

OPS 1.625

Massa- og jafnvægisskrár

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.625)

a) Fyrir hvert flug skal flugrekandi gera massa- og jafnvægisskrá þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind. Massa- og jafnvægisskrá skal gera flugstjóra kleift að ákvarða að hleðslu og dreifingu sé þannig háttað að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægismörk fyrir flugvélina. Nafn þess sem fyllir út massa- og jafnvægisskrána skal koma fram í skránni. Sá sem hefur yfirumsjón með hleðslu flugvélarinnar skal staðfesta, með undirskrift sinni, að hleðsla og dreifing hennar séu í samræmi við massa- og jafnvægisskrána. Flugstjórinn verður að geta fallist á það skjal og skal hann samþykkja það með áritun eða á annan sambærilegan hátt. (Sjá einnig 12. lið. a-liðar OPS 1.1055.)

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um breytingar á hleðslu á síðustu stundu.

c) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í a- og b-lið hér að framan.

1. viðbætir við OPS 1.605

Massi og jafnvægi — Almenn ákvæði

(Sjá OPS 1.605)

a) Ákvörðun þurrarekstrarmassa flugvélar

1. Vigtun flugvélar

i. Nýjar flugvélar eru venjulega vigtaðar í verksmiðjunni og því tilbúnar til starfrækslu án endurvigtunar ef massa- og jafnvægisskrár hafa verið leiðréttar með tilliti til breytinga eða lagfæringa á flugvélinni. Ekki þarf að vigta flugvél, sem einn flugrekandi með samþykkta áætlun um massaeftirlit afhendir öðrum flugrekanda með samþykkta áætlun um massaeftirlit, áður en flugrekandinn, sem tekur við henni, tekur hana í notkun nema fjögur ár séu liðin frá því að hún var vigtuð síðast.

ii. Massa og staðsetningu þyngdarmiðju skal endurákvarða reglubundið fyrir hverja flugvél. Flugrekandi ákveður hámarkstímann sem líða má milli tveggja vigtana og skal hann vera í samræmi við ákvæði b-liðar OPS 1.605. Auk þess skal endurákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, annaðhvort með:

A) vigtun eða

B) útreikningi, ef flugrekandi getur lagt fram nægileg rök fyrir gildi þeirrar reikningsaðferðar sem notuð er, ef breytingar á þurrarekstrarmassa eru samtals meiri en 0,5% af hámarkslendingarmassa eða ef breytingar á staðsetningu þyngdarmiðju eru samtals meiri en 0,5% af meðalvænglínu.

2. Massi og staðsetning þyngdarmiðju fyrir flugvélaflota

i. Þegar um er að ræða flota eða hóp flugvéla af sömu tegund í sömu útfærslu er heimilt að nota meðalgildi þurrarekstrarmassa og meðalstaðsetningu þyngdarmiðju sem massagildi og staðsetningu þyngdarmiðju fyrir flugvélaflotann, að því tilskildu að þurrarekstrarmassi og staðsetning þyngdarmiðju í hverri flugvél uppfylli ákvæðin um leyfileg frávik í ii. lið hér á eftir. Enn fremur gilda viðmið sem kveðið er á um í iii. og iv. lið og í 3. lið a-liðar hér á eftir.

ii. Leyfileg frávik

A) Ef þurrarekstrarmassi flugvélar, sem hefur verið vigtuð, eða útreiknaður þurrarekstrarmassi flugvélar í flugvélaflota víkur meira en 0,5% frá hámarkslendingarmassa miðað við burðarþol frá ákvörðuðum þurrarekstrarmassa flugvélaflotans eða staðsetning þyngdarmiðju víkur meira en 0,5% af meðalvænglínu frá þyngdarmiðju flugvélaflotans skal ekki telja flugvélina með í flugvélaflotanum. Heimilt er að ákvarða aðra flugvélaflota sem hver um sig er með mismunandi meðalmassa flugvélaflota.

B) Þegar massi flugvélar er innan marka þurrarekstrarmassa flugvélaflota en staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar er utan leyfilegra marka fyrir flotann er þó heimilt að starfrækja flugvélina samkvæmt gildandi þurrarekstrarmassa flugvélaflotans með staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

C) Sé unnt að benda á verulegan útlitsmun á tiltekinni flugvél og öðrum flugvélum í flotanum, sem gera má nákvæma grein fyrir (t.d. eldhús- eða sætafyrirkomulag), og það veldur því að hún fer yfir mörk flugvélaflotans er heimilt að hafa flugvélina áfram í flotanum, að því tilskildu að leiðrétt sé á viðeigandi hátt fyrir massa og/eða staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

D) Hafi meðalvænglína flugvéla ekki verið gefin upp skal starfrækja flugvélarnar, samkvæmt gildum fyrir massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, eða láta athuga þær og samþykkja sérstaklega.

iii. Gildi flotans notuð

A) Þegar flugvél hefur verið vigtuð, eða hafi breytingar orðið á búnaði flugvélarinnar eða útfærslu, skal flugrekandi ganga úr skugga um að flugvélin sé innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii. lið 2. lið hér að framan.

B) Flugvélar, sem hafa ekki verið vigtaðar frá síðustu úttekt á flotamassa, má hafa áfram í flota, sem starfræktur er með flotagildum, að því tilskildu að gildi fyrir hverja flugvél séu endurmetin með útreikningi og haldist innan fráviksmarkanna sem skilgreind eru í ii. lið 2. liðar hér að framan. Ef gildi einstakra flugvéla eru ekki lengur innan leyfilegra fráviksmarka skal flugrekandi annaðhvort ákvarða ný flotagildi, sem uppfylla skilyrði samkvæmt i. og ii. 2. liðar hér að framan eða starfrækja flugvélar sem eru ekki innan markanna samkvæmt þeirra eigin gildum.

C) Til að bæta flugvél í flota, sem starfræktur er samkvæmt flotagildum, skal flugrekandi sannprófa, með vigtun eða útreikningum, að raunveruleg gildi séu innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii. lið 2. liðar hér að framan.

iv. Til að uppfylla ákvæði i. liðar 2. liðar hér að framan skal uppfæra flotagildin eigi sjaldnar en í lok hverrar úttektar á flotamassa.

3. Fjöldi flugvéla sem þarf að vigta til að finna flotagildi

i. ef „n“ er fjöldi flugvéla í flota, þar sem flotagildi eru notuð, skal flugrekandi, á tímabilinu milli tveggja úttekta á flotamassa, vigta a.m.k. ákveðinn fjölda flugvéla eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir:

Fjöldi flugvéla í flotanum	Lágmarksfjöldi vigtana
2 eða 3	N
4 til 9	(n + 3)/2
10 eða fleiri	(n + 51)/10

ii. þegar flugvélar eru valdar til vigtunar ber að velja þær flugvélar úr flotanum sem lengst er síðan að voru vigtaðar,

iii. ekki mega líða meira en 48 mánuðir milli tveggja úttekta á flotamassa.

4. Vigtunaraðferð

i. Framleiðandi eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtun.

ii. Gera skal eðlilegar varúðarráðstafanir í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur, s.s.:

A) kanna hvort flugvél og búnaður er fullfrágenginn,

B) ganga úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra vökva,

C) sjá til þess að flugvélin sé hrein og

D) sjá til þess að vigtun fari fram í lokaðri byggingu.

iii. Búnaður, sem notaður er til vigtunar, skal kvarðaður og núllstilltur á réttan hátt og notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Framleiðandi, mælifræðistofnun eða önnur löggilt stofnun skal annast kvörðun allra voga innan tveggja ára eða innan tímamarka sem framleiðandi vigtunarbúnaðarins tiltekur, hvort heldur skemmra er. Búnaðurinn verður að gera kleift að finna nákvæmlega massa flugvélarinnar.

b) Sérstök staðalmassagildi fyrir flutningshleðslu. Til viðbótar við staðalmassa fyrir farþega og skráðan farangur getur flugrekandi farið fram á samþykki flugmálayfirvalda fyrir staðalmössum annarrar hleðslu.

c) Hleðsla flugvéla

1. Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans séu hlaðnar undir umsjón hæfs starfsfólks.

2. Flugrekandi skal sjá til þess að hleðsla á fragt sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikning á massa og jafnvægi flugvélarinnar.

3. Flugrekandi skal virða viðbótartakmarkanir vegna burðarþols, s.s. burðartakmarkanir gólfs, hámarkshleðslu á lengdarmetra, hámarksmassa í vörurými og/eða hámarkshleðslumörk vegna sæta.

d) Þyngdarmiðjumörk

1. Þyngdarmiðjusvið í rekstri Ef ekki er raðað í sæti og tekið nákvæmlega tillit til fjölda farþega í hverri sætaröð, farms í hverju vörurými og eldsneytis í hverjum geymi við útreikning á jafnvægi verður að þrengja samþykkt þyngdarmiðjusvið með rekstrartakmörkunum. Þegar mörk þyngdarmiðjusviðs eru ákvörðuð skal hafa í huga hugsanleg frávik frá áætlaðri dreifingu hleðslunnar. Sé sætaval frjálst skal flugrekandi setja verklagsreglur til að tryggja að velji farþegar sér of einhliða sæti eftir flugvélinni endilangri þá bregðist flugliðar eða öryggis- og þjónustuliðar við og leiðrétti það. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þrengingu þyngdarmiðjusviðsins og verklagsreglur þar að lútandi, þ.m.t. áætluð skipan farþega í sæti.

2. Þyngdarmiðja á flugi. Auk 1. liðar d-liðar hér að framan skal flugrekandi sýna fram á að í reglunum sé tekið fullt tillit til mestu frávika í færslu þyngdarmiðju sem orðið geta á flugi og stafa af því að áhöfn/farþegar eru á ferli svo og eyðslu og tilfærslu eldsneytis.

1. viðbætir við f-lið OPS 1.620

Skilgreining á flugi á evrópska svæðinu

Að því er varðar f-lið OPS 1.620 merkir flug á evrópska svæðinu, að innanlandsflugi undanskildu, flug á svæði sem markað er með kompáslínu milli eftirfarandi punkta:

— N7200 E04500

— N4000 E04500

— N3500 E03700

— N3000 E03700

— N3000 W00600

— N2700 W00900

— N2700 W03000

— N6700 W03000


— N7200 W01000

— N7200 E04500

eins og sýnt er á mynd 1 hér fyrir neðan:

Mynd 1

Evrópska svæðið



1. viðbætir við g-lið OPS 1.620

Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur

a) Farþegar

1. Úrtaksaðferð við vigtun. Ákvarða skal meðalmassa farþega og handfarangurs þeirra með vigtun þar sem notuð eru slembiúrtök. Tilhögun og umfang slembiúrtöku skal vera dæmigert fyrir fjölda farþega með hliðsjón af tegund starfrækslu og tíðni á mismunandi leiðum, innleið/útleið, árstíð og sætaframboði í flugvélinni.

2. Fjöldi í úrtaki. Vigtunaráætlunin skal a.m.k. taka til þess fjölda sem mestur er:

i. fjöldi farþega sem reiknaður er út frá tilraunaúrtaki með venjulegum tölfræðilegum aðferðum og byggist á hlutfallslegum vikmörkum (nákvæmni) sem eru 1% fyrir alla fullorðna og 2% fyrir meðalmassa fyrir karla annars vegar og konur hins vegar og

ii. fyrir flugvélar:

A) þar sem framboð farþegasæta er 40 eða meira, alls 2000 farþega, eða

B) þar sem framboð farþegasæta er minna en 40, alls 50 × sætaframboðið.

3. Farþegamassi. Farþegamassi verður að innihalda massa þess farangurs sem farþegi hefur með sér þegar hann gengur um borð í flugvélina. Þegar tekin eru slembiúrtök af farþegamassa skal vigta ungbörn með þeim fullorðna sem er með þau (sjá einnig c-, d-, og e-lið OPS 1.620).

4. Vigtunarstaður. Vigtun skal fara fram eins nálægt flugvélinni og unnt er, á stað þar sem ólíklegt er að breyting verði á farþegamassa með því að farþegar losi sig við eða bæti á sig persónulegum munum áður en þeir fara um borð í flugvélina.

5. Vog. Vogin, sem notuð er til að vigta farþegana, skal geta vigtað a.m.k. 150 kg. Minnsta kvarðaskipting má ekki vera stærri en 500 g. Nákvæmni vogarinnar skal vera innan 0,5% eða 200 g skekkjumarka, eftir því hvort er meira.

6. Skráning massagilda. Í hverju flugi skal skrá massa farþeganna, í hvaða farþegaflokki þeir eru (þ.e. karl/kona/barn) og flugnúmer.

b) Skráður farangur. Tölfræðiaðferðin til að ákvarða endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farangur, sem byggjast á meðalmassa farangurs í tilskildum lágmarksfjölda úrtaka, er í grundvallaratriðum sú sama og fyrir farþega og eins og greint er frá í 1. lið a-liðar. Hlutfallsleg vikmörk (nákvæmni) fyrir farangur eru 1%. Vigta skal minnst 2000 stykki af skráðum farangri.

c) Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur.

1. Framkvæma skal tölfræðilega greiningu til að tryggja að það hafi ekki óhagstæð áhrif á öryggi í starfrækslu að nota endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farþega og skráðan farangur fremur en raunveruleg massagildi sem ákvörðuð eru með vigtun. Úr slíkri greiningu fást meðalmassagildi fyrir farþega og farangur og sömuleiðis önnur gögn.

2. Í flugvélum með 20 farþegasætum eða fleiri gilda þessar meðaltalstölur sem endurskoðuð staðalmassagildi fyrir karla og fyrir konur.

3. Í minni flugvélum skal bæta við eftirfarandi gildisaukum fyrir meðalfarþegamassa til að fá fram endurskoðuð staðalmassagildi:

Fjöldi farþegasæta	Aukning á massagildi sem krafist er
1-5 þ.m.t.	16 kg
6-9 þ.m.t.	8 kg
10-19 þ.m.t.	4 kg

Annar möguleiki er að nota endurskoðuðu (meðal) staðalmassagildin fyrir alla fullorðna í flugvélum með 30 eða fleiri farþegasæti. Endurskoðuð (meðal) staðalmassagildi fyrir skráðan farangur gilda í flugvélum með 20 farþegasæti eða fleiri.

4. Flugrekendur eiga þess kost að leggja ítarlega vigtunaráætlun fyrir flugmálayfirvöld til samþykkis til að fá síðan að víkja frá endurskoðuðu staðalmassagildi, að því tilskildu að fráviksgildið sé ákvarðað með aðferðinni sem gerð er grein fyrir í þessum viðbæti. Slík frávik skal endurskoða með minnst 5 ára millibili.

5. Endurskoðuð staðalmassagildi fyrir alla fullorðna skulu byggjast á hlutfalli karla/kvenna sem er 80/20 í öllu flugi nema orlofsleiguflugi þar sem hlutfallið er 50/50. Óski flugrekandi eftir samþykki fyrir öðru hlutfalli á tilteknum leiðum eða í tilteknu flugi skal hann afhenda flugmálayfirvöldum gögn sem sýna að hið nýja hlutfall karla/kvenna er varlega áætlað og að það tekur til a.m.k. 84% af mældu hlutfalli karla/kvenna í úrtaki úr a.m.k. 100 dæmigerðum flugferðum.

6. Meðalmassagildin sem fást skulu hækkuð eða lækkuð í næstu heilu kílóatölu. Massagildi skráðs farangurs skulu hækkuð eða lækkuð í næstu 0,5 kg tölu, eftir því sem við á.

1. viðbætir við OPS 1.625

Massa- og jafnvægisskrár

a) Massa- og jafnvægisskrár

1. Inntak

i. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisskrám:

A) skrásetning og tegund flugvélar,

B) flugnúmer og dagsetning flugs,

C) nafn flugstjórans,

D) nafn þess sem fyllti út skrána,

E) þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja flugvélarinnar,

F) massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytiseyðslu í fluginu,

G) massi annarrar eyðslu en eldsneytis í fluginu,

H) hleðslueiningar, að meðtöldum farþegum, farangri, fragt og kjölfestu,

I) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi,

J) dreifing hleðslu,

K) viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar og

L) takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.

ii. Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að sleppa sumum þessara upplýsinga úr massa- og jafnvægisskrám.

2. Breytingar á síðustu stundu. Verði breytingar á síðustu stundu eftir að gengið hefur verið frá massa- og jafnvægisskrá skal athygli flugstjórans vakin á því og verður að færa þær breytingar inn í massa- og jafnvægisskrána. Í flugrekstrarhandbókinni skal tilgreina mestu leyfilega breytingu á fjölda farþega eða á farmi í lest sem unnt er að fallast á sem breytingu á síðustu stundu. Ef farið er yfir þá tölu skal gera nýja massa- og jafnvægisskrá.

b) Tölvuvædd kerfi. Ef massa- og jafnvægisskrárnar eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna. Hann skal koma á kerfi til að hafa eftirlit með því að breytingar á ílagsgögnum hans séu teknar á réttan hátt inn í kerfið ásamt því að kerfið starfi rétt og óslitið og hann gerir þetta með því að sannprófa frálagsgögnin með í mesta lagi sex mánaða millibili.

c) Massa- og jafnvægiskerfi í flugvélinni. Óski flugrekandi eftir því að fá að nota massa- og jafnvægistölvukerfi í flugvél sem aðalgagnagrunn fyrir flugið þarf hann að fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir því.

d) Gagnatenging. Ef massa- og jafnvægisskrá er send flugvélum um gagnatengingu skal afrit af endanlegu massa- og jafnvægisskránni, sem flugstjórinn hefur samþykkt, vera tiltækt á jörðu niðri.

K-KAFLI

MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR

OPS 1.630

Almennur inngangur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flug sé ekki hafið nema mælitæki og búnaður sem krafist er samkvæmt þessum kafla:

1. hafi verið samþykktur, nema sá sem tilgreindur er í c-lið, og settur upp í samræmi við kröfur, sem um hann gilda, þ.m.t. staðlar um lágmarksafkastagetu og kröfur er lúta að starfrækslu og lofthæfi og

2. séu í starfhæfu ástandi fyrir þá tegund flugs sem fram á að fara, að undanskildu því sem kveðið er á um í lista yfir lágmarksbúnað (sbr. OPS 1.030).

b) Staðlar um lágmarksafköst mælitækja og búnaðar eru hinir sömu og í gildandi evrópskum tækniforskriftum (ETSO) eins og þeir eru skráðir í viðeigandi forskriftum um evrópskar tækniforskriftir (CS-TSO) nema mælt sé fyrir um aðra staðla um afkastagetu í starfrækslu- eða lofthæfireglum. Þegar OPS-reglurnar koma til framkvæmda má halda áfram að nota eða setja upp mælitæki og búnað, sem samrýmist öðrum forskriftum en evrópskum tækniforskriftum fyrir hönnun og afkastagetu, nema gerðar séu viðbótarkröfur í þessum kafla. Mælitæki og búnaður, sem hefur þegar hlotið samþykki, þarf ekki að samrýmast endurskoðuðum evrópskum tækniforskriftum eða öðrum endurskoðuðum forskriftum, nema gerðar séu kröfur um afturvirkni þar að lútandi.

c) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði:

1. bræðivörum sem um getur í OPS 1.635,

2. vasaljósum sem um getur í 4. lið a-liðar OPS 1.640,

3. nákvæmri klukku sem um getur í b-liðum OPS 1.650 og 1.652,

4. kortahaldara sem um getur í n-lið OPS 1.652,

5. sjúkrakössum sem um getur í OPS 1.745,

6. læknatösku sem um getur í OPS 1.755,

7. gjallarhornum sem um getur í OPS 1.810,

8. búnaði til að lifa af og neyðarblysum sem um getur í a- og c-lið OPS 1.835,

9. rekakkerum og búnaði til að liggja við legufæri, akkeri eða stýra lagarflugvélum og láðs- og lagarflugvélum á vatni eins og um getur í OPS 1.840,

10. festibúnaði fyrir börn sem um getur í 3. lið a-liðar OPS 1.730.

d) Ef flugliði þarf að nota búnað í vinnureit sínum á flugi er nauðsynlegt að hann eigi auðvelt með að nota búnaðinn frá vinnureitnum. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.

e) Mælitækjum, sem einn flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina. Þegar krafist er einungis eins mælitækis um borð í flugvél, sem tveir eða fleiri flugliðar nota, skal koma því þannig fyrir að mælitækið sjáist frá öllum vinnureitum flugliða sem þetta gildir um.

OPS 1.635

Öryggi rafrása

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem bræðivör eru notuð nema tiltæk séu til vara í hverju flugi a.m.k. 10% af þeim fjölda bræðivara sem þarf af hverjum styrkleika, eða þrjú af hverjum styrkleika, og gildir sú tala sem hærri er.

OPS 1.640

Ljós á flugvélum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

a) Til flugs að degi til:

1. blikljósakerfi,
2. ljós sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er fyrir örugga starfrækslu flugvélarinnar,
3. ljós sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og lýsa upp alla farþegaklefa, og
4. vasaljós handa hverjum flugverja sem skylt er að hafa um borð og skulu flugverjar eiga hægt með að grípa til þeirra úr sæti sínu í vinnureit.

(b) Til flugs að nóttu til, auk búnaðarins sem tilgreindur er í a-lið hér að framan:

1. siglingaljós og
2. tvö lendingarljós eða eitt ljós með tveimur glóðarþráðum sem fá orku hvor frá sínum aflgjafa og
3. ljós samkvæmt alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef um er að ræða lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél.

OPS 1.645

Rúðuþurrkur

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með yfir 5700 kg samþykktan hámarksflugtaksmassa nema rúðuþurrka sé í vinnureit hvers flugmanns eða sambærilegur búnaður til að halda hluta rúðunnar auðum í úrkomu.

OPS 1.650

Sjónflug að degi til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél að degi til í samræmi við reglur um sjónflug nema í henni séu eftirfarandi flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður sem uppfylla, þar sem það á við, kröfur í eftirfarandi liðum:

a) um seguláttavita,

b) um nákvæma klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur,

c) um næman þrýstingshæðarmæli sem er kvarðaður í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi,

d) hraðamælir sem er kvarðaður í hnútum,

e) stig- og fallmælir,

f) um beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallastilli (turn coordinator) með innbyggðum skriðmæli,

g) um sjónbaug,

h) um nefstefnuvísi með stefnustöðugleika og

i) um mæli inni í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar og er kvarðaður í Celsíus-gráðum,

j) um að í flugi sem tekur skemmri tíma en 60 mínútur, þar sem lagt er í flug og lent á einum og sama flugvellinum og flogið í innan við 50 sjómílna fjarlægð frá flugvellinum, sé heimilt að nota annaðhvort beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallastilli með innbyggðum skriðmæli, eða bæði sjónbaug og skriðmæli í stað mælitækjanna sem mælt er fyrir um í f, g- og h-lið hér að framan og 4., 5. og 6. lið k-liðar hér á eftir,

k) um að krafist er tveggja flugmanna skuli eftirfarandi tæki einnig vera í vinnureit aðstoðarflugmanns:

   1. um næman þrýstingshæðarmæli sem er kvarðaður í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi,

   2. hraðamælir sem er kvarðaður í hnútum,

   3. stig- og fallmælir,

   4. um beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallastilli (turn coordinator) með innbyggðum skriðmæli,

   5. sjónbaugur og

   6. nefstefnuvísir með stefnustöðugleika,

l) um að öll hraðamælakerfi skuli vera búin hituðum stemmurörum eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflanir vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar:

   1. í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9,

   2. flugvélar með lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1999 eða síðar.

m) um að þegar krafist er tveggja samstæðra mælitækja felist í þeirri kröfu að báðir flugmennirnir skuli hafa sérskjá og sérveljara eða annan fylgibúnað, eftir því sem við á,

n) um að í öllum flugvélum skuli vera búnaður sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum og

o) um að allar flugvélar með þéttnitakmarkanir, sem ekki eru á annan hátt sýndar á tilskildum flughraðamælum, skuli hafa Mach-töluvísi í vinnureit beggja flugmannanna,

p) um að flugrekandi skuli ekki starfrækja flugvél í sjónflugi að degi til nema hún sé búin heyrnartólum með hljóðnema eða jafngildum búnaði fyrir hvern flugliða sem er á flugvakt í stjórnklefa.

OPS 1.652

Blindflug eða flug að nóttu til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til í samræmi við sjónflugsreglur nema í henni séu flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður sem uppfylla, þar sem það á við, kröfur í eftirfarandi liðum:

a) um seguláttavita,

b) um nákvæma klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur,

c) um tvo næma þrýstingshæðarmæla sem eru kvarðaðir í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi; þessir hæðarmælar skulu hafa tromluteljara og vísi eða sambærilegan búnað,

d) hraðamælakerfi með hituðu stemmuröri eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflun vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, þ.m.t. búnaður sem gefur viðvörun þegar stemmurörshitari bilar; krafa um viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara gildir ekki um flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri eða skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998,

e) stig- og fallmælir,

f) beygju- og skriðmælir,

g) um sjónbaug,

h) um nefstefnuvísi með stefnustöðugleika,

i) um mæli inni í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar og er kvarðaður í Celsíus-gráðum og

j) um tvö sjálfstæð kyrruþrýstingskerfi, nema í skrúfuflugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni, er heimilt að nota eitt kyrruþrýstingskerfi ásamt einu varakerfi sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa,

k) um að krafist er tveggja flugmanna skuli eftirfarandi tæki einnig vera í vinnureit aðstoðarflugmanns:

   1. næmur þrýstingshæðarmælir, kvarðaður í fetum, með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting, sem líklegt er að stillt sé á í flugi, og má mælirinn vera annar af hæðarmælunum tveimur sem gerð er krafa um í c-lið hér að framan; þessir hæðarmælar skulu hafa tromluteljara og vísi eða sambærilegan búnað,

   2. hraðamælakerfi með hituðu stemmuröri eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflun vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, þ.m.t. búnaður sem gefur viðvörun þegar stemmurörshitari bilar; krafa um viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara gildir ekki um flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri eða skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998,

   3. stig- og fallmælir,

   4. beygju- og skriðmælir,

   5. sjónbaugur og

   6. nefstefnuvísir með stefnustöðugleika,

l) um að flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu verði auk þess að vera búnar einum varasjónbaugi (gervisjónbaugi) sem unnt er að nota frá vinnureit hvors flugmannsins sem er og

   1. fær stöðugt afl við eðlilegar aðstæður í flugi en verði allsherjarbilun í aðalrafkerfi flugvélarinnar fær hann rafmagn frá öðrum sjálfstæðum aflgjafa,

   2. starfar á öruggan hátt í minnst 30 mínútur eftir að allsherjarbilun hefur orðið í aðalrafkerfi flugvélarinnar, með hliðsjón af öðru álagi á neyðaraflgjafa og verklagsreglum,

   3. starfar óháð öllum öðrum sjónbaugskerfum,

   4. fer í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu og

   5. er nægilega vel lýstur á öllum stigum flugsins nema þegar um er að ræða flugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni, sem höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995 og eru búnar varasjónbaugi vinstra megin í mælaborði,

m) um að samkvæmt ákvæðum l-liðar hér að framan verði flugáhöfnin að fá greinilegt merki um það hvenær sjónbaugurinn, sem gerð er krafa um í þeim lið, gangi fyrir neyðarafli; ef sjónbaugurinn hefur eigin aflgjafa skal það sjást annaðhvort á tækinu sjálfu eða í mælaborðinu hvenær sá aflgjafi er í notkun,

n) um að kortahaldari skuli vera þannig staðsettur að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt sé að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til,

o) um að ef varasjónbaugskerfi, vottað skv. 4. lið. b-liðar CS 25.1303 eða samsvarandi kröfum, er sett í flugvélina sé heimilt að nota skriðmæla í stað beygju- og skriðmæla,

p) um að þegar krafist er tveggja samsvarandi mælitækja felist í þeirri kröfu að báðir flugmennirnir skuli hafa skjá og sérstillibúnað eða annan fylgibúnað, eftir því sem við á,

q) um að í öllum flugvélum skuli vera búnaður sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum og

r) um að allar flugvélar með þéttnitakmarkanir, sem ekki eru á annan hátt sýndar á tilskildum flughraðamælum, skuli hafa Mach-töluvísi í vinnureit beggja flugmannanna,

s) um að flugrekandi skuli ekki starfrækja flugvél í blindflugi eða að nóttu til nema hún sé búin heyrnartólum með hljóðnema eða jafngildum búnaði fyrir hvern flugliða, sem er á flugvakt í stjórnklefa, og sendihnappi á stýrishjóli fyrir hvern flugmann sem krafist er í áhöfn.

OPS 1.655

Viðbótarbúnaður fyrir flug með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í blindflugi með einum flugmanni nema hún sé búin sjálfstýringu með a.m.k. hæðarhafti og nefstefnustýringu.

OPS 1.660

Hæðarviðvörunarkerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél búna skrúfuhverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða flugvélar knúnar þotuhreyflum nema þær hafi hæðarviðvörunarkerfi sem getur:

   1. varað flugáhöfnina við þegar flugvélin nálgast fyrir fram valda flughæð, hvort sem verið er að hækka eða lækka flugið, og

   2. varað flugáhöfn við, a.m.k. með hljóðmerki, ef flugvélin fer yfir eða undir fyrir fram valda flughæð

   nema um sé að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 5700 kg eða minni, og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu og með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1972, og höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995.

OPS 1.665

Jarðvarakerfi og landslagsgreiningar- og viðvörunarkerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél búna hverfihreyflum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu nema hún sé búin jarðvarakerfi sem er með framsýna virkni sem varar við hættum í landslagi (landslagsgreiningar- og viðvörunarkerfi — TAWS).

b) Jarðvarakerfið, skal gefa flugáhöfn greinileg hljóðmerki sem geta auk þess verið með sjónmerkjum og fara sjálfkrafa í gang nógu tímanlega og greinilega til að vara við hnighraða, jarðnánd, hæðarmissi eftir flugtak eða eftir að hætt er við lendingu, röngum lendingarhami eða fráviki niður fyrir hallageisla.

c) Landslagsgreiningar og viðvörunarkerfið verður sjálfkrafa að veita flugliðum sjón- og hljóðmerki og hafa skjá fyrir landslagsgreiningu sem gefur nægan viðvörunartíma til að koma í veg fyrir stýrt flug á hindranir í landslagi og vera með framsýna virkni og lágmarksfjarlægðarbil frá hindrunum í landslagi.

OPS 1.668

Árekstrarvarakerfi

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél búna hverfihreyflum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, nema hún sé búin árekstrarvarakerfi með lágmarksafkastagetu ACAS II.

OPS 1.670

Veðurratsjá flugvélar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja:

1. flugvél með jafnþrýstibúnaði eða

2. flugvél án jafnþrýstibúnaðar sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, eða

3. flugvél án jafnþrýstibúnaðar, sem er með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu, nema hún sé búin veðurratsjá þegar flugvélinni er flogið að nóttu til eða við blindflugsskilyrði á svæðum þar sem búast má við þrumuveðri á leiðinni eða öðrum veðurskilyrðum sem teljast sjáanleg í veðurratsjá og geta orðið hættuleg.

b) Þegar um er að ræða skrúfuflugvélar með jafnþrýstibúnaði og skráðan hámarksflugtaksmassa 5700 kg eða þar undir og með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri er heimilt að nota í stað veðurratsjár annan búnað, sem getur greint þrumuveður eða önnur veðurskilyrði, sem geta orðið hættuleg og teljast sjáanleg í veðurratsjá, með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda.

OPS 1.675

Búnaður fyrir flug í ísingu

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í ísingu eða þar sem búist er við ísingu nema flugvélin sé skráð og búin tækjum til flugs í ísingu.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél að nóttu til, í ísingu eða ef búast má við ísingu, nema flugvélin hafi búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun. Nota verður lýsingu sem veldur ekki glampa eða endurspeglun sem truflar flugverja við störf.

OPS 1.680

Geimgeislunarmælir

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fyrir ofan 15 000 m hæð (49 000 fet) nema:

1. í henni sé búnaður til að mæla stöðugt og gefa til kynna styrkleika allrar geimgeislunar, sem flugvélin verður fyrir, (þ.e. heildarmagn jónandi geislunar og nifteindageislunar frá vetrarbraut eða sólu) og heildarmagn geimgeislunar sem flugvélin verður fyrir í hverju flugi eða

2. komið sé upp kerfi um borð sem mælir geislun ársfjórðungslega sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

OPS 1.685

Talkerfi flugáhafnar

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél, þar sem skylt er að hafa fleiri en einn flugliða í flugáhöfn, nema hún sé búin talkerfi fyrir flugliðana með heyrnartólum og hljóðnemum, þó ekki handtækjum, sem öllum flugliðum er ætlað að nota.

OPS 1.690

Talkerfi flugverja

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 15 000 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, nema hún sé búin talkerfi fyrir flugverja, að því frátöldu að um sé að ræða flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1965, og sem höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995.

b) Talkerfi flugverja sem skylt er að hafa samkvæmt þessari grein:

1. skal geta starfað óháð hinu almenna hátalarakerfi nema að því er varðar handtól, heyrnartól, hljóðnema, stillirofa og merkjabúnað,

2. skal gefa færi á fjarskiptum milli stjórnklefa og:

i. hvers farþegarýmis,

ii. hvers eldhúss, sem er annars staðar en á farþegaþilfari, og

iii. hvers áhafnarklefa sem er fjarliggjandi og utan farþegaþilfars og ekki er greiður aðgangur að úr farþegarými,

3. skal vera þar sem auðvelt er að ná til þess frá öllum vinnureitum tilskilinnar flugáhafnar í stjórnklefa,

4. skal vera þar sem auðvelt er að ná til þess frá öllum tilskildum vinnureitum öryggis- og þjónustuliða, næst hverjum stökum neyðarútgangi í gólfhæð eða tveimur samstæðum,

5. skal hafa viðvörunarkerfi með hljóð- eða sjónmerkjum sem flugliðar geta notað til að gera öryggis- og þjónustuliðum, og öryggis- og þjónustuliðar flugliðum, viðvart um hættu,

6. skal gera þeim, sem kallað er á, kleift að greina á milli hvort um venjulegt kall eða neyðarkall er að ræða og

7. skal sjá til þess að á jörðu niðri sé búnaður til fjarskipta milli starfsfólks á jörðu og a.m.k. tveggja flugliða.

OPS 1.695

Almennt hátalarakerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema almennt hátalarakerfi sé í flugvélinni.

b) Hátalarakerfið sem krafist er í þessari grein:

1. skal geta starfað óháð hinum talkerfunum, að undanskildum handtólum, heyrnartólum, hljóðnemum, stillirofum og merkjabúnaði,

2. skal vera þar sem tafarlaust má ná til þess til notkunar frá öllum vinnureitum tilskilinna flugliða,

3. skal vera við hvern tilskilinn neyðarútgang farþega í gólfhæð þar sem næst er sæti öryggis- og þjónustuliða, vera búið hljóðnema, sem öryggis- og þjónustuliðinn á auðvelt með að ná til úr sæti sínu, þó þannig að nota má einn hljóðnema fyrir fleiri en einn neyðarútgang, að því tilskildu að svo skammt sé á milli neyðarútganga að öryggis- og þjónustuliðar geti talast við úr sætum sínum án tækjabúnaðar,

4. skal vera þannig að öryggis- og þjónustuliði geti notað það innan tíu sekúndna í hverjum vinnureit í farþegaklefanum þar sem unnt er að ná til hátalarakerfisins og

5. skal vera þannig að unnt sé að heyra og skilja það sem sagt er í því í öllum farþegasætum, salernum og sætum öryggis- og þjónustuliða og vinnureitum.

OPS 1.700

Hljóðritar — 1

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, ef flugvélin:

1. er fjölhreyflaflugvél knúin hverfihreyflum með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða

2. er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, nema hún sé búin hljóðrita sem tímasetur og skráir:

i. fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

ii. öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun,

iii. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar,

iv. radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara, og

v. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal a.m.k. geta geymt upplýsingar sem hann skráði tvær síðustu klukkustundirnar sem hann var í gangi en þó má stytta þennan tíma í 30 mínútur þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni.

c) Hljóðritinn skal hefja skráningu sjálfkrafa áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Að auki skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa um leið og hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.705

Hljóðritar — 2

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja fjölhreyfla flugvél sem knúin er hverfihreyflum, með lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. mars 1998, að báðum dögum meðtöldum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu, nema hún sé búin hljóðrita sem skráir:

1. send og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2. öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja, ef unnt er, frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun,

3. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar,

4. radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara, og

5. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal a.m.k. geta geymt upplýsingar sem hann skráði síðustu 30 mínúturnar sem hann var í gangi.

c) Hljóðritinn skal hefja skráningu áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Að auki skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er, ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa um leið og hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.710

Hljóðritar — 3

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg og lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1998, nema hún sé búin hljóðrita sem skráir:

1. send og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2. öll hljóð í stjórnklefa,

3. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar,

4. radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara, og

5. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal a.m.k. geta geymt upplýsingar sem hann skráði síðustu 30 mínúturnar sem hann var í gangi.

c) Hljóðritinn skal hefja skráningu áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.715

Flugritar — 1

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.715)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, ef flugvélin:

1. er fjölhreyflaflugvél knúin hverfihreyflum með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða

2. er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg,

nema hún sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði 25 síðustu klukkustundirnar, sem hann var í gangi, en þó má stytta tímann í tíu klukkustundir þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:

1. breyturnar, sem eru taldar upp í töflum A1 eða A2 í 1. viðbæti við OPS 1.715, eftir því sem við á**,**

2. þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27 000 kg, þær breytur til viðbótar sem eru taldar upp í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.715,

3. þegar um er að ræða flugvélar, sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan, verður flugriti að skrá allar sérsniðnar breytur sem tengjast nýjum eða sérstökum hönnunar- eða rekstrareiginleikum flugvélarinnar, eins og þær eru skilgreindar af flugmálayfirvöldum við tegundar- eða viðbótartegundarvottun, og

4. þegar um er að ræða flugvélar sem eru búnar rafrænu upplýsingakerfi, þær breytur sem eru taldar upp í töflu C í 1. viðbæti við OPS 1.715, með þeirri undantekningu þó að ef um er að ræða flugvélar sem fengu lofthæfivottorð í fyrsta sinn fyrir 20. ágúst 2002, að breytur þar sem:

i. neminn er ekki tiltækur eða

ii. breyta verður flugvélakerfinu- eða búnaðinum sem býr til gögnin eða

iii. merkin eru ósamhæfanleg skráningarkerfinu,

er ekki nauðsynlegt að skrá ef flugmálayfirvöld geta fallist á það.

d) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

e) Flugritinn verður sjálfkrafa að hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og stöðvast sjálfkrafa eftir að vélin hættir að hreyfast fyrir eigin afli.

f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

g) Ekki er nauðsynlegt að flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, en ekki síðar en 1. apríl 2001, fari að ákvæðum c-liðar OPS 1.715 ef flugmálayfirvöld samþykkja það, að því tilskildu:

1. að ekki sé unnt að fara að ákvæðum c-liðar OPS 1.715 án verulegra breytinga á flugvélakerfunum- og búnaðinum öðru en flugritakerfinu og

2. að flugvélin uppfylli ákvæði c-liðar OPS 1.720, að því undanskildu að ekki er nauðsynlegt að skrá breytu 15b í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720.

OPS 1.720

Flugritar — 2

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.720)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn á tímabilinu 1. júní 1990 til 31. mars 1998, að báðum dögum meðtöldum, og með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5700 kg, nema flugvélin sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og auðvelt skal vera að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 tímana sem hann var í gangi.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:

1. breyturnar, sem eru taldar upp í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720, og

2. þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27 000 kg, þær breytur til viðbótar sem eru taldar upp í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.720.

d) Þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 27 000 kg eða minni, er ekki nauðsynlegt að skrá breytur 14 og 15b í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720 ef flugmálayfirvöld geta fallist á það og með einhverjum eftirtalinna skilmála:

1. neminn er ekki auðveldlega tiltækur,

2. ekki er nægilegt geymslurými í ferðritakerfinu,

3. breytingar er krafist á búnaðinum sem býr til gögnin.

e) Þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 27 000 kg, er ekki nauðsynlegt að skrá eftirfarandi breytur ef flugmálayfirvöld geta fallist á það: 15b í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720 og 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30 og 31 í töflu B í 1. viðbæti með einhverjum eftirtalinna skilmála:

1. neminn er ekki auðveldlega tiltækur,

2. ekki er nægilegt geymslurými í flugritakerfinu,

3. breyta þarf búnaðinum sem býr til gögnin,

4. merkin fyrir flugleiðsögugögn (tíðnival fyrir flugleiðsögu (NAV), fjarlægðarmæliviti, vegalengd, breiddargráða, lengdargráða, jarðhraði og rek) eru ekki tiltæk á stafrænu formi.

f) Ekki er nauðsynlegt að skrá einstaka breytur, sem hægt er að ákvarða með útreikningi sem miðast við aðrar skráðar breytur, ef flugmálayfirvöld fallast á það.

g) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

h) Flugritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og hætta skráningu þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

i) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.725

Flugritar — 3

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.725)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hverfihreyflum, með lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. júní 1990, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg nema flugvélin sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 tímana sem hann var í gangi.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:

1. breyturnar sem eru taldar upp í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.725,

2. þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 27 000 kg, sem eru af þeirri tegund sem fékk fyrst tegundarvottorð eftir 30. september 1969, þær breytur til viðbótar frá 6 til 15b í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725 í þessari grein. Ekki er nauðsynlegt að skrá eftirfarandi breytur ef flugmálayfirvöld geta fallist á það: 13, 14 og 15b í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725 og þá með einhverjum af eftirfarandi skilmálum:

i. neminn er ekki auðveldlega tiltækur,

ii. ekki er nægilegt geymslurými í ferðritakerfinu,

iii. breyta þarf búnaðinum, sem býr til gögnin, og

3. þegar nægilegt geymslurými er tiltækt í ferðritakerfinu, neminn er auðveldlega tiltækur og ekki er krafist breytingar á búnaðinum sem býr til gögnin:

i. þegar um er að ræða flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 1989 eða síðar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg en ekki meiri en 27 000 kg, breytur 6 til 15b í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725 og

ii. þegar um er að ræða flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 1987 eða síðar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg, þær breytur sem eftir eru í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725.

d) Ekki er nauðsynlegt að skrá einstaka breytur, sem hægt er að ákvarða með útreikningi sem miðast við aðrar skráðar breytur, ef flugmálayfirvöld fallast á það.

e) Gögn skulu fengin úr tækjum loftfarsins til að unnt sé að bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

f) Flugritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og hætta skráningu þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

g) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.727

Sambyggður ferðriti

a) Kröfur um hljóðrita og flugrita er hægt að uppfylla:

1. með einum sambyggðum ferðrita ef flugvélin verður að vera búin hljóðrita eða flugrita eða

2. með einum sambyggðum ferðrita ef flugvélin, sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 5700 kg eða minni, verður einungis að vera búin hljóðrita og flugrita eða

3. með tveimur sambyggðum ferðritum ef flugvélin, sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, verður að vera búin hljóðrita og flugrita.

b) Sambyggður ferðriti er ferðriti sem skráir:

1. öll talfjarskipti og hljóð sem krafist er í viðkomandi grein um hljóðrita og

2. allar breytur sem krafist er í viðkomandi lið um flugrita með sömu forskriftum og krafist er í þessum liðum.

OPS 1.730

Sæti, sætisbelti, öryggistygi og festibúnaður fyrir börn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

1. sæti eða legurúm fyrir hvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri,

2. sætisbelti, með eða án skáliggjandi axlaróla, eða öryggistygi í hverju farþegasæti fyrir hvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri,

3. festibúnað fyrir hvert ungbarn, sem flugmálayfirvöld geta fallist á,

4. að undanskildum þeim tilvikum, sem kveðið er á um í c-lið hér á eftir, sætisbelti með axlatygjum fyrir hvert sæti flugliða og sæti hjá flugmannssætinu ásamt búnaði sem sjálfkrafa heldur bol þess sem situr í sætinu við snögga hraðalækkun,

5. að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í c-lið hér á eftir, sætisbelti með axlatygjum fyrir hvert sæti öryggis- og þjónustuliða og áhorfenda; þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að öryggis- og þjónustuliðar, sem eru umfram tilskilinn fjölda í þjónustuáhöfn, noti farþegasæti og

6. sæti fyrir öryggis- og þjónustuliða nálægt tilskildum neyðarútgöngum í gólfhæð en ef það auðveldar neyðarrýmingu farþegaklefa að öryggis- og þjónustuliðar sitji annars staðar má hafa sætin annars staðar. Sætin skulu snúa fram eða aftur og vera innan 15° frá langási flugvélarinnar.

b) Öll sætisbelti með axlatygjum skal vera hægt að losa með einu átaki.

c) Sætisbelti með skáliggjandi axlaról í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er ekki yfir 5700 kg, eða sætisbelti í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er ekki yfir 2730 kg, mega koma í stað sætisbelta með axlatygjum ef mjög erfitt er að koma þeim síðarnefndu fyrir.

OPS 1.731

Skiltin „Spennið beltin“ og „Reykingar bannaðar“

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem ekki sést til allra farþegasæta úr stjórnklefanum nema í flugvélinni sé búnaður sem gefur öllum farþegum og öryggis- og þjónustuliðum til kynna hvenær spenna skuli sætisbelti og reykingar eru bannaðar.

OPS 1.735

Innihurðir og dyratjöld

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema eftirfarandi búnaði hafi verið komið fyrir:

a) í flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 skal vera hurð milli farþegaklefa og stjórnklefa með skilti sem á stendur „Aðeins fyrir áhöfn“ og læsingu svo hægt sé að koma í veg fyrir að farþegar opni dyrnar án leyfis flugáhafnar,

b) búnaði til að opna allar dyr sem skilja farþegaklefa frá öðru rými með neyðarútgangi. auðvelt skal vera að komast að opnunarbúnaðinum,

c) liggi leiðin frá farþegasæti að tilskildum neyðarútgangi í gegnum dyr eða dyratjöld, sem skilja farþegaklefa frá öðru rými, skal vera unnt að festa hurðina eða dyratjöldin í opinni stöðu,

d) skilti á hverri hurð inni í flugvél eða næst dyratjaldi, sem er á leið farþega að neyðarútgangi, þar sem segir að festa verði hurðina eða tjaldið í opinni stöðu í flugtaki og lendingu og

e) búnaði fyrir hvern flugverja til að opna allar dyr sem farþegar eiga venjulega aðgang að og þeir geta læst.

OPS 1.745

Sjúkrakassar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin þeim fjölda sjúkrakassa, sem hér segir, og þeir séu geymdir þar sem auðvelt er að ná til þeirra:

Fjöldi farþegasæta	Fjöldi sjúkrakassa sem krafist er
0 til 99	1
100 til 199	2
200 til 299	3
300 eða fleiri	4

b) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að sjúkrakassar séu skoðaðir reglubundið til að staðfesta, að því marki sem unnt er, að innihaldið sé í nógu góðu ástandi fyrir fyrirhugaða notkun og

2. að bætt sé í sjúkrakassana með reglulegu millibili, í samræmi við fyrirmæli á merkimiðum á þeim eða eftir aðstæðum.

OPS 1.755

Læknataska

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 nema í henni sé læknataska til notkunar í neyðartilvikum ef einhvers staðar á áætlaðri flugleið er flogið fjær en svo frá flugvelli, þar sem vænta má læknishjálpar, að ná megi til flugvallarins á 60 mínútum eða skemmri tíma (á eðlilegum farflugshraða).

b) Flugstjórinn skal sjá til þess að einungis læknar, hjúkrunarfræðingar eða aðrir með svipuð réttindi á þessu sviði gefi lyf.

c) Kröfur er lúta að læknatöskum

1. Læknatöskur skulu vera ryk- og rakaþéttar og vera í öruggri geymslu, ef unnt er, í stjórnklefa og

2. flugrekandi skal sjá til þess:

i. að læknatöskur séu skoðaðar reglubundið til að staðfesta, að því marki sem unnt er, að innihaldið sé í nógu góðu ástandi fyrir fyrirhugaða notkun og

ii. að bætt sé í læknatöskurnar með reglulegu millibili, í samræmi við fyrirmæli á merkimiðum á þeim eða eftir aðstæðum.

OPS 1.760

Súrefni til skyndihjálpar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði í meira en 25 000 feta hæð, þegar skylt er að hafa öryggis- og þjónustuliða um borð, nema birgðir óblandaðs súrefnis séu tiltækar fyrir farþega sem gætu, af lífeðlisfræðilegum ástæðum, þurft á súrefni að halda ef loftþrýstingur fellur í farþegaklefa. Magn súrefnis skal reiknað þannig að það svari til minnst þriggja lítra súrefnisstreymis á mínútu af þurru súrefni fyrir hvern farþega, reiknað við staðalhita og staðalþrýsting (STPD- Standard Pressure Temperature Dry), og skal það vera nægilegt fyrir minnst 2% fluttra farþega, og minnst einn farþega, það sem eftir er flugsins frá því að þrýstingur tapast af farþegaklefa í meira en 8000 feta en ekki yfir 15 000 feta inniþrýstingshæð. Hafa verður nægilega mörg tæki til að gefa súrefni, þó aldrei færri en tvö, og skulu öryggis- og þjónustuliðar eiga möguleika á að nota súrefnið. Tæki til að gefa súrefni geta verið handtæki.

b) Reikna skal nauðsynlegt magn viðbótarsúrefnis til skyndihjálpar fyrir tiltekið flug út frá inniþrýstingshæð og flugtíma og í samræmi við verklagsreglur fyrir hvert flug og hverja flugleið.

c) Súrefnisbúnaðurinn skal geta gefið hverjum notanda minnst fjóra lítra á mínútu miðað við staðalhita og staðalþrýsting. Gera má ráðstafanir til að hægt sé að minnka streymið, í hvaða flughæð sem er, niður í allt að tvo lítra á mínútu, miðað við staðalhita og staðalþrýsting.

OPS 1.770

Viðbótarsúrefni — flugvélar með jafnþrýstibúnaði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.770)

a) Almenn ákvæði

1. Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði í meira en 10 000 feta málþrýstingshæð nema um borð sé búnaður til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis sem gerð er krafa um í þessum lið.

2. Magn tilskilins viðbótarsúrefnis skal miða við inniþrýstingshæð, flugtíma og þann möguleika að jafnþrýstikerfið bili í þeirri flughæð eða þar á flugleiðinni sem súrefnisþörfin er mest og einnig er gert ráð fyrir að eftir að bilun hefur komið fram lækki flugvélin flugið, í samræmi við neyðarráðstafanir sem tilgreindar eru í flughandbók flugvélarinnar, niður í örugga flughæð á fyrirhugaðri flugleið sem gerir kleift að halda fluginu áfram og lenda örugglega.

3. Eftir að bilun verður í jafnþrýstibúnaði skal gera ráð fyrir að inniþrýstingshæð sé sú sama og flughæð flugvélarinnar nema flugmálayfirvöldum sé sýnt fram á að engin sennileg bilun í farþegaklefa eða í jafnþrýstikerfi leiði til þess að inniþrýstingshæð verði sú sama og flughæð flugvélar. Við þær aðstæður er heimilt að nota þá mestu inniþrýstingshæð, sem sýnt hefur verið fram á að hægt sé að halda, sem grundvöll til að ákvarða súrefnisbirgðir.

b) Kröfur um súrefnistæki og súrefnisbirgðir

1. Flugliðar

i. Allir flugliðar, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, skulu vera birgir af viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Ef allir, sem sitja í stjórnklefa, fá súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar skulu þeir, að því er súrefnisbirgðir varðar, teljast vera flugliðar á flugvakt í stjórnklefa. Þeir sem sitja í stjórnklefa en fá ekki súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

ii. Flugliðar, sem falla ekki undir ákvæði i. liðar 1. liðar b-liðar hér að framan, teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

iii. Súrefnisgrímur skulu geymdar þar sem flugliðar geta umsvifalaust náð til þeirra frá vinnureit sínum.

iv. Súrefnisgrímur handa flugliðum í flugvélum með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru í yfir 25 000 feta hæð, skulu vera af gerð sem unnt er að setja á sig í skyndingu.

2. Öryggis- og þjónustuliðar, viðbótaráhöfn og farþegar

i. Öryggis- og þjónustuliðar og farþegar skulu fá viðbótarsúrefni, í samræmi við ákvæði 1. viðbætis, nema þegar v. liður 1. viðbætis hér á eftir á við. Öryggis- og þjónustuliðar, sem eru umfram þann lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð, og viðbótaráhöfn teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

ii. Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet skulu vera tiltæk nógu mörg aukaúttök og -grímur og/eða nægilega mörg handsúrefnistæki með grímum handa öllum öryggis- og þjónustuliðum sem skylt er að hafa um borð. Jöfn dreifing skal vera á aukaúttökum og/eða handsúrefnistækjum um farþegaklefann til að tryggja að allir öryggis- og þjónustuliðar, sem skylt er að hafa um borð, geti strax fengið súrefni, án tillits til þess hvar þeir eru staddir, ef jafnþrýstikerfið í klefanum bilar.

iii. Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet skulu vera öndunartæki til skömmtunar súrefnis sem eru tengd súrefnisgjafa og tilbúin til tafarlausrar notkunar við hvert sæti, hvar sem setið er. Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka skal vera a.m.k. 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegaklefanum.

iv. Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet, eða ef þær eru starfræktar í eða undir 25 000 fetum en geta ekki lækkað sig örugglega niður í 13 000 fet á innan við 4 mínútum og hafa fengið útgefið sérstakt lofthæfivottorð 9. nóvember 1998 eða síðar, skal vera til taks súrefnisbúnaður sem fella má niður umsvifalaust við hvert sæti, hvar sem setið er. Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka skal vera a.m.k. 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegaklefanum.

v. Fyrir flugvélar, sem eru ekki með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð, má slaka á kröfunum um súrefnisbirgðir, sem tilgreindar eru í 1. viðbæti, þannig að birgðirnar dugi allan þann tíma, sem flogið er í hæð sem samsvarar 10 000 til 13 000 feta inniþrýstingshæð, fyrir alla öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð, og fyrir a.m.k. 10% farþeganna, ef flugvélin getur, hvenær sem er, á fyrirhugaðri flugleið lækkað flugið örugglega á innan við 4 mínútum niður í hæð þar sem inniþrýstingshæð samsvarar 13 000 fetum.

OPS 1.775

Viðbótarsúrefni — flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.775)

a) Almenn ákvæði

1. Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél án jafnþrýstibúnaðar í meira en 10 000 feta hæð nema um borð sé búnaður til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis sem gerð er krafa um í þessum lið.

2. Reikna skal nauðsynlegt magn viðbótarsúrefnis til notkunar fyrir tiltekið flug út frá flughæðum og flugtíma, í samræmi við verklagsreglur fyrir hvert flug í flugrekstrarhandbókinni og í samræmi við fyrirhugaða flugleið og neyðarráðstafanir sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni.

3. Flugvél, sem á að fljúga í meira en 10 000 feta hæð, skal hafa búnað til að geyma og gefa súrefni í nauðsynlegu magni.

b) Kröfur um súrefnisbirgðir

1. Flugliðar. Allir flugliðar, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, skulu vera birgir af viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Ef allir, sem sitja í stjórnklefa, fá súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar skulu þeir, að því er súrefnisbirgðir varðar, teljast vera flugliðar á flugvakt í stjórnklefa.

2. Öryggis- og þjónustuliðar, viðbótaráhöfn og farþegar. Öryggis- og þjónustuliðar og farþegar skulu fá viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Öryggis- og þjónustuliðar, sem eru umfram þann lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð, og viðbótaráhöfn teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

OPS 1.780

Öndunarhlífar (PBE) handa áhöfn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði eða flugvél án jafnþrýstibúnaðar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema:

1. í henni sé búnaður til að verja augu, nef og munn allra flugliða, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, og gefa súrefni í a.m.k. 15 mínútur. Nota má viðbótarsúrefnið, sem krafist er í 1. lið b-liðar OPS 1.770 eða 1.775, sem súrefni fyrir öndunarhlífarnar. Ef fleiri en einn eru í flugáhöfn og enginn öryggis- og þjónustuliði um borð skal til viðbótar vera um borð beranleg öndunarhlíf til að unnt sé að verja augu, nef og munn eins flugliða og sjá honum fyrir viðbótarsúrefni í a.m.k. 15 mínútur og

2. um borð séu nægilega margar, beranlegar öndunarhlífar til að verja augu, nef og munn allra öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að séu um borð, og sjá þeim fyrir viðbótarsúrefni í a.m.k. 15 mínútur.

b) Öndunarhlífar fyrir flugáhöfn skulu geymdar á hentugum stað í stjórnklefa þannig að hver flugliði, sem skylt er að hafa um borð, geti strax náð í öndunarhlíf frá vinnureit sínum.

c) Öndunarhlífar fyrir öryggis- þjónustuliða skulu geymdar næst vinnureit hvers öryggis- og þjónustuliða.

d) Til viðbótar skulu beranlegar öndunarhlífar, sem auðvelt er að ná til, geymdar hjá eða nálægt handslökkvitækjunum, sem gerð er krafa um í c- og d-lið OPS 1.790, nema slökkvitækið sé geymt inni í vörurými en þá skal geyma öndunarhlífarnar utan við dyrnar á fragtrýminu.

e) Notkun öndunarhlífa má ekki koma í veg fyrir fjarskipti sem krafist er samkvæmt OPS 1.685, OPS 1.690, OPS 1.810 og OPS 1.850.

OPS 1.790

Handslökkvitæki

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin handslökkvitækjum, sem nota á í stjórnklefa og farþegaklefum, og, eftir því sem við á, í vörurými og eldhúsum í samræmi við eftirfarandi:

a) tegund og magn slökkviefnis skal henta fyrir þá elda, sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið, og, að því er varðar klefa starfsfólks, draga sem mest úr líkum á að eitrað gas safnist fyrir,

b) a.m.k. eitt handslökkvitæki, sem inniheldur halon 1211 (brómóklóródíflúormetan, $CBrClF_2$) eða jafngildi þess sem slökkviefni, skal geymt á hentugum stað í stjórnklefa til afnota fyrir flugáhöfnina,

c) a.m.k. eitt handslökkvitæki skal vera staðsett eða auðvelt að ná til þess í öllum eldhúsum sem eru ekki á aðalfarþegaþilfari,

d) a.m.k. eitt handslökkvitæki, sem auðvelt er að ná til, skal geymt og vera tiltækt til notkunar í hverju vörurými eða farangursgeymslu í A- eða B-flokki og í öllum vörurýmum í E-flokki, sem eru flugverjum aðgengileg á flugi, og

e) a.m.k. eftirfarandi fjöldi handslökkvitækja skal vera á hentugum stöðum í farþegaklefa/-um:

Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi	Fjöldi slökkvitækja
7 til 30	1
31 til 60	2
61 til 200	3
201 til 300	4
301 til 400	5
401 til 500	6
501 til 600	7
601 eða fleiri	8

Ef krafist er tveggja eða fleiri slökkvitækja skal dreifing þeirra vera jöfn í farþegaklefanum.

f) a.m.k. eitt handslökkvitækjanna, sem skylt er að hafa í farþegaklefa flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir minnst 31 og mest 60, og a.m.k. tvö slökkvitækjanna, sem geymd eru í farþegaklefa flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 61 eða fleiri, skulu innihalda halon 1211 (brómóklóródíflúormetan, $CBrClF_2$) eða jafngildi þess sem slökkviefni.

OPS 1.795

Neyðaraxir og kúbein


a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu sæti nema hún sé búin a.m.k. einni neyðaröxi eða kúbeini sem er geymt í stjórnklefa. Ef hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er yfir 200 skal vera önnur öxi eða kúbein til viðbótar um borð, geymt í eða nálægt aftasta eldhúsinu.

b) Neyðaraxir og kúbein, sem geymd eru í farþegaklefa, mega ekki vera sýnileg farþegum.

OPS 1.800

Merking rofstaða á bol

Ef á bol flugvélar eru merktir staðir, sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skal flugrekandi sjá til þess að þeir staðir séu merktir eins og sýnt er hér á eftir. Merkingarnar skulu vera í rauðum eða gulum lit og, ef nauðsyn krefur, skulu útlínurnar dregnar með hvítum lit til að þær skeri sig frá bakgrunninum. Ef meira en 2 m eru milli hornamerkinganna skal mála millilínur, sem eru 9 cm × 3 cm, svo að hvergi sé meira en 2 m bil milli merkjanna.



OPS 1.805

Búnaður til neyðarrýmingar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél ef hæð þröskulda á neyðarútgöngum fyrir farþega:

1. er meiri en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðinni og lendingarbúnaður niðri eða

2. væri meiri en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu ef einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar féllu saman eða færu ekki niður og þar sem fyrst var sótt um tegundarskírteini fyrir flugvélina 1. apríl 2000 eða síðar,

nema búnaður eða tæki séu við hvern útgang, sem fellur undir 1. eða 2. lið, til að gera farþegum og áhöfn kleift að komast klakklaust niður á jörð í neyðartilvikum.

b) Þennan búnað eða tæki þarf ekki að hafa við útganga yfir vængjum ef tilgreindur staður, þar sem flóttaleiðin endar, er minna en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðu, lendingarbúnaður niðri og flapar í flugtaks- eða lendingarstöðu, eftir því hvor flapstaðan er lengra frá jörðu.

c) Í flugvélum þar sem skylt er að hafa sérstakan neyðarútgang fyrir flugáhöfn og:

1. neðri brún neyðarútgangs er meira en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu, þegar lendingarbúnaður er niðri, eða

2. ef ekki var sótt um tegundarvottorð fyrir flugvélina fyrr en 1. apríl árið 2000 eða síðar og neðri brún neyðarútgangs væri meira en 182,88 cm (6 fet) yfir jörðu ef einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar falla saman eða fara ekki niður,

skal vera búnaður til að gera öllum flugliðum kleift að komast klakklaust niður á jörðina í neyðartilvikum.

OPS 1.810

Gjallarhorn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 60, sem flytur a.m.k. einn farþega, nema hún sé búin jafnmörgum handgjallarhornum, sem ganga fyrir rafhlöðum, og flugverjar geta auðveldlega gripið til við neyðarrýmingu, sem hér segir:

1. Á hverju farþegaþilfari:

Fyrirkomulag farþegasæta	Tilskilinn fjöldi gjallarhorna
61 til 99	1
100 eða fleiri	2

2. Í flugvélum með fleiri en eitt farþegaþilfar, þar sem heildarfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er alltaf yfir 60, er skylt að hafa a.m.k. eitt gjallarhorn.

OPS 1.815

Neyðarlýsing

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja farþegaflugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu, nema hún hafi búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til að auðvelda rýmingu flugvélarinnar. Í búnaðinum fyrir neyðarlýsinguna skulu vera:

1. í flugvélum þar sem hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi eru fyrir fleiri en 19:

i. ljósgjafar til almennrar lýsingar í öllu farþegarými,

ii. inniljós við neyðarútganga í gólfhæð og

iii. upplýst neyðarútgangsmerking og staðsetningarskilti.

iv. í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarvottorð fyrir eða jafngildi þess fyrir 1. maí 1972, og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga yfir vængjum og við útganga þar sem þörf er á hjálparbúnaði til að komast niður úr flugvélinni,

v. í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarvottorð fyrir eða jafngildi þess 1. maí 1972 eða síðar, og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga fyrir farþega,

vi. í flugvélum, sem fyrst fengu tegundarvottorð eða jafngildi þess 1. janúar 1958 eða síðar, skulu vera ratmerki í gólfi til neyðarútganga í öllu farþegarými.

2. í flugvélum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er 19 eða færri og sem hafa vottun samkvæmt vottunarforskrift í CS-25 eða CS-23, skulu vera:

i. ljósgjafar til almennrar lýsingar í öllu farþegarými,

ii. inniljós við neyðarútganga og

iii. upplýst neyðarútgangsmerking og staðsetningarskilti.

3. í flugvélum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er 19 eða færri og sem hafa ekki vottun samkvæmt vottunarforskrift í CS-25 eða CS-23, ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja farþegaflugvél að nóttu til ef hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi hennar er níu eða færri nema í henni séu ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými til að greiða fyrir rýmingu flugvélarinnar. Í þessu kerfi er heimilt að nota loftlýsingu eða aðra ljósgjafa sem eru fyrir hendi í flugvélinni og geta haldið áfram að lýsa eftir að slökkt hefur verið á rafhlöðum flugvélarinnar.

OPS 1.820

Neyðarsendir

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél sem hefur leyfi til að flytja fleiri en 19 farþega nema hún sé a.m.k. búin:

1. einum sjálfvirkum neyðarsendi (ELT) eða tveimur neyðarsendum af hvaða gerð sem er eða

2. tveimur neyðarsendum, annar þeirra skal vera sjálfvirkur fyrir flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 1. júlí 2008.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél sem hefur leyfi til að flytja 19 farþega eða færri nema hún sé a.m.k. búin:

1. einum neyðarsendi af hvaða gerð sem er eða

2. einum sjálfvirkum neyðarsendi fyrir flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 1. júlí 2008.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að allir neyðarsendar um borð uppfylli framangreindar kröfur og virki í samræmi við viðeigandi ákvæði III. bindis 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

OPS 1.825

Björgunarvesti

a) Landflugvélar. Flugrekandi skal ekki starfrækja landflugvél:

1. yfir hafi eða vatni fjær landi en 50 sjómílur eða

2. ef hún hefur sig á loft eða lendir á flugvelli, þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir vatni, þannig að flugvélin geti þurft að nauðlenda á vatni ef óhapp verður,

nema hún sé búin björgunarvestum, með ljósi til að auðvelda leit, handa öllum í flugvélinni. Björgunarvestin skulu geymd þar sem auðveldlega má ná til þeirra úr sætum eða legurúmum þeirra sem þau eru ætluð. Í stað björgunarvesta fyrir ungbörn er heimilt að nota annan viðurkenndan flotbúnað með ljósi til að auðvelda leit.

b) Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar. Flugrekandi skal ekki starfrækja lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél á sjó eða vatni nema hún sé búin björgunarvestum, með ljósi til að auðvelda leit, handa öllum í flugvélinni. Björgunarvestin skulu geymd þar sem auðveldlega má ná til þeirra úr sætum eða legurúmum þeirra sem þau eru ætluð. Í stað björgunarvesta fyrir ungbörn er heimilt að nota annan viðurkenndan flotbúnað með ljósi til að auðvelda leit.

OPS 1.830

Björgunarbátar og neyðarsendar til að auðvelda leit og björgun til nota í langflugi yfir haf eða vatn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél yfir sjó eða vatni lengra frá landi sem hentar til nauðlendingar en sem nemur:

1. 120 mínútna flugi á farflugshraða eða 400 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um er að ræða flugvélar sem geta haldið áfram flugi til flugvallar þótt markhreyfill eða markhreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið eða

2. 30 mínútna flugi á farflugshraða eða 100 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða,

nema búnaðurinn, sem tilgreindur er í b- og c-lið hér á eftir, sé í flugvélinni.

b) Í flugvélinni skulu vera nægilega margir björgunarbátar til að rúma alla um borð. Ef flugvélin er ekki búin varabjörgunarbátum með nægilegu rými skal flotkraftur og sætarými umfram skráð rými björgunarbátanna nægja til að rúma alla í flugvélinni ef björgunarbáturinn, sem rúmar flesta, týnist. Í björgunarbátunum skal vera:

1. ljós til að auðvelda leit og

2. björgunarbúnaður, þ.m.t. búnaður til að lifa af, og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni og

c) a.m.k. tveir neyðarsendar, sem geta sent á þeirri neyðartíðni sem kveðið er á um í 2. kafla, V. bindi 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

OPS 1.835

Búnaður til að lifa af

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél yfir svæðum, sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, nema í henni sé:

a) búnaður til að senda upp neyðarblys s.s. lýst er í 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

b) a.m.k. einn neyðarsendir, sem getur sent á þeirri neyðartíðni sem kveðið er á um í 2. kafla V. bindis 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og

c) annar búnaður til að lifa af slys miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna um borð,

að því undanskildu að ekki þarf að hafa búnaðinn, sem er tilgreindur í c-lið, um borð ef flugvélin heldur sig annaðhvort:

1. í fjarlægð sem er ekki meiri en svo til svæðis, sem er ekki mjög erfitt til leitar og björgunar, að svari til:

i. 120 mínútna flugs á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, ef um er að ræða flugvél sem getur haldið flugi áfram til flugvallar þótt markhreyfill eða -hreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið eða

ii. 30 mínútna flugs á farflugshraða þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða eða

2. ef um er að ræða flugvélar með vottun samkvæmt vottunarforskrift í CS-25 eða samsvarandi kröfum, ekki fjær en svarar til 90 mínútna flugs á farflugshraða til svæðis sem hentar til nauðlendingar.

OPS 1.840

Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar — ýmiss búnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél á sjó eða vatni nema hún sé búin:

1. rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggjast við legufæri eða akkeri eða stýra loftfarinu á vatni, með hliðsjón af stærð, þyngd og stjórnunareiginleikum þess,

2. tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

1. viðbætir við OPS 1.715

Flugritar — 1 — Skrá yfir breytur sem skal skrá

Tafla A1 - Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

Aths.: Talan í vinstri dálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55

Nr.	BREYTA
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA
9	KNÝRINN/AFLIÐ Á HVERJUM HREYFLI OG STAÐA KNÝS/AFLGJAFA Í STJÓRNKLEFA, EF ÞAÐ Á VIÐ
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HEILDARHITI EÐA HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR
15	SJÁLFSTÝRING, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG STÝRIHÆTTIR OG TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRIKERFIS (AFCS)
16	LANGSUMHRÖÐUN (ÁS BOLSINS)
17	HLIÐARHRÖÐUN

Tafla A2 — Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni

Aths.: Talan í vinstri dálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55

Nr.	BREYTA
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA
9	KNÝRINN/AFLIÐ Á HVERJUM HREYFLI OG STAÐA KNÝS/AFLGJAFA Í STJÓRNKLEFA, EF ÞAÐ Á VIÐ
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HEILDARHITI EÐA HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR
15	SJÁLFSTÝRING, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG STÝRIHÆTTIR OG TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRIKERFIS (AFCS)
16	LANGSUMHRÖÐUN (ÁS BOLSINS)
17	HLIÐARHRÖÐUN

Tafla B — Viðbótarbreytur fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg

Aths.: Talan í vinstri dálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55

Nr.	BREYTA
18	AÐALSTÝRI — STAÐA STÝRISFLATAR OG/EÐA HVERNIG FLUGMAÐUR BEITIR ÞEIM (KINK, VELTA OG GEIGUN)
19	STAÐA KINKSTILLIS
20	RATSJÁRHÆÐ
21	FRÁVIK FRÁ LÓÐRÉTTUM GEISLA (HALLAGEISLI Í BLINDLENDINGARKERFI EÐA LANDHÆÐ Í ÖRBYLGJULENDINGARKERFI)
22	FRÁVIK FRÁ LÁRÉTTUM GEISLA (MIÐLÍNUGEISLI Í BLINDLENDINGARKERFI EÐA ÁTTARHORN Í ÖRBYLGJULENDINGARKERFI)
23	YFIRFLUG YFIR MARKVITA
24	VIÐVARANIR
25	FRÁTEKIÐ (MÆLT ER MEÐ TÍÐNIVALI FYRIR LEIÐSÖGUVIÐTÆKI)
26	FRÁTEKIÐ (MÆLT ER MEÐ FJARLÆGÐ SEM FENGIN ER MEÐ FJARLÆGÐARMÆLIVITA)
27	STAÐA HJÓLAROFA EÐA LENDINGARBÚNAÐAR/FLUG
28	JARÐVARAKERFI
29	ÁFALLSHORN
30	LÁGÞRÝSTINGSVIÐVÖRUN (VÖKVA- OG LOFTÞRÝSTIAFL)
31	JARÐHRAÐI
32	STAÐA LENDINGARBÚNAÐAR EÐA VELJARA FYRIR LENDINGARBÚNAÐ

Tafla C — Flugvélar sem eru búnar rafrænum upplýsingakerfum

Aths.: Talan í miðdálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55, töflu A1.5

Nr.	Nr.	BREYTA
33	6	VALIN LOFTÞRÝSTINGSSTILLING (Í VINNUREIT HVERS FLUGMANNS)
34	7	VALIN NEFSTEFNA
35	8	VALINN HRAÐI
36	9	VALIN FLUGHÆÐ
37	10	VALIN MACH-TALA
38	11	VALINN STIG- OG FALLHRAÐI
39	12	VALIN FLUGSLÓÐ
40	13	VALIN ÁKVÖRÐUNARHÆÐ
41	14	BIRTINGARSNIÐ Á FLUGSKJÁKERFI (EFIS)
42	15	FJÖLVIRKT BIRTINGARSNIÐ VIÐVARANA FYRIR HREYFLA

1. viðbætir við OPS 1.720

Flugritar — 2 — Skrá yfir breytur sem skal skrá

Tafla A — Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

Nr.	BREYTA
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA NEMA NOTUÐ SÉ ÖNNUR AÐFERÐ VIÐ AÐ STILLA SAMAN SKRÁNINGU FLUGRITA (FDS) OG HLJÓÐRITA (CVR)
9	AFL HVERS HREYFILS
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS (Á EINUNGIS VIÐ UM ÞOTUR)
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR EÐA HEILDARHITI
15a	TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRINGAR
15b	STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRINGAR, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG TENGINGARSTAÐA OG STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRIKERFIS

Tafla B — Viðbótarbreytur fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27.000 kg

Nr.	BREYTA
16	LANGSUMHRÖÐUN
17	HLIÐARHRÖÐUN
18	AÐALSTÝRI — STAÐA STÝRISFLATAR OG/EÐA HVERNIG FLUGMAÐUR BEITIR ÞEIM (KINK, VELTA OG GEIGUN)
19	STAÐA KINKSTILLIS
20	RATSJÁRHÆÐ
21	FRÁVIK FRÁ HALLAGEISLA
22	FRÁVIK FRÁ MIÐLÍNUGEISLA
23	YFIRFLUG YFIR MARKVITA
24	VÁVIÐVÖRUN
25	TÍÐNIVAL FYRIR LEIÐSÖGUKERFI 1 OG LEIÐSÖGUKERFI 2
26	FJARLÆGÐ FRÁ FJARLÆGÐARVITA 1 OG FJARLÆGÐARVITA 2
27	STAÐA HJÓLAROFA LENDINGARBÚNAÐAR
28	JARÐVARAKERFI
29	ÁFALLSHORN
30	VÖKVAKERFI, HVERT KERFI (LÁGÞRÝSTINGUR)
31	LEIÐSÖGUGÖGN
32	STAÐA LENDINGARBÚNAÐAR EÐA VELJARA FYRIR LENDINGARBÚNAÐ

1. viðbætir við OPS 1.725

Flugritar — 3 — Skrá yfir breytur sem skal skrá

Tafla A — Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

Nr.	BREYTA
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN

Tafla B — Viðbótarbreytur fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg

Nr.	BREYTA
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA NEMA NOTUÐ SÉ ÖNNUR AÐFERÐ VIÐ AÐ STILLA SAMAN SKRÁNINGU FLUGRITA (FDR) OG HLJÓÐRITA (CVR)
9	AFL HVERS HREYFILS
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS (Á EINUNGIS VIÐ UM ÞOTUR)
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR EÐA HEILDARHITI
15a	TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRINGAR
15b	STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRINGAR, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG TENGINGARSTAÐA OG STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRIKERFIS
16	LANGSUMHRÖÐUN
17	HLIÐARHRÖÐUN
18	AÐALSTÝRI — STAÐA STÝRISFLATAR OG/EÐA HVERNIG FLUGMAÐUR BEITIR ÞEIM (KINK, VELTA OG GEIGUN)
19	STAÐA KINKSTILLIS
20	RATSJÁRHÆÐ
21	FRÁVIK FRÁ HALLAGEISLA
22	FRÁVIK FRÁ MIÐLÍNUGEISLA
23	YFIRFLUG YFIR MARKVITA
24	VÁVIÐVÖRUN
25	TÍÐNIVAL FYRIR LEIÐSÖGUKERFI 1 OG LEIÐSÖGUKERFI 2
26	FJARLÆGÐ FRÁ FJARLÆGÐARVITA 1 OG FJARLÆGÐARVITA 2
27	STAÐA HJÓLAROFA LENDINGARBÚNAÐAR
28	JARÐVARAKERFI
29	ÁFALLSHORN
30	VÖKVAKERFI, HVERT KERFI (LÁGÞRÝSTINGUR)
31	LEIÐSÖGUGÖGN (BREIDDARGRÁÐA, LENGDARGRÁÐA, JARÐHRAÐI OG REKHORN)
32	STAÐA LENDINGARBÚNAÐAR EÐA VELJARA FYRIR LENDINGARBÚNAÐ

1. viðbætir við OPS 1.770

Súrefni — lágmarkskröfur um viðbótarsúrefni í flugvélum með jafnþrýstibúnað við og eftir lækkun flugs í neyðartilvikum

Tafla 1

(a)	(b)
BIRGÐIR FYRIR:	TÍMI OG INNIÞRÝSTINGSHÆÐ
1. Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum en aldrei skemur en: i. 30 mínútur fyrir flugvélar sem eru ekki með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð (*aths. 2*) ii. tvær klukkustundir fyrir flugvélar sem eru með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð (*aths. 3*).
2. Alla öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð en ekki skemur en 30 mínútur (*aths. 2*), og allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum.
3. 100% farþega (*aths. 5*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 15 000 feta hæð en aldrei skemur en 10 mínútur (*aths. 4*).
4. 30% farþega (*aths. 5*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 14 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 15 000 feta hæð.
5. 10% farþega (*aths. 5*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 14 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þessum hæðum.

Aths. 1: Súrefnisbirgðirnar skulu miðaðar við inniþrýstingshæð og lækkunarsnið á viðkomandi flugleiðum.

Aths. 2: Tilskildar lágmarksbirgðir eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10 000 fet á 10 mínútum og, í næstu 20 mínúturnar eftir það, í 10 000 feta flughæð.

Aths. 3: Tilskildar lágmarksbirgðir eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10 000 fet á 10 mínútum og, í næstu 110 mínúturnar eftir það, í 10 000 feta flughæð. Heimilt er að reikna súrefnið, sem krafist er skv. 1. lið a-liðar OPS 1.780, með í súrefnisbirgðunum sem gerð er krafa um.

Aths. 4: Tilskildar lágmarksbirgðir eru það súrefnismagn sem þarf í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 15 000 fet á 10 mínútum.

Aths. 5: Í þessari töflu merkir orðið „farþegar“ farþega, sem eru um borð í flugvélinni, að ungbörnum meðtöldum.

1. viðbætir við OPS 1.775

Viðbótarsúrefni fyrir flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

Tafla 1

(a)	(b)
BIRGÐIR FYRIR:	TÍMI OG MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
1. Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt	Allan flugtímann í meira en 10 000 feta málþrýstingshæð.
2. Alla öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og lengur en 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð, en sem er ekki meiri en 13 000 fet.
3. 100% farþega (*sjá aths.*)	Allan flugtímann í meira en 13 000 feta málþrýstingshæð.
4. 10% farþega (*sjá aths.*)	Allan flugtímann eftir 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð.

Aths.: Í þessari töflu merkir orðið „farþegar“ farþega, sem eru um borð í flugvélinni, að ungbörnum meðtöldum.

L-KAFLI

FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI

OPS 1.845

Almennur inngangur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flug sé ekki hafið nema fjarskipta- og leiðsögutæki þau sem krafist er samkvæmt þessum kafla:

1. hafi verið samþykkt og uppsett í samræmi við ákvæði, sem um þau gilda, þ.m.t. staðlar um lágmarksafkastagetu og ákvæði er lúta að starfrækslu og lofthæfi,

2. séu þannig uppsett að bilun í einu tæki af þeim, sem nauðsynleg eru til fjarskipta eða leiðsögu eða hvorttveggja, leiði ekki til bilunar í öðru tæki sem nauðsynlegt er til fjarskipta eða leiðsögu,

3. séu í starfhæfu ástandi fyrir þá tegund flugs sem fram á að fara, að undanskildu því sem kveðið er á um í lista yfir lágmarksbúnað (sbr. OPS 1.030) og

4. sé þannig komið fyrir að eigi flugliði að nota tækin í vinnureit sínum í flugi verður hann að geta starfrækt þau auðveldlega frá þeim vinnureit. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.

b) Staðlar um lágmarksafköst fjarskipta- og leiðsögutækja eru hinir sömu og í gildandi evrópskum tækniforskriftum (ETSO) eins og þeir eru skráðir í viðeigandi forskriftum um evrópskar tækniforskriftir (CS-TSO) nema mælt sé fyrir um aðra staðla um afkastagetu í starfrækslu- eða lofthæfireglunum. Þegar OPS-reglurnar koma til framkvæmda má halda áfram að nota eða setja upp fjarskipta- og leiðsögutæki, sem samrýmast öðrum forskriftum en evrópskum tækniforskriftum fyrir hönnun og afkastagetu nema gerðar séu viðbótarkröfur í þessum kafla. Fjarskipta- og leiðsögutæki, sem hafa þegar hlotið samþykki, þurfa ekki að samrýmast endurskoðuðum evrópskum tækniforskriftum eða öðrum endurskoðuðum forskriftum, nema gerðar séu kröfur um afturvirkni þar að lútandi.

OPS 1.850

Fjarskiptabúnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi tilskilinn fjarskiptabúnað fyrir viðkomandi tegund flugs.

b) Þar sem krafist er tveggja sjálfstæðra fjarskiptakerfa, (sem eru aðskilin og fullbúin) samkvæmt þessum kafla, skal hvort kerfið um sig hafa sjálfstæðan loftnetsbúnað, nema notuð séu loftnet, sem eru ekki vír eingöngu, s.s. stoðloftnet eða annar loftnetsbúnaður sem er jafnáreiðanlegur og þarf þá aðeins eitt loftnet.

c) Fjarskiptabúnaðurinn, sem krafist er í a-lið hér að framan, skal einnig geta annast fjarskipti á neyðartíðnisviði í flugi, 121,5 MHz.

OPS 1.855

Hlustunarvalborð

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum nema hún sé búin hlustunarvalborði sem er aðgengilegt öllum flugliðum sem skylt er að hafa í áhöfn.

OPS 1.860

Fjarskiptabúnaður til flugs samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flugi samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum, þar sem unnt er að fljúga eftir kennileitum, nema hún hafi fjarskiptabúnað sem nauðsynlegur er við eðlileg starfræksluskilyrði til að uppfylla eftirfarandi:

a) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi jarðstöðvar,

b) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi flugumferðarstjórnstöð, frá hvaða stað sem er í því flugstjórnarrými sem fyrirhugað er að fljúga í og

c) taka við veðurupplýsingum.

OPS 1.865

Fjarskipta- og leiðsögutæki fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum þar sem ekki er unnt að fljúga eftir kennileitum nema flugvélin sé búin fjarskiptabúnaði, ratsjárvara fyrir kögunarratsjá (SSR) og leiðsögutæki í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu á flugsvæðinu eða -svæðunum.

b) Fjarskiptabúnaður. Flugrekandi skal sjá til þess að fjarskiptabúnaðurinn samanstandi a.m.k. af:

   1. tveimur sjálfstæðum fjarskiptakerfum sem við eðlileg starfræksluskilyrði eru nauðsynleg til að hafa samband við viðeigandi jarðstöð hvaðan sem er á leiðinni, einnig ef vikið er af leið og

   2. ratsjársvara fyrir kögunarratsjá sem krafist er á leiðinni sem flogin er.

c) Á stuttum flugleiðum innan Norður-Atlantshafssvæðisins, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (NAT MNPS) þegar ekki er flogið yfir Norður-Atlantshafið, má flugvél vera búin einu langdrægu fjarskiptakerfi (HF-kerfi) en þó einungis ef aðrar verklagsreglur um fjarskipti hafa verið gefnar út fyrir viðkomandi loftrými.

d) Leiðsögutæki. Flugrekandi skal sjá til þess að leiðsögutækin

   1. samanstandi að lágmarki af:

      i. einu móttökukerfi fyrir fjölstefnuvita, einu fyrir hringvita (ADF), einu fyrir fjarlægðarvita nema ekki þarf móttökukerfi fyrir hringvita, ef ekki er krafa um leiðsögu eftir hringvitum á neinum hluta áætlaðrar flugleiðar,

      ii. einu blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi þar sem krafist er blindlendingarkerfis eða örbylgjulendingarkerfis til leiðsagnar í aðflugi,

      iii. einu móttökukerfi fyrir markvita þar sem krafist er markvita til leiðsögu í aðflugi,

      iv. svæðisleiðsögukerfi ef svæðisleiðsögu er krafist á leiðinni sem flogin er,

      v. einu móttökukerfi fyrir fjarlægðarvita til viðbótar á hverri leið eða hluta leiðar þar sem leiðsaga byggist eingöngu á fjarlægðarvitum,

      vi. einu móttökukerfi til viðbótar fyrir fjölstefnuvita á einhverri leið eða hluta leiðar þar sem leiðsaga er eingöngu byggð á merkjum fjölstefnuvita,

      vii. einu móttökukerfi fyrir hringvita til viðbótar á einhverri leið eða hluta hennar þar sem leiðsaga byggist eingöngu á hringvitamerkjum eða

   2. uppfylli skilyrði um nákvæmni í svæðisleiðsögu (RNP) sem krafist er við starfrækslu í viðkomandi loftrými.

e) Flugrekanda er heimilt að starfrækja flugvél, sem ekki er búin móttökukerfi fyrir hringvita eða þeim leiðsögutækjum sem tiltekin eru í vi. og/eða vii. lið í 1. lið c-liðar, að því tilskildu að hún sé búin öðrum tækjum sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt fyrir þá leið sem flogin er. Þau tæki verða að vera nægilega áreiðanleg og nákvæm til að tryggja örugga leiðsögu á fyrirhugaðri leið.

f) Flugrekandi skal sjá til þess að VHF-fjarskiptabúnaður, móttökubúnaður fyrir miðlínugeisla í blindlendingarkerfi og móttökubúnaður fjölstefnuvita, sem settur er í flugvélar sem starfrækja á í blindflugi, sé af tegund sem hefur verið samþykkt og uppfyllir staðla um afkastagetu varðandi ónæmi fyrir langbylgjutruflunum (FM).

g) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar, sem eru sendar í fjarflug, hafi úrræði til að vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi jarðstöð í venjulegum og fyrir fram ákveðnum viðlagaflughæðum. Bjóða skal upp á talfjarskipti á fjarflugleiðum þar sem talfjarskipti eru tiltæk. Fyrir allt fjarflug, sem varir lengur en í 180 mínútur, skal áreiðanleg fjarskiptatækni vera fyrir hendi, sem byggist annaðhvort á talfjarskiptum eða gagnatengingu. Ef talfjarskiptabúnaður er ekki tiltækur og ef talfjarskipti eru ekki möguleg eða ef gæðin eru slæm skal tryggja fjarskipti með öðrum kerfum.

OPS 1.866

Ratsjársvarabúnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

1. ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem gefur upp málþrýstingshæð og

2. annan ratsjársvörunarbúnað fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er á leiðinni sem flogin er.

OPS 1.870

Viðbótarleiðsögutæki til flugs í loftrými þar sem gerðar eru kröfur um lágmarksnákvæmni í flugleiðsögu

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu nema hún sé búin leiðsögutækjum sem samrýmast forskriftum um lágmarksnákvæmni í leiðsögu sem mælt er fyrir um í ICAO-skjali 7030 í formi svæðisbundinna viðbótarreglna (Regional Supplementary Procedures).

b) Báðir flugmennirnir, sitjandi í vinnureit sínum, skulu geta séð á leiðsögutækin sem kveðið er á um í þessari grein og notað þau.

c) Til að heimilt sé að starfrækja flugvél ótakmarkað í loftrými, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu, skal hún vera búin tveimur sjálfstæðum leiðsögukerfum fyrir langflug (LRNS).

d) Til að heimilt sé að starfrækja flugvélar í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu á tilkynntum sérleiðum skal hún vera búin einu leiðsögukerfi fyrir langflug nema annað sé tiltekið.

OPS 1.872

Búnaður til starfrækslu í skilgreindu loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar, sem er flogið í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði, séu búnar:

1. tveimur sjálfstæðum hæðarmælingakerfum,

2. hæðarviðvörunarkerfi,

3. sjálfvirku hæðarstýringarkerfi og

4. ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá með hæðartilkynningarkerfi sem tengja má hæðarmælingarkerfinu sem notað er til að halda hæð.

OPS 1.873

Rafræn stjórnun leiðsögugagna

a) Flugrekandi skal ekki nota leiðsögugagnagrunn, sem hægt er að nota til leiðsögu um borð sem aðalúrræði til leiðsögu, nema birgirinn fyrir leiðsögugagnagrunninn sé handhafi samþykkisbréfs (LoA) af gerð 2 eða sambærilegs samþykkis.

b) Ef birgir flugrekandans er ekki handhafi samþykkisbréfs af gerð 2 eða sambærilegs samþykkis skal flugrekandinn ekki nota vörur til að vinna með rafræn leiðsögugögn nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt verklagsreglur flugrekandans til að tryggja að ferlið, sem notað er, og vörur, sem hafa verið afhentar, uppfylli sambærilega staðla um áreiðanleika.

c) Flugrekandi skal ekki nota vörur fyrir rafræn leiðsögugögn fyrir aðra leiðsögu nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt verklagsreglur flugrekandans til að sjá til þess að ferlið, sem notað er, og vörurnar, sem hafa verið afhentar, uppfylli staðla um áreiðanleika sem eru viðunandi að því er varðar fyrirhugaða notkun gagnanna.

d) Flugrekandi skal halda áfram að vakta bæði ferlið og vörurnar í samræmi við kröfurnar í OPS 1.035.

e) Flugrekandi skal taka í notkun verklagsreglur sem tryggja tímanlega dreifingu og innsetningu nýrra og óbreyttra, rafrænna leiðsögugagna til allra loftfara sem þarfnast þess.

M-KAFLI

VIÐHALD FLUGVÉLA

OPS 1.875

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema tilhlýðilega samþykkt/viðurkennd viðhaldsstöð annist viðhald og gefi út viðhaldsvottorð fyrir hana í samræmi við 145. hluta, að því frátöldu að ekki er nauðsynlegt að fyrirflugsskoðun fari fram í viðhaldsfyrirtæki sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta.

b) Í M-hluta eru tilgreindar þær kröfur, sem þarf að uppfylla, um áframhaldandi lofthæfi flugvéla svo að farið sé að kröfum OPS 1.180 um flugrekendaskírteini.

N-KAFLI

FLUGLIÐAR

OPS 1.940

Samsetning flugáhafnar

(Sjá 1. og 2. viðbæti við OPS 1.940)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að samsetning flugáhafnar og fjöldi flugliða á tilteknum vinnureitum sé bæði í samræmi við fyrirmæli í flughandbók flugvélarinnar og ekki undir því lágmarki sem þar er tilgreint,

2. að aukaflugliðar teljist til flugáhafnar þegar þeirra er þörf vegna eðlis starfrækslunnar og að ekki séu færri í flugáhöfn en tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni,

3. að allir flugliðar séu handhafar viðeigandi og fullgildra skírteina, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, og hafi tilskilin starfsréttindi og hæfni til að rækja þau störf sem þeim eru falin,

4. að settar séu verklagsreglur, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að koma í veg fyrir að óreyndir flugliðar verði saman í áhöfn,

5. að einn flugmannanna í flugáhöfn, sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri samkvæmt kröfum um veitingu flugliðaskírteina, sé tilnefndur flugstjóri, sem getur falið öðrum flugmanni með tilskilin starfsréttindi að stjórna fluginu, og

6. að sé þess krafist í flughandbók flugvélar að sérstakur flugkerfastjóri sé í áhöfn þá hafi einn í flugáhöfninni flugvélstjóraskírteini eða tilskilin starfsréttindi sem flugmálayfirvöld geta fallist á,

7. að þegar ráðnir eru flugliðar, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og/eða vinna í lausamennsku eða hlutastarfi, séu kröfur N-kafla uppfylltar. Einkum skal í þessu sambandi taka sérstakt tillit til heildarfjölda þeirra loftfarstegunda og – afbrigða sem flugliðinn má fljúga í flutningaflugi, sem ekki má vera yfir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í OPS 1.980 og OPS 1.981, að meðtöldum þeim sem hann flýgur í þjónustu annars flugrekanda. Flugverjar, sem þjóna flugrekanda sem flugstjórar, skulu ljúka grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en þeir hefja flug á flugleið án umsjónar nema flugverjinn hafi áður lokið grunnnámskeiði flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu.

b) Lágmarksfjöldi flugliða til starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til. Við starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til skal flugrekandi sjá til þess:

1. að í öllum skrúfuþotum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er meiri en níu, og í öllum flugvélum, sem knúnar eru þotuhreyflum, séu ekki færri en tveir flugmenn í áhöfn eða

2. að einn flugmaður starfræki aðrar flugvélar en þær sem heyra undir 1. lið b-liðar hér að framan, að því tilskildu að kröfum, sem settar eru fram í 2. viðbæti við OPS 1.940, sé fullnægt. Sé kröfunum í 2. viðbæti ekki fullnægt skulu ekki vera færri en tveir flugmenn í áhöfn.

OPS 1.943

Grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu

a) Hafi flugliði ekki áður lokið grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu (hvort heldur sem er nýir starfsmenn eða starfsmenn sem fyrir eru) skal flugrekandi sjá til þess að flugliðinn ljúki grunnþjálfunarnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu. Nýir starfsmenn skulu ljúka grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu innan árs frá því að þeir hefja störf fyrir flugrekanda.

b) Hafi flugliði ekki áður hlotið þjálfun í mannlegum þáttum skal hann ljúka fræðilegu námskeiði, sem byggt er á efnisskránni um mannlega afkastagetu og takmarkanir, fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (sjá viðeigandi kröfur fyrir útgáfu skírteina flugliða) áður en hann lýkur grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu eða samhliða grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu.

c) Grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal vera í höndum a.m.k. eins kennara í stjórnun áhafnarsamvinnu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, sem má njóta aðstoðar sérfræðinga til að fjalla um tiltekin svið.

d) Grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu fer fram í samræmi við ítarlega námskrá sem kemur fram í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.945

Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.945)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að flugliði ljúki námskeiði til tegundarréttinda, sem uppfyllir viðeigandi kröfur fyrir útgáfu skírteina flugliða þegar hann skiptir yfir á aðra tegund eða flokk flugvéla þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar,

2. að flugliði ljúki námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta áður en hann hefur flug á flugleið án umsjónar:

   i. ef hann skiptir yfir á flugvél þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar eða

   ii. ef hann skiptir um flugrekanda,

3. að þjálfun vegna flugvélaskipta sé í höndum starfsfólks með tilskilin starfsréttindi og fari fram í samræmi við nákvæma námskrá í flugrekstrarhandbókinni; flugrekandi skal sjá til þess að starfsmenn, sem samþætta hluta úr stjórnun áhafnarsamvinnu við þjálfun vegna flugvélaskipta, hafi tilskilin starfsréttindi,

4. að við ákvörðun um hversu mikla þjálfun flugliði þurfi að fá á námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta sé tekið mið af fyrri þjálfun flugliðans samkvæmt þjálfunarskrám hans sem mælt er fyrir um í OPS 1.985,

5. að í flugrekstrarhandbókinni séu tilgreind þau lágmarksskilyrði um starfsréttindi og reynslu sem flugliðar þurfa að uppfylla áður en þeir fá þjálfun vegna flugvélaskipta,

6. að allir flugliðar fari í prófin, sem krafist er í b-lið OPS 1.965, og í þá þjálfun og próf, sem krafist er í d-lið OPS 1.965, áður þeir hefja flug á flugleið undir umsjón,

7. að þegar flugliði hefur lokið flugi á flugleið undir umsjón fari hann í prófið sem krafist er í c-lið OPS 1.965,

8. að eftir að námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta er hafið taki flugliði ekki að sér flugvaktir á annarri tegund eða flokki flugvéla fyrr en að námskeiði loknu eða eftir að því hefur verið hætt og

9. að hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu séu samþættir við námskeið vegna flugvélaskipta.

b) Þegar skipt er um flugvélategund eða -flokk má sameina prófið, sem krafist er í b-lið OPS 1.965, og prófið til tegundar- eða flokksréttinda samkvæmt viðeigandi kröfum fyrir útgáfu skírteina flugliða.

c) Heimilt er að sameina námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta og námskeið til tegundar- eða flokksréttinda sem krafist er fyrir útgáfu skírteina flugliða.

d) Flugmaður, sem sækir námskeið sem fer fram eingöngu í flughermi (Zero Flight Time Training (ZFTT)), skal:

1. hefja leiðarflug undir umsjón eins fljótt og unnt er áður en 21 dagur er liðinn frá því að færniprófi er lokið.

   Ef leiðarflug undir umsjón hefur ekki hafist innan 21 dags skal flugrekandi sjá fyrir þjálfun sem flugmálayfirvöld telja ásættanlega.

2. ekki seinna en 21 degi eftir að færniprófi er lokið ljúka sex flugtökum og lendingum í flughermi, sem er samþykktur samkvæmt kröfum sem gilda fyrir flugþjálfa og samþykktur til notkunar fyrir viðkomandi flugrekanda af flugmálayfirvöldum.

   Tegundarkennari (flugvél) (TRI(A)), sem situr í sæti flugmanns, skal stjórna þessari flughermissetu.

   Þegar Sameiginlega matsnefndin í flugrekstrarmálum (JOEB) mælir með því og flugmálayfirvöld samþykkja það má fækka fjölda flugtaka og lendinga.

   Hafi þessi flugtök og lendingar ekki verið framkvæmd innan 21 dags skal flugrekandi sjá fyrir upprifjunarþjálfun sem flugmálayfirvöld telja ásættanlega.

3. framkvæma fyrstu fjögur flugtökin og lendingarnar í flugvél í leiðarflugi undir umsjón tegundarkennara (flugvél) sem situr í sæti flugmanns.

   Þegar Sameiginlega matsnefndin í flugrekstrarmálum (JOEB) mælir með því og flugmálayfirvöld samþykkja það má fækka fjölda flugtaka og lendinga.

OPS 1.950

Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði ljúki:

   1. mismunarþjálfun sem krefst viðbótarþekkingar og þjálfunar í viðeigandi þjálfunartæki fyrir flugvélina:

      i. ef hann starfrækir annað afbrigði flugvélar sömu tegundar eða aðra tegund í sama flokki og flugvélin, sem er starfrækt, eða

      ii. ef búnaði og/eða verklagi er breytt á afbrigði flugvélar sem er starfrækt,

   2. kynningarþjálfun sem útheimtir meiri kunnáttu:

      i. ef hann starfrækir aðra flugvél sömu tegundar eða afbrigði af henni eða

      ii. ef búnaði og/eða verklagi er breytt á tegund eða afbrigði flugvélar sem er starfrækt.

b) Í flugrekstrarhandbókinni skal flugrekandi tilgreina hvenær mismunarþjálfunar eða kynningarþjálfunar er krafist.

OPS 1.955

Tilnefning til flugstjóra

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi gildi um þá sem hækka úr stöðu aðstoðarflugmanns í stöðu flugstjóra og þá sem koma til starfa sem flugstjórar:

   1. að þeir hafi lágmarksreynslu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, og skal hún tilgreind í flugrekstrarhandbókinni og

   2. þegar um er að ræða flug þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, að flugmaður ljúki tilheyrandi flugstjóranámskeiði.

b) Flugstjóranámskeiðið, sem krafist er í 2. lið a-liðar hér að framan, skal tilgreint í flugrekstrarhandbókinni og felur a.m.k. í sér:

   1. þjálfun í flugþjálfa (þ.m.t. þjálfun í flugi á flugleið) og/eða flugþjálfun,

   2. hæfnipróf flugrekanda við stjórn sem flugstjóri,

3. ábyrgð flugstjóra,

4. þjálfun á flugleið sem flugstjóri undir umsjón; fyrir flugmenn, sem hafa þegar öðlast tilskilin réttindi á flugvélategundina, er lágmarkskrafan tíu flug,

5. fullnægjandi leiðarflugspróf flugstjóra, eins og mælt er fyrir um í c-lið OPS 1.965, og réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.975, og

6. hlutar úr stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM).

OPS 1.960

Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að handhafi atvinnuflugmannsskírteinis (CPL) starfi ekki sem flugstjóri flugvélar sem er skráð til starfrækslu með einum flugmanni í flughandbók flugvélarinnar

i. þegar um er að ræða farþegaflug samkvæmt sjónflugsreglum utan 50 sjómílna radíusar frá brottfararflugvelli nema flugmaðurinn hafi að baki minnst 500 flugstundir samanlagt á flugvél eða fullgild blindflugsréttindi eða

ii. þegar um er að ræða fjölhreyflaflugvél og flogið er samkvæmt blindflugsreglum, nema flugmaðurinn hafi að baki minnst 700 flugstundir samanlagt á flugvél og af þeim hafi hann flogið 400 flugstundir sem flugstjóri (samkvæmt kröfum um veitingu flugliðaskírteina) og 100 þessara flugstunda samkvæmt blindflugsreglum og þar af séu 40 flugstundir við stjórn fjölhreyflaflugvéla: í stað 400 flugstunda sem flugstjóri geta komið flugstundir sem aðstoðarflugmaður, þar sem reglan er að tvær flugstundir sem aðstoðarflugmaður jafngildi einni flugstund sem flugstjóri, að því tilskildu að þessum stundum hafi verið safnað eftir föstu fyrirkomulagi þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn eins og mælt er fyrir um í flugrekstrarhandbókinni,

2. að til viðbótar við ii. lið 1. liðar a-liðar hér að framan sé kröfum 2. viðbætis við OPS 1.940 fullnægt þegar flugmaður flýgur blindflug sem eini flugmaðurinn í áhöfn og

3. að, ef um er að ræða flug þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, ljúki flugmaðurinn flugstjóranámskeiðinu, sem mælt er fyrir um í 2. lið a-liðar OPS 1.955, til viðbótar ákvæði 1. lið a-liðar hér að framan áður en hann tekur til starfa sem flugstjóri.

OPS 1.965

Reglubundin þjálfun og próf

(Sjá 1. og 2. viðbæti við OPS 1.965)

a) Almenn ákvæði. Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að hver flugliði gangist undir reglubundna þjálfun og próf og að hvort tveggja miðist við þá tegund eða afbrigði flugvélar sem flugliðinn starfrækir,

2. að áætlun um reglubundna þjálfun og próf sé skráð í flugrekstrarhandbókina og samþykkt af flugmálayfirvöldum,

3. að reglubundin þjálfun sé í höndum eftirfarandi starfsfólks:

i. þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun — í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi,

ii. þjálfun í flugvél/flugþjálfa — í höndum tegundarkennara, flokkskennara eða flugþjálfakennara (SFI) þegar um kennslu í flugþjálfa er að ræða og tegundarkennarinn, flokkskennarinn eða flugþjálfakennarinn uppfyllir nógu vel kröfur flugrekandans um reynslu og kunnáttu til að kenna þau atriði sem tilgreind eru í i. lið 1. liðar a-liðar A og B í 1. viðbæti við OPS 1.965,

iii. þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar — í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi og

iv. stjórnun áhafnarsamvinnu:

A) samþætting hluta stjórnunar áhafnarsamvinnu við öll stig reglubundnu þjálfunarinnar — í höndum starfsfólks sem annast reglubundnu þjálfunina; flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk, sem annast reglubundna þjálfun, hafi tilskilin starfsréttindi til að samþætta hluta úr stjórnun áhafnarsamvinnu við þá þjálfun,

B) áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu — skal vera í höndum a.m.k. eins kennara í stjórnun áhafnarsamvinnu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, sem má njóta aðstoðar sérfræðinga til að fjalla um tiltekin svið.

4. að reglubundin próf séu í höndum eftirfarandi starfsfólks:

i. hæfnipróf flugrekanda — í höndum tegundarprófdómara, flokksprófdómara eða, ef prófið er tekið í flugþjálfa, tegundarprófdómara, flokksprófdómara eða flugþjálfaprófdómara sem hefur hlotið þjálfun í hugtökum varðandi stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu,

ii. leiðarflugspróf — í höndum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi, sem flugrekandi tilnefnir og flugmálayfirvöld geta fallist á,

iii. próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar — í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi.

b) Hæfnipróf flugrekanda.

1. Flugrekandi skal sjá til þess:

i. að hver flugliði gangist undir hæfnipróf flugrekanda til að sýna kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður og

ii. að hæfniprófið fari fram án útsýnis ef krafist er að flugliðar starfi samkvæmt blindflugsreglum,

iii. að hver flugliði gangist undir hæfnipróf flugrekanda þar sem hann er í eðlilega skipaðri flugáhöfn.

2. Gildistími hæfniprófs flugrekanda skal vera sex almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu þremur almanaksmánuðunum, sem fyrra hæfnipróf flugrekanda er í gildi, skal gildistíminn vera frá útgáfudegi í sex almanaksmánuði frá því að gildistími fyrra hæfniprófsins rann út.

c) Leiðarflugspróf. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði gangist undir leiðarflugspróf í flugvélinni til að sýna hæfni sína í venjulegu flugi á flugleið eins og lýst er í flugrekstrarhandbókinni. Gildistími leiðarflugspróf skal vera tólf almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrra leiðarflugspróf er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi fram til loka tólfta almanaksmánaðar frá því að fyrra leiðarflugsprófið rann út.

d) Þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði gangist undir þjálfun og próf í því sem lýtur að staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð. Gildistími prófs í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal vera tólf almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef áritun er gefin út á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrra prófið í notkun neyðar-og öryggisbúnaðar er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi og fram til loka tólfta almanaksmánaðar frá því að fyrra prófið (í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar) rann út.

e) Stjórnun áhafnarsamvinnu. Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu séu samþættir viðeigandi stigum reglubundnu þjálfunarinnar og

2. að hver flugliði fari í sértæka áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Farið skal yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu á tímabili sem er ekki lengra en þrjú ár.

f) Þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fari í þjálfun á jörðu niðri og upprifjun a.m.k. á tólf almanaksmánaða fresti. Ef þjálfunin fer fram innan þriggja síðustu almanaksmánaða áður en tólf mánaða tímabilinu lýkur þarf þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun að vera lokið innan tólf almanaksmánaða frá lokum gildistíma fyrra námskeiðs.

g) Þjálfun í flugvél/flughermi. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fari í þjálfun í flugvél/flugþjálfa a.m.k. á tólf almanaksmánaða fresti. Ef þjálfunin fer fram innan þriggja síðustu almanaksmánaða áður en tólf mánaða tímabilinu lýkur þarf þjálfun í flugvél/flugþjálfa að vera lokið innan tólf almanaksmánaða frá lokum gildistíma fyrra námskeiðs.

OPS 1.968

Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.968)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að flugmaður, sem kann að vera settur til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er, ljúki tilheyrandi þjálfun og prófi og

2. að áætlun um þjálfunina og prófið sé skráð í flugrekstrarhandbókina og að flugmálayfirvöld geti fallist á hana.

OPS 1.970

Nýleg reynsla

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að flugmaður sé ekki settur til starfa í flugvél sem hluti af skráðri lágmarksáhöfn sem flugmaður sem stýrir eða flugmaður sem aðstoðar nema hann hafi framkvæmt a.m.k. þrjú flugtök og þrjár lendingar næstliðna 90 daga sem flugmaður sem stýrir í flugvél eða í flughermi af sömu tegund/flokki,

2. að flugmaður, sem hefur ekki fullgild blindflugsréttindi, sé ekki settur til starfa í flugvél að nóttu til sem flugstjóri nema hann hafi framkvæmt a.m.k. eina lendingu að nóttu til næstliðna 90 daga sem flugmaður sem stýrir í flugvél eða í flughermi af sömu tegund/flokki.

b) Heimilt er að lengja 90 daga tímabilið, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið a-liðar hér að framan, í 120 daga í mesta lagi ef flogið er leiðarflug undir umsjón tegundarkennara eða tegundarprófdómara. Að því er varðar tímabil, sem er umfram 120 daga, er kröfunni um nýlega reynslu fullnægt með þjálfunarflugi eða með notkun flughermis fyrir þá tegund flugvélar sem nota á.

OPS 1.975

Réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli

a) Flugrekandi skal sjá til þess að maður sé ekki settur til starfa sem flugstjóri eða flugmaður, sem flugstjórinn felur stjórn flugsins, fyrr en hann hefur öðlast næga þekkingu á flugleiðinni, sem á að fljúga, flugvöllum þeim, (að varaflugvöllum meðtöldum) sem fyrirhugað er að nota, og búnaði og verklagi á þeim flugvöllum.

b) Gildistími réttinda og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli er tólf almanaksmánuðir til viðbótar við það sem eftir er:

1. af mánuðinum þegar réttindin fengust eða

2. af mánuðinum þegar síðast var flogið á umræddum leiðum eða á viðkomandi flugvelli.

c) Endurnýja skal réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli með því að fljúga á leiðunum eða inn á flugvellina innan gildistímans sem mælt er fyrir um í b-lið hér að framan.

d) Ef réttindi og hæfni eru endurnýjuð á síðustu þremur almanaksmánuðunum, sem fyrri réttindin og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli eru í gildi, skal gildistíminn framlengdur frá endurnýjunardegi til loka tólfta almanaksmánaðar frá því að fyrri réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli rann út.

OPS 1.978

Sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.978)

a) Flugrekandi, sem hefur stundað samfelldan flugrekstur í minnst tvö ár, má, í stað þess að fara eftir kröfum um þjálfun og próf fyrir flugliða í a-lið 1. viðbætis við OPS 1.978, fara eftir sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt. Lækka má kröfur um tveggja ára samfelldan flugrekstur að ákvörðun flugmálayfirvalda.

b) Sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin skal fela í sér þjálfun og próf sem sýna fram á a.m.k. jafnmikla hæfni og sem næst með því að fara eftir ákvæðum OPS 1.945, 1.965 og 1.970. Staðfesta skal staðal um þjálfun og starfsréttindi flugliða áður en þjálfun og prófun hefst samkvæmt sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun; einnig skal tilgreina þjálfunar- og starfsréttindastaðla sem krafist er samkvæmt sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætluninni.

c) Flugrekandi, sem sækir um samþykki flugmálayfirvalda til að innleiða sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun, skal leggja fram innleiðingaráætlun sem er í samræmi við c-lið 1. viðbætis við OPS 1.978.

d) Til viðbótar við prófin, sem krafist er samkvæmt OPS 1.965 og 1.970, skal flugrekandi sjá til þess að allir flugliðar fari í frammistöðumat í leiðarflugi (LOE).

1. Frammistöðumat í leiðarflugi skal fara fram í flughermi. Það má framkvæma um leið og önnur sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun fer fram.

2. Gildistími frammistöðumats í leiðarflugi skal vera tólf almanaksmánuðir til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef það er gefið út fyrir lok þriggja síðustu almanaksmánaða síðasta gildistíma skal gildistíminn vera frá útgáfudegi í tólf almanaksmánuði frá þeim degi sem síðasta frammistöðumat í leiðarflugi féll úr gildi.

e) Eftir að hafa stundað flugrekstur í samræmi við samþykkta sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun í tvö ár getur flugrekandi, ef flugmálayfirvöld samþykkja það, lengt gildistímann í OPS 1.965 og 1.970 á eftirfarandi hátt:

1. Hæfnipróf flugrekanda — í tólf almanaksmánuði til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrra hæfnipróf flugrekanda er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi og fram til loka tólf almanaksmánaða frá því að gildistími fyrra hæfniprófsins rann út.

2. Leiðarflugspróf — í 24 almanaksmánuði til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu sex almanaksmánuðum, sem fyrra leiðarflugspróf er í gildi, skal gildistíminn vera frá útgáfudegi í 24 almanaksmánuði frá því að fyrra leiðarflugsprófið féll úr gildi. Leiðarflugsprófið má sameina gæðamati í leiðarflugi (LOQE) með samþykki flugmálayfirvalda.

3. Próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar — í 24 almanaksmánuði til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu sex almanaksmánuðum, sem fyrra prófið er í gildi, skal gildistími vera frá útgáfudegi í 24 almanaksmánuði frá því að fyrra prófið féll úr gildi.

f) Sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin skal vera á ábyrgð tilnefnds yfirmanns.

OPS 1.980

Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.980)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði starfi ekki á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar nema flugliðinn sé til þess hæfur.

b) Þegar flugrekandi hyggur á starfrækslu fleiri en einnar tegundar eða afbrigðis flugvéla skal hann tryggja að mismunur viðkomandi flugvéla og/eða hversu líkar þær eru leyfi að slík starfræksla sé réttlætanleg, með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. tæknistigi,

2. verklagsreglum,

3. stjórnunareiginleikum.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði, sem starfar á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar, uppfylli allar kröfur N-kafla fyrir hverja tegund eða afbrigði nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt að telja honum til tekna atriði varðandi þjálfun, próf og nýlega reynslu.

d) Flugrekandi skal skilgreina í flugrekstrarhandbókinni viðeigandi verklagsreglur og/eða starfrækslutakmarkanir, samþykktar af flugmálayfirvöldum, fyrir alla starfrækslu fleiri en einnar tegundar eða eins afbrigðis flugvélar og skulu þær taka til:

1. lágmarksflugreynslu flugliðans,

2. lágmarksreynslu á einni tegund eða afbrigði flugvélar áður en þjálfun og starfræksla á annarri tegund eða afbrigði flugvélar hefst,

3. þjálfunarferlis flugliða með réttindi á eina tegund eða afbrigði flugvélar til að fá að starfa á annarri tegund eða afbrigði flugvélar,

4. allra krafna sem gerðar eru um nýlega reynslu á hverri tegund eða afbrigði flugvélar.

OPS 1.981

Starfræksla þyrlna og flugvéla

a) Þegar flugliði starfrækir bæði þyrlur og flugvélar:

1. er flugrekanda skylt að sjá til þess að starfræksla þyrlna og flugvéla sé takmörkuð við eina tegund af hvoru,

2. er flugrekanda skylt að skilgreina í flugrekstrarhandbókinni viðeigandi verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem samþykktar eru af flugmálayfirvöldum.

OPS 1.985

Þjálfunarskrár

a) Flugrekandi skal:

1. halda skrár yfir alla þjálfun, próf og starfsréttindi, sem mælt er fyrir um í OPS 1.945, 1.955, 1.965, 1.968 og 1.975 fyrir hvern flugliða og

2. veita viðkomandi flugliða aðgang að öllum skrám um námskeið vegna flugvélaskipta og um reglubundna þjálfun og próf, ef hann óskar þess.

1. viðbætir við OPS 1.940

Afleysingar flugliða í flugi

a) Heimilt er að flugliði með tilskilin starfsréttindi leysi annan flugliða af við stjórntækin á flugi.

b) Flugstjóri leystur af

1. Flugstjóri getur falið öðrum að sjá um framkvæmd flugsins sem hér segir:

i. öðrum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi eða

ii. í flugi yfir fluglagi 200 eingöngu, flugmanni með starfsréttindi sem eru nánar tilgreind í c-lið hér á eftir.

c) Lágmarkskröfur, sem gerðar eru til flugmanns sem leysir flugstjóra af, eru sem hér segir:

1. hann skal hafa gilt 1. flokks atvinnuflugmannsskírteini,

2. hann skal hafa lokið þjálfun og prófi vegna flugvélaskipta (að meðtalinni þjálfun til tegundarréttinda) eins og mælt er fyrir um í OPS 1.945,

3. hann skal hafa lokið allri reglubundinni þjálfun og prófum, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.965 og 1.968, og

4. hann skal hafa réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum sem mælt er fyrir um í OPS 1.975.

d) Aðstoðarflugmaður leystur af

1. Eftirtaldir mega leysa aðstoðarflugmanninn af:

i. annar flugmaður með tilskilin starfsréttindi eða

ii. aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi og hefur starfsréttindi eins og nánar er tiltekið í e-lið hér á eftir.

e) Lágmarkskröfur, sem gerðar eru til aðstoðarflugmanns sem leysir af í farflugi, eru sem hér segir:

1. hann skal hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun,

2. hann skal hafa lokið þjálfun og prófi vegna flugvélaskipta, að meðtalinni þjálfun til tegundarréttinda, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.945, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu,

3. hann skal hafa lokið allri reglubundinni þjálfun og prófum, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.965, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu og

4. hann má einungis starfa sem aðstoðarflugmaður í farflugi og ekki undir fluglagi 200,

5. ekki er krafist nýlegrar reynslu eins og mælt er fyrir um í OPS 1.970. Þó skal flugmaður fá æfingu í flughermi til að uppfylla skilyrði um nýlega reynslu og flugþjálfun til upprifjunar á minnst 90 daga fresti. Upprifjunina má sameina þjálfuninni sem mælt er fyrir um í OPS 1.965.

f) Flugkerfastjóri leystur af. Flugverja með flugvélstjóraskírteini eða flugliða með tilskilin starfsréttindi, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, er heimilt að leysa flugkerfastjóra af.

2. viðbætir við OPS 1.940

Starfræksla með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til

a) Heimilt er að einn flugmaður starfræki flugvélar, sem um getur í 2. lið b-liðar OPS 1.940, samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. flugrekandi skal birta áætlun um þjálfun vegna flugvélaskipta og reglubundna þjálfun flugmannanna í flugrekstrarhandbókinni ásamt frekari kröfum sem gerðar eru til starfrækslu með einum flugmanni,

2. verklagsreglur í stjórnklefa skulu sérstaklega taka til:

   i. stjórnunar á hreyflum og neyðarmeðferðar,

   ii. notkunar gátlista fyrir venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður,

   iii. fjarskipta við flugumferðarstjórn (ATC),

   iv. verklags við brottflug og aðflug,

   v. meðhöndlunar sjálfstýringar og

   vi. notkunar einfaldrar gagnafærslu í flugi,

3. reglubundnu prófin, sem krafist er í OPS 1.965, skulu fara fram þannig að flugmaðurinn sé í hlutverki eina flugmannsins á þeirri tegund eða flokki flugvéla og í því umhverfi sem er dæmigert fyrir flugið,

4. flugmaðurinn skal hafa flogið þeirri tilteknu tegund eða flokki flugvéla, sem um ræðir, samkvæmt blindflugsreglum í minnst 50 flugstundir, þar af tíu flugstundir sem flugstjóri, og

5. lágmarkskröfur, sem gerðar eru um nýlega reynslu flugmanns sem er eini flugmaðurinn í áhöfn, þar sem flogið er eftir blindflugsreglum eða að nóttu til, skulu vera fimm flug samkvæmt blindflugsreglum, þar af þrjú blindaðflug næstliðna 90 daga sem eini flugmaðurinn á sömu tegund eða flokk flugvéla. Í stað þessarar kröfu getur komið próf í blindaðflugi samkvæmt blindflugsreglum á viðkomandi flugvélategund eða -flokk.

1. viðbætir við OPS 1.945

Námskeið flugrekenda vegna flugvélaskipta

a) Námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta skal ná yfir:

1. þjálfun á jörðu niðri og próf, þ.m.t. í flugvélakerfum og verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður,

2. þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar sem skal lokið áður en þjálfun í flugvél hefst,

3. þjálfun og próf í flugvél/flughermi og

4. leiðarflug undir umsjón og leiðarflugspróf.

b) Námskeið vegna flugvélaskipta skulu fara fram í þeirri röð sem kemur fram í a-lið hér að framan.

c) Hlutar úr stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir námskeiðinu vegna flugvélaskipta og vera í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi.

d) Hafi flugliði ekki áður lokið námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar við a-lið hér að framan fái flugliðinn almenna þjálfun í skyndihjálp og, ef við á, þjálfun í verklagi við nauðlendingu á vatni og notkun viðeigandi búnaðar í vatni.

1. viðbætir við OPS 1.965

Reglubundin þjálfun og próf — flugmenn

a) Reglubundin þjálfun. Reglubundin þjálfun skal ná yfir:

1. þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun,

i. áætlun um þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun skal ná yfir eftirfarandi:

A) flugvélakerfi,

B) verklagsreglur og kröfur, sem gerðar eru vegna hennar, þ.m.t. íseyðing og ísingarvarnir á jörðu niðri og óstarfhæfni flugmanns og

C) farið yfir atvik, slys og flugatvik.

ii. Að lokinni þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun skal sannreyna kunnáttu með spurningalista eða öðrum heppilegum aðferðum.

2. Þjálfun í flugvél/flugþjálfa

i. Áætlun um þjálfun í flugvél/flugþjálfa skal hagað þannig að á næstliðnum þremur árum hafi verið fjallað um allar helstu bilanir í flugvélakerfum og verklagsreglur í tengslum við þær.

ii. Þegar æft er flug með hreyfilbilun í flugvél skal líkt eftir hreyfilbilun.

iii. Heimilt er að sameina þjálfun í flugvél/flugþjálfa og hæfnipróf flugrekanda.

3. Þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar.

i. Heimilt er að sameina þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og skal hvort tveggja fara fram um borð í flugvél eða öðru hentugu þjálfunartæki.

ii. Í áætlun um þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal á hverju ári gera ráð fyrir:

A) að þátttakendur fari í björgunarvesti ef þau eru hluti af búnaðinum,

B) að þátttakendur setji á sig öndunarhlífar, ef þau eru hluti af búnaðinum,

C) að þátttakendur meðhöndli slökkvitæki,

D) kennslu um staðsetningu og í notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í flugvélinni,

E) kennslu um staðsetningu og í notkun útganga af öllum gerðum og

F) æfingum í verklagi við flugvernd.

iii. Í þjálfunaráætlun skal á þriggja ára fresti gera ráð fyrir:

A) raunverulegri notkun útganga af öllum gerðum,

B) sýnikennslu í notkun neyðarrennu ef hún er hluti af búnaðinum,

C) að barist sé gegn raunverulegum eldi eða eftirlíkingu af eldi með sams konar búnaði og er í flugvélinni, nema ef um halonslökkvitæki er að ræða, en þá er heimilt að nota aðra aðferð sem flugmálayfirvöld geta fallist á,

D) umfjöllun um áhrif reyks í lokuðu rými, og raunverulegri notkun alls búnaðar þar að lútandi, þar sem líkt er eftir reykmettun,

E) meðhöndlun neyðarblysa, raunverulegra eða eftirlíkinga, ef þau eru hluti af búnaðinum og

F) sýnikennslu í notkun björgunarbáta ef þeir eru hluti af búnaðinum.

4. Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu

i. hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir viðeigandi stigum reglubundinnar þjálfunar

ii. sértækri áætlun fyrir áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal hagað þannig að farið sé yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu á tímabili, sem er ekki lengra en þrjú ár, sem hér segir:

A) mannleg mistök og áreiðanleika, mistakatengsla, og að koma í veg fyrir og að greina mistök,

B) öryggisstefnu fyrirtækis, staðlaðar verklagsreglur, skipulagsþætti,

C) streitu, streitustjórnun, þreytu og árvekni,

D) upplýsingaöflun og -vinnslu, næmi á aðstæður, stjórnun vinnuálags,

E) ákvarðanatöku,

F) samskipti og samræmingu innan og utan stjórnklefa,

G) forystuhæfileika og hóphegðun, samvirkni,

H) sjálfvirkni og grundvallarreglur um notkun sjálfvirkni (ef við á um tegundina),

I) sértækan mismun sem tengist tilteknum tegundum flugvéla,

J) raundæmi,

K) önnur svið sem krefjast frekari athygli og koma fram í áætluninni um slysavarnir og flugöryggi (sjá OPS 1.037).

iii. Flugrekendur skulu setja verklagsreglur um uppfærslu áætlunar sinnar að því er varðar reglubundna þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Endurskoðunin skal framkvæmd á tímabili sem er ekki lengra en þrjú ár. Við endurskoðun á þjálfunaráætluninni skal taka tillit til ópersónugreinanlegrar niðurstöðu í mati á áhöfnum í stjórnun áhafnarsamvinnu og upplýsinga sem hafa komið í ljós í áætluninni um slysavarnir og flugöryggi.

b) Reglubundin próf. Reglubundin próf eru sem hér segir:

1. Hæfnipróf flugrekanda.

i. Þar sem við á, skulu hæfnipróf flugrekanda felast í eftirfarandi æfingum:

A) flugtaki sem hætt er við, ef flughermir er tiltækur, annars aðeins snertiæfingar,

B) flugtaki með hreyfilbilun milli ákvörðunarhraða V_1 eða öryggishraða V_2 eins fljótt og öryggi leyfir,

C) nákvæmnisblindaðflugi niður í aðflugslágmark og, ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, með einn hreyfil óstarfhæfan,

D) grunnaðflugi niður í aðflugslágmark,

E) blindfráflugi úr aðflugslágmarki og, ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, með einn hreyfil óstarfhæfan,

F) lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan. Ef um er að ræða eins hreyfils vélar er þess krafist að nauðlending sé æfð.

ii. Þegar æft er flug í flugvél með hreyfilinn óstarfhæfan skal líkja eftir hreyfilbilun.

iii. Til viðbótar við prófin, sem mælt er fyrir í A- til F-lið í i. lið hér að framan, verður að standast kröfurnar sem gilda um útgáfu flugliðaskírteina á tólf mánaða fresti en það má sameina hæfniprófi flugrekanda.

iv. Ef um er að ræða flugmann, sem flýgur einungis samkvæmt sjónflugsreglum, er heimilt að sleppa prófunum, sem mælt er fyrir um í C- til E-lið í i. lið hér að framan, nema fljúga þurfi aðflug og hætta við lendingu í fjölhreyflaflugvél með einn hreyfil óstarfhæfan.

v. Hæfnipróf flugrekanda skulu vera í höndum tegundarprófdómara.

2. Próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar. Atriðin, sem prófa á, skulu vera þau sömu og farið var yfir í þjálfuninni skv. 3. lið a-liðar hér að framan.

3. Leiðarflugspróf

i. Í leiðarflugsprófi verður að fást fullnægjandi staðfesting á kunnáttu í flugi á flugleið frá byrjun til enda, að meðtöldu verklagi fyrir og eftir flug og notkun þess búnaðar sem tiltækur er, og eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni.

ii. Meta verður hæfni flugáhafnar í stjórnun áhafnarsamvinnu í samræmi við aðferðafræði sem flugmálayfirvöld geta fallist á og er birt í flugrekstrarhandbókinni. Tilgangurinn með slíku mati er:

A) að veita áhöfninni í heild og hverjum einstaklingi svörun (um það sem fram kemur í því mati) og greina hvar endurþjálfunar er þörf og

B) að nota það til að bæta þjálfunarkerfið fyrir stjórnun áhafnarsamvinnu.

iii. Ekki má nota mat á stjórnun áhafnarsamvinnu eitt og sér þegar metið er hvort viðkomandi hafi náð leiðarflugsprófi.

iv. Þegar flugmanni eru falin störf sem flugmaður sem stýrir og flugmaður sem aðstoðar verður að prófa hann í báðum störfunum.

v. Leiðarflugspróf skulu fara fram í flugvél.

vi. Leiðarflugspróf skulu vera í höndum flugstjóra sem flugrekandi hefur tilnefnt og flugmálayfirvöld geta fallist á. Einstaklingurinn, sem hefur með höndum framkvæmd leiðarflugsprófsins, og lýst er í ii. lið 4. liðar a-liðar OPS 1.965, skal hafa hlotið þjálfun í hugtökum varðandi stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu og skal sitja í áhorfendasæti þar sem það er til staðar. Þegar um er að ræða langflug, með aukinni flugáhöfn, má einstaklingurinn gegna hlutverki flugmanns, sem leysir af í farflugi, og skal ekki sitja í flugmannssæti í flugtaki, brottflugi, upphafi farflugs, lækkun, aðflugi og lendingu. Skal mat hans á stjórnun áhafnarsamvinnu aðeins byggjast á athugunum sem gerðar eru á meðan grunnkynning, upplýsingar í farþegaklefa og kynning í stjórnklefa eru gefnar og á þeim stigum þegar hann situr í áhorfendasæti.

2. viðbætir við OPS 1.965

Reglubundin þjálfun og próf — flugkerfastjórar

a) Í reglubundinni þjálfun og prófum fyrir flugkerfastjóra skulu þeir uppfylla kröfur, sem gerðar eru til flugmanna, og um hvers kyns viðbótarstörf, að undanskildum þeim atriðum sem eiga ekki við um flugkerfastjóra.

b) Reglubundin þjálfun og prófun flugkerfastjóra skal, alltaf ef unnt er, fara fram um leið og flugmaður gengst undir reglubundna þjálfun og próf.

c) Leiðarflugspróf skal vera í höndum flugstjóra, sem flugrekandi hefur tilnefnt og flugmálayfirvöld geta fallist á, eða í höndum tegundarkennara eða tegundarprófdómara fyrir flugkerfastjóra.

1. viðbætir við OPS 1.968

Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

a) Ef starf flugstjóra felst einnig í því að starfa í hægra sætinu og inna af hendi störf aðstoðarflugmanns, eða annast þjálfun eða prófstörf úr hægra sætinu, skal hann ljúka frekari þjálfun og prófum, eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965. Þessi viðbótarþjálfun skal a.m.k. taka til:

1. hreyfilbilunar í flugtaki,

2. aðflugs með óstarfhæfan hreyfil og að hætt sé við lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan og

3. lendingar með einn hreyfil óstarfhæfan.

b) Þegar æft er flug í flugvél með óstarfhæfan hreyfil skal líkt eftir hreyfilbilun.

c) Ef starfað er í hægra sætinu skulu prófin, sem krafist er í OPS til starfa í vinstra sætinu, einnig vera í gildi.

d) Flugmaður, sem leysir flugstjóra af við framkvæmd flugsins, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem venjulega væru ekki í verkahring þess sem leysir af, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur (t.d. vegna sjálfstýringar) má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

e) Flugmaður, annar en flugstjóri, sem situr í vinstra sæti, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem annars væru í verkahring flugstjóra sem flugmanns sem ekki stýrir, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur (t.d. vegna sjálfstýringar) má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

1. viðbætir við OPS 1.978

Sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun

a) Sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun flugrekanda getur átt við eftirfarandi kröfur varðandi þjálfun og starfsréttindi:

1. OPS 1.450 og 1. viðbæti OPS 1.450 — Starfræksla í lélegu skyggni –þjálfun og starfsréttindi,

2. OPS 1.945 Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta og 1. viðbæti við OPS 1.945,

3. OPS 1.950 Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun,

4. b-lið OPS 1.955 — Tilnefning til flugstjóra,

5. OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf og 1. og 2. viðbæti OPS 1.965,

6. OPS 1.980 Starfræksla á fleiri en einni tegundar eða afbrigði flugvélar og 1. viðbæti OPS 1.980.

b) Þættir sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætlunarinnar — Eftirfarandi felst í sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun:

1. Skjöl þar sem skráð er umfang og kröfur þjálfunaráætlunarinnar,

2. Verkgreining til að ákveða hvaða verkefni skal greina varðandi:

   i. þekkingu,

   ii. færni sem krafist er,

   iii. viðeigandi færniþjálfun,

   og, þar sem við á,

   iv. gildandi skor við atferlismat.

3. Námsefni — Samsetning og innihald námsefnis skal ákvarðað með því að greina verkefnið og markmið þess varðandi færni, þ.m.t. hvenær og hvernig eigi að ná þessum markmiðum. Flugmálayfirvöld skulu telja aðferð við samningu námsefnis ásættanlega.

4. Sérstök þjálfunaráætlun:

   i. fyrir allar tegundir/flokka flugvéla sem sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin tekur til,

   ii. fyrir kennara (flokkskennara/flugþjálfakennara/tegundarkennara) og annað starfsfólk sem hefur með höndum kennslu flugáhafna,

   iii. fyrir prófdómara (flokksprófdómara/flugþjálfa prófdómara/tegundarprófdómara) ásamt aðferð til að samræma störf kennara og prófdómara.

5. Svörunarkerfi til að meta og bæta námskrá og tryggja að þjálfunaráætlunin sé í samræmi við markmið varðandi hæfni.

6. Aðferð til að meta flugáhafnir í þjálfun bæði vegna námskeiðs til flugvélaskipta og vegna reglubundinnar þjálfunar og prófa. Matsferlið skal fela í sér atburðamiðað mat sem hluti af frammistöðumati í leiðarflugi. Matsaðferðin skal vera í samræmi við OPS 1.965.

7. Samþætt gæðaeftirlitskerfi sem tryggir að uppfylltar séu allar kröfur, ferli og verklagsreglur í þjálfunaráætluninni.

8. Ferli sem lýsir þeirri aðferð sem á að fylgja ef áætlun varðandi eftirlit og mat tryggir ekki að uppfylltir séu hefðbundnir hæfnis- og starfsréttindastaðlar fyrir flugáhafnir.

9. Áætlun um gagnaeftirlit og greiningu.

c) Framkvæmd — Flugrekandi skal semja áætlun um mat og framkvæmd sem flugmálayfirvöld geta fallist á og þar sem uppfylla skal eftirfarandi kröfur:

1. Framkvæmdarferlið skal fela í sér eftirfarandi stig:

i. öryggisferli sem færir sönnur á gildi:

A) endurskoðaðra þjálfunar- og starfsréttindastaðla í samanburði við þann árangur sem náðist samkvæmt OPS 1 áður en þjálfun samkvæmt sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun hófst,

B) allra nýrra aðferða við þjálfun sem eru framkvæmdar sem hluti af sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætluninni;

ef flugmálayfirvöld samþykkja það getur flugrekandinn notað jafngóða aðferð aðra en formlegt öryggisferli,

ii. framkvæmd verkgreiningar, eins og krafist er í 2. lið. b-liðar hér að framan, til þess að útbúa þjálfunaráætlun flugrekandans, með þeirri þjálfun sem stefnt er að, ásamt viðkomandi þjálfunarmarkmiðum,

iii. tímabil flugrekstrar á meðan upplýsingum er safnað og þær greindar til að tryggja skilvirkni öryggisferilsins eða sambærilegrar aðferðar og staðfesta verkgreininguna. Á þessu tímabili skal flugrekandinn halda áfram að starfa samkvæmt kröfum OPS 1 (fyrir framkvæmd sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætlunarinnar. Komast skal að samkomulagi við flugmálayfirvöld um lengd þessa tímabils.

2. Síðan er hægt að samþykkja að flugrekandinn annist þjálfun og starfsréttindi eins og lýst er í sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætluninni.

1. viðbætir við OPS 1.980

Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

a) Þegar flugliði starfrækir fleiri en einn flokk, tegund eða afbrigði flugvélar, sem skráð eru í samræmi við þær kröfur sem gilda um kröfur um veitingu flugliðaskírteina og tengdra verklagsreglna fyrir flokk og/eða tegund einstjórnar, en ekki á einni skírteinisáritun skal flugrekandi fara að eftirfarandi ákvæðum:

1. Flugliði skal ekki starfrækja fleiri en:

i. þrjár tegundir eða afbrigði flugvéla knúnum strokkhreyflum eða

ii. þrjár tegundir eða afbrigði skrúfuþotna eða

iii. eina tegund eða afbrigði skrúfuþotu og eina tegund eða afbrigði flugvélar knúinni strokkhreyfli, eða

iv. eina tegund eða afbrigði skrúfuþotu og hvaða flugvél sem er í ákveðnum flokki.

2. OPS 1.965 fyrir hverja tegund eða afbrigði sem starfrækt er nema flugrekandi hafi sýnt fram á tiltekið verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða afbrigði flugvélar á einni eða fleiri skírteinisáritunum, eins og skilgreint er í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir tegund-fjölstjórnar, skal flugrekandi sjá til þess:

1. að lágmarksflugáhöfn, sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni, sé hin sama fyrir hverja tegund eða afbrigði sem á að starfrækja,

2. að flugliði starfræki ekki fleiri en tvær tegundir eða afbrigði flugvéla, sem krafist er sérstakrar skírteinisáritunar fyrir, og

3. að aðeins flugvélum á einni skírteinisáritun sé flogið á einni flugvakt nema flugrekandi hafi sett verklagsreglur sem tryggja að nægur tími sé til undirbúnings.

Aths.: sjá c- og d-lið hér á eftir fyrir tilvik þar sem fleiri en ein skírteinisáritun kemur við sögu.

c) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða eitt afbrigði flugvélar, sem talin eru upp í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir tegund-einstjórnar og tegund-fjölstjórnar en ekki á einni skírteinisáritun, skal flugrekandi fara að eftirfarandi ákvæðum:

1. 1., 2. og 3. lið b-liðar hér að framan,

2. d-lið hér á eftir.

d) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða afbrigði flugvélar sem talin eru upp í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir tegund-fjölstjórnar en ekki á einni skírteinisáritun skal flugrekandi fara að eftirfarandi ákvæðum:

1. 1., 2. og 3. lið b-liðar hér að framan,

2. áður en neytt er réttinda tveggja skírteinisáritana:

i. verða flugliðar að hafa lokið tveimur hæfniprófum flugrekanda í röð og eiga að baki 500 klukkustundir í viðeigandi áhafnarstöðu í flutningaflugi hjá sama flugrekanda,

ii. þegar um er að ræða flugmann með reynslu hjá flugrekanda, sem neytir réttinda tveggja skírteinaáritana og er síðan gerður að flugstjóra hjá sama flugrekanda á annarri af þeim tegundum, er lágmarksreynsla sem flugstjóri sex mánuðir og 300 stundir og flugmaðurinn verður að hafa lokið tveimur hæfniprófum flugrekanda í röð áður en hann verður aftur gjaldgengur til að neyta réttinda tveggja skírteinisáritana,

3. áður en þjálfun og starfræksla annarrar tegundar eða afbrigðis hefst verða flugliðar að hafa lokið þremur mánuðum og 150 klukkustundum við flug á grunnflugvélinni sem verða að innihalda a.m.k. eitt hæfnipróf,

4. eftir að hafa lokið fyrsta leiðarflugsprófi á nýju tegundinni verður að ná 50 klukkustundum í flugi eða fljúga 20 flug aðeins á flugvélum sem nýju tegundarréttindin eiga við um,

5. OPS 1.970 fyrir hverja tegund, sem starfrækt er, nema leyfi hafi verið veitt af flugmálayfirvöldum til að slaka á kröfum í samræmi við 7. lið hér á eftir,

6. tilgreina verður í flugrekstrarhandbókinni þann tíma sem ætlaður er til að ljúka reynslutíma í leiðarflugi á hverja tegund,

7. þegar sóst er eftir leyfi til að slaka á kröfum um þjálfun og próf og nýlega reynslu á milli flugvélategunda verður flugrekandi að sýna flugmálayfirvöldum hvaða atriði þarf ekki að endurtaka á hverri tegund eða hverju afbrigði vegna þess hversu lík þau eru.

   i. Í b-lið OPS 1.965 er krafist tveggja hæfniprófa flugrekanda á hverju ári. Þegar undanþága er veitt í samræmi við 7. lið hér að framan vegna hæfniprófa flugrekanda til að skipta á milli tveggja tegunda gildir hvort hæfnipróf flugrekanda um sig til endurnýjunar á hæfniprófi flugrekandans fyrir hina tegundina. Að því tilskildu að tíminn milli hæfniprófa, sem tengjast leyfinu, sé ekki lengri en sá sem mælt er fyrir um í gildandi reglum um veitingu flugliðaskírteina fyrir hverja tegund, teljast viðeigandi kröfur um veitingu flugliðaskírteina uppfylltar. Að auki verður viðeigandi og samþykkt, reglubundin þjálfun að vera tilgreind í flugrekstrarhandbókinni.

   ii. Í c-lið OPS 1.965 er krafist eins leiðarflugsprófs á hverju ári. Þegar undanþága er veitt í samræmi við 7. lið hér að framan vegna leiðarflugsprófa til að skipta á milli tveggja tegunda eða afbrigða gildir hvort leiðarflugsprófið um sig til endurnýjar á leiðarflugsprófinu fyrir hina tegundina eða afbrigðið.

   iii. Árleg þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar verður að taka til allra krafna fyrir hverja tegund.

8. OPS 1.965 fyrir hverja tegund eða afbrigði flugvélar, sem starfrækt er, nema leyfi hafi verið veitt af flugmálayfirvöldum til að slaka á kröfum í samræmi við 7. lið hér að framan.

e) Þegar flugliði starfrækir sambland af tegundum eða afbrigðum flugvéla, eins og skilgreint er í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir flokk-einstjórnar og tegund-fjölstjórnar verður flugrekandi að sýna fram á tiltekið verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem eru samþykktar í samræmi við d-lið OPS 1.980.

O-KAFLI

ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐAR

OPS 1.988

Gildissvið

Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar uppfylli kröfur í þessum kafla og aðrar öryggiskröfur sem gilda um öryggis- og þjónustuliða.

Í þessari reglugerð er „öryggis- og þjónustuliði“ sérhver flugverji, annar en flugliði, sem gegnir störfum í þágu öryggis farþega sem flugrekandi eða flugstjóri felur honum í farþegarými flugvélar.

OPS 1.989

Auðkenni

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar klæðist einkennisbúningi öryggis- og þjónustuliða, sem flugrekandi lætur í té, og séu auðþekkjanlegir öllum farþegum sem öryggis- og þjónustuliðar.

b) Annað starfsfólk, eins og heilbrigðisstarfsfólk, öryggisverðir, gæslufólk barna, fylgdarmenn, tæknimenntað starfsfólk, skemmtikraftar og túlkar, sem sinnir störfum í farþegarýminu, skal ekki klæðast einkennisbúningi, sem gefur farþegum til kynna að um öryggis og þjónustuliða sé að ræða, nema það uppfylli kröfur þessa kafla og aðrar viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

OPS 1.990

Fjöldi í þjónustuáhöfn og samsetning hennar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, sem flytur einn eða fleiri farþega, nema í áhöfn sé a.m.k. einn öryggis- þjónustuliði til að gegna störfum sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni og varða öryggi farþega.

b) Til að fylgja ákvæðum a-liðar hér að framan skal flugrekandi sjá til þess að lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða sé hærri talan af því sem hér segir:

   1. einn öryggis- og þjónustuliði á hver 50 farþegasæti, eða brot af þeirri tölu, sem eru á sama þilfari í flugvélinni, eða

   2. sá fjöldi öryggis- og þjónustuliða, sem var þátttakandi í farþegarými flugvélarinnar við sannprófun á tilheyrandi neyðarrýmingu, eða sem í tilheyrandi greiningu var reiknað með að hefði tekið þátt í sannprófuninni, nema hámarkstala farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi sé a.m.k. 50 lægri en sá fjöldi sem tók þátt í neyðarrýmingunni en heimilt er að fækka um einn í þjónustuáhöfn fyrir hver 50 sæti sem hámarkstala farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi lækkar niður fyrir skráðan hámarkssætafjölda.

c) Við sérstakar aðstæður geta flugmálayfirvöld krafist þess að flugrekandi bæti við öryggis- og þjónustuliðum í áhöfn.

d) Við ófyrirséðar aðstæður er heimilt að fara niður fyrir lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða í áhöfn, að því tilskildu:

   1. að farþegunum sé fækkað í samræmi við verklagsreglur í flugrekstrarhandbókinni og

   2. að flugmálayfirvöld fái skýrslu um málið að fluginu loknu.

e) Þegar flugrekandi ræður til sín öryggis- og þjónustuliða, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og/eða vinna í lausamennsku eða hlutastarfi, skal hann sjá til þess að kröfur O-kafla séu uppfylltar. Einkum skal í þessu sambandi taka sérstakt tillit til heildarfjölda þeirra loftfarstegunda og -afbrigða sem öryggis- og þjónustuliðinn má fljúga á í flutningaflugi og sem ekki má vera yfir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í OPS 1.1030, þ.m.t. þegar hann starfar hjá öðrum flugrekanda.

OPS 1.995

Lágmarkskröfur

Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar:

a) séu a.m.k. 18 ára gamlir,

b) hafi með reglulegu millibili gengist undir læknisskoðun eða mat læknis eins og flugmálayfirvöld krefjast til að kanna hvort þeir séu líkamlega hæfir til að inna af hendi störf sín,

c) hafi lokið með fullnægjandi árangri grunnþjálfun í samræmi við OPS 1.1005 og séu með staðfestingu um að hafa lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál,

d) hafi lokið viðeigandi þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun sem nær a.m.k. yfir það námsefni sem skráð er í OPS 1.1010,

e) fái reglubundna þjálfun í samræmi við ákvæði OPS 1.1015,

f) séu hæfir til að gegna störfum sínum í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.1000

Fyrstu öryggis- þjónustuliðar

a) Flugrekandi skal tilnefna einn öryggis- og þjónustuliða sem fyrsta öryggis- og þjónustuliða ef fleiri en einn er að störfum. Í flugi, þar sem fleiri en einn öryggis- og þjónustuliði er að störfum en aðeins er krafist eins öryggis- og þjónustuliða, skal flugrekandi tilnefna einn öryggis- og þjónustuliða sem á að vera ábyrgur gagnvart flugstjóranum.

b) Fyrsti öryggis- og þjónustuliði ber ábyrgð gagnvart flugstjóra á stjórnun og samræmingu öryggismála í farþegarými og verklagi við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni. Meðan á ókyrrð stendur og leiðbeiningar vantar frá flugáhöfn skal fyrsta öryggis- og þjónustuliða vera heimilt að hætta að fást við skylduverk, sem ekki varða öryggisatriði, og greina flugáhöfn frá því hvaða áhrif ókyrrðin hefur og þörfinni á því að kveikt sé á skiltunum „spennið beltin“. Að því loknu skal þjónustuáhöfn ganga tryggilega frá farþegaklefanum og öðrum viðeigandi svæðum.

c) Ef skylt er samkvæmt OPS 1.990 að hafa fleiri en einn öryggis- og þjónustuliða um borð skal flugrekandi einungis skipa í stöðu fyrsta öryggis- og þjónustuliða einstakling sem hefur a.m.k. eins árs reynslu sem starfandi öryggis- og þjónustuliði og hefur lokið tilskildu námskeiði sem nær a.m.k. yfir eftirfarandi:

1. fyrirflugskynningu:

   i. starf öryggis- og þjónustuliða,

   ii skipan öryggis- og þjónustuliða í vinnureiti og ábyrgð þeirra,

   iii. tiltekið flug, þ.m.t. flugvélategund, búnaður, svæði og tegund starfrækslu og flokkur farþega, með sérstöku tilliti til fatlaðra, ungbarna og farþega á sjúkrabörum, og

2. samvinnu öryggis- og þjónustuliða:

   i. verklagsreglur, ábyrgð og valdbraut,

   ii. mikilvægi samræmingar og samskipta,

   iii. óstarfhæfni flugmanns og

3. upprifjun krafna flugrekanda og lagakrafna:

   i. öryggisleiðbeiningar til farþega, öryggisspjöld,

   ii. öryggi í eldhúsum,

iii. frágangur handfarangurs,

iv. rafrænn búnaður,

v. verklagsreglur þegar fyllt er á eldsneyti með farþega um borð,

vi. ókyrrð í lofti,

vii. skjöl og

4. mannlegir þættir og stjórnun áhafnarsamvinnu og

5. skýrslugjöf um slys og flugatvik og

6. fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

d) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvernig velja skuli næsthæfasta öryggis- og þjónustuliðann til að gegna starfi fyrsta öryggis- og þjónustuliða ef sá sem skipaður er verður ófær til starfa. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þessar reglur og skal í þeim tekið mið af starfsreynslu öryggis- og þjónustuliðans.

e) Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu: flugrekandi skal tryggja að allir viðeigandi þættir a-dálks töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 séu felldir inn í þjálfunina og farið yfir þá að því marki sem krafist er í f-dálki, námskeiði fyrir fyrstu öryggis- og þjónustuliða.

OPS 1.1002

Starfræksla með einum öryggis- og þjónustuliða

a) Flugrekandi skal tryggja að hver öryggis- og þjónustuliði, sem hefur ekki sambærilega fyrri reynslu, skuli ljúka eftirfarandi áður en hann starfar einn sem öryggis- og þjónustuliði:

1. þjálfun til viðbótar við þá sem krafist er í OPS 1.1005 og OPS 1.1010 þar sem sérstök áhersla skal lögð á eftirfarandi til að endurspegla starfsemi með einum öryggis- og þjónustuliða:

i. ábyrgð gagnvart flugstjóra á stjórnun öryggismála í farþegarými og verklagi í neyðartilvikum, eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni,

ii. mikilvægi samræmingar og samskipta við fluglið, stjórnun farþega sem eru óstýrilátir eða með ólæti,

iii. upprifjun krafna flugrekanda og lagakrafna,

iv. skjalahald,

v. skýrslugjöf um slys og flugatvik,

vi. fartíma- og vinnutímamörk.

2. Kynningarflug í a.m.k. 20 klukkustundir og 15 flug. Kynningarflug skal fara fram undir umsjón nægjanlega reynds öryggis- og þjónustuliða á þeirri flugvélartegund sem skal starfrækt.

b) Flugrekandi skal sjá til þess áður en öryggis- og þjónustuliði er settur einn til starfa sem öryggis- og þjónustuliði að hann sé hæfur til að gegna störfum sínum í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni. Fjallað skal um hæfi til að starfa einn sem öryggis- og þjónustuliði í viðmiðunum fyrir val á öryggis- og þjónustuliðum, ráðningu, þjálfun og hæfnismat.

OPS 1.1005

Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.005 og 3. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði hafi lokið grunnþjálfunarnámskeiði um öryggismál með fullnægjandi árangri, sem nær a.m.k. yfir námsefnið, sem talið er upp í 1. viðbæti við OPS 1.1005, áður en öryggis- og þjónustuliði fer í þjálfun vegna flugvélaskipta.

b) Þjálfunarnámskeið eru haldin samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda og með fyrirvara um samþykki þeirra:

annaðhvort

1. af flugrekanda

— beint eða

— óbeint í gegnum þjálfunarstöð sem starfar fyrir hönd flugrekanda eða

2. af samþykktri þjálfunarstöð.

c) Áætlun og uppbygging grunnþjálfunarnámskeiðsins skal vera í samræmi við gildandi kröfur og skal áður hafa verið samþykkt af flugmálayfirvöldum.

d) Samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda skulu flugmálayfirvöld, flugrekandi eða samþykkta þjálfunarstöðin, sem heldur þjálfunarnámskeiðið, láta öryggis- og þjónustuliða í té staðfestingu um að hann hafi lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál og að hann hafi lokið prófinu, sem um getur í OPS 1.1025, með tilskildum árangri.

e) Þegar flugmálayfirvöld heimila flugrekanda eða samþykktri þjálfunarstöð að láta öryggis- og þjónustuliða í té staðfestingu um að hann hafi lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál skal vísun í samþykki flugmálayfirvalda koma þar skýrt fram.

OPS 1.1010

Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.010 og 3. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar hafi lokið viðeigandi þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun í samræmi við gildandi reglur, og a.m.k. námsefninu sem talið er upp í 1. viðbæti við OPS 1.1010. Þjálfunarnámskeiðið skal vera tilgreint í flugrekstrarhandbókinni. Áætlun og uppbygging þjálfunarnámskeiðsins skal vera með fyrirvara um að það hafi áður verið samþykkt af flugmálayfirvöldum.

1. Þjálfun vegna flugvélaskipta: öryggis- og þjónustuliði verður að hafa lokið námskeiði vegna flugvélaskipta:

i. áður en flugrekandi setur hann fyrst til starfa sem þjónustuliða eða

ii. áður en hann er settur til starfa í annarri flugvélategund og

2. Mismunarþjálfun: þjónustuliði verður að hafa lokið mismunarþjálfun áður en hann tekur til starfa:

i. um borð í afbrigði af flugvélategund sem starfrækt er eða

ii. þar sem öryggisbúnaður, staðsetning öryggisbúnaðar eða verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum er öðruvísi í flugvélategundum sem starfræktar eru eða í afbrigðum þeirra.

b) Flugrekandi skal ákvarða kennsluefni þjálfunar vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfunar með hliðsjón af fyrri þjálfun öryggis- og þjónustuliða eins og hún er skráð í þjálfunarskrá öryggis- og þjónustuliðans sem krafist er í OPS 1.1035.

c) Sameina má tengda þætti úr grunnþjálfun (OPS 1.1005) og þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun (OPS 1.1010), sbr. þó c-lið OPS 1.995.

d) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að þjálfun vegna flugvélaskipta fari fram á skipulegan og raunsannan hátt í samræmi við 1. viðbæti við OPS 1.1010,

2. að mismunarþjálfun fari fram á skipulegan hátt og

3. að þjálfun vegna flugvélaskipta og, ef þörf krefur, mismunarþjálfun, taki til notkunar alls öryggisbúnaðar og verklags við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem við á um flugvélategundina eða afbrigði hennar og felur í sér þjálfun og æfingu, annaðhvort í viðeigandi þjálfunartæki eða um borð í flugvélinni sjálfri.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að áður en öryggis- og þjónustuliða eru fyrst falin störf ljúki hann þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu og þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, bundinni tiltekinni flugvélategund í samræmi við j-lið 1. viðbætis við OPS 1.1010. Öryggis- og þjónustuliðar, sem starfa þegar sem öryggis- og þjónustuliðar hjá flugrekanda og sem hafa ekki áður lokið þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu, skulu ljúka þeirri þjálfun áður en kemur að næstu reglubundnu þjálfun og prófum, sem krafist er í samræmi við j-lið 1. viðbætis við OPS 1.1010, þ.m.t. þjálfun í áhafnarsamvinnu bundinni tiltekinni flugvélategund, eftir því sem við á.

OPS 1.1012

Kynning

Flugrekandi skal sjá til þess að eftir þjálfun vegna flugvélaskipta fari hver öryggis- og þjónustuliði í kynningu áður en hann tekur til starfa sem einn af þeim lágmarksfjölda öryggis og þjónustuliða sem kveðið er á um í OPS 1.990.

OPS 1.1015

Reglubundin þjálfun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.015 og 3. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fái reglubundna þjálfun í þeim störfum, sem honum er ætlað að sinna, viðeigandi verklagi, bæði við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, og fái æfingu í þeim tegundum og/eða afbrigðum flugvéla sem þeir starfa í, í samræmi við 1. viðbæti OPS 1.1015.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að áætlun um reglubundna þjálfun, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, feli í sér bóklegt og verklegt nám ásamt einstaklingsbundnum æfingum eins og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við OPS 1.1015.

c) Gildistími reglubundinnar þjálfunar og tilheyrandi prófa, sem gerð er krafa um í OPS 1.1025, skal vera tólf almanaksmánuðir til viðbótar því sem eftir er af prófmánuðinum. Ef prófið er tekið innan þriggja síðustu almanaksmánaða af gildistíma fyrra prófs skal gildistími prófsins vera frá útgáfudegi og þar til tólf almanaksmánuðir eru liðnir frá því að gildistími fyrra prófsins rann út.

OPS 1.1020

Upprifjunarþjálfun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliði, sem hefur ekki verið á flugvakt í meira en sex mánuði en er enn innan gildistíma fyrra prófs, sem krafist er skv. 3. lið b-liðar OPS 1.1025, fái upprifjunarþjálfun sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við OPS 1.1020.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, hafi öryggis- og þjónustuliði verið á flugvakt en ekki starfað sem öryggis- og þjónustuliði samkvæmt b-lið OPS 1.990 síðastliðna sex mánuði á tiltekinni flugvélategund, að hann ljúki annaðhvort:

1. upprifjunarþjálfun á tegundinni eða

2. að hann fari tvisvar í kynningarflug í flutningaflugi á þeirri tegund.

OPS 1.1025

Próf

a) Samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda skulu flugmálayfirvöld, flugrekandi eða samþykkt þjálfunarstöð sjá til þess að í þjálfun, sem krafist er samkvæmt OPS 1.1005, 1.1010, 1.1015 og 1.1020 eða að henni lokinni, skuli hver öryggis- og þjónustuliði gangast undir próf í þeim efnisatriðum, sem þjálfunin tók til, til að sanna hæfni sína í störfum er varða öryggi við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum.

Samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda skulu flugmálayfirvöld, flugrekandi eða samþykkta þjálfunarstöðin, sem veitir þjálfunarnámskeiðið, sjá til þess að starfsfólkið, sem sér um prófin, hafi tilskilin réttindi.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði gangist undir próf sem hér segir:

1. Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1,1005.

2. Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1010.

3. Reglubundin þjálfun. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1015, eftir því sem við á.

4. Upprifjunarþjálfun. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1020.

OPS 1.1030

Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliði starfi ekki um borð í fleiri en þremur tegundum flugvéla, þó með þeirri undantekningu að öryggis- og þjónustuliða er heimilt, viðurkenni flugmálayfirvöld það, að starfa á fjórum tegundum flugvéla, að því tilskildu að á a.m.k. tveimur tegundanna:

1. sé verklag, sem ekki er bundið tegund, sams konar við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum og

2. sé öryggisbúnaður og verklag, sem er bundið tegund, svipað við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum

b) Að því er varðar a-lið hér að framan teljast afbrigði flugvélategunda vera mismunandi tegundir ef þær eru ekki svipaðar að því er varðar öll eftirtalin atriði:

1. notkun neyðarútganga,

2. staðsetningu og tegund handöryggisbúnaðar, og

3. verklag í neyðartilvikum sem bundið er tegund.

OPS 1.1035

Þjálfunarskrár

Flugrekandi skal:

1. halda skrár um þjálfun og próf, sem kveðið er á um í OPS 1.1005, 1.1010, 1.1015, 1.1020 og 1.1025, og

2. geyma afrit af staðfestingunni um þjálfunarnámskeið um öryggismál og

3. uppfæra þjálfunarskrár og skrár um læknisskoðanir eða mat læknis, og sýna, að því er varðar þjálfunarskrárnar, dagsetningar og innihald fenginnar þjálfunar vegna flugvélaskipta, mismunarþjálfunar og reglubundinnar þjálfunar og

4. veita öryggis- og þjónustuliðum aðgang að öllum skrám um grunnþjálfun, þjálfun vegna flugvélaskipta og reglubundna þjálfun og próf, sem þeir hafa gengist undir, ef þeir óska þess.

1. viðbætir við OPS 1.1005

Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál

Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál, sem um getur í OPS 1.1005, skal að lágmarki ná yfir eftirfarandi:

a) Þjálfun í eld- og reykvörnum:

1. áhersla er lögð á að það sé á ábyrgð þjónustuáhafnar að bregðast umsvifalaust við í neyðartilvikum þegar eldur og reykur koma upp og ekki síst skal leggja áherslu á hve mikilvægt er að finna eldsupptökin,

2. mikilvægi þess að láta flugáhöfn þegar í stað vita ef elds eða reyks verður vart og einnig hvaða sérráðstafanir eru nauðsynlegar til samræmingar og aðstoðar,

3. nauðsyn þess að fylgjast vel með hugsanlegum eldhættusvæðum, s.s. salernum og einnig tilheyrandi reykskynjurum,

4. flokkun elds og viðeigandi tegundir slökkviefna og verklag við tilteknar aðstæður við bruna, aðferðir við notkun slökkviefna og afleiðingar rangrar notkunar, svo og notkun í lokuðu rými, og

5. almennt verklag neyðarþjónustunnar á jörðu niðri á flugvöllum.

b) Þjálfun í að lifa af í vatni:

fara í flotbúnað og nota hann í vatni. Áður en öryggis- og þjónustuliði er fyrst settur til starfa í flugvél með björgunarbátum eða ámóta búnaði skal hann fá þjálfun í að nota búnaðinn og skal einnig æft í vatni.

c) Þjálfun í að lifa af:

þjálfun í að lifa af skal vera miðuð við viðkomandi flugsvæði (s.s. heimsskaut, eyðimerkur, frumskóga eða sjó).

d) Læknisfræðileg atriði og skyndihjálp:

1. kennsla í læknisfræðilegum atriðum og skyndihjálp, notkun sjúkrakassa, læknatösku, innihalds þeirra og sjúkrabúnaðar fyrir neyðartilvik,

2. hjálp í viðlögum sem tengist því að lifa af og hreinlætismálum og

3. kennsla um líffræðilegar áhrif flugs, með sérstaka áherslu á vefildisskort (hypoxia).

e) Farþegaafgreiðsla:

1. hvernig megi þekkja úr og hafa stjórn á þeim farþegum sem eru, eða verða, ofdrukknir af áfengi, eru undir áhrifum lyfja eða sýna ofstopa,

2. aðferðir við hópstjórn og hvernig hvetja megi farþega til að flýta fyrir neyðarrýmingu flugvélar,

3. reglugerðir um örugga geymslu farangurs í farþegarými (þ.m.t. hlutir til þjónustu í farþegarými) og líkur á að farangurinn geti orðið hættulegur þeim sem eru í farþegarýminu eða lokað aðgangi að eða skemmt neyðarbúnað eða útganga flugvélarinnar,

4. mikilvægi þess að skipa rétt í sæti með tilliti til massa og jafnvægis flugvélar; sérstaklega skal leggja áherslu á skipan fatlaðra farþega í sæti og nauðsyn þess að skipa fullfærum farþegum í sæti hjá útgöngum sem ekki eru nálægt sætum öryggis- og þjónustuliða,

5. hvað gera þarf þegar ókyrrt er í lofti, þ.m.t. að ganga tryggilega frá farþegarýminu,

6. varúðarráðstafanir sem gera þarf þegar lifandi dýr eru flutt í farþegarými,

7. þjálfunaráætlun varðandi hættulegan varning, þ.m.t. ákvæði R-kafla,

8. verklagsreglur um flugvernd, þ.m.t. ákvæði S-kafla.

f) Samskipti:

í þjálfuninni skal áhersla lögð á mikilvægi góðra samskipta milli þjónustu- og flugliða, þ.m.t. tækni, sameiginlegt tungumál og orðaforði.

g) Hegðunarreglur og ábyrgð:

1. mikilvægi þess að þjónustuáhöfn ræki skyldustörf sín í samræmi við flugrekstrarhandbókina,

2. áframhaldandi hæfni og geta til að starfa sem öryggis- og þjónustuliði, með sérstakri hliðsjón af fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma,

3. flugreglugerðir sem varða þjónustuáhafnir og hlutverk flugmálayfirvalda,

4. almenn þekking á viðeigandi orðaforða á sviði flugmála, á flugfræði, dreifingu farþega í sæti, veðurfræði og á flugsvæðum,

5. fyrirflugskynning til öryggis- og þjónustuliða og nauðsynlegar upplýsingar um öryggi með hliðsjón af störfum hvers og eins,

6. mikilvægi þess að tryggja að nýjustu breytingar flugrekanda séu jafnóðum færðar inn í viðeigandi skjöl og handbækur,

7. mikilvægi þess að gera sér grein fyrir því hvenær öryggis- og þjónustuliði hefur vald og ber skylda til að hafa frumkvæði að því að hefja rýmingu og annað neyðarverklag og

8. mikilvægi starfa sem tengjast öryggismálum og ábyrgð á þeim og nauðsyn þess að bregðast umsvifalaust og af festu við neyðarástandi,

9. vitneskja um áhrif yfirborðsmengunar og nauðsyn þess að tilkynna flugliðum um alla yfirborðsmengun sem vart verður við.

h) Stjórnun áhafnarsamvinnu:

1. Inngangsnámskeið í stjórnun áhafnarsamvinnu:

i. þjónustuliði skal ljúka inngangsnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en hann er fyrst settur til starfa sem þjónustuliði; öryggis- og þjónustuliðar, sem starfa þegar sem öryggis- og þjónustuliðar í flutningaflugi og sem hafa ekki áður lokið inngangsnámskeiði, skulu ljúka inngangsnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en kemur að næstu reglubundnu þjálfun og/eða prófi,

ii. farið skal yfir alla viðeigandi þjálfunarþætti í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1/1.1015 að því marki sem krafist er í b-dálki, inngangsnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu,

iii. inngangsnámskeiðið í stjórnun áhafnarsamvinnu skal vera í höndum a.m.k. eins kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu.

1. viðbætir við OPS 1.1010

Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun

a) Almenn ákvæði:

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun sé í höndum starfsfólks með tilskilin starfsréttindi og

2. að við þjálfun vegna flugvélaskipta og í mismunarþjálfun sé kennt um staðsetningu, losun og notkun alls öryggis- og björgunarbúnaðar um borð í flugvélinni sem og allt verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem tengjast tegund eða afbrigði svo og hami flugvélarinnar sem á að starfrækja.

b) Þjálfun í eld- og reykvörnum:

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að allir öryggis- og þjónustuliðar fái raunsanna og verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þ.m.t. sams konar hlífðarfatnað og er um borð í flugvélinni. Æfa skal eftirfarandi aðstæður:

   i. að slökkva sams konar elda og geta komið upp inni í flugvél en ef um er að ræða halonslökkvitæki er heimilt að æfa það með öðru slökkviefni og

   ii. að setja á sig og nota öndunarhlíf í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi.

c) Notkun dyra og útganga:

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að hver öryggis- og þjónustuliði noti og opni í reynd allar tegundir eða afbrigði venjulegra útganga og neyðarútganga eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, einnig þegar bilun er í átaksléttikerfum. Í þessu skulu einnig felast þau viðbrögð og það afl sem þarf að beita til að stjórna og setja neyðarrennur út; Þessi þjálfun skal fara fram í flugvél eða í dæmigerðu þjálfunartæki og

2. að sýnd sé notkun allra annarra útganga s.s. glugga í stjórnklefa.

d) Þjálfun í notkun neyðarrennu:

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að hver öryggis- og þjónustuliði fari niður neyðarrennu úr hæð sem er dæmigerð fyrir hæð á þröskuldum útganga á aðalþilfari flugvélarinnar,

2. að neyðarrennan sé fest á flugvél eða viðeigandi þjálfunartæki og

3. að þegar öryggis- og þjónustuliði öðlast réttindi til að starfa í tiltekinni flugvélategund, þar sem hæð á þröskuldum útganga er verulega frábrugðin því sem var í flugvélategundinni þar sem hann starfaði áður, fari hann á ný niður neyðarrennu.

e) Verklag við neyðarrýmingu og önnur neyðartilvik:

Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að við æfingar í neyðarrýmingu sé öryggis- og þjónustuliða kennt að greina hvort neyðarrýming á landi eða sjó er undirbúin eða óundirbúin; þá verður einnig að kenna honum að greina hvenær útgangar eru ónothæfir eða búnaður til neyðarrýmingar er bilaður og

2. að hver öryggis- og þjónustuliði fái æfingu í að bregðast við eftirfarandi aðstæðum:

   i. eldi í flugvél á flugi og lögð sérstök áhersla á að finna eldsupptökin,

ii. mikilli ókyrrð í lofti,

iii. skyndilegri þrýstingsminnkun, m.a. skal hver þjónustuliði setja á sig grímu handsúrefnistækis og

iv. öðrum neyðartilvikum á flugi.

f) Hópstjórn.

flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliði fái þjálfun í verklegum þætti hópstjórnar við ýmiss konar neyðaraðstæður með hliðsjón af viðkomandi flugvélategund.

g) Óstarfhæfni flugmanns:

flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fái þjálfun í verklagi við að stilla sætis- og öryggistygi, ef flugliði verður óstarfhæfur, nema lágmarksfjöldi flugliða sé meiri en tveir. Þjálfun í notkun súrefniskerfis flugliða og notkun gátlista flugliða, þar sem þess er krafist í stöðluðum verklagsreglum flugrekanda, skal fara fram með verklegri sýnikennslu.

h) Öryggisbúnaður:

flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fá verklega þjálfun í notkun öryggisbúnaðar og sé sýnt hvar hann er geymdur, þ.m.t.:

1. neyðarrennur og, ef rennurnar í flugvélinni eru ekki með sjálfvirkum búnaði, hvernig nota skuli kaðla með þeim,

2. björgunarbátar og rennubátar, þ.m.t. notkun búnaðar sem er festur á bátinn og/eða er í honum,

3. björgunarvesti, björgunarvesti fyrir ungbörn og flotbjörgunarvöggur,

4. súrefniskerfi sem fellir grímur sjálfkrafa niður,

5. súrefni til skyndihjálpar,

6. slökkvitæki,

7. neyðaraxir eða kúbein,

8. neyðarljós, þ.m.t. blys,

9. fjarskiptabúnaður, þ.m.t. gjallarhorn,

10. viðlagabögglar ásamt innihaldi þeirra,

11. flugeldar (raunverulegur búnaður eða sýnishorn),

12. sjúkrakassar, læknatöskur, innihald þeirra og sjúkrabúnaður fyrir neyðartilvik og

13. annar öryggisbúnaður eða öryggiskerfi í farþegarými, eftir því sem við á.

i) Upplýsingar og sýning á öryggisbúnaði fyrir farþega:

flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliðar fái þjálfun í að búa farþega undir eðlilegar aðstæður og neyðarástand á flugi í samræmi við OPS 1.285.

j) Ef grunnþjálfun í læknisfræðilegum atriðum og skyndihjálp hefur ekki tekið til þess hvernig forðast megi smitsjúkdóma, einkum í hitabeltinu og heittempraða beltinu, skal veita slíka þjálfun ef leiðakerfi flugrekanda er stækkað eða breytt þannig að það nái til slíkra svæða.

k) Stjórnun áhafnarsamvinnu: Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að sérhver öryggis- og þjónustuliði ljúki þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu, þar sem farið er yfir þjálfunarþættina í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 að því marki sem krafist er í c-dálki, áður en hann fer í reglubundna þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu eða þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu sem er bundin flugvélategund.

2. að þegar öryggis- og þjónustuliði fer á námskeið vegna flugvélaskipta á annarri flugvélategund skal farið yfir þjálfunarþættina í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 að því marki sem krafist er í d-dálki, stjórnun áhafnarsamvinnu sem er bundin flugvélategund.

3. Þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu og stjórnun áhafnarsamvinnu, sem er bundin flugvélategund, skal vera í höndum a.m.k. eins kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu.

1. viðbætir við OPS 1.1015

Reglubundin þjálfun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að reglubundin þjálfun sé í höndum einstaklinga með tilskilin réttindi.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að í áætlun um verklega þjálfun sé á tólf almanaksmánaða fresti gert ráð fyrir kennslu að því er varðar:

1. verklag í neyðartilvikum, þ.m.t. þegar flugmaður verður óstarfhæfur,

2. verklag við neyðarrýmingu, þ.m.t. aðferðir við hópstjórn,

3. snertiæfingar þar sem hver öryggis- og þjónustuliði æfir að opna venjulega útganga og neyðarútganga sem eru notaðir þegar farþegarými eru rýmd,

4. staðsetningu og meðferð neyðarbúnaðar, að súrefniskerfum meðtöldum, og að hver öryggis- og þjónustuliði fari í björgunarvesti og setji á sig grímu handsúrefnistækis og öndunarhlíf,

5. læknisfræðileg atriði og skyndihjálp, notkun sjúkrakassa, læknatösku, innihalds þeirra og sjúkrabúnaðar fyrir neyðartilvik,

6. frágang lausra hluta í farþegarými,

7. verklagsreglur um flugvernd,

8. yfirferð yfir flugatvik og slys,

9. vitneskju um áhrif yfirborðsmengunar og nauðsyn þess að tilkynna flugliðum um alla yfirborðsmengun sem vart verður við og

10. stjórnun áhafnarsamvinnu: flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu uppfylli eftirfarandi:

   i. að farið sé yfir þjálfunarþættina í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1/1.1015 á innan við þriggja ára tímabili að því marki sem krafist er í e-dálki, árleg reglubundin þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu,

   ii. að mótun og notkun þessa námsefnis skal vera í höndum kennara þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu,

   iii. að þegar þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu fer fram í sjálfstæðum einingum skal hún vera í höndum a.m.k. eins kennara þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að ekki líði lengri tími en 3 ár milli reglubundinnar þjálfunar í:

1. að hver öryggis- og þjónustuliði noti og opni í reynd allar tegundir eða afbrigði venjulegra útganga og neyðarútganga eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, einnig þegar bilun er í átaksléttikerfum. Í þessu skulu einnig felast þau viðbrögð og það afl sem þarf að beita til að stjórna og setja neyðarrennur út; þessi þjálfun skal fara fram í flugvél eða í viðeigandi þjálfunartæki,

2. að sýna notkun allra annarra útganga, þ.m.t. gluggar í stjórnklefa,

3. að allir öryggis- og þjónustuliðar fái raunsanna og verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þ.m.t. sams konar hlífðarfatnað og er um borð í loftfarinu.

   Æfa skal eftirfarandi aðstæður:

   i. að slökkva sams konar elda og geta komið upp inni í flugvél en ef um er að ræða halonslökkvitæki er heimilt að æfa það með öðru slökkviefni og

   ii. að setja á sig og nota öndunarhlíf í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi,

4. að flugeldar séu notaðir (raunverulegur búnaður eða sýnishorn) og

5. að notkun björgunarbáta og rennubáta, ef þeir eru til staðar, sé sýnd,

6. flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fái þjálfun í verklagi við að stilla sætis- og öryggistygi, ef flugliði verður óstarfhæfur, nema lágmarksfjöldi flugliða sé meiri en tveir. Þjálfun í notkun súrefniskerfis flugliða og notkun gátlista flugliða, þar sem þess er krafist í stöðluðum verklagsreglum flugrekanda, skal fara fram með verklegri sýnikennslu.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allar viðeigandi kröfur í III. viðauka við OPS 1 séu hluti af þjálfun öryggis- og þjónustuliða.

1. viðbætir við OPS 1.1020

Upprifjunarþjálfun

Flugrekandi skal sjá til þess að upprifjunarþjálfun sé í höndum einstaklinga með tilskilin réttindi og feli a.m.k. í sér eftirfarandi atriði fyrir alla öryggis- og þjónustuliða:

1. verklag í neyðartilvikum, þ.m.t. þegar flugmaður verður óstarfhæfur,

2. verklag við neyðarrýmingu, þ.m.t. aðferðir við hópstjórn,

3. að nota og opna í reynd allar tegundir eða afbrigði venjulegra útganga og neyðarútganga, eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, einnig þegar bilun er í átaksléttikerfum. Í þessu skulu einnig felast þau viðbrögð og það afl sem þarf að beita til að stjórna og setja neyðarrennur út; þessi þjálfun skal fara fram í flugvél eða í viðeigandi þjálfunartæki,

4. að sýna notkun allra annarra útganga, þ.m.t. gluggar í stjórnklefa og

5. staðsetningu og meðferð neyðarbúnaðar, að súrefniskerfum meðtöldum, og að hver öryggis- og þjónustuliði fari í björgunarvesti og setji á sig grímu handsúrefnistækis og öndunarhlíf.

2. viðbætir við OPS 1.005/1.1010/1.1015

Þjálfun

1. Námsefnið fyrir þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu ásamt aðferðafræði og orðaforða skal vera í flugrekstrarhandbókinni.

2. Í töflu 1 kemur fram hvaða þættir í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu vera í hverri tegund þjálfunar.

Tafla 1

Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu:

Þjálfunarþættir (a)	Inngangs-námskeið í stjórnun áhafnar-samvinnu (b)	Þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnar-samvinnu (c)	Þjálfun í stjórnun áhafnar-samvinnu, bundin flugvélar-tegund (d)	Árleg reglubundin þjálfun í stjórnun áhafnar-samvinnu (e)	Námskeið fyrir fyrsta öryggis- og öryggis- og þjónustuliða (f)
Almennar grundvallarreglur					
Mannlegir þættir í flugi Almennar leiðbeiningar um meginreglur í stjórnun áhafnarsamvinnu og markmið	Ítarlega	Ekki krafist	Ekki krafist	Ekki krafist	Yfirlit
Mannleg geta og takmarkanir					
Fyrir sérhvern öryggis- og öryggis- og þjónustuliða					
Meðvitund um persónugerð, mannleg mistök og áreiðanleiki, viðhorf og hegðun, sjálfsmat	Ítarlega	Ekki krafist	Ekki krafist	Yfirlit (Á þriggja ára fresti)	Ekki krafist
Streita og streitustjórnun					
Þreyta og árvekni					
Ákveðni					
Næmi á aðstæður, upplýsingaöflun og -úrvinnsla					
Fyrir alla áhöfn flugvélarinnar					
Að koma í veg fyrir og greina mistök	Ekki krafist	Ítarlega	Fer eftir tegund eða tegundum	Yfirlit (Á þriggja ára fresti)	Aukið við þekkingu (varðandi skyldur fyrsta öryggis- og þjónustu-liða)
Sameiginlegt næmi á aðstæður, upplýsingaöflun og -úrvinnsla					
Stjórnun vinnuálags					
Góð samskipti og samræming milli allra flugverja, að flugliðum meðtöldum, auk óreyndra öryggis- og þjónustuliða, menningarlegur mismunur					
Forystuhæfileikar, samvinna, samvirkni, ákvarðanataka, verkskipan					
Ábyrgð einstaklinga og hóps, ákvarðanataka og aðgerðir					
Greining og stjórnun mannlegra þátta sem varða farþega: hópstjórn, streita farþega, deilustjórnun, læknisfræðilegir þættir					
Sérstök atriði sem tengjast tegundum flugvéla (mjór/breiður bolur, eitt þilfar/mörg þilför), samsetning áhafnar fluglíða og öryggis- og þjónustuliða og fjölda farþega		Ekki krafist	Ítarlega		

<table>
<tr><th>Þjálfunarþættir

(a)</th><th>Inngangs-námskeið í stjórnun áhafnar-samvinnu

(b)</th><th>Þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnar-samvinnu

(c)</th><th>Þjálfun í stjórnun áhafnar-samvinnu, bundin flugvélar-tegund

(d)</th><th>Árleg reglubundin þjálfun í stjórnun áhafnar-samvinnu

(e)</th><th>Námskeið fyrir fyrsta öryggis- og öryggis- og þjónustuliða

(f)</th></tr>
<tr><td colspan="6">Efni varðandi flugrekandann og skipulag</td></tr>
<tr><td>Öryggisstefna fyrirtækis, staðlaðar verklagsreglur, skipulagsþættir, þættir sem tengjast tegund starfrækslu</td><td rowspan="4">Ekki krafist</td><td rowspan="3">Ítarlega</td><td rowspan="4">Fer eftir tegund eða tegundum</td><td rowspan="3">Yfirlit

(Á þriggja ára fresti)</td><td rowspan="4">Aukið við þekkingu

(varðandi skyldur fyrsta öryggis- og þjónustu-liða)</td></tr>
<tr><td>Góð samskipti og samræming milli flugrekstrarstarfsfólks og milli þess og þjónustu á jörðu niðri</td></tr>
<tr><td>Þátttaka í skýrslugerð vegna flugatvika eða slysa sem tengjast öryggi í farþegarými.</td></tr>
<tr><td>Raundæmi (sjá athugasemd)</td><td>Krafist</td><td>Krafist</td></tr>
<tr><td colspan="6">Aths.: Varðandi d-dálk, ef raundæmi, byggð á tiltekinni flugvélategund, eru ekki fyrirliggjandi skal nota raundæmi sem eru í samræmi við umfang og stærð rekstrarins.</td></tr>
</table>

3. viðbætir við OPS 1.005/1.1010/1.1015

Þjálfun í læknisfræðilegum atriðum og skyndihjálp:

a) Þjálfun í læknisfræðilegum atriðum og skyndihjálp skal fela í sér eftirfarandi viðfangsefni:

1. líffeðlisfræði flugs, þ.m.t. um súrefniskröfur og vefildisskort (hypoxia)

2. læknisfræðileg neyðartilvik í flugi, þ.m.t.:

i. asmi,

ii. köfnun,

iii. hjartaáföll,

iv. viðbrögð við streitu og ofnæmisviðbrögð,

v. lost,

vi. slag,

vii. flogaveiki,

viii. sykursýki,

ix. flugveiki,

x. oföndun,

xi. truflanir í meltingarvegi og

xii. barnsfæðing í neyð,

3. verkleg þjálfun hvers öryggis- og þjónustuliða í grunnendurlífgun (með hjartahnoði- og aðstoð við öndun) með tilliti til umhverfis flugvélarinnar og með því að nota sérhannaða brúðu,

4. grunnskyndihjálp og þjálfun í að lifa af, þ.m.t.:

i. að hlúa að þeim sem eru meðvitundarlausir,

ii. að búa um brunasár,,

iii. að búa um sár og

iv. að búa um brot og áverka á mjúkvef,

5. heilbrigði og hreinlæti á ferðalögum, þ.m.t.:

i. hættan á að komast í snertingu við smitsjúkdóma, einkum þegar starfræksla fer fram á svæðum í hitabeltinu og heittempraða beltinu; tilkynning um smitsjúkdóma, vernd gegn sýkingum og vörn gegn því að sjúkdómar berist með vatni og matvælum; þjálfun skal taka til aðferða við að draga úr slíkri áhættu,

ii. hreinlæti um borð,

iii. dauðsfall um borð,

iv. meðhöndlun á klínískum úrgangi,

v. sótthreinsun loftfars og

vi. árveknistjórnun, líffeðlisfræðileg áhrif þreytu, líffeðlisfræði svefns, dægursveifla og breytingar á milli tímabelta,

6. notkun viðeigandi flugvélabúnaðar, þ.m.t. sjúkrakassar, læknatöskur, súrefni til skyndihjálpar og sjúkrabúnaður fyrir neyðartilvik.

P-KAFLI

HANDBÆKUR, LEIÐARBÆKUR OG SKRÁR

OPS 1.1040

Almennar reglur um flugrekstrarhandbækur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstrarhandbókin hafi að geyma öll fyrirmæli og allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að starfsfólk flugrekstrarsviðs geti sinnt skyldustörfum sínum.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbókarinnar, þ.m.t. allar breytingar og leiðréttingar, brjóti ekki í bága við skilyrði flugrekandaskírteinisins (AOC) eða gildandi reglugerðir og að flugmálayfirvöld geti fallist á efni hennar eða, eftir því sem við á, samþykkt það.

c) Flugrekandi skal útbúa flugrekstrarhandbókina á ensku nema flugmálayfirvöld samþykki annað eða öðruvísi sé mælt fyrir í landslögum. Að auki er flugrekanda heimilt að þýða flugrekstrarhandbókina, eða hluta hennar, á annað tungumál og nota þá útgáfu.

d) Ef flugrekanda reynist nauðsynlegt að semja nýjar flugrekstrarhandbækur eða stóran hluta/mörg bindi flugrekstrarhandbóka, skal hann fara að ákvæðum c-liðar hér að framan.

e) Flugrekanda er heimilt að gefa flugrekstrarhandbók út í fleiri en einu bindi.

f) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk hans á flugrekstrarsviði hafi greiðan aðgang að eintaki af öllum þeim hlutum flugrekstrarhandbókarinnar sem lúta að skyldustörfum þess. Að auki skal flugrekandi fá öllum flugverjum eigið eintak af A- og B-hluta flugrekstrarhandbókarinnar eða útdrætti úr þessum hlutum hennar til að kynna sér, eftir því sem við á, svo hver og einn geti kynnt sér þá.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstrarhandbókinni sé breytt eða hún leiðrétt svo að fyrirmæli og upplýsingar í henni séu jafnan í gildi. Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk flugrekstrarsviðs fái vitneskju um þær breytingar sem lúta að skyldustörfum þess.

h) Allir handhafar flugrekstrarhandbókarinnar, eða viðeigandi hluta hennar, skulu bæta inn í hana jafnóðum öllum breytingum eða leiðréttingum sem flugrekandi lætur þeim í té.

i) Flugrekandi skal afhenda flugmálayfirvöldum fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar áður en þær öðlast gildi. Ef breytingar eru gerðar á einhverjum hluta flugrekstrarhandbókarinnar, sem samþykkja verður í samræmi við OPS, skal samþykkið fengið áður en breytingarnar öðlast gildi. Reynist nauðsynlegt að láta tafarlaust gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki.

j) Flugrekandi skal bæta inn öllum breytingum og leiðréttingum sem flugmálayfirvöld gera kröfu um.

k) Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingar, sem fengnar eru úr samþykktum skjölum og allar breytingar á slíkum samþykktum skjölum, komi rétt fram í flugrekstrarhandbókinni og að í henni séu engar upplýsingar sem brjóta í bága við samþykkt skjöl. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að flugrekandi geti gert strangari kröfur um gögn og verklagsreglur.

l) Flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbókarinnar sé sett fram á þann hátt að vandalaust sé að nota hana. Hönnun flugrekstrarhandbókarinnar skal taka tillit til meginreglna um mannlega þætti.

m) Flugmálayfirvöld geta heimilað flugrekanda að setja flugrekstrarhandbókina eða hluta hennar fram í öðru formi en á prenti. Ef það er gert skal flugrekandi tryggja að efnið sé aðgengilegt, nothæft og áreiðanlegt.

n) Þótt flugrekandi noti stytta útgáfu af flugrekstrarhandbókinni er hann ekki undanþeginn ákvæðum OPS 1.130.

OPS 1.1045

Flugrekstrarhandbók — efnisskipan og efni

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1045)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að meginefnisskipan flugrekstrarhandbókarinnar sé þessi:

— A-hluti: Almenn ákvæði/grunnákvæði

Í þessum hluta skal koma fram öll stefnumótun, sem ekki er tengd tilteknum tegundum flugvéla, fyrirmæli og verklagsreglur sem nauðsynlegar eru fyrir örugga starfrækslu.

— B-hluti: Starfræksla flugvéla

Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og verklagsreglur sem tengjast tilteknum flugvélategundum og eru nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu. Þar skal tekið tillit til mismunandi tegunda flugvéla, flugvélaafbrigða eða einstakra flugvéla sem flugrekandi notar.

— C-hluti: Fyrirmæli og upplýsingar er varða flugleiðir og flugvelli

Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir flugsvæðið.

— D-hluti: Þjálfun

Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli um þjálfun starfsfólks sem krafist er fyrir örugga starfrækslu.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að efnisatriði flugrekstrarhandbókarinnar séu í samræmi við 1. viðbæti við OPS 1.1045 og fjalli um viðkomandi flugrekstrarsvæði og tegund starfrækslu.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að nákvæm efnisskipan flugrekstrarhandbókarinnar sé með þeim hætti að flugmálayfirvöld geti fallist á hana.

OPS 1.1050

Flughandbók flugvélar

Flugrekandi skal hafa gildandi, samþykkta flughandbók flugvélar eða jafngilt skjal fyrir hverja flugvél sem hann starfrækir.

OPS 1.1055

Leiðarflugbók

a) Flugrekandi skal geyma eftirfarandi upplýsingar um hvert flug í formi leiðarflugbókar:

1. skrásetningu flugvélar,
2. dagsetningu,
3. nöfn flugverja,
4. starfssvið hvers flugverja,
5. brottfararstað,
6. komustað,
7. brottfarartíma (hlaðfarartíma),
8. komutíma (hlaðkomutíma),

9. flugstundir,

10. tegund flugs,

11. flugatvik og athugasemdir (ef einhverjar eru) og

12. undirskrift flugstjóra (eða jafngildi hennar).

b) Flugmálayfirvöld geta heimilað flugrekanda að halda ekki leiðarflugbók, eða hluta hennar, ef viðkomandi upplýsingar eru tiltækar í öðrum skjölum.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugbók sé færð jafnóðum og að færslurnar séu varanlegar.

OPS 1.1060

Leiðarflugáætlun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlunin, sem notuð er, og færslur í hana á flugi nái yfir eftirfarandi atriði:

1. skrásetningu flugvélar,

2. tegund flugvélar og afbrigði,

3. dagsetningu flugs,

4. auðkenni flugs,

5. nöfn flugliða,

6. starfssvið hvers flugliða,

7. brottfararstað,

8. brottfarartíma (raunverulegan hlaðfarartíma og flugtakstíma),

9. komustað (áætlaðan og í raun),

10. komutíma (raunverulegan lendingartíma og hlaðkomutíma),

11. tegund flugs (fjarflug, sjónflug, ferjuflug, o.s.frv.),

12. flugleið og leiðarleggi, ásamt gátstöðum/vörðum, fjarlægðir, tíma og ferla,

13. áætlaðan farflugshraða og flugtíma milli gátstaða/varða; áætlaðan og raunverulegan tíma yfir þeim stöðum,

14. öruggar flughæðir og lægstu fluglög,

15. áætlaðar flughæðir og fluglög,

16. útreikning á eldsneyti (skráning athugunar eldsneytisstöðu á flugi),

17. eldsneyti um borð við gangsetningu hreyfla,

18. varaflugvöll/varaflugfelli ákvörðunarstaðar og, eftir því sem við á, fyrir flugtak og á flugleið, ásamt upplýsingum sem krafist er í 12., 13., 14. og 15. lið hér að framan,

19. upphafleg flugheimild flugumferðarþjónustu og endurgerðar heimildir,

20. útreikninga þegar leiðarflugáætlun er endurgerð á flugi, og

21. viðeigandi veðurupplýsingar.

b) Heimilt er að sleppa úr leiðarflugáætlun atriðum, sem tiltæk eru í öðrum skjölum eða fáanleg frá heimildum sem unnt er að fallast á eða eru óviðkomandi þessari tegund flugs.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlun og notkun hennar sé lýst í flugrekstrarhandbókinni.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allar færslur í leiðarflugáætlun séu gerðar jafnóðum og að færslurnar séu varanlegar.

OPS 1.1065

Geymslutími skjala

Flugrekandi skal sjá til þess að allar skrár og viðeigandi rekstrar- og tækniupplýsingar um hvert einstakt flug séu geymdar eins lengi og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við OPS 1.1065.

OPS 1.1070

Lýsing flugrekanda á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Flugrekandi skal jafnan hafa gildandi, samþykkta lýsingu á stjórnun viðhalds eins og mælt er fyrir um í lið M.A. 704, lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, í M-hluta.

OPS 1.1071

Tækniflugbók flugvélar

Flugrekandi skal halda tækniflugbók flugvélar eins og mælt er fyrir um í lið M.A.306, tækniflugbók flugrekanda, í M-hluta.

1. viðbætir við OPS 1.045

Efni flugrekstrarhandbókar

Flugrekandi skal sjá til þess að í flugrekstrarhandbók séu:

A. **ALMENN ÁKVÆÐI/GRUNNÁKVÆÐI**

0. UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ FLUGREKSTRARHANDBÓKINNI

0.1. Inngangur

a) Yfirlýsing um að handbókin uppfylli ákvæði allra viðeigandi reglugerða svo og skilmála og skilyrði viðkomandi flugrekandaskírteinis.

b) Yfirlýsing um að handbókin hafi að geyma rekstrarfyrirmæli sem hlutaðeigandi starfsfólk á að fylgja.

c) Skrá og stutt lýsing á hlutum handbókarinnar, efni þeirra, gildissviðum og notkun.

d) Skýringar og skilgreiningar á hugtökum og orðum sem nauðsynlegt er að kunna skil á við notkun handbókarinnar.

0.2. Fyrirkomulag við breytingar og leiðréttingar

a) Hver ber ábyrgð á útgáfu breytinga og leiðréttinga og að þeim sé bætt inn í handbókina.

b) Skrá yfir breytingar og leiðréttingar, þar sem færslur þeirra í handbókina og gildistaka eru dagsettar.

c) Yfirlýsing um að handskrifaðar breytingar og leiðréttingar séu ekki leyfðar nema þörf sé á tafarlausri breytingu eða leiðréttingu af öryggisástæðum.

d) Lýsing á hvaða kerfi er notað til að merkja við breytingar á blaðsíðum og dagsetningu gildistöku.

e) Skrá yfir blaðsíður í gildi.

f) Skýringar á breytingum (á textasíðum og, eftir því sem unnt er, á kortum og uppdráttum).

g) Bráðabirgðaleiðréttingar.

h) Lýsing á því eftir hvaða kerfi handbókum, breytingum á þeim og leiðréttingum er dreift.

1. SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

1.1. Stjórnskipulag. Lýsing á stjórnskipulagi, þ.m.t. almennt skipurit fyrirtækisins og skipurit flugrekstrarsviðs. Í skipuritinu skal lýsa tengslum flugrekstrarsviðs við önnur svið fyrirtækisins. Einkum ber að sýna niðurröðun og boðleiðir allra sviða og deilda o.s.frv. sem varða öryggi í flugrekstri.

1.2. Tilnefndir yfirmenn. Nöfn allra sem tilnefndir eru yfirmenn flugrekstrar, viðhaldskerfis, þjálfunar áhafna og rekstrar á jörðu niðri, eins og mælt er fyrir um í i-lið OPS 1.175. Einnig ber að lýsa starfi þeirra og ábyrgð.

1.3. Ábyrgð og skyldustörf starfsfólks í stjórnunarstöðum á flugrekstrarsviði. Lýsing á skyldum, ábyrgð og valdsviði starfsfólks í stjórnunarstöðum sem varðar öryggi í flugrekstri og fylgni við gildandi reglugerðir.

1.4. Valdsvið, skyldustörf og ábyrgð flugstjóra. Lýsing á valdsviði, skyldustörfum og ábyrgð flugstjóra.

1.5. Skyldustörf og ábyrgð annarra flugverja en flugstjóra.

2. FLUGREKSTRARSTJÓRN OG EFTIRLIT

2.1. Eftirlit flugrekanda með rekstrinum. Lýsing á fyrirkomulagi á eftirliti flugrekanda með rekstrinum (sjá g-lið OPS 1.175). Þar skal koma fram hvernig staðið er að eftirliti með öryggi í flugrekstri og að starfsfólk hafi tilskilin starfsréttindi. Einkum skal lýsa í hverju eftirlit með eftirfarandi atriðum er fólgið:

a) gildistíma skírteina og starfsréttinda,

b) hæfni starfsfólks flugrekstrardeildar og

c) umsjón, greiningu og geymslu skráa, flugskjala, frekari upplýsinga og gagna.

2.2. Kerfi til dreifingar frekari rekstrarfyrirmæla og upplýsinga. Lýsing á kerfum til dreifingar upplýsinga sem geta tengst rekstri en koma til viðbótar upplýsingum í flugrekstrarhandbókinni. Einnig skal tilgreina gildissvið þessara upplýsinga og hverjir bera ábyrgð á dreifingu.

2.3. Áætlun um slysavarnir og flugöryggi. Lýsing á meginþáttum áætlunar um slysavarnir og flugöryggi.

2.4. Flugrekstrarstjórn. Lýsing á verklagi og ábyrgð við flugrekstrarstjórn með tilliti til flugöryggis.

2.5. Valdheimildir flugmálayfirvalds. Lýsing á valdheimildum flugmálayfirvaldsins og leiðbeiningar til starfsmanna um hvernig auðvelda skuli skoðun starfsfólks flugmálayfirvalda.

3. GÆÐAKERFI

Lýsing á því gæðakerfi sem notað er en til þess skal a.m.k. teljast:

a) gæðastefna,

b) lýsing á skipulagi gæðakerfisins og

c) úthlutun skyldustarfa og ábyrgðar.

4. SAMSETNING ÁHAFNAR

4.1. Samsetning áhafnar. Útskýring á aðferðinni við að ákvarða samsetningu áhafnar, þar sem tekið er mið af eftirfarandi þáttum:

a) tegund flugvélar sem notuð er,

b) flugsvæði og tegund flugsins sem verður flogið,

c) stigi flugsins,

d) lágmarkskröfum um áhöfn og áætlaðri flugvakt,

e) reynslu (samtals og á flugvélategund), nýlegri reynslu og starfsréttindum flugverja og

f) tilnefningu flugstjóra og, ef þörf krefur vegna þess hve langur flugtíminn er, reglum um afleysingar flugstjóra eða annarra flugliða (sjá 1. viðbæti við OPS 1.940),

g) tilnefningu fyrsta öryggis- og þjónustuliða, og hvernig verklag skuli viðhaft við afleysingar ef flugtíminn er svo langur að nauðsynlegt er að leysa fyrsta öryggis- og þjónustuliðann, eða einhvern annan öryggis- og þjónustuliða, af.

4.2. Tilnefning flugstjóra. Reglur sem gilda um tilnefningu flugstjóra.

4.3. Flugliði verður óstarfhæfur. Ákvæði um í hvaða röð flugliðar taka við stjórn flugvélarinnar ef einhver þeirra verður óstarfhæfur.

4.4. Starfræksla á fleiri en einni tegund. Yfirlýsing um hvaða flugvélar teljast vera ein og sama tegund að því er varðar:

a) áhafnarskár flugliða og

b) áhafnaskrár öryggis- og þjónustuliða.

5. HÆFNIKRÖFUR

5.1. Lýsing á nauðsynlegum skírteinum, áritunum, réttindum/hæfni (t.d. á leiðum og flugvöllum), reynslu, þjálfun, eftirliti og nýlegri reynslu sem krafist er af starfsfólki flugrekstrarsviðs til að það geti sinnt störfum sínum. Taka ber tillit til flugvélategundar, tegundar flugs og samsetningar áhafnar.

5.2. Flugliðar

a) Flugstjóri.

b) Flugmaður sem leysir flugstjórann af.

c) Aðstoðarflugmaður.

d) Flugmaður undir umsjón.

e) Flugkerfastjóri.

f) Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

5.3. Öryggis- og þjónustuliðar.

a) Fyrsti öryggis- og þjónustuliði.

b) Öryggis- og þjónustuliði.

i. Öryggis- og þjónustuliði sem skylt er að hafa um borð.

ii. Viðbótaröryggis- og þjónustuliði og öryggis- og þjónustuliði í kynningarflugi.

c) Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

5.4. Starfsfólk við þjálfun, eftirlit og umsjón.

a) Fyrir flugliða.

b) Fyrir öryggis- og þjónustuliða.

5.5. Annað starfsfólk flugrekstrarsviðs.

6. VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VEGNA HEILSU ÁHAFNAR

6.1. Varúðarráðstafanir vegna heilsu áhafnar. Viðkomandi reglur og leiðbeiningar til flugverja að því er heilsuna varðar, þ.m.t.:

a) um áfengi og aðra áfenga drykki,

b) um fíkniefni,

c) um lyf,

d) um svefntöflur,

e) um lyfjablöndur,

f) um ónæmisaðgerðir,

g) um djúpköfun,

h) um blóðgjöf,

i) um varúðarráðstafanir vegna máltíða fyrir flug og meðan á flugi stendur,

j) um svefn og hvíld og

k) um skurðaðgerðir.

7. FARTÍMAMÖRK

7.1. fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma. Kerfið sem flugrekandi hefur þróað í samræmi við viðeigandi kröfur.

7.2. Farið út fyrir fartíma- og vinnutímamörk og/eða hvíldartími styttur. Tilgreina skal við hvaða skilyrði er heimilt að fara út fyrir fartíma- og vinnutímamörk eða stytta hvíldartíma og hvernig beri að tilkynna breytingar þar að lútandi.

8. VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

8.1. Fyrirmæli um undirbúning flugs. Eftirfarandi gildir í flugrekstri, eftir því sem við á:

8.1.1. Lágmarksflughæðir. Lýsing á aðferð við ákvörðun og notkun lágmarksflughæða, þ.m.t.:

a) verklag við ákvörðun lágmarksflughæða/lágmarksfluglaga í sjónflugi og

b) verklag við ákvörðun lágmarksflughæða/lágmarksfluglaga í blindflugi.

8.1.2. Viðmiðanir og ábyrgð fyrir samþykki notkunar flugvalla með hliðsjón af viðeigandi kröfum í D-, E-, F-, G-, H-, I- og J-kafla.

8.1.3. Aðferðir við að ákvarða flugvallarlágmörk. Aðferð við að ákvarða flugvallarlágmörk í blindflugi í samræmi við E-kafla OPS 1. Vísa skal í verklagsreglur um ákvörðun skyggnis og/eða flugbrautarskyggnis og um gildi raunverulegs skyggnis eins og flugmenn meta það, tilkynnts skyggnis og tilkynnts flugbrautarskyggnis.

8.1.4. Veðurlágmörk á flugleið í sjónflugi eða sjónflugshluta flugs og, ef um er að ræða eins hreyfils flugvélar, fyrirmæli um val á flugleið með hliðsjón af yfirborði þar sem unnt er að nauðlenda á öruggan hátt.

8.1.5. Framsetning og notkun flugvallarlágmarka og starfrækslulágmarka á flugleið.

8.1.6. Túlkun veðurupplýsinga. Skýringarefni um afkóðun veðurspáa og veðurlýsinga frá veðurstofu (MET) fyrir viðkomandi flugsvæði, þ.m.t. túlkun á skilyrtum orðasamböndum.

8.1.7. Ákvörðun á magni eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls um borð. Aðferðir við að ákvarða magn eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls sem skal vera um borð og eftirlit með því á flugi. Í þessum kafla ber einnig að gefa fyrirmæli um mælingar og dreifingu vökva um borð. Í fyrirmælunum ber að taka tillit til allra aðstæðna, sem líklegt er að upp kunna að koma á flugi, þ.m.t. möguleiki á endurgerð flugáætlunar á flugi og bilun í einum eða fleiri hreyflum flugvélarinnar. Einnig ber að lýsa því eftir hvaða kerfi eldsneytis- og olíuskrár eru haldnar.

8.1.8. massi og þyngdarmiðja, Almennar grundvallarreglur um massa og þyngdarmiðju, þ.m.t.:

a) skilgreiningar,

b) aðferðir, verklag og ábyrgð við undirbúning og samþykki á útreikningum á massa og þyngdarmiðju,

c) viðmiðunarreglur við notkun annaðhvort staðal- og/eða raunmassa,

d) aðferð við ákvörðun massa farþega, farangurs og farms, eins og við á,

e) farþega- og farangursmassi í mismunandi tegundum flugs og flugvéla, eins og við á,

f) almenn fyrirmæli og upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að sannprófa mismunandi tegundir massa- og jafnvægisskráa sem eru í notkun,

g) verklagsreglur um breytingar á síðustu stundu,

h) eðlisþyngd eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls og

i) verklagsreglur um skipan í sæti.

8.1.9. Flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu. Verklagsreglur og ábyrgð vegna undirbúnings og afhendingar flugáætlunar til flugumferðarþjónustu. Þættir sem hafa þarf í huga, þ.m.t. aðferðir við afhendingu bæði einstakra og endurtækra flugáætlana.

8.1.10. Leiðarflugáætlun. Verklagsreglur og ábyrgð á undirbúningi og samþykkt leiðarflugáætlunar. Lýsa skal notkun leiðarflugáætlunar, þ.m.t. eyðublöð sem eru notuð fyrir þær.

8.1.11. Tækniflugbók flugrekanda. Lýsa skal tækniflugbók flugrekanda hvað varðar ábyrgð og notkun, þ.m.t. eyðublöð sem eru notuð.

8.1.12. Skrá yfir skjöl, eyðublöð og viðbótarupplýsingar sem skulu vera um borð.

8.2. Fyrirmæli um flugafgreiðslu.

8.2.1. Verklag við eldsneytistöku og –losun. Lýsing á verklagi við eldsneytistöku og -losun, þ.m.t.:

a) öryggisráðstafanir við eldsneytistöku og -losun, þ.m.t. þegar aukastöð (APU) eða hverfihreyfill er í gangi og skrúfuhemlarnir eru á,

b) eldsneytistaka og -losun þegar farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði og

c) varúðarráðstafanir, sem gera þarf, til að koma í veg fyrir blöndun mismunandi eldsneytis.

8.2.2. Reglur um afgreiðslu flugvélar, farþega og farms með tilliti til öryggis. Lýsing á verklagsreglum um afgreiðslu við úthlutun sæta og þegar farþegum er hleypt um borð og frá borði og við hleðslu og affermingu flugvélarinnar. Einnig ber að setja verklagsreglur sem miða að því að tryggja öryggi á meðan flugvélin er á hlaði. Eftirfarandi fellur undir verklagsreglur um afgreiðslu:

a) börn/ungbörn, veikir farþegar og hreyfihamlaðir,

b) flutningur óæskilegra farþega, manna sem er vísað úr landi eða gæslufanga,

c) leyfileg stærð og þyngd handfarangurs,

d) hleðsla og festing hluta í flugvélinni,

e) sérstakur farmur og flokkun farmrýmis,

f) staðsetning búnaðar á jörðu,

g) opnun og lokun flugvéladyra,

h) öryggi á hlaði, þ.m.t. eldvarnir og svæði þar sem reikna má með útblæstri og sogi,

i) verklag við ræsingu, brottför af hlaði og við komu þ.m.t. að ýta frá og draga,

j) afgreiðsla flugvéla,

k) skjöl og eyðublöð fyrir afgreiðslu flugvélar og

l) þegar fleiri en einn eru um sama flugvélarsæti.

8.2.3. Verklagsreglur um synjun borðgöngu. Reglur til að tryggja að mönnum, sem virðast drukknir eða af hátterni þeirra og útliti má ráða að þeir séu undir áhrifum lyfja, sé synjað um borðgöngu, að undanskildum sjúklingum sem fá tilhlýðilega umönnun. Þetta á ekki við um sjúklinga sem fá tilhlýðilega umönnun.

   iii. búnað með vökvarafhlöðum verður að geyma í uppréttri stöðu og hann festur tryggilega, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir að rafvökvinn leki úr þeim,

b) að krafist sé að þau séu um borð í flugvélinni og samrýmist viðeigandi kröfum eða af rekstrarástæðum en jafnvel þótt hlutirnir eða efnin séu ætluð til að skipta út eða hafi verið fjarlægð vegna útskiptingar verður að flytja þau í flugvél eins og lýst er í Tæknilegu fyrirmælunum,

c) að þau séu í farangri:

   1. farþega eða flugverja í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin eða

   2. sem hefur orðið viðskila við eiganda við skipti milli flugvéla (þ.e. týndur farangur eða röng merking farangurs) en sem flugrekandinn flytur.

OPS 1.1165

Takmarkanir á flutningi á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal tryggja að hlutir og efni, eða annað sem telst hættulegur varningur, sem eru sérstaklega tilgreind með heiti eða með almennri lýsingu í Tæknilegu fyrirmælunum og bannað er að flytja samkvæmt þeim, séu aldrei flutt með flugvél.

b) Flugrekandi skal ekki flytja hluti og efni eða annan varning sem telst hættulegur varningur, sem tilgreindur er í Tæknilegu fyrirmælunum og bannað er að flytja við venjulegar aðstæður, nema eftirfarandi kröfur í fyrirmælunum séu uppfylltar:

   1. öll viðkomandi ríki hafi veitt nauðsynlega undanþágu fyrir þessa hluti og efni í samræmi við ákvæði Tæknilegu fyrirmælanna eða

   2. öll viðkomandi ríki hafi veitt samþykki sitt í þeim tilvikum þegar Tæknilegu fyrirmælin gefa til kynna að aðeins sé krafa um slíkt samþykki.

OPS 1.1190

Hér á að vera eyða

OPS 1.1195

Móttaka á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal ekki taka á móti hættulegum varningi:

   1. nema, pakkinn, safnumbúðirnar eða vörugámurinn hafi verið skoðaður í samræmi við verklagsreglur um móttöku þeirra í Tæknilegu fyrirmælunum,

   2. nema hættulega varningnum fylgi tvö eintök af flutningsskjali fyrir hættulegan varning, að því undanskildu að kveðið sé á um annað í Tæknilegu fyrirmælunum,

   3. nema enska sé notuð:

      i. fyrir merkimiða og merkingar pakka,

      og

      ii. fyrir flutningsskjal fyrir hættulegan varning,

      til viðbótar við öll önnur tungumál sem kann að vera krafist.

b) Flugrekandi skal nota gátlista við móttöku hættulegs varnings þar sem hægt er að athuga öll atriði, sem máli skipta, og skal hann vera í því formi að unnt sé að færa þar inn niðurstöður skoðunar við móttöku, hvort heldur er handskrifað, vélrænt eða í tölvu.

OPS 1.1200

Skoðun til að leita að skemmdum, leka eða mengun

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu skoðaðir og leitað að ummerkjum um skemmdir eða leka rétt áður en þeim er hlaðið í flugvél eða í hleðslueiningabúnað eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum,

2. að hleðslueiningabúnaði sé ekki hlaðið í flugvél nema skoðun á honum, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin, hafi leitt í ljós að hvorki sé að finna merki um leka úr hættulegum varningi né skemmdir,

3. að pökkum, safnumbúðum og vörugámum, sem leka eða eru skemmdir, sé ekki hlaðið í flugvél,

4. að allir pakkar með hættulegum varningi, sem eru í flugvél og sýnast vera skemmdir eða leka, séu fjarlægðir eða að viðeigandi yfirvöld eða stofnun sjái til þess að það sé gert; í slíkum tilvikum skal skoða það sem eftir er af sendingunni til að fá fullvissu um að hún sé í flutningshæfu ástandi og að flugvélin og farmur hennar hafi hvorki skemmst né mengast og

5. að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu skoðaðir og leitað að ummerkjum um skemmdir eða leka þegar flugvél eða hleðslueiningabúnaður er affermdur og, ef ummerki sjást um skemmdir eða leka, skal skoða þann stað í flugvélinni þar sem hinn hættulegi varningur var geymdur, með tilliti til skemmda eða mengunar.

OPS 1.1205

Mengun fjarlægð

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að mengun af völdum leka eða skemmda, sem finnst á hlutum eða pökkum sem innihalda hættulegan varning, sé tafarlaust fjarlægð og hafist handa við að koma í veg fyrir hvers konar hættu eins og lýst er í Tæknilegu fyrirmælunum og

2. að flugvél, sem hefur mengast af geislavirkum efnum, sé þegar í stað tekin úr notkun og ekki tekin aftur í notkun fyrr en geislavirkni á öllum aðgengilegum stöðum og geislamengun, sem ekki situr föst, er ekki yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í Tæknilegu fyrirmælunum.

b) Ef einhver þau mörk í Tæknilegu fyrirmælunum sem gilda um geislunarstig og mengun eru ekki virt,

1. skal flugrekandinn:

i. sjá til þess að vörusendandinn sé upplýstur ef upp kemst, meðan á flugi stendur, að mörkin séu ekki virt,

ii. gera tafarlaust ráðstafanir til þess að milda afleiðingar þess að mörkin voru ekki virt,

iii. hafa samband við vörusendandann og viðkomandi flugmálayfirvöld eins fljótt og unnt er og tafarlaust ef hættuástand hefur skapast eða er að skapast,

2. flugrekandinn skal einnig, í samræmi við sína ábyrgð:

i. rannsaka hvers vegna mörkin voru ekki virt og orsakir þess, kringumstæður og afleiðingar,

ii. gera viðeigandi ráðstafanir til að lagfæra það sem olli þessu og kringumstæður þær sem urðu þess valdandi að ósamræmi varð og hindra að sambærilegar aðstæður skapist sem urðu til þess að mörkin voru ekki virt,

iii. hafa samband við viðkomandi flugmálayfirvöld varðandi orsakir þess að mörkin voru ekki virt og um leiðréttingar og fyrirbyggjandi aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar eða á að framkvæma.

OPS 1.1210

Hleðslutakmarkanir

a) Farþegarými og stjórnklefi. Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegur varningur sé ekki fluttur í rými flugvélar þar sem eru farþegar eða í stjórnklefa nema að því leyti sem tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

b) Vörurými. Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegum varningi sé hlaðið í flugvél og að hann sé aðskilinn frá öðru, frágenginn og tryggilega festur um borð í flugvélinni eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

c) Hættulegur varningur sem einungis má flytja með vöruloftfari. Flugrekandi skal sjá til þess að pakkar með hættulegum varningi, sem merktir eru „Aðeins vöruloftfar“, séu fluttir með vöruloftfari og að þeim sé hlaðið eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

OPS 1.1215

Ákvæði um miðlun upplýsinga

a) Upplýsingar til starfsfólks. Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingar í flugrekstrarhandbók og öðrum viðeigandi handbókum geri starfsfólki kleift að framkvæma skyldustörf sín varðandi flutning hættulegs varnings, eins og kveðið er á um í Tæknilegu fyrirmælunum, ásamt aðgerðum sem þarf að framkvæma ef hættuástand skapast við flutning hættulegs varnings. Ef það á við skal einnig veita umboðsaðilum slíkar upplýsingar.

b) Upplýsingar til farþega og annarra hlutaðeigandi aðila.

1. Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingum sé komið á framfæri við farþega, eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum, þannig að þeir fái viðvörun um hvers konar varning þeim er bannað að hafa meðferðis í flugvélum og

2. flugrekandi skal sjá til þess að á stöðum, þar sem tekið er á móti farmi, séu veittar upplýsingar um flutning á hættulegum varningi.

c) Upplýsingar til flugstjóra. Flugrekandi skal sjá til þess:

1. að flugstjórinn fái skriflegar upplýsingar um hættulegan varning sem á að flytja í flugvél eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum,

2. að séð sé fyrir upplýsingum um hvernig bregðast skuli við hættuástandi í flugi eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum,

3. að haldið sé eftir, aðgengilegu á jörðu niðri, læsilegu afriti af skriflegum upplýsingum til flugstjórans þar til flugi, sem upplýsingarnar eiga við, er lokið; auðvelt skal vera að nálgast þetta afrit eða upplýsingarnar í því á síðasta brottfararflugvelli og næsta áætlaða komustað þar til flugi sem upplýsingarnar eiga við er lokið,

4. að þegar hættulegur varningur er fluttur með flugi, sem fer fram alveg eða að hluta til utan yfirráðasvæðis ríkis, séu skriflegu upplýsingarnar fyrir flugstjórann á ensku auk annarra tungumála sem krafist er.

(Sjá töflu 1 í 1. viðbæti OPS 1.1065 fyrir geymslutímabil skjala).

d) Miðlun upplýsinga ef flugatvik eða slys verður.

1. Verði flugatvik þar sem flugvél flugrekanda á hlut að máli skal hann, ef þess er krafist, láta í té allar upplýsingar sem krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

2. Verði flugslys eða alvarlegt flugatvik þar sem flugvél flugrekanda á hlut að máli skal hann tafarlaust láta í té allar upplýsingar sem krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

3. Flugrekandi skal setja verklagsreglur í viðeigandi handbækur og viðbúnaðaráætlanir varðandi ófyrirsjáanleg slys til að auðvelda upplýsingamiðlun.

e) Miðlun upplýsinga ef neyðarástand skapast á flugi.

1. Ef neyðarástand skapast á flugi skal flugstjórinn, um leið og ástand leyfir, tilkynna viðkomandi flugumferðarþjónustudeild um allan hættulegan varning um borð í flugvélinni eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

OPS 1.1220

Þjálfunaráætlanir

a) Flugrekandi skal setja saman og viðhalda þjálfunaráætlunum fyrir starfsfólk sitt, eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum, og þurfa flugmálayfirvöld að samþykkja þær.

b) Flugrekandi skal tryggja að starfsfólkið hljóti þjálfun í réttu hlutfalli við ábyrgð þess.

c) Þegar einstaklingur kemur til starfa hjá flugrekanda í tengslum við flutning á hættulegum varningi í flugi verður flugrekandi að tryggja að hann fái viðkomandi þjálfun eða staðfesta að hann hafi áður fengið þá þjálfun.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk, sem fær þjálfun, gangist undir próf til að sanna að það geri sér grein fyrir ábyrgð sinni.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að allir starfsmenn, sem þurfa á þjálfun að halda vegna hættulegs varnings, fái reglubundna þjálfun a.m.k. á tveggja ára fresti.

f) Flugrekandi skal sjá til þess að færðar séu skrár yfir þjálfun alls starfsfólks vegna hættulegs varnings, eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að starfsfólk umboðsaðila hans fái þjálfun eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

OPS 1.1225

Skýrslur um flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning

a) Flugrekandi skal gefa skýrslu um flugatvik og slys, er verða í tengslum við hættulegan varning, til flugmálayfirvalda og viðkomandi yfirvalds þess ríkis þar sem flugatvikið eða slysið átti sér stað eins og kveðið er á um í 1. viðbæti OPS 1.1225. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því og skal hún fela í sér allt það sem þá er vitað. Ef nauðsynlegt er skal semja aðra skýrslu eins fljótt og unnt er með öllum viðbótarupplýsingum sem hafa komið fram.

b) Flugrekandi skal einnig skýra flugmálayfirvöldum og viðkomandi yfirvaldi þess ríkis þar sem atburðurinn átti sér stað frá hættulegum varningi sem ekki hefur verið gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti sem finnst í farmi eða farangri farþega eins og kveðið er á um í 1. viðbæti OPS 1.1225. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að varningurinn finnst nema sérstakar aðstæður hamli því og skal hún fela í sér allt það sem þá er vitað. Ef nauðsynlegt er skal semja aðra skýrslu eins fljótt og unnt er með öllum viðbótarupplýsingum sem hafa komið fram.

1. viðbætir við OPS 1.1225

Skýrslur um flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning

1. Flugrekandi skal ábyrgjast að gefa skýrslu hvers konar flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning án tillits til þess hvort varningurinn er í fragt, í pósti, í farangri farþega eða áhafnar. Einnig skal gefa skýrslu um hættulegan varning sem ekki hefur verið gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti sem finnst í fragt, pósti eða farangri.

2. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því. Skýrsluna má senda með ýmsum hætti, s.s. með tölvupósti, símleiðis eða með símbréfi. Frumskýrslan skal fjalla um það sem þá er vitað, undir fyrirsögnum sem fram koma í 3. lið. Ef nauðsynlegt er skal semja aðra skýrslu eins fljótt og unnt er með öllum viðbótarupplýsingum sem ekki var vitað um þegar frumskýrslan var send. Ef skýrsla hefur verið gefin munnlega skal senda skriflega staðfestingu eins fljótt og unnt er.

3. Frumskýrslan og allar viðbótarskýrslur skulu vera eins nákvæmar og unnt er og skulu fela í sér eftirfarandi, eins og við á:

   a) dagsetningu þegar flugatvikið eða slysið átti sér stað eða þegar fundist hefur hættulegur varningur sem ekki hefur verið gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti,

   b) staðsetningu, flugnúmer og dagsetningu flugs,

   c) lýsingu varnings og tilvísunarnúmer á flugfarmbréfi, tösku, farangursmiða og farseðli o.s.frv.,

   d) rétt sendingarheiti (ásamt tækniheitinu, ef við á) og UN-númer/kenninúmer, þegar það er þekkt,

   e) flokk eða deild og hvers konar áhættuþætti,

   f) tegund umbúða og sérmerkingar á þeim,

   g) magn,

   h) nafn og heimilisfang sendanda, farþega o.s.frv.,

   i) öll önnur viðeigandi atriði,

   j) grunsemdir um orsakir flugatviksins eða slyssins,

   k) framkvæmdar aðgerðir,

   l) allar aðrar aðgerðir sem framkvæmdar eru varðandi skýrslugjöf og

   m) nafn, titil, heimilisfang og símanúmer þess sem gerir skýrsluna.

4. Afrit af viðeigandi gögnum og allar ljósmyndir sem hafa verið teknar skulu fylgja skýrslunni.

S-KAFLI

FLUGVERND

OPS 1.1235

Flugverndarákvæði

Flugrekandi skal sjá til þess að allt hlutaðeigandi starfsfólk sé vel heima í ákvæðum flugverndaráætlunar sem eru í gildi í ríki flugrekanda og fari eftir þeim.

OPS 1.1240

Þjálfunaráætlanir

Flugrekandi skal koma á, viðhalda og stjórna viðurkenndum þjálfunaráætlunum svo að flugverjar hans geti brugðist rétt við til að koma í veg fyrir ólögmæt afskipti, s.s. skemmdarverk eða flugrán, og draga úr afleiðingum þessa ef slíkt gerist. Þjálfunaráætlunin skal samrýmast flugverndaráætlun í hverju ríki fyrir sig. Hver flugverji skal hafa þekkingu á og hæfni í öllum viðeigandi þáttum þjálfunaráætlunarinnar.

OPS 1.1245

Skýrsla um ólögmæt afskipti

Þegar ólögmæt afskipti hafa átt sér stað um borð í flugvél skal flugstjórinn, eða flugrekandinn ef flugstjórinn er fjarverandi, án tafar senda þar til bæru yfirvaldi á staðnum og flugmálayfirvöldum í ríki flugrekandans skýrslu um atburðinn.

OPS 1.1250

Gátlistar fyrir verklag við leit í flugvél

Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugvélum hans sé gátlisti yfir verklagsreglur, sem fara skal eftir við leit að sprengju eða heimatilbúnum sprengibúnaði, ef grunur leikur á um skemmdarverk og til að leita í flugvélum að földum vopnum, sprengiefnum eða öðrum hættulegum búnaði þegar fyrir liggur vel rökstuddur grunur um að flugvélin kunni að verða fyrir ólögmætum afskiptum. Gátlistanum skulu fylgja leiðbeiningar um viðeigandi aðgerðir sem grípa skal til ef sprengja eða grunsamlegur hlutur finnst og upplýsingar um þann stað þar sem sprengja veldur minnstum skaða í hverri flugvél þegar handhafi tegundarvottorðs lætur þær upplýsingar í té.

OPS 1.1255

Flugvernd í stjórnklefa

a) Í öllum flugvélum með stjórnklefahurð skal vera hægt að læsa hurðinni og séð fyrir aðferðum eða komið á verklagsreglum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, sem öryggis- og þjónustuliðar fara eftir til að gera flugliðum viðvart um grunsamlegt athæfi eða brot sem framin eru í farþegaklefa og ógna öryggi flugvélarinnar.

b) Allar farþegaflugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 60, skulu vera búnar samþykktri stjórnklefahurð sem hægt er að læsa og taka úr lás frá vinnureit hvers flugmanns og hönnuð í samræmi við viðeigandi afturvirkar lofthæfikröfur. Hönnun hurðarinnar skal ekki hindra neyðaraðgerðir eins og krafist er í viðeigandi afturvikum lofthæfikröfum.

c) Í öllum flugvélum sem eru með stjórnklefahurð í samræmi við b-lið:

1. skal þessari hurð lokað áður en hreyflar eru ræstir fyrir flugtak og læst þegar þess er krafist samkvæmt verklagsreglum við flugvernd eða af flugstjóranum þar til hreyflar hafa verið stöðvaðir eftir lendingu nema þegar nauðsynlegt er fyrir þá sem hafa til þess heimild að fara inn eða út í samræmi við flugverndaráætlun í hverju ríki fyrir sig,

2. skal vera búnaður til að fylgjast með svæðinu fyrir utan stjórnklefann frá hvorum vinnureit flugmanns sem er, að því marki sem nauðsynlegt er, til að bera kennsl á einstaklinga, sem óska þess að fá aðgang að stjórnklefanum, og greina grunsamlega hegðun eða hugsanlega ógnun.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 298/2009 **2014/EES/73/69**

frá 8. apríl 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB, einkum 4. gr. ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ([2]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju aðilar sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Bandalagsins myndi byggjast á eða um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]).

5) Yfirvöld, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum, hafa fengið ráðgjöf hjá framkvæmdastjórninni og einnig, í sérstökum tilvikum, hjá nokkrum aðildarríkjum.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við þetta.

Flugrekendur í Bandalaginu

7) Í kjölfar upplýsinga sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA) sem fór fram á loftförum tiltekinna flugrekenda í Bandalaginu, sem og skoðun og úttekt á sérstökum svæðum sem landsbundin flugmálayfirvöld framkvæmdu, hafa sum aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: lögbær yfirvöld í Svíþjóð hafa afturkallað flugrekandaskírteini (AOC) flugrekandans Nordic Regional og fellt tímabundið úr gildi flugrekanda-skírteini flugrekendanna Fly Excellent og Aero Syncro; lögbær yfirvöld á Spáni hafa afturkallað flugrekandaskírteini flugrekandans Bravo Airlines og flugrekstrarleyfi hans; lögbær yfirvöld í Portúgal afléttu tímabundinni ógildingu flugrekandaskírteinis flugrekandans Luzair 22. janúar 2009 eftir að hafa sannreynt að flugrekandinn hefði lokið við aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti; lögbær yfirvöld í Grikklandi afléttu tímabundinni ógildingu flugrekandaskírteinis flugrekandans Hellenic Imperial Airways 18. desember 2008 eftir að hafa sannreynt að flugrekandinn hefði lokið við aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti og felldu tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini flugrekandans Euroair Ltd 28. janúar 2009, að beiðni þessa flugrekanda, eftir að samþykki fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi flugrekandans, hafði verið fellt tímabundið úr gildi.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Kasakstan

Starline KZ

8) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Starline KZ sem fékk vottun í Kasakstan. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Búlgaría og önnur ECAC-ríki sáu um samkvæmt áætlun um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætluninni) ([4]). Þessi endurteknu tilvik um vanefndir á uppfylltum skilyrðum sýna kerfislæga annmarka í öryggismálum á sviði starfrækslu og viðhalds.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

([4]) DGCATR-2007-357, DGCATR-2007-359, DGCATR-2008-166, BUL-2008-8, BUL-2008-9.

9) Flugrekandinn Starline KZ svaraði hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn búlgarskra yfirvalda á sviði almenningsflugs, varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum, sem lýsir skorti á samskiptum, eins og sýndi sig þegar flugrekandinn svaraði ekki erindum, sem bárust frá þessu aðildarríki, á viðunandi hátt. Flugrekandinn Starline KZ sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum og það mál er ennþá óleyst.

10) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan, 27. janúar 2009, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Starline KZ og óskaði skýringa, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til og hvernig flugrekandinn hefur brugðist við þessum annmörkum.

11) Þessi yfirvöld svöruðu hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar varðandi öryggiseftirlit með flugrekandanum Starline KZ þar sem framkvæmdastjórnin hafði ekki fengið umbeðnar upplýsingar í hendur fyrir tiltekinn frest, einkum varðandi flugrekandaskírteini flugrekandans ásamt heildarrekstrarforskriftum, kröfum og takmörkunum sem fylgja því.

12) Flugrekandinn Starline KZ óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. mars 2009. Við áheyrnina voru þó ekki lögð fram nægileg sönnunargögn þess efnis að aðgerðum til úrbóta hefði verið lokið á fullnægjandi hátt. Við áheyrnina tilkynntu lögbær yfirvöld í Kasakstan framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína frá 4. febrúar 2009 um að takmarka starfrækslu flugrekandans Starline KZ þannig að hann megi ekki fljúga í evrópsku loftrými.

13) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Starline KZ uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.

East Wing

14) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans East Wing sem fékk vottun í Kasakstan. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland og Rúmenía sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([1]). Þessar endurteknu niðurstöður við skoðun sýna kerfislæga annmarka í öryggismálum.

15) Flugrekandinn East Wing svaraði ekki á viðunandi hátt fyrirspurn franskra yfirvalda á sviði almenningsflugs, varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum, sem lýsir skorti á samskiptum, eins og sýndi sig þegar flugrekandinn svaraði ekki erindum, sem bárust frá þessu aðildarríki, á viðunandi hátt. Flugrekandinn East Wing sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum og það mál er ennþá óleyst.

16) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans East Wing og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til og hvernig flugrekandinn hefur brugðist við þessum annmörkum.

17) Gögn eru fyrir hendi þess efnis að flugrekandinn East Wing hafi tekið við starfrækslu flugrekandans GST Aero, flugrekanda sem var skráður í viðauka A, 22. mars 2006 ([2]), og sem var felldur þaðan brott eftir að lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu framkvæmdastjórninni um afturköllun flugrekandaskírteinisins í mars 2007 ([3]).

18) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu að þau hefðu sett takmarkanir á starfrækslu flugrekandans East Wing, 4. febrúar 2009, sem fela í sér að hann má ekki fljúga í evrópsku loftrými. Þessi yfirvöld svöruðu þó hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar varðandi öryggiseftirlit með flugrekandanum East Wing þar sem þeim tókst ekki að leggja fram gögn um flugrekandaskírteini flugrekandans ásamt heildarrekstrarforskriftum, kröfum og takmörkunum sem fylgja því.

19) Flugrekandinn East Wing óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. mars 2009. Við áheyrnina voru þó ekki lögð fram nægileg sönnunargögn þess efnis að aðgerðum til úrbóta hefði verið lokið á fullnægjandi hátt og leiddi málflutningurinn í ljós að flugrekandinn væri ekki meðvitaður um þær takmarkanir sem gilda um flug hans inn í evrópskt loftrými. Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn East Wing uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.

ATMA Airlines

20) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans ATMA Airlines sem fékk vottun í Kasakstan. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Þýskaland, Noregur og Tyrkland sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([4]). Þessar endurteknu niðurstöður við skoðun sýna kerfislæga annmarka í öryggismálum.

21) Flugrekandinn ATMA Airlines svaraði ekki á viðunandi hátt fyrirspurn þýskra og norskra yfirvalda á sviði almenningsflugs, varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum, sem lýsir skorti á samskiptum, eins og sýndi sig þegar flugrekandinn svaraði ekki erindum, sem bárust frá þessum ríkjum, á viðunandi hátt. Flugrekandinn ATMA Airlines sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum og það mál er ennþá óleyst.

([1]) DGAC/F-2007-2509, RCAARO-2008-36, RCAARO-2008-54.

([2]) Forsendur 38 til 43 í reglugerð (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006, Stjtíð. L 84, 23.3.2006, bls. 14.

([3]) Forsenda 17 í reglugerð (EB) nr. 235/2007 frá 5. mars 2007, Stjtíð. L 66, 6.3.2007, bls. 3.

([4]) LBA/D-2008-13, CAA-N-2007-137, DGCATR-2008-25.

22) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans ATMA Airlines og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til og hvernig flugrekandinn hefur brugðist við þessum annmörkum.

23) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu að þau hefðu sett takmarkanir á starfrækslu flugrekandans ATMA Airlines, 4. febrúar 2009, sem fela í sér að hann má ekki fljúga í evrópsku loftrými. Þessi yfirvöld svöruðu þó hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar varðandi öryggiseftirlit með ATMA Airlines þar sem þeim tókst ekki að leggja fram gögn um flugrekandaskírteini flugrekandans ásamt heildarrekstrarforskriftum, kröfum og takmörkunum sem fylgja því.

24) Flugrekandinn ATMA Airlines óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. mars 2009. Við áheyrnina voru þó ekki lögð fram nægileg sönnunargögn þess efnis að aðgerðum til úrbóta hafi verið lokið á fullnægjandi hátt.

25) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn ATMA Airlines uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.

Berkut Air

26) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Berkut Air sem fékk vottun í Kasakstan. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland og Rúmenía sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([1]). Þessar endurteknu niðurstöður við skoðun sýna kerfislæga annmarka í öryggismálum.

27) Flugrekandinn Berkut Air svaraði hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn rúmenskra yfirvalda á sviði almenningsflugs, varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum, sem lýsir skorti á samskiptum, eins og sýndi sig þegar flugrekandinn svaraði ekki erindum, sem bárust frá þessu aðildarríki, á viðunandi hátt. Berkut Air sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum og það mál er ennþá óleyst.

28) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Berkut Air og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til vegna þessara annmarka.

29) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu að þau hefðu, í febrúar 2009, fellt tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini flugrekandans BEK Air, áður Berkut Air. Þessi yfirvöld svöruðu þó hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar varðandi öryggiseftirlit með flugrekandanum Berkut Air þar sem þeim tókst hvorki að leggja fram umbeðin gögn né nein skrifleg sönnunargögn um aðgerðir til framfylgdar því.

30) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Berkut Air uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.

Air Company Kokshetau

31) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Air Company Kokshetau sem fékk vottun í Kasakstan. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Ítalía sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([2]). Annmarkarnir varða loftför af tegundinni IL-62 sem eru hvorki með landslagsgreiningarkerfi (TAWS) né endurbætt jarðvarakerfi (E-GPWS), hafa ekki öryggistygi eða súrefnisgrímur, sem unnt er að setja á sig í flýti fyrir flug yfir fluglagi 250, og eru ekki með viðunandi kerfi til að lýsa upp neyðarútgönguleiðina.

32) Flugrekandinn Air Company Kokshetau svaraði hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn ítalskra yfirvalda á sviði almenningsflugs, varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum, sem lýsir skorti á samskiptum, eins og sýndi sig þegar flugrekandinn svaraði ekki erindum, sem bárust frá þessu aðildarríki, á viðunandi hátt. Flugrekandinn Air Company Kokshetau sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum og það mál er ennþá óleyst.

33) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Air Company Kokshetau og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til vegna þessara annmarka.

34) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu framkvæmdastjórninni að þau hefðu ákveðið, 13. febrúar 2009, að fella loftför af tegundinni IL-62M, með framleiðslunúmerin 1138234 og 178445, brott úr flugrekandaskírteini flugrekandans Air Company Kokshetau og að ætlunin væri einnig að innkalla flugrekandaskírteini þessa flugrekanda frá og með 24. mars á grundvelli gjaldþrots. Þessi yfirvöld svöruðu þó hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar um að fá skrifleg sönnunargögn um afturköllun flugrekandaskírteinisins.

([1]) RCAARO-2008-35, RCAARO-2008-37, RCAARO-2008-75.

([2]) ENAC-IT-2007-785.

35) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Air Company Kokshetau uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.

Sayat Air

36) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Sayat Air sem fékk vottun í Kasakstan. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem ECAC-ríki sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([1]). Annmarkarnir varða loftför af tegundinni IL-62 sem eru ekki með: a) landslagsgreiningarkerfi eða endurbætt jarðvarakerfi, b) súrefnisgrímur fyrir áhöfnina sem hægt er að setja á sig í flýti, c) flotbúnað og d) viðunandi kerfi til að lýsa upp neyðarútgönguleiðina. Að auki var loftfarið starfrækt án þess að gátlisti fyrir neyðaraðstæður væri um borð, flugleiðsögugagnabankinn var meira en tveggja ára gamall og ekkert viðhaldsvottorð um borð.

37) Flugrekandinn Sayat Air sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum og það mál er ennþá óleyst.

38) Lögbær yfirvöld í Kasakstan svöruðu hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar, varðandi öryggiseftirlit með Sayat Air, sem lýsir skorti á samskiptum, eins og sýndi sig þegar flugrekandinn svaraði ekki erindum, sem bárust frá framkvæmdastjórninni, á viðunandi hátt, einkum varðandi flugrekandaskírteini flugrekandans ásamt heildarrekstrarforskriftum, kröfum og takmörkunum sem fylgja því.

39) Lögbær yfirvöld í Kasakstan hafa ekki sýnt fram á að þau hafi viðunandi eftirlit með þessum flugrekanda í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum.

40) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Sayat Air uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.

Scat

41) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Scat sem fékk vottun í Kasakstan. Hvorki landslagsgreiningarkerfi né endurbætt jarðvarakerfi var um borð í loftfari af tegundinni Yak-42 með skrásetningarmerkið UPY4205, eins og krafist er í ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem ECAC-ríki sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([2]).

42) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Scat og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til vegna þessara annmarka.

43) Lögbær yfirvöld í Kasakstan lögðu fram sönnunargögn þess efnis að þau höfðu fellt brott úr skránni loftfar af tegundinni Yak-42 með skrásetningarmerkið UPY4205.

44) Flugrekandinn Scat óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og meðan á henni stóð, 24. mars 2009, var staðfest að þessi loftför væru ekki starfrækt lengur.

45) Í ljósi þessa telur framkvæmdastjórnin að ekki sé þörf á frekari aðgerðum að því er varðar þennan flugrekanda.

Heildareftirlit með öryggi flugrekenda frá Lýðveldinu Kasakstan

46) Framkvæmdastjórnin vakti athygli lögbærra yfirvalda í Kasakstan á þeirri staðreynd að þrátt fyrir eftirlit með frammistöðu ýmissa annarra flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Kasakstan, þá leiða skoðanir á hlaði enn í ljós niðurstöður sem yllu áhyggjum. Lögbær yfirvöld í Kasakstan voru hvött til að láta í té skýringar og grípa til nauðsynlegra ráðstafana, eftir því sem við á.

47) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu að röð framfylgdarráðstafana yrðu gerðar varðandi ýmsa flugrekendur frá Kasakstan. Þessi yfirvöld tilkynntu sérstaklega að þau hefðu sett takmarkanir á starfrækslu flugrekendanna Investavia, Skybus og Aytirau Aye Zholy, 4. febrúar 2009, sem fela í sér að þau mega ekki fljúga í evrópsku loftrými. Framkvæmdastjórnin mun koma á brýnu samráði við yfirvöld í Kasakstan og mun hefja ferlið, sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 í tengslum við þessa flugrekendur.

48) Framkvæmdastjórnin mælist eindregið til þess að lögbær yfirvöld í Kasakstan geri átak í endurbótum á almenningsflugkerfinu og herði öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í þessu landi. Framkvæmdastjórnin mun áfram eiga samráð við þessi yfirvöld til að meta stöðu flugrekenda í Kasakstan og er reiðubúin að meta, í samvinnu við aðildarríkin, öll sönnunargögn í þessu máli ef þau eru lögð fram í tæka tíð.

Flugrekendurnir Orient Thai Airlines og One Two Go Airlines

49) Í kjölfar slyssins í Phuket, 16. september 2007 í flugi OG 269 hjá flugrekandanum One Two Go, sem varð til þess að loftfar af tegundinni MD-80 gjöreyðilagðist og 90 létu lífið, þar á meðal margir evrópskir farþegar, hóf framkvæmdastjórnin viðræður við lögbær yfirvöld í Taílandi sem hafa með höndum öryggiseftirlit með þessum flugrekanda.

([1]) SDAT-2007-36.
([2]) GDCA-2008-10.

50) Framkvæmdastjórnin sendi þessum flugrekendum bréf 5. mars 2009 í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

51) Lögbær yfirvöld í Taílandi (deild almenningsflugs í Taílandi – Thai DCA) tilkynntu framkvæmdastjórninni að rannsókn í kjölfar slyssins hafi leitt í ljós að bæði flugrekandinn Orient Thai og dótturfélag hans, One Two Go, hafi brotið gegn lögum um flugleiðsögu, einkum með því að falsa hæfnipróf hjá níu flugmönnum flugrekenda. Af þessum sökum stöðvaði deild almenningsflugs í Taílandi tímabundið starfrækslu loftfara af tegundinni MD-80 í eigu flugrekandanna One Two Go og Orient Thai og krafðist þess að þessir flugrekendur gripu til ýmissa aðgerða til úrbóta.

52) Deild almenningsflugs í Taílandi hefur einnig tilkynnt framkvæmdastjórninni að hún hafi ákveðið, 25. nóvember 2008, að fella niður ógildingu flugrekstrarskírteinis flugrekandans One Two Go. Móðurfélag hans, Orient Thai, hafði þá þegar verið heimilað, frá 7. október 2008, að hefja aftur starfrækslu loftfars af tegundinni MD-80.

53) Evrópskur sérfræðingahópur tókst á hendur gagnaöflunarverkefni í Konungsríkinu Taílandi, frá 10. til 13. mars 2009, á sviði flugreksturs og flugliðaskírteina til að sannreyna framkvæmd aðgerða til úrbóta af hálfu flugrekenda sem ætlað var að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem deild almenningsflugs í Taílandi hafði áður tilgreint. Sérfræðingahópurinn gat staðfest að flugrekandinn One Two Go starfrækti engin loftför. Flugrekandinn One Two Go ber ábyrgð á sölu flugferða, sem eru í raun starfræktar af flugrekandanum Orient Thai með því að nota loftfar í þjónustuleigu, þar sem flugrekandinn One Two Go er leigutakinn og flugrekandinn Orient Thai er leigusalinn. Flugrekandinn Orient Thai sér flugrekandanum One Two Go fyrir loftfari, allri áhöfn, viðhaldi og vátryggingum. Flugrekandinn Orient Thai ræður allt starfsfólk sem flýgur fyrir hönd flugrekandans One Two Go.

54) Skýrslan um gagnaöflunarheimsóknina sýnir einnig að flugrekandinn Orient Thai hafi gripið til aðgerða til úrbóta og deild almenningsflugs í Taílandi hafi gert ráðstafanir til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós. Framkvæmdastjórnin fylgist náið með öryggisástandi flugrekandans Orient Thai. Í því augnamiði skal deild almenningsflugs í Taílandi sjá framkvæmdastjórninni fyrir öllum nauðsynlegum upplýsingum, innan tveggja mánaða, varðandi skilvirkni fyrrnefndu ráðstafananna.

55) Deild almenningsflugs í Taílandi tilkynnti framkvæmdastjórninni, 19. mars 2009, að flugrekandinn One Two Go hyggist hefja eigin flugrekstur eigi síðar en júlí 2009. Skýrsla ESB-teymisins sýnir þó að deild almenningsflugs í Taílandi veitti flugrekandanum One Two Go flugrekandaskírteini þrátt fyrir að hafa ekki verið í aðstöðu til að meta á viðunandi hátt getu flugrekandans til að annast örugga starfrækslu loftfara þar sem þessi flugrekandi lagði aldrei fram þau ítarlegu sönnunargögn sem krafist er samkvæmt taílenskum reglum fyrir framkvæmd á stöðlum Alþjóðaflugmálastjórnarinnar. Deild almenningsflugs í Taílandi tilkynnti einnig að hún hygðist afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans One Two Go, 29. mars 2009, en flugrekandinn myndi halda áfram leiguflugi fyrir hönd flugrekandans Orient Thai í samræmi við flugrekandaskírteini sitt.

56) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn One Two Go uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur. Þessi flugrekandi skal settur í flugrekstrarbann og því skráður í viðauka A.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Benín

57) Færðar hafa verið sönnur á vangetu yfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með flugrekendum sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Benín, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum eins og sýnt er fram á með úttekt á Benín, framkvæmd af Alþjóðaflugmálastofnuninni, í mars 2007, innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Í þessari úttekt var greint frá fjölmörgum, verulegum annmörkum að því er varðar getu yfirvalda á sviði almenningsflugs í Benín til að annast ábyrgð á sviði eftirlits með flugöryggi. Þegar úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar lauk höfðu 80,22% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki enn komið til framkvæmda. Meðal mikilvægra þátta, eins og ákvæði um hæft tæknifólk, höfðu yfir 98% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki komið til framkvæmda með skilvirkum hætti. Að því er varðar úrlausn á öryggisatriðum höfðu yfir 93% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki komið til framkvæmda með skilvirkum hætti.

58) Færðar hafa verið sönnur á vanmátt lögbærra yfirvalda í Benín til að ráða með árangursríkum hætti bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunarinnar staðfesti, eins og skýrist af þeirri staðreynd að Alþjóðaflugmálastofnunin álítur í lokaskýrslu sinni frá desember 2007 að verulegur hluti af þeim aðgerðum til úrbóta, sem hafa verið lagðar til eða framkvæmdar af þessum yfirvöldum, ráði í raun ekki bót á þeim annmörkum sem í ljós komu. Alþjóðaflugmálastofnunin taldi einkum að á sviði starfrækslu loftfara væru 50% þeirra aðgerða, sem yfirvöld í Benín lögðu til, ekki að öllu leyti viðunandi.

59) Með hliðsjón af lokaskýrslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Benín, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í landinu, og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld í Benín hafa gripið til í því skyni að bregðast við niðurstöðum og athugasemdum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi það hvort aðgerðirnar til úrbóta séu ásættanlegar.

60) Við áheyrnina hjá flugöryggisnefndinni, 25. mars 2009, tilgreindu lögbær yfirvöld í Benín að framkvæmd aðgerða til úrbóta, sem búist var við að yrði lokið árið 2008, hefði í raun frestast til ágúst/desember 2009.

61) Í gögnunum, sem lögbær yfirvöld í Benín lögðu fram, kemur fram að flugrekandaskírteinið, sem veitt er flugrekendum sem hafa fengið vottun í Benín, samrýmist ekki stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á sviði alþjóðaflugs sem staðfestir að ekki hefur enn verið unnið úr niðurstöðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með skilvirkum hætti. Endurskoðun á ástandi flugrekandaskírteina og tilheyrandi rekstrarforskriftum flugrekendanna Aero Benin, Africa Airways, Benin Golf Air, Benin Littoral Airways, Cotair, Royal Air og Trans Air Benin leiðir í ljós alvarlegan vanda. Ekki var lagt fram flugrekandaskírteini fyrir flugrekandann Africa Airways. Í hinum flugrekandaskírteinunum er ekki minnst á gildandi reglur, sem voru notaðar til grundvallar vottuninni, en þær gera kleift að stunda flugrekstur á heimsvísu þótt lögbær yfirvöld í Benín staðfesti að reglurnar einskorðist við Benín og/eða undirsvæði þess. Enn fremur virðist rekstur flugrekendanna Aero Benin, Benin Golf Air, Benin Littoral Airways, Cotair og Trans Air Benin takmarkast við sjónflugsreglur sem eru ekki fullnægjandi fyrir örugga starfrækslu í Evrópu og fela ekki í sér nauðsynlegar, sérstakar heimildir fyrir minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað (RVSM), svæðisleiðsögu (RNAV) og tilskilda nákvæmni í leiðsögu (RNP) til þess að fljúga inn í evrópskt loftrými. Lögbær yfirvöld í Benín hafa tilgreint að þau hafi takmarkað gildistíma flugrekandaskírteinisins við sex mánuði og að þau ætli að skýra málið hið fyrsta. Framkvæmdastjórnin telur að meðan beðið er eftir fyrirhugaðri endurvottun þessara flugrekenda, sem skal vera í fullu samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, skuli þeir settir í flugrekstrarbann og skráðir í viðauka A.

62) Flugrekandinn Alafia Jet óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og fékk hann tækifæri til að koma munnlegum athugasemdum á framfæri við nefndina, 24. mars 2009, og einnig sendi hann skrifleg gögn um rekstur sinn. Í athugasemdum sínum staðhæfði flugrekandinn að hann starfrækti aðeins flug til Evrópusambandsins samkvæmt beiðni um sjúkraflutninga í neyðartilvikum og lagði fram upplýsingar um röð aðgerða sem hafði verið gripið til í því skyni að bregðast við þeim annmörkum sem komu í ljós í Frakklandi við skoðun á hlaði samkvæmt SAFA-áætluninni. ([1]). Samt sem áður sýna endurteknir, verulegir annmarkar í öryggimálum við skoðun á hlaði á loftfari, sem er starfrækt innan Bandalagsins, að kerfislægir annmarkar í öryggismálum hafa áhrif á starfrækslu loftfars þessa flugrekanda. Þær aðgerðir, sem fyrirtækið hefur framkvæmt fram að þessu, hafa ekki ráðið bót á þessum annmörkum.

63) Að teknu tilliti til allmargra og endurtekinna annmarka í öryggismálum, sem hafa fundist við skoðun á hlaði á loftfari sem er starfrækt af flugrekandanum Alafia Jet, og vanmáttar lögbærra yfirvalda í Benín til að annast viðeigandi eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Benín, lítur framkvæmdastjórnin svo á að ekki skuli leyfa flugrekandanum Alafia Jet að halda áfram starfrækslu flugs til Bandalagsins. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn Alafia Jet skuli skráður í viðauka A.

([1]) DGAC/F-2008-2143, DGAC/F-2009-368, DGAC/F-2009-434, DGAC/F-2009-582.

64) Framkvæmdastjórnin styður að fullu viðleitni lögbærra yfirvalda í Benín til að bæta öryggiseftirlit með flugrekendum sínum og telur að verulegt framlag Alþjóðabankans til Lýðveldisins Benín muni varða leiðina til verulegra framfara í þá veru að samræmi náist við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Flugrekendur frá Gabon

Gabon Airlines

65) Flugrekandinn Gabon Airlines hefur, frá því í júlí 2008, einungis haft leyfi til að starfrækja loftfar innan Evrópusambandsins af tegundinni Boeing 767-200 með skrásetningarmerkið TR-LHP með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 15. forsendu í reglugerð (EB) nr. 715/2008 ([2]).

66) Síðan þá hafa verið færðar sönnur á annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Gabon Airlines sem fékk vottun í Gabon. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland sá um samkvæmt SAFA- áætlunin ([3]).

67) Flugrekandinn Gabon Airlines hefur þó svarað fyrirspurnum frá frönskum yfirvöldum á sviði almenningsflugs á viðunandi hátt og í tæka tíð varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum.

68) Flugrekandinn Gabon Airlines óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 25. mars 2009.Framkvæmdastjórnin tók tillit til þess að flugrekandinn Gabon Airlines var í úttekt til endurvottunar hjá lögbærum yfirvöldum í Gabon, í febrúar 2009, sem leiddi í ljós tilteknar niðurstöður um að kröfur væru ekki uppfylltar og að ekki hafi verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að ráðin hafi verið bót á því þegar áheyrnin fór fram. Lögbær yfirvöld í Gabon upplýstu um að loftfarið væri sem stendur kyrrsett vegna grundvallarviðhalds og að þau hefðu í hyggju að sannprófa hvort þessi atriði í niðurstöðunum hefðu verið leyst á viðunandi hátt áður en loftfarið, með skrásetningarmerkið TR-LHP, yrði starfrækt á ný.

69) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Gabon Airlines skuli vera áfram skráður í viðauka B og að þeim viðauka skuli breytt svo að þar komi fram ástand loftfars með skrásetningarmerkið TR-LHP til að tryggja að núverandi starfrækslustig flugs til Bandalagsins haldist.

Afrijet

70) Flugrekandinn Afriet, sem fékk vottun í Gabon, hefur frá því í júlí 2008 einungis haft leyfi til að starfrækja loftför innan Evrópubandalagsins af tegundinni Falcon 50 með skrásetningarmerkin TR-LVG og TR-LGY, svo og loftfar af tegundinni Falcon 900 með skrásetningarmerkið TR-AFJ með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 15. forsendu í reglugerð (EB) nr. 715/2008 ([4]).

([2]) Reglugerð (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008, OJ L 197, 25.7.2008, bls. 36.
([3]) DGAC/F-2008-1757, DGAC/F-2008-2126, DGAC/F-2008-2127, DGAC/F-2008-2451, DGAC/F-2009-140, DGAC/F-2009-161.
([4]) Reglugerð (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008, OJ L 197, 25.7.2008, bls. 36.

71) Síðan þá hafa verið færðar sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Afrijet. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([1]).

72) Flugrekandinn Afrijet hefur þó svarað fyrirspurnum frá frönskum yfirvöldum á sviði almenningsflugs á viðunandi hátt og í tæka tíð varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum.

73) Framkvæmdastjórnin tók tillit til þess að flugrekandinn Afrijet var í úttekt til endurvottunar hjá lögbærum yfirvöldum í Gabon í janúar 2009. Eftir sannprófun á því hvort ráðin hefði verið bót á öllum atriðum í niðurstöðum þessarar úttektar fékk flugrekandinn nýtt flugrekandaskírteini, í febrúar 2009, sem felur í sér annað loftfar af tegundinni Falcon 900 með skrásetningarmerkið TR-AFR.

74) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Afrijet skuli vera áfram skráður í viðauka B og að þeim viðauka skuli breytt svo að þar komi fram breytingar á flugrekandaskírteininu til að tryggja að núverandi starfrækslustig flugs til Bandalagsins haldist.

Société Nouvelle Air Affaires Gabon (SN2AG)

75) Flugrekandinn SN2AG óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 25. mars 2009.Framkvæmdastjórnin tók tillit til þess að þessi flugrekandi hefur endurskipulagt starfsemi sína og sett af stað röð aðgerða til úrbóta til að reyna að uppfylla alþjóðlega staðla. Framkvæmdastjórnin tók einnig tillit til þess að flugrekandinn SN2AG var í úttekt til endurvottunar hjá lögbærum yfirvöldum í Gabon í febrúar 2009. Eftir sannprófun á því hvort ráðin hefði verið bót á öllum atriðum í niðurstöðum þessarar úttektar fékk flugrekandinn nýtt flugrekandaskírteini í febrúar 2009.

76) Færðar hafa verið sönnur á að tilteknar öryggiskröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hafa ekki enn verið uppfylltar. Á þeim tíma sem áheyrnin fór fram hafði flugrekandinn t.d. ekki enn framkvæmt á skilvirkan hátt umbeðið eftirlit með flugritagögnum að því er varðar loftfar af tegundinni Fokker 28-0100 (Fokker 100).

77) Færðar hafa verið sönnur á að skortur sé á gagnsæi og að flugrekandinn SN2AG komi ekki gögnum á framfæri í tæka tíð sem svar við beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Flugrekandinn SN2AG staðhæfði að ekki hefðu borist neinar skýrslur sem sýndu alvarlega annmarka við skoðun á hlaði, sem fór fram samkvæmt SAFA-áætluninni, en nokkrir annmarkar fundust raunar við skoðun á hlaði sem Frakkland sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([2]).

78) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn SN2AG skuli vera áfram skráður í viðauka A.

79) Framkvæmdastjórnin er engu að síður fús til að endurskoða stöðu þessa flugrekanda í ljósi nýrrar þróunar sem gæti látið í té nægar sannanir fyrir því að ráðin hefði verið bót á annmörkum í öryggismálum.

Heildareftirlit með öryggi flugrekenda frá Gabon

80) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til þess að nýja lögbæra yfirvaldið í Gabon („Agence Nationale de l'Aviation Civile", ANAC), sem Gabon kom á fót í júlí 2008, hóf störf með árangursríkum hætti 23. janúar 2009. Flugmálastjórn (ANAC) Gabons er á fyrstu stigum starfsemi sinnar og vinnur sem stendur að því að tryggja nægilegt fjármagn og ráða nægilega hæft tæknifólk til að sinna skyldum sínum gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni á skilvirkan hátt.

81) Framkvæmdastjórnin vakti athygli lögbærra yfirvalda í Gabon á þeirri staðreynd að þrátt fyrir aukna eftirlitsstarfsemi þessara yfirvalda þá leiðir eftirlit með frammistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Gabon, enn í ljós niðurstöður úr skoðunum á hlaði sem yllu áhyggjum. Lögbær yfirvöld í Gabon voru hvött til að gefa skýringar og grípa til nauðsynlegra ráðstafana eftir því sem við á.

82) Framkvæmdastjórnin styður átak lögbærra yfirvalda í Gabon til að endurbæta almenningsflugkerfi sitt, einkum yfirstandandi endurvottun allra flugrekenda, í því skyni að tryggja að farið sé í einu og öllu að öryggisstöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin er reiðubúin að taka til athugunar að fara á vettvang, þegar þar að kemur, til að sannprófa að framvindan sé árangursrík.

Flugrekendur frá Úkraínu

Motor Sich JSC Airlines

83) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Motor Sich sem fékk vottun í Úkraínu. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðanir á hlaði sem Frakkland og ECAC-ríki (Tyrkland) sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([3]). Þessar endurteknu niðurstöður við skoðun sýna að annmarkar eru í öryggismálum.

84) Lögbær yfirvöld í Tyrklandi ákváðu, 27. nóvember 2008, að setja þennan flugrekanda tafarlaust í flugrekstrarbann.

85) Flugrekandinn Motor Sich svaraði fyrirspurn tyrkneskra yfirvalda á sviði almenningsflugs með því að tilkynna ákvörðun sína um að stöðva starfrækslu loftfars af tegundinni AN-24 til þessa ríkis, sem þeir og gerðu.

([1]) DGAC/F-2008-564, DGATR-2008-572.
([2]) DGAC/F-2007-1325, DGAC/F-2008-174.
([3]) DGAC/F-2008-564, DGCATR-2008-512.

86) Flugrekandinn Motor Sich svaraði fyrirspurn franskra yfirvalda á sviði almenningsflugs í tæka tíð þar sem hann lýsti því til hvaða aðgerða til úrbóta hafi verið gripið í kjölfar skoðunar á hlaði sem framkvæmd var í Frakklandi 12. mars 2008. Þetta svar var þó ekki fullnægjandi þar sem flugrekandinn lagði ekki fram nein sönnunargögn.

87) Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í Tyrklandi þess efnis að eftir óreglubundna skoðun hjá flugrekandanum hafi lögbær yfirvöld í Úkraínu ákveðið að afturkalla flugrekandaskírteini þessa flugrekanda. Þessi yfirvöld ákváðu síðar að heimila flugrekandanum Motor Sich að halda áfram að starfrækja flug til þessa lands með nokkrum takmörkunum á starfrækslu AN-24.

88) Hinn 16. mars 2009 svöruðu lögbær yfirvöld í Úkraínu fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar varðandi öryggiseftirlit með flugrekandanum Motor Sich þar sem þau lýstu því yfir að flugrekandaskírteini flugrekandans hafi verið afturkallað 22. janúar og að þegar flugrekandinn hafði lokið aðgerðum til úrbóta hafi flugmálayfirvöld landsins heimilað áframhaldandi starfrækslu að undanskildu loftfari af tegundinni AN-24 í flota hans. Hvorki hefur verið tilgreint á hvaða degi þetta flugrekandaskírteini með takmörkunum var gefið út né heldur eru nein sönnunargögn þess efnis að skoðun á fyrirtækinu hafi farið fram til að tryggja að farið sé að viðeigandi öryggiskröfum fyrir allan flotann. Að lokum endurnýjuðu þessi yfirvöld flugrekandaskírteinið, í samræmi við framangreint erindi flugmálayfirvalda landsins, og heimiluðu flugrekandanum að starfrækja loftför af tegundinni AN-24 að loknum skoðunum sem leiddu í ljós jákvæðar niðurstöður og sýndu að flugrekandinn hafði ráðið bót á annmörkum þessa loftfars.

89) Upplýsingarnar, sem veittar voru í þessu erindi, teljast ekki fullnægjandi svar þar sem upplýsingarnar, sem sendar voru, eru ekki í samræmi við þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í Úkraínu sendu, 2. febrúar 2009, en samkvæmt þeim var flugrekandaskírteini flugrekandans Motor Sich Airlines gefið út 8. nóvember 2008 með gildistíma til 8. nóvember 2010 og rekstrarforskriftirnar voru gefnar út 23. desember 2008 með gildistíma til 8. nóvember 2010.

90) Flugrekandinn Motor Sich óskaði eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. mars 2009. Í athugasemdum sínum, sem flugrekandinn Motor Sich kom á framfæri við flugöryggisnefndina, sýndi hann vangetu til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem greindust á grundvelli skorts á gagnsæi og á fullnægjandi samskiptum varðandi starfrækslu loftfara til Bandalagsins.

91) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að lögbær yfirvöld í Úkraínu hafi sýnt vangetu til að hafa umsjón með starfrækslu flugrekandans í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum.

92) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að flugrekandinn Motor Sich hafi ekki sýnt fram á getu til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla viðkomandi öryggisstaðla og því skuli hann skráður í viðauka A.

Ukraine Cargo Airways

93) Flugrekandinn Ukraine Cargo Airways (UCA) óskaði eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. mars 2009.

94) Á grundvelli gagna sem fyrirtækið lagði fyrir framkvæmdastjórnina, 16. mars 2009, eru vísbendingar um að það hafi gert ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem áður voru greindir í loftförum þess sem eru starfrækt í Bandalaginu. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrirtækið lagði fram, gerðu flugmálayfirvöld í Úkraínu úttekt á því í nóvember 2008. Eftir þessa úttekt var flugrekandaskírteini þess endurnýjað til tveggja ára eða til nóvember 2010. Framkvæmastjórnin höfðu hins vegar ekki móttekið neinar upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í Úkraínu um úttektina, sem þeir gerðu, og niðurstöður hennar áður en þeir endurnýjuðu flugrekandaskírteini flugrekandans.

95) Enn fremur hefur flugrekandinn tilgreint í athugasemdum sínum, sem hann kom á framfæri við framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina, að honum hafi borist skrifleg staðfesting frá ýmsum aðildarríkjum um að Flugmálastjórn Úkraínu hafi á fullnægjandi hátt ráðið bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem eftirlitsyfirvöld þessara aðildarríkja höfðu greint. Hins vegar staðfestu hin aðildarríkin, að undanskildu einu þeirra, ekki yfirlýsingar Flugmálastjórnar Úkraínu varðandi starfrækslu eins loftfars af tegundinni AN-12 og var það fellt brott úr flugrekandaskírteininu.

96) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að til þess að unnt sé að meta að fullu getu flugrekandans til að koma á viðeigandi áætlun um aðgerðir til úrbóta og til að framkvæma hana með skilvirkum hætti sé nauðsynlegt að fara í vettvangsheimsókn. Því miður gat ekki orðið af slíkri heimsókn fyrir fund flugöryggisnefndarinnar 24. mars 2009 vegna skorts á samvinnu af hálfu lögbærra yfirvalda í Úkraínu. Á fundi flugöryggisnefndarinnar, 24. mars 2009, létu flugmálayfirvöld í Úkraínu í ljós vilja sinn til að fá framkvæmdastjórnina og aðildarríkin í heimsókn. Framkvæmdastjórnin mun ákveða hvort einhverjar breytingar verði gerðar á flugrekstrarbanninu sem lagt hefur verið á flugrekandann á grundvelli gagna sem safnað verður í þessari fyrirhuguðu heimsókn.

97) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að ekki sé unnt á þessu stigi að fella flugrekandann brott úr viðauka A.

Ukrainian Mediterranean Airlines

98) Flugrekandinn Ukrainian Mediterranean Airlines (UMAir) óskaði eftir áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. mars 2009.

99) Á grundvelli gagna, sem félagið lagði fyrir framkvæmdastjórnina, 16. október 2008, eru vísbendingar um að félagið hafi gert ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu greinst í loftförum þess sem starfrækt eru í Bandalaginu.

100) Lögbær yfirvöld í Úkraínu sendu, 5. nóvember 2008, framkvæmdastjórninni bréf þar sem fram kemur að gildistími flugrekandaskírteinis þessa flugrekanda hafi verið framlengdur til 15. desember 2008 meðan beðið er eftir að heimildin sé endurnýjuð og eftir þann dag framlengist gildistíminn til tveggja ára eða til 15. desember 2010. Með þessu bréfi sendu þau einnig skjal með staðfestingu um vottun flugrekandans Ukrainian Mediterranean Airlines í kjölfar úttektar sem var gerð 31. október 2008. Hins vegar lagði hvorki fyrirtækið né lögbær yfirvöld í Úkraínu fram úttektarskýrslu vegna útgáfu flugrekandaskírteinis til handa flugrekandanum.

101) Enn fremur hefur flugrekandinn tekið fram í athugasemdum sínum, sem hann kom á framfæri við framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina, að hann hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á öllum annmörkum í öryggismálum sem leiddu til þess að sett var á flugrekstrarbann í september 2007.

102) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að til þess að unnt sé að meta að fullu getu flugrekandans til að koma á viðeigandi áætlun um aðgerðir til úrbóta og til að framkvæma hana með skilvirkum hætti sé nauðsynlegt að fara í vettvangsheimsókn. Því miður getur ekki orðið af slíkri heimsókn fyrir fund flugöryggisnefndarinnar 24. mars 2009 vegna skorts á samvinnu af hálfu lögbærra yfirvalda í Úkraínu. Á fundi flugöryggisnefndarinnar 24. mars 2009 létu flugmálayfirvöld í Úkraínu í ljós vilja sinn til að fá þessa heimsókn framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin mun ákveða hvort einhverjar breytingar verði gerðar á flugrekstrarbanninu sem lagt hefur verið á flugrekandann á grundvelli gagna sem safnað verður í þessari heimsókn.

103) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að ekki sé unnt á þessu stigi að fella flugrekandann brott úr viðauka A.

Heildareftirlit með öryggi flugrekanda frá Úkraínu

104) Framkvæmdastjórnin vakti athygli lögbærra yfirvalda í Úkraínu á þeirri staðreynd að þrátt fyrir aukna eftirlitsstarfsemi þessara yfirvalda með frammistöðu flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Úkraínu, þá leiða skoðanir á hlaði enn í ljós niðurstöður sem yllu áhyggjum. Á fundi flugöryggisnefndarinnar, í nóvember 2008, voru lögbær yfirvöld í Úkraínu hvött til þess að leggja fram skýringar og grípa til nauðsynlegra ráðstafana og einnig höfðu þessi yfirvöld samþykkt að gangast undir öryggismat sem framkvæmdastjórnin ásamt aðildarríkjum myndu skipuleggja. Hins vegar lögðu flugmálayfirvöld í Úkraínu ekki framvinduskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd áætlunar til úrbóta sem gerð var til að auka og styrkja öryggiseftirlit í Úkraínu og sem krafist er að hún leggi fram á þriggja mánaða fresti samkvæmt reglugerð (EB) 715/2008 ([1]).

105) Lögbær yfirvöld sýndu einnig skort á samvinnu við undirbúning á matsheimsókninni eins og sést á því að þau sendu ekki tilskilinn gögn um lofthæfi og höfnuðu heimsóknaráætluninni sem framkvæmdastjórnin lagði til. Þar af leiðandi varð framkvæmdastjórnin að fresta heimsókninni vegna öryggismats sem fyrirhuguð var 9. til 13. febrúar 2009.

106) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til yfirlýsinga lögbærra yfirvalda í Úkraínu þar sem þau samþykkja að taka á móti sameiginlegri heimsókn framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkja og Flugöryggisstofnunar Evrópu og áréttar að þau séu reiðubúin að starfa saman að árangursríkri skipulagningu þess háttar öryggismats í því skyni að sýna fram á getu sína til að annast eftirlit með öllum flugrekendum sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Úkraínu í fullu samræmi við gildandi kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Bangkok Airways

107) Evrópskur sérfræðingahópur tókst á hendur gagnaöflunarverkefni í Konungsríkinu Taílandi, 10. til 13. mars 2009, í því skyni að afla gagna um núverandi öryggisstig rekstrarstaðla hjá flugrekandanum Bangkok Airways sem og um eftirlitsstarfsemi sem deild almenningsflugs í Taílandi annast hjá flugrekandanum. Tilgangur verkefnisins er einkum að ákvarða hvort einhver loftför flugrekandans séu starfrækt af hálfu flugrekandans Siem Reap Airways International sem lögbær yfirvöld í Kambódíu hafa veitt flugrekstrarleyfi og sem er skráður í viðauka A við skrá Bandalagsins samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1131/2008 frá 14. nóvember 2008. ([2]).

108) Skýrslan sýnir að flugrekandinn hefur í raun, eins og sakir standa, stjórn á starfrækslu sinni og að allir starfsmenn hafa tilskilin leyfi frá lögbærum yfirvöldum í Taílandi. Að auki sýnir hún að deild almenningsflugs í Taílandi hefur nægjanlegt eftirlit með flugrekandanum. Framkvæmdastjórnin telur því, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að ekki sé þörf á frekari aðgerðum að svo komnu máli.

Flugrekendur frá Kambódíu

109) Lögbær yfirvöld í Kambódíu hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að þeim miði vel áfram með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem ætlað er að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin greindi í síðustu skýrslu úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP), þar sem sérstök áhersla er lögð á þau atriði er varða flugrekstur, til þess að tryggja að öryggiseftirlit með flugrekendum í Kambódíu sé í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

([1]) Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 36.
([2]) Stjtíð. ESB L 306, 15.11.2008, bls. 47.

110) Lögbær yfirvöld í Kambódíu hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að flugrekandaskírteini eftirfarandi flugrekenda hafi verið felld tímabundið úr gildi: flugrekandans Siem Reap Airways International í desember 2008 og flugrekandans Cambodia Angkor Airways í febrúar 2009. Enn fremur staðfestu þau að öll flugrekandaskírteini, sem hafa verið gefin út, hafi nú annaðhvort verið afturkölluð eða felld tímabundið úr gildi, að undanskildum flugrekandaskírteinum flugrekendanna Helicopter Cambodia og Sokha Airlines.

111) Flugrekandinn Siem Reap Airways International hefur sótt um að tímabundinni ógildingu flugrekandaskírteinis síns verði aflétt. Þar sem lögbær yfirvöld í Kambódíu hafa lýst því yfir að þau hafi ekki enn lokið við að meta hvort farið sé að gildandi kröfum skal flugrekandinn því áfram vera skráður í viðauka A.

Flugrekendur frá Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu)

112) Í bréfi dagsettu 4. mars 2009 tilkynnti flugmálastjóri Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) framkvæmdastjórninni að tilteknir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1131/2008, stundi ekki flugrekstur lengur og að eftirfarandi flugrekendum hafi verið veitt flugrekandaskírteini: flugrekendunum Air Katanga, Busy Bee Congo, Entreprise World Airways (EWA), Gilembe Air Soutenance (Gisair), Kin Avia, Swala Aviation. Þessir flugrekendur sem enn starfrækja flugþjónustu munu gangast undir mat með það í huga að endurnýja flugrekandaskírteini þeirra.

113) Í ljósi framangreinds skal uppfæra viðauka A við skrá Bandalagsins til samræmis við það þannig að þeir flugrekendur, sem lögbær yfirvöld í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) hafa veitt flugrekendaskírteini, séu skráðir þar. Þar sem ekki liggja fyrir nein sönnunargögn sem sýna að flugrekandaskírteini þessara flugrekenda, sem hafa hætt starfrækslu, hafi verið afturkölluð, felld úr gildi eða lögð inn, er ekki unnt að fella þá brott úr skrá Bandalagsins.

114) Enn fremur fór flugmálastjóri Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) fram á það í bréfi sínu að framkvæmdastjórnin skráði flugrekandann Hewa Bora úr viðauka A og í viðauka B í því skyni að heimila honum að hefja aftur starfrækslu á flugleiðinni milli Kinshasa og Brussel með einu loftfari af tegundinni Boeing 767 með skrásetningarmerkið 9Q-CJD. Þar sem hvorki flugrekandi né yfirvald, sem ber ábyrgð á lögboðnu eftirliti og öryggiseftirliti, lögðu fram sönnunargögn þess efnis að viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt er ekki unnt að taka neina ákvörðun að svo stöddu og því skal flugrekandinn Hewa Bora Airways áfram vera skráður í viðauka A.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Angóla

115) Lögbær yfirvöld í Angóla hafa farið fram á það að leggja framvinduskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta sem þau hafa samið til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hafði fundið innan ramma úttektaráætlunar sinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Í athugasemdum sínum, 26. mars 2009, tilgreindu lögbær yfirvöld í Angóla, einkum að því er varðar breytingar á frumlöggjöf og löggjöf um almenningsflug, stjórnskipulag, uppbyggingu og starfsmannastefnu hjá yfirvaldinu, útgáfu staðla um leyfi til handa starfsmönnum og þjálfun þeirra, starfrækslu loftfara og lofthæfi. Í þessu tilliti hafa þau þegar hafið ferli um endurvottun allra flugrekenda sem eru með staðfestu í Angóla. Enn fremur tilkynntu lögbær yfirvöld um breytingar á löggjöf þeirra varðandi rannsóknir á slysum og flugatvikum.

116) Lögbær yfirvöld í Angóla tilgreindu einnig að haldið yrði áfram að gera umtalsverðar breytingar hjá flugrekandanum TAAG á ýmsum stigum, m.a. í rekstri, stjórnun, gæðamálum og hagræðingu í kostnaði.

117) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til framvinduskýrslunnar, sem lögbær yfirvöld í Angóla lögðu fram, og mun skoða stöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Angóla, á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Indónesíu

118) Í kjölfar þess að ný lög um loftferðir voru samþykkt 12. janúar 2009 hafa lögbær yfirvöld í Indónesíu sent framkvæmdastjórninni gildandi reglugerðir um öryggi í almenningsflugi (CASR) og leiðbeinandi efni sem og ítarlegar upplýsingar um það hvernig framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta miðar, sem ætlað er að leiðrétta þau frávik sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á innan ramma úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP).

119) Að beiðni Flugmálastjórnar Indónesíu (DGCA) tókst evrópskur sérfræðingahópur á hendur gagnaöflunarverkefni í Indónesíu frá 23. til 27. febrúar 2009. Innan þessa ramma hafa fjórir flugrekendur (Garuda Indonesia, Mandala Airlines, Airfast Indonesia, og Ekspres Transportasi Antarbenua) einnig verið heimsóttir svo hægt sé að sannprófa getu Flugmálastjórnar Indónesíu til að tryggja að öryggiseftirlitið samýmist viðeigandi stöðlum.

120) Skýrslan um heimsóknina sýnir verulegar framfarir í skipulagi og starfsmannahaldi Flugmálastjórnarinnar sem virðist gera henni kleift að sinna eftirlitsverkefnum sínum með viðunandi hætti. Skýrslan sýnir þó einnig að þrátt fyrir þessar framfarir sé eftirliti ekki sinnt að öllu leyti á þessu stigi. Núverandi kerfi fyrir eftirlitsstarfsemi gerir ekki kleift að hafa nógu góða eftirfylgni með annmörkum hjá indónesískum flugrekendum sem Flugmálastjórnin vakti máls á. Einkum virðist sem Flugmálastjórnin sé sem stendur ekki í aðstöðu til að upplýsa um þann dag þegar þarf að vera lokið við að ráða bót á annmörkum og hvort veitt hafi verið einhver framlenging þar að lútandi. Af þeim sökum telst núverandi skilvirkni Flugmálastjórnarinnar við eftirlit með indónesískum flugrekendum ennþá ófullnægjandi og nauðsynlegt er að bæta það.

121) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til efnislegs mismunar á 6. viðauka við Chicago-samninginn sem Indónesía tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnuninni um 20. febrúar 2009. Þessi munur felur m.a. í sér að nokkrar kröfur Alþjóðaflugmálastjórnarinnar varðandi 6. viðauka hafa ekki verið uppfylltar en það hefur í sumum tilvikum bein áhrif á rekstraröryggi indónesískra flugrekenda. Framkvæmdastjórnin tekur þó tillit til þess að þeir flugrekendur, sem evrópski sérfræðingahópurinn heimsótti (með örfáum undantekningum sem snerta tiltekin loftför), hafa að eigin frumkvæði þann búnað sem samrýmist kröfum Alþjóðaflugmálastjórnarinnar.

122) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að eins og skilvirkni eftirlitsaðgerða Flugmálastjórnarinnar er nú háttað sé ekki unnt að gera ráð fyrir að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, framfylgi og virði viðeigandi öryggisstaðla með fullnægjandi hætti. Þar af leiðandi er, eins og sakir standa, ekki hægt að fella neina aðra indónesíska flugrekendur brott úr skrá Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin mun hafa náið samstarf við Alþjóðaflugmálastofnunina í því skyni að endurmeta skilvirkni í tengslum við eftirlitsstarfsemi á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar.

123) Lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa einnig látið framkvæmdastjórninni í té uppfærða skrá yfir flugrekendur sem hafa flugrekandaskírteini. Eins og sakir standa eru flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, þessir: Garuda Indonesia, Merpati Nusantara, Kartika Airlines, Mandala Airlines, Trigana Air Service, Metro Batavia, Pelita Air Service, Indonesia Air Asia, Lion Mentari Airlines, Wing Adabi Nusantara, Riau Airlines, Transwisata Prima Aviation, Tri MG Airlines, Ekspress Transportasi Antar Benua, Manunggal Air Service, Megantara Airlines, Linus Airways, Indonesia Air Transport, Sriwijaya Air, Cardig Air, Travel Ekspress Aviation Service, Republic Expres Airlines, KAL Star, Airfast Indonesia, Sayap Garuda Indah, Survei Udara Penas, Nusantara Buana Air, Nyaman Air, Travira Utama, Derazona Air Service, National Utility Helicopter, Deraya Air Taxi, Dirgantara Air Service, SMAC, Kura-Kura Aviation, Gatari Air Service, Intan Angkasa Air Service, Air Pacific Utama, Transwisata Prima Aviation, Asco Nusa Air, Atlas Delta Satya, Pura Wisata Baruna, Penerbangan Angkasa Semesta, ASI Pudjiastuti, Aviastar Mandiri, Dabi Air, Balai Kalibrasi Penerbangan, Sampoerna Air Nusantara, Mimika Air, ALFA Trans Dirgantara og Eastindo. Uppfæra skal skrá Bandalagsins til samræmis við þetta og þessir flugrekendur skulu skráðir í viðauka A.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

124) Þrátt fyrir bein tilmæli framkvæmdastjórnarinnar hafa henni ekki enn borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, sem var uppfærð 14. nóvember 2008, eða yfirvöldum, sem er skylt að hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

125) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi viðauki A við þessa reglugerð.

2. Í stað viðauka B komi viðauki B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA ALLAN FLUGREKSTUR INNAN BANDALAGSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AIR COMPANY KOKSHETAU	AK-0357-08	KRT	Kasakstan
AIR KORYO	Óskráð	KOR	Norður-Kórea
AIR WEST CO. LTD	004/A	AWZ	Súdan
ARIANA AFGHAN AIRLINES	009	AFG	Afganistan
ATMA AIRLINES	AK-0372-08	AMA	Kasakstan
BERKUT AIR/BEK AIR	AK-0311-07	BKT	Kasakstan
EAST WING	AK-0332-07	EWZ	Kasakstan
MOTOR SICH	025	MSI	Úkraína
ONE TWO GO AIRLINES COMPANY LIMITED	15/2549	OTG	Taíland
SAYAT AIR	AK-0351-08	SYM	Kasakstan
SIEM REAP AIRWAYS INTERNATIONAL	AOC/013/00	SRH	Kambódía
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Rúanda
STARLINE KZ	AK-0373-08	LMZ	Kasakstan
UKRAINE CARGO AIRWAYS	145	UKS	Úkraína
UKRAINIAN MEDITERRANEAN AIRLINES	164	UKM	Úkraína
VOLARE AVIATION ENTREPRISE	143	VRE	Úkraína
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, þ.m.t.			Angóla
AEROJET	Óskráð	Óskráður	Angóla
AIR26	Óskráð	Óskráður	Angóla
AIR GEMINI	02/2008	Óskráður	Angóla
AIR GICANGO	Óskráð	Óskráður	Angóla

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýttu flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggisstaðlar séu uppfylltir.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AIR JET	Óskráð	Óskráður	Angóla
AIR NAVE	Óskráð	Óskráður	Angóla
ALADA	Óskráð	Óskráður	Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	Óskráð	Óskráður	Angóla
Diexim	Óskráð	Óskráður	Angóla
GIRA GLOBO	Óskráð	Óskráður	Angóla
HELIANG	Óskráð	Óskráður	Angóla
HELIMALONGO	11/2008	Óskráður	Angóla
MAVEWA	Óskráð	Óskráður	Angóla
RUI & CONCEIAGO	Óskráð	Óskráður	Angóla
SAL	Óskráð	Óskráður	Angóla
SONAIR	14/2008	Óskráður	Angóla
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín þ.m.t.			
AERO BENIN	PEA nr. 014/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	Óskráður	Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Benín
ALAFIA JET	PEA nr. 014/ANAC/MDCTTTATP-PR/DEA/SCS	IGA	Benín
BENIN GOLF AIR	PEA nr. 012/MDCTTTP-PR/ANAC/DEA/SCS.	Óskráður	Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA nr. 013/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS.	BLA	Benín
COTAIR	PEA nr. 015/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS.	Óskráður	Benín
ROYAL AIR	PEA nr. 11/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	Óskráður	Benín
TRANS AIR BENIN	PEA nr. 016/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	TNB	Benín

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu), þ.m.t.			Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICA ONE	409/CAB/MIN/TC/0114/2006	CFR	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER SPRL	409/CAB/MIN/TVC/051/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIGLE AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0042/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR BENI	409/CAB/MIN/TC/0019/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR BOYOMA	409/CAB/MIN/TC/0049/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR INFINI	409/CAB/MIN/TC/006/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TVC/036/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/031/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR NAVETTE	409/CAB/MIN/TC/015/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/029/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BEL GLOB AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0073/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/028/08	BUL	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0090/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/048/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/052/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUTEMBO AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0056/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CARGO BULL AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0106/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TVC/026/08	CER	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/TC/0050/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
COMAIR	409/CAB/MIN/TC/0057/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/035/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0032/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
EL SAM AIRLIFT	409/CAB/MIN/TC/0002/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ENTERPRISE WORLD AIRWAYS	409/CAB/MIN/TVC/003/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ESPACE AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TC/0003/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FilaIR	409/CAB/MIN/TVC/037/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FREE AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0047/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/TVC/027/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/TVC/053/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0051/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/045/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GREAT LAKE BUSINESS COMPANY	409/CAB/MIN/TC/0048/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TVC/038/08	ALX	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
International Trans Air Business (ITAB)	409/CAB/MIN/TVC/033/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KATANGA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0088/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/042/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið
KIVU AIR	409/CAB/MIN/TC/0044/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
Lignes Aériennes Congolaises (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun 78/205)	LCG	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/04008	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
Malila Airlift	409/CAB/MIN/TC/0112/2006	MLC	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MANGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/034/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
PIVA AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0001/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
RWAKABIKA BUSHI EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0052/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFARI LOGISTICS SPRL	409/CAB/MIN/TC/0076/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TVC/025/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TVC/030/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SUN AIR SERVICES	409/CAB/MIN/TC/0077/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/050/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TEMBO AIR SERVICES	409/CAB/MIN/TC/0089/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
Thom´s airways	409/CAB/MIN/TC/0009/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/044/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRACEP CONGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/046/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANS AIR CARGO SERVICE	409/CAB/MIN/TVC/024/08	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANSPORTS AERIENS CONGOLAIS (TRACO)	409/CAB/MIN/TC/0105/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
VIRUNGA AIR CHARTER	409/CAB/MIN/TC/018/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TVC/039/08	WDA	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TVC/049/09	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EGAMS	Óskráð	EGM	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
General work aviacion	002/ANAC	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA — Guinea Ecuatorial de Transportes Aereos	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
STAR EQUATORIAL AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
UTAGE — Union de Transport Aereo de Guinea Ecuatorial	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, þ.m.t.			Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Indónesía
AIRFAST INDONESIA	135-002	AFE	Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ASCO NUSA AIR TRANSPORT	135-022	Óskráður	Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Indónesía
ATLAS DELTA SATYA	135-023	Óskráður	Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Indónesía
BALAI KALIBRASI FASITAS PENERBANGAN	135-031	Óskráður	Indónesía
CARDIG AIR	121-013	Óskráður	Indónesía
DABI AIR	135-030	Óskráður	Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	Óskráður	Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Indónesía
EKSPRES TRANSPORTASI ANTAR BENUA	135-032	Óskráður	Indónesía
GARUDA INDONESIA	121-001	GIA	Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Indónesía
INDONESIA AIR ASIA	121-009	AWQ	Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-017	IDA	Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Indónesía
KAL STAR	121-037	Óskráður	Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	Óskráður	Indónesía
LION MENTARI ARILINES	121-010	LNI	Indónesía
LINUS AIRWAYS	121-029	Óskráður	Indónesía
MANDALA AIRLINES	121-005	MDL	Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Indónesía
MEGANTARA AIRLINES	121-025	Óskráður	Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
METRO BATAVIA	121-007	BTV	Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Indónesía
NYAMAN AIR	135-042	Óskráður	Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Indónesía
REPUBLIC EXPRES AIRLINES	121-040	RPH	Indónesía
RIAU AIRLINES	121-017	RIU	Indónesía
SAMPOERNA AIR NUSANTARA	135-036	Óskráður	Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráður	Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Indónesía
TRAVEL EKSPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Indónesía
TRI MG INTRA AIRLINES	121-018	TMG	Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Indónesía
WING ABADI NUSANTARA	121-012	WON	Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgisistan, þ.m.t.			Kirgisistan
AIR MANAS	17	MBB	Kirgisistan
Avia Traffic Company	23	AVJ	Kirgisistan
AEROSTAN (EX Bistair-FEZ Bishek)	08	BSC	Kirgisistan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Click AirwaysS	11	CGK	Kirgisistan
DAMES	20	DAM	Kirgisistan
EASTOK AVIA	15	Óskráður	Kirgisistan
Golden Rule Airlines	22	GRS	Kirgisistan
ITEK Air	04	IKA	Kirgisistan
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgisistan
Kyrgyzstan	03	LYN	Kirgisistan
MAX Avia	33	MAI	Kirgisistan
S GROUP AVIATION	6	Óskráður	Kirgisistan
SKY Gate International Aviation	14	SGD	Kirgisistan
Sky Way Air	21	SAB	Kirgisistan
Tenir Airlines	26	TEB	Kirgisistan
Trast Aero	05	TSJ	Kirgisistan
VALOR AIR	07	Óskráður	Kirgisistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			Líbería
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Gabon, að undanskildum Gabon Airlines og Afrijet, þ.m.t.			Gabon
AIR SERVICES SA	0002/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	0026/MTACCMDH/SGACC/DTA	NIL	Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	0020/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	0045/MTACCMDH/SGACC/DTA	NVS	Gabon
SCD AVIATION	0022/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
SKY GABON	0043/MTACCMDH/SGACC/DTA	SKG	Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	0023/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.			Svasíland
AERO AFRICA (PTY) LTD	Óskráð	RFC	Svasíland
JET AFRICA SWAZILAND	Óskráð	OSW	Svasíland
ROYAL SWAZI NATIONAL AIRWAYS CORPORATION	Óskráð	RSN	Svasíland
SCAN AIR CHARTER, LTD	Óskráð	Óskráður	Svasíland
SWAZI EXPRESS AIRWAYS	Óskráð	SWX	Svasíland
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN BANDALAGSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Gerð loftfars	Skráningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AFRIJET ([1])	CTA 0002/MTAC/ANAC-G/DSA		Gabon	Öll loftför, að undanskildu 2 loftförum af gerðinni Falcon 50 og einu loftfari af gerðinni Falcon 900.	Öll loftför, að undanskildu TR-LGV; TR-LGY; TR-AFJ	Gabon
AIR BANGLADESH	17	BGD	Bangladess	B747-269B	S2-ADT	Bangladess
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu D6-CAM (851336)	Kómoreyjar
GABON AIRLINES ([2])	0040/MTAC/SG ACC/DTA	GBK	Gabon	Öll loftför, að undanskildu einu loftfari af gerðinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildu TR-LHP	Gabon

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópubandalagsins.
([2]) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópubandalagsins.

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggisstaðlar séu uppfylltir.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1351/2008/EB 2014/EES/73/70

frá 16. desember 2008

um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota Netið og aðra samskiptatækni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun Netsins og annarrar samskiptatækni, til dæmis farsíma, heldur áfram að aukast verulega í Evrópusambandinu og veitir öllum borgurum mikla möguleika m.a. á þátttöku, gagnvirkni og sköpun. Þó er hættan sem börnum stafar af þessari tækni og misnotkun hennar áfram fyrir hendi og með breyttri tækni og atferlismynstri í samfélaginu skapast nýjar hættur og nýjar leiðir til misnotkunar. Samþykkja skal ráðstafanir á vettvangi Evrópusambandsins til að verja líkamlega, andlega og siðferðilega friðhelgi barna, sem getur rofnað, komist þau í tæri við óviðeigandi innihald. Til að hvetja borgarana til að nýta tækifærin og njóta þess ávinnings sem notkun Netsins og annarrar samskiptatækni hefur í för með sér er þörf á ráðstöfunum til að efla öryggi við notkun þessarar tækni.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „i2010 – upplýsingasamfélagið í Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu“(COM (2005)0229), þar sem Lissabon-áætlunin er útfærð, er leitast við að tryggja samræmi innan stefnu framkvæmdarstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla í því skyni að styrkja mikilvægt framlag upplýsinga- og samskiptatækni til efnahagslegrar afkomu aðildarríkjanna. Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að skapa samevrópskt upplýsingarými með öruggum háhraða bandbreiddarfjarskiptum á viðráðanlegu verði með ríkt og fjölbreytt innihald og stafræna þjónustu.

3) Lagarammi Bandalagsins varðandi stafrænt innihald í upplýsingasamfélaginu felur í sér ákvæði um vernd barna undir lögaldri ([3]), friðhelgi einkalífsins ([4]) og ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir ([5]). Í rammaákvörðun ráðsins 2004/68/DIM frá 22. desember 2003 um baráttu gegn kynferðislegri misneytingu á börnum og barnaklámi ([6]) eru settar fram lágmarkskröfur sem gerðar eru til aðildarríkjanna við skilgreiningu afbrota og viðeigandi viðurlaga. Tilmæli 2006/952/EB um vernd ólögráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beinlínutengdrar upplýsingaþjónustu ([7]) byggjast á tilmælum ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur rammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar ([8]) með því að settar eru fram viðmiðunarreglur um þróun landsbundins sjálfseftirlits og gildissvið þeirra fært út þannig að það nái til fjölmiðlalæsis, samvinnu og miðlun reynslu og bestu starfsvenja á milli aðila sem annast eftirlit, sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit og ráðstafana til að berjast gegn misrétti í öllum fjölmiðlum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 118. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 44.

([1]) Stjtíð. ESB L 224, 30.8.2008, bls. 61.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 9. desember 2008.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

([6]) Stjtíð. ESB L 13, 20.1.2004, bls. 44.

([7]) Stjtíð. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72.

([8]) Stjtíð. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48.

4) Viðvarandi þörf verður á aðgerðum varðandi innihald sem getur verið skaðlegt börnum, einkum klámfengið innihald og ólöglegt innihald, þá einkum innihald þar sem misnotkun á börnum er lýst. Á sama hátt er þörf á viðvarandi aðgerðum til að koma í veg fyrir að börn verði fórnarlömb skaðlegs og ólöglegs innihalds, sem veldur þeim líkamlegum og sálrænum skaða, og að börn séu tæld til að líkja eftir slíkri háttsemi sem veldur þeim og öðrum skaða. Leggja skal sérstaka áherslu á að kanna lausnir til að koma í veg fyrir að fullorðnir noti upplýsinga- og samskiptaskiptatækni til að komast í samband við börn með þeim ásetningi að misnota þau kynferðislega eða fremja önnur kynferðisafbrot. Jafnframt skal leggja sérstaka áherslu á stuðningskerfi meðal jafningja.

5) Aðgerðir ættu einnig að beinast að því að koma í veg fyrir að börn verði fórnarlömb ógnana, áreitis og niðurlægingar í gegnum Netið og/eða í gegnum gagnvirka stafræna tækni, þ.m.t. farsíma.

6) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 276/1999/EB frá 25. janúar 1999 um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni, einkum að því er varðar vernd ólögráða barna og ungmenna ([1])(aðgerða-áætlunin um öruggari notkun Netsins 1998-2004) og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 854/2005/EB frá 11. maí 2005 um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni ([2]) (framhaldsáætlunin um öruggari notkun Netsins 2005- 2008) er gert ráð fyrir fjár-stuðningi Bandalagsins sem hefur, eins og fram kemur í matsáætlunum sem voru sendar til Evrópu-þingsins og ráðsins og svæðanefndarinnar (COM(2001)0690, COM(2003)0653 og COM(2006)0663), verið árangurs-ríkur hvati til margskonar framtaksverkefna og skapað „evrópskan virðisauka“.

7) Til viðbótar við niðurstöðu mats á undangengnum áætlunum hefur röð Evrópuathugana og samráð við almenning leitt í ljós þörfina á að viðhalda starfsemi varðandi tilkynningar á ólöglegu innihaldi og vitundarvakningu í aðildarríkjunum.

8) Með áætluninni, sem komið er á fót með þessari ákvörðun, skal m.a. miða að því að búa til fræðslupakka fyrir foreldra, umönnunaraðila, kennara og sérmenntaða uppalendur.

9) Tækniþróun, breytingar á notkun barna og fullorðinna á Netinu og á annarri samskiptatækni, og breytingar á atferlismynstri í samfélaginu skapa nýjar hættur fyrir börn. Efla þarf þann þekkingargrunn, sem nýtist við mótun skilvirkra aðgerða, svo að menn skilji betur eðli þessara breytinga. Mismunandi ráðstafanir og aðgerðir skulu settar saman á fjölþættan máta þannig að þær komi til fyllingar hver annarri, það felur t.d. í sér að gera ráðstafanir til þess að stuðla að öruggri og ábyrgri notkun á Netinu, þróa enn frekar stuðningstækni, kynna bestu starfsvenjur um siðareglur sem taka til almennt viðurkenndrar hefðbundinnar hegðunar og samstarf við iðnaðinn um samþykkt markmið reglnanna.

10) Með áætluninni skal styðja enn frekar við ráðstafanir sem hvetja til jákvæðs innihalds fyrir börn.

11) Breytingar á fjölmiðlaumhverfi vegna nýrrar tækni og nýjunga á sviði fjölmiðla gera það að verkum að nauðsynlegt er að kenna börnum og foreldrum, umönnunaraðilum, kennurum og sérmenntuðum uppalendum að nota beintengda upplýsingaveitu á öruggan og skilvirkan hátt.

12) Leitast skal við að vernda börn með því t.d. að þróa skilvirkt aldursgreiningarkerfi og með vottunar-merkingum sem settar eru á af fúsum og frjálsum vilja.

13) Með tilliti til þess að vandinn er hnattræns eðlis er alþjóðleg samvinna nauðsynleg. Hægt er að framleiða ólöglegt innihald í einu ríki, hýsa það í öðru og nálgast það til niðurhals um allan heim. Styrkja skal alþjóðlega samvinnu, sem hvatt hefur verið til á grundvelli netsamstarfs Bandalagsins, til að verja börn betur gegn áhættu sem nær yfir landamæri og varðar þriðju lönd. Skipti á bestu starfsvenjum milli evrópskra samtaka og samtaka annars staðar í heiminum gætu verið öllum aðilum til hagsbóta.

14) Öll aðildarríkin hafa fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 en samkvæmt honum þurfa undirritunarríkin að samþykkja allar þær landsbundnu, tvíhliða og marghliða ráðstafanir, sem til þarf svo að koma megi í veg fyrir hverskyns misneytingu á börnum, og samþykkja allar lagalegar, stjórnsýslulegar og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja réttindi sem eru viðurkennd samkvæmt samningnum, ef við á með alþjóðlegri samvinnu.

15) Þær ráðstafanir, sem framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja í samræmi við það framkvæmdavald sem henni er falið með þessari ákvörðun, eru einkum stjórnunarráðstafanir er varða framkvæmd áætlunar og hafa í för með sér veruleg áhrif á fjárlög í skilningi a-liðar 2. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([3]). Því ber að samþykkja þessar ráðstafanir í samræmi við stjórnunarmálsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr. þeirrar ákvörðunar.

([1]) Stjtíð. EB L 33, 6.2.1999, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

16) Framkvæmdastjórnin skal tryggja fyllingu og samvirkni áætlunarinnar við skyld framtaksverkefni og áætlanir Bandalagsins.

17) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma fyrir framkvæmd áætlunarinnar sem er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 37. liðar samstarfssamnings frá 17. maí 2006 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og ábyrga stjórnun fjármála ([1]).

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, þar sem viðfangsefnin, sem um er að ræða, eru fjölþjóðleg og þeim verður því, vegna áhrifa þeirra innan Evrópu allrar, betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.

19) Í þessari ákvörðun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 1. mgr. 3. gr. og 7., 8. og 24. gr.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Markmið áætlunarinnar

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót áætlun Bandalagsins til að stuðla að öruggari notkun Netsins og annarrar samskiptatækni, einkum meðal barna, og til að berjast gegn ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu.

Áætlunin skal nefnast „áætlun um öruggari notkun Netsins“ (hér á eftir kölluð áætlunin).

2. Framfylgja skal eftirfarandi aðgerðalínum:

a) vitundarvakning almennings,

b) barátta gegn ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu,

c) stuðlað að öruggara netumhverfi,

d) þekkingargrunni komið á fót.

Aðgerðirnar, sem hrinda á í framkvæmd samkvæmt þessum aðgerðarlínum, eru taldar upp í I. viðauka.

Áætluninni skal hrundið í framkvæmd í samræmi við III. viðauka.

3. Í þessari ákvörðun merkir „börn“ einstaklinga undir 18 ára aldri nema viðkomandi landslög veiti þeim fullt gerhæfi samkvæmt sérstökum skilyrðum áður en þeim aldri er náð.

2. gr.

Þátttaka

1. Þátttaka í áætluninni er opin lögaðilum með staðfestu í:

a) aðildarríkjunum,

b) löndum fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eru aðilar að evrópska efnahagssvæðinu (EES), í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum,

c) inngöngulöndum og umsóknarlöndum, sem njóta ávinnings af foraðildaráætlun, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Bandalagsins sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammasamningum og ákvörðunum samstarfsráða,

d) löndum á vesturhluta Balkanskaga og nágrannalöndum Evrópu í samræmi við þau ákvæði sem ákvarða skal í samráði við umrædd lönd eftir að rammasamningur, sem kveður á um þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins, hefur verið gerður,

e) þriðja landi sem er aðili að alþjóðasamningi við Bandalagið samkvæmt skilmálum eða á grundvelli fjárhagslegs framlags þess til áætlunarinnar.

2. Áætlunin skal einnig vera opin alþjóðastofnunum og lögaðilum sem hafa staðfestu í þriðju löndum öðrum en þeim sem um getur í b- til e-lið 1. mgr. samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í III. viðauka.

3. gr.

Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

([1]) Stjtíð. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.

2. Framkvæmdastjórnin skal semja árlegar vinnuáætlanir á grundvelli þessarar ákvörðunar.

3. Við framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, tryggja að hún komi til fyllingar og sé í almennu samræmi við aðrar viðkomandi stefnur, áætlanir og aðgerðir Bandalagsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal bregðast við í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., að því er varðar:

a) samþykkt og breytingar á árlegu vinnuáætlununum, þ.m.t. ákvörðun forgangssviða fyrir alþjóðlega samvinnu,

b) mat á verkefnunum, sem áformuð eru í kjölfar auglýsinga eftir tillögum sem fjármagnaðar skulu af Bandalaginu, í þeim tilvikum þegar mat á áætlaðri fjárhæð framlags Bandalagsins nemur 500 000 evrum eða meira,

c) framkvæmdarráðstafanir til mats á áætluninni.

5. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina, sem um getur í 4. gr., um framvindu við framkvæmd áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal einkum upplýsa nefndina tafarlaust um allar ákvarðanir um val, sem teknar eru um málefni sem falla utan gildissviðs 4. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

5. gr.

Vöktun og mat

1. Til að tryggja að aðstoð Bandalagsins nýtist sem best skal framkvæmdastjórnin tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari ákvörðun séu metnar fyrirfram á skilvirkan hátt, þeim sé fylgt eftir og þær metnar að nýju síðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd verkefna samkvæmt áætluninni.

3. Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd verkefna og áhrif þeirra, svo að unnt sé að meta hvort upphaflegum markmiðum hefur verið náð.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni skýrslu um framkvæmd aðgerðarlínanna, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., fyrir 24. júní 2011.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram endanlega matskýrslu við lok áætlunarinnar.

6. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Áætlunin varir í fimm ár frá 1. janúar 2009.

2. Fjárhagsrammi vegna framkvæmdar áætlunarinnar skal vera 55 000 000 milljónir evra fyrir tímabilið frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2013.

3. Árlegar fjárveitingar fyrir tímabilið 2009-2013 skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan marka fjárhagsrammans.

4. Í II. viðauka er sett fram leiðbeinandi sundurliðun útgjalda.

7. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	B. LE MARIE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

AÐGERÐIR

Inngangur

Markmiðið með áætluninni er að stuðla að öruggari notkun Netsins og annarrar samskiptatækni („nettækni“), fræða notendur, sérstaklega börn, foreldra, umönnunaraðila, kennara og sérmenntaða uppalendur í þessu skyni og að berjast gegn ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu.

Til að ná þessu markmiði er í áætluninni lögð áhersla á hagnýta aðstoð við notendur, einkum börn, foreldra, umönnunaraðila, kennara og sérmenntaða uppalendur, og samtök fjölhagsmunaaðila eru hvött til samvinnu í því skyni.

Heildarmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggari notkun nettækni, sérstaklega meðal barna, stuðla að þróun á öruggu netumhverfi, draga úr dreifingu ólöglegs innihalds á Netinu, takast á við mögulega skaðlega háttsemi á Netinu (þ.m.t. sálfræðilega stjórnun barna sem miðar að því að mistnota börn kynferðislega og „tæla þau á netinu“, en það er ferlið sem fullorðinn einstaklingur beitir til að vingast við barn í þeim tilgangi að misnota það kynferðislega, áreiti á rafrænan máta og rafræn skjöl sem sýna líkamlegar og/eða sálrænar árásir) og tryggja vitund almennings um áhættur á Netinu og varúðarráðstafanir ásamt því að þróa uppeldisfræðileg úrræði á grundvelli góðra starfsvenja.

Þegar hægt er að nálgast innihald og þjónustu bæði í gegnum netsamband og án þess, til dæmis þegar um er að ræða skjáleiki, getur áætlunin tekið til beggja þátta, aðgangs og notkunar, til að tryggja samræmdar aðferðir gegn áhættu.

Áætlunin er framkvæmd með fjórum almennum aðgerðarlínum:

1) *Vitundarvakning almennings*

Aðgerðirnar miða að því að auka vitund almennings, einkum barna, foreldra, umönnunaraðila, kennara og sérmenntaðra uppalenda, um tækifæri og áhættu sem tengist notkun á nettækni og leiðir til að geta verið öruggur á Netinu. Aðgerðirnar munu einnig beinast að tækifærum og áhættu í tengslum við þjónustuaðila sem nota ný kerfi til dreifingar, s.s. hljóð- og myndmiðlunarþjónustuaðilar sem nota farsímakerfi. Eftir því sem við á verða upplýsingapakkar aðgengilegir á mörgum tungumálum. Helstu skipulögðu aðgerðir eru eftirfarandi:

1. Að auka almenningsvitund og miðla upplýsingum um öruggari notkun á nettækni.

   Aðgerðirnar stuðla að því á samræmdan hátt að auka vitund almennings innan Evrópusambandsins með því að senda jákvæð skilaboð um möguleikana á aukinni og markvissari notkun upplýsinga- og samskiptatækni jafnframt því að veita fullnægjandi upplýsingar um áhættuna og hvernig á bregðast við henni. Hvatt verður til aðgerða sem gera börnum kleift að nota nettækni á ábyrgan hátt, einkum með áætlunum um fjölmiðlalæsi og fjölmiðlafræðslu. Aðgerðirnar stuðla að kostnaðarhagkvæmni við dreifingu upplýsinga til vitundarvakningar til stórs hóps notenda, t.d. með samvinnu við fjölmiðla, með dreifingu á innihaldi sem notendur búa sjálfir til og um menntakerfið. Aðferðir við dreifingu og kynningu á boðskapnum verða lagaðar að ólíkum markhópum (mismunandi aldurshópum barna, foreldra, umönnunaraðila, kennara og sérmenntaðra uppalenda).

2. Að stofna tengiliði, þar sem foreldrar og börn geta fengið svör við spurningum um hvernig þau geta verið örugg á Netinu, þ.m.t. fengið ráð um hvernig bregðast eigi við nettælingum og rafrænu einelti.

   Markmiðið með aðgerðunum er að með því að veita notendum ráðleggingar og upplýsingar um varúðarráðstafanirnar, sem þarf að viðhafa til að vera öruggur á Netinu, verði þeir færir um upplýst og ábyrgt val.

3. Að hvetja til umbóta á skilvirkum og kostnaðarhagkvæmum aðferðum og úrræðum til vitundarvakningar.

   Aðgerðir skulu miða að því að bæta viðeigandi aðferðir og úrræði til vitundarvakningar, þannig að skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni aukist til langs tíma.

4. Að tryggja skipti á bestu starfsvenjum og samstarf yfir landamæri á vettvangi Evrópusambandsins.

   Gripið verður til aðgerða til að tryggja skilvirkt samstarf yfir landamæri og skilvirk skipti á bestu starfsvenjum, úrræðum, aðferðum, reynslu og upplýsingum.

5. Að tryggja skipti á bestu starfsvenjum og samstarf á alþjóðlegum vettvangi.

Aðgerðir skulu miða að því að efla samstarf og skipti á bestu starfsvenjum, úrræðum, aðferðum, reynslu og upplýsingum á alþjóðlegum vettvangi með það að markmiði að hvetja til sameiginlegra nálgana og vinnuaðferða og bæta og efla skilvirkni, kostnaðarhagkvæmni og alþjóðleg framtaksverkefni.

2) *Barátta gegn ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu,*

Aðgerðirnar miða að því að draga úr magni ólöglegs innihalds sem er í umferð á Netinu og því að brugðist verði við skaðlegri háttsemi á Netinu á fullnægjandi hátt, einkum dreifingu á innihaldi sem lýsir kynferðislegri misnotkun á börnum, nettælingu og rafrænu einelti á Netinu. Helstu skipulögðu aðgerðir eru eftirfarandi:

1. Að stofna og kynna tengiliði og þjónustunúmer þar sem almenningur getur tilkynnt ólöglegt innihald og skaðlega háttsemi á Netinu.

Með aðgerðunum verður tryggt að tengiliðirnir séu skilvirkir og sýnilegir almenningi, að þeir hafi náið samráð við aðra aðila á landsvísu (einkum við lögregludeildir sem eru sérhæfðar í rafrænum glæpum) og að þeir starfi saman á vettvangi Evrópusambandsins til að takast á við mál sem ná yfir landamæri og skiptast á bestu starfsvenjum. Þessir tengiliðir munu einnig láta almenningi í té nauðsynlegar upplýsingar um hvernig eigi að tilkynna ólöglegt innihald og meta það innihald beintengdu upplýsingaveitnanna sem gæti skaðað líkamlega, andlega og siðferðilega friðhelgi barna.

2. Að bregðast við skaðlegu innihaldi á Netinu, einkum nettælingu og rafrænu einelti. Með aðgerðunum er miðað að því að bregðast við nettælingu og rafrænu einelti.

Aðgerðirnar taka til tæknilegra, sálfræðilegra og félagsfræðilegra þátta í tengslum við þessi mál og stuðla að samstarfi og samræmingu milli hagsmunaaðila.

3. Að hvetja til þess að tæknilausnum sé beitt til að bregðast nægilega vel við ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu og upplýsa notendur um það hvernig nota megi þessa tækni.

Með aðgerðunum er hvatt til hönnunar, þróunar og aðlögunar og/eða eflingar á skilvirkum tæknibúnaði til að bregðast við ólöglegu innihaldi á fullnægjandi hátt og berjast gegn skaðlegri háttsemi á Netinu, einkum búnaði sem er til umráða án endurgjalds og er viðkomandi aðilum auðveldur til almennra nota, þjónustuaðilar eru einnig hvattir til að efla örugga og ábyrga notkun tenginga til að verja börn gegn ólöglegum og skaðlegum athöfnum. Upplýsa skal viðkomandi aðila um að þessi tækni sé fyrir hendi og um rétta notkun hennar. Meðal annars má huga að eftirfarandi ráðstöfunum:

a) samþykkt gæðamerkingar fyrir þjónustuveitendur, þannig að notendur geti hæglega kynnt sér hvort ákveðinn veitandi gengst undir siðareglur eður ei,

b) notkun á netsíum sem veita vörn gegn því að upplýsingar, sem gætu rofið líkamlega, andlega og siðferðilega friðhelgi barna, berist til þeirra um Netið.

c) stuðningur við ráðstafanir sem stuðla að jákvæðu innihaldi fyrir börn.

d) viðleitni til að kanna skilvirkni búnaðar sem þróaður er í samstarfi við netiðnaðinn og gerir embættum, sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum, kleift að rekja slóð netglæpamanna.

4. Að stuðla að samstarfi og skiptum á upplýsingum, reynslu og bestu starfsvenjum milli aðila á landsvísu og á vettvangi Evrópusambandsins.

Aðgerðirnar miða að því að bæta samræmingu milli þeirra aðila sem berjast gegn dreifingu á ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu og hvetja þá til þátttöku og afskipta. Aðgerðirnar skulu einkum verða hvati til þess að deila sérþekkingu og samnýta hugmyndir milli ríkisstjórna, embætta sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum, þjónustunúmera, banka-/fjármála-/kreditkortafyrirtækja, ráðgjafamiðstöðva um misnotkun á börnum, samtaka um velferð barna og netiðnaðarins.

5. Að stuðla að samstarfi ásamt skiptum á upplýsingum og reynslu í baráttunni gegn ólöglegu innihaldi og skaðlegri hegðun á alþjóðavettvangi.

Með aðgerðunum er miðað að því að bæta samvinnu við þriðju lönd, samræma aðferðir til að takast á við ólöglegt innihald og skaðlega háttsemi á Netinu á alþjóðavettvangi og hvetja til þróunar á tengingum til samræmingar milli gagnasafna aðildarríkjanna um misnotkun á börnum, og sameiginlegrar stefnu og vinnuaðferða. Aðgerðirnar skulu einkum miða að því að koma á nánu samstarfi milli landsyfirvalda, lögreglu og tengiliða. Grípa skal til aðgerða til að byggja upp sameiginlegt gagnasafn ESB, þar sem safnað er saman upplýsingum um misnotkun á börnum, og til að tengja hann við Evrópulögregluna.

6. Að virkja skráningarstöðvar yfir lénsheiti þar sem þær eru ekki enn orðnar virkar, og efla það samstarf sem fyrir er.

Að teknu tilliti til landslöggjafar skulu aðgerðir miða að því að vera til fyllingar fyrirliggjandi aðgerðum með auknu samstarfi við skráningarstöðvar yfir lénsheiti í aðildarríkjunum, og verða hvatning til árangursríks sambands við skráningarstöðvar utan Evrópusambandsins svo að unnt verði að fylgjast með innihaldi sem hugsanlega er ólöglegt og lágmarka líftíma vefsetra sem vitað er að bjóða efni þar sem börn eru misnotuð kynferðislega.

3) *Stuðlað að öruggara netumhverfi*

Aðgerðirnar miða að því að leiða saman aðila til að stuðla að öruggara netumhverfi og verja börn gegn skaðlegu innihaldi. Helstu skipulögðu aðgerðir eru eftirfarandi:

1. Að bæta samstarf og skipti á upplýsingum, reynslu og bestu starfsvenjum milli hagsmunaaðila.

Aðgerðir miða að því að bæta samstarf, samræma aðferðir til að skapa öruggara netumhverfi fyrir börn og auðvelda skipti á bestu starfsvenjum og vinnuaðferðum. Aðgerðir skulu miða að því að skapa opinn umræðuvettvang þar sem viðkomandi aðilar geta rætt þau málefni sem tengjast því að stuðla að öruggara netumhverfi og leiðum til að vernda börn gegn hugsanlega skaðlegu innihaldi á mismunandi vettvangi.

2. Að hvetja hagsmunaaðila til að þróa og hrinda í framkvæmd hentugum kerfum til sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits. Aðilar verða hvattir til að móta og hrinda í framkvæmd framtaksverkefnum er varða sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit og til að hafa öryggi barna í huga við þróun á nýrri tækni og þjónustu.

3. Að hvetja og aðstoða veitendur við að þróa merkingar.

Aðgerðir skulu miða að því að hvetja og aðstoða þjónustuveitendur Netsins við að þróa merkinguna „öruggt fyrir börn“ fyrir vefsíður, sem úrræði til sjálfseftirlits. Aðgerðirnar geta m.a. falið í sér könnun á þeim möguleika að setja upp kerfi með sameiginlegum lýsandi táknum eða viðvörunarboðum sem gefa aldursflokk til kynna og/eða þá þætti innihaldsins sem eru tilefni þess að aldursmörk eru sett, sem gæti stuðlað að því að notendur yrðu meðvitaðri um mögulega skaðlegt innihald á Netinu.

4. Að hvetja börn til þátttöku í sköpun öruggara netumhverfis.

Aðgerðir skulu miða að því að fá börn til að taka þátt, jafnframt því að tryggja jafna þátttöku stúlkna og drengja, með það að markmiði að öðlast meiri skilning á sjónarmiðum þeirra og reynslu varðandi notkun á nettækni og stuðla að öruggara netumhverfi fyrir börn með aðstoð sérfræðinga. Slík þátttaka skal fara fram reglulega innan rammans um starfsemi t.a.m evrópsku samtakanna um réttindi barnsins, samtakanna um öruggara Net og annarra samtaka.

5. Að afla meiri upplýsinga um gagnleg úrræði til að takast á við skaðlegt innihald á Netinu.

Markmiðið með aðgerðunum er að auka upplýsingastreymi, einkum til foreldra, umönnunaraðila, kennara og sérmenntaðra uppalenda um nothæfi og skilvirkni úrræða, svo sem sía til að takast á við mögulega skaðlegt innihaldi á Netinu, og sjá öllum notendum reglulega fyrir einföldu fræðsluefni, tækjum og búnaði sem styður þá í viðureigninni við skaðlegt innihald á mismunandi vettvangi.

6. Að tryggja samhæfi milli þeirrar aðferðar sem er notuð í Evrópusambandinu og aðferðarinnar á alþjóðavettvangi.

Aðgerðirnar stuðla að samvinnu og skiptum á upplýsingum, reynslu og bestu starfsvenjum milli aðila á vettvangi Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi.

4) *Þekkingargrunni komið á fót*

Aðgerðirnar miða að því að koma á fót þekkingargrunni til að tryggja að tekið sé nægilega vel á núverandi og vaxandi notkun á netumhverfinu og viðkomandi áhættu og afleiðingum, með það í huga að móta viðeigandi aðgerðir sem miða að því að skapa netöryggi fyrir alla notendur. Deila skal innihaldi þekkingargrunnsins með hagsmunaaðilum og dreifa því í aðildarríkjunum. Helstu skipulögðu aðgerðir eru eftirfarandi:

1. Að hvetja til samræmdrar rannsóknaraðferðar á viðkomandi sviðum.

   Aðgerðirnar miða að því að leiða saman vísindamenn og sérfræðinga á sviði öryggis barna á Netinu á vettvangi Evrópusambandsins, hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og samræmingar og koma á fót uppfærðu yfirliti yfir núverandi og fyrirhugaðar rannsóknir.

2. Að veita uppfærðar upplýsingar um notkun barna á nettækni.

   Gripið verður til aðgerða til að afla uppfærðra upplýsinga um notkun barna á nettækni og um það hvernig þau og foreldrar þeirra, umönnunaraðilar, kennarar og sérmenntaðir uppalendur bregðast við tækifærum og áhættu. Aðgerðirnar skulu fela í sér eigindlega og og megindlega þætti. Aðgerðirnar miða einnig að því að auka þekkingu á aðferðum barna við að bregðast við áhættu í netumhverfinu og því hversu árangursríkar þær eru.

3. Greiningarhagskýrslur og horfur í hinum ýmsu aðildarríkjum.

   Gripið verður til aðgerða til að greina hagskýrslur og horfur í hinum ýmsu aðildarríkjum í því skyni að gera embættum sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum og viðkomandi yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að draga úr tvíverknaði við núverandi viðleitni og hámarka nýtingu á núverandi og væntanlegu fjármagni.

4. Að stuðla að rannsóknum á ofbeldi gegn börnum á Netinu.

   Aðgerðirnar, sem fela í sér kynjamiðaða nálgun, miða að því að rannsaka tæknilega, sálfræðilega og félagslega þætti ofbeldis gegn börnum í netumhverfinu, þ.m.t. rafrænt einelti, nettælingu, innihald sem lýsir kynferðislegri misnotkun á börnum á Netinu og ný atferlismynstur sem geta valdið börnum skaða.

5. Að stuðla að rannsóknum á skilvirkum leiðum til að gera notkun á nettækni öruggari.

   Aðgerðirnar geta falið í sér rannsóknir og prófanir á aðferðum og úrræðum til vitundarvakningar, kerfi til sjálfseftirlits og sameiginlegs eftirlits, skilvirkni mismunandi tæknilausna og annarra lausna og annað því tengt.

6. Að bæta þekkingu á áhrifunum af núverandi og nýtilkominni tækni á börn.

   Aðgerðirnar, sem fela í sér kynjamiðaða nálgun, miða að því að auka skilning á sálfræðilegum, atferlisfræðilegum og félagslegum áhrifum nettækninnar á börn, frá því að verða vitni að skaðlegu innihaldi og háttsemi til þess að verða fyrir nettælingu og rafrænu einelti á mismunandi vettvangi, frá því að vera í gegnum tölvur og farsíma til leikjaborða og annarrar nýtilkominnar tækni.

II. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

1)	Vitundarvakning almennings	48%
2)	Barátta gegn ólöglegu innihaldi og skaðlegri háttsemi á Netinu	34%
3)	Stuðlað að öruggara netumhverfi	10%
4)	Þekkingargrunni komið á fót	8%

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

1) Framkvæmdastjórnin hrindir áætluninni í framkvæmd í samræmi við tæknilegu atriðin sem tilgreind eru í I. viðauka.

2) Áætlunin verður framkvæmd með aðgerðum sem fela í sér:

A. *Kostnaðarskiptar aðgerðir*

1. Tilraunaverkefni og bestu starfsvenjur, sérstök verkefni á viðkomandi sviðum áætlunarinnar, þ.m.t. verkefni þar sem sýnt er fram á bestu starfsvenjur eða verkefni sem fela í sér nýja notkun á fyrirliggjandi tækni.

2. Netkerfi og landsbundnar aðgerðir sem leiða saman ýmsa hagsmunaaðila til að tryggja aðgerðir hvarvetna í Evrópu og greiða fyrir samræmingu á starfsemi og miðlun þekkingar.

3. Rannsóknir um alla Evrópu, gerðar á sambærilegum grundvelli, á notkun nettækni, áhættuna sem hún felur í sér gagnvart börnum og áhrif skaðlegrar háttsemi á börn og atferlisfræðilegar og sálfræðilegar hliðar, með áherslu á kynferðislega misnotkun sem rakin er til notkunar á nettækni, rannsóknir á aðstæðum sem geta valdið áhættu vegna breytts atferlismynsturs eða tækniþróunar o.s.frv.

4. Tækniþróunarverkefni.

B. *Hliðarráðstafanir*

Hliðarráðstafanir skulu stuðla að framkvæmd áætlunarinnar eða undirbúningi fyrir framtíðaraðgerðir.

1. Setning viðmiða og viðhorfskannanir til að afla áreiðanlegra gagna fyrir öll aðildarríkin um öruggari notkun á nettækni sem safnað er með samanburðarhæfum aðferðum.

2. Tæknilegt mat á tækni á borð við síun, sem ætlað er að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni.

3. Rannsóknir til stuðnings áætluninni og aðgerðum hennar.

4. Upplýsingaskipti með því að halda ráðstefnur, málstofur, vinnufundi eða aðra fundi og stýra klasastarfsemi.

5. Miðlun, upplýsingar og samskipti.

3) Í samræmi við 2. mgr. 2. gr. geta alþjóðastofnanir og lögaðilar með staðfestu í þriðju löndum tekið þátt í kostnaðarskiptum aðgerðum með eða án fjárframlaga Bandalagsins, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) aðgerðirnar skulu falla undir forgangsvið alþjóðlegrar samvinnu eins og þau eru skilgreind í árlegu vinnuáætluninni. Þessi forgangssvið má skilgreina eftir þemasviðum aðgerða, landfræðilegum viðmiðum eða hvort tveggja,

b) í árlegu vinnuáætlunum má skilgreina enn frekari viðmiðanir og skilyrði sem alþjóðastofnanir og lögaðilar með staðfestu í þriðju löndum þurfa að uppfylla til þess að fá fjárframlög Bandalagsins.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/124/EB **2014/EES/73/71**

frá 18. desember 2008

um að takmarka markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda fóðurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem stofnfræ eða vottað fræ

(Kerfisbundin útgáfa) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ([1]) , einkum 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ([2]) , einkum 3. mgr. 3. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/109/EBE frá 27. febrúar 1986 um að takmarka markaðssetningu ákveðinna tegunda fóðurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda þessa tilskipun, ásamt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/502/EBE frá 25. júlí 1975 um að takmarka markaðssetningu á vallarsveifgrasfræi (*Poa pratensis* L.) við fræ sem er opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ ([5]), með því að sameina þær í einn texta.

2) Með reglugerð 66/401/EBE er leyft að markaðssetja stofnfræ, vottað fræ og sölufræ tiltekinna fóðurjurtategunda.

3) Með reglugerð 2002/57/EBE er leyft að markaðssetja stofnfræ, vottað fræ og sölufræ tiltekinna tegunda olíu- og trefjajurta.

4) Með báðum reglugerðum er framkvæmdastjórninni heimilað að banna markaðssetningu á fræi nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

5) Aðildarríkin eru í aðstöðu til að framleiða nægilegt stofnfræ og vottað fræ til að uppfylla eftirspurn innan Bandalagsins eftir fræjum sumra þeirra tegunda sem um getur hér að ofan með fræi í þeim flokkum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

7) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

„1. Aðildarríki skulu kveða á um að ekki skuli heimilt að setja á markað fræ:

— *Poa pratensis* L.	vallarsveifgrass
— *Vicia faba* L. (partim)	hestabauna,
— *Papaver somniferum* L.	ópíumvalmúa
— *Agrostis gigantea* Roth	stórlíngresis
— *Agrostis stolonifera* L.	skriðlíngresis
— *Phleum bertolonii* DC	vallarfoxgrass
— *Poa palustris* L.	fitjasveifgrass
— *Poa trivialis* L.	hásveifgrass
— *Lupinus albus* L.	hvítrar lúpínu
— *Brassica juncea* (L.) Czernj. et Cosson	brúns mustarðs
— *Agrostis capillaris* L.	hálíngresis
— *Lotus corniculatus* L.	akurmaríuskós
— *Medicago lupulina* L.	refasmára
— *Trifolium hybridum* L.	túnsmára
— *Alopecurus pratensis* L.	háliðagrass
— *Arrhenatherum elatius* (L.) Beauv. ex J. S. et K. B. Presl	ginhafra
— *Bromus catharticus* Vahl	sólfax
— *Bromus sitchensis* Trin.	sitkafax
— *Lupinus luteus* L.	gulrar lúpínu

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

([3]) Stjtíð. EB L 93, 8.4.1986, bls. 21.

([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 228, 29.8.1975, bls. 26.

— *Lupinus angustifolius* L.	lensulúpínu
— *Poa nemoralis* L.	kjarrsveifgrass
— *Trisetum flavescens* (L.) Beauv.	akurlógresis
— *Phacelia tanacetifolia* Benth.	hunangsjurtar
— *Sinapis alba* L.	hvíts mustarðs
— *Agrostis canina* L.	týtulíngresis
— *Festuca ovina* L.	sauðvinguls
— *Trifolium alexandrinum* L.	alexandríusmára
— *Trifolium incarnatum* L.	logasmára
— *Trifolium resupinatum* L.	persasmára
— *Vicia sativa* L.	fóðurflækju
— *Vicia villosa* Roth	dúnflækju

nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

„2. Aðildarríki skulu kveða á um að ekki skuli heimilt að setja á markað fræ

— *Glycine max* (L.) Merr.	sojabauna
— *Linum usitatissimum* L.	hörfræs

nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“, „vottað fræ, fyrsta kynslóð“ eða vottað fræ, önnur kynslóð“.

2. gr.

Tilskipun 75/502/EBE og tilskipun 86/109/EBE, eins og þeim var breytt með tilskipununum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka, eru felldar úr gildi með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir með skrá yfir síðari breytingar þeirra

(sem um getur í 2. gr.)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/502/EBE	Stjtíð. EB L 228, 29.8.1975, bls. 26.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/109/EBE	Stjtíð. EB L 93, 8.4.1986, bls. 21.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/424/EBE	Stjtíð. EB L 196, 12.7.1989, bls. 50.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/376/EBE	Stjtíð. EB L 203, 26.7.1991, bls. 108.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 2. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
75/502/EBE	1. júlí 1976
86/109/EBE	1 júlí 1987 (1.gr.) 1 júlí 1989 (2.gr.) 1 júlí 1990 (2.gr.a) 1 júlí 1991 (3. gr. og 3.gr.a)
89/424/EBE	1. júlí 1990
91/376/EBE	1. júlí 1991

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 75/502/EBE	Tilskipun 86/109/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
	2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
	2. gr.	1. mgr. 1. gr.
	2.gr. a	1. mgr. 1. gr.
	3. gr.	1. mgr. 1. gr.
	1. mgr. 3. gr. a	1. mgr. 1. gr.
	2. til 6. mgr. 3. gr. a	—
2. gr.	4. gr.	—
—	—	2. gr.
—	—	3. gr.
3. gr.	5. gr.	4. gr.
—	—	I. viðauki
—	—	II. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 41/2009 **2014/EES/73/72**

frá 20. janúar 2009

um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfæði ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr. og 4. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 89/398/EBE fjallar um matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota og sem vegna samsetningar sinnar eða vegna framleiðsluferlis er ætlað að uppfylla sérstakar næringarþarfir hjá tilteknum þjóðfélagshópum. Fólk með garnamein af völdum glútenóþols (e. coeliac disease) er slíkur sérhópur í þjóðfélaginu sem er haldinn varanlegu glútenóþoli.

2) Matvælaiðnaðurinn hefur þróað ýmsar vörur sem eru kynntar sem „glútenlausar“ eða með öðrum samsvarandi hugtökum. Munur á landsákvæðum, sem varða skilyrði fyrir notkun slíkra vörulýsinga, getur hindrað frjálsan flutning viðkomandi vara og ekki er víst að unnt verði að tryggja eins öfluga neytendavernd. Til glöggvunar og til að komast hjá því að rugla neytendur með mismunandi vörulýsingum á landsvettvangi skal mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun hugtaka, sem varða það að varan sé án glútens, á vettvangi Bandalagsins.

3) Hveiti (þ.e. allar tegundir af ættkvíslinni *Triticum*, t.d. harðhveiti, spelt og taumhveiti)), rúgur og bygg eru korntegundir sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rannsóknum að innihalda glúten. Glútenið, sem er í þessum korntegundum, getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði fólks, sem er með glútenóþol, sem ætti því að forðast þær.

4) Það er verulegum, tæknilegum örðugleikum bundið og dýrt að fjarlægja glúten úr korntegundum, sem innihalda glúten, og því er erfitt að framleiða matvæli sem eru algjörlega án glútens. Þar af leiðandi geta ýmis matvæli á markaðnum, sem eru ætluð í þessum sérstaka næringarfræðilega tilgangi, innihaldið lítið magn glútenleifa.

5) Flestir en þó ekki allir einstaklingar með glútenóþol geta neytt hafra sem hluta af fæði sínu án þess að það hafi skaðleg áhrifa á heilbrigði þeirra. Vísindasamfélagið rannsakar nú þetta álitaefni. Það er þó verulegt áhyggjuefni að hafrar geta mengast af rúgi eða byggi í tengslum við uppskeru kornsins, í flutningi, við geymslu eða vinnslu þess. Því skal taka tillit til áhættunnar á glútenmengun í vörum, sem innihalda hafra, við merkingu á þeim vörum.

6) Sumir einstaklingar með glútenóþol kunna að þola lítið eitt af glúteni í mismunandi magni og innan vissra marka. Til að gera einstaklingum kleift að finna ýmiss konar matvæli á markaðnum, sem henta þörfum þeirra og næmi, eiga þeir að geta valið úr vörum, sem innihalda lítið glúten en þó mismikið af því, innan þessara marka. Það er þó mikilvægt að mismunandi vörur af þessu tagi séu rétt merktar og að aðildarríkin stuðli að upplýsingaherferðum til að tryggja að fólk með glútenóþol noti þessar vörur rétt.

7) Matvæli, sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota og hafa verið sérstaklega samsett, unnin eða tilreidd til að uppfylla mataræðisþarfir fólks með glútenóþol og sett sem slík á markað, skulu merkt annaðhvort með orðunum „afar lítið glúteninnihald“ eða „glútenlaust“ í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessi ákvæði er unnt að uppfylla með því að nota matvæli sem hafa verið sérstaklega unnin til að draga úr glúteni í einu eða fleiri innihaldsefnum sem innihalda glúten og/eða matvæli þar sem innihaldsefnum, sem glúten er í, hefur verið skipt út fyrir önnur innihaldsefni sem eru án glútens frá náttúrunnar hendi.

8) Í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/398/EBE er kveðið á um þann möguleika að unnt sé að tilgreina á venjulegum matvælum, sem eru heppileg vegna tiltekinnar næringarþarfar, að þau henti sem slík. Því skal það vera mögulegt að merkja venjuleg matvæli, sem eru heppileg sem hluti af glútenlausu fæði þar eð þau innihalda ekki innihaldsefni sem eru unnin úr korni eða höfrum sem innihalda glúten, með upplýsingum sem gefa til kynna að ekki sé glúten í vörunni. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([2]) er gerð krafa um að slíkar yfirlýsingar séu ekki villandi fyrir neytendur með

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 16, 21.1.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 27.

([2]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

því að gefa í skyn að matvælin hafi tiltekna séreiginleika ef öll svipuð matvæli hafa í raun slíka eiginleika.

9) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB ([1]) er lagt bann við notkun innihaldsefna sem innihalda glúten við framleiðslu slíkra matvæla. Þess vegna skal bannað að nota hugtökin „afar lítið glúteninnihald“ eða „glútenlaust“ í tengslum við merkingu á slíkum vörum, þar eð samkvæmt þessari reglugerð skal þessi merking notuð til að tilgreina að glúteninnihald sé annars vegar ekki yfir 100 mg/kg og hins vegar ekki yfir 20 mg/kg.

10) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn ([2]) er gerð krafa um að tilgreint sé hvort varan sé án glútens eða ekki ef varan er ætluð ungbörnum yngri en sex mánaða. Tilgreint skal að þessar vörur séu án glútens í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

11) Codex-staðallinn um matvæli til notkunar í tengslum við sérstakt mataræði einstaklinga með glútenóþol var samþykktur á 31. fundi alþjóðamatvælaskrárráðsins í júlí 2008 ([3]) í því skyni að gera þessu fólki kleift að finna ýmiss konar matvæli á markaðnum sem henta þörfum þeirra og næmi fyrir glúteni. Taka skal viðeigandi tillit til staðalsins í þessari reglugerð.

12) Til þess að gera atvinnurekendum kleift að aðlaga framleiðsluferli sitt skal gera ráð fyrir nauðsynlegu aðlögunartímabili við ákvörðun um gildistökudag núverandi reglugerðar. Þó má setja vörur, sem uppfylla kröfur þessarar reglugerðar þegar við gildistöku hennar, á markað í Bandalaginu frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um matvæli önnur en ungbarnablöndur og stoðblöndur sem falla undir tilskipun 2006/141/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „matvæli fyrir fólk með glútenóþol“: matvæli, sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota og eru sérstaklega framleidd, tilreidd og/eða unnin til að uppfylla sérstakar mataræðisþarfir fólks með glútenóþol,

b) „glúten“: prótínþáttur úr hveiti, rúgi, byggi, höfrum eða víxluðum yrkjum af þeim og afleiðum, sem sumir einstaklingar hafa óþol fyrir og sem er óleysanlegur í vatni og 0,5 M natríumklóríðlausn.

c) „hveiti“: allar tegundir af ættkvíslinni *Triticum*.

3. gr.

Samsetning og merking matvæla fyrir fólk með glútenóþol

1. Matvæli fyrir fólk með glútenóþol, sem eru úr eða innihalda eitt eða fleiri innihaldsefni úr hveiti, rúgi, byggi, höfrum eða víxluðum yrkjum, sem hafa verið sérstaklega unnin til að draga úr glúteni, skulu ekki innihalda meira glúten en 100 mg/kg í matvælunum eins og þau eru seld til lokaneytenda.

2. Við merkingu, kynningu og auglýsingar á vörunum, sem um getur í 1. mgr., skal koma fram hugtakið „afar lítið glúteninnihald“. Þar má koma fram hugtakið „glútenlaust“ ef glúteninnihaldið fer ekki yfir 20 mg/kg í matvælunum, eins og þau eru seld til lokaneytenda.

3. Hafrar í matvælum fyrir fólk með glútenóþol verða að hafa verið sérstaklega framleiddir, tilreiddir og/eða unnir þannig að komið sé í veg fyrir mengun af hveiti, rúgi, byggi eða víxluðum yrkjum af þeim og glúteninnihald slíkra hafra má ekki fara yfir 20 mg/kg.

4. Matvæli fyrir fólk með glútenóþol, sem eru úr eða innihalda eitt eða fleiri innihaldsefni sem koma í stað hveitis, rúgs, byggs, hafra eða víxlaðra yrkja þeirra, skulu ekki innihalda meira en 20 mg/ kg af glúteni í matvælunum eins og þau eru seld til lokaneytenda. Við merkingu, kynningu og auglýsingar á þessum vörum skal koma fram hugtakið „glútenlaust“.

([1]) Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.
([3]) http://www.codexalimentarius.net/download/standards/291/ cxs_118e.pdf

5. Ef í matvælum fyrir fólk með glútenóþol eru bæði innihaldsefni, sem koma í stað hveitis, rúgs, byggs, hafra eða víxlaðra yrkja af þeim og innihaldsefni gerð úr hveiti, rúg, byggi, höfrum eða víxluðum yrkjum af þeim, sem hafa verið sérstaklega unnin til að draga úr glúteninnihaldi, gilda ákvæði 1., 2. og 3. mgr. en ákvæði 4. mgr. gildir ekki.

6. Hugtökin „mjög lítið glúteninnihald“ eða „glútenlaust“ sem um getur í 2. og 4. mgr. skulu koma fram nálægt því heiti sem matvælin eru seld undir.

4. gr.

Samsetning og merking annarra matvæla sem henta fólki með glútenóþol

1. Með fyrirvara um iii. lið a-liðar í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/13/EB má við merkingu, auglýsingar og kynningu á eftirfarandi matvælum koma fram hugtakið „glútenlaust“ að því tilskildu að glúteninnihaldið fari ekki yfir 20 mg/kg í matvælunum eins og þau eru seld til lokaneytenda:

a) matvæli til venjulegrar neyslu,

b) matvæli til sérstakra, næringarlegra nota sem eru sérstaklega framleidd, unnin eða tilreidd til að uppfylla sérstakar mataræðisþarfir fólks, annarra en þeirra sem eru með glútenóþol en sem eru þrátt fyrir það heppileg, ef samsetning þeirra er þess eðlis, til að uppfylla sérstakar mataræðisþarfir fólks með glútenóþol.

2. Við merkingu, auglýsingar og kynningu á matvælunum, sem um getur í 1. mgr., má hugtakið „afar lítið glúteninnihald“ ekki koma fram.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2012.

Þó má setja á markað í Bandalaginu matvæli sem uppfylla ákvæði reglugerðarinnar þegar á gildistökudegi hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/100/EB **2014/EES/73/73**

frá 28. október 2008

um breytingu á tilskipun ráðsins 90/496/EBE um merkingu næringarinnihalds matvæla að því er varðar ráðlagðan dagskammt, orkuumbreytingarstuðla og skilgreiningar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/496/EBE frá 24. september 1990 um merkingu næringarinnihalds matvæla ([1]) einkum a- og j-lið 4. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 5. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 90/496/EBE kemur fram að skilgreina skuli trefjar.

2) Mælt er fyrir um skilyrði fyrir fullyrðingum um næringargildi, t.d. „trefjagjafi“ eða „trefjaríkt“, í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([2]).

3) Til glöggvunar og til að gæta samræmis við aðra löggjöf Bandalagsins, sem fjallar um sömu hugtök, er nauðsynlegt að setja fram skilgreiningu á „trefjum“.

4) Skilgreining á trefjum skal taka mið af viðeigandi vinnu alþjóðamatvælaskrárinnar og yfirlýsingum um trefjainnihald sem vísindanefnd um sérfæði, næringu og ofnæmi á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu setti fram 6. júlí 2007.

5) Hefð er fyrir því að plöntutrefjar séu hluti fæðunnar og þær hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif á einn eða fleiri hátt: þær stytta t.d. gegnumferðartíma í meltingarvegi, þær auka umfang hægða, örflóra ristils getur gerjað þær, þær draga úr heildarkólesteróli í blóði, draga úr magni lágþéttnikólesteróls (LDL cholesterol) í blóði, draga úr blóðsykri eftir máltíðir eða draga úr magni insúlíns í blóði. Nýlegar rannsóknarniðurstöður hafa staðfest að hægt er að ná fram álíka jákvæðum, lífeðlisfræðilegum áhrifum með öðrum kolvetnafjölliðum sem eru ekki meltanlegar og koma ekki náttúrulega fyrir í matvælunum eins og þeirra er neytt.

Því er við hæfi að skilgreining á trefjum skuli ná yfir kolvetnafjölliður sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif á einn eða fleiri hátt.

6) Kolvetnafjölliður úr jurtaríkinu, sem samrýmast skilgreiningunni fyrir trefjar, geta verið nátengdar ligníni, eða öðrum efnisþáttum í plöntum sem innihalda ekki kolvetni, t.d. fenólsamböndum, vaxi, sapóníni, fýtati, kútíni, jurtasterólum. Þegar þessi efni eru nátengd kolvetnafjölliðum úr jurtaríkinu og dregin út með kolvetnafjölliðunum til greiningar á trefjum má líta á þau sem trefjar. Þó skal ekki líta á þau sem trefjar þegar þau eru skilin frá kolvetnafjölliðum og bætt út í tiltekin matvæli.

7) Til að taka tillit til nýrrar þróunar á sviði vísinda og tækni er nauðsynlegt að breyta skránni yfir orkuumbreytingarstuðla.

8) Í skýrslu frá tæknilegum vinnufundi á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna varðandi orku í matvælum – greiningaraðferðir og breytistuðla – kemur fram að áætlað sé að 70 prósent trefja í hefðbundnum matvælum séu gerjanlegar. Því þykir rétt að meðalorkugildið fyrir trefjar skuli vera 8 kJ/g (2 kcal/g).

9) Nota má erýtrítól í margs konar matvæli og það er meðal annars notað til að koma í stað næringarefna, t.d. sykurs, ef lægra orkugildi er æskilegt.

10) Erýtrítól er fjölalkóhól (pólýól) og samkvæmt núverandi reglum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/496/EBE, er orka þess reiknuð með því að nota breytistuðulinn fyrir fjölalkóhól, þ.e. 10 kJ/g (2,4 kcal/g). Ef þessi orkuumbreytistuðull er notaður er neytandinn ekki fyllilega upplýstur um skert orkugildi í vörum sem næst með því að nota erýtrítól við framleiðslu þeirra. Í áliti sínu um erýtrítól frá 5. mars 2003 greindi vísindanefndin um matvæli frá því að orka, sem erýtrítól legði til, væri minni en 0,9 kJ/g (minna en 0,2 kcal/g). Því þykir rétt að samþykkja hæfilegan orkuumbreytistuðul fyrir erýtrítól.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 285, 29.10.2008, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 276, 6.10.1990, bls. 40.

([2]) Stjtíð. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.

11) Í viðaukanum við tilskipun 90/496/EBE eru tilgreind þau vítamín og steinefni sem heimilt er að tilgreina í merkingu næringarinnihalds, þar er ráðlagður dagskammtur þeirra tilgreindur og skilgreint er hvað telst marktækt magn. Tilgangur þessarar skrár yfir ráðlagðan dagskammt er að tilgreina gildi fyrir merkingu næringarinnihalds og útreikning á því hvað telst marktækt magn.

12) Ákvæðið um marktækt magn, sem skilgreint er í viðaukanum við tilskipun 90/496/EBE, er tilvísun í aðra löggjöf Bandalagsins, einkum 3. mgr. 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ([1]), viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og 6. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli ([2]).

13) Ráðlagðir dagskammtar, sem eru tilgreindir í viðaukanum við tilskipun 90/496/EBE, eru byggðir á ráðleggingum frá fundi sérfræðinga Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna/Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem haldinn var í Helsinki 1988.

14) Til að tryggja samræmi við aðra löggjöf Bandalagsins skal uppfæra núverandi skrá yfir vítamín og steinefni og ráðlagða dagskammta þeirra í ljósi vísindalegrar þróunar frá 1988.

15) Í áliti vísindanefndarinnar um matvæli frá 5. mars 2003 um endurskoðun á viðmiðunargildum fyrir merkingu næringarinnihalds komu einnig fram viðmiðunargildi fyrir fullorðna. Álitið nær yfir þau vítamín og steinefni sem tilgreind eru í I. viðauka við tilskipun 2002/46/EB og í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006.

16) Því ber að breyta viðaukanum við tilskipun 90/496/EBE til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 90/496/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsliður bætist við j-lið 4. mgr. 1. gr.:

„Skilgreining á efninu og, ef nauðsyn krefur, greiningaraðferðir skulu koma fram í II. viðauka.“

2. Eftirfarandi undirliðir bætast við 1. mgr. 5. gr.:

„— trefjar 2 kcal/g — 8 kJ/g

— erýtrítól 0 kcal/g — 0 kJ/g.“

3. Í stað viðaukans kemur texti I. viðauka við þessa tilskipun.

4. Textinn í II. viðauka við þessa tilskipun bætist við.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þau skulu beita þessum ákvæðum á þann hátt að þau banni, frá og með 31. október 2012, viðskipti með vörur sem samrýmast ekki ákvæðum tilskipunar 90/496/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.
([2]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Í stað viðaukans við tilskipun 90/496/EBE komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Vítamín og steinefni sem heimilt er að tilgreina og ráðlagður dagskammtur þeirra (RDS)

A-vítamín (µg)	800	Klóríð (mg)	800
D-vítamín (µg)	5	Kalsíum (mg)	800
E-vítamín (mg)	12	Fosfór (mg)	700
K-vítamín (µg)	75	Magnesíum (mg)	375
C-vítamín (mg)	80	Járn (mg)	14
Þíamín (mg)	1,1	Sink (mg)	10
Ríbóflavín (mg)	1,4	Kopar (mg)	1
Níasín (mg)	16	Mangan (mg)	2
B_6-vítamín (mg)	1,4	Flúoríð (mg)	3,5
Fólínsýra (µg)	200	Selen (µg)	55
B_{12}-vítamín (µg)	2,5	Króm (µg)	40
Bíótín (µg)	50	Mólýbden (µg)	50
Pantóþensýra (mg)	6	Joð (µg)	150
Kalíum (mg)	2000		

Þegar ákveða skal hvað telst vera „marktækt magn“ skal almennt miða við 15% af ráðlögðum dagskammti, sem tilgreindur er í þessum viðauka í hverjum 100 g eða 100 ml eða hverri pakkningu, ef hún inniheldur einungis einn skammt.“

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi II. viðauki bætist við tilskipun 90/496/EBE:

„II. VIÐAUKI

Skilgreining á því efni sem trefjar eru gerðar úr og greiningaraðferðir sem um getur í j-lið 4. mgr. 1. gr.

Skilgreining á því efni sem trefjar eru gerðar úr

Í þessari tilskipun merkir „trefjar“ kolvetnafjölliður með þrjár eða fleiri einliðueiningar sem hvorki meltast né frásogast í smáþörmum manna og tilheyra eftirfarandi flokkum:

— ætar kolvetnafjölliður sem eru frá náttúrunnar hendi í matvælum eins og þeirra er neytt,

— ætar kolvetnafjölliður sem eru unnar úr matvælahráefnum með eðlisfræðilegum aðferðum, aðferðum þar sem ensím eru notuð eða efnafræðilegum aðferðum og sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif sem hafa verið staðfest með niðurstöðum úr almennt viðurkenndum rannsóknum,

— tilbúnar, ætar kolvetnafjölliður sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif sem hafa verið staðfest með niðurstöðum úr almennt viðurkenndum rannsóknum.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/88/EB **2014/EES/73/74**

frá 23. september 2008

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neysluvörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar birtingar á niðurstöðum vísindarannsóknar árið 2001, sem ber yfirskriftina: „Notkun á varanlegum hárlitunarefnum og áhætta á krabbameini í þvagblöðru“ (Use of permanent hair dyes and bladder cancer risk), komst vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom vísindanefndin um neysluvörur (SCCP) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB ([2]), að þeirri niðurstöðu að hugsanlegir áhættuþættir væru áhyggjuefni. Nefndin mælti með því að framkvæmdastjórnin gerði frekari ráðstafanir til að hafa eftirlit með notkun hárlitunarefna.

2) Vísindanefndin um neytendavörur mælti enn fremur með heildaráætlun um öryggismat á hárlitunarefnum þar sem gerðar væru kröfur um prófun á hugsanlegum erfðaeiturhrifum eða stökkbreytandi hrifum efna sem eru notuð í hárlitunarvörur.

3) Að fengnu áliti vísindanefndarinnar um neytendavörur samþykkti framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjunum og hagsmunaaðilum, heildaráætlun um að setja reglur um efni, sem eru notuð í hárlitunarvörur, en samkvæmt áætluninni er þess krafist að iðnaðurinn leggi fram skrár með vísindagögnum um hárlitunarefni sem vísindanefndin um neytendavörur á að meta.

4) Efni, sem ekki hafa verið lögð fram uppfærð öryggisgögn fyrir svo hægt sé að vinna fullnægjandi áhættumat, skulu skráð í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

5) Sum hárlitunarefni hafa þegar verið bönnuð, annaðhvort vegna álita frá vísindanefndinni um neytendavörur eða vegna þess að öryggisgögn skortir. Efnin, sem nú eru til umfjöllunar, voru vandlega valin með tilliti til þess að um þau væru settar sameiginlegar reglur þar eð þau eru skráð í IV. viðauka. Þar eð öryggisgögn um notkun þessara efna í hárlitunarvörur voru ekki lögð fyrir vísindanefndina um neytendavörur áður en umsaminn frestur rann út svo unnt væri að meta áhættuna af þeim hafa ekki verið færðar sönnur á að þessi efni teljist örugg fyrir heilbrigði manna þegar þau eru notuð í hárlitunarvörur.

6) Efni, sem öryggisgögn skortir fyrir, þ.e.a.s. 1-hýdroxý-2,4-díamínóbensen (2,4-díamínófenól) og díhýdróklóríðsalt þess, 1,4-díhýdroxýbensen (hýdrókínón), [4-[[4-anilínó-1-naftýl][4-(dímetýlamínó) fenýl]metýlen]-sýklóhexa-2,5-díen-1-ýlíden] dímetýlammóníumklóríð (Basic Blue 26), tvínatríum-3-[(2,4-dímetýl-5-súlfónatófenýl)asó]-4-hýdroxýnaftalen-1-súlfónat (Ponceau SX) og 4-[(4-amínófenýl)(4-imínósýklóhexa-2,5-díen-1-ýlíden)metýl]-o-tólúidín og hýdróklóríðsalt þess (Basic Violet 14), sem eins og sakir standa eru skráð sem litgjafar í IV. viðauka og sem hárlitunarefni í 1. og 2. hluta III. viðauka, skulu felld brott úr III. viðauka og notkun þeirra í hárlitunarvörur bönnuð í II. viðauka.

7) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. apríl 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

([2]) Stjtíð. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 14. október 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi tilvísunarnúmer 1329 til 1369 bætast við í II. viðauka:

Tilvísunarnúmer	Efnaheiti/INCI-heiti
„1329	4-[(4-amínófenýl)(4-imínósýklóhexa-2,5-díen-1-ýlíden)metýl]-o-tólúidín (CAS-nr. 3248-93-9, EINECS-nr. 221-832-2) og hýdróklóríðsalt þess (Basic Violet 14, CI 42510) (CAS-nr. 632-99-5, EINECS-nr. 211-189-6), við notkun í hárlitunarvörur
1330	4-(2,4-díhýdroxýfenýlasól)bensensúlfónsýra (CAS-nr. 2050-34-2, EINECS-nr. 218-087-0) og natríumsalt þess (Acid Orange 6, CI 14270) (CAS-nr. 547-57-9, EINECS-nr. 208-924-8), við notkun í hárlitunarvörur
1331	3-hýdroxý-4-(fenýlasó)-2-naftósýra (CAS-nr. 27757-79-5, EINECS-nr. 248-638-0) og kalsíumsalt þess (Pigment Red 64:1, CI 15800) (CAS-nr. 6371-76-2, EINECS-nr. 228-899-7), við notkun í hárlitunarvörur
1332	2-(6-hýdroxý-3-oxó-(3H)-xanten-9-yl)bensósýra;, flúrskinslausn (CAS-nr. 2321-07-5, EINECS-nr. 219-031-8) og tvínatríum salt þess (Acid yellow 73 natríumsalt, CI 45350) (CAS-nr. 518-47-8, EINECS-nr. 208-253-0), við notkun í hárlitunarvörur
1333	4′,5′-díbróm-3′,6′-díhýdroxýspíro[ísóbensófúran-1(3H),9′-[9H]xanþen]-3-ón; 4′,5′-díbrómflúrskinslausn; Solvent Red 72) (CAS-nr. 596-03-2, EINECS-nr. 209-876-0) og tvínatríumsalt þess (CI 45370) (CAS-nr. 4372-02-5, EINECS-nr. 224-468-2), við notkun í hárlitunarvörur
1334	2-(3,6-díhýdroxý-2,4,5,7-tetrabrómxanten-9-yl)-bensósýra; flúrskinslausn, 2′,4′,5′,7′-tetrabróm-; Solvent Red 43) (CAX-nr. 15086-94-9, EINECS-nr. 239-138-3), tvínatríumsalt þess (Acid Red 87, CI 45380) (CAS-nr. 17372-87-1, EINECS-nr. 241-409-6) og álsalt þess (Pigment Red 90:1 Aluminium lake) (CAS-nr. 15876-39-8, EINECS-nr. 240-005-7), við notkun í hárlitunarvörur
1335	Xantýlíum, 9-(2-karboxýfenýl)-3-(2-metýlfenýl)amínó)-6-((2-metýl-4-súlfófenýl)amínó)-, innra salt (CAS-nr. 10213-95-3); og natríumsalt þess (Acid Violet 9, CI 45190) (CAS-nr. 6252-76-2; EINECS-nr. 228-377-9), við notkun í hárlitunarvörur
1336	3′,6′-díhýdroxý-4′,5′-díjoðspíró(ísóbensófúran-1(3H),9′-[9H]xanþen)-3-ón; (Solvent Red 73) (CAS-nr. 38577-97-8, EINECS-nr. 254-010-7) og natríumsalt þess (Acid Red 95, CI 45425) (CAS-nr. 33239-19-9, EINECS-nr. 251-419-2), við notkun í hárlitunarvörur
1337	2′,4′,5′,7′-tetrajoðflúrskinslausn (CAS-nr. 15905-32-5, EINECS-nr. 240-046-0), tvínatríumsalt þess (Acid Red 51, CI 45430) (CAS-nr. 16423-68-0, EINECS-nr. 240-474-8) og álsalt þess (Pigment Red 172 Aluminium lake)(CAS-nr. 12227-78-0, EINECS-nr. 235-440-4), við notkun í hárlitunarvörur
1338	1-hýdroxý-2,4-díamínóbensen (2,4-díamínófenól) (CAS-nr. 95-86-3, EINECS-nr. 202-459-4) og díhýdróklóríðsalt þess (2,4-díamínófenól HCl) (CAS-nr. 137-09-7, EINECS-nr. 205-279-4), við notkun í hárlitunarvörur
1339	1,4-díhýdroxýbensen (hýdrókínón) (CAS-nr. 123-31-9, EINECS-nr. 204-617-8), við notkun í hárlitunarvörur
1340	[4-[[4-anilínó-1-naftýl][4-(dímentýlamínó)fenýl]metýlen]sýklóhexa-2,5-díen-1-ýlíden]dímetýlammóníumklóríð (Basic Blue 26, CI 44045) (CAS-nr. 2580-56-5, EINECS-nr. 219-943-6), við notkun í hárlitunarvörur
1341	Tvínatríum-3-[(2,4-dímetýl-5-súlfónatófenýl)asó]-4-hýdroxýnaftalen-1-súlfónat (Ponceau SX, CI 14700) (CAS-nr. 4548-53-2, EINECS-nr. 224-909-9), við notkun í hárlitunarvörur

Tilvísunarnr.	Efnaheiti/INCI-heiti
1342	Trínatríumtris[5,6-díhýdró-5-(hýdroxýimínó)-6-oxónaftalín-2-súlfónató(2-)-N5,O6]ferrat(3-) (Acid Green 1, CI 10020) (CAS-nr. 19381-50-1, EINECS-nr. 243-010-2), við notkun í hárlitunarvörur
1343	4-(fenýlasó)resorsínól (Solvent Orange 1, CI 11920) (CAS-nr. 2051-85-6, EINECS-nr. 218-131-9) og sölt þess, við notkun í hárlitunarvörur
1344	4-[(4-etoxýfenýl)asó]naftól (Solvent Red 3, CI 12010) (CAS-nr. 6535-42-8, EINECS-nr. 229-439-8) og sölt þess, við notkun í hárlitunarvörur
1345	1-[(2-klór-4-nítrófenýl)asó]-2-naftól (Pigment Red 4, CI 12085) (CAS-nr. 2814-77-9, EINECS-nr. 220-562-2) og sölt þess, við notkun í hárlitunarvörur
1346	3-hýdroxý-N-(o-tólýl)-4-[(2,4,5-tríklórfenýl)asó]naftalín-2-karboxamíð (Pigment Red 112, CI 12370) (CAS-nr. 6535-46-2, EINECS-nr. 229-440-3) og sölt þess, við notkun í hárlitunarvörur
1347	N-(5-klór-2,4-dímetoxýfenýl)-4-[[5-[(díetýlamínó)súlfónýl]-2-metoxýfenýl]asó]-3-hýdroxýnaftalen-2-karboxamíð (Pigment Red 5, CI 12490) (CAS-nr. 6410-41-9, EINECS-nr. 229-107-2) og sölt þess, við notkun í hárlitunarvörur
1348	Tvínatríum4-[(5-klór-4-metýl-2-súlfónatófenýl)asó]-3-hýdroxý-2-naftóat (Pigment Red 48, CI 15865) (CAS-nr. 3564-21-4, EINECS-nr. 222-642-2), við notkun í hárlitunarvörur
1349	Kalsíum3-hýdroxý-4-[(1-súlfónató-2-naftýl)asó]-2-naftóat (Pigment Red 63:1, CI 15880) (CAS-nr. 6417-83-0, EINECS-nr. 229-142-3), við notkun í hárlitunarvörur
1350	Trínatríum3-hýdroxý-4-(4′-súlfónatónaftýlasó)naftalín-2,7-dísúlfónat (Acid Red 27, CI 16185) (CAS-nr. 915-67-3, EINECS-nr. 213-022-2), við notkun í hárlitunarvörur
1351	2,2′-[(3,3′-díklór[1,1′-bífenýl]-4,4′-díýl)bis(asó)]bis[N-(2,4-dímetýlfenýl)-3-oxóbútýramíð] (Pigment Yellow 13, CI 21100) (CAS-nr. 5102-83-0, EINECS-nr. 225-822-9), við notkun í hárlitunarvörur
1352	2,2′-[sýklóhexýlídenbis[(2-metýl-4,1-fenýlen)asó]]bis[4-sýklóhexýfenól] (Solvent Yellow 29, CI 21230) (CAS-nr. 6706-82-7, EINECS-nr. 229-754-0), við notkun í hárlitunarvörur
1353	1-((4-fenýlasó)fenýlasó)-2-naftól (Solvent Red 23, CI 26100) (CAS-nr. 85-86-9, EINECS-nr. 201-638-4), við notkun í hárlitunarvörur
1354	Tetranatríum-6-amínó-4-hýdroxý-3-[[7-súlfónató-4-[(4-súlfónatófenýl)asó]-1-naftýl]asó]naftalín-2,7-dísúlfónat (Food Black 2, CI 27755) (CAS-nr. 2118-39-0, EINECS-nr. 218-326-9), við notkun í hárlitunarvörur
1355	Etanamínium, N-(4-((4-(díetýlamínó)fenýl)(2,4-dísúlfófenýl)metýlen)-2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden)-N-etýl-, hýdroxíð, innra salt, natríumsalt (Acid Blue 1, CI 42045) (CAS-nr. 129-17-9, EINECS-nr. 204-934-1), við notkun í hárlitunarvörur
1356	Etanamínium, N-(4-((4-(díetýlamínó)fenýl)(5-hýdroxý-2,4-dísúlfófenýl)metýlen)-2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden)-N-etýl-, hýdroxíð, innra salt, kalsíumsalt (2:1) (Acid Blue 3, CI 42051) (CAS-nr. 3536-49-0, EINECS-nr. 222-573-8), við notkun í hárlitunarvörur
1357	Bensenmetanamín, N-etýl-N-(4-((4-(etýl((3-súlfófenýl)metýl)amínó)fenýl)(4-hýdroxý-2-súlfófenýl)metýlen)-2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden)-3-súlfó-, hýdroxíð, innra salt, tvínatríumsalt (Fast Green FCF, CI 42053) (CAS-nr. 2353-45-9, EINECS-nr. 219-091-5), við notkun í hárlitunarvörur

Tilvísunarnr.	Efnaheiti/INCI-heiti
1358	1,3-ísóbensófúrandíón, myndefni með metýlkínólíni og kínólíni (Solvent Yellow 33, CI 47000) (CAS-nr. 8003-22-3, EINECS-nr. 232-318-2), við notkun í hárlitunarvörur
1359	Nígrósín (CI 50420) (CAS-nr. 8005-03-6), við notkun í hárlitunarvörur
1360	8,18-díklór-5,15-díetýl-5,15-díhýdródíindóló[3,2-b:3′,2′-m]trífenódíoxasín (Pigment Violet 23, CI 51319) (CAS-nr. 6358-30-1, EINECS-nr. 228-767-9), við notkun í hárlitunarvörur
1361	1,2-díhýdroxýantrakínón (Pigment Red 83, CI 58000) (CAS-nr. 72-48-0, EINECS-nr. 200-782-5), við notkun í hárlitunarvörur
1362	Trínatríum-8-hýdroxýpýren-1,3,6-trísúlfónat (Solvent Green 7, CI 59040) (CAS-nr. 6358-69-6, EINECS-nr. 228-783-6), við notkun í hárlitunarvörur
1363	1-hýdroxý-4-(p-tólúidínó)antrakínón (Solvent Violet 13, CI 60725) (CAS-nr. 81-48-1, EINECS-nr. 201-353-5),, við notkun í hárlitunarvörur
1364	1,4-bis(p-tólýlamínó)antrakínón (Solvent Green 3, CI 61565) (CAS-nr. 128-80-3, EINECS-nr. 204-909-5), við notkun í hárlitunarvörur
1365	6-klór-2-(6-klór-4-metýl-3-oxóbensó[b]þíen-2(3H)-ýlíden)-4-metýlbensó[b]þíófen-3(2H)-ón (VAT Red 1, CI 73360) (CAS-nr. 2379-74-0, EINECS-nr. 219-163-6), við notkun í hárlitunarvörur
1366	5,12-díhýdrókínó[2,3-b]akridín-7,14-díón (Pigment Violet 19, CI 73900) (CAS-nr. 1047-16-1, EINECS-nr. 213-879-2), við notkun í hárlitunarvörur
1367	(29H,31H-þalósýanínató(2-)-N29,N30,N31,N32)kopar (Pigment Blue 15, CI 74160) (CAS-nr. 147-14-8, EINECS-nr. 205-685-1), við notkun í hárlitunarvörur
1368	Tvínatríum-[29H,31H-þalósíanínsúlfónató(4-)-N29,N30,N31,N32]kúprat(2-) (Direct Blue 86, CI 74180) (CAS-nr. 1330-38-7, EINECS-nr. 215-537-8), við notkun í hárlitunarvörur
1369	Pólýklórkoparþalósýanín (Pigment Green 7, CI 74260) (CAS-nr. 1328-53-6, EINECS-nr. 215-524-7), við notkun í hárlitunarvörur“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka:

   a) í 1. hluta falli tilvísunarnúmer 10 brott,

   b) í 1. hluta falli brott a-liður í c-dálki undir tilvísunarnúmeri 14,

   c) Í 2. hluta falli brott tilvísunarnúmer 57, 59 og 60.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/123/EB 2014/EES/73/75

frá 18. desember 2008

um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og VII. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neysluvörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vísindanefndin um neytendavörur komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. júní 2006 að „þótt 4-amínóbensósýra (PABA) sé sem stendur leyfileg og notuð sem sólvörn varð ljóst við mat á málsskjölunum að stór hluti upplýsinganna var ekki í samræmi við núverandi staðla og viðmiðunarreglur“. Til þess að framkvæma fullnægjandi áhættumat á 4-amínóbensósýru krafðist vísindanefndin um neytendavörur þess að snyrtivöruiðnaðurinn legði fram ný málsskjöl með frekari öryggisgögnum, sem væru í samræmi við nútímastaðla og viðmiðunarreglur vísindanefndarinnar um neytendavörur, fyrir 1. júlí 2007.

2) Snyrtivöruiðnaðurinn lagði ekki fram frekari öryggisgögn eins og vísindanefndin um neytendavörur fór fram á í áliti sínu frá 20. júní 2006.

3) Án fullnægjandi áhættumats er ekki unnt að líta svo á að 4-amínóbensósýra sé örugg til notkunar sem útblámasía í snyrtivörur og því er rétt að fella hana brott úr VII. viðauka og skrá hana í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

4) Að því er varðar díetýlamínóhýdroxýbensóýlhexýlbensóat (INCI-heiti) komst vísindanefndin um neytendavörur að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. apríl 2008 að notkun þessa efnis, í styrk að hámarki 10%, í snyrtivörur, þ.m.t. sólvarnarvörur, skapi ekki áhættu fyrir neytendur. Til þess að rýmka svið leyfilegrar notkunar þessa efnis skal breyta c-dálki í færslu 28 í VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. júlí 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita ákvæðunum, sem sett eru fram í 3. lið viðaukans við þessa tilskipun, frá 8. júlí 2009.

Þau skulu beita ákvæðunum, sem sett eru fram í 1. og 2. lið viðaukans við þessa tilskipun, frá 8. október 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslu 167 í II. viðauka, „Esterar 4-amínóbensósýru, með óbundinn amínóhóp, þó ekki efni sem talin eru upp í 2. hluta VII. viðauka“, komi „4-amínóbensósýra og esterar hennar með óbundinn amínóhóp“.
2. Í VII. viðauka falli færsla 1 brott.
3. Í c-dálki í færslu 28 í VII. viðauka falli orðin „í sólarvarnarvörur“ brott.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/6/EB **2014/EES/73/76**

frá 4. febrúar 2009

um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neysluvörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar þess að eitt aðildarríki greip til takmarkandi ráðstafana á grundvelli 12. gr. tilskipunar 76/768/EBE varðandi notkun díetýlenglýkóls (DEG) í snyrtivörur var haft samráð við vísindanefndina um neysluvörur. Í ljósi þess að vísindanefndin er þeirrar skoðunar að ekki skuli nota díetýlenglýkól sem innihaldsefni í snyrtivörur, en að díentýlenglýkól úr óhreinindum í fullunnum snyrtivörum geti talist öruggt í allt að 0,1% styrk að hámarki, skal banna notkun þessa efnis í snyrtivörur og fastsetja mörk snefilmagns þess við 0,1%.

2) Í kjölfar þess að eitt aðildarríki greip til takmarkandi ráðstafana á grundvelli 12. gr. tilskipunar 76/768/EBE varðandi notkun fýtónadíóns í snyrtivörur var haft samráð við vísindanefndina um neysluvörur. Vísindanefndin er þeirrar skoðunar að ekki sé öruggt að nota fýtónadíón í snyrtivörur þar eð efnið getur valdið húðofnæmi og að einstaklingar, sem verða fyrir slíkum áhrifum, eigi þá ef til vill ekki kost á fýtónadíóni sem mikilvægu meðferðarefni. Því beri að banna efnið.

3) Í tilskipun 76/768/EBE er lagt bann við að nota efni í snyrtivörur sem eru flokkuð í 1., 2. eða 3. flokk krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða æxlunarskaðandi efna skv. I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([2]). Þó er leyft að nota efni sem eru flokkuð í 3. flokk samkvæmt tilskipun 67/548/EBE ef vísindanefndin um neysluvörur hefur metið og samþykkt efnin.

4) Vísindanefndin um neysluvörur telur að tólúen, sem er flokkað sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða æxlunarskaðandi efni í 3. flokki skv. I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, sé öruggt út frá almennum, eiturefnafræðilegum sjónarmiðum í allt að 25% styrk í vörum fyrir neglur en þó skuli forðast að börn andi því að sér.

5) Í kjölfar þess að eitt aðildarríki greip til takmarkandi ráðstafana á grundvelli 12. gr. tilskipunar 76/768/EBE varðandi notkun díetýlenglýkólmónóbútýleters (DEGBE) og etýlenglýkólmónóbútýleters (EGBE) í snyrtivörur var haft samráð við vísindanefndina um neysluvörur. Vísindanefndin er þeirrar skoðunar að notkun díetýlenglýkólmónóbútýleters sem leysis í hárlitunarvörum í styrk allt að 9% stofni heilsu neytenda ekki í hættu. Vísindanefndin er einnig þeirrar skoðunar að notkun etýlenglýkólmónóbútýleters sem leysis, með styrk allt að 4,0% í oxandi hárlitunarvörum og allt að 2% í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi, stofni heilsu neytenda ekki í hættu. Þó taldi vísindanefndin um neysluvörur að notkun þessara efna væri ekki örugg þegar varan er í formi úðaefnis/úða og því bæri að banna þessa hugsanlegu notkun.

6) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 36, 5.2.2009, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

([2]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. ágúst 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 5. nóvember 2009.

Þó skulu þau beita ákvæðunum, sem varða efnið tólúen, eins og þau eru sett fram undir tilvísunarnúmeri 185 í 2. lið viðaukans, frá 5. febrúar 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætist við í II. viðauka:

Tilvísunarnúmer	Efnaheiti	CAS-númer EB-númer
„1370	Díetýlenglýkól (DEB), sjá 2,2′-oxýdíetanól í III. viðauka varðandi snefilmagn	CAS-nr. 111-46-6 EB-nr. 203-872-2
1371	Fýtónadíón [INCI], fýtómenadíón [INN]	CAS-nr. 84-80-0/81818-54-4; EB-nr. 201-564-2“

2. Eftirfarandi tilvísunarnúmer 185 til 188 bætist við í 1. hluta III. viðauka:

Tilvísunar-númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
„185	Tólúen CAS-nr. 108-88-3 EB-nr. 203-625-9	Vörur fyrir neglur	25%		Geymist þar sem börn ná ekki til Eingöngu til notkunar fyrir fullorðna
186	Díetýlenglýkól (DEG) CAS-nr. 111-46-6 EB-nr. 203-872-2 2,2′-oxýdíetanól	Snefilmagn í innihaldsefnum	0,1%		
187	Bútoxýdíglýkól CAS-nr. 112-34-5 EB-nr. 203-961-6 Díetýlenglýkól-mónóbútýleter (DEGBE)	Leysir í hárlitunarvörur	9%	Ekki til notkunar í úðabrúsa (úða)	
188	Bútoxýetanól CAS-nr. 111-76-2 EB-nr. 203-905-0 Etýlenglýkólmónó-bútýleter (EGBE)	Leysir í oxandi hárlitunarvörur Leysir í hárlitunarvörur sem oxast ekki	4,0% 2,0%	Ekki til notkunar í úðabrúsa (úða) Ekki til notkunar í úðabrúsa (úða)“	

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/73/77**

frá 23. maí 2008

um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað

(tilkynnt með númeri C(2008) 1937)

(2008/432/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB ([2]) samhæfir tækniskilyrðin fyrir skammdrægan búnað.

2) Þó er hugsanlegt, að vegna örra tæknilegra breytinga og krafna frá samfélaginu komi nýir notkunarmöguleikar fyrir skammdrægan búnað fram á sjónarsviðið, sem hafi það í för með sér að uppfæra þurfi skilyrðin fyrir samhæfingu tíðnirófsins reglulega.

3) Hinn 5. júlí 2006 gaf framkvæmdastjórnin út varanlegt umboð ([3]) til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB, til að uppfæra viðaukann við ákvörðun 2006/771/EB til að bregðast við tækni- og markaðsþróun á sviði skammdrægs búnaðar.

4) Í skýrslu sinni frá júlí 2007 ([4]) sem lögð var fram sem svar við því umboði, ráðlögðu Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu framkvæmdastjórninni að breyta nokkrum tæknilegum atriðum í viðaukanum við ákvörðun 2006/771/EB.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2006/771/EB til samræmis við það.

6) Búnaður sem starfar innan þeirra skilyrða sem sett eru með þessari ákvörðun skal einnig vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([5]) til þess að tryggja skilvirka notkun tíðnirófs og til þess að komast hjá skaðlegum truflunum, annað hvort með því að vera í samræmi við samhæfða staðla eða með því að fullnægja öðrum samræmismatsaðferðum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 2006/771/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66.

([3]) Varanlegt umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu varðandi árlega uppfærslu tæknilegs viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um tæknilega samhæfingu fjarskiptatíðnirófsins til notkunar fyrir skammdrægan búnað (5. júlí 2006).

([4]) Skýrsla Samtaka póst- og fjarskiptastjórna RSCOM(07) 58.

([5]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

Samhæfð tíðnisvið og tæknilegar breytur fyrir skammdrægan búnað

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttni-mörk ([1])	Viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar frestur
Almennur skamm-drægur búnaður ([4])	6765-6795 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	13,553-13,567 MHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	26,957-27,283 MHz	10mW virkt, útgeislað afl (e.r.p.), sem samsvarar 42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	40,660-40,700 MHz	10 mW e.r.p.		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	433,050-434,040 ([5]) MHz	1 mW e.r.p. og – 13dBm/ 10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun yfir 250 kHz		Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
		10 mW e.r.p.	Vinnuferli (6): 10%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. júní 2007
	434,040-434,790 ([5]) MHz	1 mW e.r.p. og – 13dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun yfir 250 kHz		Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
		10 mW e.r.p.	Vinnuferli ([6]): 10%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. júní 2007
			Vinnuferli ([6]): 100% með fyrirvara um að bil milli rása sé allt að 25 kHz	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	863,000-868,000 MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttni-mörk ([1])	Viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar frestur
Almennur skamm-drægur búnaður ([4])	868,000-868,600 ([5]) MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 1%	Myndbúnaður er undanskilinn	1. október 2008
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	868,700-869,200 ([5]) MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Myndbúnaður er undanskilinn	1. október 2008
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	869,400-869,650 ([5]) MHz	500 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 10% Bil milli rása skal vera 25 kHz, en nota má allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning	Myndbúnaður er undanskilinn	1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttni-mörk ([1])	Viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar frestur
Almennur skamm-drægur búnaður ([4])		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	869,700-870,000 ([5]) MHz	5 mW e.r.p.	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	2400-2483,5 MHz	10 mW virkt, einsátta útgeislað afl (e.i.r.p.)			1. júní 2007
	5725-5875 MHz	25 mW e.i.r.p.			1. júní 2007
	24,150-24,250 GHz	100 mW e.i.r.p.			1. október 2008
	61,0-61,5 GHz	100 mW e.i.r.p.			1. október 2008
Viðvörunar-búnaður	868,600-868,700 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einnig má nota allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning Vinnuferli ([6]): 1,0%		1. október 2008
	869,250-869,300 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 0,1%		1. júní 2007
	869,300-869,400 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 1,0%		1. október 2008
	869,650-869,700 MHz	25 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 10%		1. júní 2007
Neyðarboð ([7])	869,200-869,250 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 0,1%		1. júní 2007

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttni-mörk ([1])	Viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar frestur
Spanbúnaður ([8])	20,050-59,750 kHz	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	59,750-60,250 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	60,250-70,000 kHz	69 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	70-119 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	119-127 kHz	66 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	127-140 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	140-148,5 kHz	37,7 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	148,5-5000 kHz Á þeim tíðnisviðum sem nefnd eru hér á eftir, eiga hærri sviðsstyrkur og frekari notkunar-takmarkanir við:	– 15 dBµA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz band-breidd Ennfremur er heildarsviðs-styrkur – 5 dBµA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. október 2008
	400-600 kHz	– 8 dBµA/m í 10 metra fjarlægð		Engin önnur notkun en auðkenning með fjarskiptatíðni heimil ([9])	1. október 2008
	3155-3400 kHz	13,5 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	5000-30 000 kHz Á þeim tíðnisviðum sem nefnd eru hér á eftir, eiga hærri sviðsstyrkur og frekari notkunar-takmarkanir við:	– 20 dBµA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd Ennfremur er heildarsviðsstyrkur – 5 dBµA/m í 10 m fjar-lægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. október 2008
	6765-6795 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	7400-8800 kHz	9 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	10 200-11 000 kHz	9 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar frestur
	13 553–13 567 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
		60 dBµA/m í 10 metra fjarlægð		Engin önnur notkun en auðkenning með fjarskiptatíðni ([9]) og rafrænt eftirlit með vörum ([10]) heimil	1. október 2008
	26 957-27 283 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
Virk læknis-fræðileg ígræði ([11])	9-315 kHz	30 dBµA/m í 10 metra fjarlægð	Vinnuferli ([6]): 10%		1. október 2008
	402-405 MHz	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Aðrar takmarkanir á rásafyrir-komulagi: stakir sendar mega sameina samliggjandi rásir til þess að auka band-breidd með þróuðum mild-andi aðferðum, svo framar-lega sem árangurinn verður a.m.k. samsvarandi og með þeim aðferðum sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem teknir voru upp samkvæmt tilskipun 1999/5/EB		1. október 2008
Þráðlaus hljóðbúnaður ([12])	87,5-108,0 MHz	50 nW e.r.p.	Bil milli rása allt að 200 kHz		1. október 2008
	863-865 MHz	10 mW e.r.p.			1. júní 2007

([1]) Aðildarríkin skulu heimila notkun tíðnirófsins að því afli, sviðsstyrk eða aflþéttni sem tilgreind er í töflunni. Í samræmi við 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB, er þeim heimilt að setja rýmri skilyrði, þ.e. að heimila notkun tíðnirófs með meira afli, sviðsstyrk eða aflþéttni.

([2]) Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að leggja á þessar „viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir“, og er ekki heimilt að bæta við öðrum breytum eða kröfum um aðgang að tíðnirófi eða aðgerðum til að milda truflanir. Með rýmri skilyrðum, í þeirri merkingu sem fram kemur í 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB er átt við að aðildarríki geti alfarið sleppt breytum/kröfum um aðgang að tíðnirófi og til að milda truflanir í tilteknum reit eða leyft hærri gildi.

([3]) Aðildarríkin mega einungis leggja á þessar „aðrar notkunartakmarkanir“, og er ekki heimilt að bæta við frekari notkunartakmörkunum. Þar sem heimilt er að innleiða rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB, er aðildarríkjunum heimilt að sleppa einni eða fleiri af þessum takmörkunum.

([4]) Þessi flokkur er opinn fyrir hvers konar búnað sem uppfyllir tæknilegu skilyrðin (dæmigerð notkun er t.d. fjarmæling, fjarskipun, viðvörun, gögn almennt og annar svipaður búnaður).

([5]) Á þessu tíðnisviði skulu aðildarríkin gera öll önnur mengi notkunarskilyrða möguleg.

([6]) „Vinnuferli“: það hlutfall tíma á hverri klukkustund sem búnaður sendir út virkt. Rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB hafa í för með sér að aðildarríkin geta leyft hærra gildi í „vinnuferli“.

([7]) Neyðarboðabúnaður er notaður til að aðstoða aldraða og fatlaða í nauð.

([8]) Þessi flokkur nær t.d. yfir ræsivarnarbúnað í bílum, auðkenningu dýra, viðvörunarkerfi, kapalleit, meðhöndlun úrgangs, persónuleg auðkenni, þráðlaust talsamband, aðgangsstýringar, nándarnema, þjófavarnarkerfi þ.á. m. spankerfi á útvarpstíðni, gagnaflutning í lófabúnað, sjálfvirka auðkenningu á vörum, þráðlaus stjórnkerfi og sjálfvirka greiðslu vegatolla.

([9]) Þessi flokkur tekur til spanbúnaðar sem notaður er til auðkenningar með fjarskiptatíðni.

([10]) Þessi flokkur tekur til spanbúnaðar sem notaður er við rafrænt eftirlit með vörum (EAS).

([11]) Þessi flokkur nær yfir virk ígræðanleg lækningatæki sem nota útvarpsbylgjur, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 90/385/EB frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([12]) Búnaður fyrir þráðlaus hljóðkerfi, þ.á m.: þráðlausa hátalara, þráðlaus heyrnartól, þráðlaus heyrnartól til notkunar með ferðatækjum, t.d. ferðageislaspilurum, kassettutækjum eða útvörpum sem notendur bera á sér, þráðlaus heyrnartól til notkunar í ökutækjum, t.d. með útvarpi eða farsíma o.s.frv., hlustunarbúnað í eyra fyrir tónleika eða aðrar sviðsuppfærslur.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/73/78**

frá 23. janúar 2009

B-hluti

Upphafspunktar til að snúa leitni við

Aðildarríkin skulu snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni, í samræmi við 5. gr., að teknu tilliti til eftirfarandi krafna:

1) Upphafspunkturinn fyrir framkvæmd ráðstafana til að snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni er þegar styrkur mengunarvaldsins nær 75% af viðmiðunarmæliþáttunum fyrir gæðakröfur grunnvatns, sem settar eru fram í I. viðauka, og viðmiðunargildanna, sem eru fastsett skv. 3. gr., nema:

   a) gerð sé krafa um fyrri upphafspunkt til að unnt sé að gera ráðstafanir til að snúa leitni við á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt eða a.m.k. að draga eins og unnt er úr skaðlegum breytingum á gæðum grunnvatns sem hafa marktæka þýðingu fyrir umhverfið,

b) rök séu færð fyrir því að annar upphafspunktur sé notaður ef ekki er unnt, á grundvelli greiningarmarkanna, að ákvarða að leitni sé fyrir hendi sem svarar til 75% af mæliþáttunum eða

c) stigaukning leitninnar og möguleiki á að snúa henni við séu þannig að seinni upphafspunktur fyrir ráðstafanir til að snúa leitni við geri það samt kleift með slíkum ráðstöfunum að koma, á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt, í veg fyrir allar skaðlegar breytingar á gæðum grunnvatns sem hafa marktæka þýðingu fyrir umhverfið eða a.m.k. að draga úr þeim eins og kostur er. Seinni upphafspunktur af þessum toga skal ekki leiða af sér neinar tafir við að ná umhverfismarkmiðunum á tilskildum tíma.

Að því er varðar starfsemi, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 91/676/EBE, skal fastsetja upphafspunktinn til að lögleiða ráðstafanir til að snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í samræmi við þá tilskipun og tilskipun 2000/60/EB og einkum halda fast við umhverfismarkmið varðandi vatnsverndun eins og þau eru sett fram í 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

2) Þegar upphafspunktur hefur verið fastsettur fyrir grunnvatnshlot, sem er metið þannig að það sé í áhættu í samræmi við lið 2.4.4 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og skv. 1. lið hér að framan, verður honum ekki breytt á sex ára gildistímabili stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi, sem krafist er í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

3) Sýna skal fram á viðsnúning leitni með tilliti til viðkomandi ákvæða um vöktun sem er að finna í 2. lið A-hluta.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1784/2006 **2014/EES/73/80**

frá 4. desember 2006

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun hjálparefna við vinnslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([1]), einkum þriðja málslið sextánda undirliðar 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ósoneyðandi efnið koltetraklóríð er skráð sem takmörkunarskylt efni í IV. flokki I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 og því gilda notkunartakmarkanir samkvæmt þessari reglugerð.

2) Með tilliti til nýrra upplýsinga og tækniþróunar, sem greint er frá í framvinduskýrslu starfshóps um hjálparefni við vinnslu á vegum Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósonlagsins frá október 2004 ([2]), samþykktu aðildarríkin að Montreal-bókuninni ákvörðun XVII/7 ([3]) á sautjánda fundi þeirra í desember 2005. Nánar tiltekið er koltetraklóríði, með ákvörðun XVII/7, bætt við endurskoðaða töflu A í ákvörðun X/14 sem vinnsluhjálparefni við framleiðslu geislamerkts sýanókóbalamíns, sem er lyf, sem er notað við greiningu á hugsanlegum orsökum fyrir skorti á B_{12}-vítamíni.

3) Eins og sakir standa er notkun koltetraklóríðs sem vinnsluhjálparefnis við framleiðslu geislamerkts sýanókóbalamíns bönnuð í Bandalaginu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2037/2000. Til að unnt sé að heimila þessa tilteknu notkun, í samræmi við fyrrnefnda ákvörðun sem nýlega var samþykkt samkvæmt Montreal-bókuninni, ber að breyta VI. viðauka reglugerðarinnar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 18.

([1]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1366/2006 (Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 12).

([2]) Skýrsla starfshóps um hjálparefni við vinnslu (Process Agents Task Force), október 2004, bls. 17 (http://hq.unep.org/ozone/teap/Reports/PATF/PATF_Report2004.pdf)

([3]) Sautjándi fundur aðildarríkja að Montreal-bókuninni árið 2005, ákvörðun XVII/7: skrá yfir notkun takmörkunarskyldra efna sem hjálparefna við vinnslu (http://hq.unep.org/ozone/Meeting_Documents/mop/ 17mop/17mop-11.e.pdf).

VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

Vinnsla þar sem takmörkunarskyld efni eru notuð sem hjálparefni eins og um getur í sextánda undirlið 2. gr.

a) notkun koltetraklóríðs við brottnám á köfnunarefnistríklóríði við framleiðslu á klór og vítissóda,

b) notkun koltetraklóríðs við endurheimt á klór í afgangsgasi frá klórframleiðslu,

c) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á klóruðu gúmmíi,

d) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á ísóbútýlasetófenóni (íbúprófen – verkjalyf),

e) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á pólýfenýlentereþalamíði,

f) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á geislamerktu sýanókóbalamíni,

g) notkun CFC-11 við framleiðslu á þynnum úr fingerðum, tilbúnum pólýólefíntrefjum,

h) notkun á CFC-12 við ljósefnafræðilega efnasmíði á perflúorpólýeterpólýperoxíði, forefni Z-perflúorpólýetera og tvívirkra afleiða,

i. notkun á CFC-113 við afoxun á perflúorpólýeterpólýperoxíðmilliefni til framleiðslu á perflúrpólýeterdíesterum,

j) notkun á CFC-113 við framleiðslu perflúrpólýeteradíóla með mikilli virkni,

k) notkun á koltetraklóríði við framleiðslu á sýklódími,

l) notkun á vetnisklórflúorkolefnum við vinnsluna í a- til k-lið þegar það er notað í stað klórflúorkolefnis eða koltetraklóríðs.“

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1298/2008/EB 2014/EES/73/81

frá 16. desember 2008

um að koma á Erasmus Mundus 2009-2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 149. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2317/2003/EB ([3]) var komið á fót áætlun um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Erasmus Mundus-áætlunin) (2004 til 2008).

2) Reglugerð ráðsins EB nr. 1085/2006 ([4]) um að stofna sjóð til aðstoðar við foraðild (IPA-sjóðinn), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1638/2006 ([5]) um að stofna evrópskan nágranna- og samstarfssjóð, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1905/2006 ([6]) um að koma á fjármálagerningi um þróunarsamvinnu, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1934/2006 ([7]) um að koma á fjármálagerningi um samstarf við iðnvædd lönd og önnur hátekjulönd og -svæði og samstarfssamningi milli aðila að hópi ríkja í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi annars vegar og Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess hins vegar, sem var undirritaður í Cotonou 23. júní 2000, ([8]) (AKK-EB- samstarfssamningurinn) og innbyrðis samningi, þar sem samþykkt er fjármögnun á aðstoð Bandalagsins samkvæmt fjárhagsramma sem gerður er til margra ára, fyrir tímabilið 2008 til 2013, í samræmi við AKK-EB-samstarfssamninginn og úthlutun fjárhagsaðstoðar til landa og yfirráðasvæða handan hafsins, sem fjórði hluti EB-sáttmálans gildir um ([9]) (innbyrðis AKK-EB-samningur), gilda um Þróunarsjóð Evrópu.

3) Þessi nýja Erasmus Mundus-áætlun er í samræmi við þau markmið um sérfræðiþekkingu sem sett eru fram í áætluninni fyrir tímabilið 2004 til 2008. Hún laðar að bestu nemendurna frá þriðju löndum vegna gæða þess náms sem í boði er, vegna þess hve vel er tekið á móti nemendunum og vegna námsstyrkjakerfis sem er samkeppnishæft við sambærileg kerfi hvar sem er í heiminum.

4) Í samningaviðræðum um gerninga um utanaðkomandi aðstoð og samstarfssamning milli stofnana um eftirlit með fjárlögum og ábyrga fjármálastjórnun ([10]) komust Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin að marghátta samkomulagi um lýðræðislega athugun og samfellu ytri aðgerða, sem eru settar fram í yfirlýsingu 4 við samstarfssamninginn milli stofnana.

5) Með Bologna-yfirlýsingunni, sem 29 evrópskir menntamálaráðherrar undirrituðu 19. júní 1999, var tekið upp milliríkjaferli sem er ætlað að skapa evrópskan vettvang fyrir æðri menntun eigi síðar en 2010, ferli sem nýtur virks stuðnings innan Bandalagsins. Á fundi sínum í London dagana 17. og 18. maí 2007 höfðu 45 ráðherrar æðri menntunar í löndunum, sem taka þátt í Bologna-ferlinu, samþykkt áætlunina um „evrópskan vettvang fyrir æðri menntun í hnattrænu umhverfi“ og jafnframt tilgreint, í því samhengi, að forgangsverkefni fyrir árið 2009 skuli vera betri upplýsingar um evrópskan vettvang fyrir æðri menntun og að próf á háskólastigi njóti meiri viðurkenningar í öðrum heimshlutum.

6) Á aukafundi leiðtogaráðsins í Lissabon dagana 23. og 24. mars 2000 var Evrópusambandinu sett nýtt stefnumótandi markmið um að verða samkeppnis-hæfasta og öflugasta þekkingarhagkerfi í

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 23.

([1]) Stjtíð. ESB C 204, 9.8.2008, bls. 85.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2008.

([3]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 1

([4]) Stjtíð. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 82.

([5]) Stjtíð. ESB L 310, 9.11.2006, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 41.

([7]) Stjtíð. ESB L 405, 30.12.2006, bls. 41.

([8]) Stjtíð. EB L 317, 15.12.2000, bls. 3.

([9]) Stjtíð. ESB L 247, 9.9.2006, bls. 32.

([10]) Stjtíð. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.

heimi og var menntamála-, æskulýðs- og menningarmálaráð hvatt til að hefjast handa við almenna greiningu á raunhæfum framtíðarmarkmiðum menntakerfa, með áherslu á sameiginleg málefni og forgangssvið ásamt virðingu fyrir fjölbreytni þjóða. Hinn 12. febrúar 2001 samþykkti ráðið skýrslu um raunhæf framtíðarmarkmið mennta- og starfsmenntakerfa. Hinn 14. júní 2002 samþykkti ráðið því næst sundurliðaða vinnuáætlun um eftirfylgd við þessi markmið, sem krefst stuðnings innan Bandalagsins. Á fundi leiðtogaráðsins í Barcelona dagana 15. og 16. mars 2002 voru sett þau markmið að gera mennta- og starfsmenntakerfi Evrópusambandsins að gæðaviðmiðun á heimsvísu fyrir árið 2010.

7) Í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2005 og 10. maí 2006 sem bera yfirskriftirnar „Nýting hugaratgervis í Evrópu: háskólum gert kleift að stuðla af fremsta megni að Lissabon-áætluninni“ og „Framkvæmdaáætluninni um nútímavæðingu háskóla framfylgt: menntun, rannsóknir og nýsköpun“, ályktun ráðsins frá 23. nóvember 2007 um að nútímavæða háskóla með tilliti til þess að Evrópa verði samkeppnishæf við önnur þekkingarhagkerfi í heiminum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 294/2008 frá 11. mars 2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu ([1]) er það að undirstrikað að æðri menntastofnanir í Evrópu verða að vinna bug á sundrungu og sameinast um að auka gæði kennslu og rannsókna auk þess að bregðast betur við breyttum þörfum á vinnumarkaðinum. Á fundi leiðtogaráðsins í Brussel dagana 15. og 16. júní 2006 var lögð áhersla á nauðsyn þess að nútímavæða æðri menntun í Evrópu.

8) Í bráðabirgðaskýrslu um hina yfirstandandi Erasmus Mundus-áætlun og um opinbert samráð við almenning um framtíð áætlunarinnar er lögð áhersla á mikilvægi markmiða og aðgerða núverandi áætlunar og látin í ljós ósk um að henni verði haldið áfram með tilteknum breytingum, s.s. að áætlunin nái yfir doktorsnám, að tengja betur saman æðri menntastofnanir í þriðju löndum og þarfir viðkomandi landa og veita meira fé til evrópskra þátttakanda.

9) Markmiðin með samstarfsáætlun um æðri menntun í þriðju löndum eru að auka gæði æðri menntunar í Evrópu, að stuðla að skilningi milli þjóða og stuðla ennfremur að sjálfbærri þróun æðri menntunar í þriðju löndum og komast jafnframt hjá atgervisflótta og styðja viðkvæma hópa. Skilvirkasta úrræðið til að ná þessum markmiðum, með áætlun um sérfræðiþekkingu, eru kyrfilega samþættar námsáætlanir á framhaldsstigi og, með tilliti til Erasmus Mundus-samstarfsins (aðgerð 2), samstarf við þriðju lönd á öllum námsstigum, námsstyrkir fyrir efnilegustu nemendurna og verkefni sem gera æðri menntun í Evrópu eftirsóknarverða á alþjóðavettvangi. Nánar tiltekið ætti að framfylgja markmiðum um sérfræðiþekkingu með sameiginlegum áætlunum Erasmus Mundus (aðgerð 1) og aðgerð 2, en þróunarmarkmið ættu hins vegar eingöngu að falla undir aðgerð 2. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa áhrifum hugsanlegs atgervisflótta sérstakan gaum þegar hún metur áætlunina.

10) Til að tryggja að tekið sé vel á móti þeim sem njóta góðs af áætluninni og dvölin nýtist þeim sem best.skulu aðildarríkin skal leitast við að afgreiða vegabréfsáritanir með eins einföldum hætti og framast er unnt. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að öll viðeigandi vefsetur og samskiptaupplýsingar í aðildarríkjum séu skráðar á Erasmus Mundus-vefsetrið.

11) Þörf er á að efla báráttuna gegn hvers kyns útskúfun, þ.m.t. kynþáttafordómum, útlendingahatri og mismunun í hvaða mynd sem er, og að efla átak Bandalagsins til að stuðla að skoðanaskiptum og skilningi milli menningarhátta víðs vegar um heiminn. Á grundvelli félagslegra þátta æðri menntunar ásamt lýðræðishugsjónum og virðingu fyrir mannréttindum, þ.m.t. jafnrétti kynjanna, sem hún stuðlar að, gerir hreyfanleikinn á þessu sviði einstaklingum mögulegt að kynnast nýju menningarlegu og félagslegu umhverfi og eykur skilning þeirra á öðrum menningarheimum. Með því að fylgja eftir þessum markmiðum eru virt þau réttindi og þær meginreglur sem koma fram í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([2]), einkum 1. mgr. 21. gr.

12) Efling tungumálakennslu og –náms, svo og fjölbreytni tungumála, skal vera forgangsmál Bandalagsaðgerðar á sviði æðri menntunar. Tungumálakennsla- og -nám eru sérstaklega mikilvæg í tengslum við þriðju lönd og fyrir evrópska námsmenn sem fara til þessara landa.

13) Á tímabilinu 2004 til 2008 komu landsbundnir styrkir, fjármagnaðir með hliðsjón af gerningum framkvæmdastjórnarinnar um ytra samstarf, til viðbótar Erasmus Mundus-námsstyrkjunum í því skyni að auka fjölda styrkþega í hópi nemenda frá tilteknum þriðju löndum, s.s. Kína, Indlandi, löndunum á Vestur-Balkanskaga eða AKK-löndunum, til að stunda nám í Evrópu. Huga mætti að sambærilegum tækifærum fyrir tímabilið 2009 til 2013 í samræmi við pólitísk forgangsverkefni, reglur og verklagsreglur viðkomandi gerninga um ytra samstarf og í samræmi við markmið áætlunarinnar um fræðilega sérþekkingu, sem eru sett með þessari ákvörðun, og með tilliti til þess að landfræðileg dreifing styrkþega sé eins jöfn og unnt er.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 303, 14.12.2007, bls. 1.

14) Bandalagið á að stefna að því í allri starfsemi sinni að afnema ójöfnuð og stuðla að jafnrétti karla og kvenna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. sáttmálans.

15) Við framkvæmd allra hluta áætlunarinnar er nauðsynlegt að auka aðgang illa settra hópa og taka á virkan hátt tillit til sérþarfa fatlaðra varðandi nám, þ.m.t. með því að veita hærri styrki til að mæta viðbótarkostnaði fatlaðra þátttakenda.

16) Í samræmi við 149. gr. sáttmálans hefur þessi ákvörðun ekki áhrif á innlendan lagaramma eða verklagsreglur, ekki heldur þær sem varða stofnun æðri menntastofnana og viðurkenningu á þeim.

17) Í því skyni að kynna áætlunina innan Evrópusambandsins og utan marka þess, svo að markmið hennar náist betur og til að miðla upplýsingum um árangur af áætluninni, er þörf á samþættri stefnu varðandi miðlun upplýsinga til almennings svo að borgarar fái tímanlega fullnægjandi upplýsingar um hverja aðgerð fyrir sig og þau tækifæri, sem áætlunin felur í sér, ásamt skýringum á þeim verklagsreglum sem fylgja skal. Upplýsingastefnan, sem fyrst og fremst æðri menntastofnanir sem taka þátt í áætluninni ættu að miðla, er sérlega mikilvæg, einkum í löndum þar sem þátttaka í áætluninni er lítil.

18) Rétt er að beita reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25 júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]) og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2342/ 2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 ([2]), sem vernda efnahagslega hagsmuni Bandalagsins, að teknu tilliti til meginreglna um einfaldleika og samræmi við val á fjárlagagerningum í samræmi við markmið áætlunarinnar um fræðilega sérþekkingu og þess meðalhófs sem krafist er milli upphæða fjármagns og þeirrar stjórnsýslubyrði sem tengist notkun þess.

19) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma, sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins í skilningi 37. liðar samstarfssamnings frá 17. maí 2006 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun ([3]) við árlega fjárlagagerð.

20) Í samræmi við markmið áætlunarinnar um fræðilega sérþekkingu skal samþykkja ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd á aðgerð 1 og kynningu á æðri menntun í Evrópu (aðgerð 3), í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]). Nauðsynlegar ráðstafanir fyrir framkvæmd á aðgerð 2 skulu samþykktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1085/2006, reglugerð (EB) nr. 1638/2006, reglugerð (EB) nr. 1905/2006, reglugerð (EB) nr. 1934/2006, AKK-EB samstarfssamninginn og innbyrðis AKK-EB samninginn.

21) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, vegna þess að þörf er á marghliða samstarfi, marghliða hreyfanleika milli landa og gagnkvæmri miðlun upplýsinga milli Bandalagsins og þriðju landa, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna eðlis nauðsynlegra aðgerða og ráðstafana, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrrnefndri grein.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætluninni komið á fót

1. Með þessari ákvörðun er Erasmus Mundus-áætluninni (hér á eftir nefnd „áætlunin“) komið á fót, annars vegar til að stuðla að gæðum æðri menntunar í Evrópu og skilningi á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd og hins vegar til að þróa æðri menntun í þriðju löndum. Framkvæma skal áætlunina í samræmi við markmið um fræðilega sérþekkingu en jafnframt með tilliti til þess að landfræðileg dreifing styrkþega sé eins jöfn og unnt er.

([1]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Áætlunin skal koma til framkvæmda á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2013. Hins vegar er heimilt að hrinda undirbúningsráðstöfunum í framkvæmd, þ.m.t. ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 7. gr., frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar.

3. Áætlunin skal styðja við og koma til viðbótar aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna og innan þeirra jafnframt því að ábyrgð þeirra á innihaldi og skipulagi mennta- og starfsþjálfunarkerfa og margbreytileika þeirra með tilliti til tungumáls og menningar er að fullu virt.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „æðri menntun“: allar tegundir námskeiða eða námsáætlana, þjálfun eða rannsóknarþjálfun á eftir framhaldsskólastigi sem lögbært innlent yfirvald hefur viðurkennt sem hluta af æðra menntakerfi,

2. „æðri menntastofnun“: sérhver stofnun sem veitir æðri menntun og lögbært innlent yfirvald hefur viðurkennt sem hluta af æðra menntakerfi,

3. „nemandi á fyrstu námsgráðu“: einstaklingur sem skráður er á fyrstu námsgráðu æðri menntunar og mun að loknu námi fá fyrstu prófgráðu æðri menntunar,

4. „meistaranemi“ (nemandi á annarri prófgráðu): einstaklingur sem skráður er í nám til annarrar prófgráðu æðri menntunar og hefur þegar hlotið fyrstu prófgráðu æðri menntunar eða lokið sambærilegu námsstigi sem metið hefur verið í samræmi við innlend lög og venjur,

5. „doktorsnemi“ (nemandi á þriðju prófgráðu): rannsóknarmaður í upphafi starfsferils síns, er hefst þann dag sem hann hlýtur gráðu sem veitir honum formlega rétt á að hefja doktorsnám.

6. „Nýdoktor sem leggur stund á rannsóknir“: reyndur rannsóknarmaður með doktorsgráðu eða sem hefur a.m.k. þriggja ára sambærilega reynslu af rannsóknum í fullu starfi, þ.m.t. þjálfunartímabil við rannsóknir á rannsóknarmiðstöð, sem komið hefur verið á fót í samræmi við landslög og venjur, eftir að hafa hlotið gráðu sem veitir honum formlega rétt á að stunda doktorsnám við viðkennda æðri menntastofnun,

7. „fræðimaður“: einstaklingur sem hefur sýnt framúrskarandi árangur á fræðilegu sviði og/eða á sviði starfsreynslu, sem heldur fyrirlestra eða stýrir rannsóknum í æðri menntastofnun eða á rannsóknarmiðstöð sem komið hefur verið á fót í samræmi við landslög og venjur,

8. „starfsfólk á sviði æðri menntunar“: einstaklingar sem í starfi sínu taka beinan þátt í menntunarferli sem tengist æðri menntun,

9. „Evrópuríki“: land sem er aðildarríki eða tekur þátt í áætluninni skv. 9. gr. Þegar „evrópskur“ er notað um einstakling er átt við einstakling sem er ríkisborgari Evrópuríkis eða búsettur í Evrópuríki. þegar „evrópsk“ er notað um stofnun er átt við stofnun sem er í Evrópuríki.

10. „þriðja land“: land sem er ekki Evrópuríki. Þegar „þriðja land“ er notað í tengslum við einstakling er átt við einstakling sem er hvorki ríkisborgari Evrópuríkis né búsettur í Evrópuríki. Þegar „þriðja land“ er notað í tengslum við stofnun er átt við stofnun sem er ekki í Evrópuríki. Lönd, sem taka þátt í aðgerðaráætluninni á sviði símenntunar, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB ([1]), eru ekki talin til þriðju landa við framkvæmd á aðgerð 2,

11. „meistaranám“ (önnur prófgráða): nám á annarri prófgráðu æðri menntunar sem tekur við af fyrstu prófgráðu eða sambærilegu námsstigi sem leiðir til meistarastigs hjá æðri menntastofnun,

12. „doktorsnám“ (þriðja prófgráða): rannsóknartengt nám á stigi æðri menntunar í framhaldi af háskólaprófi sem leiðir til doktorsgráðu hjá æðri menntastofnun eða hjá rannsóknarmiðstöð í aðildarríkjum ef það samræmist landslögum og venjum,

13. „hreyfanleiki“: það að flytjast til annars aðildarríkis til þess að leggja stund á nám, öðlast starfsreynslu, stunda rannsóknir, önnur störf sem tengjast námi, kennslu eða rannsóknum eða tengd stjórnsýslustörf, sem studd eru, eftir því sem mögulegt er, með undirbúningsmenntun á tungumáli gistiríkisins,

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 45.

14. „tvær eða fleiri en tvær háskólagráður“ tvö eða fleiri en tvö prófskírteini sem gefin eru út af tveimur eða fleiri æðri menntastofnunum og eru opinberlega viðkennd í löndum þeirra stofnana sem veita gráðurnar.

15. „sameiginleg prófgráða“: eitt prófskírteini sem gefið er út af a.m.k. tveimur æðri menntastofnunum sem bjóða samþætt nám sem er opinberlega viðurkennt í löndum þeirra stofnana sem veita gráðuna,

16. „fyrirtæki“: öll fyrirtæki sem fást við atvinnustarfsemi, í eigu hins opinbera eða í einkaeigu, óháð stærð þeirra, réttarstöðu og í hvaða atvinnugrein þau starfa, þ.m.t. félagshagfræðilega kerfið.

3. gr.

Markmið og sértæk markmið áætlunarinnar

1. Markmið áætlunarinnar eru að efla æðri menntun í Evrópu, að nemendur fái betri og fleiri tækifæri til að skapa sér starfsferil og að stuðla að þvermenningarlegum skilningi í samstarfi við þriðju lönd, í samræmi við markmið ytri stefnu Evrópusambandsins til að stuðla að sjálfbærri þróun þriðju landa á sviði æðri menntunar.

2. Sérstök markmið áætlunarinnar eru:

a) að efla skipulega samvinnu milli æðri menntastofnana og stuðla að miklum gæðum á sviði æðri menntunar með sérstöku evrópsku vægi, sem er eftirsóknarvert jafnt innan Evrópusambandsins sem utan þess, með það í huga að stofna sérfræðisetur,

b) að stuðla að gagnkvæmri eflingu samfélaga með því að þróa menntun og hæfi karla og kvenna svo að þau öðlist nauðsynlega færni, sem einkum hentar á vinnumarkaðnum, og öðlist víðsýni og reynslu á alþjóðlegum vettvangi með því að stuðla að hreyfanleika bæði efnilegustu námsmannanna og fræðimanna frá þriðju löndum, svo að þeir geti hlotið menntun og/eða reynslu í Evrópusambandinu, og efnilegustu evrópsku námsmannanna og fræðimanna til þriðju landa,

c) að stuðla að þróun mannauðs í æðri menntastofnunum í þriðju löndum og möguleikum þeirra til alþjóðlegrar samvinnu með auknum hreyfanleika milli Evrópusambandsins og þriðju landa,

d) að bæta aðgengi og styrkja sérstöðu og sýnileika æðri menntunar í Evrópu í heiminum auk þess að ríkisborgurum þriðju landa og evrópskum ríkisborgurum finnist hún eftirsóknarverð.

3. Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja að enginn hópur ríkisborgara þriðja lands eða Evrópu sé undanskilinn eða verr settur en aðrir.

4. gr.

Aðgerðir áætlunarinnar

1. Almennum og sértækum markmiðum áætlunarinnar, eins og þau eru sett fram í 3. gr., skal framfylgt með eftirfarandi aðgerðum:

a) Aðgerð 1: sameiginlegar áætlanir Erasmus Mundus (meistara- og doktorsnám) skulu vera framúrskarandi að gæðum á fræðasviðinu, þ.m.t. áætlun um námsstyrki,

b) Aðgerð 2: Erasmus Mundus-samstarf milli æðri menntastofnana í Evrópu og í þriðju löndum sem grunnur að skipulegri samvinnu, skiptum og hreyfanleika á öllum sviðum æðri menntunar, þ.m.t. áætlun um námsstyrki,

c) að stuðla að æðri menntun í Evrópu með ráðstöfunum til að gera Evrópu að æ eftirsóknarverðari menntunarstað og miðstöð sérfræðiþekkingar á alþjóðvettvangi.

Einstökum atriðum þessara aðgerða er lýst í viðaukanum.

2. Að því er varðar aðgerð 2 gilda ákvæði ákvörðunarinnar aðeins að því leyti sem þau eru í samræmi við ákvæði lagagerðar þar sem kveðið er á um fjármögnun í samræmi við 2. mgr. 12. gr.

3. Nota má eftirtaldar aðferðir saman þar sem við á:

a) að styðja þróun sameiginlegra hágæðamenntaáætlana og samstarfsneta til að auðvelda gagnkvæma miðlun reynslu og góðra starfsvenja,

b) að auka stuðning við hreyfanleika fólks á sviði æðri menntunar, sem er valið á grundvelli fræðilegrar sérþekkingar, einkum frá þriðju löndum til Evrópulanda, með tilliti til meginreglna um jafnrétti karla og kvenna og þeirrar óskar að landfræðileg dreifing sé eins jöfn og unnt er, en jafnframt að aðgangur að áætluninni sé auðveldaður í samræmi við meginreglur um jöfn tækifæri og bann við mismunun,

c) að efla tungumálakunnáttu eftir því sem frekast er unnt, með því að gefa námsmönnum kost á að læra a.m.k. tvö af þeim tungumálum sem eru töluð í löndum viðkomandi æðri menntastofnana, auk þess sem stuðlað er að skilningi á öðrum menningarsamfélögum,

d) að styðja við tilraunaverkefni sem byggjast á samstarfi við ytra svið með nýsköpun og gæði á sviði æðri menntunar að leiðarljósi, einkum möguleikann á að hvetja til samstarfs milli aðila á fræðasviðinu og í atvinnulífinu.

e) að styðja við greiningu og eftirfylgd með breytingum og þróun á sviði æðri menntunar í alþjóðlegu tilliti.

4. Áætlunin felur í sér tæknilegar stuðningsráðstafanir, m.a. nám, fundi sérfræðinga ásamt upplýsingum og útgefnu efni sem beinlínis tengist því að ná fram markmiðum áætlunarinnar.

5. Framkvæmdastjórnin skal tryggja sem umfangsmesta miðlun upplýsinga um starfsemi og þróun áætlunarinnar, aðallega á vefsetri Erasmus Mundus.

6. Framkvæmdastjórnin getur stutt við aðgerðirnar, sem um getur í þessari grein, eftir að hafa farið yfir svör við auglýsingum eftir tillögum og/eða tilboðum. Með tilliti til ráðstafana sem gerðar eru skv. 4. mgr. getur framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, framkvæmt þessar ráðstafanir beint í samræmi við reglugerð (EB, KBE) nr. 1605/2002. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og nefndina, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. þessarar ákvörðunar, með reglubundnum hætti.

5. gr.

Þátttaka í áætluninni

Samkvæmt skilyrðum og fyrirkomulagi við framkvæmdina, sem er tilgreind í viðaukanum, og með hliðsjón af skilgreiningunum í 2. gr. miðast áætlunin við:

a) æðri menntastofnanir,

b) nemendur á sviði æðri menntunar, á öllum stigum, þ.m.t. doktorsnema,

c) nýdoktora sem leggja stund á rannsóknir,

d) fræðimenn,

e) starfsfólk á sviði æðri menntunar,

f) aðrar opinberar og einkareknar stofnanir sem starfa á sviði æðri menntunar samkvæmt landslögum og venjum,

g) fyrirtæki,

h) rannsóknarmiðstöðvar.

6. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna

1. Framkvæmdastjórnin skal:

a) tryggja að aðgerðir Bandalagsins, sem áætlunin tekur til, hljóti skilvirka og gagnsæja framkvæmd í samræmi við viðaukann og, að því er varðar aðgerð 2, lagagerninginn sem um getur í 1. mgr. 7. gr og í samræmi við markmið áætlunarinnar um fræðilega sérþekkingu sem skal taka tillit til þegar styrkþegar áætlunarinnar eru valdir,

b) taka tillit til tvíhliða samstarfs aðildarríkjanna við þriðju lönd,

c) leitast við að skapa samvirkni og, þar sem við á, þróa sameiginlegar aðgerðir með öðrum áætlunum og aðgerðum Bandalagsins á sviði æðri menntunar og rannsókna,

d) tryggja að tekið sé tillit til þess hve há skólagjöldin eru og áætlaðs námskostnaðar þegar tekin er ákvörðun um fastafjárhæð námsstyrkja,

e) hafa samráð við hlutaðeigandi evrópsk samtök og stofnanir á sviði æðri menntunar um atriði sem vakið hefur verið máls á við framkvæmd áætlunarinnar og upplýsa nefndina, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., um niðurstöður slíks samráðs,

f) upplýsa sendinefndir í hlutaðeigandi þriðju löndum reglubundið um allar gagnlegar upplýsingar um áætlunina.

2. Aðildarríkin skulu:

a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að áætlunin beri árangur í aðildarríkjunum og virkja í því skyni alla aðila sem eiga hlut að æðri menntun í samræmi við innlendar venjur ásamt því að leitast við, eftir því sem kostur er, að gera þær ráðstafanir sem teljast nauðsynlegar til að ryðja úr vegi lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum á skiptiáætlunum milli Evrópuríkja og þriðju landa. Aðildarríki skulu tryggja að þau miðli nákvæmum og skýrum upplýsingum til námsmanna og stofnana til að greiða fyrir þátttöku þeirra í áætluninni,

b) tilnefna viðeigandi stofnanir sem skulu starfa náið með framkvæmdastjórninni,

c) hvetja til mögulegrar samvirkni við aðrar áætlanir Bandalagsins og möguleg samsvarandi, svipuð, innlend framtaksverkefni í aðildarríkjunum.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess í samstarfi við aðildarríkin:

a) að veittar verði viðeigandi upplýsingar um aðgerðir sem eru styrktar samkvæmt þessari áætlun, þær verði kynntar og þeim fylgt eftir,

b) að upplýsingum um árangurinn af aðgerðunum, sem falla undir áætlunina, verði miðlað,

c) að samskiptakerfi fyrir mögulega hagsmunaaðila í Evrópulöndunum verði eflt og hvatt verði til samstarfs milli háskóla, aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka, með tilliti til þess að þróa áætlunina.

7. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Þær verklagsreglur, sem eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 1085/2006, reglugerð (EB) nr. 1638/2006, reglugerð (EB) nr. 1905/2006, reglugerð (EB) nr. 1934/2006, AKK-EB-samstarfssamningnum og innbyrðis AKK-EB-samningnum, gilda um allar ráðstafanir sem þarf til framkvæmdar á aðgerð

2. Framkvæmdastjórnin skal reglubundið upplýsa nefndina, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., um þær ráðstafanir sem gerðar eru.

2. Eftirfarandi ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar áætluninni og öðrum aðgerðum þessarar ákvörðunar, skulu samþykktar í samræmi við stjórnunarmálsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., í samræmi við meginreglur, almennar viðmiðunarreglur og valviðmiðanir sem mælt er fyrir um í viðaukanum:

a) árleg starfsáætlun, þ.m.t. forgangsröðun,

b) árleg fjárveiting, skipting fjár milli hinna ýmsu aðgerða sem áætlunin tekur til og leiðbeinandi styrkfjárhæðir,

c) beiting almennra viðmiðunarreglna við framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. valviðmiðanir eins og mælt er fyrir um í viðaukanum,

d) valaðferðir, þ.m.t. samsetning og innri málsmeðferðarreglur dómnefndar,

e) fyrirkomulag við eftirlit og mat á áætluninni og við miðlun og yfirfærslu niðurstaðna.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvarðanir um val sem hún tilkynnir Evrópuþinginu og nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., innan tveggja virkra daga.

8. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

9. gr.

Þátttaka annarra landa í áætluninni á sama grundvelli og aðildarríkin

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

a) EFTA-löndum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum,

b) umsóknarlöndum með foraðildaráætlun, í samræmi við meginreglur, almenna skilmála og skilyrði sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir voru við þessi lönd um þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins,

c) löndum á vesturhluta Balkanskaga, í samræmi við meginreglur, almenna skilmála og skilyrði sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir voru við þessi lönd um þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins,

d) Ríkjasambandinu Sviss, að því tilskildu að tvíhliða samningur um þátttöku þess sé gerður við það land,

10. gr.

Þverlæg málefni

Við framkvæmd áætlunarinnar skal tilhlýðilegt tillit tekið til þess að tryggja að hún stuðli að öllu leyti að því að efla þverlæg stefnumál Bandalagsins, einkum með því:

a) að efla evrópskt þekkingarhagkerfi og þekkingarsamfélag og stuðla að því að fleiri störf skapist í samræmi við markmið Lissabon-áætlunarinnar og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni Evrópusambandsins, sjálfbæran hagvöxt og aukna félagslega samheldni,

b) að hlúa að menningu, þekkingu og færni fyrir friðsamlega og sjálfbæra þróun í margbreytilegri Evrópu,

c) að efla vitund um mikilvægi menningarlegrar fjölbreytni og margbreytileika tungumála innan Evrópu og að nauðsynlegt er að berjast gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri og stuðla að þvermenningarlegri menntun,

d) að gera ráðstafanir vegna námsmanna með sérþarfir, einkum með því að auðvelda aðlögun þeirra að venjulegri æðri menntun, og stuðla að jöfnum tækifærum fyrir alla,

e) að stuðla að jafnrétti karla og kvenna og styðja við baráttu gegn mismunun í hvaða mynd sem er á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

f) að stuðla að þróun þriðju landa.

11. gr.

Samræmi og fylling við aðrar stefnur

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja fullt samræmi og fyllingu við önnur viðkomandi stefnumið, gerninga og aðgerðir Bandalagsins, einkum Menntaáætlun ESB, sjöundu rammaáætlunina á sviði rannsókna, þróunarstefnu, ytri samstarfsáætlanir, AKK-samstarfsamninginn og Evrópusjóð til aðlögunar ríkisborgara þriðju landa.

2. Framkvæmdastjórnin skal veita Evrópuþinginu og nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., reglubundnar upplýsingar um framtaksverkefni Bandalagsins á viðkomandi sviðum, tryggja skilvirka tengingu og, eftir því sem við á, sameiginlegar aðgerðir þessarar áætlunar og áætlana og aðgerða á sviði menntunar sem ráðist er í innan ramma samvinnu Bandalagsins við þriðju lönd, þ.m.t. tvíhliða samningar og þar til bærar alþjóðastofnanir.

12. gr.

Fjármögnun

1. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd aðgerða 1 og 3 og tengdar tæknilegar stuðningsráðstafanir, sem um getur í 4. mgr. 4. gr. fyrir tímabilið 2009 til 2013, er 493 690 000 evrur.

2. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd aðgerðar 2 og tengdar tæknilegar stuðningsráðstafanir, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., fyrir tímabilið, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., er settur fram í samræmi við reglur, aðferðir og markmið sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1085/2006, reglugerð (EB) nr. 1638/2006, reglugerð (EB) nr. 1905/2006, reglugerð (EB) nr. 1934/2006, AKK-EB-samstarfssamninginn og innbyrðis AKK-EB samninginn.

3. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma árlegrar fjárlagagerðar og innan marka fjárhagsrammans.

13. gr.

Vöktun og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið eftirlit með þessari áætlun í samstarfi við aðildarríkin. Nota skal niðurstöður eftirlits- og matsferlis áætlunarinnar og fyrri áætlana við framkvæmd áætlunarinnar. Slíkt eftirlit skal fela í sér greiningu landfræðilegrar dreifingar styrkþega áætlunarinnar eftir aðgerð og eftir landi, skýrslnanna og orðsendinganna sem um getur í 3 mgr. og sérstakrar starfsemi.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta áætlunina með reglubundnu millibili með hliðsjón af markmiðunum sem mælt er fyrir um í 3. gr., áhrifum áætlunarinnar í heild og eftir því hvort aðgerðin samkvæmt áætluninni kemur til fyllingar aðgerðum samkvæmt öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum Bandalagsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu og svæðanefndina:

a) bráðabirgðaskýrslu um þær niðurstöður sem hafa fengist og eigindlega og megindlega þætti í framkvæmd áætlunarinnar eigi síðar en 31. mars á öðru ári eftir að ný námskeið, sem undirbúin eru samkvæmt áætluninni, hefjast,

b) orðsendingu um framhald þessarar áætlunar eigi síðar en 30. janúar 2012,

c) lokaskýrslu eigi síðar en 31. desember 2015.

14. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Aðgerðum, sem gripið er til fyrir 31. desember 2008 á grundvelli ákvörðunar nr. 2317/2003/EB, skal stjórnað í samræmi við ákvæði þeirrar ákvörðunar að því undanskildu að í stað nefndanna, sem komið var á fót með þeirri ákvörðun, komi nefndin sem komið var á fót með 1. mgr. 8. gr. í þessari ákvörðun.

2. Beita skal aðgerðum, sem hefur verið gripið til fyrir 31. desember 2008, á grundvelli ákvæða, sem mælt er fyrir um í löggerningi sem um getur í 1. mgr. 7. gr., í samræmi við ákvæði þessara gerninga.

15. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	B. LE MARIE
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

AÐGERÐIR BANDALAGSINS (ALMENNAR VIÐMIÐUNARREGLUR OG VALVIÐMIÐANIR), VALAÐFERÐIR OG FJÁRHAGSÁKVÆÐI

Allar aðgerðir, sem heyra undir áætlunina, skulu framkvæmdar í samræmi við almennar viðmiðunarreglur og valviðmiðanir sem lýst er í þessum viðauka.

AÐGERÐ 1: SAMEIGINLEGAR ÁÆTLANIR ERASMUS MUNDUS

A. ERASMUS MUNDUS-MEISTARANÁM

1. Bandalagið skal velja meistaranám af frammúrskarandi gæðum sem í áætluninni nefnist „Erasmus Mundus-meistaranám“.

2. Að því er áætlunina varðar skal Erasmus Mundus-meistaranám vera í samræmi við eftirfarandi almennar viðmiðunarreglur og valviðmiðanir:

   a) æðri menntastofnanir frá a.m.k. þremur Evrópulöndum skulu koma að því,

   b) æðri menntastofnanir eða aðrir viðeigandi samstarfsaðilar frá þriðju löndum, s.s. rannsóknarmiðstöðvar, geta komið að því,

   c) fylgja skal námsáætlun sem tekur til námstíma við a.m.k. tvær af þremur æðri menntastofnunum sem tilgreindar eru í a-lið,

   d) eftir því sem við á skal það stuðla að því að námsdvöl verði liður í námsáætluninni,

   e) námið skal hafa innbyggt kerfi til viðurkenningar námstíma í samstarfsstofnunum sem byggist á eða samrýmist evrópsku viðurkenningarkerfi fyrir námseiningar,

   f) það skal leiða til veitingar sameiginlegra, tveggja eða fleiri en tveggja háskólagráða, sem Evrópulöndin viðurkenna eða faggilda, frá þátttökustofnunum. Stuðla skal að námi sem leiðir til sameiginlegra prófgráða,

   g) í því skal koma á ströngum verklagsreglum um sjálfsmat og fallast á jafningjarýni frá utanaðkomandi sérfræðingum (frá Evrópulandi eða þriðju löndum) til að tryggja stöðug gæði meistaranámsins,

   h) taka skal frá lágmarksfjölda plássa fyrir námsmenn frá Evrópulöndum og þriðju löndum, sem hafa fengið fjárstuðning samkvæmt áætluninni, og taka á móti þeim,

   i) fastsetja skal sameiginleg inntökuskilyrði þar sem m.a. er tekið tilhlýðilegt tillit til kynja- og sanngirnissjónarmiða og sem auðvelda aðgang í samræmi við meginregluna um jöfn tækifæri og bann við mismunun,

   j) það skal vera valkvætt hvort höfð eru skólagjöld, í samræmi við viðkomandi landslög og samninga sem viðkomandi aðilar gera sín á milli samkvæmt a- og b-lið.

   k) samkomulag skal vera um að fara að þeim reglum sem gilda um aðferð við val á styrkþegum (námsmönnum og fræðimönnum),

   l) taka skal upp viðeigandi fyrirkomulag til að auðvelda aðgang og móttöku námsmanna frá Evrópu og þriðju löndum (upplýsingabúnað, gistiaðstöðu, aðstoð vegna vegabréfsáritana o.s.frv.), framkvæmdastjórnin skal upplýsa sendinefndir í hlutaðeigandi þriðju löndum reglubundið um öll uppfærð ákvæði er varða áætlunina,

   m) með fyrirvara um tungumálið sem kennt er á skal séð til þess að notuð verði a.m.k. tvö evrópsk tungumál, sem eru töluð í aðildarríkjunum þar sem æðri menntastofnanir eru, sem koma að Erasmus Mundus-meistaranámi, og að námsmenn hljóti undirbúnings tungumálakennslu og aðstoð eftir því sem við á, einkum með því að sækja námskeið sem viðkomandi stofnanir skipuleggja.

3. Erasmus Mundus-meistaranám skal valið til fimm ára, með fyrirvara um árlegt endurnýjunarferli sem byggist á framvinduskýrslu.

4. Eramus Mundus-meistaranámi, sem valið er samkvæmt Erasmus Mundus-áætluninni fyrir tímabilið 2004-2008, skal haldið áfram innan ramma aðgerðar 1 til loka þess tímabils sem valið var, með fyrirvara um árlegt endurnýjunarferli sem byggist á framvinduskýrslu.

B. ERASMUS MUNDUS-DOKTORSNÁM

1. Bandalagið skal velja doktorsnám af framúrskarandi gæðum á fræðasviðinu sem í þessari áætlun nefnist „Erasmus Mundus-doktorsnám“.

2. Að því er varðar áætlunina skal Erasmus Mundus-doktorsnám vera í samræmi við eftirfarandi almennar viðmiðunarreglur og valviðmiðanir:

a) æðri menntastofnanir frá a.m.k. þremur mismunandi Evrópulöndum skulu koma að því og, eftir því sem við á, aðrir viðkomandi samstarfsaðilar til að tryggja nýsköpun og ráðningarhæfi,

b) æðri menntastofnanir eða aðrir viðeigandi samstarfsaðilar frá þriðju löndum, s.s. rannsóknarmiðstöðvar, geta komið að því,

c) með því skal doktorsnámi hrundið í framkvæmd sem felur í sér náms- og rannsóknartíma við a.m.k. tvær stofnanir sem koma að því samkvæmt a-lið,

d) stuðla skal að því að námsdvöl verði liður í doktorsnáminu og einnig skal stuðla að samstarfi milli aðila á fræðasviðinu og í atvinnulífinu.

e) námið skal hafa innbyggt kerfi vegna viðurkenningar námstíma og rannsókna í stofnunum samstarfsaðila,

f) það skal leiða til veitingar sameiginlegra, tveggja eða fleiri en tveggja háskólagráða, sem Evrópulöndin viðurkenna eða faggilda, frá þátttökustofnunum. Stuðla skal að námi sem leiðir til sameiginlegra prófgráða,

g) í því skal koma á ströngum verklagsreglum um sjálfsmat og fallast á jafningjarýni utanaðkomandi sérfræðinga (frá Evrópuríki eða þriðju löndum) til að tryggja stöðug gæði doktorsnámsins,

h) taka skal frá lágmarksfjölda plássa fyrir doktorsnema frá Evrópulöndum og þriðju löndum, sem hafa fengið fjárstuðning samkvæmt áætluninni, og taka á móti þeim,

i) fastsetja skal sameiginleg inntökuskilyrði þar sem m.a. er tekið tilhlýðilegt tillit til kynja- og sanngirnissjónarmiða og sem auðvelda aðgang í samræmi við meginregluna um jöfn tækifæri og bann við mismunun,

j) það skal vera valkvætt hvort höfð eru skólagjöld, í samræmi við viðkomandi landslög og samninga sem viðkomandi aðilar gera sín á milli samkvæmt a- og b-lið.

k) samkomulag skal vera um að fara að þeim reglum sem gilda um aðferð við val á doktorsnemum,

l) taka skal upp viðeigandi fyrirkomulag til að auðvelda aðgang og móttöku doktorsnema frá Evrópu og þriðju löndum (upplýsingabúnað, gistiaðstöðu, aðstoð vegna vegabréfsáritana o.s.frv.),

m) gera má ráð fyrir að ráðningarsamningar verði notaðir í stað námsstyrkja fyrir doktorsnema ef það er leyfilegt samkvæmt landslögum,

n) með fyrirvara um tungumálið sem kennt er á skal séð til þess að notuð verði a.m.k. tvö evrópsk tungumál, sem eru töluð í aðildarríkjunum þar sem æðri menntastofnanir eru, sem koma að Erasmus Mundus-doktorsnámi, og að námsmenn hljóti undirbúnings tungumálakennslu og aðstoð eftir því sem við á, einkum með því að sækja námskeið sem viðkomandi stofnanir skipuleggja.

3. Erasmus Mundus-doktorsnám skal valið til fimm ára, með fyrirvara um árlegt endurnýjunarferli sem byggist á framvinduskýrslu. Tímabilið má fela í sér undirbúningsár fyrir inntöku doktorsnema,

C. NÁMSSTYRKIR

1. Bandalagið getur veitt meistara- og doktorsnemum í þriðju löndum og í Evrópu námsstyrki til fulls náms og auk þess veitt fræðimönnum frá þriðju löndum og Evrópu námsstyrki til skamms tíma. Til að gera áætlunina eftirsóknarverða fyrir ríkisborgara þriðju landa skal fjárhæð námsstyrkja til meistara- og doktorsnema þriðju landa í fullu námi (námsstyrkir í A-flokki) vera hærri en styrkir til evrópskra meistara-og doktorsnema (námsstyrkir í B-flokki).

   a) Bandalagið getur veitt meistara- og doktorsnemum í þriðju löndum, sem hafa verið samþykktir í Erasmus Mundus-meistaranám og Erasmus Mundus-doktorsnám á grundvelli samkeppnisferlis, námsstyrki í A-flokki til fulls náms. Þessir námsstyrkir eru veittir vegna náms í æðri menntastofnunum sem koma að Erasmus Mundus-meistaranámi eða Erasmus Mundus-doktorsnámi. Námsstyrki í A-flokki skal ekki veita námsmönnum þriðju landa sem hafa sinnt helstu viðfangsefnum sínum (námi, starfi o.s.frv.) lengur en 12 mánuði samtals í Evrópulandi síðastliðin fimm ár.

   b) Bandalagið getur veitt evrópskum meistara- og doktorsnemum, sem hafa verið samþykktir í Erasmus Mundus-meistara- og doktorsnám á grundvelli samkeppnisferlis, námsstyrki í B-flokki. Þessir styrkir eru veittir vegna náms í æðri menntastofnunum sem koma að Erasmus Mundus-meistara- eða doktorsnámi. Námsstyrki í B-flokki skal eingöngu veita þeim námsmönnum þriðju landa sem ekki geta sótt um námsstyrki í A-flokki.

   c) Bandalagið getur veitt gestafræðimönnum frá þriðju löndum skammtímastyrk til að taka þátt í Erasmus Mundus-meistaranámi í því skyni að stunda kennslu-, rannsóknar- og fræðistörf hjá stofnunum sem taka þátt í Erasmus Mundus-meistaranámi.

   d) Bandalagið getur veitt evrópskum gestafræðimönnum hjá æðri menntastofnunum þriðju landa, sem koma að Erasmus Mundus-meistaranámi, skammtímastyrk í því skyni að stunda kennslu-, rannsóknar- og fræðistörf í æðri menntastofnunum sem taka þátt í Erasmus Mundus-meistaranámi.

   e) Bandalagið skal sjá til þess að æðri menntastofnanir noti gagnsæjar viðmiðanir við veitingu námsstyrkja, þar sem m.a. er tekið tillit til meginreglnanna um jöfn tækifæri og bann við mismunun.

2. Meistara- og doktorsnemar frá Evrópu og þriðju löndum geta sótt um námsstyrki og einnig fræðimenn eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr.

3. Námsmönnum, sem hafa fengið námsstyrk, skal tilkynnt með nægilegum fyrirvara um fyrsta námsstað þeirra jafnskjótt og ákvörðun um styrkúthlutun hefur verið tekin.

4. Einstaklingar, sem hafa hlotið námsstyrk fyrir Erasmus Mundus-meistaranám, geta einnig fengið námsstyrk fyrir Erasmus Mundus-doktorsnám.

5. Framkvæmdastjórnin skal gera ráðstafanir til að tryggja að enginn einstaklingur fái fjárstuðning í sama tilgangi frá fleiri en einni Bandalagsáætlun. Einkum geta einstaklingar, sem hafa hlotið Erasmus Mundus-námsstyrk, ekki fengið Erasmus-styrk fyrir sama Erasmus Mundus-meistaranám eða -doktorsnám sem fellur undir Menntaáætlun ESB. Á sama hátt geta einstaklingar, sem fá styrk sem heyrir undir mannauðsáætlun (Marie Curie-verkefni) samkvæmt sjöundu rammaáætluninni um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni ([1]), ekki hlotið Erasmus Mundus-námsstyrk fyrir sama rannsóknartímabil.

([1]) Stjtíð. ESB L 54, 22.2.2007, bls. 91.

AÐGERÐ 2: ERASMUS MUNDUS-SAMSTARF

1. Bandalagið velur aðila til samstarfs, sem standa framarlega á sínu fræðasviði, sem í áætluninni nefnist „Erasmus Mundus-samstarf“. Þeir stuðla og fara að stefnu og sértækum markmiðum 3. gr. að svo miklu leyti sem þau eru í samræmi við þann lagagrundvöll sem fjármögnunin byggist á.

2. Að því er varðar áætlunina, og í samræmi við þann lagagrundvöll sem fjármögnunin byggist á, skal í Erasmus Mundus-samstarfi:

   a) hafa a.m.k. fimm æðri menntastofnanir frá a.m.k. þremur Evrópulöndum og nokkrar æðri menntastofnanir í tilteknum þriðju löndum sem ekki taka þátt í Menntaáætlun ESB og sem skal tilgreina í árlegum auglýsingum eftir tillögum,

   b) koma á samstarfi sem er grundvöllur fyrir miðlun verkkunnáttu,

   c) skipuleggja skipti á nemendum sem eru valdir á grundvelli námsárangurs á öllum stigum æðri menntunar (allt frá nemendum á fyrstu námsgráðu til nýdoktora), fræðimönnum og starfsfólki æðri menntastofnana í mislöng tilfærslutímabil, þ.m.t. möguleiki á starfsþjálunartímabili,

   d) hafa innbyggt kerfi vegna gagnkvæmrar viðurkenningar á náms- og rannsóknatíma í samstarfsstofnunum sem byggist á, eða samrýmist, evrópsku viðurkenningar- og uppsöfnunarkerfi fyrir námseiningar og einnig á sambærilegum kerfum í þriðju löndum,

   e) nota hreyfanleikagerninga sem eru þróaðir í Erasmus-áætluninni, s.s. viðurkenningu á fyrri námstímabilum, námssamkomulag og námsyfirlit,

   f) fastsetja sameiginleg inntökuskilyrði, þar sem m.a. er tekið tilhlýðilegt tillit til kynja- og sanngirnissjónarmiða og tungumálakunnáttu, og sem auðvelda aðgang í samræmi við meginregluna um jöfn tækifæri og bann við mismunun,

   g) samþykkja að virða þær reglur sem gilda um valferli styrkþega (námsmanna, fræðimanna og starfsfólks æðri menntastofnana),

   h) gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir aðgangi og móttöku námsmanna, fræðimanna og starfsfólks æðri menntastofnana frá Evrópu og þriðju löndum (upplýsingabúnaður, þjónusta, gistiaðstaða, aðstoð vegna vegabréfsáritana o.s.frv.),

   i) sjá til þess, með fyrirvara um tungumálið sem kennt er á, að notuð verði a.m.k. tvö evrópsk tungumál, með fyrirvara um tungumálið sem kennt er á, sem eru töluð í aðildarríkjunum þar sem æðri menntastofnanir eru, sem koma að Erasmus Mundus-samstarfinu, og að styrkþegar hljóti undribúnings tungumálakennslu og aðstoð eftir því sem við á, einkum með því að sækja námskeið sem viðkomandi stofnanir skipuleggja.

   j) koma á fleiri samvinnuaðgerðum, s.s. að veita tvöfaldar gráður, semja sameiginlegar námskrár, miðla bestu starfsvenjum o.s.frv.,

   k) að því er varðar ráðstafanir, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1905/2006 eða AKK-EB-samstarfssamninginn, hvetja til þess að ríkisborgarar þriðju landa snúi aftur til upprunalands síns að loknu náms- eða rannsóknartímabili svo að þeir megi stuðla að efnahagslegri þróun og velferð þessara landa.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi þriðju löndum fyrir milligöngu sendinefnda þeirra, skilgreina innlend og svæðisbundin forgangsverkefni samkvæmt þörfum tiltekins þriðja lands eða tiltekinna þriðju landa sem taka þátt í samstarfinu.

4. Erasmus Mundus-samstarf skal valið til þriggja ára, með fyrirvara um árlegt endurnýjunarferli sem byggist á framvinduskýrslu.

5. Námsmenn og fræðimenn frá Evrópu og þriðju löndum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr., geta sótt um námsstyrki.

6. Þegar námsstyrkjum er úthlutað skv. 2. gr. skal framkvæmdastjórnin styðja hópa sem eru illa settir félagslega og efnahagslega og íbúa sem búa við viðkvæmar aðstæður, án þess að stofna í hættu gagnsæi skilmála sem eru tilgreindir í f-lið 2. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera ráðstafanir til að tryggja að enginn einstaklingur fái fjárstuðning í sama tilgangi frá fleiri en einni Bandalagsáætlun. Einkum geta einstaklingar, sem hafa hlotið Erasmus Mundus-námsstyrk, ekki fengið Erasmus-styrk fyrir sama hreyfanleikatímabil í Menntaáætlun ESB. Á sama hátt eiga einstaklingar, sem fá styrk samkvæmt framangreindri „mannauðsáætlun“, ekki rétt á Erasmus Mundus-styrk fyrir sama náms- eða rannsóknartímabil.

8. Samstarf, sem valið er í tengslum við ytra samstarf í Erasumu Mundus-áætluninni (fyrra heiti aðgerðar 2), skal halda áfram innan ramma þeirrar aðgerðar til loka þess tímabils sem það hefur verið valið fyrir, með fyrirvara um einfalt árlegt endurnýjunarferli sem byggist á framvinduskýrslu.

AÐGERÐ 3: KYNNING Á ÆÐRI MENNTUN Í EVRÓPU

1. Með aðgerð 3 getur Bandalagið stutt starfsemi sem miðar að því að bæta aðgengi að æðri menntun í Evrópu, gera hana eftirsóknarverða og styrkja sérstöðu hennar og sýnileika. Aðgerðir skulu styðja markmið áætlunarinnar og tengjast alþjóðlegri skírskotun allra þátta æðri menntunar, s.s. kynning, aðgengi, gæðatrygging, viðurkenning á námseiningum, viðurkenning á evrópskri menntun og hæfi erlendis og gagnkvæm viðurkenning menntunar og hæfis í þriðju löndum, gerð námsskráa, hreyfanleiki, þjónustugæði o.s.frv. Til aðgerða getur talist kynning á áætluninni og árangur sem af henni hlýst.

2. Styrkhæfar stofnanir geta verið, í samræmi við f-lið 5. gr., opinberir aðilar eða einkaaðilar sem starfa á sviði æðri menntunar. Starfsemin skal rekin sem liður í verkefnum sem stofnanir frá a.m.k. þremur mismunandi Evrópulöndum taka þátt í og stofnanir frá þriðju löndum geta einnig tekið þátt í henni.

3. Starfsemin getur verið með ýmsu móti (ráðstefnur, málþing, vinnufundir, rannsóknir, greiningar, tilraunaverkefni, veiting verðlauna, alþjóðleg net, framleiðsla á efni til útgáfa, þróun upplýsinga, samskipta-og tæknibúnaðar o.s.frv.) og getur farið fram hvar sem er í heiminum. Framkvæmdastjórnin skal tryggja sem mesta dreifingu upplýsinga um starfsemi og þróun áætlunarinnar, einkum á vefsetri Erasmus Mundus sem er á mörgum tungumálum og sem ætti að gera sýnilegra og aðgengilegra.

4. Með starfseminni skal leitast við að koma á tengslum milli æðri menntunar og rannsókna annars vegar og æðri menntunar og einkageirans hins vegar í Evrópu og þriðju löndum og nýta mögulega samvirkni þegar kostur er.

5. Lögbær innlend yfirvöld skulu koma samþættri opinberri upplýsingastefnu til framkvæmda í samvinnu við þær æðri menntastofnanir sem taka þátt í áætluninni. Sú stefna miðast við að veittar séu fullnægjandi upplýsingar tímanlega og þær aðferðir sem á að nota séu útskýrðar, jafnframt skulu þau svæði, sem eru í minnihluta, hafa forgang.

6. Bandalagið getur stutt, eins og við á, tilnefndar stofnanir, í samræmi við b-lið 2. mgr. 6. gr., í viðleitni þeirra til að efla áætlunina og miðla niðurstöðum hennar innanlands og um heim allan.

7. Bandalagið skal styðja samtök allra fyrrverandi námsmanna (ríkisborgara frá þriðju löndum og Evrópu) sem hafa lokið Erasmus Mundus-meistaranámi og Erasmus Mundus-doktorsnámi.

TÆKNILEGAR STUÐNINGSRÁÐSTAFANIR

Heildarfjárhagsrammi áætlunarinnar getur einnig náð yfir kostnað sem tengist sérfræðingum, framkvæmdastofnun, þar til bærum aðilum í aðildarríkjum og, ef þörf er á, annars konar tæknilegri og stjórnunarlegri aðstoð sem framkvæmdastjórnin getur þurft að nýta sér til framkvæmdar áætluninni. Þess konar önnur tæknileg og stjórnunarleg aðstoð getur m.a. falið í sér rannsóknir, fundi, upplýsingastarfsemi, útgáfu, vöktun, eftirlit og endurskoðun, mat, útgjöld, sem tengjast upplýsingatækninetum vegna upplýsingamiðlunar, og hvers konar annan kostnað sem er beinlínis nauðsynlegur til framkvæmdar áætluninni og til að ná markmiðum hennar.

VALAÐFERÐIR

Eftirfarandi ákvæði gilda um valaðferðirnar:

a) val tillagna sem falla undir aðgerð 1 skal vera í höndum framkvæmdastjórnarinnar sem nýtur aðstoðar nefndar undir stjórn formanns sem nefndin kýs, en í henni sitja einstaklingar sem njóta mikillar virðingar á fræðasviðinu og sem eru lýsandi fyrir fjölbreytileika á sviði æðri menntunar í Evrópusambandinu. Dómnefndin skal tryggja að gæði Erasmus Mundus-meistara- og doktorsnáms sé sambærilegt við það sem best gerist á fræðasviðinu og að jafnframt sé tekið mið af þeirri þörf að landfræðileg dreifing styrkþega sé eins jöfn og frekast er unnt. Reyna skal að kynna mörg mismunandi fræðasvið til jafns á gildistíma áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja, á evrópskum vettvangi, mat á öllum styrkhæfum tillögum sem sjálfstæðir sérfræðingar á fræðasviðinu framkvæma áður en tillögurnar eru lagðar fyrir dómnefndina. Öllu Erasmus Mundus-meistara- og doktorsnámi skal úthlutað tilteknum fjölda námsstyrkja sem stofnunin (eða stofnanirnar) sem annast meistara- og doktorsnámið greiðir einstaklingunum sem eru valdir. Þær stofnanir sem koma að Erasmus Mundus-meistara- og doktorsnámi skulu velja meistaranema, doktorsnema og fræðimenn á grundvelli árangurs í námi, rannsóknum og kennslu að höfðu samráði við dómnefndina. Jafvel þótt aðgerð 1 eigi fyrst og fremst við námsmenn þriðju landa er hún einnig opin evrópskum námsmönnum. Valaðferðir fyrir Erasmus Mundus-meistara- og doktorsnám skulu fela í sér samráð við stofnanir sem eru tilnefndar í samræmi við b-lið 2. mgr. 6. gr,

b) framkvæmdastjórnin skal velja tillögur sem falla undir aðgerð 2 samkvæmt reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1085/2006, reglugerð (EB) nr. 1638/2006, reglugerð (EB) nr. 1905/2006, reglugerð (EB) nr.1934/2006, AKK-EB-samstarfssamningnum og innbyrðis AKK-EB-samningnum,

Með fyrirvara um ákvæði reglugerða og samninga, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal framkvæmdastjórnin tryggja að samstarfstillögur í Erasmus Mundus-samstarfinu uppfylli strängustu kröfur um gæði á fræðasviðinu en taki jafnframt tillit til þess að þörf er á að landfræðileg dreifing sé eins jöfn og frekast er unnt. Námsmenn og fræðimenn skulu valdir af stofnunum sem taka þátt í samstarfinu á grundvelli árangurs í námi, rannsóknum og kennslu, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Aðgerð 2 er einkum ætluð nemendum frá þriðju löndum. Með tilliti til gagnkvæmrar eflingar ætti hreyfanleiki samt sem áður einnig að að ná til ríkisborgara Evrópu,

c) framkvæmdastjórnin skal velja tillögur sem falla undir aðgerð 3,

d) framkvæmdastjórnin skal án tafar upplýsa nefndina, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., um allar ákvarðanir um val.

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

1. Fastar styrkfjárhæðir, gjaldskrár yfir einingaverð og verðlaun

Heimilt er að nota fastar styrkfjárhæðir og/eða gjaldskrár yfir einingaverð, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 181. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2342/2002 þegar um er að ræða aðgerðir sem um getur í 4. gr.

Heimilt er að nota fastar styrkfjárhæðir að hámarki 25 000 000 evrur á samstarfsaðila í samningi um styrk. Styrkina má sameina í allt að 100 000 evrur og/eða nota samhliða einingaverði.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að kveða á um veitingu verðlauna í tengslum við aðgerðir sem ráðist er í innan ramma áætlunarinnar.

2. Samstarfssamningar

Ef aðgerðir samkvæmt áætluninni eru styrktar samkvæmt rammasamningi um samstarf, skv. 163. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2342/2002, er heimilt að velja og fjármagna slíkt samstarf til fimm ára, með fyrirvara um einfaldað endurnýjunarferli.

3. Opinberar æðri menntastofnanir eða -samtök

Framkvæmdastjórnin skal fara með allar æðri menntastofnanir eða -samtök, sem aðildarríkin tilgreina og hafa fengið meira en 50% af árstekjum sínum frá opinberum aðilum undanfarin tvö ár, eða er stjórnað af opinberum aðilum eða fulltrúum þeirra, eins og þau hafi nauðsynlega fjárhagslega, faglega og stjórnunarlega getu auk nauðsynlegs fjárhagslegs stöðugleika til að framkvæma verkefni samkvæmt áætluninni. Ekki skal gera kröfu um að þau leggi fram viðbótargögn til að sýna fram á slíka getu eða stöðugleika. Slíkar stofnanir eða samtök mega vera undanþegin kröfum um endurskoðun samkvæmt fimmtu undirgrein 4. mgr. 173. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2342/2002.

4. Fagleg hæfni og menntun og hæfi umsækjenda

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í samræmi við 2. mgr. 176. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2342/2002, að tilteknir flokkar styrkþega búi yfir faglegri hæfni og menntun og hæfi sem krafist er til að ljúka við fyrirhugaða aðgerðar- eða starfsáætlun.

5. Ákvæði gegn svikum

Í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar skv. 7. gr., samningum og samþykktum vegna þeirra ásamt samþykktum við þátttakandi þriðju lönd, skal m.a. kveðið á um eftirlit og fjármálastjórn af hálfu framkvæmdastjórnarinnar (eða þeirra fulltrúa sem hún tilnefnir), þ.m.t. af hálfu Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um endurskoðun af hálfu endurskoðunarréttarins, á staðnum ef nauðsyn krefur.

Styrkþegar skulu sjá til þess, eftir því sem við á, að fylgiskjöl, sem samstarfsaðilar eða félagar hafa undir höndum, séu framkvæmdastjórninni tiltæk.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að láta fara fram endurskoðun á notkun styrksins og skal hún unnin annaðhvort af starfsliði hennar eða öðrum viðurkenndum utanaðkomandi aðila að hennar vali. Slíka endurskoðun er heimilt að láta fara fram allan samningstímann og í fimm ár eftir að verkefninu lýkur. Eftir því sem við á geta niðurstöður endurskoðunarinnar leitt til þess að framkvæmdastjórnin taki ákvörðun um endurgreiðslu.

Starfsfólk framkvæmdastjórnarinnar og utanaðkomandi starfslið, sem hefur heimild framkvæmdastjórnarinnar, skal hafa viðeigandi aðgangsrétt, m.a. að skrifstofum styrkþegans og að öllum upplýsingum, þ.m.t. upplýsingum á rafrænu formi sem eru nauðsynlegar við slíka endurskoðun.

Endurskoðunarrétturinn og Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum skulu hafa sömu réttindi og framkvæmdastjórnin, einkum að því er varðar aðgang.

Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt að láta fara fram vettvangseftirlit og -skoðun samkvæmt áætluninni í samræmi við reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangsskoðanir og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum ([1]).

Með tilliti til aðgerða Bandalagsins, sem eru fjármagnaðar samkvæmt þessari ákvörðun, skal hugtakið brot á reglum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ([2]), merkja öll brot á ákvæðum laga Bandalagsins eða hvers konar brot á samningsskuldbindingum vegna aðgerða eða aðgerðaleysis rekstraraðila sem með óréttmætum útgjaldalið tefla eða myndu tefla fjárlögum Evrópusambandsins eða fjármunum undir stjórn þess í tvísýnu.

([2]) Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.
([3]) Stjtíð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1098/2008/EB **2014/EES/73/82**

frá 22. október 2008

um Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun (2010) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Barátta gegn fátækt og félagslegri útilokun er ein meginskuldbinding Evrópusambandsins og aðildarríkja þess.

2) Með Amsterdam-sáttmálanum frá 1997 var nýjum ákvæðum um baráttuna gegn félagslegri útilokun bætt við fyrirliggjandi aðgerðasvið, sem falla undir félagsmálastefnu EB-sáttmálans, einkum 136. og 137. gr., og settur nýr lagarammi og grundvöllur fyrir nýjar skuldbindingar er varða stefnu á þessu sviði.

3) Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var viðurkennt að umfang fátæktar og félagslegrar útilokunar væri óviðunandi. Enn frekari uppbygging á Evrópusambandinu fyrir alla var þannig talin nauðsynlegur þáttur í því að ná 10 ára stefnumótandi markmiði Sambandsins um hagvöxt, fleiri og betri störf og aukna félagslega samheldni.

4) Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon voru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hvött til að gera ráðstafanir til að hafa „afgerandi áhrif á útrýmingu fátæktar“ fyrir árið 2010. Í því samhengi var samþykkt á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon að taka upp opið samráðsferli (OMC) á þessu sviði.

5) Frá upphafi hefur opna samráðsferlið vegna félagslegrar verndar og félagslegrar aðlögunar verið mikilvægt tæki til að styðja við þessa pólitísku skuldbindingu og auka getu ESB til að styðja aðildarríkin í viðleitni þeirra til að auka félagslega samheldni.

6) Með opna samráðsferlinu er hægt að efla gagnkvæma þekkingarmiðlun og hefja vitundarvakningu um margþætt eðli útilokunar og fátæktar. Með opna samráðsferlinu skapast aðstæður til að hafa meiri áhrif á vettvangi og sú merking sem Evrópusambandið leggur í félagsleg verðmæti verður sýnileg ríkisborgurunum.

7) Þrátt fyrir þennan árangur líður umtalsverður hópur íbúanna enn skort, hefur takmarkaðan og lakari aðgang að þjónustu eða er útilokaður frá samfélaginu. Í sameiginlegu skýrslunni um félagslega vernd og félagslega aðlögun frá 2008 er lögð áhersla á þá staðreynd að 78 milljónir manns í Evrópusambandinu lifa við fátæktarmörk, þar af eru börn 19 milljónir. Kynjamunurinn er um það bil tvö prósentustig.

8) Að auki er misskipting auðs og mikil fátækt vaxandi vandamál alls staðar í Evrópusambandinu.

9) Í þágu félagslegrar og efnahagslegrar samheldni er þörf á stuðningi til harðbýlla svæða, svæða sem eiga í varanlegum erfiðleikum við uppbyggingu, ystu svæða, tiltekinna eyja og aðildarríkja sem eru eyjar og til svæða þar sem flutningur framleiðsluafla úr iðnaði í verslun og þjónustu (e. deindustrialisation) eða aðlögun iðnaðar (e. industrial conversion) hefur nýlega átt sér stað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 25.

([1]) Stjtíð. ESB C 224, 30.8.2008, bls. 106.

([2]) Álit frá 18. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 2. október 2008.

10) Félagsleg útilokun kemur niður á velferð borgaranna, takmarkar getu þeirra til að tjá sig og þátttöku í samfélaginu. Af þeim sökum skal beina viðeigandi athygli að þessum þáttum á Evrópuári baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun (hér á eftir nefnt „Evrópuárið“).

11) Í ályktun sinni frá 15. nóvember 2007 um stöðu félagslegs veruleika vakti Evrópuþingið athygli á því að aukin félagsleg samheldni og útrýming fátæktar og félagslegrar útilokunar verði að vera pólitískt forgangsverkefni Evrópusambandsins.

12) Framfylgja á baráttunni gegn fátækt og félagslegri útilokun bæði innan Evrópusambandsins og utan þess, í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Evrópusambandið og aðildarríkin hafa fallist á.

13) Vandamál fátæktar og félagslegrar útilokunar birtist í almennum, flóknum og margþættum myndum. Það tengist mörgum þáttum, s.s. tekjum og lífskjörum, þörf á menntun og mannsæmandi atvinnutækifærum, skilvirku félagsverndarkerfi, húsnæði, aðgangi að gæðaþjónustu á sviði heilsuverndar og annarri þjónustu, sem og virkri þátttöku í samfélaginu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hagsmunaaðilar í öllum viðkomandi málaflokkum taki þátt.

14) Þar af leiðir að forvarnastarfið og baráttan gegn fátækt krefst margþættra stefnumála á lands-, svæðis- og staðarvísu sem tryggir jafnvægi milli efnahags- og félagsmálastefnu og markvissra áætlana fyrir hópa eða einstaklinga í sérstaklega viðkvæmum aðstæðum. Evrópuárið getur orðið hvati að eflingu margþættra stefnumála af því tagi ásamt frekari þróun á viðeigandi vísum.

15) Framkvæmdaáætlunin um félagsmál 2005 til 2010, sem kemur til viðbótar við og styður við Lissabon-áætlunina, gegnir lykilhlutverki við að efla þann þátt hagvaxtar er lýtur að félagsmálum og virkri þátttöku borgara í samfélaginu og á vinnumarkaðnum. Eitt af forgangsatriðum framkvæmdaáætlunarinnar um félagsmál er að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir alla, sem leið til félagslegrar samstöðu og samstöðu kynslóðanna og til að skapa þjóðfélag án fátæktar þar sem tekið er tillit til allra hópa.

16) Í aðgerðaáætlunum nokkurra aðildarríkja um félagslega aðlögun leggja þau áherslu á þá miklu fátækt og/eða hættu á útilokun sem tilteknir hópar standa frammi fyrir, þ.m.t. börn, þeir sem hætta snemma í skóla, einstæðir foreldrar, stórar fjölskyldur, fjölskyldur með eina fyrirvinnu, ungmenni, einkum ungar konur, eldra fólk, farandlaunþegar og þjóðernisminnihlutahópar, fatlað fólk og þeir sem það annast, heimilislaust fólk, atvinnulaust fólk, einkum það sem hefur verið atvinnulaust í langan tíma, fangar, konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og þeir sem misnota vímuefni í miklum mæli. Stefnan í hverju aðildarríki og stuðningsaðgerðir, sem beinast að viðkvæmustu hópunum, gætu verið veigamikill þáttur í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útilokun.

17) Mannsæmandi starf getur dregið verulega úr hættu á því að viðkomandi einstaklingur búi við fátækt. Starf dugar þó í sjálfu sér ekki alltaf til þess að hefja fólk úr fátæk og hlutfall þeirra sem búa við fátæktmörk er enn tiltölulega hátt, jafnvel hjá þeim sem hafa atvinnu. Fátækt einstaklinga sem eru í starfi tengist lágum launum, launamuni kynjanna, lítilli færni, takmörkuðum starfsþjálfunartækifærum, þörfinni á að sameina fjölskyldulíf og starf, ótryggu starfi og vinnuskilyrðum, ásamt erfiðum heimilisaðstæðum. Þannig eru gott starf og félagslegur og efnahagslegur stuðningur nauðsynleg forsenda þess að hefja einstaklinga úr fátækt.

18) Skortur á grunnfærni og -menntun sem fellur að breytilegri þörf vinnumarkaðarins er einnig mikil hindrun hvað varðar aðlögun að samfélaginu. Vaxandi hætta er á að ný gjá myndist í þjóðfélaginu milli þeirra sem hafa aðgang að símenntun til að bæta ráðningarhæfi sitt og aðlögunarhæfni og til að stuðla að persónulegum þroska og virkri þátttöku í samfélaginu og þeirra sem eru félagslega útilokaðir og verða fyrir mismunun með ýmsu móti. Þeir sem ekki búa yfir fullnægjandi færni eiga erfiðara með að komast inn á vinnumarkaðinn og finna góð störf, þeir eru líklegri til að vera lengi atvinnulausir og ef þeir fá vinnu er líklegt að það sé láglaunastarf.

19) Framboð á og hæfni til að nota upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) er í vaxandi mæli forsenda aðlögunar. Í ráðherrayfirlýsingu, sem var samþykkt 11. júní 2006 í Ríga, er kallað eftir upplýsingasamfélagi fyrir alla.

20) Almennur og pólitískur stuðningur er lykilatriði þess að aðgerðir Bandalagsins í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útilokun skili árangri. Einnig styður skilvirk framkvæmd löggjafar Evrópusambandsins um jöfn tækifæri og bann við mismunun markmiðin með Evrópuárinu. Af þeim sökum skal Evrópuárið verða hvatning til að hefja vitundarvakningu, til að koma hreyfingu á málið og til að miðla bestu stafsvenjum milli aðildarríkjanna, staðbundinna og svæðisbundinna yfirvalda og alþjóðastofnana sem taka þátt í baráttunni gegn fátækt. Það skal stuðla að því að sérstök áhersla sé lögð á að hinn pólitíski vettvangur beini athygli sinni að og virki alla sem í hlut eiga til þess efla opið samráðsferli vegna félagslegrar verndar og félagslegrar aðlögunar, auk þess að stuðla að frekari aðgerðum og framtaksverkefnum á Bandalags- og landsvísu á þessu sviði, í tengslum við það fólk sem býr við fátækt og fulltrúa þess.

21) Á Evrópuárinu skal efla stefnur um virka aðlögun til að fyrirbyggja fátækt og félagslega útilokun og stuðla að bestu starfsvenjum á þessu sviði innan opna samráðsferlisins.

22) Mismunandi árangur, sem náðst hefur í aðildarríkjunum, hverju fyrir sig, og mismunandi félagshagfræðilegt og menningarlegt samhengi og forgangsröðun aðildarríkjanna kalla á að umtalsverður hluti aðgerða, sem heyrir undir Evrópuárið, verði dreifstýrður á landsvísu á grundvelli óbeins, miðlægs stjórnunarkerfis, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]) og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([2]).

23) Framkvæmdastjórnin skal þó fylgjast með skilgreiningu á forgangsröðun stefnumála á landsvísu með það í huga að tryggja samræmi við stefnumarkmiðin sem samþykkt voru fyrir Evrópuárið og þar með við sameiginlegu markmiðin sem voru fastsett fyrir opna samráðsferlið.

24) Árangursrík samræming allra samstarfsaðila, sem vinna að þessu á vettvangi Bandalagsins, á lands-, svæðis- og staðarvísu er grundvallarforsenda þess að tryggja góðan árangur Evrópuársins. Staðbundnir og svæðisbundnir samstarfsaðilar hafa það sérstaka hlutverk að standa vörð um hagsmuni fólks sem býr við fátækt eða félagslega útilokun.

25) Þátttaka í Evrópuárinu skal vera opin aðildarríkjunum, ríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES), í samræmi við ákvæði þess samnings, umsóknarlöndunum, sem njóta ávinnings af foraðildaráætlun, og löndum á vesturhluta Balkanskaga, í samræmi við skilyrði samninga hvers lands um sig, sem og löndum sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna (European Neighbourhood Policy) í samræmi við ákvæði stefnumótunarskjalsins frá maí 2004 og aðgerðaráætlanir landanna.

26) Evrópuárið getur stuðlað að meiri samræmingu milli núverandi áætlana og framtaksverkefna í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útilokun á vettvangi Bandalagsins, þ.m.t. opið samráðsferli vegna félagslegrar verndar og félagslegrar aðlögunar.

27) Tryggja skal að aðgerðin samrýmist og komi til fyllingar öðrum aðgerðum Bandalagsins, einkum PROGRESS-áætluninni, þróunarsjóðunum og Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAFRD), aðgerðum til að berjast gegn mismunun og stuðla að jafnrétti kynjanna og grundvallarréttindum, og aðgerðum á sviði menntunar og starfsmenntunar, menningarmála og þvermenningarlegrar umræðu, æskulýðsmála, réttinda og skyldna borgaranna, innflutnings fólks og rannsókna.

28) Á Evrópuárinu skal haldið áfram með bestu starfsvenjur sem komið var á með fyrri Evrópuárum, þ.m.t. Evrópuári jafnra tækifæra fyrir alla (2007) og Evrópuári þvermenningarlegrar umræðu (2008).

29) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir á meðan áætlunin varir og er hann helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins í skilningi 37. liðar samstarfssamnings frá 17. maí 2006 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun ([3]).

30) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, m.a. vegna þess að til þess þarf marghliða samstarf, upplýsingaskipti milli landa og útbreiðslu góðra starfsvenja um allt Bandalagið, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs aðgerðarinnar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrrnefndri grein.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Evrópuárið

Með það í huga styðja aðgerðir Bandalagsins til að berjast gegn félagslegri útilokun skal árið 2010 tilnefnt sem „Evrópuár baráttunnar gegn fátækt og félagslegri útilokun“ (hér á eftir nefnt „Evrópuárið“).

2. gr.

Markmið og leiðbeinandi meginreglur

1. Markmiðin með Evrópuárinu og leiðbeinandi meginreglur eru sem hér segir:

a) Viðurkenning réttinda — viðurkenning á þeim grundvallarréttindum fólks, sem býr við fátækt og félagslega útilokun, að lifa með mannlegri reisn og taka fullan þátt í samfélaginu. Evrópuárið mun hafa í för með sér vitundarvakningu meðal almennings um aðstæður fátæks fólks, einkum hópa eða einstaklinga í viðkvæmum aðstæðum, og það mun stuðla að virkum aðgangi að félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum réttindum, sem og fullnægjandi úrræðum og gæðaþjónustu. Evrópuárið mun einnig stuðla að því að unnið sé á móti staðalímyndum og fordæmingu.

([1]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

b) Sameiginleg ábyrgð og þátttaka — aukin almenn ábyrgð í stefnumálum er varða félagslega aðlögun og aðgerðir, með áherslu á sameiginlega ábyrgð eða einstaklingsábyrgð í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útilokun, sem og mikilvægi þess að stuðla að og styðja við sjálfboðavinnu. Með Evrópuárinu er stuðlað að þátttöku einstaklinga og einkaaðila, m.a. með markvissri samvinnu. Það mun leiða til vitundarvakningar og stuðnings við málstaðinn og gera öllum borgurum kleift að leggja sitt af mörkum, einkum þeim einstaklingum sem hafa með beinum eða óbeinum hætti kynnst fátækt.

c) Samheldni — stuðla að aukinni samheldni í samfélaginu með vitundarvakningu meðal almennings um að allt samfélagið hafi hag af því að útrýma fátækt, að koma á réttlátri skiptingu og að koma í veg fyrir að einstaklingar lendi utangarðs. Evrópuárið stuðlar að samfélagi sem viðheldur góðum lífsgæðum og eykur þau, þ.m.t. gæði í tengslum við færni og atvinnu, félagslega velferð, þ.m.t. velferð barna, og jöfnum tækifæri fyrir alla. Enn fremur mun það tryggja sjálfbæra þróun og samstöðu milli kynslóða og innan þeirra og samfellu í stefnumálum er varða aðgerðir Evrópusambandsins um allan heim.

d) Skuldbinding og athafnir — að leggja áherslu á að ESB og aðildarríkin hafi af einurð skuldbundið sig til þess pólitískt að hafa afgerandi áhrif á útrýmingu fátækrar og félagslegrar útilokunar og að stuðla að þessari skuldbindingu og aðgerðum á öllum stigum stjórnsýslunnar. Með því að byggja á árangri og möguleikum opna samráðsferlisins vegna félagslegrar verndar og félagslegrar aðlögunar mun Evrópuárið verða til þess að efla pólitíska skuldbindingu með því að leggja pólitíska áherslu á og virkja alla hagsmunaaðila í forvörnum og baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun og hvetja til frekari aðgerða aðildarríkjanna og Evrópusambandsins á þessu sviði.

2. Við framkvæmd þessara markmiða skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin taka mið af þeim forgangsverkefnum sem tilgreind eru í IV. hluta viðaukans.

3. gr.

Helstu aðgerðasvið

1. Aðgerðirnar á vettvangi Bandalagsins og hvers aðildarríkis um sig, sem er ætlað að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í 2. gr., geta einkum verið eftirfarandi:

a) fundir og viðburðir,

b) upplýsingaherferðir, kynningar- og fræðsluátak,

c) kannanir og rannsóknir í öllu Bandalaginu eða í einstökum aðildarríkjum, byggðar á kyngreindri gagnasöfnun eftir því sem við á.

2. Upplýsingar um aðgerðirnar, sem um getur í 1. mgr., eru settar fram í viðaukanum.

3. Allar aðgerðir sem beinast að almenningi skulu vera með þeim hætti að allir hafi greiðan aðgang að þeim, þ.m.t. fólk sem býr við fátækt og fatlað fólk.

4. gr.

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Á Evrópuárinu skal taka mið af ólíkri áhættu og þáttum fátæktar og félagslegrar útilokunar sem konur og karlar búa við. Bandalagið og aðildarríkin skulu taka tillit til samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða við framkvæmd Evrópuársins.

5. gr.

Samstarf og framkvæmd á vettvangi Bandalagsins

1. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við þá ráðgefandi málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að aðgerðir Bandalagsins, sem falla undir þessa ákvörðun, komi til framkvæmda í samræmi við viðaukann.

3. Framkvæmdastjórnin skal einkum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgerðir séu í samræmi við og komi til fyllingar aðgerðum Bandalagsins og þeim framtaksverkefnum sem um getur í 10. gr., með það í huga að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í 2. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá um regluleg skoðanaskipti við hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem starfa með fólki sem býr við fátækt, einkum á evrópskum vettvangi, um skipulag, framkvæmd, eftirfylgni og mat á Evrópuárinu. Hún skal koma viðeigandi upplýsingum á framfæri til almennings.

5. Framkvæmdastjórnin skal vera í nánu samstarfi við nefndina um félagslega vernd varðandi undirbúning og framkvæmd Evrópuársins og upplýsa, eftir því sem við á, aðrar viðkomandi nefndir eða vera í samráði við þær.

6. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, vera í samstarfi við aðrar stofnanir Evrópusambandsins, aðila, skrifstofur og embætti.

6. gr.

Samstarf og framkvæmd á innlendum vettvangi

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna sinn framkvæmdaraðila til að skipuleggja þátttöku þess í Evrópuárinu og tryggja samræmingu á landsvísu. Framkvæmdaaðili hvers aðildarríkis ber ábyrgð á að skilgreina landsáætlunina og forgangsverkefni fyrir Evrópuárið og á því að velja einstakar aðgerðir sem tillaga er gerð um að Bandalagið fjármagni. Í hverju aðildarríki skal setja fram aðgerðaráætlun og forgangsverkefni fyrir Evrópuárið í samræmi við markmiðin sem eru tilgreind í 2. gr.

2. Málsmeðferð við fjárveitingar frá Bandalaginu vegna aðgerða hvers aðildarríkis er sett fram í II. hluta viðaukans.

3. Framkvæmdaaðili hvers aðildarríkis skal við störf sín, einkum við gerð landsáætlunarinnar og, eftir því sem við á, við framkvæmd Evrópuársins, hafa náið samráð og samstarf við breiðan hóp hlutaðeigandi hagsmunaaðila, þ.m.t. borgaraleg samtök og samtök sem verja hagsmuni eða koma fram fyrir hönd þeirra sem búa við fátækt og eru félagslega útilokaðir, aðila vinnumarkaðarins og svæðisbundin og staðbundin yfirvöld.

7. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Hver fulltrúi aðildarríkis í nefndinni skal tilnefndur, þar sem því verður við komið, af framkvæmdaaðila aðildarríkisins sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

8. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Heimilt er að styrkja aðgerðir á vettvangi Bandalagsins um allt að 80%, eins og kemur fram í I. hluta viðaukans, eða gera kaupsamninga sem eru fá fjármagn á fjárlögum Evrópusambandsins.

2. Aðgerðir á lands-, svæðis- eða staðbundnum vettvangi má að hluta fjármagna af fjárlögum Evrópusambandsins eða að hámarki 50% af aðstoðarhæfum heildarkostnaði aðgerðanna, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í II. hluta viðaukans.

9. gr.

Málsmeðferð við umsóknir og val

1. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir um fjármögnun aðgerða skv. 1. mgr. 8. gr., í samræmi við þá ráðgefandi málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

2. Framkvæmdaaðili í hverju aðildarríki skal leggja fram beiðnir um fjárhagsaðstoð vegna aðgerða skv. 2. mgr. 8. gr. fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í II. hluta viðaukans.

10. gr.

Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt þátttökuríkjunum, tryggja samræmi milli þeirra ráðstafana, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, og annarra landsbundinna, svæðisbundinna og staðbundinna aðgerða og framtaksverkefna Bandalagsins.

2. Þau skulu enn fremur tryggja að Evrópuárið falli að öllu leyti að fyrirliggjandi framtaksverkefnum og úrræðum Bandalagsins, á innlendum vettvangi og svæðisbundnum vettvangi í þeim tilvikum þar sem þau geta stuðlað að því að markmiðum Evrópuársins verði náð.

11. gr.

Þátttökulönd

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í Evrópuárinu:

a) aðildarríkjum,

b) umsóknarlöndum, sem njóta ávinnings af foraðildaráætlun, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku viðkomandi landa í áætlunum Bandalagsins, sem mælt er fyrir um í rammasamningnum og ákvörðunum samstarfsráða, eftir því sem við á,

c) löndunum á vesturhluta Balkanskaga, í samræmi við ráðstafanir sem gerðar verða í samkomulagi við þessi lönd á grundvelli rammasamningsins um almennar meginreglur um þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins,

d) EFTA-ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, í samræmi við ákvæði í þeim samningi,

e) samstarfslöndum í evrópsku nágrannastefnunni (ENP), í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku viðkomandi landa í áætlunum Bandalagsins, sem mælt er fyrir um í stefnumótunarskjalinu frá maí 2004 og aðgerðaráætlunum landanna. Hvers konar fjárhagsstuðningur Bandalagsins við aðgerðir í samstarfslöndum í evrópsku nágrannastefnunni í þessu samhengi fellur undir stjórntæki evrópsku nágrannastefnunnar í samræmi við forgangsverkefni og málsmeðferð sem komið var á vegna almenns samstarfs við þessi lönd.

12. gr.

Fjárveiting

1. Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd þeirra aðgerða, sem um getur í þessari ákvörðun, fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til 31. desember 2010, skal vera 17 000 000 evrur, þar af skulu 6 500 000 evrur vera fyrir tímabilið fram til 31. desember 2009.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsrammans 2007-2013.

13. gr.

Alþjóðleg samvinna

Að því er Evrópuárið varðar er framkvæmdastjórninni heimilt að starfa með viðeigandi alþjóðastofnunum, einkum Evrópuráðinu, Alþjóðavinnumálastofnuninni og Sameinuðu þjóðunum.

14. gr.

Vernd fjárhagslegra hagsmuna Bandalagsins

Framkvæmdastjórnin skal tryggja vernd hagsmuna Bandalagsins þegar gripið er til aðgerða sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari ákvörðun, með því að beita fyrirbyggjandi aðgerðum gegn svikum, spillingu og hvers konar öðru ólöglegu athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og endurheimta fjárhæðir, sem greiddar hafa verið á óréttmætan hátt, og, ef í ljós kemur að reglur eru ekki virtar, með viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ([1]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangsskoðanir og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum ([2]), og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([3]).

15. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2011, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina skýrslu um framkvæmd, niðurstöður og heildarmat á þeim aðgerðum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

2. Í skýrslunni skulu einnig vera upplýsingar um að hvaða leyti tillit hefur verið tekið til kynjaþáttarins í aðgerðum Evrópuársins og hvernig Evrópuárið hefur nýst hópum eða einstaklingum í viðkvæmum aðstæðum.

16. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 22. október 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J.-P. JOUYET
forseti.	*forseti.*

([1]) Stjtíð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.
([3]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

VIÐAUKI

Nánari lýsing á aðgerðunum sem um getur í 3. gr. þessarar ákvörðunar

I. AÐGERÐIR Á VETTVANGI BANDALAGSINS

1. **Fundir og viðburðir:**

Skipulag funda og viðburða á vettvangi Bandalagsins, sem ætlaðir eru til vitundarvakningar um málefni sem tengjast Evrópuárinu og um fátækt og félagslega útilokun, auk þess að skapa vettvang til að skiptast á hugmyndum. Þessir fundir ná til hlutaðeigandi hagsmunaaðila og verða skipulagðir í samstarfi við fátækt fólk og borgaraleg samtök sem koma fram fyrir hönd þess hóps. Þessir fundir og viðburðir munu auðvelda undirbúning ráðstafana og aðferða með tilliti til félagslegrar valdeflingar fyrir alla og bæta úr því sem á skortir í stefnumálum, auk þess að leiða til vitundarvakningar meðal hlutaðeigandi aðila og stofnana um hversu margþætt fátækt og félagsleg útilokun er (einkum meðal kvenna og barna), þ.m.t. aðgangur að störfum, húsnæði, félagslegri vernd, fjölskyldustuðningi, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

2. **Upplýsingaherferðir og kynningarátak sem fela í sér:**

— skipulagningu margs konar samstöðuverkefna til að draga úr fátækt og félagslegri útilokun, sem veita öllum borgurum tækifæri til að leggja sitt af mörkum með beinum hætti eða í gegnum samtök sín, einnig í litlum mæli og í hvaða mynd sem er. Fjölmiðlaherferðir á vettvangi Bandalagsins og í hverju aðildarríki geta stutt fjáröflunaraðgerðir í tengslum við Evrópuárið,

— mótun kennimerkis, sem fæst með ýmiss konar sniði, og slagorða fyrir Evrópuárið til nota í tengslum við allar aðgerðir sem tengjast Evrópuárinu,

— upplýsingaherferð á vettvangi Bandalagsins sem fram fer á lands- eða staðarvísu og byggir hvort tveggja á hefðbundnum og nýjum samskiptaleiðum og nýrri tækni,

— gerð samskipta- og fjölmiðlatækja sem eru aðgengileg alls staðar í Bandalaginu til að örva áhuga almennings,

— viðeigandi ráðstafanir og framtaksverkefni til að veita upplýsingar, birta niðurstöðurnar og auka sýnileika áætlana Bandalagsins, aðgerða og framtaksverkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópuársins verði náð,

— viðeigandi framtaksverkefni menntastofnana, frjálsra félagasamtaka og góðgerðarsamtaka innan Bandalagsins og í einstökum aðildarríkjum, til að miðla upplýsingum um Evrópuárið og um ráðstafanir til að berjast gegn fátækt og félagslegri útilokun,

— skipulagningu samkeppna á evrópskum vettvangi þar sem lögð er áhersla á árangur og reynslu af viðfangsefnum Evrópuársins,

— sterka tengingu við samtök og geira sem venjulega eru ekki þátttakendur í málum sem tengjast fátækt og félagslegri útilokun (t.d. íþróttir, listir), þ.m.t. notkun vitnisburða og „sendiherra“,

— stofnun upplýsingavefseturs um Evrópu.

3. **Aðrar aðgerðir:**

— Kannanir og rannsóknir sem taka til alls Bandalagsins, sem byggja á kyngreindri gagnaöflun, eftir því sem við á, til að meta og skýra frá undirbúningi, skilvirkni og tafarlausum áhrifum og langtímaáhrifum Evrópuársins. Til að auðvelda leit að nýjum lausnum mun ein könnun af þessu tagi einnig meta viðhorf almennings til stefnumála er varða baráttuna gegn fátækt og félagslegri útilokun, þ.m.t. eftir því sem við á, félagsverndarkerfa og hugsanlegs hlutverks Evrópusambandsins í baráttunni gegn fátækt og útilokun. Könnunin verður gerð árið 2009 svo að hægt verði að kynna niðurstöður hennar á opnunarráðstefnu Evrópuársins.

— Efling rannsókna á því hver eru tengsl mikillar fátæktar og grundvallarréttinda.

— Samvinna við einkageirann, útvarpsrekendur og aðra sem sinna fjölmiðlun sem samstarfsaðila við það verkefni að dreifa upplýsingum um Evrópuárið, auk aðgerða sem beinast að langtímaumræðum um félagsleg málefni.

— Tækniaðstoð til að auðvelda yfirfærslu þekkingar.

— Matsskýrsla um árangur og áhrif Evrópuársins.

Hægt væri að koma á sérstakri tengingu við skipulagningu atburða á Evrópuvettvangi og alþjóðavettvangi, einkum með því að skapa samvirkni milli Evrópuársins og þeirrar starfsemi er tengist alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna um útrýmingu fátæktar hinn 17. október.

Framkvæmdastjórnin getur nýtt sér tækni- og/eða stjórnsýsluaðstoð, sem hvort tveggja framkvæmdastjórnin og þátttökuríkin hafa hag af, t.d. með því að fjármagna álitsgerðir utanaðkomandi sérfræðinga um tiltekin málefni.

4. **Fjármögnun**

Með fyrirvara um ákvæði 8. og 12. gr. þessarar ákvörðunar getur fjármögnun verið:

— kaup á vörum og þjónustu, einkum á sviði fjarskipta, með útboðum,

— kaup á ráðgjafarþjónustu með útboði,

— styrkir, veittir til að standa straum af kostnaði við sérstaka viðburði sem eru skipulagðir á vettvangi Bandalagsins til að leggja áherslu á og leiða til vitundarvakningar um Evrópuárið. Slík fjárframlög skulu ekki fara yfir 80% af heildarútgjöldum styrkþegans.

II. SAMEIGINLEG FJÁRMÖGNUN AÐGERÐA Á LANDSVÍSU

Í þessum aðgerðum skal taka mið af nauðsyn þess að bjóða fjármögnunartækifæri sem tryggja aðgang grasrótarsamtaka og fyrir verkefni sem ystu jaðarhópar taka þátt í.

1. Aðgerðir á lands-, svæðis- eða staðbundnum vettvangi er hægt að fjármagna á fjárlögum Bandalagsins svo að nemi allt að 50% af aðstoðarhæfum heildarkostnaði fyrir hvert þátttökuríki. Sameiginleg fjármögnun innanlands skal vera jafnhá fjármögnun ESB og skal a.m.k. 50% koma úr opinberum sjóðum eða frá einkaaðilum. Við val á aðgerðum er framkvæmdaaðilum aðildarríkjanna frjálst að ákveða hvort og að hve miklu leyti þeir fara fram á sameiginlega fjármögnun frá þeim samtökum sem bera ábyrgð á framkvæmd einstakra aðgerða.

2. Eftir samþykkt þessarar ákvörðunar mun framkvæmdastjórnin undirbúa stefnumótandi grunnskjal þar sem fastsett verða, ásamt markmiðunum sem sett eru fram í 2. gr. þessarar ákvörðunar, helstu forgangsatriði við framkvæmd aðgerða Evrópuársins, þ.m.t. lágmarksskilyrði um þátttöku aðila í hverju aðildarríki og aðgerðir.

3. Að því er varðar þetta stefnumótandi grunnskjal mun framkvæmdaraðili aðildarríkis, að höfðu samráði við fulltrúa borgaralegs samfélags, leggja fram landsáætlun um framkvæmd Evrópuársins í nánu samstarfi og samræmi við landsáætlanir um félagslega vernd og félagslega aðlögun.

4. Framkvæmdaaðili hvers aðildarríkis leggur fram eina umsókn um fjárframlög frá Bandalaginu. Styrkumsókninni skal fylgja lýsing á landsáætluninni og forgangsverkefnum á Evrópuárinu og þeim aðgerðum sem lagt er til að verði fjármagnaðar. Styrkumsókninni skal fylgja sundurliðuð fjárhagsáætlun þar sem fram kemur heildarkostnaður við þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru og fjárhæðir og uppruni sameiginlegrar fjármögnunar. Heimilt er að telja með aðstoðarhæfan kostnað, vegna starfsmanna og stjórnunar sem framkvæmdaaðili aðildarríkis hefur stofnað til.

5. Samþykkt heildarstyrkja til þátttökuríkja veltur á því að hve miklu leyti komið er til móts við markmiðin, sem sett eru fram í 2. gr. þessarar ákvörðunar, og eru útfærð í hinu stefnumótandi grunnskjali, í landsáætluninni um framkvæmd Evrópuársins.

6. Framkvæmdastjórnin mun meta umsóknir um fjárframlög frá Bandalaginu, sem framkvæmdaraðilar aðildarríkjanna leggja fram, þ.m.t. með því að kanna hvort þær samrýmist þeim markmiðum sem um getur í 2. gr. þessarar ákvörðunar. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin fara fram á að umsóknirnar verði lagfærðar.

7. Aðgerðir, sem falla undir 1. lið hér að framan, geta m.a. verið:

a) fundir og viðburðir í tengslum við markmið Evrópuársins, þ.m.t. viðburðir innanlands til að hefja og kynna Evrópuárið, hafa hvetjandi áhrif og koma á opnum vettvangi fyrir umræðu um markvissar aðgerðir til að berjast gegn fátækt og félagslegri útilokun,

b) málstofur um gagnkvæma þekkingarmiðlun á lands-, svæðis- og staðarvísu,

c) aðrir atburðir í tengslum við undirbúning á framtaksverkefnum á vettvangi Bandalagsins (t.d. árlegu evrópsku hringborðsumræðurnar um fátækt og félagslega útilokun og Evrópufundur fátæks fólks),

d) upplýsingaherferðir, fræðslu- og kynningarátak og aðrar aðgerðir í skólum og ráðstafanir sem hafa mikil margfeldisáhrif við að koma á framfæri þeim meginatriðum og gildum sem liggja að baki Evrópuárinu á lands-, svæðis- og staðarvísu, þ.m.t. skipulagning verðlaunaafhendinga og samkeppna,

e) skýrslur og rannsóknir aðrar en þær sem taldar eru upp í 3. lið I. hluta til að rannsaka ítarlegar helstu málefni Evrópuársins,

f) starfsþjálfunartækifæri fyrir opinbera starfsmenn, aðila vinnumarkaðarins, fjölmiðla, fulltrúa frjálsra félagasamtaka og aðra aðila til að auka þekkingu sína á fyrirbærinu fátækt og félagsleg útilokun, á stefnum er varða félagslega aðlögun í hverju aðildarríki og á vettvangi Evrópu og um mismunandi stjórntæki sem fyrir hendi eru, til að auka getu þeirra til að takast á við málefni tengd fátækt og hvetja þessa aðila til að vera virkir þátttakendur í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útilokun,

g) samstarf við fjölmiðla,

h) þróun svæðis- og staðbundinna tilraunaáætlana um aðgerðir vegna félagslegrar aðlögunar.

III. STUÐNINGUR ANNAR EN FJÁRHAGSLEGUR

Bandalagið mun veita annan stuðning en fjárhagslegan, þ.m.t. skriflega heimild til að nota sérstakt kennimerki sem búið var til fyrir Evrópuárið og annað efni sem tengist Evrópuárinu vegna framtaksverkefna sem opinberar eða einkareknar stofnanir taka að sér, að því tilskildu að þær síðarnefndu geti veitt framkvæmdastjórninni tryggingu — á grundvelli sérstakra viðmiðana sem settar eru fram í hinu stefnumótandi grunnskjali — á því að framtaksverkefnin, sem um er að ræða, séu eða verði innt af hendi á meðan Evrópuárið stendur yfir og þau séu líkleg til að leggja verulega mikið af mörkum til þess að ná markmiði þess eða markmiðum.

Framtaksverkefni, sem skipulögð eru í þriðju löndum í tengslum við Evrópuárið, eða samvinna tengd því geta einnig fengið annan stuðning en fjárhagslegan frá Bandalaginu og notað kennimerkið og annað efni sem tengist Evrópuárinu.

IV. STARFSEMI Á EVRÓPUÁRINU SEM NÝTUR FORGANGS

Með tilliti til margþætts eðlis fátæktar og félagslegrar útilokunar og með það í huga að samþætta forvarnir og baráttuna gegn fátækt og félagslegri útilokun öðrum stefnumálum skulu aðgerðir Evrópuársins miða að því að skapa greinilegan ávinning og gagnlega viðbót við opna samráðsferlið vegna félagslegrar verndar og félagslegrar aðlögunar. Þessi starfsemi skal því beinast að takmörkuðum fjölda forgangssviða.

Í samræmi við þá greiningu sem gerð hefur verið og þau forgangsverkefni, sem eru skilgreind í sameiginlegu skýrslunni um félagslega vernd og félagslega aðlögun, skal lögð sérstök áhersla á eftirfarandi viðfangsefni á Evrópuárinu:

— að stuðla að margþættum og heilsteyptum áætlunum um að fyrirbyggja og draga úr fátækt, einkum mikilli fátækt, og aðferðum sem komið yrði á í öllum viðkomandi málaflokkum,

— að berjast gegn fátækt barna, þ.m.t. yfirfærslu fátæktar milli kynslóða, sem og fátæktar innan fjölskyldna, með sérstakri áherslu á stórar fjölskyldur, einstæð foreldri og fjölskyldur sem annast fatlaða einstaklinga, ásamt fátækt sem börn á stofnunum búa við,

— að stuðla að vinnumarkaði fyrir alla, takast á við fátækt einstaklinga sem eru í vinnu og nauðsyn þess að það borgi sig að vinna,

— að útrýma ójöfnuði í tengslum við menntun og þjálfun, þ.m.t. þjálfun í stafrænu læsi og að stuðla að jöfnum aðgangi fyrir alla að upplýsinga- og fjarskiptatækni, þar sem lögð er sérstök áhersla á sérþarfir fatlaðra,

— að fást við kynbundna og aldursbundna þætti í tengslum við fátækt,

— að tryggja jafnan aðgang að fullnægjandi úrræðum og þjónustu, þ.m.t. að mannsæmandi vistarverum, heilsuvernd og félagslegri vernd,

— að auðvelda aðgang að tækifærum til menningar- og tómstundastarfs,

— að vinna bug á mismunun og stuðla að félagslegri aðlögun innflytjenda og þjóðernisminnihluta,

— að stuðla að heildstæðum aðferðum til að virkja alla til þátttöku í samfélaginu,

— að fjalla um þarfir fatlaðra og fjölskyldna þeirra, heimilislausra og annarra hópa eða einstaklinga sem búa við viðkvæmar aðstæður.

Við skipulagningu starfsemi Evrópuársins í samræmi við áðurgreind forgangsverkefni munu þátttökulöndin laga hana að lands-, svæðis- og staðbundnum aðstæðum og viðfangsefnum, þ.m.t. með tilliti til svæðisbundinnar samheldni.

Í ljósi markmiðanna, sem sett eru fram í 2. gr. þessarar ákvörðunar, skal þátttökusjónarmiðið fellt inn í öll forgangsverkefni.

Samkvæmt 4. gr. þessarar ákvörðunar skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin taka í þeirri starfsemi er tengist Evrópuárinu tillit til þess að konur og karlar upplifa fátækt og félagslega útilokun með ólíkum hætti. Þau skulu einnig tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu samþætt í forgangsverkefnum fyrir Evrópuárið með það í huga að stuðla að jafnrétti kynjanna.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1942/2006 **2014/EES/73/83**

frá 12. desember 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1321/2004 um að koma á fót stofnunum til að annast stjórnun evrópsku áætlananna um fjarleiðsögu um gervihnött (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 171. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sameiginlega fyrirtækinu Galíleó var komið á fót með reglugerð (EB) nr. 876/2002 ([3]) til að ljúka þróunaráfanga Galíleó-áætlunarinnar og undirbúa næstu áfanga hennar. Miðað við núverandi stöðu Galíleó-áætlunarinnar verður ekki hægt að ljúka þróunaráfanga hennar fyrir lok ársins 2008.

2) Eftirlitsstofnun evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna (GNSS) (hér á eftir nefnd „stofnunin“) var komið á fót með reglugerð (EB) nr. 1321/2004 ([4]) til að gæta hagsmuna almennings í tengslum við áætlanir er varða evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfin og gegna hlutverki eftirlitsyfirvalds að því er varðar áætlanirnar meðan á nýtingar- og rekstraráföngum Galíleó-áætlunarinnar stendur.

3) Stofnunin getur, á árinu 2006, tekið yfir öll verkefni sem sameiginlega fyrirtækið Galíleó hefur nú með höndum og lokið þeim öllum. Að framlengja sameiginlega fyrirtækið fram yfir 2006 er þar af leiðandi tilgangslaust og ekki kostnaðarhagkvæmt. Það er því við hæfi að leggja niður sameiginlega fyrirtækið Galíleó og, áður en það er gert, að flytja verkefni þess yfir til stofnunarinnar áður en þróunaráfanganum lýkur.

4) Einnig er rétt að úthluta stofnunninni sérstaklega verkefnum, sem voru á hendi sameiginlega fyrirtækisins Galíleó áður en það er lagt niður, ásamt því verkefni, eftir því sem við á og í samræmi við ákvörðun stjórnar sameiginlega fyrirtækisins Galíleó, að sjá um málsmeðferð í tengslum við niðurlagningu sameiginlega verkefnisins eftir 31. desember 2006. Einnig er nauðsynlegt að fela stofnuninni að sjá um allar rannsóknir sem evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfin njóta góðs af.

5) Að taka við stjórnun þróunaráfangans af sameiginlega fyrirtækinu Galíleó er þó ekki meðal þeirra verkefna stofnunarinnar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1321/2004, né heldur er tilgreind í þeirri grein sú rannsóknastarfsemi eða vinna sem stofnuninni kann að verða falið að sjá um eða fjármagna meðan á þróunar-, nýtingar- og rekstraráföngum áætlunarinnar stendur.

6) Af þeim sökum skal, til að tryggja samfelldni í Galíleó-áætluninni og hnökralausan flutning verkefna frá sameiginlega verkefninu Galíleó til stofnunarinnar, breyta 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1321/2004 til samræmis við það.

7) Í samræmingarskyni skal enn fremur sjá til þess að eignarhald á efnislegum- og óefnislegum eignum sameiginlega fyrirtækisins Galíleó verði flutt til stofnunarinnar þegar fyrirtækið er lagt niður fremur en í lok þróunaráfangans. Einnig skal sjá til þess að eignarhald á efnislegum- og óefnislegum eignum, sem myndast eða verða til meðan á þróunaráfanganum stendur, verði flutt til stofnunarinnar eftir niðurlagningu sameiginlega verkefnisins. Enn fremur skal setja ákvæði um fyrirkomulag þessa flutnings.

8) Að auki er nauðsynlegt, til að komast hjá hættu á mismunandi túlkun á gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1321/2004, að tilgreina að til efnislegra og óefnislegra eigna, sem myndast eða verða til fyrir tilstilli sérleyfishafans meðan á nýtingar- og rekstraráföngunum stendur, teljist þær sem myndast eða verða til fyrir tilstilli undirverktaka hans eða fyrirtækja undir hans stjórn eða undirverktaka slíkra fyrirtækja. Einnig ber að tilgreina að eignarhald taki til vörumerkjaréttar og allra annarra hugverkaréttinda í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinanr (EB) nr. 772/2004 frá 27. apríl 2004 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tækniyfirfærslu ([5]) og 2. gr. samningsins frá 14. júlí 1967 um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2009 frá 8. júlí 2009 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, og bókun 37 við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 28.

([1]) Áliti var skilað 12. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([2]) Áliti var skilað 26. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([3]) Stjtíð. EB L 138, 28. 5. 2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 246, 20. 7. 2004, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 123, 27. 4. 2004, bls. 11.

9) Að lokum skal Geimvísindastofnun Evrópu (ESA), í ljósi lykilhlutverks hennar við mótun og þróun kerfa sem felur í sér umfjöllun um og þekkingu á öllum þáttum öryggis og áreiðanleika þeirra, eiga áheyrnarfulltrúa í stjórninni og í nefndinni um öryggi og áreiðanleika kerfisins. Þar að auki skal setja sambærileg ákvæði um hvernig fyrirsvari aðalframkvæmdastjóra/æðsta talsmanns skal háttað í stjórninni.

10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1321/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1321/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi liðir við:

„k) Hún skal, eigi síðar en við lok sameiginlega fyrirtækisins Galíleó, með tilliti til þess að ljúka þróunaráfanga Galíleó-áætlunarinnar, taka við þeim verkefnum sem voru á hendi sameiginlega fyrirtækisins skv. 2., 3. og 4. gr. viðaukans við reglugerð (EB) nr. 876/2002 (*). Eftir því sem við á skal hún, í samræmi við ákvörðun stjórnar sameiginlega fyrirtækisins Galíleó, sjá um málsmeðferð í tengslum við niðurlagningu sameiginlega fyrirtækisins eftir 31. desember 2006.

l) Hún skal sjá um allar rannsóknir sem evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfin njóta góðs af.

(*) Stjtíð. EB L 138, 28.5.2002, bls. 1.“

2. Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Eftir að sameiginlega fyrirtækinu Galíleó lýkur, eins og um getur í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 876/2002 og 20. gr. viðaukans við hana, skal stofnunin vera eigandi allra efnislegra og óefnislegra eigna sem myndast eða verða til meðan á þróunaráfanganum stendur, þ.m.t. þær sem eru í eigu sameiginlega fyrirtækisins Galíleó í samræmi við 6. gr. viðaukans við þá reglugerð og þær sem myndast eða verða til fyrir tilstilli Geimvísindastofnunar Evrópu og aðila sem sú stofnun eða sameiginlega fyrirtækið Galíleó felur ábyrgð á starfsemi í tengslum við þróun áætlunarinnar.

2. Stofnunin er eigandi allra efnislegra og óefnislegra eigna sem myndast eða verða til fyrir tilstilli sérleyfishafans meðan á nýtingar- og rekstraráföngunum stendur, þ.m.t. þær sem myndast eða verða til fyrir tilstilli undirverktaka hans eða fyrirtækja undir hans stjórn eða undirverktaka slíkra fyrirtækja.

3. Eignarhald tekur til allra hugverkaréttinda, einkum vörumerkjaréttar, í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinanr (EB) nr. 772/2004 frá 27. apríl 2004 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tækniyfirfærslu (*), ásamt öllum öðrum hugverkaréttindum í skilningi 2. gr. samningsins frá 14. júlí 1967 um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

4. Fyrirkomulagi á flutningi efnislegra og óefnislegra eigna, sem eru í eigu sameiginlega fyrirtækisins Galíleó í samræmi við 6. gr. viðaukans við reglugerð (EB) nr. 876/2002, verður komið á þegar fyrirtækið er lagt niður eins og mælt er fyrir um í 21. gr. viðaukans við þá reglugerð.

5. Með samningnum, sem var gerður milli stofnunarinnar og Geimvísindastofnunar Evrópu í samræmi við 3. gr. viðaukans við reglugerð (EB) nr. 876/2002, er gert ráð fyrir að Geimvísindastofnun Evrópu, fyrir hönd stofnunarinnar, geti neytt eignarréttarins sem stofnunin hefur skv. 1. mgr.

6. Með sérleyfissamningnum er gert ráð fyrir að sérleyfishafinn geti, fyrir hönd stofnunarinnar, neytt eignarréttarins sem stofnunin hefur skv. 1. mgr.

(*) Stjtíð. ESB Stjtíð. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 11.“

3. Númeri 3. mgr. 3. gr. er breytt í 7. mgr. 3. gr.

4. Í 2. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Fulltrúi aðalframkvæmdastjóra/æðsta talsmanns og fulltrúi Geimvísindastofnunar Evrópu skulu sitja stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúar.“

5. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Stjórnin skal koma á fót nefnd um öryggi og áreiðanleika kerfisins. Í henni skal vera einn fulltrúi frá hverju aðildarríki og einn frá framkvæmdastjórninni, valdir úr hópi viðurkenndra sérfræðinga um öryggismál. Fulltrúi aðalframkvæmdastjóra/æðsta talsmanns og fulltrúi Geimvísindastofnunar Evrópu sitja stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2006.

Fyrir hönd ráðsins,

S. HUOVINEN

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/73/84**

frá 12. mars 2009

um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp

(tilkynnt með númeri C(2009) 1830)

(2009/300/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats- og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB frá 25. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvarpstæki ([2]).

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að setja nýjar, vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Auk þess er rétt að breyta skilgreiningunni á vöruflokk, sem mælt er fyrir um í þeirri ákvörðun, til að taka tillit til nýrrar tækni.

7) Til glöggvunar ætti því að skipta út ákvörðun 2002/255/EB. Þar eð gildistími vistfræðilegu viðmiðananna, sem er fastsettur í þeirri ákvörðun, hefur verið framlengdur til 31. október 2009 ætti að skipta þeirri ákvörðun út frá og með 1. nóvember 2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 87, 4.4.2002, bls. 53.

8) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun ættu að gilda til 31. október 2013.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ fellur:

„Rafeindabúnaður sem notar rafmagn frá almennri rafveitu og hefur þann megintilgang að taka á móti, afkóða og sýna sjónvarpsmerki.“

2. gr.

Sjónvarpstæki, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verður að falla undir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. október 2013.

4. gr.

Í þágu stjórnsýslu er kenninúmerið „022“ notað fyrir sjónvarpstæki.

5. gr.

Ákvörðun 2002/255/EB er felld úr gildi.

6. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. nóvember 2009.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Til að hægt sé að veita vörunni umhverfismerki verður hún að uppfylla viðmiðanirnar í þessum viðauka en markmiðið með þeim er að stuðla að því að:

— dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra orkugjafa) með því að draga úr orkunotkun,

— dregið verði úr umhverfisspjöllum tengdum notkun náttúrulegra auðlinda,

— dregið verði úr umhverfisspjöllum tengdum notkun hættulegra efna, með því að minnka notkun slíkra efna.

Þar að auki er viðmiðununum ætlað að stuðla að bestu starfsvenjum (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé að viðmiðunum sem settar eru fram í þessum viðauka, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða EN ISO 14001, er beitt (athugasemd: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem hafa hlotið faggildingu eða uppfylla kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025 og eru færar um að annast viðkomandi prófanir.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé að viðmiðunum, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (athugasemd: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR

1. **Orkusparnaður**

a) *Óvirkur reiðuhamur*

i. Orkunotkun sjónvarpstækisins í reiðuham skal vera ≤ 0,30 W nema ef skilyrðið í ii. hluta er uppfyllt.

ii. Að því er varðar sjónvarpstæki með vel sýnilegan straumrofa og þannig að orkunotkun tækjanna er < 0,01 W þegar rofarnir eru í „af“ stöðu skal orkunotkun sjónvarpstækisins í reiðuham vera ≤ 0,50 W.

b) *Hámarksorkunotkun*

Hámarksorkunotkun sjónvarpstækja skal vera ≤ 200 W þegar kveikt er á tækinu.

c) *Orkunýtni*

Orkunotkun sjónvarpstækja, sem eru sett á markað fram til 31. desember 2010 og bera umhverfismerkið, skal vera ≤ 0,64 · (20 W + A · 4,3224 W/dm^2) þegar kveikt er á tækinu.

Orkunotkun sjónvarpstækja, sem eru sett á markað frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2012 og bera umhverfismerkið, skal vera ≤ 0,51 · (20 W + A · 4,3224 W/dm^2) þegar kveikt er á tækinu.

Orkunotkun sjónvarpstækja, sem eru sett á markað frá 1. janúar 2013 og bera umhverfismerkið, skal vera ≤ 0,41 · (20 W + A · 4,3224 W/dm^2) þegar kveikt er á tækinu.

Þar sem A er sýnilegur skjáflötur ([1]) gefinn upp í dm^2.

Mat og sannprófun (a- til c-liður): Sjónvarpstækið skal prófað m.t.t. orkunotkunar þegar kveikt er á því í því ástandi sem það er afhent viðskiptavininum, samkvæmt endurskoðuðum IEC62087-staðli, með því að nota virkt myndmerki útsendingar (Aðferðir til mælinga á orkunotkun hljóð- og myndflutningsbúnaðar og skylds búnaðar (e. Methods of Measurement for the Power Consumption of Audio, Video and Related Equipment)). Ef sjónvarpstækið er stillt á skylduvalmynd í fyrsta sinn sem kveikt er á því skal sjálfgefna stillingin vera sú sem framleiðandi mælir með fyrir venjulega notkun á heimili. Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu, sem sýnir að sjónvarpstækið uppfylli kröfurnar sem eru settar fram í a- til c-lið, til þar til bæru stofnunarinnar sem annast úthlutunina.

Til að uppfylla skilyrðin í ii. lið a-liðar skal umsækjandinn lýsa því yfir að sjónvarpstæki hans uppfylli kröfurnar og leggja fram gögn í formi ljósmynda um straumrofann.

Til að uppfylla skilyrðin í c-lið skal umsækjandinn sýna fram á að öll umhverfismerkt sjónvarpstæki hans uppfylli viðeigandi orkunýtniviðmiðanir þegar þau eru fyrst sett á markað eftir þær dagsetningar sem gefnar eru upp í viðmiðuninni. Ef ekki er hægt að sýna fram á þetta mun þar til bær stofnun einungis gefa út leyfi fyrir umhverfismerkinu fyrir það tímabil sem hægt er að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar.

2. **Kvikasilfursinnihald flúrpera**

Heildarmagn kvikasilfurs (Hg) í öllum perum í hverjum skjá skal ekki vera meira en 75 mg fyrir skjái þar sem hornalína sýnilegs skjás er allt að og til og með 40 tommur (101 cm).

Heildarmagn kvikasilfurs (Hg) í öllum perum í á hverjum skjá skal ekki vera meira en 99 mg fyrir skjái þar sem hornalína sýnilegs skjás er stærri en 40 tommur (101 cm).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu um að sjónvarpstæki hans uppfylli þessar kröfur. Hún skal innihalda gögn frá birgjum um fjölda pera sem eru notaðar og heildarinnihald kvikasilfurs í perunum.

3. **Lenging endingartíma**

Framleiðandinn skal bjóða viðskiptaábyrgð til að tryggja að sjónvarpstækið sé í lagi í tvö ár hið minnsta. Þessi ábyrgð skal gilda frá þeim degi sem viðskiptavinurinn fær tækið afhent.

Í sjö ár frá því að framleiðslu er hætt skal ábyrgjast að samhæfðir rafeindavarahlutir verði á boðstólum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

4. Hönnun til sundurhlutunar

Framleiðandinn skal sýna fram á að starfsfólk í endurvinnslu, sem hefur hlotið faglega starfsþjálfun, geti auðveldlega tekið sjónvarpstækið í sundur með þeim verkfærum sem þeim eru alla jafna tiltæk, í þeim tilgangi að:

— gera við og skipta út úr sér gengnum hlutum,

— endurnýja eldri eða úrelta hluta og

— aðskilja hluta og efni til endurvinnslu.

Til að auðvelda sundurhlutun:

— Festingar í sjónvarpstækinu skulu gera kleift að taka það í sundur, t.d. skrúfur og smellifestingar, einkum fyrir hluta sem innihalda hættuleg efni.

([1]) Skjáflötur: Þetta er stærð skjásins í dm^2. Hún er jöfn [skjástærð × skjástærð × 0,480] fyrir venjulegan skjá (myndhlutfall 4:3) og [skjástærð × skjástærð × 0,427] fyrir breiðskjá (myndhlutfall 16:9).

— Plasthlutar skulu vera úr einni fjölliðu eða úr sambærilegum fjölliðum vegna endurvinnslu og ef massi þeirra er meiri en 25 g skulu þær bera viðkomandi ISO11469-merkingu.

— Ekki skal nota innfellda málmhluti sem er ekki hægt að skilja í sundur.

— Taka skal saman gögn um eðli og magn hættulegra efna í sjónvarpstækinu í samræmi við tilskipun ráðsins 2006/121/EB ([1]) og hnattsamræmt kerfi til flokkunar og merkingar íðefna (HSK).

Mat og sannprófun: Leggja skal fram prófunarskýrslu með umsókninni þar sem sundurhlutun á sjónvarpstækinu er nákvæmlega lýst. Hún skal innihalda sundurgreinda skýringarmynd (e. exploded diagram) af sjónvarpstækinu þar sem helstu íhlutar þess eru merktir og öll hættuleg efni í íhlutunum tilgreind. Hún getur verið á pappír eða í hljóð- og myndmiðlaformi. Upplýsingar varðandi hættuleg efni skal leggja fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna í formi skráar yfir efnivið þar sem tegund efnis, magn sem er notað og staðsetning eru tilgreind.

5. **Þungmálmar og eldtefjandi efni**

a) Ekki skal nota eldtefjandi efnin kadmíum, blý, sexgilt króm eða fjölbrómað bífenýl (PBB) eða fjölbrómaðan dífenýleter (PBDE) í sjónvarpstækið, eins og skráð er í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB ([2]), nema notkunin á þessum efnum sé skráð í viðaukann við þá tilskipun sem undanþegin kröfunum í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar eða hámarksstyrkur þeirra sé jafn eða lægri en viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í sama viðauka. Að því er varðar viðaukann skal hámarksstyrkur fjölbrómaðs bífenýls og fjölbrómaðs dífenýleters vera < 0,1%.

b) Plasthlutar skulu ekki innihalda eldtefjandi efni eða efnablöndur sem innihalda efni sem hafa fengið, eða kunna að hafa fengið þegar umsókn er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum eða samsetningu þeirra:

— H40 (hugsanleg áhætta á krabbameini),

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— H52 (skaðlegt vatnalífverum),

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

eins og skilgreint er í tilskipun 2006/121/EB. Þessi krafa gildir ekki um hvarfgjörn, eldtefjandi efni, þ.e. ef notkun breytir eiginleikum þeirra (þ.e. styrkur þeirra í lokaafurðinni er > 0,1%) á þann hátt að tilgreindu hættusetningarnar hér á undan eigi ekki lengur við.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram vottorð um að kröfurnar hafi verið uppfylltar, undirritað af framleiðanda sjónvarpstækisins, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna. Einnig skal leggja fram yfirlýsingu um að kröfurnar hafi verið uppfylltar, sem birgjar plastsins og eldtefjandi efnanna undirrita, auk afrita af viðkomandi öryggisblöðum fyrir efnivið og efni fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna. Öll eldtefjandi efni sem notuð eru skulu skýrt tilgreind.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 850. Leiðrétt útgáfa Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 281.
([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

6. **Notendaleiðbeiningar**

Selja skal sjónvarpstækið með viðeigandi upplýsingum fyrir notendur þar sem gefin eru ráð um rétta notkun þess með tilliti til umhverfissjónarmiða. Upplýsingarnar skulu vera á einum stað, sem auðvelt er að finna, í notendaleiðbeiningunum sem og á vefsetri framleiðandans. Upplýsingarnar skulu einkum fela í sér eftirfarandi:

a) Orkunotkun sjónvarpstækisins í mismunandi ham: „á“, „af“, óvirkum reiðuham, þ.m.t. upplýsingar um mögulegan orkusparnað í mismunandi ham.

b) Meðalorkunotkun sjónvarpstækisins á ári, gefna upp sem kílóvattstundir, reiknaða út á grundvelli orkunotkunar þegar kveikt er á tækinu, 4 klukkustundir á dag og 365 daga á ári.

c) Upplýsingar um að orkunýtni dragi úr orkunotkun og dragi þannig úr útgjöldum með því að lækka raforkureikninga.

d) Eftirfarandi ábendingar um hvernig hægt er að draga úr orkunotkun meðan ekki er verið að horfa á sjónvarpið:

— engin sjónvarpstæki nota orku ef straumur til þeirra er rofinn úr almennu inntaki eða ef þau eru tekin úr sambandi og er mælt með því ef sjónvarpstækið er ekki notað í langan tíma, t.d. í orlofi,

— orkunotkun verður nær engin ef straumrofinn er notaður (ef hann er til staðar),

— það dregur úr orkunotkun að setja sjónvarpstækið í reiðuham en þó notar það dálitla orku,

— það dregur úr orkunotkun að minnka skjábirtuna.

e) Staðsetningu straumrofans (ef hann er til staðar).

f) Viðgerðarupplýsingar að því er varðar hver hefur réttindi og hæfi til að gera við sjónvarpstæki, þ.m.t. viðeigandi samskiptaupplýsingar.

g) Leiðbeiningar um tilhlýðilega förgun á úr sér gengnum sjónvarpstækjum á endurvinnslu- eða söfnunarstöðum eða með áætlunum um endurviðtöku hjá smásölum, eftir því sem við á, sem skulu vera samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB ([1]).

h) Upplýsingar um að vörunni hafi verið veitt blómið (umhverfismerki ESB) ásamt stuttri skýringu á því hvað það merkir, og einnig að frekari upplýsingar um umhverfismerkið fáist á veffanginu: http://www.ecolabel.eu.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur og leggja fram afrit af notendahandbók til þar til bærrar stofnunar sem metur umsóknina.

7. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

— Mikil orkunýtni.

— Minni CO_2-losun.

— Hannað til að auðvelda viðgerðir og endurvinnslu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal lýsa yfir því að varan uppfylli þessa kröfu og leggja fram hjá þar til bærri stofnun eintak af umhverfismerkinu eins og það birtist á umbúðunum og/eða vörunni og/eða fylgiskjölunum.

([1]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/85

frá 5. febrúar 2010

um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2010) 626)

(2010/66/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. b. í 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrörnun] í dýrum. Þar er gerð krafa um að hvert aðildarríki starfi eftir árlegri áætlun um vöktun á smitandi svampheilakvillum í samræmi við III. viðauka þeirrar reglugerðar. Þessar áætlanir skulu a.m.k. ná yfir tiltekna undirhópa nautgripa sem tilheyra tilgreindum aldursflokkum.

2) Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að aðildarríki sem geta sýnt fram á framfarir að því er varðar faraldsfræðilegar aðstæður í landi sínu, í samræmi við tilteknar viðmiðanir, geti látið endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB ([2]) er þeim aðildarríkjum, sem eru tilgreind í viðaukanum við þá ákvörðun, veitt heimild til að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar. Þar er einnig kveðið á um að áætlanir þeirra skuli gilda a.m.k. um öll dýr sem tilheyra tilteknum undirhópum nautgripa sem eru eldri en 48 mánaða.

4) Hinn 2. október 2008 lagði Kýpur umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun sinni að því er varðar kúariðu.

5) Frá 29. júní 2009 til 3. júlí 2009 framkvæmdi Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan skoðun á Kýpur til að sannreyna að faraldsfræðilegu viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 7. lið I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, væru uppfylltar.

6) Í niðurstöðunum úr þeirri skoðun var viðurkennt að á Kýpur sé rétt staðið að framkvæmd reglnanna um verndarráðstafanir varðandi kúariðu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001. Þar að auki voru yfirfarnar allar þær kröfur sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 1. mgr. b í 6. gr. og allar faraldsfræðilegar viðmiðanir sem settar eru fram í 7. lið I. hluta A-kafla III. viðauka við þá reglugerð og reyndist Kýpur uppfylla þær allar.

7) Með tilliti til allra fyrirliggjandi upplýsinga hefur umsóknin sem Kýpur lagði fram um að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína að því er varðar kúariðu fengið jákvætt mat. Því er rétt að veita Kýpur heimild til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína þannig að 48 mánuðir verði ný aldursmörk fyrir kúariðuprófanir í því aðildarríki.

8) Því ber að breyta viðaukanum við ákvörðun 2009/719/EB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2009/719/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 35.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI“

Skrá yfir þau aðildarríki sem hafa heimild til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína vegna kúariðu

— Belgía

— Danmörk

— Þýskaland

— Írland — Grikkland

— Spánn

— Frakkland

— Ítalía

— Kýpur

— Lúxemborg

— Holland

— Austurríki

— Portúgal

— Slóvenía

— Finnland — Svíþjóð

— Breska konungsríkið“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/86

frá 22. mars 2010

um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar eftirlitsáætlanir fyrir Írland og Ungverjaland og sjúkdómalausa stöðu Írlands að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagardýrum

(tilkynnt með númeri C(2010) 1625)

(2010/171/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 49 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu aðildarríkja, svæða og hólfa ([2]) er sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir viðurkenndar eftirlitsáætlanir, að því er varðar einn eða fleiri af þeim sjúkdómum, sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB (sjúkdómar sem eru ekki framandi) Í ákvörðun 2009/177/EB er einnig sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hólf sem eru lýst sjúkdómslaus að því er varðar einn eða fleiri þessara sjúkdóma.

2) Í A-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB er sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar eftirlitsáætlanir, og í C-hluta þess viðauka er sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hólf sem eru lýst sjúkdómslaus að því er varðar einn eða fleiri sjúkdóma, sem eru ekki framandi.

3) Írland og Ungverjaland hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina umsóknir um samþykki fyrir eftirlitsáætlunum til margra ára að því er varðar skjónakarpaherpesveiki. Þessar áætlanir uppfylla kröfur fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB og í ákvörðun 2009/177/EB. Til samræmis við það ætti að samþykkja þær og fella þær inn í skrána í A-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.

4) Í C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB er skráð að allt yfirráðasvæði Írlands, að undanskildri Cape Clear-eyju, sé lýst laust við sjúkdóminn veirublæði (VHS-veiki). Írland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að Cape Clear-eyja sé lýst laus við þann sjúkdóm. Þeirri yfirlýsingu var bætt á dagskrá fundar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem haldinn var 12. janúar 2010. Þessi yfirlýsing uppfyllir kröfur um yfirlýsingu um sjúkdómaleysi, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB og ákvörðun 2009/177/EB. Til samræmis við það ber að lýsa allt yfirráðasvæði Írlands laust við VHS-veiki Því ber að breyta C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB til samræmis við það.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2009/177/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 75, 23.3.2010, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í stað A-hluta komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar eftirlitsáætlanir

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir eftirlitsáætlun (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)			
Iðradrep (IHN)			
Skjónakarpaherpesveiki (Koi herpes virus disease)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
Blóðþorri (ISA)			
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)			
Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)			
Hvítblettaveiki“			

2. Í stað C-hluta komi eftirfarandi:

„C-HLUTI

Aðildarríki, svæði og hólf sem lýst hafa verið sjúkdómalaus

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)	Danmörk	DK	Vatnssöfnunarsvið og tilheyrandi strandsvæði: — Hansted Å — Hovmølle Å — Grenå — Treå — Alling Å — KastbjergVillestrup Å — Korup Å — Sæby Å — Elling Å — Uggerby Å — Lindenborg Å — Øster Å — Hasseris Å — Binderup Å — Vidkær Å — Dybvad Å — Bjørnsholm Å — Trend Å — Lerkenfeld Å — Vester Å — Lønnerup med tilløb — Fiskbæk Å — Slette Å — Bredkær Bæk — Vandløb til Kilen — Resenkær Å — Klostermølle Å — Hvidbjerg Å — Knidals Å — Spang Å — Simested Å — Skals Å — Jordbro Å — Fåremølle Å — Flynder Å — Damhus Å — Karup Å — Gudenåen — Halkær Å — Storåen — Århus Å — Bygholm Å — Grejs Å — Ørum Å

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess.
	Finnland	FI	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: 1. Ålandssýsla, 2. sveitarfélögin Uusikaupunki, Pyhäranta og Rauma
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Stóra-Bretlandi, Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey
Iðradrep (IHN)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess.
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Stóra-Bretlandi, Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey
Skjónakarpaherpesveiki (Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)	Belgía	BE	Allt yfirráðasvæðið
	Búlgaría	BG	Allt yfirráðasvæðið
	Lýðveldið Tékkland	CZ	Allt yfirráðasvæðið
	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Þýskaland	DE	Allt yfirráðasvæðið
	Eistland	EE	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Grikkland	EL	Allt yfirráðasvæðið
	Spánn	ES	Allt yfirráðasvæðið
	Frakkland	FR	Allt yfirráðasvæðið
	Ítalía	IT	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Allt yfirráðasvæðið

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
	Lettland	LV	Allt yfirráðasvæðið
	Litháen	LT	Allt yfirráðasvæðið
	Lúxemborg	LU	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
	Malta	MT	Allt yfirráðasvæðið
	Holland	NL	Allt yfirráðasvæðið
	Austurríki	AT	Allt yfirráðasvæðið
	Pólland	PL	Allt yfirráðasvæðið
	Portúgal	PT	Allt yfirráðasvæðið
	Rúmenía	RO	Allt yfirráðasvæðið
	Slóvenía	SI	Allt yfirráðasvæðið
	Slóvakía	SK	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Stóra-Bretlandi, Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey, nema suð-vestur Hjaltlandseyjar.
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Öll strandlengja Stóra-Bretlands. Öll strandlengja Norður-Írlands. Öll strandlengja Guernsey og Herm. Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni þar sem sjávarfalla gætir og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund. Öll strandlengja Manar.
Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)	Írland	IE	Öll strandlengja Írlands, nema: 1. Cork Harbour, 2. Galway Bay, 3. Ballinakill Harbour, 4. Clew Bay, 5. Achill Sound, 6. Loughmore, Blacksod Bay, 7. Lough Foyle, 8. Lough Swilly.

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
	Breska konungsríkið	UK	Öll strandlengja Stóra-Bretlands, nema: 1. suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point, 2. strönd Dorset, Hampshire og Sussex frá Portland Bill að Selsey Bill, 3. svæðið meðfram strönd North Kent og Essex frá North Foreland að Felixstowe, 4. svæðið meðfram strönd suðvestur-Wales frá Wooltack Point að St. Govan's Head, að meðtöldu Milford Haven og þar sem sjávarfalla gætir austan og vestan Cleddau-árinnar, 5. vatnasvæði Loch Sunart sem er austan við línu sem er dregin í suðsuðaustur frá nyrsta odda Maclean's Nose að Auliston Point, 6. svæðið sem nær yfir West Loch Tarbert norðaustan við línu sem er dregin í austsuðaustur við Ardpatrick Point NR 734578 að North Dunskeig Bay við NR 752568. Öll strandlengja Norður-Írlands, nema: 1. Lough Foyle, 2. Strangford Lough. Öll strandlengja Guernsey, Herm og Manar. Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni þar sem sjávarfalla gætir og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið liggur í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund.
Hvítblettaveiki“			

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014/EES/73/87**

frá 12. maí 2010

um breytingu á ákvörðun 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar leiðbeiningar og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita

(tilkynnt með númeri C(2010) 3009)

(2010/280/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við þá reglugerð. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 21/2004 eru sauðfé og geitur auðkennd með fyrsta og öðru auðkennismerki. Önnur auðkenningin verður að vera rafrænt kennimerki og hin sýnilegt kennimerki.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/968/EB ([2]) eru settar fram viðmiðunarreglur og aðferðir vegna samþykkis fyrir kennimerkjum og aflestrartækjum vegna rafrænnar auðkenningar á sauðfé og geitum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 21/2004. Í þeirri ákvörðun er mælt fyrir um lágmarkskröfur sem varða tilteknar prófanir á samræmi og nothæfi vegna samþykkis fyrir þessum búnaði til að tryggja að unnt sé að lesa af rafrænu kennimerkjunum í gervöllu Sambandinu og þau uppfylli lágmarksálestrarfjarlægðir eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 21/2004.

3) Mælt er fyrir um þessar prófunaraðferðir í samræmi við aðferðir sem eru tilgreindar í alþjóðasamningnum um framkvæmd skráninga frá alþjóðlegu nefndinni um skráningu dýra (leiðbeiningar alþjóðlegu nefndarinnar um skráningu dýra). Leiðbeiningar alþjóðlegu nefndarinnar um skráningu dýra hafa verið þróaðar frekar og nú koma ISO-staðlar 24631-1, 24631-2, 24631-3 og 24631-4 í stað þeirra. Í þágu gagnsæis skal koma á beinni tilvísun til viðeigandi liða í ISO-stöðlunum.

4) Hugsanlegt er að dýr verði flutt til á lífsferli sínum og haldin á mismunandi bújörðum. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um lágmarksnothæfisviðmiðanir fyrir rafræn kennimerki, til að tryggja að unnt sé að lesa af þeim búnaði undir ólíkum kringumstæðum í gervöllu Sambandinu.

5) Til að draga úr mögulegri stjórnsýslubyrði skulu kröfur fyrir málsmeðferð við samþykki fyrir aflestrartækjum vera skýrar. Öfugt við það sem á við um kennimerki skal ekki mæla fyrir um bindandi kröfur fyrir álestrartæki á vettvangi Sambandsins. Hins vegar skulu aðildarríkin hafa möguleika á að setja fram viðbótarkröfur til að tryggja virkni rafrænnar auðkenningar við sérstök landfræðileg skilyrði, veðurfars- og stjórnunarskilyrði þeirra, ef nauðsyn krefur.

6) Fengin reynsla af innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 21/2004 hefur sýnt að einungis þarf lítinn fjölda rannsóknarstofa til að framkvæma allar þær prófanir sem kveðið er á um í þeirri reglugerð. Þar af leiðandi er ekki þörf á sértækri málsmeðferð til tilnefningar á landsbundnum prófunarstofum í öllum aðildarríkjum. Nægilegt er að framkvæma prófanirnar á rannsóknarstofum sem hafa fengið faggildingu vegna þessara prófana í samræmi við EN ISO/IEC-staðal 17025.

7) Því ber að breyta ákvörðun 2006/968/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

([2]) Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 41.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2006/968/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2010.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðaukanum er breytt sem hér segir:

1. Í I. kafla falli f- og g-liður brott.

2. Ákvæðum II. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. liðar komi eftirfarandi:

„1. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja notkun kennimerkja sem hafa verið prófuð með hagstæðum niðurstöðum að því er varðar:

a) samræmi þeirra við ISO-staðla 11784 og 11785, í samræmi við prófunaraðferðirnar sem tilgreindar eru í 7. lið ISO-staðals 24631-1, og

b) frammistöðu að því er varðar lágmarksálestrarfjarlægð eins og mælt er fyrir um í 2. lið, í samræmi við aðferðirnar sem tilgreindar eru í 7. lið ISO-staðals 24631-3.

2. Til að ná fram álestrarfjarlægðunum eins og mælt er fyrir um í c-lið 6. liðar A-þáttar viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 skal merkissvarinn uppfylla eftirfarandi þætti:

a) merkissvarar með HDX-tækni skulu virkjast af segulsviðsstyrk sem nemur 1,2 A/m eða minna, mælt samkvæmt ISO-staðli 24631-3, hluta 7.6.5, „Minimal activating magnetic field strength in HDX mode“ og skulu mynda mótunarsveifluvídd sem er jafngild 10 mV, mælt samkvæmt ISO-staðli 24631-3, hluta 7.6.7, „Modulation amplitude in HDX mode“ við segulsviðsstyrk sem nemur 1,2 A/m eða minna,

b) merkissvarar með FDX-B-tækni skulu virkjast af segulsviðsstyrk sem nemur 1,2 A/m eða minna, mælt samkvæmt ISO-staðli 24631-3, hluta 7.6.4, „Minimal activating magnetic field strength in FDX-B mode“ og skulu mynda mótunarsveifluvídd sem er jafngild 10 mV, mælt samkvæmt ISO-staðli 24631-3, hluta 7.6.6, „Modulation amplitude in FDX-B mode“ við segulsviðsstyrk sem nemur 1,2 A/m eða minna.“

b) Eftirfarandi 6. liður bætist við:

„6. Samþykki, sem lögbæra yfirvaldið hefur veitt til og með 30. júní 2010 fyrir kennimerkjum, sem eru prófuð í samræmi við aðferðir til að samþykkja kennimerki, sem gilda til þessa dags skulu gilda áfram.“

3. Í stað III. og IV. kafla komi eftirfarandi:

„III. KAFLI

Aflestrartæki

Til að tryggja réttan aflestur kennimerkja við staðbundin landfræðileg skilyrði, veðurfars- og/eða stjórnunarskilyrði má lögbæra yfirvaldið, ef nauðsyn krefur, setja sérstakar nothæfisviðmiðanir fyrir aflestrartæki sem eru notuð á tiltekinni bújörð eða á tiltekinni tegund bújarða. Líklegt er að stjórnunarskilyrði sem réttlæta slíkar nothæfisviðmiðanir ríki á bújörðum þar sem er mikið gegnumstreymi dýra sem eru merkt með kennimerkjum sem nota HDX- og FDX-B-tæknina og/eða á bújörðum þar sem samstillingar aflestrartækja er krafist samkvæmt lið 7.7.3 í ISO-staðli 24631-2.

IV. KAFLI

Prófunarstofur og aðferð

Prófanirnar sem tilgreindar eru í 1.–4. lið II. kafla skal framkvæma á prófunarstofum sem starfa og hafa verið metnar og hlotið faggildingu í samræmi við EN/ISO/IEC 17025, „Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa“. Framleiðendum kennimerkja sem sækja um prófanir er heimilt að velja á milli prófanastofa sem hafa hlotið faggildingu.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/88

frá 4. nóvember 2010

um breytingu á ákvörðun 2007/66/EB um tímabundna tilraun varðandi aukningu á hámarksþyngd vörueiningar fræs tiltekinna fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE

(tilkynnt með númeri C(2010) 7474)

(2010/667/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ([1]), einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tímabundna tilraunin, sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB ([2]), á að ljúka 30. júní 2012.

2) Í ákvörðun 2007/66/EB er þess krafist að fylgja beri tilraun ISTA (Alþjóðleg samtök um eftirlit með fræi)/ISF (Alþjóðasamtök fræiðnaðarins) með stærð vörueiningar fóðurjurtafræs, sem ráð Efnahags- og framfarastofnunarinnar samþykkti, þegar vikið er frá hámarksstærð vörueiningar fræs af grasætt. Tilraun ISTA/ISF með stærð vörueiningar fóðurjurtafræs heldur áfram til 31. desember 2013.

3) Tímabundnu tilrauninni, sem kveðið er á um í ákvörðun 2007/66/EB, ætti einnig að ljúka 31. desember 2013 til að samræma lokadagsetningu þeirrar tilraunar við lokadagsetningu tilraunar ISTA/ISF.

4) Að auki ætti að uppfæra tilvísunina í tilraun ISTA/ISF þar eð um er að ræða nýtt vefsetur.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2007/66/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2007/66/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Tímabundna tilraunin skal hefjast 1. janúar 2007 og henni skal ljúka 31. desember 2013.“

2. gr.

Í stað 1. neðanmálsgreinar viðaukans við ákvörðun 2007/66/EB komi eftirfarandi:

„([1]) http://www.seedtest.org/en/ista_isf_experiment_on_herbage_seed_lot_size_content---1--1265--484.html“.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 288, 5.11.2010, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 25.

([1]) Stjtíð. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

([2]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 161.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/89

frá 8. nóvember 2010

um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna

(tilkynnt með númeri C(2010) 7579)

(2010/675/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (2) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2) Að því er varðar nokkur efni eða samsetningar efna og vöruflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni eða engin fullnaðarmálsskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.

3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.) 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti.

4) Innan þriggja mánaða frá téðri birtingu höfðu nokkur fyrirtæki látið í ljós áhuga á að taka við hlutverki þátttakanda að því er varðar viðkomandi efni og vöruflokka. Þessi fyrirtæki lögðu hins vegar ekki fram fullnaðarmálsskjöl.

5) Samkvæmt 5. mgr.12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 ætti því ekki að skrá viðkomandi efni og vöruflokka í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

6) Í þágu réttarvissu ætti að tilgreina frá hvaða degi má ekki lengur setja á markað sæfivörur sem falla undir vöruflokkana sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun og sem innihalda virku efnin.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal ekki skrá í viðkomandi vöruflokka í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal ekki setja á markað sæfivörur, sem falla undir vöruflokkana sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun og sem innihalda virku efnin, frá og með 1. nóvember 2011.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2010, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 40.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

VIÐAUKI

Efni og vöruflokkar sem ekki skal skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B. við tilskipun 98/8/EB

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Formaldehýð	200-001-8	50-00-0	4	DE
Formaldehýð	200-001-8	50-00-0	6	DE
Bensósýra	200-618-2	65-85-0	20	DE
Natríumbensóat	208-534-8	532-32-1	11	DE
Natríumbensóat	208-534-8	532-32-1	20	DE
2-bútanon, peroxíð	215-661-2	1338-23-4	9	HU
2-bútanon, peroxíð	215-661-2	1338-23-4	22	HU
Tólnaftat	219-266-6	2398-96-1	9	PL
Tríklósan	222-182-2	3380-34-5	3	DK
Kísildíoxíð – myndlaust	231-545-4	7631-86-9	3	FR
N'-tert-bútýl-N-sýklóprópýl-6-(metýlþió)-1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	7	NL
N'-tert-bútýl-N-sýklóprópýl-6-(metýlþió)-1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	10	NL
Blanda cis- og trans-p-mentan-3,8-díóls/sítríódíóls	255-953-7	42822-86-6	1	UK
Blanda cis- og trans-p-mentan-3,8-díóls/sítríódíóls	255-953-7	42822-86-6	2	UK

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/90

frá 2. desember 2010

um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Indlands, Perú, Panama og Suður-Kóreu með tilliti til kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2010) 8352)

(2010/749/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður þýtt sem smitandi heilahrörnun) í dýrum. Í þessu skyni skal ákvarða stöðu aðildarríkja eða þriðju landa eða svæða innan þeirra (landa eða svæða) með tilliti til kúariðu, með því að flokka þau í einn af þremur flokkum eftir áhættu í tengslum við kúariðu, nánar tiltekið óverulega áhættu í tengslum við kúariðu, áhættu í tengslum við kúariðu sem er haldið í skefjum og óskilgreinda áhættu í tengslum við kúariðu.

2) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum ([2]) er skrá yfir lönd eða svæði með tilliti til stöðu þeirra varðandi áhættu í tengslum við kúariðu.

3) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin gegnir forystuhlutverki við flokkun landa eða svæða út frá áhættu í tengslum við kúariðu. Skráin í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB er tekin saman með hliðsjón af ályktun nr. XXII — Viðurkenning á stöðu aðila með tilliti til kúariðu — sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2009 að því er varðar stöðu aðildarríkja og þriðju landa með tilliti til kúariðu.

4) Í maí 2010 samþykkti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin ályktun nr. 18 — Viðurkenning á stöðu aðila með tilliti til kúariðu. Í þeirri ályktun eru Indland og Perú viðurkennd sem lönd þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg en Panama og Suður-Kórea sem lönd þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum. Því ber að breyta skránni í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB svo hún verði í samræmi við þá ályktun að því er varðar þessi þriðju lönd.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2007/453/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 318, 4.12.2010, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

VIÐAUKI

„SKRÁ YFIR LÖND EÐA SVÆÐI

A. **Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg**

Aðildarríki

— Finnland

— Svíþjóð

EFTA-lönd

— Ísland

— Noregur

Þriðju lönd

— Argentína

— Ástralía

— Síle

— Indland

— Nýja-Sjáland

— Paragvæ

— Perú

— Singapúr

— Úrúgvæ

B. **Lönd eða svæði þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum**

Aðildarríki

— Belgía, Búlgaría, Tékkland, Danmörk, Þýskaland, Eistland, Írland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Holland, Austurríki, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvenía, Slóvakía, Bretland

EFTA-lönd

— Liechtenstein

— Sviss

Þriðju lönd

— Brasilía

— Kanada

— Kólumbía

— Japan

— Mexíkó

— Panama

— Suður-Kórea

— Taívan

— Bandaríkin

C. **Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind**

— Lönd eða svæði sem ekki eru skráð í A- eða B-lið þessa viðauka.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/91

frá 7. desember 2010

um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykktar landsráðstafanir Ungverjalands og Bretlands vegna vorveiru í vatnakarpa

(tilkynnt með númeri C(2010) 8617)

(2010/761/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ([2]) er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum varðandi setningu á markað og innflutningstakmörkunum á sendingar af þessum dýrum til að koma í veg fyrir að tilteknir sjúkdómar, þ.m.t. vorveira í vatnakarpa, berist til þeirra, að því tilskildu að aðildarríkin hafi annaðhvort sýnt fram á að þau, eða tiltekin afmörkuð svæði, séu laus við sjúkdóminn sem um er að ræða („sjúkdómslaus svæði“), eða hafi komið á útrýmingaráætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.

2) Í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB er skrá yfir sjúkdómslaus svæði og í II. viðauka við þá ákvörðun er skrá yfir svæði sem fellur undir samþykktar útrýmingaráætlanir.

3) Í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB er Stóra-Bretland sem stendur skráð sem svæði í Breska konungsríkisinu sem fellur undir samþykkta útrýmingaráætlun varðandi vorveiru í vatnakarpa. Stóra-Bretland hefur nú lagt fram upplýsingar sem sýna fram á að lokið hafi verið við útrýmingaráætlun þess með tilætluðum áhrifum og að aðildarríkið ætti að teljast laust við vorveiru í vatnakarpa og skráð í I. viðauka í stað II. viðauka við þá ákvörðun að því er varðar þann sjúkdóm.

4) Ungverjaland hefur lagt umsóknir fyrir framkvæmdastjórnina um samþykki fyrir landsráðstöfunum að því er varðar vorveiru í vatnakarpa. Ungverjaland hefur einnig haft markvisst eftirlit með vorveiru í vatnakarpa undanfarin tvö ár sem hefur sýnt fram á að allt yfirráðasvæði þess er laust við vorveiru í vatnakarpa. Því ætti að skrá Ungverjaland í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laust við vorveiru í vatnakarpa.

5) Því ber að breyta I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

VIÐAUKI

Í stað I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Aðildarríki og svæði sem teljast laus við sjúkdómana sem eru skráðir í töflunni og þar sem landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessir sjúkdómar berist þangað eru samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Allt yfirráðasvæði Breska konungsríkisins; yfirráðasvæði Guernsey, Jersey og Manar
Nýrnaveiki (BKD)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Yfirráðasvæði Norður-Írlands, yfirráðasvæði Jersey og Manar.
Brisdrepsveira (IPN)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Breska konungsríkið	UK	Yfirráðasvæði Manar
Sýking af völdum roðflyðrusníkils (GS)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Vatnasvið Tenojoki og Näätämönjoki; vatnasvið Paatsjoki, Luttojoki og Uutuanjoki teljast sóttvarnabelti.
	Breska konungsríkið	UK	Allt yfirráðasvæði Breska konungsríkisins; yfirráðasvæði Guernsey, Jersey og Manar

II. VIÐAUKI

Aðildarríki og svæði sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Nýrnaveiki (BKD)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Breska konungsríkið	UK	Yfirráðasvæði Stóra-Bretlands
Brisdrepsveira (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2014-EES/73/92**

frá 21. maí 2010

um að taka saman skrá yfir sæfiefni

(tilkynnt með númeri C(2010) 3180)

(2010/296/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að auðvelda aðildarríkjum að uppfylla kröfuna um framlagningu upplýsinga varðandi leyfi fyrir sæfivörum [áður sæfiefni] og skráningu þeirra, sem sett er fram í 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 98/8/EB, er rétt að koma á stöðluðu upplýsingakerfi á vettvangi Evrópusambandsins í formi sæfivöruskrár, hér á eftir nefnd „skráin“.

2) Til að tryggja samræmi gagna skulu öll aðildarríkin nota skrána til að færa inn upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 98/8/EB.

3) Þar eð staðlaða upplýsingakerfið er enn í þróun þykir rétt að kveða á um að beitingu þessarar ákvörðunar verði frestað.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Sæfivöruskrá er stofnuð.

2. gr.

Aðildarríki skulu færa upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 98/8/EB í sæfivöruskrána.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2010.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 16.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/EES/73/93

frá 9. nóvember 2010

um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013

(tilkynnt með númeri C(2010) 7591)

(2010/681/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ([1]), einkum 1. mgr. 11.gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 1999/13/EB er aðildarríkjum skylt að semja skýrslur um framkvæmd tilskipunarinnar á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin útbýr í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE.

2) Aðildarríkin hafa samið skýrslur um framkvæmd tilskipunarinnar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2004 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/529/EB frá 27. júní 2002 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ([3]).

3) Aðildarríkin hafa samið skýrslur um framkvæmd tilskipunarinnar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2007 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/534/EB frá 20. júlí 2006 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar 1999/13/EB á tímabilinu 2005-2007 ([4]).

4) Aðildarríkjunum ber skylda að gefa skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/531/EB frá 26. júlí 2007 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2008–2010 ([5]) eigi síðar en 30 september 2011.

5) Fjórða skýrslan ætti að taka til tímabilsins 1. janúar 2011 til 31. desember 2013.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 6. mgr. tilskipunar 91/692/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu nota spurningalistann í viðaukanum við þessa ákvörðun við samningu skýrslunnar, sem skal vera fyrir tímabilið frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2013, en skýrslan skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 1999/13/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

([3]) Stjtíð. EB L 172, 2.7.2002, bls. 57.

([4]) Stjtíð. ESB L 213, 3.8.2006, bls. 4.

([5]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 47.

VIÐAUKI

Spurningalisti um framkvæmd tilskipunar 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013

1. **Almenn lýsing**

Tilgreina skal viðkomandi upplýsingar um breytingar á landslöggjöf á skýrslutímabilinu að því er varðar tilskipun 1999/13/EB.

2. **Stöðvar sem tilskipunin nær til**

2.1. Fyrir hvern starfsþáttanna 20 í 1. hluta II. viðauka A og 2. hluta II. viðauka A skal tilgreina hve margar stöðvar, sem falla undir tilskipun 1999/13/EB, falla undir neðangreinda flokka 31. desember 2013:

— heildarfjöldi stöðva,

— heildarfjöldi stöðva sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB (IPPC-tilskipun) tekur einnig til,

— heildarfjöldi stöðva sem eru skráðar/hafa leyfi samkvæmt tilskipun 1999/13/EB,

— heildarfjöldi stöðva sem eru skráðar/hafa leyfi til að nota skerðingaráætlunina,

— heildarfjöldi stöðva sem hafa fengið undanþágu skv. a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/13/EB. Leggið fram skrá yfir viðkomandi stöðvar og látið fylgja rökstuðning fyrir hverja þeirra varðandi þá undanþágu sem veitt er,

— heildarfjöldi stöðva sem hefur verið veitt undanþága skv. b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/13/EB. Leggið fram skrá yfir viðkomandi stöðvar og látið fylgja rökstuðning fyrir hverja þeirra varðandi þá undanþágu sem gefin er.

2.2. Fyrir hvern starfsþáttanna 20 í 1. hluta II. viðauka A og 2. hluta II. viðauka A skal tilgreina hve margar stöðvar, sem falla undir tilskipun 1999/13/EB, falla undir neðangreinda flokka:

— heildarfjöldi nýrra stöðva sem voru skráðar/höfðu leyfi samkvæmt tilskipun 1999/13/EB á skýrslutímabilinu,

— heildarfjöldi mikið breyttra stöðva sem voru skráðar/höfðu leyfi samkvæmt tilskipun 1999/13/EB á skýrslutímabilinu.

2.3. Tilgreinið hvernig skráin yfir stöðvar sem hafa hlotið leyfi og eru skráðar og niðurstöður vöktunar á losun eru gerðar aðgengilegar almenningi skv. 1. og 2. mgr. 12 gr. tilskipunar 1999/13/EB. Ef þessar upplýsingar eru aðgengilegar öllum á Netinu skal gefa upp veffangið. Ef svo er ekki skal tilgreina hvar unnt er að óska eftir upplýsingunum.

3. **Staðgönguefni**

Fyrir hvern starfsþáttanna 20 í 1. hluta II. viðauka A og starfsþættina í 2. hluta II. viðauka A skal tilgreina hvaða eftirfarandi efni eða blöndur eru enn notaðar 31. desember 2013 og í hvaða (áætlaða) magni (tonn á ári) efni eða blöndur sem flokkast sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða hafi eiturhrif á æxlun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, vegna þess að þau innihalda rokgjörn, lífræn efnasambönd, fá eða eiga að bera hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F eða hættusetningarnar H45, H46, H49, H60 eða H61.

Tilgreinið, ef slíkar upplýsingar liggja fyrir, efnin með IUPAC-heiti þeirra og CAS-númeri og blöndurnar með einu verslunarheiti og tilgreinið viðkomandi innihaldsefni þeirra.

Tilgreinið einnig efni sem eru notuð sem staðgönguefni fyrir framangreind efni og blöndur (valkvætt).

4. **Vöktun**

Fyrir hvern starfsþáttanna 20 í 1. hluta II. viðauka A og starfsþættina í 2. hluta II. viðauka A skal tilgreina fjölda stöðva sem eru stöðugt vaktaðar vegna uppfyllingar ákvæða skv. 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 1999/13/EB.

5. **Uppfylling krafna**

Fyrir hvern starfsþáttanna 20 í 1. hluta II. viðauka A og starfsþættina í 2. hluta II. viðauka A skal tilgreina eftirfarandi tölur fyrir árið 2012:

— fjölda rekstraraðila sem hafa orðið uppvísir að því að uppfylla ekki kröfur tilskipunar 1999/13/EB:

a) vegna þess að gögnin, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 1999/13/EB, voru annaðhvort ekki tilkynnt eða nægðu ekki til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannprófa hvort kröfur væri uppfylltar,

b) í tengslum við að aðrar kröfur í tilskipun 1999/13/EB voru ekki uppfylltar, einkum að því er varðar ákvæði 3. gr. (2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.) 5. gr. og 8. gr. (2. og 3. mgr.),

— fjölda stöðva sem hafa hlotið leyfi en leyfin hafa verið felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð af lögbærum yfirvöldum ef kröfurnar eru ekki uppfylltar skv. b-lið 10. gr. tilskipunar 1999/13/EB.

6. **Losun**

Fyrir hvern starfsþáttanna 20 í 1. hluta II. viðauka A og starfsþættina í 2. hluta II. viðauka A skal tilgreina fjölda tonna af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum sem eru losuð árið 2012. Tilgreinið hvort talan sem gefin er upp byggist á mældum gögnum, reiknuðum gögnum og/eða áætlunargögnum.

7. **Áætla skal eftirfarandi, ef unnt er:**

— heildarfjölda starfsfólks (landsbundin, svæðisbundin, staðbundin yfirvöld) sem tekur þátt í framkvæmd og framfylgd tilskipunar 1999/13/EB (valkvætt),

— heildarkostnað (evrur á ári) í þessu sambandi fyrir þessi yfirvöld (valkvætt).

8. **Aðrar athugasemdir**

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 441/2014 **2014/EES/73/94**

frá 30. apríl 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ([1]), einkum 5. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([2]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ([3]) er mælt fyrir um kröfur um samræmda innleiðingu gagnatengingaþjónustu á grunni beinna gagnafjarskipta milli loftfara og jarðstöðva.

2) Í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 er loftrýmið fyrir ofan fluglag 285 (FL285), sem fellur undir gildissvið þeirrar reglugerðar frá og með 5. febrúar 2015, skilgreint.

3) Króatía gerðist aðili að Evrópusambandinu 1. júlí 2013. Því ætti að bæta loftrými Króatíu á viðeigandi hátt við loftrýmið sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 29/2009.

4) Króatía ætti þó að fá eins árs umbreytingarfrest frá gildistökudeginum 5. febrúar 2015, sem gildir um önnur aðildarríki sem falla undir B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009, með því að fresta gildistöku þessarar reglugerðar til að gera þeim aðilum sem reglugerðin tekur til, eins og t.d. flugrekendum og veitendum flugumferðarþjónustu, kleift að undirbúa sig fyrir gildistöku nýrra reglna.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 29/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 er nýjum lið „— Zagreb FIR," bætt við á eftir liðnum „— Warszawa FIR,".

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.
([1]) Stjtíð. EB L 96, 31.3.2004, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 96, 31.3.2004, bls. 1.
([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 5. febrúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.